

ÚTTEKTARNEFND UM ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Skýrsla úttektarnefndar um Orkuveitu Reykjavíkur

Október 2012



Skýrsla úttektarnefndar um Orkuveitu Reykjavíkur.

© 2012 Reykjavíkurborg, úttektarnefnd um Orkuveitu Reykjavíkur.

Höfundar:

Margrét Pétursdóttir,
Ása Ólafsdóttir,
Dr. Ómar H. Kristmundsson,
Gestur Páll Reynisson.

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri Reykjavíkur.

Tengiliður:

Hallur Símonarson.

Umbrot:

Ísafoldarprentsmiðja.

ISBN 978-9979-9040-5-2

Efnisyfirlit

1.	Niðurstöður úttektarnefndarinnar	1
1.1	Meginniðurstöður.....	1
1.2	Tilgangur.....	1
1.3	Félagsformið.....	2
1.4	Stjórnarhættir og stjórnun.....	2
1.5	Fjárfestingar og fjárhagur.....	4
2.	Inngangur.....	7
3.	Rekstrarleg umgjörð um Orkuveitu Reykjavíkur	13
3.1	Rekstrarfyrirkomulag Orkuveitu Reykjavíkur	14
3.2	Hlutverk og tilgangur sameignarfyrirtækisins Orkuveita Reykjavíkur.....	23
3.3	Stjórn sameignarfyrirtækisins Orkuveita Reykjavíkur.....	30
3.4	Umboð forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur	33
3.5	Ábyrgð eigenda fyrirtækisins - 5% reglan.....	35
3.6	Ályktanir og niðurstöður.....	40
4.	Stjórnarhættir Orkuveitu Reykjavíkur	43
4.1	Starfsumhverfi Orkuveitu Reykjavíkur	43
4.1.1	Opinbert fyrirtæki að hluta í einkaréttarlegu umhverfi	43
4.1.2	Markaðsaðstæður vöru og þjónustu Orkuveitu Reykjavíkur.....	45
4.1.3	Orkuveitan er hluti af umboðskeðju sveitarfélaga.....	46
4.2	Hlutverk eigenda og tengsl við Orkuveituna.....	48
4.3	Afínörkun á tilgangi Orkuveitu Reykjavíkur og stefnumörkun eigenda	51
4.4	Ábyrgð og hlutverk stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.....	55
4.4.1	Ábyrgð stjórnarmanna	56
4.4.2	Efirlitshlutverk stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur	57
4.4.3	Stefnuhlutverk	60
4.5	Stjórnarmenn, val og bakgrunnur	63
4.6	Stjórnarfundir	66
4.7	Tengsl stjórnar og dótturfélaga.....	68
4.8	Stjórnun Orkuveitu Reykjavíkur	70
4.9	Niðurstöður og ályktanir.....	72
5.	Yfirlit í tímaröð yfir starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur	75
6.	Fjárhagslegt yfirlit	77
6.1	Rekstrarreikningur.....	78
6.1.1	Rekstrartekjur	79
6.1.2	Rekstrargjöld.....	80
6.1.3	Rekstrarafkoma	84
6.1.4	Fjármagnsliðir.....	84
6.1.5	Tekjuskattur.....	90
6.1.6	Afkoma	90
6.2	Efnahagsreikningur.....	91
6.2.1	Eignir	91
6.2.2	Skuldir	98
6.2.3	Eigið fé	103
6.3	Sjóðstreymi og greiðsluhæfi.....	109
6.4	Ályktanir og niðurstöður.....	113
7.	Miðlar Orkuveitu Reykjavíkur.....	115
7.1	Almennt um meginþætti Orkuveitu Reykjavíkur	115
7.2	Tekjur, gjöld og afkoma einstakra miðla.	116
7.3	Fjárfestingar einstaka miðla.....	117
8.	Hitaveita.....	121
8.1	Almennt.....	121
8.2	Fjárhagslegt yfirlit.....	122
8.3	Um hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar (HAB)	127
8.4	Samningar um kaup á hitaveitum.....	130
8.4.1	Nánari umfjöllun um kaup einstakra veitna	133
8.4.2	Samningar við sveitarfélög.....	136

8.4.2.1	Hitaveita Innri Akraneshreppi kaup 24. maí 2002	136
8.4.2.2	Hitaveita Hveragerðis 11. ágúst 2004	137
8.4.2.3	Hitaveita Rangæinga 25. janúar 2005	138
8.4.2.4	Orkuveita Stykkishólms 22. júlí 2005	139
8.4.2.5	Samningur um uppbyggingu og rekstur hitaveitu í Grundarfirði 20. september 2005	140
8.4.3	Samningar um kaup jaðarveitna	142
8.4.3.1	Leigusamningur um jarðhitaréttindi í Öndverðanesi 11. janúar 2001	142
8.4.3.2	Kaup á eignum Hitaveitufélags Norðdælinga 11. apríl 2002	142
8.4.3.3	Kaup á borholu og dreifikerfi á Bifröst, Borgarbyggð 11. apríl 2002 ...	142
8.4.3.4	Kaup á borholu og dreifikerfi í Svartagili, Borgarbyggð 11. apríl 2002	143
8.4.3.5	Uppbygging og rekstur hitaveitu í Munaðarnesi 8. janúar 2003	143
8.4.3.6	Kaup á dreifikerfum hitaveitu í Biskupstungum, 23. júlí 2003	144
8.4.3.7	Kaup á heitavatsborholu á Þóroddsstöðum, Ölfusi 2. október 2003 ..	145
8.4.3.8	Kaup á Austurveitu, Ölfusi 29. október 2004	146
8.4.3.9	Samningur um fráveitu, gagnaveitu hitaveitu, og vatnsveitu í landi Kross, Innri Akraneshreppi 10. febrúar 2006	146
8.4.3.10	Kaup á hitaveitu Skorradals 13. desember 2006	147
8.5	Gjaldskrá heitt vatn	148
8.6	Framkvæmdir við hitaveitukerfi	155
8.7	Ályktanir og niðurstöður	157
9.	Vatnsveita	161
9.1	Almennt	161
9.2	Fjárhagslegt yfirlit	161
9.3	Samningar um kaup á vatnsveitum	167
9.4	Nánari umfjöllun um kaup einstakra veitna	167
9.4.1	Kaup á vatnsveitu Borgarbyggðar 24. júlí 2003	168
9.4.2	Yfirtaka vatnsveitu Bifrarstar 30. september 2003	169
9.4.3	Kaup á dreifikerfi Úthlíðar, Biskupstungum 10. maí 2004	170
9.4.4	Vatnsveita Álftaness 8. nóvember 2004	170
9.4.5	Samningur um uppbyggingu og rekstur vatnsveitu í Stykkishólmi (með hitaveitu) 22. júlí 2005	171
9.4.6	Samningur um uppbyggingu og rekstur vatnsveitu í Grundarfirði (með hitaveitu) 21. september 2005	172
9.4.7	Vatnsveita í landi Kross í Innri Akraneshreppi 10. febrúar 2006	173
9.4.8	Vatnsveita Borgarfjarðarsveita 9. júní 2006	173
9.4.9	Yfirtaka á rekstri vatnsveitu Vatnsveitufélags Borgarhrepps 4. desember 2006	174
9.5	Vatnsgjald og innheimta þess	175
9.6	Framkvæmdir við vatnsveitu	179
9.7	Ályktanir og niðurstöður	180
10.	Fráveita	183
10.1	Almennt	183
10.2	Fjárhagslegt yfirlit	183
10.3	Fráveita verður hluti af starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur	188
10.4	Samningar um yfirtöku fráveitna í Borgarnesi, á Akranesi og í Borgarbyggð	191
10.5	Kaup á veitum	194
10.6	Gjald fyrir þjónustu fráveitna	196
10.7	Framkvæmdir eftir yfirtöku fráveitna	199
10.8	Ályktanir og niðurstöður	200
11.	Rafmagnsveita	203
11.1	Almennt	203
11.2	Fjárhagslegt yfirlit	203
11.3	Framleiðsla, sala, dreifing og flutningur raforku	208
11.4	Fjárfestingar í rafmagnsveitum bornar fyrir stjórn fram til stofnunar Orkuveitu Reykjavíkur þann 1. janúar 2002	209
11.5	Ný raforkulög nr. 65/2003	210
11.5.1	Sala flutningskerfis	212
11.5.2	Gjaldskrá rafmagns	213
11.5.3	Fjárfesting í raforkukerfum	216
11.6	Orkusölusamningar til stóriðju	217
11.6.1	Samningar við Norðurál vegna stækkunar álversins	221
11.6.2	Samningar við Alcan	227
11.6.3	Sala á orku til álvers í Helguvík	229

11.6.4	Sala á orku til iðjuvers í Ölfusi	247
11.7	Ályktanir og niðurstöður	249
12.	Framkvæmdir við orkuöflun	253
12.1	Almennt	253
12.2	Framkvæmdir við Hellsheiðarvirkjun	260
12.3	Bitruvirkjun	271
12.4	Hverahlíðarvirkjun	272
12.5	Nesjavallavirkjun	273
12.6	Tryggingar virkjana	274
12.7	Verðbætur á verksamninga	275
12.8	Almennt um arðsemi virkjana	277
12.9	Ályktanir og niðurstöður	281
13.	Fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur	283
13.1	Almennt	283
13.2	Fjárhagslegt yfirlit	284
13.3	Fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur 1999-2001	290
13.4	Lína.Net hf. og fjarskiptastarfsemi á starfstíma Orkuveitu Reykjavíkur	294
13.4.1	Kaup á ljósleiðarkerfi Línu.Nets hf.	295
13.4.2	Samningur við Og Fjarskipti hf.	301
13.4.3	Hugsanleg kaup á lagna- og ljósleiðaraneti Símans	309
13.5	Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	309
13.5.1	Stofnun Gagnaveitu Reykjavíkur	310
13.5.2	Fyrirætlanir um sölu Gagnaveitu Reykjavíkur	314
13.5.3	Lán og hlutfjárframlög til Gagnaveitu Reykjavíkur	317
13.6	Tetra fjarskipti	321
13.7	Samandregnar fjárfestingar í hlutabréfum og yfirtaka lána tengd fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur	332
13.8	Ályktanir og niðurstöður	333
14.	Fjárfestingar í hlutabréfum	335
14.1	Samþykktarferlar Orkuveitunnar vegna kaupa og sölu á hlutabréfum í félögum	335
14.2	Fjárfestingar í dótturfélögum	335
14.2.1	Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	336
14.2.2	Hitaveita Þorlákshafnar	336
14.2.3	Lína.Net hf.	337
14.2.4	NCI-fjarskipti og Orka ehf.	338
14.2.5	Rafmagnslína ehf.	338
14.2.6	Hrafnabjörg ehf.	338
14.2.7	Hitaveita Rangæinga	339
14.2.8	Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	339
14.2.9	Úlfjótswatn frítímabyggð ehf.	340
14.2.10	Reykjavík Energy Invest ehf. (REI)	341
14.2.11	Orkuskólinn Reyst hf.	356
14.2.12	Dótturfélög samantekt	356
14.3	Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	356
14.3.1	Jarðboranir hf.	357
14.3.2	Vélamiðstöðin hf.	357
14.3.3	Tetra Ísland ehf.	357
14.3.4	Aflvaki hf.	358
14.3.5	Vistorka hf.	358
14.3.6	Feyging hf.	359
14.3.7	Netorka hf.	361
14.3.8	Hlutdeildarfélög samantekt	361
14.4	Fjárfestingar í öðrum félögum	362
14.4.1	Hitaveita Suðurnesja	363
14.4.2	Atorka	384
14.4.3	Eignarhaldsfélagið Farice	384
14.4.4	Landsnet	385
14.4.5	Þórsbrunnur hf.	386
14.4.6	Önnur félög samantekt	386
14.5	Samantekt öll félög	387
14.6	Ályktanir og niðurstöður	387
15.	Úttektir eigenda	391
15.1	Almennt	391

15.2	Umfjöllun stjórnarfundna og aðalfunda um arðgreiðslur Orkuveitu Reykjavíkur.....	394
15.3	Grundvöllur afgjaldsgreiðslna til eigenda.....	396
15.4	Ályktanir og niðurstöður.....	402
16.	Bygging nýrra höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur.....	405
16.1	Ákvörðun um byggingu nýrra höfuðstöðva og umfjöllun stjórnar.....	405
16.2	Umfjöllun og fyrirspurnir vegna kostnaðar við byggingu höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur	408
16.3	Kostnaður vegna byggingar höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur.....	411
16.4	Ályktanir og niðurstöður.....	413
17.	Rekstrarkostnaður	415
17.1	Inngangur	415
17.2	Almennt um innkaup og kostnað hjá Orkuveitu Reykjavíkur.....	415
17.3	Þróun annars rekstrarkostnaðar og launakostnaðar á tímabilinu.....	419
17.3.1	Styrkveitingar og stefna Orkuveitu Reykjavíkur í styrkjamálum.....	423
17.4	Ályktanir og niðurstöður.....	425
18.	Skuldir Orkuveitu Reykjavíkur	427
18.1	Almennt.....	427
18.2	Þróun skulda árið 2002	429
18.3	Þróun skulda árið 2003	432
18.4	Þróun skulda árið 2004	434
18.5	Þróun skulda árið 2005	436
18.6	Þróun skulda árið 2006	438
18.7	Þróun skulda árið 2007	440
18.8	Þróun skulda árið 2008	444
18.9	Þróun skulda árið 2009	450
18.10	Þróun skulda árið 2010	458
18.11	Greiðslubyrði Orkuveitu Reykjavíkur á næstu árum.....	464
18.12	Skuldir Orkuveitu Reykjavíkur og ábyrgð eigenda	466
18.13	Ályktanir og niðurstöður.....	469
19.	Áhættustýring Orkuveitu Reykjavíkur.....	471
19.1	Greining á áhættuþáttum í rekstri Orkuveitunnar	471
19.1.1	Markaðsáhætta.....	471
19.1.2	Vaxtaáhætta	471
19.1.3	Gengis- og gjaldmiðlaáhætta	471
19.1.4	Verðbólguáhætta	472
19.1.5	Áhætta afleiðna.....	472
19.1.6	Ytri aðstæður.....	472
19.1.7	Greiðslu- og uppgjörsáhætta	472
19.1.8	Lausafjáráhætta.....	472
19.1.9	Gjaldfellingaráhætta	473
19.2	Ytri aðstæður	474
19.2.1	Lánsframboð.....	474
19.2.2	Krónumarkaður.....	474
19.2.3	Lánamarkaður.....	476
19.2.4	Lánshæfiseinkunnir	477
19.2.4.1	Orkuveitan	478
19.2.4.2	Landsvirkjun.....	478
19.2.4.3	Enel Green Power	478
19.2.4.4	Vattenfall	479
19.2.4.5	Samanburður.....	479
19.2.4.6	Lánakjör Orkuveitunnar	479
19.3	Fyrirkomulag áhættustýringar Orkuveitunnar.....	480
19.4	Gjaldeyrisjöfnuður Orkuveitunnar.....	483
19.5	Viðskipti með krónur.....	484
19.6	Skuldastýring fyrirtækisins.....	485
19.6.1	Afleiðusamningar	485
19.6.2	Vaxtaskiptasamningar Orkuveitunnar.....	487
19.6.3	Afleiður á gjaldmiðla í bókom Orkuveitunnar.....	487
19.6.4	Álafleiður	487
19.6.5	Niðurstöður skuldastýringar Orkuveitunnar	490
19.7	Lausafjárstýring og greining á greiðsluflæði.....	494
19.8	Fundargerðir áhættunefndar	495

19.9 Niðurstöður og ályktanir.....	499
20. Ástæður fyrir fjárhagslegri stöðu Orkuveitu Reykjavíkur að mati viðmælenda úttektarnefndarinnar	503
21. Viðaukar	513
22. Heimildaskrá	555

1. Niðurstöður úttektarnefndarinnar

1.1 Meginniðurstöður

Þá fjárhagserfiðleika sem Orkuveita Reykjavíkur hefur þurft að glíma við á síðastliðnum árum má að miklu leyti rekja til mikilla fjárfestinga og fjárfrekra framkvæmda á skömmum tíma, hárra arðgreiðslna og tregðu eigenda að hækka gjaldskrár í samræmi við verðlagsþróun, auk gríðarlegs gengis-taps.

Upphaf mikilla fjárfestinga Orkuveitunnar má rekja til markaðsvæðingar á raforkumarkaði í Evrópu sem leiddi til fjárfrekra virkjanaframkvæmda. Þetta átti að gera fyrirtækinu kleift að taka þátt í samkeppni um framleiðslu og sölu á raforku sérstaklega til stórnotenda eins og stóriðju. Með þessu skapaðist sú sérkennilega staða að samkeppni varð til milli fyrirtækja sem voru að öllu leyti í eigu hins opinbera. Á sama tíma jókst áhugi á erlendum fjárfestingum þar sem talið var að þekking Íslendinga í orku- og auðlinda-málum væri eftirsótt erlendis. Opið tilgangssákvæði í lögum, reglugerð og sameignarsamningi Orkuveitunnar skapaði það svigrúm sem fyrirtækið þurfti til að fjárfesta í margvíslegri starfsemi hérlendis og erlendis. Þessi starfsemi var að hluta til ótengd upphaflegri kjarnastarfsemi fyrirtækisins, sem fólst í að veita íbúum sveitarfélaga heitt og kalt vatn, rafmagn og síðar sjá um fráveitumál.

Af sömu ástæðum og opið tilgangssákvæði í lögum um Orkuveituna skapaði möguleika á margvíslegri fjárfestingu urðu átök meðal sveitarstjórnarmanna Reykjavíkurborgar um tilgang félagsins og um aðgang einkaaðila að dótturfélögum fyrirtækisins. Þetta leiddi síðan til umróts og um tíma mikilla breytinga í forystu Reykjavíkurborgar og í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Í kjölfar svokallaðs REI-máls og efnahagshrunsins á Íslandi varð breyting á viðhorfi til tilgangs Orkuveitu Reykjavíkur og tæki voru virkjuð til að bæta stjórnarhætti. Nýlega hefur verið mótuð eigendastefna þar sem áhersla er lögð á upphafleg verkefni fyrirtækisins, svokallaða kjarnastarfsemi, og verkaskipting milli eigenda og fyrirtækisins er skýrð. Stöðu innri endurskoðunar í stjórnskipulagi fyrirtækisins var breytt og heyrir hún nú beint undir stjórn og sett hefur verið á laggirnar endurskoðunarnefnd. Ef frá eru talin hin pólitíska átök um tilgang félagsins, er erfitt að meta hvort stjórnarhættir innan Orkuveitunnar hafi verið sambærilegir og meðal fyrirtækja almennt en þessi tæki hafa gjarnan verið innleidd í þeim tilgangi að skýra ábyrgð og efla eftirlit með stjórnun fyrirtækja í kjölfar efnahagshrunsins.

1.2 Tilgangur

Víðfeðmt tilgangssákvæði laga nr. 139/2001 um Orkuveitu Reykjavíkur hefur ekki sett fyrirtækinu starfsramma. Hér skorti verulega á skýra eigendastefnu að mati úttektarnefndarinnar.

Fram til setningar laga nr. 144/2010 báru eigendur Orkuveitu Reykjavíkur einfalda og hlutfallslega ábyrgð á skuldum Orkuveitu Reykjavíkur, en í lögum nr. 139/2001 var að finna ákvæði sem mælti fyrir um að skuldbindingar umfram 5% af höfuðstól fyrirtækisins ætti að bera undir eigendur til samþykktar. Strax í upphafi þótti reglan óskýr og komu upp deilur milli þáverandi eigenda um túlkun hennar. Leiddi það til þess að tveir eigenda gengu út úr fyrirtækinu og var sameignarsamningi um fyrirtækið breytt í kjölfarið þar sem fækkað var þeim ákvörðunum sem bera þurfti undir eigendur til samþykktar, þótt ábyrgð þeirra væri áfram óbreytt. Samhliða því

dró úr eftirliti eigenda, og skapaðist jafnframt rými fyrir stjórn fyrirtækisins til þess að skuldbinda það, m.a. með kaupum á jarðarveitum og hlut forkaupsréttarhafa í Hitaveitu Suðurnesja.

Í ljósi skorts á skýrri eigendastefnu og deilna um hana, telur úttektarnefndin að forstjóri hafi haft mikið ráðrúm til að móta og ákveða, hvernig fyrirtækið ætti að þróast og hvernig ætti að stýra fjárfestingum þess. Í viðtölum úttektarnefndarinnar hefur komið í ljós að stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur hafi frá stofnun þess litið á fyrirtækið sem sjálfstætt félag og ekki talið sig þurfa að leita til eigenda nema í tilviki 5% ábyrgðarreglunnar. Þetta viðhorf gengur þvert gegn þeirri staðreynd að fyrirtækið var rekið með bakábyrgð eigenda sem reynt hefur á í starfsemi fyrirtækisins. Stjórnendur þess hafa rekið fyrirtækið sem einkaréttarlegt fyrirtæki í umfangsmikilli samkeppni bæði á fjarskiptamarkaði á raforkumarkaði, á meðan eigendur líta á það sem fyrirtæki í almannabjónustu sem t.d. feli í sér skyldur að reka mannvirkið Perluna og samhliða áskilja sér rétt til umtalsverðra arðgreiðslna úr fyrirtækinu.

1.3 Félagsformið

Í viðtölum úttektarnefndarinnar hafa komið fram afar ólík sjónarmið um hvort fyrirtækið starfi eingöngu á einkaréttarlegum grunni, eða hvort og þá að hvaða marki líta eigi til annarra hagsmuna, svo sem samfélagslegra, við rekstur þess. Brýnt er því að tekið sé af skarið um hvort reka eigi Orkuveitu Reykjavíkur sem opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar á einkaréttarlegum grunni sem lúti þeim reglum sem gilda um stjórn og rekstrarfyrirkomulag þeirra. Þá má velja því upp hvort rétt sé að orku-fyrirtæki í almannaeygu kaupi jarðveitur og í sumum tilvikum niðurgreiði þjónustu til notenda á öðrum veitusvæðum, án þess að um það hafi verið efnislega fjallað af stjórn fyrirtækisins. Heildarstefnu um þetta skortir að áliti úttektarnefndarinnar.

Félagsform fyrirtækisins hefur staðið því fyrir þrifum vegna óskýrra reglna um vald og ábyrgð. Skoða þarf því hvort núverandi félagsform Orkuveitu Reykjavíkur henti starfsemi þess með hliðsjón af hinum umfangsmikla rekstri og flóknum viðfangsefnum þess. Ekki hefur verið vilji fyrir því að nýta kosti hlutafélagaformsins sem telja verður þróaðra félagsform en sameignarfyrirtæki með tilliti til reglna um ábyrgð stjórnar og stjórnenda auk þess sem það felur í sér takmarkaða ábyrgð eigenda á fjárskuldbindingum. Í umræðu um breytingu á félagsformi hefur þess misskilnings gætt að stofnun hlutafélags leiði sjálfkrafa til sölu á eignum félagsins til einkaaðila í framtíðinni.

1.4 Stjórnarhættir og stjórnun

Stjórnarhættir fyrirtækisins markast af starfsumhverfi þess. Orkuveitan er opinbert fyrirtæki með umfangsmikla og flókna starfsemi sem er að hluta einkaréttarlegs eðlis þar sem flestir þeir sem sitja í stjórn eru sveitarstjórnarmenn. Það veitir fjölpætta þjónustu sem er að hluta lögbundin eða háð sérleyfi en að nokkru í samkeppnisumhverfi. Fyrirtækið er hluti af starfsemi sveitarfélaga og við rekstur þess gilda meginreglur um lýðræðislega ábyrgð, aðhald og gagnsæi. Á úttektartímabilinu voru reglur um hlutverk eigenda Orkuveitunnar og verkaskipting milli þeirra, stjórnar og stjórnenda óljósar. Því er mikilvægt að eigendur móti sér stefnu um verkaskiptingu og hlutverk eigenda og ábyrgð og vald stjórnar og stjórnenda fyrirtækisins, upplýsingamiðlun, fyrirkomulag eftirlits o.s.frv.

Stjórn félagsins hefur verið vettvangur pólitískra átaka í borgarstjórn Reykjavíkur. Ekki virðist hafa verið reynt að ná samstöðu um mikilvæg mál. Sjaldgæft var að stefnumótun af hálfu stjórnar leiddi til sameiginlegrar niðurstöðu. Þá virðast stjórnámálmennt hafa flutt með sér þá umræðuhefð sem tíðkast í borgarstjórn og borgarráðum, og myndað skýran minnihluta og meirihluta stjórnar, sem er óhefðbundið í rekstri fyrirtækja. Nægir hér að líta til þeirra óvenjulegu og umfangsmiklu bókana sem gerðar hafa verið á fundum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur á umliðnum árum og þeirrar tortryggni sem virðist hafa gætt milli meirihluta og minnihluta stjórnar um einstakar ákvarðanir, sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Þessir starfshættir stjórnar veiktu stöðu hennar gagnvart forstjóra og gaf honum og öðrum stjórnendum mikið svigrúm til sjálfstæðra stefnumótandi ákvarðana. Eftirlitshlutverk stjórnar var takmarkað og oft í reynd aðeins formlegt og þá eftirá. Sum viðamikil mál voru borin undir stjórn með afar skömmum fyrirvara, svo sem samningur um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlut forkaupsréttarhafa í Hitaveitu Suðurnesja og samningur við Og Fjar-skipti hf. Sum þeirra hlutu litla umfjöllun stjórnar, svo sem bygging höfuðstöðva fyrirtækisins. Þá eru dæmi um að stjórnendur fyrirtækisins hafi gert samninga svo sem um uppkaup á veitum án þess að leggja þá fyrir stjórn eða eigendur til staðfestingar.

Af þessum ástæðum og vegna mikilvægis skýrrar verkaskiptingar þessara lykilaðila og hæfni þeirrar stjórnar sem stýrir Orkuveitunni hverju sinni hníga veigamikil rök að því að stjórn sé eingöngu skipuð öðrum en kjörnum fulltrúum sveitarfélaga, fólki sem hefur reynslu og/eða þekkingu á mál-efnasviðum fyrirtækisins og rekstri. Eðlilegra er að sveitarstjórnarmenn nýti krafta sína í að tryggja hagsmunum íbúa sveitarfélagsins og í umboði þeirra skilgreina hlutverk þeirra opinberu fyrirtækja sem sveitarfélagið rekur.

Orkuveita Reykjavíkur er fyrirtæki sem að mati úttektarnefndarinnar er að mörgu leyti til fyrirmyndar í stjórnun og rekstri. Fá fyrirtæki á Íslandi hafa fengið jafn margar vottanir sem lúta að gæðum og verkferlum. Fyrirtækið hefur á vissum sviðum verið leiðandi í innleiðingu nýrra stjórnunarháttá.

Þrátt fyrir þetta má greina brotalamir í ákvarðanatöku stjórnenda á úttektartímabilinu. Stefnumótandi ákvarðanir virðast á stundum hafa verið illa undirbúnar og mikils hraða gætt við ákvarðanatöku. Þannig hefur verið misbrestur við áhættustýringu fyrirtækisins. Að áliti úttektarnefndarinnar má rekja það til nokkurra samverkandi ástæðna, en sérstaka athygli vekur að stjórnendur, sem hluta af skuldastýringu fyrirtækisins, tóku ákvörðun um að verja fyrirtækið ekki fyrir gengisáhættu án þess að fyrir þeirri ákvörðun lægi ítarleg greining á mögulegum áhrifum þessa til lengri tíma lítið. Þar með var tekin áhætta, sem að mati úttektarnefndarinnar eigi ekki að viðgangast í fyrirtæki sem er í almannaeigu.

Undirbúningi ýmissa annarra ákvarðana sem raktar eru í skýrslunni var að mati úttektarnefndarinnar einnig ábótavant, svo sem kaup á hlut forkaupsréttarhafa í Hitaveitu Suðurnesja. Í viðtölum úttektarnefndarinnar hefur komið fram að í flestum tilvikum hafi verið stuðst við arðsemismöt, sem þó hafi ekki alltaf verið lögð til grundvallar í endanlegum samningum fyrirtækisins. Við kaup á hlut forkaupsréttarhafa í Hitaveitu Suðurnesja átti sér eingöngu stað könnun á áreiðanleika upplýsinga við sölu á hlut ríkisins og verðmat sem lá til grundvallar var mjög takmarkað.

Engar skýringar hafa komið fram á rekstrarlegum ástæðum umfangsmikilla uppkaupa veitna á vegum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði fráveitu, hitaveitu og vatnsveitu. Heildarstefna uppkaupanna var í reynd ekki mörkuð og samþykkt af stjórn fyrr en á árinu 2006, en þá höfðu nær allar veiturnar þegar verið keyptar. Útrás Orkuveitu Reykjavíkur við kaup veitna innanlands er því enn óútskýrð að mestu leyti að mati úttektarnefndarinnar. Hið sama má segja um ýmsar þær aukaskyldur sem Orkuveita Reykjavíkur hefur samið um, samhliða kaupum á jaðarveitum, auk samstarfssamnings við sveitarfélagið Ölfus, sem að mati úttektarnefndarinnar þarfnast sérstakrar könnunar við.

1.5 Fjárfestingar og fjárhagur

Á tímabilinu sem hér er til skoðunar hefur fyrirtækið fjárfest fyrir 210.361 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Fjárfestingarnar hafa hinsvegar ekki skilað nægjanlegri arðsemi og hafa hvorki staðið undir kostnaði við fjármagn né uppfyllt arðsemismarkmið sem sett eru af stjórn. Meðalarðsemi eigna á tímabilinu er 3% án áhrifa tekjuskatts og fjármagnskostnaðar. Huga þarf að því hvaða þýðingu það hafi til lengri tíma ef arðsemi eigna fyrirtækisins stendur ekki undir fjármagnskostnaði.

Arðsemisútreikningar við mat á fjárfestingum tóku ekki tillit til þess að skuldirnar voru að mestu í erlendri mynt og var í þeim stuðst við nafnvexti af erlendum myntum. Þetta olli því að tekjur, sem nauðsynlegar voru til ásættanlegrar arðsemi, voru vanmetnar. Tekjur fyrirtækisins hafa ekki haldið í við viðbætur í fjárfestingum en væntingar eru um að fjárfestingarnar skili betri arðsemi til lengri tíma vegna eðli starfseminnar þar sem væntur líftími virkjana er mjög langur.

Eftir efnahagshrunið afléttu stjórnendur fyrirtækisins fyrirvörum í raforku-sölusamningum vegna Norðuráls Helguvíkur og þurftu því að kosta til virkjana, þótt helmingur langtímafjármögnunar væri ekki tryggður. Þá höfðu erlendir lánamarkaðir lokast og ekki tókst tímanlega að fjármagna fjárfestingar sem búíð var skuldbinda fyrirtækið til.

Fyrirtækið er í traustum grunnrekstri sem sést á því að rekstrarafkoma þess er jákvæð öll árin sem til skoðunar eru og nemur samtals 38.353 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Hið mikla gengistap 2008 olli því að hinn jákvæði rekstrarhagnaður hvarf og afkoma fyrirtækisins samtals á tímabilinu er neikvæð 50.059 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Skuldir móðurfélagsins jukust úr 17.729 millj.kr. í upphafi árs 2002 í 224.361 millj.kr. í lok árs 2010 og hækkuðu því um 206.632 millj.kr. á tímabilinu. Þrátt fyrir þetta benda kennitölur um greiðsluhæfi til þess að fyrirtækið geti staðið við skuldbindingar sínar með ágætum hætti náist langtímafjármögnun.

Vegna skorts á eigendastefnu áttu sér stað illa ígrundaðar fjárfestingar án skýrrar tengingar við grunnstarfsemi fyrirtækisins og hefur Orkuveitan fært til gjalda 8.315 millj.kr. vegna fjárfestinga í hlutabréfum. Meginhluti þeirrar fjárhæðar er vegna viðskipta með hlutabréf í Hitaveitu Suðurnesja, Reykjavík Energy Invest og félaga tengdum fjarskiptastarfsemi.

Gengisáhætta Orkuveitunnar var gríðarlega mikil, eins og sást glögglega þegar skuldir fyrirtækisins tvöfölduðust mælt í íslenskum krónum við gengisfall krónunnar haustið 2008 en stjórn félagsins tók ákvörðun í áhættustefnu um að fjármagna fyrirtækið með lágmörkun vaxtakostnaðar og gengissveiflna að markmiði. Ekki var á neinn hátt tekið tillit til

Þessarar áhættu við mat á arðsemi fjárfestinga og var áhættunni með þeim hætti frestað til framtíðar. Einnig gerði hún fyrirtækinu kleift að greiða eigendum sínum arð, sem ekki er víst að hefði verið gerlegt ef fyrirtækið hefði verið fjármagnað í takti við tekjur þess.

Frá árinu 2006 bjó fyrirtækið við talsverða álverðsáhættu sem var á engan hátt varin. Í orkusölusamningum í tengslum við raforkusölu til stóriðju tók Orkuveitan á sig nánast alla áhættu af breytingum á heimsmarkaðsverði á áli. Orkusölusamningarnir voru jafnframt gerðir þegar álverð var mjög hátt í sögulegu samhengi. Miðað við núgildandi forsendur orkusölusamninganna þarf álverð að haldast talsvert hærra en nú í lengri tíma til að arðsemi þeirra sé ásættanleg fyrir Orkuveituna.

Á árunum 2005–2007 voru aðstæður til kaupa á áhættuvörnum með besta móti, en fyrirtækið varði einungis áhættu milli erlendra mynta á efnahagsreikningi félagsins. Gengisáhætta tengd íslensku krónunni var ekki varin, heldur var tekin staða með íslensku krónunni. Uppsafnað gengistap fyrirtækisins á tímabilinu nemur 83.698 millj.kr. á verðlagi hvers árs sem gerir 100.866 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Fall íslensku krónunnar er því án efa stærsta einstaka ástæðan fyrir fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Uppsafnað gengistap tímabilsins er ekki eingöngu vegna fjármögnunar í erlendri mynt heldur hefur fyrirtækið einnig tapað vegna samsetningu mynta miðað við samsetningu gengisvísitölu íslensku krónunnar en sú vísitala var til viðmiðunar við fjármögnun Orkuveitunnar. Tap fyrirtækisins vegna þessa nemur 12,2 milljörðum kr. samanlagt á meðalverðlagi ársins 2010. Til að mynda jókst vægi japanska jensins og svissneska frankans í skuldakörfu fyrirtækisins nokkuð á árunum 2001–2010. Það var gert í þeim tilgangi að spara fjármagnskostnað, en vextir í þessum myntum voru og eru mjög lágir. Japanska jenið og svissneski frankinn hafa hins vegar styrkst talsvert gagnvart flestum gjaldmiðlum á síðustu árum, þar með taldrí íslensku krónunni. Meginástæða hækkunar skulda Orkuveitunnar er þó eftir sem áður skuldsetning í erlendum myntum á móti tekjum sem eru fyrst og fremst í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir að um sé að ræða mikið uppbyggingartímabil í starfsemi fyrirtækisins hafa eigendur tekið úr því arð sem hefur ekki verið í neinu samhengi við arðsemi fyrirtækisins eða getu þess til að greiða hann. Þannig hafa eigendur tekið sér 16.334 millj.kr. í arð sem færa má sterk rök fyrir að hafi verið fjármagnaður með lántökum í erlendri mynt. Eigendur hafa með úttektum sínum aukið enn frekar á áhættu fyrirtækisins vegna skuldsetningar í erlendri mynt.

2. Inngangur

Á aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur 22. júní 2011 var ákveðið, með vísan til samþykktar borgarstjórnar 31. mars sama ár, að skipa úttektarnefnd sem hefði það meginhlutverk að draga fram orsakir hinnar bágu fjárhagslegu stöðu fyrirtækisins. Í framhaldi af ofangreindri samþykkt eða 23. júní 2011, setti borgarstjóri nefndinni erindisbréf. Þar segir m.a. að nefndinni sé ætlað að:

„ ... gera óháða úttekt á þeim þáttum sem leiddu til núverandi fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Úttektin nái allt frá stofnun fyrirtækisins og beinist sérstaklega að því að skoða hvernig stadið var að mikilvægum skuldbindandi ákvörðunum, þ.á.m. aðkomu eigenda, stjórnar og stjórnenda að þeim. Einnig mun úttektin beinast að vinnubrögðum stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjórnar og samvinnu þeirra í millum. Þá verða ýmsir þættir innra eftirlits fyrirtækisins metnir og áhættustýring þess skoðuð. Nefndarmenn skipta með sér verkum og vinna í samráði við innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar að frekari afmörkun verkefnisins.“¹

Nefndinni var ætlað að skoða tímabilið frá stofnun sameignarfyrirtækisins 2002 til loka árs 2010. Af hálfu eigenda hafði innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar eftirlit með framgangi verksins. Í nefndina voru skipuð:

- Margrét Pétursdóttir, löggiltur endurskoðandi, meðeigandi hjá Ernst & Young
- Ása Ólafsdóttir, lögfræðingur, lektor við Lagadeild Háskóla Íslands
- Dr. Ómar H. Kristmundsson, prófessor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.

Nefndin skipti með sér verkum í samræmi við sérsvið einstakra nefndarmanna. Hún réði sér starfsmann, Gest Pál Reynisson, stjórnslufræðing, í lok ágústmánaðar 2011 til að hafa m.a. yfirmsjón með gagnaöflun og samskiptum við verkkaupa, fulltrúa Orkuveitunnar, undirverktaka, viðmælendur og aðra aðila sem tengdust starfi úttektarnefndarinnar. Auk þess kom hann að ritun undirkafla og kaflabrota í skýrslunni. Að lokum hafði hann umsjón með frágangi hennar. Júpíter-rekstrarfélag var fengið til að annast greiningu á áhættustýringu Orkuveitu Reykjavíkur á úttektartímabilinu og er sá kaflí sem fjallar um áhættustýringu ritaður af starfsmönnum félagsins. Önnur aðkeypt vinna fólst í verkefni hraðritara sem unnu handrit úr hljóðrituðum viðtölum nefndarinnar.

Starf úttektarnefndarinnar hófst í ágúst 2011. Á haustmánuðum 2011 barst nefndinni nokkurt magn gagna frá Reykjavíkurborg en auk þess fékk nefndin kynningu á starfsemi Orkuveitunnar. Samhliða þessu vann nefndin verkefnisáætlun þar sem verkþættir voru skilgreindir svo og verkaskipting. Fyrir utan þau gögn sem nefndinni bárust frá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum sem standa að Orkuveitunni, var langstærsta hluta heimilda aflað hjá fyrirtækinu sjálfu, þar á meðal voru fundargerðir og fundargögn stjórnar og annarra nefnda innan fyrirtækisins, ársskýrslur og skýrslur ytri og innri endurskoðanda Orkuveitunnar. Einnig var aflað bókhaldsgagna og minnisblaða um ákvarðanir stjórnenda.

1 Erindisbréf. Úttektarnefnd-Orkuveita Reykjavíkur sf. Reykjavík, 23. júní 2011.

Fljótlega eftir að nefndin var skipuð var opnuð svokölluð ábendingagátt á vef Reykjavíkurborgar en þar gafst almenningi kostur á að koma ábendingum og upplýsingum á framfæri við nefndina. Í febrúarmánuði 2012 var hnykkt á þessu með birtingu auglýsinga í prentmiðlum. Viðbrögð við ábendingagáttinni voru ágæt og bærust nefndinni þó nokkrar ábendingar og upplýsingar sem hún tók afstöðu til.

Mikill hluti gagnasöfnunar nefndarinnar fólst í viðtölum við fjölmarga aðila sem komu beint eða óbeint að stjórnun fyrirtækisins. Eftir yfirllestur helstu gagna í upphafi setti nefndin saman lista yfir væntanlega viðmælendur (sjá töflu hér að neðan). Reynt var að velja þá þannig að nefndin fengi heildstæða mynd af starfsemi frá stofnun sameignarfyrirtækisins 2002. Einnig var rætt við þá einstaklinga sem leituðu til nefndarinnar að eigin frumkvæði. Leitað var eftir fundum með forstjórum og öllum formönnum stjórnar. Rætt var við borgarfulltrúa sem sátu í stjórn Orkuveitunnar, þar á meðal borgarráðsfulltrúa og borgarstjóra auk annarra einstaklinga sem setið hafa í stjórn fyrirtækisins. Þessu til viðbótar var rætt við nokkra fyrrverandi og núverandi stjórnendur hjá Orkuveitu Reykjavíkur auk embættismaða hjá Reykjavíkurborg.

Engum var skylt að mæta til viðtals, enda um úttekt að ræða en ekki rannsókn sbr. lög um rannsóknarnefndir nr. 68/2011. Af þeim 31 einstaklingi

Tafla 1.1 Viðmælendalisti úttektarnefndar Orkuveitu Reykjavíkur, tengsl og viðbrögð við boði um fund.

Nafn	Tengsl við OR	Viðbrögð
Alfreð Þorsteinsson	Borgarfulltrúi og stjórnarformaður OR	Forfallaðist
Anna Skúladóttir	Fjárreiðustjóri Reykjavíkurborgar og yfirmaður fjármálasviðs OR	Þáði boð
Birgir Björn Sigurjónsson	Fjármálastjóri Reykjavíkurborgar	Þáði boð
Björn Ingi Hrafnsson	Borgarfulltrúi og stjórnarmaður OR	Þáði boð
Bryndís Hlökkversdóttir	Stjórnarformaður	Þáði boð
Dagur B. Eggertsson	Borgarstjóri Reykjavíkur, borgarfulltrúi og stjórnarmaður í OR	Þáði boð
Eiríkur Hjálmarsson	Upplýsingafulltrúi og ritari stjórnar OR frá 2006	Þáði boð
Friðfinnur K. Danielsson	Framkvæmdastjóri Alvarr, viðskiptamaður	Þáði boð
Guðlaugur G. Sverrisson	Stjórnarformaður og varaborgarfulltrúi	Þáði boð
Guðlaugur Þór Þórðarson	Borgarfulltrúi, stjórnarformaður og stjórnarmaður í OR	Þáði boð
Guðmundur I. Bergþórsson	Innri endurskoðandi OR	Þáði boð
Guðmundur Þóroddsson	Fyrrverandi forstjóri OR	Þáði boð
Hanna Birna Kristjánsdóttir	Borgarstjóri Reykjavíkur og borgarfulltrúi	Þáði boð
Haraldur Flosi Tryggvason	Stjórnarformaður	Þáði boð
Haukur Leósson	Stjórnarformaður	Þáði boð
Helga Jónsdóttir	Borgarritari og stjórnarmaður í OR	Þáði boð
Helgi Hjörvar	Varaformaður stjórnar OR	Þáði boð
Helgi Þór Ingason	Fyrrverandi forstjóri OR	Þáði boð
Hjörleifur Kvaran	Fyrrverandi forstjóri OR	Svaraði ekki boði
Ingi Jóhannes Erlingsson	Fjármálasvið, lántöku- og áhættustýringarsvið o.fl.	Hafnaði boði
Ingvar Stefánsson	Yfirmaður fjármálasviðs OR	Þáði boð
Jón Gnarr	Borgarstjóri Reykjavíkur	Þáði boð
Kjartan Magnússon	Borgarfulltrúi, stjórnarformaður og stjórnarmaður í OR	Þáði boð
Ólafur Jónsson	Lögfræðingur og ritari stjórnar	Þáði boð
Ólöf S. Pálsdóttir	Framkvæmdastjóri fjármála og sviðstjóri fjármála.	Þáði boð
Regína Ásvaldsdóttir	Skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra	Þáði boð
Sigrún Elsa Smáradóttir	Stjórnarmaður OR	Þáði boð
Svandís Svavarsdóttir	Stjórnarmaður OR	Þáði boð
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson	Fyrrverandi borgarstjóri Reykjavíkur, borgarfulltr. og stjórnarmaður í OR	Þáði boð


sem úttektarnefndin bauð til viðtals mættu 28. Alfreð Þorsteinsson forfallaðist, Hjörleifur B. Kvaran svaraði ekki ítrekuðum erindum nefndarinnar en Ingi Jóhannes Erlingsson afþakkaði boð um að mæta í viðtal. Viðtölin voru tekin í marsmánuði 2012 annars vegar og í maí- og júnímánuði 2012 hins vegar. Flest viðtölin voru tekin að Bæjarhálsi 1. Í flestum tilvikum voru viðtölin tekin upp og unnin úr þeim handrit. Handritin voru svo greind eftir efnisflokkum. Við greiningarvinnuna var stuðst við tölvuforritið MAXQDA. Gróflega má áætla að um 60 klukkustundir af uppteknu efni sé að ræða, en hraðritarar voru ráðnir sem undirverktakar við að vélrita upptökurnar og vinna úr þeim handrit til frekari úrvinnslu eins og áður segir. Til viðbótar þessum viðtölum var sendur út staðlaður spurningalisti til forstjóra og stjórnarformanna. Einnig voru sendar fyrirspurnir ef nýjar spurningar vöknudu eftir að viðtalið hafði verið tekið. Víða í skýrslunni má finna tilvitnanir í ummæli sem höfð eru eftir viðmælendum úttektarnefndarinnar. Tekið skal fram að þar kemur fram afstaða og túlkun þeirra á viðburðum og umfjöllunarefni úttektarskýslunnar, lesandanum til frekari glöggvunar. Þessar tilvitnanir eru birtar með leyfi viðmælenda. Tekið skal fram að þeim er ekki ætlað að endurspegla skoðanir eða niðurstöður úttektarnefndarinnar. Til viðbótar ofangreindum heimildum leitaði úttektarnefndin fanga í umfjöllun fjölmiðla á úttektartímanum. Hér er bæði átt við fréttir og fréttaskýringar en einnig aðsendar greinar og viðtöl við einstaklinga sem tengjast umfjöllunarefni skýrslunnar. Sérstaka athygli vill úttektarnefndin vekja á útvarpsviðtali við Alfreð Þorsteinsson, fyrrverandi stjórnarformann Orkuveitu Reykjavíkur, en viðtalið nýtti nefndin sérstaklega vegna forfalla hans þegar viðtal var fyrirhugað.


Frá því í októbermánuði 2011 hefur verið unnið að ritun skýrslunnar. Fljótlega eftir að verkáætlun nefndarinnar lá fyrir var hafist handa við að vinna drög að meginköflun skýrslunnar sem í upphafi byggðust á fimm veitusviðum Orkuveitu Reykjavíkur. Í lok febrúar lágu fyrir grunndrög að meginköflum skýrslunnar en við þá vinnu höfðu fjölmargar spurningar vaknað. Að lokinni greiningu viðtala hélt ritun áfram og voru síðustu kaflar hennar tilbúnir til yfirlstrar fyrstu vikuna í júlí 2012. Í erindisbréfi nefndarinnar var upphaflega gert ráð fyrir að hún lyki störfum 1. mars 2012, en fljótlega eftir að nefndin hóf störf varð ljóst að þessi tímasetning væri óraunhæf miðað við umfang verkefnisins. Fulltrúi verkkaupa var upplýstur reglulega um stöðu verkefnisins, þar á meðal um seinkunina.

Fulltrúi verkkaupa, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar auk fulltrúa forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur ásamt innri endurskoðanda fyrirtækisins fengu drögin til yfirlstrar. Markmið með yfirlstrinum var að fá athugasemdir ef um staðreyndavillur væri að ræða eða brot á trúnaði. Athugasemndum var skilað til nefndarinnar síðari hluta júlímánaðar og í byrjun september.

Úttektarnefndin vill þakka öllum þeim er komu á framfæri gögnum, upplýsingum, ábendingum og öðru sem varpað gat ljósi á viðfangsefnið. Viðmælendum nefndarinnar er sérstaklega þakkað og því greiðvikna starfsfólki Reykjavíkurborgar og Orkuveitunnar sem veitti nefndinni ómetanlega aðstoð við gagnaöflun.

Yfirlit yfir störf úttektarnefndar í tímaröð:





3. Rekstrarleg umgjörð um Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrtæki sem starfar eftir lögum nr. 139/2001, sem tóku gildi þann 31. desember 2001 og reglugerð nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur. Með stofnun Orkuveitu Reykjavíkur og þeim lögum og sameignarsamningi sem gildir um fyrirtækið, var stefna þess mörkuð og sá ramma myndaður sem um fyrirtækið gildir og starf þess byggir á. Hér á eftir verður fjallað um nokkur atriði sem gilda um starfssvið Orkuveitu Reykjavíkur, þ.e. tilgang félagsins, stjórn, umboð forstjóra og ábyrgð eigenda þess.

Þegar Orkuveita Reykjavíkur tók til starfa þann 1. janúar 2002 var sala heits vatns og rafmagns þá þegar á starfssviði fyrirtækisins. Forsögu þess má rekja til fundar stjórnar veitustofnana þann 14. janúar 1998 þar sem lagt var til að sameina starfsemi Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur, á grundvelli skýrslu um úttekt á kostum og göllum sameiningar Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur dagsett í janúar 1998. Eftirfarandi var bókað um þá tillögu:

„Skúli Bjarnason, lögfræðingur, kom á fundinn og gerði grein fyrir úttektinni. Ennfremur lögð fram fundargerð nefndar, sem hefur yfirumsjón með úttekt á veitufyrirtækjum borgarinnar, dags. 12.1. '98. Hitaveitustjóri óskaði bókað: „Með tilliti til hugmynda og tillögu um sameiningu Rafveitu og Hitaveitu Reykjavíkur hvet ég veitustjórn til varfærni við tímaáætlun framkvæmda sameiningar.“²

Hugmyndir höfðu einnig verið uppi um að sameina Vatnsveitu Reykjavíkur starfsemi annarra veitna Reykjavíkurborgar. Á fundi stjórnar veitustofnana þann 18. maí 1999 var samþykkt tillaga um að forstjóra Orkuveitu og vatnsveitustjóra yrði falið að gera könnun á hagkvæmni þess að Orkuveitan og Vatnsveitan yrðu sameinaðar. Rætt var um hagkvæmni hugsanlegrar sameiningar veitna á fundi stjórnar veitustofnana þann 25. ágúst 1999. Endanleg skýrsla Skúla Bjarnasonar hrl. um athugun á mögulegri sameiningu Vatnsveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur sem dagsett var í ágúst 1999, var lögð fram á fundi stjórnar veitustofnana þann 8. september 1999. Á þeim fundi var einnig lögð fram og samþykkt svohljóðandi tillaga vatnsveitustjóra og orkuveitustjóra:

„Orkuveita Reykjavíkur og Vatnsveita Reykjavíkur verði sameinaðar í eitt fyrirtæki, undir núverandi kenningar og rekstri Orkuveitu Reykjavíkur. Undirbúningur sameiningarinnar hefst þegar í stað og skal stefnt að því að formleg sameining geti átt sér stað um næstkomandi áramót þannig að yfirtaka og rekstur hins sameinaða fyrirtækis á Vatnsveitunni hefjist þann 1. janúar árið 2000 ... Við samruna fyrirtækjanna skal starfsmönnum Vatnsveitunnar tryggður rétturinn til starfs hjá fyrirtækinu og jafnframt að þeir njóti ekki lakari kjara en nú er. Allir starfsmenn fyrirtækisins skulu njóta sama réttar í hvívetna, óháð því frá hvoru fyrirtækinu þeir koma. Starfsmenn skulu hafðir með í ráðum hvernig best verður staðið að framkvæmd sameiningarinnar og haldið upplýstum um gang hennar hverju sinni.“³

Á vegum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur var á árinu 2001 gerð úttekt á árangri af sameiningu veitufyrirtækja Orkuveitu Reykjavíkur. Á fundi

Haraldur Flosi Tryggvason: „Þessi löggjöf verður til. Til grundvallar lá væntanlega pólitísk hugmynd um hagræðingu og uppbyggingu styrkara fyrirtækis á þessu sviði. En síðan er eins og, bæði í lögnum og sérstaklega í reglugerðinni, hafi menn verið að skrifa sig eins langt og þeir gátu í átt að einkaréttarlegu fyrirtæki sem hefði ákveðið sjálfstæði. Fyrir vikið upplifir maður sig svolítið í lausu lofti þegar maður íhugar hvernig á að stýra þessu fyrirtæki. Hvert er hlutverk stjórnar Orkuveitunnar? Það er ekkert alveg einfalt að finna út úr því í þessu samhengi, þ.e. þar sem togast á lögbundnar skyldur og samkeppnisrekstur. OR er augljóslega pólitískt fyrirtæki að því leyttinu til að það er verið að fást við almannahagsmuni sem að sveitarfélög hafa lögbundna skyldu til að rækja og þar af leiðandi hlýtur að vera eitthvað samband eigenda við stjórn. Á öðrum sviðum er OR að reka fyrirtæki í samkeppni við önnur. Það leiðir bara af starfsemi, þetta eru að hluta til lögbundnar skyldur sveitarfélaga sem er smelt inn í fyrirtæki og ofan á það sett lag af samkeppnisstarfsemi.“

Helgi Hjörvar: „Þegar við komum inn í stjórn Veitustofnanna 1994, þá eru þetta svona stofnanir býsna hefðbundnar, held ég að maður geti sagt, sem hafa verið í opinberum rekstri. Að vísu býsna ólíkar hvað varðaði fyrirtækjamenningu. Ég held að það sé óhætt að segja að Rafmagnsveitan hafi verið svona talsvert, já, markaðslega, þenkjandi. Það getur verið að það sé svona kúltúririnn úr þeim geira að menn byrjuðu á því að selja eldavélar til þess að búa til eftirspurn eftir rafmagni. Hitaveitan var aftur meira, það var kannski meiri svona stofnanabragur yfir henni. En hún var náttúrulega fjárhagslega það sem var langöflugast í Veitustofnunum.“

2 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 14. janúar 1999.

3 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 8. september 1999.

Guðmundur Þóroddsson: „Byrjum á ólíkum miðlum og veitum. Ég tel það vera mjög mikinn ávinning að reka veitur saman. Í fyrsta lagi eru veitur undir gangstéttunum og það er hagkvæmni í að reka þær saman, í öðru lagi eru dýrir hlutir sameiginlegir veitukerfum eins og landupp-lýsingakerfi, verkþókhald, flotastýring, kerfisstjórn ofl. Það er dýrt að reka svona kerfi fyrir eina veitu og lítið dýrara þó margar veitur séu undir. Það eru veruleg samlegðaráhrif í því í að reka veitur saman bæði í þekkingu á því að halda vel utan um samreksurinn, í tækjanýtingu, í innkaupum og lagerhaldi og nánast á öllum sviðum er samlegð í því þannig að ég sé í rauninni á þessu lítinn ágalla. Eini gallinn við að reka miðlana svona saman er ef til vill hættan á því að menn eigi ekki miðilinn, að einhver einn miðill verði hornreka, enginn vilji vera í fráveitu, eða enginn sinni vatnsveitunni. Það þarf að gæta að því að það sé einhver innan OR sem tæknilega á og ber miðilinn fyrir brjósti.“

Alfreð Þorsteinsson: „Orkuveitan er stofnuð upp úr gömlu veitufyrirtækjunum árið 2000. Þetta byrjaði með sameiningu Rafmagnsveitu og Hitaveitu og síðan kom Vatnsveitan inn í þetta. Og síðan fjölgaði veitunum. Fráveitan kom inn í þetta. Og síðan Gagnaveitan. Þannig að Orkuveita Reykjavíkur er mjög þýðingarmikið fyrirtæki fyrir okkur Reykjavíkinga og raunar nágrennasveitafélögin. Í raun og veru eru allir íbúar á þessu svæði háðir Orkuveitunni frá vöggju til grafar því ekki geta menn verið án rafmagns, heita vatnsins, kalda vatnsins eða gagnaveitu orðið núna, vegna þess að í öllum nútímasamfélögum þurfa öll samskipti að vera í góðu lagi og Gagnaveita Reykjavíkur er núna nýja veitan hjá Orkuveitunni.“ *Bylgjan, Sprengisandur, 3. apríl 2011.*

Guðmundur Þóroddsson: „Mín skoðun var alltaf sú að fyrirtækið ætti að vera hlutafélag en ekki samvinnufélag. Það eru eðlilegri stjórnarhættir. Fyrirtækið stæði þá sjálft fyrir sínum ákvörðunum en væri ekki í samspili með skattfé og ábyrgð eiganda sem var fyrst og fremst baggi fyrir fyrirtækið.“

stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. október 2001 var bókað um þá úttekt:

„Á fundinn komu fulltrúar frá PWC og kynntu niðurstöður úttektar á árangri af sameiningu veitufyrirtækja í Orkuveitu Reykjavíkur.“

Ekki er frekar bókað um þá niðurstöðu og gögn vegna hennar fylgja ekki fundargerð framangreinds fundar.

Við umfjöllunina hér á eftir verður eftir því sem við á og til hliðsjónar við þær reglur sem gilda um Orkuveituna lítið til þeirra reglna sem gilda um Landsvirkjun annars vegar og Rafmagnsveitur ríkisins hins vegar. Þótt ekki sé unnt að bera þessi fyrirtæki að fullu saman, getur slíkur samanburður þó verið til skýringar og sett ákvarðanir sem teknar voru við stofnun sameignarfyrirtækisins í betra samhengi. Ástæða þess að fyrirkomulag á rekstri Orkuveitu Reykjavíkur er borið saman við Landsvirkjun er sú að fyrirtækin hafa ein héraendur orkufyrirtækja valið það rekstrarfyrirkomulag að starfa sem sameignarfyrirtæki. Má í því sambandi nefna að Orkubú Vestfjarða er rekið sem opinbert hlutafélag, en Hitaveita Suðurnesja og Norð-urorka hafa verið rekin sem hlutafélög. Að auki verður til nánari skýringar vísað til gildandi reglna um Rafmagnsveitur ríkisins, þar sem kosið var að stofna opinbert hlutafélag um rekstur þess. Um Landsvirkjun gilda lög nr. 42/1983 og um Rafmagnsveitur ríkisins gilda lög nr. 25/2006.

3.1 Rekstrarfyrirkomulag Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur varð til við sameiningu tveggja borgarfyrirtækja, Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur þann 1. janúar 1999, en tillaga um stofnun nýs fyrirtækis, Orkuveitu Reykjavíkur var lögð fram í borgarráði þann 6. október 1998 og þar vísað til borgarstjórnar. Vatnsveita Reykjavíkur sameinaðist fyrirtækinu ári síðar. Árið 2001 var ákveðið að stofna sameignarfyrirtæki um eignir og rekstur Orkuveitunnar og gerðust Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, og Borgarfjarðarhreppur aðilar að fyrirtækinu með því leggja veiturekstur sinn inn í sameignarfyrirtækið sem tók til starfa 1. janúar 2002. Hafnarfjörður og Garðabær fengu við stofnun sameignarfyrirtækisins lítinn eignarhluta vegna óuppgerðar arðgreiðslu frá Hitaveitu Reykjavíkur, en voru fljótlega leyst út úr félaginu.

Við stofnun Orkuveitu Reykjavíkur var félaginu valið rekstrarformið sameignarfyrirtæki, líkt og Landsvirkjun. Eins og fram hefur komið virðist sem þessi tvö fyrirtæki notist ein orkufyrirtækja við sameignarfyrirtækjaformið hér á landi. Önnur innlend orkufyrirtæki hafa valið að reka félög í formi (opinberra) hlutafélaga, þó með tilteknum afbrigðum svo sem gildir um Rafmagnsveitur ríkisins. Hið sama hefur átt við um orkufyrirtæki í Evrópu, en þar hefur hlutafélagiformið oftast verið valið fyrir viðkomandi fyrirtæki.⁴ Í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2001 kom fram að gengið hafi verið frá samningum um sameiningu Akranesveitu og Hitaveitu Borgarness við Orkuveituna og að:

„Samfara þessari stækkun veitunnar var rekstrarformi hennar breytt úr því að vera opinbert fyrirtæki í að vera fyrirtæki einkarekstrarlegs eðlis í eigu sex sveitarfélaga. Eigendur Orkuveitunnar eru í dag Reykjavíkurborg með 92,22%, Akranes 5,45%, Hafnarfjörður

4 Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Þskj. 474-392. mál. 132. löggjafarþing 2005-2006. <http://www.althingi.is/altext/13274.html./s/04>

0,94%, Garðabær 0,47%, Borgarbyggð 0,75% og Borgarfjarðarsveit 0,17%.⁵

Dá var jafnframt tekið fram í ársskýrslu 2002 að:

„Orkuveita Reykjavíkur er nú orðin fyrirtæki á einkaréttarlegum grunni og var starfrækt sem slíkt í fyrsta sinn á árinu 2002. Fleiri aðilar hafa bæst í eigendahópinn með Reykjavíkurborg. Um áramótin 2001-2002 komu til liðs við Orkuveituna veiturnar á Akranesi og hitaveiturnar í Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit. Jafnframt var rekstrarformi fyrirtækisins breytt í sameignarfyrirtæki og urðu eigendur Reykjavíkurborg með 92,22%, Akraneskaupstaður með 5,45%, Hafnarfjörður með 0,94%, Garðabær með 0,47%, Borgarbyggð með 0,75% og Borgarfjarðarsveit með 0,17%. Í lok ársins seldi Garðabær sinn hlut. Þótt það virðist ekki merkilegt í fljótu bragði að breyta fyrirtæki úr borgarfyrirtæki í sameignarfyrirtæki eru þó óteljandi atriði sem ganga þarf frá þegar tæplega hundrað ára sambýli borgarinnar og veitnanna er slitið, í starfsmannamálum, í lífeyrismálum, í fjármálum og lánamálum, svo fátt eitt sé nefnt. Sama átti við um veiturnar á Akranesi og í Borgarbyggð.“⁶

Í 1. gr. laga nr. 139/2001, um Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að heimilt sé Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Borgarbyggð, Garðabær og Borgarfjarðarsveit að stofna sameignarfyrirtæki um rekstur Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu og Andakílsárvirkjunar er nefnist Orkuveita Reykjavíkur. Í ákvæðinu kemur fram að fyrirtækið sé sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald og að hver eigandi fyrir sig sé í einfaldri hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins og að sú ábyrgð taki mið af eignarhluta hans í fyrirtækinu. Ábyrgð eigenda fyrirtækisins er því einföld og hlutfallsleg, sem er nokkuð frábrugðið því sem almennt gildir um sameignarfélag.

Forsögu setningar laga um Orkuveitu Reykjavíkur má rekja til ársins 2001, þegar lagt var fram á Alþingi frumvarp til nýrra raforkulaga. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir töluverðri breytingu á fyrirkomulagi raforkusölu, m.a. með því að koma á samkeppni í sölu raforku. Sjá má af fundargerðum stjórnar veitustofnana að þetta atriði var til umræðu og m.a. umræður um hvernig Orkuveitu Reykjavíkur myndi farnast í samkeppni við Landsvirkjun ef af setningu nýrra raforkulaga yrði. Á fundi stjórnar veitustofnana þann 5. júní 2001 var m.a. bókað:

„Fram er komið á Alþingi frumvarp til nýrra raforkulaga. Samkvæmt því er ráðgert að opna smásölumarkað raforku fyrir samkeppni í tveimur áföngum, fyrir viðskiptavinum stærri en 5 GWh 1. júlí 2002 og að fullu 31. desember 2003 ... Með frumvarpinu er Landsvirkjun, sem selur Orkuveitunni raforku í heildsölu, einnig heimilað að hefja beina sölu til viðskiptavina hennar í smásölu. Landsvirkjun er eini aðilinn sem getur séð Orkuveitunni fyrir rafmagni vegna stærðar hennar. Til að styrkja stöðu Orkuveitunnar er mikilvægt að Orkuveitan auki eigin framleiðslu ...“⁷

5 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2001.

6 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2002.

7 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 5. júní 2001.

Alfreð Þorsteinson: „Ástæðan fyrir því að Orkuveita Reykjavíkur fór út í að virkja rafmagn var sú að Landsvirkjun var orðin með einokun á þessum markaði. Og þegar Orkuveita Reykjavíkur kemur inn með rafmagn á Nesjavöllum þá tekst okkur að lækka verð á rafmagn til Reykvíkinga. Það var m.a. ástæðan.“ *Bylgjan, Sprengisandur*, 3. apríl 2011.

Í kjölfarið var á fundinum samþykkt einróma að hefja undirbúning að því að reisa nýja 120 MW virkjun á Hellisheiði. Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur var unnin umsögn um frumvarp til nýrra raforkulaga og mótaðar efnislegar tillögur til breytinga á þeim. Drög að umsögn þeirra voru lögð fram á fundi stjórnar veitustofnana þann 28. ágúst 2001 og síðar var umsögnin samþykkt á fundi stjórnarinnar þann 11. september 2001. Á næsta fundi stjórnar veitustofnana, sem fram fór 25. september 2001 var rætt um rekstrarform Orkuveitu Reykjavíkur. Var talið að setning nýrra raforkulaga kallaði á að breyta þyrfti rekstrarfyrirkomulagi Orkuveitu Reykjavíkur. Áður hafði málið verið rætt á fundi borgarráðs Reykjavíkur 18. september 2001, þar sem minnisblað borgarlögmans um hugsanlegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi Orkuveitu Reykjavíkur var rætt og lagt til að málið færi til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur sem yrði falið að gera tillögu að framtíðarrekstrarformi félagsins. Sú tillaga mætti mótspyrnu fulltrúa Sjálfstæðisflokks, m.a. þar sem fulltrúar þess flokks höfðu áður lagt fram tillögu um að um Orkuveitu Reykjavíkur yrði stofnað hlutafélag og átti að ræða þá tillögu á fundi borgarstjórnar þann 20. september 2001. Af því tilefni var bókað af hálfu borgarstjóra:

„Eins og flestum ætti að vera ljóst hefur legið fyrir frá því að skrifað var undir samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Akranesbæjar um sameiningu Akranesveitna og Orkuveitu Reykjavíkur að breyta þyrfti rekstrarfyrirkomulagi Orkuveitu Reykjavíkur. Hefur m.a. verið fjallað um málið ofisinnis í fjölmiðlum. Nú liggur fyrir álit borgarlögmans um þá kosti sem eru í stöðunni og er edlilegt að borgarfulltrúar og stjórn veitustofnana velti þeim fyrir sér áður en efnisleg ákvörðun er tekin í málinu. Tillaga sjálfstæðismanna verður að sjálfsgöðu tekin til efnislegrar umfjöllunar á næsta fundi borgarstjórnar þó að hæpið sé að gera ráð fyrir að endanleg ákvörðun verði þá tekin um rekstrarformið án þess að áður hafi farið fram skoðun á því í stjórn veitustofnana.“⁸

Tillaga sjálfstæðismanna var rædd á fundi borgarstjórnar þann 20. september 2001 svo sem boðað hafði verið. Með henni var lagt til að stofnað yrði hlutafélag um rekstur Orkuveitu Reykjavíkur, en að auki var bent á að vatnsöflun væri skylduverkefni sveitarfélaga og því þyrfti að skoða sérstaklega hvort sá þáttur starfsminnar ætti að vera innan fyrirtækisins. Var samþykkt á fundi borgarstjórnar að vísa tillögunni til meðferðar stjórnar veitustofnana.

Í minnisblaði borgarlögmans frá 3. september 2001 var grein gerð fyrir þeim kostum sem fyrir hendi voru um framtíðar rekstrarfyrirkomulag Orkuveitu Reykjavíkur. Voru nokkrir kostir raktir, m.a. út frá réttindum starfsmanna, aðkomu eigenda/rekstraraðila í tengslum við ákvarðanatöku, ábyrgðum á skuldbindingum o.fl. Var í minnisblaðinu tekið fram að helsti munur á sameignarfélagi og hlutafélagi væri ábyrgð eigenda á skuldbindingum félagsins. Þannig væri ábyrgðin í hlutafélögum takmörkuð við hlutafjárframlag sérhvers hluthafa fyrir sig, en í sameignarfélagi ábyrgðust allir sameigendur allar skuldbindingar félagsins, þótt sameigendur gætu samið um það sín á milli á hvern hátt ábyrgðin skiptist innbyrðis. Þá yrði að gera ráð fyrir því að sameignarfélag yrði að bera meiriháttar ákvarðanir undir einstaka eigendur og að það yrði æ þyngra í vöfum eftir því sem eigendur væru fleiri. Þá mætti með ábyrgð sveitarfélaga á skuldum sameignarfélags ná fram betri lánskjörum og umfram önnur fyrirtæki og gæti slík ábyrgð skekk samkeppnisstöðu þess gagnvart fyrirtækjum á sama markaði.

8 Fundur borgarráðs Reykjavíkur, dags. 18. september 2001.

Um hlutafélög væri í gildi nokkuð tæmandi löggjöf sem tæki á reglum um m.a. greiðslu hlutafjár, félagsstjórn, hluthafafundi, arðsúthlutanir o.fl. Út frá því sjónarmiði að væntanleg löggjöf kynni að gera kröfu um fjárhagslegan aðskilnað orkufyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga m.a. út frá samkeppnis-sjónarmiðum, var á það benti að löggjöf um hlutafélög væri skýr þ.m.t. um réttarstöðu eigenda og hluthafa. Uppbygging og fyrirkomulag stjórnar í slíku félagi væri skýrt, framsal á hlutum væri mögulegt, einfalt væri að koma við samruna, hluthafar bæru ekki ábyrgð á skuldum félagsins, réttur til ákvarðanatöku færi eftir eignarhluta og hið sama gildi um útgreiddan arð. Þá gæti hlutafélag nýtt sér tækifæri til að taka þátt í nýrri eða óskyldri starfsemi á beinan eða óbeinan hátt, eða leitað samstarfs við nýja aðila en að svo miklu leyti sem starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur varðaði lögskyld verkefni sveitarfélaga þyrfti með hliðsjón af ákvæði 73. gr. sveitarstjórnarlaga að skoða meðferð eigna, með tilliti til takmörkunar sveitarfélaga á heimildum til ráðstöfunar þeirra. Þó nýtu stofnanir sveitarfélaga að jafnaði betri lánskjara en hlutafélög. Þá var einnig rakinn kostur byggðasamlaga í áliti borgarlögmans, en slíkt félag starfar á sviði opinbers réttar og gilda um slík félög sömu takmarkanir og um stofnanir hins opinbera.

Það var niðurstaða borgarlögmans að almennt yrði að telja að sameignarfélagsformið eða hlutafélagsformið myndi henta vel starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur, en að hlutafélagsformið hefði ótvíræða kosti þegar til framtíðar væri litið. Þá þætti enn fremur ljóst að byggðasamlagsformið gæti ekki komið til móts við þarfir Orkuveitu Reykjavíkur eða hentað á samkeppnismarkaði. Þá mætti telja líklegt að fyrirhugaðar breytingar á löggjöf um orkufyrirtæki myndu leiða til krafna um algeran fjárhagslegan aðskilnað slíkra félaga frá annarri starfsemi ríkis og sveitarfélaga, og á sama hátt kynnu samkeppnislög og sjónarmið um jafna samkeppnistöðu aðila á markaði að leiða til þess að ábyrgðir sveitarfélaga á skuldbindingum orkufyrirtækja yrðu taldar óheimilar. Að auki væru viðhorf mismunandi eftir orkufyrirtækjum um heimildir sveitarfélaga til að áskilja sér arð af eigin fé/hlutafé orkufyrirtækja. Það var því niðurstaða borgarlögmans að leggja eindregið til að Orkuveitu Reykjavíkur yrði breytt í sameignarfélag eða hlutafélag, þar sem slík rekstrarform hentuðu miðað við fjölgun eignaraðila. Þó teldist hlutafélagiformið mun æskilegra ef af þeim breytingum yrði sem boðaðar hefðu verið á raforkulögum á samkeppnismarkaði, svo og þeim auknu umsvifum sem Orkuveita Reykjavíkur hefði þegar gerst þátttakandi í.⁹

Á fundi stjórnar veitustofnana þann 25. september 2001 voru tillögur meiri- og minnihluta borgarfulltrúa Reykjavíkur um framtíð Orkuveitu Reykjavíkur lagðar fram og ræddar. Ákveðið var að fela forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur tillögurnar til athugunar. Á fundi stjórnarinnar þann 2. nóvember 2001 var svo lögð fram tillaga um að leggja til við borgarráð að Orkuveitu Reykjavíkur yrði breytt í sameignarfélag frá og með 1. janúar 2002. Eftirfarandi greinargerð fylgdi tillögunni:

„Með því að eigendum að Orkuveitunni fjölgar er ekki lengur hægt að reka hana sem borgarstofnun. Til greina koma tvenns konar eignarform, hlutafélagiform og sameignarfélagsformið. Þar sem ekki er fullkomlega ljóst hvernig lagalegt umhverfi orkuveitna verður í framtíðinni né hvaða kröfur verða gerðar til aðskilnaðar í starfsemi er lagt til að fara í sameignarfélag þar sem það félagsform kallar á minnstar breytingar í umhverfi Orkuveitunnar. Hægt er að hafa réttindi starfsmanna svipuð í sameignarfélagsforminu og þau eru í

9 Hjörleifur B. Kvaran: Minnisblað borgarlögmans, dags. 3. september 2001.

*dag. Með sameignarfélagsforminu nýtur OR einnig ótakmarkaðrar ábyrgðar eigenda sinna og ættu því lánskjör að haldast óbreytt.*¹⁰

1. mgr. 1. gr. laga nr. 32/2004 „Í þéttbýli skulu sveitarfélög starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnu-fyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er, nema í þeim tilvikum sem um ræðir í 3. mgr. þessarar greinar og í 4. gr.“

Á fundinum var jafnframt lagt fram minnisblað Guðmundar Þóroddssonar forstjóra Orkuveitunnar um álit hans á því hvort vatnsveitur hentuðu inn í rekstur Orkuveitunnar eftir að breytt hefði verið um rekstrarform. Þar komst hann að þeirri niðurstöðu að ekki væru neinar sýnilegar ástæður fyrir því að fara með vatnsveitur á annan hátt en aðrar veitur. Benti hann m.a. á að skylda sveitarfélaga eftir þágildandi lögum nr. 81/1991 næði einungis til þess að fullnægja vatnsþörf almennings ... „eftir því sem kostur er“.¹¹ Framangreind lög hafa nú verið numin úr gildi og gilda nú lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. Í hinum nýrri lögum er fyrrgreind efnisregla óbreytt.

Á fundi stjórnar veitustofnana þann 6. nóvember 2001 var tillaga um breytt fyrirkomulag Orkuveitu Reykjavíkur aftur á dagskrá fundarins og var hún þar samþykkt með þremur atkvæðum, en tveir stjórnarmenn greiddu atkvæði gegn tillögunni. Af því tilefni lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks í stjórninni, sem höfðu greitt atkvæði gegn tillögunni, fram eftirfarandi bókun:

„Við breytingu á rekstrarformi OR hlýtur að vera edlilegt að velja þann kost sem best hentar í nútímalegum fyrirtækjarekstri. Það skýtur skökku við að þegar önnur orkufyrirtæki eru að undirbúa að breyta yfir í hlutafélagiformið skuli Orkuveita Reykjavíkur stefna í aðra átt. Enginn lagarammi er til um sameignarfélög og enginn vafi er á því að það rekstrarform er þyngra í vöfum og býður ekki upp á sömu möguleika, skilvirkni og gegnsæi og hlutafélagiformið. Í minnisblaði borgarlögmans til borgarstjóra dags. 3. september 2001 kemur fram að „hlutafélagiformið hefur ótvíræða kosti þegar til framtíðar er litið“. Greinilegt er af öllu að Vinstri grænir hafa náð yfirhöndinni og beygt framsóknarmenn og Samfylkinguna. Allur undirbúningur málsins af hálfu meirihlutans hefur augljóslega miðað að því að stofnað yrði hlutafélag. Niðurstaðan er hins vegar sú að stíga skref aftur á bak og setja Orkuveitu Reykjavíkur í rekstrarform sem er á skjön við það sem á sér stað hjá flestum stórfyrirtækjum í landinu. Meðal annars hafa stjórnendur Landsvirkjunar unnið að því að færa fyrirtækið yfir í hlutafélagiformið.“¹²

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur 13. nóvember 2001 voru lögð fram ítarleg drög að frumvarpi til laga um stofnun sameignarfélags um Orkuveitu Reykjavíkur sem unnin höfðu verið af borgarlögmanni. Voru drögin samþykkt með þremur atkvæðum en tveir stjórnarmanna, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, sátu hjá við afgreiðsluna.¹³ Síðar var frumvarp til laga um stofnun sameignarfyrirtækisins Orkuveita Reykjavíkur lagt fram af iðnaðarráðherra og útbýtt á Alþingi þann 12. desember 2001. Fyrsta umræða um frumvarpið fór fram þann dag, en um frumvarpið var svo fjallað í iðnaðarnefnd Alþingis þann 13. desember 2001. Síðar gekk frumvarpið óbreytt til annarrar og þriðju umræðu og var á endanum samþykkt sem lög nr. 139/2001 frá Alþingi þann 14. desember 2001. Með lögnum var mælt fyrir um stofnun sérstaks sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykja-

10 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 2. nóvember 2001.

11 Guðmundur Þóroddsson: Minnisblað, dags. 30. október 2001.

12 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 6. nóvember 2001.

13 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 13. nóvember 2001.

víkur, og teljast lög nr. 139/2001 sérlög sem gilda um starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur. Eins og fjallað verður um hér á eftir vikur það félagsform nokkuð frá almennum reglum um sameignarfélög, en um þau gilda lög nr. 50/2007.

Til samburðar má nefna að önnur leið var farin við stofnun opinbers einkahlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins á árinu 2006, svo sem áður hefur komið fram. Í nefndaráli um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins kom fram að hlutafélagiformið þætti henta betur því umhverfi sem starfsemin byggir við og að rekstur félagsins yrði þar með sveigjanlegri, sem og að fjárfestingar og nýjungar í rekstri yrðu sveigjanlegri og auðveldari í framkvæmd.¹⁴ Um þetta atriði voru þingmenn þó ekki einhuga og lagði hluti þingmanna þingflokks Vinstri grænna til að mynda fram tillögu að rökstuddri dagskrá um að vísa málinu frá, þar sem

„raforka til almennra notenda og fyrirtækja sé mikilvægur þáttur almennrar grunnþjónustu sem á að reka á félagslegum grunni. ... Hlutafélagavæðing RARIK er liður í yfirlýstum markmiðum stjórnvalda að einkavæða raforkukerfið og búa orku- og dreifingar-fyrirtæki landsmanna undir sölu á almennum markaði. Þau áform eru andstæð haðsmunum almennings í landinu.“¹⁵

Í ræðu formanns iðnaðarnefndar þann 27. mars 2006, þar sem hann mælti fyrir nefndaráli nefndarinnar kom fram:

„Það þykir nú almennt viðurkennt að hlutafélagiformið sé hentugra rekstrarform fyrir rekstur sem þennan en það rekstrarform sem nú er notast við, jafnvel þó ríkissjóður sé einn af hlutafélaginu, einkum þegar litið er til þess meginbjóðarmíðs sem raforkulögin frá 2003 byggja á, sem er að reyna að stuðla að samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Verður í þessu sambandi að hafa í huga að hlutafélagiformið er mjög fastmótað og þrautreynt, eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Með því að hlutafélagavæða Rarik hf. er verið að gera ábyrgð stjórnenda meiri. Ábyrgð stjórnenda mun aukast og jafnframt öll ákvarðanatökin innan fyrirtækisins verður gerð auðveldari þar sem ekki þarf að sækja einstakar heimildir til ráðuneytis, sem segir sig sjálf að í samkeppnisumhverfi verður fyrirtæki eins og Rarik að hafa þau úrræði að geta tekið ákvarðanir með skjóttum hætti. Því teljum við sem að nefndarálitinu stöndum að hlutafélagiformið sé ákjósanlegt hvað þetta varðar. Enda hafa nær öll önnur orkufyrirtæki sem eru í samkeppni við Rarik valið hlutafélagiformið.“¹⁶

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 3. september 2007 var rekstrarfyrirkomulag fyrirtækisins enn á ný til umræðu og var þar lagt til að rekstrarformi sameignarfyrirtækisins yrði breytt í hlutafélag. Á fundinum var lögð fram tillaga forstjóra og aðstoðarforstjóra fyrirtækisins dags. 28. ágúst 2007, svohljóðandi:

14 Alþingi: Nefndarálit. Þskj. 912-392. mál. 132. löggjafarþing 2005-2006 <http://www.althingi.is/altext/132/s/0912.html>

15 Alþingi: Tillaga til rökstuddrar dagskrár: Þskj. 990-392. mál. 132. löggjafarþing 2005-2006. <http://www.althingi.is/altext/132/s/0990.html>

16 Alþingi: Ræða. Birkir Jón Jónsson. 392. mál. 132. löggjafarþing-93. fundur. <http://www.althingi.is/altext/raeda/132/rad20060327T152734.html>

„Lagt er til að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykki að beina því til eigenda að rekstrarformi Orkuveitu Reykjavíkur verði breytt úr sameignarfyrirtæki í hlutafélag og að hlutafélagið taki til starfa 1. janúar 2008. Jafnframt er lagt til að stjórn beini því til eigenda að óskað verði eftir við iðnaðarráðherra að flutt verði frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001 til samræmis.“¹⁷

Fram kom í erindinu að þegar sameignarfyrirtækið Orkuveita Reykjavíkur tók til starfa hafi einkum verið horft til Landsvirkjunar um rekstrarformið, en það hafi þá verið sameignarfyrirtæki ríkisins og tveggja sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og Akureyrar. Fram kom að:

Björn Ingi Hrafnsson: „Mín sýn er sú að þetta var bara eingöngu formbreyting og skipti í rauninni engu máli, þetta var ekki upphaf að neinni einkavæðingu eða neitt slíkt og raunar sérstaklega tekið fram að slíkt stæði ekki til. Besta dæmið held ég að sé um það að á sama tíma var ríkið að reyna að selja eignarhlut sinn í HS Orku og stjórn Orkuveitunnar, allir flokkar, börðust hatrammlega gegn því og beittu sér í málinu. Það sýnir að menn voru ekkert á því ferðalagi að ætla að fana að einkavæða Orkuveituna.“

Dagur B. Eggertsson: „Stjórnarformennirnir höfðu stadið með forstjóranum [Guðmundi Þór-oddssyni] í því að standa vörð um einkaréttarlega elementíð í þessu og á nákvæmlega þessum tíma sem að þessir hlutir voru að gerast hérna, ég held að það hafi verið 5 dögum eftir laxveiðiferðina með Baugi. Þá kemur inn í stjórn Orkuveitunnar, eins og þruma úr heiðskýnu lofti, tillaga um að hlutafélagavæða fyrirtækið. Við vissum ekki hvaðan á okkur stóð veðrið.“

„Fyrir og eftir stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur urðu breytingar á rekstrarformi nokkurra orkufyrirtækja og t.d. var Hitaveitu Suðurnesja breytt í hlutafélag í mars 2001 úr sameignarfyrirtæki allmargra sveitarfélaga og ríkisins, Orkubú Vestfjarða sem var ríkisfyrirtæki varð að hlutafélagi í maí 2001, Norðurorka, veitufyrirtæki Akureyrarbæjar varð að hlutafélagi í desember 2002 og rekstrarformi Rarik var breytt í opinbert hlutafélag um síðustu áramót. Með tilkomu nýrra raforkulaga og ákvæðum um aðskilnað samkeppnis- og einkaleyfisþátta var ákveðið að stofna sérstakt dótturfélag, Orkusöluna, um raforkuframleiðslu og –sölu á vegum Rarik og tók fyrirtækið til starfa í upphafi árs 2007. Lögum um Landsvirkjun var breytt á síðasta ári í kjölfar sölu á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrar og er fyrirtækið nú sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og Eignarhluta ehf., sem er fyrirtæki alfarið í eigu ríkisins. Fjármálaráðherra skipar nú stjórn Landsvirkjunar. Fyrrverandi ríkisstjórn hafði uppi áform um að breyta Landsvirkjun í hlutafélag en af ástæðum sem ekki verða raktar hér gekk það ekki eftir. Ekki er vitað um stefnu núverandi ríkisstjórnar en í stjórnarsáttmálanum má lesa eftirfarandi: Tímabært er að leysa úr læðingi krafta einkaframtaksins svo að íslensk sérþekking og hugvit fái notið sín til fulls í útrás orkufyrirtækja ... Talsverð umræða um hugsanlegar breytingar á félagsformi Orkuveitu Reykjavíkur hafa farið fram á meðal starfsmanna þess og stjórnenda. Hefur það einkum verið í framhaldi af samþykkt stjórnar OR frá 19. janúar 2007 um skipan stefnumótunar- og hagræðingarnefndar. Um 50 starfsmenn og stjórnendur frá Orkuveitu Reykjavíkur hafa tekið þátt í átta stefnumótunarhópum og bar rekstrarform fyrirtækisins á göma í niðurstöðum allra hópanna. Þann 27. júní sl. fluttu hóparnir kynningu um afstöðu sína til stefnumótunar innan Orkuveitunnar. Flestir starfsmanna Orkuveitunnar innan hópanna voru sammála að núverandi félagsform Orkuveitu Reykjavíkur gæti orðið og væri jafnvel þegar orðið fyrirtækinu til trafala og færðu fyrir því margvísleg rök ...“¹⁸

Auk þess var vísað til þess í erindinu að líta þyrfti til þess að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefði til skoðunar kvörtun vegna ábyrgðar ríkis og sveitarfélaga og skattundanþágu þeirra, á grundvelli 1. mgr. 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Var tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum gegn tveimur og jafnframt felld með sama mun tillaga stjórnarmannsins Svandísar Svavarsdóttur um að fresta afgreiðslu tillögunnar, til þess að setja

17 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. september 2007.

18 Bréf forstjóra og aðstoðarforstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. ágúst 2007.

mætti málið í vinnufarveg af hálfu stjórnar í samstarfi við forystu fyrirtækisins og til að afla mætti gagna og afla samráðs eigenda félagsins áður en farið yrði út í afgreiðslu eða ákvarðanir. Þau rök voru færð fyrir breytingartillögunni af hálfu meirihluta stjórnarmanna að:

„Eftir stofnun sameignarfyrirtækisins hefur orðið breyting á lög-
gjöf sem kveður á um að framleiðsla og sala rafmagns skuli vera
á samkeppnismarkaði og rekstrarformi flestra samkeppnisaðila
Orkuveitu Reykjavíkur sem áður lutu lögumálum opinbers rekstrar
hefur verið breytt í hlutafélög. Breytingarnar hafa átt sér stað með
löggiöf sem ýmis hefur verið studd af öllum stjórnsmálaflokkum á
Alþingi eða gegn andstöðu eins stjórnsmálaflokks. Að færa rekstrar-
formið úr sameignarfélagi í hlutafélag er tiltölulega lítil breyting.
Bæði rekstrarformin lúta lögumálum einkarekstrarins. Tvö sveitarfélög
óskuðu stuttu eftir stofnun félagsins að ganga úr sameignarfyrir-
tækinu. Vár þá ákveðið að félagið sjálf leysti þessa hluti til sín í
stað þess að látið yrði reyna á kaup annarra eigenda eða sölu til
óskyldra aðila. Meginmunur á sameignar- og hlutafélagsforminu
varðar ábyrgðir eigenda. Í sameignarfyrirtækjum ábyrgjast eigendur
allar skuldbindingar félagsins en í hlutafélögum ábyrgjast eigendur
einungis skuldbindingar félagsins með framlögum sínum, hlutafé,
og öðrum eignum félagsins. Ábyrgðir eigenda sameignarfyrirtækja
skekkja samkeppnisstöðu gagnvart hlutafélögum sem ekki njóta sér-
stakra ábyrgða eigenda sinna. Þá hefur verið sýnt fram á að ábyrgð-
irnar stríða gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ýmsir
sveitarstjórnarmenn þ. á m. borgarfulltrúar hafa opinberlega gagnrýnt
ábyrgðir sveitarfélaga á skuldbindingum Orkuveitu Reykjavíkur og
greitt atkvæði gegn þeim.“¹⁹

Þessu var mótmælt af minnihluta stjórnarmanna og bókaði stjórnarmaður-
inn Svandís Svavarsdóttir m.a. eftirfarandi um tillöguna:

„Tillagan um hlutafélagavæðingu Orkuveitunnar verður án und-
anbragða skoðuð í því samhengi, hér er um að ræða fyrsta skrefið
í átt til einkavæðingar fyrirtækisins. Það er afdráttarlaus afstaða
Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs að samfélagsþjónustan, þar
með talin Orkuveita Reykjavíkur, eigi að vera í eigu almennings. Af
því verður ekki gefinn afsláttur undir nokkrum kringumstæðum.“²⁰

Stjórnarmaðurinn Dagur B. Eggertsson lét að sama skapi bóka mótmæli
við ákvörðun stjórnarinnar, þar tók hann m.a. fram:

„Það vekur furðu að meirihluti stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur
ætli að afgreiða tillögu um formbreytingu á rekstri félagsins á hlaup-
um og vísa málinu til eigenda án þess að lykiloggn hafi verið lögð
fram og tekin hafi verið afstaða til fjölmargra álitamála. Þau eru
skilin eftir óútkljáð fyrir eigendur og undirstrikar það veikleika þess
að frumkvæði þessarar umræðu komi frá stjórn fyrirtækisins en ekki
eigendum. Furðu gegnir að meirihluti stjórnar vilji afgreiða þetta
mál áður en fyrir liggur mat á áhrifum formbreytinganna á afburðar
lánshæfi og lánakjör Orkuveitu Reykjavíkur. Ljóst er að það getur
versnað og getur jafnvel minnsta breyting þar á haft verulegar fjár-
hagslegar afleiðingar.“²¹

Svandís Svavarsdóttir: „Maður fann mjög
sterkt fyrir því að þessum sjónarmiðum óx ásmegin
á árunum 2006-7. Það er að segja Orkuveita
Reykjavíkur sem er sameignarfyrirtæki samkvæmt
lögum, að það þyrfti að geta orðið hlutafélag til
þess að auka sveigjanleika sinn í rekstri. Já, það var
mjög mikið talað um sveigjanleika og mjög mikið
talað um aukinn möguleika á stofnum dótturfélaga
og sem hefðu þá meira svigrúm heldur en undir
hinu félagsforminu. Þessar tillögur um breytingar
á rekstrarforminu komu frá yfirstjórn fyrirtækisins.
Og haustið 2007 í ágúst, kom ein slík tillaga fram
frá yfirstjórninni. Ég óskaði eftir því að málið yrði
tekið fyrir í borgarráði og óskaði sérstaklega eftir því
að fá ítarlegar röksemdir fyrir því. Sveigjanleiki um
hvað? Hvað er það?“

2. mgr. 2. gr. laga nr. 139/2001 „Hver eigandi
um sig ber einfalda hlutfallslega fjárhagsábyrgð á
lánaskuldbindingum Orkuveitu Reykjavíkur í
réttu hlutfalli við eignarhluta hans í fyrirtækinu.
Ábyrgð eigenda nær ekki til annarra skuldbindinga
fyrirtækisins. Ábyrgð eigenda skal ekki nema hærri
hlutfalli en 80% af lánsfjárföf verkefnis sem
veitt er eigendaábyrgð. Orkuveitu Reykjavíkur er
heimilt, án samþykkis eigenda hverju sinni, að taka
lán til rekstrarþarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð
á greiðslum í sama skyni. Aðrar nýjar lántökur, sem
njóta skulu ábyrgðar eigenda, eru háðar samþykki
þeirra.“

19 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. september 2007.

20 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. september 2007.

21 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. september 2007.

4. mgr. 2. gr. laga nr. 139/2001 „Ákvæði laga um gjaldprotaskipti, greiðslustöðvun og nauðasamninga, eins og þau eru á hverjum tíma, gilda um Orkuveitu Reykjavíkur. Ábyrgð eigenda Orkuveitu Reykjavíkur verður ekki virk fyrr en að loknum gjaldprotaskiptum fyrirtækisins.“

Helgi Hjörvar: „Ég lagði fram tillögu á fundi stjórnar veitustofnana þann 18. október 1995, um að beina því til borgarráðs að á vegum þess yrði meðal annars kannað hvort hagkvæmt væri að sameina rekstur holræsakerfa borgarinnar, vatnsveitu og hitaveitu. Þá var það einnig tillaga mín að kanna hvort hægt mætti sækja um „grænt lán“ á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði til að fjármagna þær umfangsmiklu framkvæmdir sem framundan væru í holræsamálum og einnig hvort og hvaða lagabreytingar þyrfti að gera til að þessar breytingar yrðu að veruleika auk þess sem kanna þyrfti viðhorf viðskiptavina og starfsmanna til breytinga af þessu tagi. Þessi tillaga tók ekki til rafveitunnar. Það var bara í raun og veru sú hugsun hvort það mætti auka hagkvæmni í þessum rekstri, þannig að það skilaði betri afkomu eða lægra verði til notendanna. Starfsemin var augljóslega gríðarlega eðlisskyld, moka skurði, leggja rör, leiða þau í hús og í gegnum þau. Heitt vatn, kalt vatn eða það hvoru tveggja til baka. Það voru augljóslega einhver ákveðin skynsemisrök sem að baki þessu búa. Ekki varð neitt úr þeirri tillögu en ýmsar aðrar hugmyndir um hagræðingu og sameiningu komu fram. Síðar kom svo fram sú tillaga að sameina fyrst stóru fyrirtækin tvö og reyna að nýta það besta úr báðum fyrirtækjunum, af því að bæði áttu þau styrkleika í ákveðinni menningu. Síðan held ég að það sé alveg óhætt að segja að það hafi verið það sjónarmið uppi að þó að það væri mikilvægt að eiginfjárstaða þeirra væri sterk, að þá ættu þau að vaxa og það mætti nota þau til fjárfestingar og verkefna.“

Í kjölfar þess að nýr meirihluti tók við völdum í Reykjavíkurborg, var fallið frá þessum fyrirætlunum og er rekstrarform Orkuveitu Reykjavíkur enn óbreytt, þ.e. það er rekið sem sameignarfyrirtæki. Reglum um ábyrgð eigenda hefur þó verið breytt, eins og fjallað verður um hér á eftir, en vegna athugasemda ESA þurfti að breyta fyrirkomulagi ábyrgðar á skuldum fyrirtækisins á árinu 2010, með lögum nr. 144/2010. Ábendingar höfðu borist með bréfi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis dags. 20. október 2006 þar sem erindi Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til íslenskra stjórnvalda dags. 24. september 2006 var kynnt Orkuveitu Reykjavíkur og öðrum innlendum orkufyrirtækjum, sem og það álit stofnunarinnar að í lánveitingum til fyrirtækisins fælist ríkisaðstoð sem bryti í bága við gr. 6(1) í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, en erindið var til umræðu á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 28. nóvember 2006. Með lögnum var m.a. tekið upp sérstakt ábyrgðargjald sem greiðast átti til eigenda vegna þeirrar ábyrgðar sem þeir standa í vegna skulda Orkuveitunnar. Í tengslum við frumvarpið var nánar kveðið á um við hvaða kringumstæður myndi reyna á ábyrgð eigenda, með breytingu á orðalagi 4. mgr. 1. gr. laga nr. 139/2001. Var þar tekið fram að ákvæði laga um gjaldprotaskipti, greiðslustöðvun og nauðasamninga, eins og þau eru á hverjum tíma, giltu um Orkuveitu Reykjavíkur og að ábyrgð eigenda Orkuveitu Reykjavíkur yrði ekki virk fyrr en að loknum gjaldprotaskiptum fyrirtækisins. Ástæða þess að þörf þótti á að breyta ákvæðinu var sögð sú í greinargerð með frumvarpi til laganna, að:

„... til að tryggja að sams konar kröfur séu að öllu leyti gerðar til eigendaábyrgða Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur, að því leyti hvenær slík eigendaábyrgð verður mögulega virk. Var á því atriði tekið í b-lið 1. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 144/2010, varðandi Orkuveitu Reykjavíkur, og í b-lið 1. gr. frumvarps þess sem nýverið var afgreitt frá Alþingi um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun. Umrædd ákvæði eru ekki að öllu leyti samhljóða og má halda því fram að ákveðinn efnismunur sé á þeim. Ekki var það ætlunin þegar framangreind frumvörp voru lögð fram sl. haust og er frumvarp þetta því lagt fram til að samræma ákvæðin. Til að taka af allan vafa um að sams konar fyrirkomulag sé viðhafi varðandi framangreindar eigendaábyrgðir er með frumvarpi þessu lagt til að orðalagið verði samræmt í lögnum, þ.e. að orðalagið í lögum nr. 139/2001, eins og þeim var breytt með lögum nr. 144/2010, verði fært til samræmis við viðkomandi ákvæði í lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun ... Með þessu ákvæði er í samræmi við kröfu Eftirlitsstofnunar EFTA tryggt að Orkuveita Reykjavíkur, líkt og Landsvirkjun, lúti sömu reglum um gjaldprotaskipti, greiðslustöðvun og nauðasamninga og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð. Eins og fram kemur í lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, bera eigendur Orkuveitu Reykjavíkur hver um sig einfalda hlutfallslega ábyrgð á lánaskuldbindingum fyrirtækisins. Þar sem um einfalda ábyrgð er að ræða verður kröfu ekki beint að eigendum fyrr en fullreynt er að krafa fái ekki greidd hjá fyrirtækinu. Þetta getur ýmist verið með árangurslausu fjármámi eða gjaldprotaskiptum. Að gera kröfu um að gjaldprotaskiptum sé lokið getur haft áhrif á möguleika fyrirtækisins á lánaþyrirgreiðslu, þar sem gjaldprotaskipti geta tekið verulega langan tíma. Ekki er talin ástæða til að ganga það langt í lagatextanum og er því frumvarp þetta lagt fram til að tryggja að fullt samræmi sé í lagaumhverfi Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar hvað þessi atriði varðar.“

3.2 Hlutverk og tilgangur sameignarfyrirtækisins Orkuveita Reykjavíkur.

Mikilvægt er að huga að tilgangi sameignarfyrirtækisins, eins og hann birtist í lögum og samþykktum fyrirtækisins. Um tilgang Orkuveitu Reykjavíkur er mælt fyrir í 2. gr. laga nr. 139/2001. Þar er hann sagður vera:

„... vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármála-starfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að reka dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum.“

Tilgangur félagsins er nokkuð vítt skilgreindur, en hann er sá sami og fram kemur í 2. gr. reglugerðar nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur. Það lögbundna hlutverk sem félaginu er falið með lögum nr. 139/2001, er það sem fram kemur í tilgangsákvæðinu, þ.e. framleiðsla vatns, raforku og varma og dreifing þessara afurða. Til viðbótar er tekið fram í ákvæðinu að fyrirtækið geti farið í hvers konar starfsemi aðra sem nýtt gæti rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins sem og hverja aðra viðskipta- og fjármálastarfsemi sem stjórn félagsins gæti tekið ákvörðun um hverju sinni. Í 8. gr. reglugerðar nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur kemur einnig fram að innan fyrirtækisins skuli starfrækt sérstakt svið eða deild sem sinni nýsköpun og markaðsstarfi vegna sölu á orku og þróunar- og rannsóknarverkefnum héraendis og erlendis og að þessari starfsemi skuli markaður rammi í stefnumótun fyrirtækisins.

Ekki verður séð af lögskýringargögnum með lögum nr. 139/2001 hvers vegna sú stefna var mótuð að ætla sameignarfyrirtækinu að starfa bæði að nýsköpun sem og annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi, svo sem minnst er á í ákvæðinu. Sambærilegt ákvæði var þó að finna um starfsemi annarra orkufyrirtækja, svo sem um Landsvirkjun, Norðurorku og Hitaveitu Suðurnesja. Í greinargerð með ákvæðinu var þó tekið fram að nánar yrði kveðið á um tilgang fyrirtækisins í sameignarsamningi og reglugerðum þess, auk þess sem tilgangi fyrirtækisins mætti breyta á eigendafundi krefðust aðstæður þess. Ekki kom til þess að það væri gert, en samsvarandi ákvæði er að finna í 2. gr. reglugerðar um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 297/2006.

Þar með var stefna Orkuveitu Reykjavíkur mörkuð til frambúðar, án þess þó að séð verði að um þetta hafi verið sérstaklega fjallað á fundum stjórnar veitustofnana, en tilgangsákvæði í þessa veru var þegar að finna í frumvarpsdrögum sem lögð voru fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 13. nóvember 2001. Þess ber þó að geta að á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur sem fram fór þann 2. nóvember 2001 var lögð fram og rædd skýrsla um starfsemi orku- og vatnsveitna sem félli utan við megin starfssvið þeirra.²² Í skýrslunni var birt yfirlit yfir óhefðbundna starfsemi orku- og vatnsveitna víða um heim, en samantektin var byggð á upplýsingum sem aflað hafði verið árið 1998. Þar kom meðal annars fram að óhefðbundin starfsemi orkuveitna víða um heim væri margbreytileg og í sumum tilfellum verulega frábrugðin meginstarfseminni. Auk þess má sjá að slíkar hugmyndir hafi áður verið ræddar í stjórn forvera Orkuveitu Reykjavíkur. Til að mynda er bókað á fundi stjórnar veitustofnana þann 22. september

Helgi Þór Ingason: „Ef ég horfi á það bara út frá rekstrarsjónarmiði, þá er fjaránlegt að vera með þetta mannvirki, Perluna, í rekstri hjá Orkuveitunni - mannvirki sem skilar sáralitlum tekjum en er bara kostnaður. Hugmyndir okkar í Orkuveitunni um að taka á þessu fara inn til eigandans og hann fer að skoða málið. Þá kemur á daginn að það eru bara miklu fleiri sjónarmið. Þetta er ekki bara rekstur þessa fyrirtækis heldur snýst þetta um samstæðuna og hlutverk og viðhorf borgarinnar og svo eru fleiri eigendur en Reykjavíkurborg og þar með fleiri sjónarmið.“

Guðmundur Þóroddsson: „Þessu er lýst nokkuð ágætlega í lögnum og er ætlað að búa til einingu sem vinnur að hagræðingu í rekstri og hins vegar að vera atvinnuskapandi og stunda nýsköpun. Það lá alveg í augum uppi að það væri snjallt að gera þetta, af því að samlegð þeirra er svo mikil. Í fyrsta lagi eru laagnirnar neðanjarðar og það er hagkvæmni í því að samræma þá starfsemi bæði með tíma framkvæmda og tækjum. Ein grafa er annarri lík. Sama gildir um innheimtustarfsemi og annað varðandi utanumhald sem fer saman. Þar má nefna bókhald og millideildasölu. Allt er þetta miklu hagkvæmara að framkvæma í stærri einingu. Sama gildir um fjármögnun verkefna. Það eru einungis fá sértæk tæknileg atriði sem greina veiturnar frá hverri annarri. Ég er hættur að vinna hjá Orkuveitu Reykjavíkur en er að vinna út í heimi þar sem maður þarf oft að sækja sér fyrirmyndir eða þekkingu. Þar er OR fyrirmyndarfyrirtæki á heimsmælikvarða. Síðast í gær var ég að lesa kynningu frá OR á brennisteinsvetni í andrúmslofti, skýrslu á heimsvísu. Það er slík vinna sem þú færð við stærri einingar, getuna til að vinna verkefni almennilega. Það sýndi sig að hagræðing OR var gríðarleg fyrstu árin. Það að rekstrarhagnaður fór stöðugt vaxandi þó verð væru stöðugt lækkandi. Það sýnir að hagræðing í veitunum var að skila sér.“

22 Einars Thors Bjarnasonar: „Starfsemi orku- og vatnsveitna sem fellur utan við megin starfssvið þeirra“. Skýrsla, lögð fyrir stjórn dags. 29. október 2001.

1999 að orkuveitustjóri hafi kynnt „ýmsar hugmyndir um nýjar „afurðir“ Orkuveitunnar.“²³

Við hina þinglegu meðferð frumvarps um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2001, var ekki mikil umræða um tilgangsráðgjafi. Í umræðum um frumvarpið var þó á það bent að í því væri gert ráð fyrir því að félagið gæti rekið dótturfélög og átt hlut í öðrum félögum, en með því gæti Orkuveitan:

„... sameinast fyrirtækjum með þessum markmiðum, þ.e. nánast hverju einasta opinberu fyrirtæki, bönkum sem öðru, í landinu. Ég get ekki samþykkt svo mikla útþenslu á opinberu fyrirtæki og sit því hjá.“²⁴

Ef mið er tekið af þeim reglum sem gilda um Landsvirkjun annars vegar og Rafmagnsveitur ríkisins hins vegar má sjá að tilgangur Landsvirkjunar er samkvæmt 2. gr. laga nr. 42/1983, eins og greininni var breytt með lögum nr. 63/2003, að:

Haraldur Flosi Tryggvason: „Reyndar má kamski í hinu stærra pólitíska og efnahagslega samhengi alveg efást um það að það sé heppilegt að sveitarfélög sé í svona gríðarlegum ábyrgðum vegna atvinnurekstrar. Þetta er stóra spurningin, mundi ég halda. Persónulega er ég orðinn þeirrar skoðunar að takmarka eigi umsýslu þessa fyrirtækis venulega.“

„... stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvæðum stjórnar hverju sinni.“

Fyrir breytingu sem gerð var með lögum nr. 63/2003 var ákvæðið svohljóðandi:

„Að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna svo og til iðjufyrirtækja samkvæmt sérstöðum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu. Að byggja og reka raforkuver og meginstofnínukerfi landsins. Að annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar. Að vinna að því, í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa eftir því sem hagkvæmt er talið. Að hafa með viðunandi öryggi til-tæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Vandamálið er líka að lögín í kringum fyrirtækið eru of rúm. Það hafa verið gerðar athugasemdir við þetta, enda er heimild stjórnar OR til að fara í önnur verkefni en kjarnastarfsemi of víðtæk. Miðað við lögín gæti OR rökstutt aðkomu sína að ýmsu sem varla getur talist samræmast almannahlutverki fyrirtækisins. Reyndar munu áhrif þessa minnka með eigenda-stefnunni sem tryggir skýrari skyldu fyrirtækisins gagnvart eigendum og íbúum.“

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 63/2003 sagði að með því væri lagt til að ákvæði laga um Landsvirkjun sem ekki samrýmdust frumvarpi til raforkulaga eða óeðlilegt væri að stæðu áfram í breyttu fyrirkomulagi raforkumála féllu brott.²⁵

Í lögum um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins nr. 25/2006 kemur fram í 4. gr. að tilgangur hlutafélagsins skuli vera að framleiða, dreifa og eiga viðskipti með raforku og varmaorku í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003 og orkulaga nr. 58/1967, vegna hitaveitna, hvort heldur sem er í heildsölu eða smásölu, ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt gæti rannsóknir þekkingu eða búnað félagsins. Auk þess var hlutafélaginu heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til þess að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt og að standa að stofnun fyrirtækja og gerast eignaraðili að öðrum félögum.

23 Fundur stjórnar veitustofnana dags. 22. september 1999.

24 Alþingi: Ræða. Pétur H. Blöndal. 55. fundur, 127. löggjafarþing. <http://www.althingi.is/altext/127/12/r14105922.shtml>

25 Alþingi: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum. Þskj. 1005-592. mál. 123. löggjafarþing 1998-1999. <http://www.althingi.is/altext/123/s/1005.html>

Á 130. löggjafarþingi árin 2003–2004 var lagt fram þingmannafrumvarp þar sem lagt var til að tilgangi Orkuveitu Reykjavíkur, sem og Landsvirkjunar, Norðurorku og Hitaveitu Suðurnesja yrði breytt.²⁶ Var þar meðal annars lagt til að orðin „sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi“ yrðu felld út úr tilgangssákvæði 2. gr. laga nr. 139/2001. Í greinargerð með frumvarpinu kom eftirfarandi fram:

„Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði laga um fyrirtæki á orkusviði er varða tilgang og fjárfestingarheimildir slíkra fyrirtækja verði þrengd. Heimildir fyrirtækja á orkusviði til að stunda eða taka þátt í starfsemi á ólíkum sviðum eru mjög víðar í gildandi lögum þar sem tilgangur þeirra er sagður m.a. vera „viðskipta- og fjármálastarfsemi“. Því miður hefur reynslan sýnt að ekki fer vel að orkufyrirtæki taki þátt í starfsemi sem er óskyld orkurekstri. Það er mismunandi á milli fyrirtækja á orkusviði hvernig þau hafa nýtt rúmar heimildir laga til reksturs og fjárfestingar. Segja má að eitt þeirra, Orkuveita Reykjavíkur, hafi gengið hættulega langt, farið út í alls óskyldan rekstur og greitt það dýru verði. Dæmi um fjárfestingar sem Orkuveita Reykjavíkur hefur farið út í eru rekstur net- og fjarskiptafyrirtækja, fiskeldi, risarækjueldi, hörverksmiðja og ljósmyndabanki.“²⁷

Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á þingi. Að tilgangi Orkuveitu Reykjavíkur var aftur vikið í tengslum við meðferð frumvarps til laga nr. 144/2010 þar sem brugðist var við tilmælum EES um ábyrgð eigenda á lánveitingum Orkuveitu Reykjavíkur. Í umræðum um frumvarpið sagði þingmaðurinn, Guðlaugur Þór Þórðarson, eftirfarandi:

„Virðulegi forseti. Ég tel afskaplega mikilvægt að við fáum nú tækifæri til að ræða þessi lög og snúna af þeim agnúa sem eru augljóslega til mikillar óþurftar og hafa í rauninni reynst þessu góða félagi mjög dýrir. Þá er ég að vísa í frumvarp sem ég var hér með fyrir nokkru og mun flytja breytingartillögur í samræmi við það núna í tengslum við þetta ... Í 2. gr. laganna um tilgang fyrirtækisins segir m.a., með leyfi forseta, „sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi“. Þetta ákvæði hefur þetta góða fyrirtæki á ákveðnum tíma nýtt sér í hluti sem eru fullkomlega óskyldir orkurekstri ... Þá er ég að vísa í hluti eins og rekstur net- og fjarskiptafyrirtækja, fiskeldi, risarækjueldi, hörverksmiðju, ljósmyndabanka og sumarbústaðastarfsemi ... Nú hljómar þetta kannski eins og ræða á herrakvöldi en þetta er bara raunveruleikinn undir forustu R-listans. Þá var farið í þetta allt saman. Við náðum að snúa eitthvað af þessu niður á sínum tíma, en þetta hefur kostað fyrirtækið gríðarlegar fjárhæðir. Þetta eru ekki milljónir, þetta eru ekki tugir milljóna, þetta eru milljarðar, jafnvel tugir milljarða. Það er engin ástæða til að orkufyrirtækin með alla sína sérstöðu hafi leyfi til að fara þessa leið og nýta þannig peninga skattgreiðenda ...“²⁸

Alfreð Þorsteinsson: „Málið er að í lögum Orkuveitu Reykjavíkur er gert ráð fyrir því að fyrirtækið stundi nýsköpun. Starfsmenn Orkuveitunnar komu með nokkur verkefni inn á borð til mín og stjórnarinnar, m.a. athugun á því hvort væri hagkvæmt að fara út í rækjueldi á Íslandi. Fyrirmyndin var sótt til Nýja Sjálands. Þar höfðu menn reynt þetta og við skulum átta okkur á því að hér á Íslandi, bæði hérna í Reykjavík og víða um land, þá rennur mikið ónotað heitt afrennslisvatn, sem ekki er notað, ca. 30° heitt. Það sem menn voru að gera á þessum tíma er að reyna að kanna það hvort unnt væri að skapa nýja atvinnugrein, þar sem hægt væri að notfæra sér þetta vatn sem annars rennur til spillis. Í Nýja Sjálandi er þetta ágætis atvinnuvegur ... En eftir að ég hætti þá tóku Sjálfstæðismenn hér við. Þeir voru alla tíð á móti þessu verkefni. Og það endaði á því að ... Ja, ég held að þessi rækjustofn sé hugsanlega til eimþá. Geymdur einhvers staðar í Hveragerði.“ Bylgjan, Sprengisandur, 3. apríl 2011.

„Orkuveita Reykjavíkur vinnur að hönnun gístaðstöðu og baðsvæðis í landi fyrirtækisins á Nesjavöllum. Nýta á náttúrulegt afrennslisfrá jarðhitasvæðinu til baðsvæðisins sem svipar til þess rekstrar sem Bláa lónið er með á Svartsengi á Reykjanesi. Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir að auglýst hafi verið eftir samstarfsaðilum fyrir um ári og fyrirtækið Saga heilsa og spa hafi orðið fyrir valinu. Nú sé unnið að því að þróa samstarfið. ... Hann segir hugmyndina byggjast á svipuðum forsendum og samstarf Orkuveitunnar í nýrri frístundabyggð við Úlfliótsvatn en þá leggur Orkuveitan til landsvæði og fær aðra aðila sem séu sérfróðir á því sviði sem við á hverju sinni til að þróa verkefnið áfram. Þannig er staðið að verki með Klasa ehf. dótturfyrirtæki Íslandsbanka, í landinu við Úlfliótsvatn.“ Fréttablaðið 7. júní 2005.

26 Alþingi: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum. Þskj. 1005-592. mál. 123. löggjafarþing 1998-1999 <http://www.althingi.is/altext/123/s/1005.html>

27 Alþingi: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um fyrirtæki á orkusviði. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um fyrirtæki á orkusviði. Þskj. 1869-1010. mál. 130. löggjafarþing 2003-2004. <http://www.althingi.is/altext/130/s/1869.html>

28 Alþingi. Ræða. Guðlaugur Þór Þórðarson. 34. fundur, 139. löggjafarþing. <http://www.althingi.is/altext/raeda/139/rad20101124T154431.html>

Síðar í umræðum um frumvarpið tók þingmaðurinn fram:

Dorbjörg Helga Vigfúsdóttir: „Borgarfulltrúar R-listans eru ekki sérfæðingar um rekstur frístundabygðar eða baðhúsa ... Orkuveitan stendur sig vel í vinnslu og framleiðslu raforku, varma og vatns. Mikill meirihluti af tíma stjórnarmanna fer hins vegar í umfjöllun og ágreining um verkefni sem Orkuveitan á ekki að standa að. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík hefur skýra stefnu hvað þetta varðar. Orkuveita Reykjavíkur er fyrirtæki sem er í eigu borgarbúa og hefur það eina hlutverk að bjóða örugga og hagkvæma þjónustu á sviði orku, varma og vatns. Á sinn hátt virðist stefna R-listans reyndar líka vera skýr. Allt er leyfilegt.“ Aðsend grein Morgunblaðið birt 16. júní 2005.

Ólafur Jónsson: „Ef þú hefur lesið um Georg gírlausa veistu kannski hvernig þetta var. Þetta voru stórkostlegar hugmyndir, uppfinningar og hvaðeina, en svo einhvern veginn hrundi allt í fanginu á honum.“

„Hæstu ráðherra sagði áðan að það hefði nú eitthvað heyrst í mér ef ég hefði verið í borgarstjórn, tala nú ekki um stjórnarformaður Orkuveitunnar, ef svona umræða hefði komið upp ... Ég flutti málið á þeim tíma þegar ég var í þeirri stöðu sem ráðherra vísaði til. Alla mína tíð í borgarstjórn talaði ég fyrir þessu. Ég mótmælti þessari lagabreytingu og þegar ég hafði tækifæri til, flutti ég frumvarp þar sem ég lagði til að þetta yrði tekið út úr lögumum. Það hefur verið stefna Sjálfstæðisflokksins ... Það er búið að koma í veg fyrir mikið af þessu sem vinstri mennirnir fóru í. Ég gerði það sjálfur sem stjórnarformaður Orkuveitunnar. Þá hættu menn í hörverksmiðju og risarækjueldi og ljósmyndabanka. Komið var í veg fyrir að Orkuveita Reykjavíkur mundi fjárfesta í 200–300 sumarbústöðum við náttúruperluna Úlfjótswatn og komið var í veg fyrir að Orkuveitan keypti á þeim tíma grunnnet Landssímans á yfir 20 milljarða kr. ...“²⁹

Ekki varð af þessum breytingum. Tillagan var enn lögð fram á 139. lögjafarþingi sem breytingartillaga minnihluta viðskiptanefndar, í tengslum við meðferð frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 49/2011.³⁰ Breytingartillagan var síðar felld með 28 greiddum atkvæðum gegn 8. Enn er tilgangsrákvæði Orkuveitu Reykjavíkur því óbreytt. Í ársskýrslu ársins 2005 kom meðal annars fram að:

„Tilgangur Orkuveitu Reykjavíkur er vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að reka dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum. Það er ekki úr vegi að skerpa á þessari skilgreiningu laga um Orkuveitu Reykjavíkur þegar lítið er um öxl í lok eins umsvifamesta árs í sögu fyrirtækisins. Mikill vöxtur og útrás Orkuveitu Reykjavíkur, nýjar veitur og ný athafnasvæði eru í samræmi við skilgreindan tilgang félagsins til hagsbóta fyrir alla. Orkuveita Reykjavíkur er hátæknifyrirtæki sem sér rúmlega helmingi þjódarinnar fyrir húshitun með jarðvarma, drykkjarvatni, rafmagni, fráveitu og gagnaflutningum.“³¹

Í ársskýrslu 2006 kemur þó fram í ávarpi nýs stjórnarformanns að:

„Árið 2006 voru nýir tónar slegnir í stefnumótun Orkuveitu Reykjavíkur með tilkomu nýs meirihluta í stjórn fyrirtækisins. Orkuveita Reykjavíkur er umhverfisfyrirtæki. Tilgangur þess og hlutverk er að bæta lífsskilyrði fólks og fyrirtækja með því að miðla til þeirra af landsins gæðum. Í raun má segja að starfsemi Orkuveitu

29 Alþingi: Ræða. Guðlaugur Þór Þórðarson. 34. fundur 139. lögjafarþing. <http://www.althingi.is/altext/raeda/139/rad20101124T160959.html>

30 Alþingi: Breytingartillaga við frv. til l. um breyt. á l. um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn). Þskj. 1166-87. mál. 139. lögjafarþing 2010-2011. <http://www.althingi.is/altext/139/s/1166.html>

31 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2005.

Reykjavíkurgangi út á einn hlut: að miðla vatni! Köldu vatni til neyslu og brunavarna, heitu vatni til húshitunar og gufu til framleiðslu á raforku. Í ársbyrjun má svo segja að hringnum hafi verið lokað þegar fyrirtækið tók við rekstri fráveitna í þeim sveitarfélögum sem eiga Orkuveituna. Þannig er fyrirtækið drifkraftur hringrásar þar sem hlutverkið er að byggja brú milli samfélags og náttúru. Þessu hlutverki fylgir mikil ábyrgð, bæði gagnvart samfélaginu og náttúrunni.⁶²

Drátt fyrir óbreytt lög hefur tilgangur Orkuveitu Reykjavíkur verið til umræðu í stjórn fyrirtækisins og hjá eigendum fyrirtækisins. Á árinu 2002 var meðal annars til umræðu innan stjórnar fyrirtækisins að kaupa hlut í Landssímanum, en þá hafði verið auglýstur til sölu 25% hluti ríkisins í því fyrirtæki. Í erindi forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 8. mars 2002 kom fram að með kaupum á hlutnum gæti Orkuveita Reykjavíkur stuðlað að sameiningu ýmissa rekstrarþátta Orkuveitunnar og Landssímans og náð fram hugsanlegum samlegðaráhrifum til hagræðingar fyrir bæði fyrirtækin. Fram kom að forstjóri fyrirtækisins hafði þá haft samband við formann einkavæðingarnefndar til þess að kanna hvort Orkuveita Reykjavíkur gæti átt einhverja aðkomu að kaupum á fyrrgreindum ráðandi hlut í Landssímanum. Var jafnframt tekið fram í bréfi forstjórans að:

„Nokkuð ljóst er að með tilkomu samkeppni á raforkumarkaði mun markaðshlutdeild Orkuveitunnar minnka. Til að viðhalda sama umfangi eða vaxa verður því að finna fleiri stöðir undir reksturinn, annars er ljóst að draga verður saman í rekstri og minni velta mun standa undir rekstri upplýsingakerfa og annarra stöðeininga með tilheyrandi hækkun kostnaðar. Veitufyrirtæki í öðrum löndum hafa meðal annars farið út í rekstur gagna- og símaþjónustu þegar þau hafa verið í sömu sporum.“⁶³

Ekkert varð af þessum kaupum. Eins og fjallað verður um síðar í skýrslunni var á vegum Reykjavíkurborgar unnin og lögð fram í borgarráði þann 20. apríl 2004 skýrsla orkustefnunefndar og tillaga að stefnu Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem lagt var til að tilgangur Orkuveitunnar yrði þrengdur. Þessi skýrsla var síðar lögð fram á fundi stjórnar Orkuveitunnar 11. maí 2004, en kom ekki frekar til umfjöllunar hjá stjórninni, utan umfjöllunar sem fram fór á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 15. desember 2004. Þá var á árinu 2005 á vegum stjórnenda fyrirtækisins fjallað um tilgang Orkuveitu Reykjavíkur og í drögum markmiða og stefnu Orkuveitu Reykjavíkur dags. 21. september 2005 kemur fram að kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur snúist um rekstur fimm veitna, hitaveitu, rafmagnsveitu, vatnsveitu, gagnaveitu og fráveitu. Meginmarkaður samkvæmt framangreindum drögum var sagður vera Reykjavík og nágrennabyggðir, en að ný sóknartækifæri lægju í stækkun núverandi markaðar og útvíkkunar hans innanlands. Unnið yrði áfram að aukinni og breiðari tekjumyndun með:

„Hámörkun á verðmæti núverandi viðskiptasambanda með því að bjóða viðskiptamönnum fleiri afurðir og þjónustuhætti – bjóða upp á heildarlausnir. Öflun nýrra viðskiptamanna innanlands með stækkun markaðssvæðis. Dróun nýrrar vöru og þjónustuþátta – (t.d. vetni). Sala á þekkingu og þjónustu til erlendra aðila þar sem félagið býr yfir virðisaukandi þekkingu sem skapar félaginu samkeppnis-

32 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2006.

33 Bréf forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 8. mars 2002.

*hæfa stöðu. Fjárfestingar í samstarfi við eða sameiningu við önnur félög innan sömu greinar.*³⁴

Eiríkur Hjálmarsson: „Tilgangsráðgjafi laganna er búinn að vera eilíft bitbein. Kannski ekki síst í ljósi þess er undarlegt til þess að hugsa, að menn skuli ekki hafa tekið á því fyrir, á þessum pólitíska vettvangi, að sammælast nánar um það hvað væri á verkefni fyrirtækisins. En á móti kemur að eigendastefna er ekkert mjög rosandi orð í umræðu um stjórnun, ég tala nú ekki um í opinberu fyrirtækjunum.“

Haraldur Flosi Tryggvason: „Ég er persónulega þeirrar skoðunar að þetta þurfi að vera annað hvort eða, hafandi reynsluna mína. Annað hvort verður þessu bara hleypt út sem fyrirtæki eða verði fært að verulegum hluta til baka inn í rekstur sveitarfélaganna og gert að stofnun eða pólitísku fyrirtæki. Þannig að hlutverkið sé á hreinu.“

Bryndís Hlökkversdóttir: „Ég hef kynnt mér aðeins norsku eigendastefnuna, stefnu norskra stjórnvalda um það hvernig þeir hyggjast fara með hlut ríkisins í fyrirtækjum. Og þar eru þeir mjög mikið að velja fyrir sér nákvæmlega þessu. Eigandinn er í svo mörgum hlutverkum gagnvart fyrirtækinu að hann getur ekki líka verið fulltrúi fyrirtækisins, hann lendir alltaf í hagsmunaráreksri.“

Ekki verður séð að framangreind drög hafi verið samþykkt af hálfu eigenda, en á eigendafundi þann 15. febrúar 2008 var stjórn Orkuveitu Reykjavíkur falið að skoða skýrslu stýrihóps sem komið hafði saman vegna REI málsins og var stjórn fyrirtækisins falið meðferð þeirra tillagna sem fram höfðu komið í skýrslu stýrihópsins. Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda kemur fram um það starf að:

*„OR vann að stefnumörkun stjórnar árið 2009 og lauk því starfi með samþykkt stjórnar 30. desember 2009. Í heildarstefnu stjórnar kemur fram að starfssvæði OR sé fyrst og fremst Ísland. Kjarnastarfsemi fyrirtækisins var skýrð þannig: Orkuveita Reykjavíkur framleiðir, dreifir og selur heitt og kalt vatn, rafmagn og annast uppbyggingu og rekstur fráveitu og gagnaveitu. Orkuveita Reykjavíkur selur einnig reynslu til þeirra landa sem hafa arðbær tækifæri í jarðvarma. Fjárfestingaverkefni eru ekki lengur nefnd.“*³⁵

Framangreind samþykkt stjórnar um stefnu Orkuveitu Reykjavíkur var þó ekki borin undir eigendafund fyrirtækisins.

Þá var einnig til umræðu hvort fyrirtækið teldist starfa á einkaréttarlegum grunni eða opinberum grunni, en um það var ekki eining á meðal þeirra sem komu að rekstri fyrirtækisins.³⁶ Þótt á því kunni ef til vill ekki að vera mikill munur, skiptir það þó máli þar sem sú afstaða mótar almennt bakgrunn í starfi og stefnu fyrirtækisins. Á þetta var bent í fyrirspurn Umboðsmanns Alþingis dags. 9. október 2007 í máli nr. 5117/2007 vegna REI málsins. Þar vísaði umboðsmaður til eftirfarandi orðalags í dómi Hæstaréttar frá 23. mars 1999 í máli nr. 407/1999: „Þegar stjórnvald ráðstafar eignum ríkisins gilda um þá ákvörðun reglur stjórnsýsluréttar. Um kaupsamninginn annars gilda almennar reglur um fasteignakaup eftir því sem við getur átt.“ Auk þess vísaði umboðsmaður einnig til álits hans í máli nr. 4478/2005, þar sem fjallað var um stöðu jafnræðisreglna stjórnsýsluréttar og reglunnar um málefnaleg sjónarmið þegar sveitarfélag ráðstafar eftirsóttum og fjárhagslegum gæðum til einkaaðila og um nauðsyn auglýsinga um fyrirhugaða ráðstöfun slíkra gæða.

Eins og greint hefur verið að framan var í lögum nr. 139/2001 ekki beinlínis tekin afstaða til þess hvort rekstrarfyrirkomulagið sameignarfyrirtæki væri einkaréttarlegt með sama hætti og ef valið hefði verið að reka það sem sameignarfélag. Í viðtölum úttektarnefndar var þessu atriði gefinn sérstakur gaumur og voru viðmælendur inntir sérstaklega eftir því hvert hlutverk þeir teldu fyrirtækið hafa að þessu leyti. Vakti það athygli að mismunandi skoðanir komu fram um hlutverk fyrirtækisins hjá viðmælendum úttektarnefndarinnar. Fram kom einnig að þetta atriði hafði komið til sérstakrar skoðunar í tengslum við REI málið, enda má segja að þar hafi komið fram andstæð sjónarmið að þessu leyti, þ.e. um hvort fyrirtækið ætti að móta framsækna útrásarstefnu á sviði orkuráðgjafar og tengdum fjárfestingum eða hvort fyrirtækinu væri að meginstefnu til ætlað að starfa við innlandan

34 Markmið og stefna OR. Drög. Dags. 21. september 2005.

35 Greinargerð með skýrslu til stjórnar, dags. 14. ágúst 2010, bls. 11.

36 Sjá úrskurð úrskurðarnefndar um upplýsingamál í málinu nr. A-269/2007 frá 11. desember 2007, þar sem Orkuveita Reykjavíkur var talin vera félag einkaréttarlegs eðlis í skilningi upplýsingalaga.

veiturekstur. Í lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni REI og Orkuveitu Reykjavíkur kom þannig fram að:

„Þar sem Orkuveita Reykjavíkur er í almannaeigu er brýnt að lýðræðislegt umboð sé skýrt við meiriháttar ákvarðanir. Í samrunaferli REI og GGE voru teknar stórar og afdrifaríkar ákvarðanir án nauðsynlegrar umræðu eða samþykkis lýðræðislega kjörinna fulltrúa í þeim sveitarfélögum sem eiga Orkuveituna.“³⁷

Í niðurstöðum og tillögum stýrihópsins kom jafnframt fram að:

„Auknar áherslur flestra ríkja á að auka vægi endurnýjanlegra orkugjafa í heildarorkunotkun og þörf margra þróunarríkja á aukinni orku skapa ýmsa möguleika í þessum efnum ekki síst á sviði jarðhita. Þar sem orkufyrirtækin eru að mestu í opinberri eigu verða tæpast stigin stór skref í þessum efnum nema með þeirra aðkomu. Slikt getur þó ekki gerst á forsendum eða með leikreglum sem gilda á markaði um fyrirtæki í einkaeigu. Aðrar reglur gilda og verða að gilda um fyrirtæki í almannajónustu og almannaeigu ... Í vinnu stýrihópsins hefur komið fram að Orkuveitan er ýmist talin starfa á sviði einkaréttar eða á sviði opinberrar stjórnsýslu. Stýrihópurinn er sammála um þá meginreglu að þau fyrirtæki eða stofnanir sem reknar eru fyrir opinbert fé og í þágu almennings eigi að lúta almennum reglum um opinbera stjórnsýslu svo lýðræðislegt aðhald sé ekki fyrir borð borið.“³⁸

Hins vegar kom fram í svari borgarlögmans til umboðsmanns Alþingis dags. 30. október 2007, í kjölfar fyrirspurnar hans varðandi REI málið, að:

„Með stofnun sameignarfyrirtækisins urðu grundvallarbreytingar á umhverfi OR og starfar fyrirtækið nú á sviði einkaréttar. Til dæmis eru starfsmenn fyrirtækisins ekki lengur opinberir starfsmenn og semur fyrirtækið við B-hluta Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Í B-hluta eru starfsmenn sem starfa hjá fyrirtækjum sem hafa verið í eigu borgarinnar, en eru nú rekin af öðrum aðilum og lúta lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Engu að síður fer fyrirtækið með tiltekin verkefni sem sveitarfélögum eru falin að lögum og telst fyrirtækið þegar að þeim verkefnum kemur, starfa á sviði opinbers réttar. Á þetta einkum við um rekstur vatnsveitu sbr. lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og hitaveitustarfsemi að því leyti sem hún er rekin í skjóli einkaleyfis sveitarfélaga. Raforkuframleiðsla og sala hefur að lögum verið færð á samkeppnismarkað.“³⁹

Í stjórnsýsluúttekt innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar var þetta atriði einnig tekið til sérstakrar skoðunar og tekið þar fram að:

„Þegar rætt er um formbreytingu á lagaumgjörð opinberra stofnana og/eða sameignarfyrirtækis í eigu opinberra aðila, eins og OR, er mikilvægt að lýðræðislegt taumhald sé virkt með skýrum leikreglum um aðhald eigenda. Eðlismunur er á aðhaldi eftir því hvort fyrirtækið er í eigu opinbers aðila eða einkaaðila. Fyrirtæki í opinberri

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Allt fram til þess tíma þegar ágreiningur um fyrirtækið skekur borgarstjórn aftur og aftur í kringum REI, athafnar fyrirtækið sig í of ríkum mæli líket og einkafyrirtæki og vísar jafnvel til einkaréttar til að útskýra ákvarðanir sínar og aðgerðir. Þetta verður stöðugt sérkennilegra eftir því sem fyrirtækið eykur umsvif sín, enda er þetta fyrirtæki í 100% opinberri eigu og engir aðrir en pólitískt kjörnir fulltrúar þurfa að svara fyrir það eða verja það ef til þess kemur. Það er mín skoðun að alveg frá því fyrirtækið varð til með sameiningunni árið 2000 hafi það misst sjónar á því að sinna aðeins kjarnastarfsemi sinni. Misst sjónar á hlutverki sínu sem fyrirtæki í almannaeigu, í eigu skattgreiðenda og með það eina hlutverk að hjóna þeim. Stærstan hluta þess tíma fór fyrirtækið óvarlega, í ýmis önnur verkefni, fjárfesti um of, tók of mikil lán og var ekki nægilega ábyrgt. Þetta sést best þegar fjárhagsstaða OR nú er skoðuð, en um 75% af þeim skuldum sem við nú höfum staðið frammi fyrri eftir hrun eru tilkomnar vegna skuldbindinga fyrir árið 2006“

37 Lokaskýrsla stýrihóps borgarráðs um málefni REI og Orkuveitu Reykjavíkur, febrúar 2008. Bls. 5.

38 Lokaskýrsla stýrihóps borgarráðs um málefni REI og Orkuveitu Reykjavíkur, febrúar 2008. Bls. 11-12.

39 Bréf borgarlögmans til umboðsmanns Alþingis, dags. 30. október 2007.

eigu ganga ekki kaupum og sölum eins og fyrirtæki á markaði, þ.e. ef eigendur eru óánægðir selja þeir ekki hlut sinn í félaginu eins og í hlutafélagi á markaði. Þess vegna reynir enn meira á að skilgreina þann farveg sem stefnumótunar- og eftirlitsvinna stjórnmalamanna, þ.e. fulltrúa eigenda, þarf að vera í. Vándamál hafa verið greind hjá ríkinu vegna opinberra hlutafélaga sem felast í því, að „ríkið hefur ekki mótað sér eigendastefnu og ekki hafa verið settar skýrar reglur um hæfi og starf stjórnarmanna né leiðbeiningar um launakjör þeirra og ædstu stjórnenda. Ennig ríkir óvissa um hvernig haga beri upplýsingagjöf og samskiptum milli kjörinna fulltrúa, ráðherra og opinberra hlutafélaga.“⁴⁰

Í formála að stjórnsluúttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar frá ágúst 2008 segir jafnframt að „Orkuveitan er traust og ábyrgt fyrirtæki í almannapjónustu sem rekið er í þágu almennings.“ Ljóst er því að ekki fara öll framangreind sjónarmið saman.

3.3 Stjórn sameignarfyrirtækisins Orkuveita Reykjavíkur

1. mgr. 3. gr. laga nr. 139/2001 „Stjórn fyrirtækisins er skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Á stjórnarfundum vegur atkvæði formanns tvöfalt. Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig. Tryggt skal að í stjórn fyrirtækisins séu kynjahlutföll jöfn.“

Helgi Þór Ingason: „En svo ertu með stjórn og það er viðtekin venja í Orkuveitunni, að það er talað um meirihluta og minnihluta. Ég hef aldrei kynnst því í atvinnullifinu að í stjórn sé meirihluti og minnihluti. Það sýnir náttúrulega hvað menn hafa verið að burðast með í stjórn fyrirtækisins í gegnum árin, pólitík í stjórninni og þetta endurspeglar menninguna sumpart.“

Í 3. gr. laga nr. 139/2001 kemur fram hvernig standa eigi að kjöri í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og hvernig stjórn fyrirtækisins skuli vera skipuð. Stjórn fyrirtækisins er skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar, en á stjórnarfundum vegur atkvæði formanns tvöfalt. Varamenn eru kjörnir á sama hátt og aðalmenn.

Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári. Auk stjórnar eiga borgar- og bæjarstjórnar eignaraðila, stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins rétt á að sitja aðalfundi fyrirtækisins, auk þess sem stjórn fyrirtækisins er heimilt að bjóða öðrum að sitja fundi þess. Í 3. gr. laganna segir jafnframt að borgar- og bæjarstjórnar hlutaðeigandi sveitarfélaga fari með atkvæðisrétt eignaraðila á aðalfundi og skuli atkvæðisréttur vera í samræmi við eignarhluta hvers þeirra. Heimilt er stjórn fyrirtækisins að bjóða öðrum að sitja aðalfund félagsins. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fer með málefni fyrirtækisins og annast um að skipulag fyrirtækisins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Framangreindum reglum var breytt með lögum nr. 49/2011 og bætt við 1. mgr. 3. gr. laganna að formaður stjórnar skuli ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teldust eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn feli honum að vinna fyrir sig. Þá skuli einnig tryggja að í stjórn fyrirtækisins séu jöfn kynjahlutföll. Lögunum, sem tóku gildi þann 16. maí 2011, var að meginstefnu til ætlað að breyta reglum um skipan kynja í stjórnir hlutafélaga, en þó var sérstaklega tekið fram í greinargerð með frumvarpinu, að lengra væri gengið með fyrirhugaðri reglu um stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Með breytingunni væru því lagðar nokkrar hömlur á að stjórnarformenn gætu verið „starfandi stjórnarformenn.“ Í greinargerð með frumvarpinu kom fram:

„Lagt er til að við áðurnefnda 1. mgr. 3. gr. laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur verði bætt ákvæði þess

40 Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar: Stjórnsluúttekt. Reykjavík, ágúst 2008. Bls. 17.

efnis að stjórnarformaður taki ekki að sér verkefni fyrir fyrirtækið eða félagið önnur en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns. Þó er gerð undantekning að því er varðar tilvik þar sem stjórnin felur stjórnarformanni að vinna einstök verkefni fyrir sig, þ.e. stjórnina ... Sams konar breytingar og hér eru lagðar til voru gerðar á lögum um einkahlutafélög og lögum um hlutafélög með lögum nr. 13/2010 frá 8. mars 2010. Ákvæði frumvarpsins sem varð að þeim lögum og fjallaði um starfandi stjórnarformenn byggðist efnislega á niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem þáverandi viðskiptaráðherra skipaði. Meirihluti hennar lagði til að stjórnarformanni hlutafélags yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem falla undir eðlileg störf stjórnarformanns. Þó var lagt til að stjórn félagsins gæti falið formanni að vinna einstök verkefni fyrir stjórnina. Frumvarp þetta er lagt fram þar sem rétt þykir að sömu reglur eigi við um sameignarfélög og samvinnufélög sem og Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun sem starfa samkvæmt sérlögum.⁴¹

Í nefndaráli viðskiptanefndar var lagt til að lögum nr. 139/2001 yrði breytt í þessa veru, en í áli viðskiptanefndar kom m.a. fram:

„Meirihlutinn bendir á að hætta er á hagsmunaárekstrum ef formaður stjórnar er jafnframt starfsmaður félags enda stjórnar hann þá í raun eftirliti með sjálfum sér. Tilgangur ákvæðisins er að minnka líkur á hagsmunaárekstrum en verði ákvæðið óbreytt að lögum mun stjórn félags þó geta falið stjórnarformanni að vinna einstök verkefni fyrir hana.“⁴²

Minnihluti viðskiptanefndar mælti hins vegar ekki með fyrrgreindri breytingu, og tók undir sjónarmið Orkuveitu Reykjavíkur um að ekki væri tímabært að breyta reglunum. Þannig kom fram í nefndaráli minnihluta:

„Viðskiptanefnd bærust nokkrar umsagnir við frumvarp þetta, þar á meðal frá Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborg, en efni frumvarpsins varðar málefni Orkuveitunnar beint. Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að síðustu vikur hafi eigendur hennar unnið að viðamikilli stefnumörkun fyrir fyrirtækið. Sú vinna sé langt komin og taki meðal annars á hlutverki og stöðu formanns stjórnar Orkuveitunnar. Í umsögninni segir að líklega muni leiða af þeirri stefnumörkun að breyta þurfi lögum um Orkuveituna. Ekki verði séð að svo brýnt sé að kveða á um hlutverk formanns þess sameignarfyrirtækis í lögum að ekki sé unnt að gefa eigendum Orkuveitunnar færi á að ljúka stefnumörkunarvinnu sinni. Í framhaldinu ítrekar Orkuveitan í umsögn sinni að vinna eigenda við mörkun eigendastefnu fyrir fyrirtækið sé langt á veg komin og þess óskað að eigendum fyrirtækisins verði gefið ráðrúm til þess að ljúka þeirri vinnu. Í framhaldinu skuli síðan tekin afstaða til þess hvort þörf sé á því að breyta lögum um Orkuveitu Reykjavíkur og þá í

41 Alþingi: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn). Þskj. 92-87. mál. 139. löggjafarþing 2010-2011. <http://www.althingi.is/altext/139/s/0092.html>

42 Alþingi: Nefndaráli um frv. til l. um breyt. á l. um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn). Þskj. 1131-87. mál. 139. löggjafarþing. <http://www.althingi.is/altext/139/s/1131.html>

samráði og samstarfi við eigendur og stjórn fyrirtækisins. Minnihlutinn bendir á að í umsögn Reykjavíkurborgar geri borgarlögmaður alvarlegar athugasemdir við að hvorki hafi verið óskað umsagnar eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, þ.e. Reykjavíkurborgar, Akranesbæjar og Borgarbyggðar, né Orkuveitunnar sjálfar um frumvarp sem varðar fyrirtækið. Borgarlögmaður segir með ólíkindum að lagt sé fram frumvarp sem varðar beinlínis verkaskiptingu og umbod stjórnarformanns með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu án þess að Alþingi hafi þótt svo mikið sem tilefni til að heyrna sjónarmið eigenda fyrirtækisins eða fyrirtækisins sjálfs. Að öðru leyti er tekið undir framangreind sjónarmið Orkuveitu Reykjavíkur í umsögn Reykjavíkurborgar ... Minni- hlutinn vekur jafnframt athygli á athugasemdum sem fram koma í umsögn Seðlabanka Íslands um þann þátt frumvarpsins sem lýtur að starfandi stjórnarformönnum. Í umsögninni kemur fram að Seðlabankinn telji að slík ákvæði kunni að vera edlileg hvað varðar Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur og ítrekar bankinn þá skoðun sína að slík ákvæði séu gagnleg hvað varðar fjármálafyrirtæki. Þrátt fyrir það telji Seðlabankinn ekki rétt að láta slíkt gilda almenn um sameignar- og samvinnufélög. Bankinn segir að slík félög séu gjarnan í eigu eins aðila eða þétts eigendahóps, og stjórn þar af leiðandi með mikil tengsl við framkvæmdastjórn, og því ekki knýjandi nauðsyn að tryggja vernd hluthafa með þessum hætti, sem hljóti að vera markmiðið.⁴³

Ef litið er til Landsvirkjunar kemur fram í 5. gr. laga nr. 42/1983 að fjármálaráðherra skipi stjórn Landsvirkjunar á aðalfundi fyrirtækisins, og er þar um að ræða breytingu frá því fyrirkomulagi sem áður gildi eftir 8. gr. laganna. Í stjórn félagsins eru nú skipaðir fimm menn og jafnmargir til vara. Um hæfi stjórnarmanna gildir að þeir eigi að vera lögráða, bú þeirra megi ekki hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta, þeir hafi óflekkað mannorð og skulu í störfum sínum eingöngu hafa að leiðarljósi hagsmuni Landsvirkjunar. Þeir mega ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum orkufyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum orkustarfsemi sem leitt geta til árekstra við hagsmuni Landsvirkjunar.

Framangreindum reglum um stjórnarmenn Landsvirkjunar var breytt með 7. gr. laga nr. 154/2006, en breytingin fólst einkum í því tvennu að stjórnarmönnum Landsvirkjunar var fækkað úr sjö í fimm auk þess sem að skipunarvald stjórnarmanna félagsins var fært til fjármálaráðherra. Áður hafði stjórn Landsvirkjunar verið skipuð níu mönnum, fjórir þeirra kosnir hlutfallskosningu af Alþingi, borgarstjórn Reykjavíkur hafði kosið þrjá stjórnarmenn og bæjarstjórn Akureyrar einn stjórnarmann. Þann níunda áttu aðilar að skipa sameiginlega, og átti hann jafnframt að vera formaður stjórnarinnar. Um þá nýju reglu sem sett var í 7. gr. laganna um hæfi stjórnarmanna, var í greinargerð með frumvarpinu vísað til þess að í reynd væri um hæfisreglu að ræða sem tengd væri almennum neikvæðum hæfisreglum um stjórnarsetu. Þannig yrði almennt að telja að einstaklingar, sem beint eða óbeint innntu af hendi störf, tækju við greiðslum eða hefðu hagsmuna að gæta í öðrum orkufyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum orkustarfsemi en Landsvirkjun, gætu ekki gætt hagsmuna félagsins í ljósi þeirra breytinga sem orðið höfðu á skipulagi raforkumála.

43 Alþingi: Nefndarálit. um frv. til l. um breyt. á l. um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn). Dskj. 1165 — 87. mál. 139. löggjafarþing 2010–2011. <http://www.althingi.is/altext/139/s/1165.html>

Í frumvarpi til laga nr. 25/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Rafmagnsveitna ríkisins var upphaflega ekki gert ráð fyrir reglu um það hvernig stjórn félagsins yrði skipuð. Úr því var bætt við meðferð frumvarpsins á Alþingi, og gildir nú sú regla samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laganna að stjórn félagsins skuli vera skipuð fimm mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi ár hvert. Ekki er nánar mælt fyrir um úr hvaða hópi þeir stjórnarmenn eigi að koma. Ekki verður ráðið af lögskýringargögnum annað en að rétt sé að fylgja þeim reglum sem gilda almennt um kjör til stjórnar hlutafélaga.

Í þessari skýrslu verður síðar fjallað um það fyrirkomulag að stjórnarmenn hafi almennt komið úr röðum starfandi borgarfulltrúa, þótt á því hafi verið undantekningar. Þá hefur því verið haldið fram af hálfu viðmælenda úttektarnefndarinnar, að það fyrirkomulag hafi verið óheppilegt að ýmsu leyti fyrir stjórnendur fyrirtækisins þar sem oft hafi þurft að setja nýja stjórnarmenn inn í starf og rekstur fyrirtækisins. Er um þetta efni almennt vísað til þeirrar umfjöllunar sem er að finna í skýrslu þessari um stjórnarhætti fyrirtækisins.

3.4 Umboð forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 139/2001 um Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að til fyrirtækisins eigi að ráða forstjóra. Að auki er þar fjallað um hlutverk forstjóra innan fyrirtækisins og er það afmarkað nánar gagnvart hlutverki stjórnar fyrirtækisins í 3. mgr. 4. gr. laganna. Samkvæmt því er það hlutverk stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að ráða forstjóra, en forstjóri veitir fyrirtækinu forstöðu auk þess sem hann á að eiga sæti á stjórnarfundum. Forstjóri á því að fara með stjórn fyrirtækisins ásamt stjórn þess. Hann hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnarinnar en á jafnframt að vinna sjálfstætt að stefnumótun og áætlanagerð fyrirtækisins. Auk þess annast hann allan daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir og undirbúning þeirra, sjóðvörslu og reikningshald og ráðningu starfslíðs.

Forstjórar Orkuveitunnar hafa frá stofnun hennar verið fjórir.

- Guðmundur Þóroddsson, 1999–2008 (í leyfi vegna starfa fyrir REI frá hausti 2007).
- Hjörleifur Kvaran 2008–2010 (og leysti áður Guðmund Þóroddsson af frá 2007).
- Helgi Þór Ingason, ágúst 2010– febrúar 2011 (ráðinn til bráðabirgða).
- Bjarni Bjarnason, frá 1. mars 2011.

Umboð forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er takmarkað þar sem undir daglegan rekstur falla ekki ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Þess háttar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum á að tilkynna stjórn fyrirtækisins tafarlaust um ráðstöfunina. Forstjóri kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins í öllum málum sem varða venjulegan rekstur, auk þess sem stjórn félagsins er ætlað að setja forstjóra starfslýsingu. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins, en það er hlutverk forstjóra að sjá um að bókhald fyrirtækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti. Það er þó einungis stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sem getur veitt prókúrumboð.

1. mgr. 4. gr. laga nr. 139/2001 „Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu. Forstjóri skal eiga sæti á stjórnarfundum.“

3. mgr. 4. gr. laga nr. 139/2001 „Forstjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar fyrirtækisins. Skal hann vinna sjálfstætt að stefnumótun þess og áætlanagerð. Hann annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir og undirbúning þeirra, sjóðvörslu og reikningshald og ráðningu starfslíðs. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Forstjóri kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Forstjóra ber að veita stjórn og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins sem þeir kunna að óska eða veita ber samkvæmt lögum. Stjórn skal setja forstjóra starfslýsingu.“

Björn Ingi Hrafnsson: „Ég held að forstjóri Orkuveitunnar hafi mjög mikil völd, kannski edli málsins samkvæmt. Og aftur er þetta náttúrulega alltaf bara spurning um hvaða hefðir þróast. Hjá Orkuveitunni var það forstjórnin og stjórnarformaðurinn sem réðu mikið ferðinni, stýrðu kúrsinum. Aðrir stjórnarmenn hafa meira eftirlitshlutverk og hefðbundin hlutverk þess sem situr í stjórn, en eru ekki í daglegri umsýslu.“

Sigrún Elsa Smáradóttir: „Ég held að það hafi nú því miður oft verið þannig að stjórnin hafi ekki verið höfð með í ráðum, heldur hafi stjórnarformaður, án samráðs við stjórn, falið forstjóra að ganga frá mikilsháttar málum. Og svo voru haldnir blaðamannafundir og skrifað undir, með fyrirvara um samþykki stjórnarinnar. Þannig að tækifæri almennra stjórnarmanna til að hafa áhrif voru ekki mikil; „gerðu svo vel og farðu og hafðu skoðum á einhverjum einstaka klásúlum í þessum samningi eftir að búið er að skrifa undir hann.““

Guðmundur Þóroddsson: „Forstjórnin vinnur sjálfstætt að stefnumörkun. Það er ekki beinlínis þannig að hann marki stefnuna heldur getur hann unnið að því að skilgreina hana. Það er hefðbundið hlutverk forstjóra, að vinna með stjórninni við stefnumörkun. Er það ekki svipað og í hlutafélögum? Ég held að það séu svipaðar heimildir og í hlutafélagalögum, þar sem framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur og ber meiriháttar ákvarðanir undir stjórn. Allar óvenjulegar eða stórar ákvarðanir voru teknar sérstaklega fyrir í stjórn. Á þessum tíma voru virkjanaf framkvæmdir afgerandi stærstu ákvarðanirnar. Yfir þeim var sérstök stýrinesind skipuð af stjórn þar sem fjallað var um daglegar athafnir við virkjanaf framkvæmdir.“

Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur hefur þó nokkra sérstöðu, þar sem honum er jafnframt ætlað að vinna sjálfstætt að stefnumótun félagsins og áætlanagerð. Sýnist forstjóra því hafa frá stofnun Orkuveitu Reykjavíkur verið ætlað nokkurt sjálfstæði, eins og reyndar fram kemur í bókun stjórnar veitustofnana frá 14. desember 1998, í aðdraganda stofnunar hins nýja fyrirtækis Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem fjallað var um ráðningu í starf forstjóra. Þar var tekið fram að:

„Að mati stjórnar veitustofnana eru það 4 umsækjendur sem standa öðrum framar með tilliti til þeirrar þekkingar, hæfni og reynslu sem leitað var eftir. Það eru: ... Guðmundur Þóroddsson vatnsveitustjóri og ... Mikilvægt er að nýr forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur geti þegar í upphafi mótað framtíðarstefnu og þróun hins nýja fyrirtækis og fylgt henni eftir til lengri tíma. Stjórn veitustofnana telur að með ráðningu Guðmundar Þóroddssonar í starf forstjóra O.R. sé fyrrgreindum sjónarmiðum náð.“⁴⁴

Til samanburðar má nefna að um hlutverk forstjóra Landsvirkjunar og afmörkun á hlutverki hans gagnvart stjórn Landsvirkjunar, er fjallað í 6. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, eins og þeim var breytt með lögum nr. 9/1997. Þar kemur fram í 1. mgr. 6. gr. að stjórn Landsvirkjunar ráði forstjóra sem veitir fyrirtækinu forstöðu og á forstjóri að eiga sæti á stjórnarfundum fyrirtækisins. Stjórn Landsvirkjunar fer með málefni fyrirtækisins og skal annast um að skipulag fyrirtækisins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, en bæði stjórn og forstjóri fara með stjórn fyrirtækisins. Forstjóri annast daglegan rekstur fyrirtækisins og á að fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Þá á stjórn Landsvirkjunar að annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins en forstjóri á að sjá til þess að bókhald fyrirtækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti. Þá getur stjórn Landsvirkjunar einungis veitt prókúrumboð. Auk þess er gert ráð fyrir því að nánari reglur verði settar í starfsreglur stjórnar um starfssvið stjórnar og forstjóra.

Í greinargerð með frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 9/1997 um Landsvirkjun kemur fram að lagðar hafi verið til nokkrar breytingar á skipulagi stjórnar og forstjóra fyrirtækisins. Í eldra ákvæði 9. gr. laga um Landsvirkjun hafði einungis komið fram að stjórn Landsvirkjunar hefði á hendi yfirstjórn á rekstri fyrirtækisins, framkvæmdum þess og undirbúningi þeirra og að hún réði forstjóra sem veitti fyrirtækinu forstöðu. Voru breytingar á ákvæðinu lagðar til svo laga mætti ákvæði 9. gr. laganna að ákvæðum hlutafélagalaga um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra í hlutafélagi. Meðal annars kom nú skýrar fram að stjórn og forstjóri færu saman með stjórn félagsins og bæru því sameiginlega ábyrgð á starfsemi þess. Því væri gert ráð fyrir samvinnu stjórnar og forstjóra um fyrirtækið, en um leið tiltekinni verkaskiptingu. Þannig væri það hlutverk stjórnar að móta stefnu fyrirtækisins og að taka þær ákvarðanir sem lögin fælu henni sérstaklega og ákvarðanir í öðrum mikilvægum málum fyrirtækisins, hafa eftirlit með störfum forstjóra og annast um að nægilegt eftirlit væri haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins. Forstjóri ætti hins vegar að annast daglegan rekstur en við það ætti hann að fara eftir þeirri stefnu

44 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 14. desember 1998.

og þeim fyrimælum sem stjórnin hefur gefið, auk þess sem á hans ábyrgð væri að sjá til þess að bókhald fyrirtækisins væri fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna fyrirtækisins væri með tryggilegum hætti.

Samkvæmt framansögðu er hlutverki forstjóra Landsvirkjunar ekki skipað með sama hætti og hlutverki forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur eftir lögum nr. 139/2001.

3.5 Ábyrgð eigenda fyrirtækisins - 5% reglan

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki. Við stofnun fyrirtækisins voru eigendur þess Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbær, Garðabær og Borgarfjarðarsveit, en framangreind sveitarfélög gerðu með sér sameignarsamning þann 12. desember 2001. Nýr sameignarsamningur var svo gerður í kjölfar þess að Garðabær og Hafnarfjörður gengu út úr fyrirtækinu, en samkvæmt sameignarsamningi dags. 29. janúar 2004 fer Reykjavíkurborg með 93,539% eignarhluta, Akranesbær með 5,528%, Borgarbyggð með 0,761% og Borgarfjarðarsveit með 0,172% eignarhlut. Af því leiðir að fyrirtækið starfar á ábyrgð eigenda sinna, með beinni ábyrgð, en hana þarf svo að ákvarða með nánari hætti milli eigenda fyrirtækisins. Slík ábyrgð eigenda er ekki til staðar þegar um er að ræða hlutafélag, þar sem ábyrgð eigenda takmarkast að öllu jöfnu við það hlutafé sem eigendur hafa lagt fram til félags og þær ábyrgðir sem þeir kunna að hafa gengist undir í tengslum við rekstur félags.

Af þessu leiðir að ákveða þarf ábyrgð eigenda innbyrðis, þ.e. hversu mikla ábyrgð þeir eigi að bera á skuldbindingum fyrirtækisins hver fyrir sig. Um þetta er fjallað í 1. gr. laga nr. 139/2001 um Orkuveitu Reykjavíkur. Í 1. mgr. 1. gr. ákvæðisins kemur þannig fram að fyrirtækið sé sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, en í 2. mgr. 1. gr. kemur fram að hver eigandi um sig sé í einfaldri hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins. Í reglugerð nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur kemur jafnframt fram í 8. mgr. 1. gr. að heimild til að skuldbinda Orkuveitu Reykjavíkur sé í höndum stjórnar fyrirtækisins og að til þess nægi atkvæði meirihluta stjórnarmanna.

Hlutfallsleg einföld ábyrgð hvers eiganda um sig tók upphaflega mið af eignarhluta hans í fyrirtækinu, en samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laganna var eiganda óheimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis sameigendanna. Var tekið fram í greinargerð með frumvarpi til laganna að af þessari reglu leiddi að eignaraðilar gætu hvorki selt eignarhlut sinn né krafist slita á fyrirtækinu nema með samþykki annarra eigenda þess. Jafnframt var tekið fram að í reglunni um að eigendur sameignarfyrirtækisins bæru einfalda hlutfallslega ábyrgð á öllum skuldbindingum fyrirtækisins og að miðað væri við eignarhluta hvers eiganda í fyrirtækinu fælist að ekki yrði gengið að einstökum sameigendum fyrr en sýnt hefði verið fram á að fyrirtækinu væri ófært að standa við skuldbindingar sínar.

Við stofnun Orkuveitu Reykjavíkur lá fyrir hverjar eignir og skuldbindingar fyrirtækisins voru og áttu eigendur fyrirtækisins að vita hverjar skuldbindingar fólust í yfirlýsingum þeirra við stofnun fyrirtækisins. Hins vegar þurfti að setja reglur um hvernig fara ætti með ábyrgð á skuldum sem stofnað yrði til í framtíðinni og jafnframt hvernig stofnað yrði til slíkra ábyrgðarskuldbindinga, enda væri til þeirra stofnað á ábyrgð eigenda fyrirtækisins. Því var sett sú regla í 2. mgr. 1. gr. laganna að Orkuveitu Reykjavíkur væri heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á

Guðlaugur Þór Þórðarson: „En, það er úti-lokað að skoða Orkuveituna án þess að skoða mál-efni hennar í samhengi við önnur borgarmál. Deilt var um fjármál borgarinnar í mörg ár, áratugi. Staða Orkuveitunnar er afleiðing af fjármálastjórn R-listans. Stórkostlegar millifærslur voru framkvæmdar með ýmsum hætti til að fegra stöðu borgarsjóðs. Orkuveitan tók á sig skuldir sem tengdust henni ekki neitt og greiddi aukinn arð óháð afkomu. Orkuveitan var líka sett í verkefni sem að tengdust ekkert starfsemi fyrirtækisins. Einnig færði borgin lán sín yfir í erlendar myntir og í kjölfarið hreykti þáverandi meirihluti sér af styrkri fjármálastjórn. Ég og fleiri bentum margoft á að afkomna borgarinnar og Orkuveitunnar væri fyrst og fremst háð gengis-sveiflum. Sá málflutningur hlaut ekki mikinn hljómgrunn en það kom að skuldadögum.“

greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni, en í 3. og 4. másl. 2. mgr. 1. gr. laganna var svo tekið fram eftirfarandi:

„Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól á ári hverju þarf Orkuveita Reykjavíkur að fá fyrir fram samþykki allra eignaraðila. Með höfuðstól er átt við bókfært eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur í lok næstliðins árs.“

Guðlaugur G. Sverrisson: „Ef þú skuldbindur félagið meira en 5% af eigin fé, þá áttu að láta eigendur vita. Og eigið fé hruði. Þannig að það fór nú að reyna verulega á það ákvæði, sem var ekki áður.“

Í greinargerð með frumvarpi til laganna var tekið fram að með ákvæðinu væri stjórn Orkuveitu Reykjavíkur veitt heimild til þess taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni, en að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir færu fram úr 5% af höfuðstól á ári hverju þyrfti Orkuveita Reykjavíkur að leita fyrir fram samþykkis allra eignaraðila. Á það hefur verið bent að reglan feli í reynd í sér óeðlilegt vald minnihlutaeigenda. Í stjórnsluúttekt innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar var m.a. tekið fram að eigandi sem fari með 1% eignarhlut geti stöðvað verkefni eða framkvæmdir á vegum fyrirtækisins með því að neita að samþykkja viðbótarskuldbindingar, og var það niðurstaða hans að hér væri um að ræða óeðlilega mikið vald einstakra eigenda.⁴⁵ Með lögum nr. 144/2010, sem rakin verða hér á eftir, var sú ábyrgð sem eigandi fyrirtækisins getur veitt fyrirtækinu takmörkuð, en að öðru leyti var þessari reglu ekki breytt efnislega.

Í greinargerð með frumvarpi til laganna var tekið fram að ákvæðið væri sett fram með svipuðum hætti og sú heimild sem stjórn Landsvirkjunar hafði samkvæmt 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, sem var svohljóðandi:

„Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju, þarf Landsvirkjun að leita samþykkis eignaraðila.“

Framangreindu ákvæði Landsvirkjunar hefur nú verið breytt með lögum nr. 21/2011 og er Landsvirkjun heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og gangast í ábyrgð fyrir greiðslum í sama skyni, en nýjar lántökur, sem njóta skulu ábyrgðar eigenda samkvæmt 2. mgr. 1. gr., eru háðar samþykki ráðherra. Í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur svo fram að hvor eigandi Landsvirkjunar um sig sé í einfaldri ábyrgð fyrir þeim skuldbindingum fyrirtækisins sem heimilaðar eru samkvæmt 9. gr., en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum. Ábyrgð eigenda nái hins vegar ekki til annarra skuldbindinga fyrirtækisins.

Fljótlega kom í ljós ágreiningur milli eigenda Orkuveitu Reykjavíkur um hvernig skilja ætti fyrrgreint ákvæði 1. gr. laga nr. 139/2001 og samsvarandi ákvæði 7. gr. sameignarsamnings um stofnun Orkuveitu Reykjavíkur. Því var borgarlögmaður boðaður á fund stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 5. nóvember 2002 þar sem hann fjallaði um lög og samþykktir fyrirtækisins í tengslum við kaup fyrirtækisins á hlutum í Línu.Net hf. Var samþykkt á fundinum að boða til eigendafundar til samræmis við ákvæði 12. gr. sameignarsamnings um Orkuveitu Reykjavíkur þar sem fundarefnið yrði ósk Garðabæjar um að Orkuveitan keypti hlut bæjarins í Orkuveitunni, sem og

45 Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar: Stjórnsluúttekt. Reykjavík, ágúst 2008. Bls. 15.

viðbætur við 7. gr. samningsins. Með fyrrgreindri tillögu forstjórans fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Augljóst er að eigendur Orkuveitu Reykjavíkur leggja mismunandi skilning í 1. grein laga um Orkuveitu Reykjavíkur og samsvarandi 7. grein sameignarsamnings milli eigenda hennar. Þar sem það er lykilatriði í rekstri og framkvæmdum Orkuveitu Reykjavíkur að þessi skilningur sé ljós og óumdeildur er nauðsynlegt að eigendur veitunnar skýri þessar greinar þannig að þær séu óumdeildar.“⁴⁶

Framangreindar tillögur voru bornar upp og þær samþykktar á fundinum, með eftirfarandi bókun:

„Fram eru komin tvö bréf frá bæjarstjóranum í Garðabæ þar sem farið er fram á upplýsingar sem byggjast á skilningi og túlkun á 7. grein sameignarsamnings, einnig er farið fram á túlkun Orkuveitunnar á sömu grein ásamt lögfræðilíti Andra Árnasonar. Þar sem augljóst er að eigendur Orkuveitunnar leggja mismunandi skilning í 7. grein sameignarsamningsins telur undirritaður nauðsynlegt að greinin verði skýrð nánar af eigendum áður en hægt er að svara umræddum bréfum.“⁴⁷

Á fundinum var einnig lögð fram eftirfarandi tillaga formanns stjórnarinnar:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur telur að ekki hafi verið gengið út fyrir heimildir stjórnar við skuldsetningar á fyrirtækinu. Eðlilegt er að leggja sama skilning í 1. grein laga og 7. grein sameignarsamnings um Orkuveitu Reykjavíkur og í 14. grein laga um Landsvirkjun en þessar greinar eru samkynja. Löng hefð er fyrir því að Landsvirkjun ber einungis lántökur sem eigendur bera ábyrgð á til langs tíma undir eigendur en skammtímafjármögnun og einstakar ákvarðanir stjórnar eru ekki bornar undir eigendur sérstaklega. Leiða má rök að því að með því að bera bæði lántökurnar sjálfar og svo framkvæmdir þær sem fjármagnaðar eru með lánunum sé verið að bera sömu skuldbindingar eigenda tvisvar fyrir þá. Sérstaklega ber að vara við því að skilgreina greinarnar of vítt þar sem það skapar mjög þunglamalega afgreiðslu mála og ef allar skuldbindingar og lán þurfi að bera undir eigendur verður nánast óvinnandi vegur að reka fyrirtækið. Benda má á að rafmagnskaup Orkuveitunnar af Landsvirkjun nema um 3 milljörðum á ári og þurfa því samkvæmt víðasta skilningi að berast undir alla eigendur og þá væntanlega sala orkunnar einnig frá Landsvirkjun. Mikilvægt er að grein 7 í sameignarsamningi eigenda sé túlkuð á þann hátt að hún íþyngi ekki daglegum störfum Orkuveitunnar né hamli um of ákvörðunum stjórnar og geri ákvarðanir seinvirkar og erfiðar í framkvæmd.“⁴⁸

Framangreind tillaga var samþykkt með tveimur atkvæðum, en gegn henni greiddu tveir fulltrúar Sjálfstæðisflokks atkvæði og óskuðu eftir því að bókað yrði eftirfarandi:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins mótmæla harðlega þeim vinnubrögðum, sem felast í því að neitað sé að fresta þessari tillögu á milli funda

46 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 5. nóvember 2002.

47 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 5. nóvember 2002.

48 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 5. nóvember 2002.

7. gr. sameignarsamnings frá 12. desember 2001:
„Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól á ári hverju þarf Orkuveita Reykjavíkur að fá fyrirfram samþykki allra eignaraðila. Með höfuðstól er átt við bókfært eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur í lok næstliðins árs. Heimild til að skuldbinda sameignarfyrirtækið, með þeim takmörkunum sem fram koma í 1. mgr. þessarar greinar, er í höndum stjórnar þess og nægir atkvæði meirihluta stjórnarmanna til þessa. Með skuldbindingum er í ákvæði þessu átt við lántökur, kaup, sölu eða veðsetningu á fasteignum fyrirtækisins eða öðrum veigameiri eignum þess, hlutabréfum, lánveitingar, o.þ.h.“

og fram yfir eigendafund, sem ákveðið hefur verið að boða til að fjalla um þetta mál. Málsmeðferðin ein staðfestir, að verulega illa er staðið að forystu í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Lýst er vantrausti á formann stjórnar vegna þess hvernig staðið er að þessu máli og jafnframt lýst undrun yfir, að horfið sé frá þeirri reglu, sem almennt gildir að fresta málum milli funda, sé þess óskað. Að bera kaupin á Línu.Net hf. saman við rafmagnskaup OR af Landsvirkjun sýnir, hve langt er gengið til að komast hjá umræðum um Línu.Net hf. Fyrir stjórn OR er mikilvægt, að sátt ríki um túlkun á þessum ákvæðum í lögum og sameignarsamningi. Aðferðin, sem valin hefur verið með þessari tillögu og óeðlilegri afgreiðslu hennar, stuðlar ekki að slíkri sátt“.⁴⁹

Á eigendafundi sem haldinn var 13. nóvember 2002, var lögð fram tillaga um breytingu á 7. gr. sameignarsamnings um Orkuveitu Reykjavíkur. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, gegn atkvæði fulltrúa Garðabæjar. Eftir breytinguna var ákvæði sameignarsamningsins svohljóðandi:

„Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Nýjar ábyrgðir og skuldbindingar stjórnar umfram 5% af höfuðstól á ári hverju skulu lagðar fyrir eigendur fyrirfram til samþykktar. Undir þetta ákvæði falla ekki skammtímalántökur, þ.e. lántökur til skemmri tíma en 12 mánaða, skuldbreytingar eldri langtímalána enda séu lánskjör sambærileg og áður, greiðsluskuldbindingar samkvæmt fjárhags- og framkvæmdaáætlun, samningar um raforkukaup og sölu svo og greiðsluskuldbindingar sem forstjóra er heimilt að stofna til án atbeina stjórnar. Með höfuðstól er átt við bókfært eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur í lok næstliðins árs. Heimild til að skuldbinda sameignarfyrirtækið, með þeim takmörkunum sem fram koma í 1. mgr. þessarar greinar, er í höndum stjórnar þess og nægir atkvæði meirihluta stjórnarmanna til þessa. Með skuldbindingum er í ákvæði þessu átt við lántökur, kaup, sölu eða veðsetningu á fasteignum fyrirtækisins eða öðrum veigameiri eignum þess, hlutabréfum, lánveitingum o.þ.h. Hver eigandi um sig er í einfaldri hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins. Hlutfallsleg einföld ábyrgð hvers eiganda um sig tekur mið af eignarhluta hans í fyrirtækinu, sbr. 4. gr.“

Töluverðar umræður urðu á fundi eigenda. Þar létu tveir fulltrúar Sjálfstæðisflokks bóka að þeir fögnuðu því að það hefði verið staðfest af borgarlögmanni á fundinum, að skýra bæri 5% ákvæðið í lögum og sameignarsamningi á þann veg, að um væri að ræða uppsafnaðar skuldbindingar á árinu. Hins vegar lét bæjarstjóri Garðabæjar bóka að Garðabær mótmælti samþykkt á breytingu á sameignarsamningi sem færi gegn lögum nr. 139/2001 og að slík breyting samningsins hefði ekki lagalega þýðingu.

Að lokum ber að geta þess að lögð var fram sameiginleg bókun borgarstjórnar í Reykjavík, bæjarstjórnar á Akranesi, bæjarstjórnar í Borgarbyggð, bæjarstjórnar í Hafnarfirði og sveitarstjórnar í Borgarfjarðarsveit, um að:

„Breytingin á 7. gr. sameignarsamningsins hefur verið borin undir borgarlögmann og lögfræðinga Landsvirkjunar, sem telja að hún standist að öllu leyti lög um Orkuveitu Reykjavíkur og Lands-

49 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 5. nóvember 2002.

*virðjun. Fyrirmynd að 1. gr. laga um Orkuveitu Reykjavíkur er sótt til 14. gr. laga um Landsvirðjun. Breytingin er nauðsynleg til að reka megi fyrirtækið á eðlilegan hátt og til frekari skýringar á 1. gr. laga um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001. Ákvæðið er að auki í samræmi við þá framkvæmd, sem verið hefur í samskiptum Landsvirðjunar og eigenda hennar en lagaákvæði fyrirtækjanna eru samkynda varðandi ábyrgðir og skuldbindingar, sem bera þarf undir eigendur. Bókun bæjarstjóra Garðabæjar á því ekki við rök að styðjast og er vísað á bug.*⁵⁰

Rétt er að geta þess að í erindi forstjóra og aðstoðarforstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 28. ágúst 2007 kom m.a. fram að:

*„... fyrir hefur komið að ekki hefur ríkt samstaða um allar ábyrgðarveitingar til Orkuveitu Reykjavíkur innan borgarstjórnar Reykjavíkur. Uppgefnar ástæður mótaskvæða hafa ekki legið í rekstri fyrirtækisins eða fjárhagslegum styrk þess, heldur fremur vegna ágreinings um einstök verkefni. Engu að síður hefur slík andstaða ekki eingöngu vakið spurningar um pólitískt bakland fyrirtækisins, heldur einnig fjárhagslegt.“*⁵¹

Lögum nr. 139/2001 um Orkuveitu Reykjavíkur var breytt með lögum nr. 144/2010. Þar er áfram gert ráð fyrir því að hver eigandi um sig beri einfalda hlutfallslega fjárhagsábyrgð á lánaskuldbindingum Orkuveitu Reykjavíkur í réttu hlutfalli við eignarhluta hans í fyrirtækinu, en að ábyrgð eigenda nái ekki til annarra skuldbindinga fyrirtækisins. Auk þess má ábyrgð eigenda ekki nema hærra hlutfalli en 80% af lánsfjárförf verkefnis sem nýtur eigendaábyrgðar. Þá er Orkuveitu Reykjavíkur heimilt, án samþykkis eigenda hverju sinni, að taka lán til rekstrarþarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum í sama skyni. Aðrar nýjar lántökur, sem njóta skulu ábyrgðar eigenda, eru háðar samþykki þeirra. Fyrir slíka ábyrgð eigenda komi til greiðslu árlegs ábyrgðargjalds, sem skuli svara að fullu til þeirrar ívilnunar sem fyrirtækið njóti á grunni ábyrgðar eigenda ef um er að ræða lán til samkeppnisstarfsemi fyrirtækisins. Ætti þá að líta til þess hvort fyrirtækið nyti hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ábyrgðar.

Í reynd hefur því ábyrgð eigenda á öðrum skuldbindingum Orkuveitu Reykjavíkur en þeim sem fjallað er um í ákvæðinu (þ.e.a.s. lánasamningum), verið breytt. Gildir sú regla frá og með gildistöku laganna, að ábyrgð vegna nýrra skuldbindinga, annarra en þeirra sem vísað er til í ákvæðinu, verði ekki ótakmörkuð eins og verið hefur. Þetta hefur þó ekki áhrif á þær skuldbindingar sem stofnað hafði verið til fyrir gildistöku laganna og helst ábyrgð vegna þeirra óbreytt.⁵²

2. mgr. 1. gr. laga nr. 139/2001 „Hver eigandi um sig ber einfalda hlutfallslega fjárhagsábyrgð á lánaskuldbindingum Orkuveitu Reykjavíkur í réttu hlutfalli við eignarhluta hans í fyrirtækinu. Ábyrgð eigenda nær ekki til annarra skuldbindinga fyrirtækisins. Ábyrgð eigenda skal ekki nema hærra hlutfalli en 80% af lánsfjárförf verkefnis sem veitt er eigendaábyrgð. Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt, án samþykkis eigenda hverju sinni, að taka lán til rekstrarþarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum í sama skyni. Aðrar nýjar lántökur, sem njóta skulu ábyrgðar eigenda, eru háðar samþykki þeirra.“

50 Eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 13. nóvember 2002.

51 Bréf forstjóra og aðstoðarforstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. ágúst 2007.

52 Alþingi: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum. Þskj. 222-205. mál 139. lögjafarþing 2010-2011. <http://www.althingi.is/altext/139/s/0222.html>

3.6 Ályktanir og niðurstöður

Hér að framan hefur verið fjallað um hvernig búið hefur verið um rekstrarfyrirkomulag Orkuveitu Reykjavíkur. Úttektarnefndin hefur í störfum sínum kallað eftir sjónarmiðum fyrrverandi starfsmanna, stjórnarmanna fyrirtækisins og annarra embættismanna úr röðum eigenda til þessara almennu þátta í starfi fyrirtækisins og til þess hvaða sýn þeir hafi haft á það og hlutverk þess. Má segja að nokkuð ólík sjónarmið hafi komið fram.

Í næstu köflum verða tekin til umfjöllunar ýmis mál tengd rekstri fyrirtækisins og einstaka ákvarðanir teknar til nánari skoðunar. Við þá umfjöllun verður að hafa í huga þau atriði sem hér hefur verið fjallað um og hvernig þau hafa mótað bakgrunn þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið. Segja má að ekki hafi verið tekin mótuð afstaða til þess við stofnun fyrirtækisins hvort það skyldi vera opinbers réttar eðlis eða starfa sem einkaréttarlegt fyrirtæki. Sýndist viðmælendum úttektarnefndarinnar sitt hvað um það, en af hálfu fyrrverandi stjórnenda fyrirtækisins var sú afstaða þeirra skýr að fyrirtækið starfaði sem einkaréttarlegt fyrirtæki, og að hluta til í samkeppnisrekstri. Fyrrverandi stjórnarmenn og fulltrúar eigenda sem úttektarnefndin ræddi við töldu hins vegar að um væri að ræða fyrirtæki í opinberri eigu sem ætti að starfa á þeim grundvelli, þótt meðal þeirra væri einnig að finna mismunandi sjónarmið um þetta efni eins og rakið var hér að framan. Í þessu samhengi telur úttektarnefndin rétt að benda á að Orkuveita Reykjavíkur starfar eftir lögum nr. 139/2001, sem sett voru á Alþingi eftir þinglega meðferð frumvarpsins sem stóð í tæpa þrjú sólarhringa, og á grundvelli lagafrumvarps sem unnið var af borgarlögmanni. Er það álit úttektarnefndarinnar að rétt hefði verið að vanda betur til lög-gjafarinnar í upphafi og að nokkuð hafi skort á lýðræðisleg vinnubrögð við lögfestinguna, enda um mikla hagsmuni að ræða og ekki að sjá að mikil efnisleg umræða hafi farið fram um efni frumvarpsins í meðförum þingsins.

Þá vekur jafnframt athygli hve forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er ætlað stórt hlutverk eftir lögum nr. 139/2001, hvort heldur miðað er við hlutverk forstjóra í lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 eða lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983 eins og þeim var breytt með lögum nr. 9/1997. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur hefur eftir 1. mgr. 4. gr. laga nr. 139/2001 umboð til þess að vinna sjálfstætt að stefnumótun fyrirtækisins til viðbótar við hefðbundin störf forstjóra í félagi. Slík sjálfstæð stefnumótun telst almennt ekki til hefðbundinna starfa forstjóra í hlutafélögum. Á þetta er bent hér, því þótt flestar mikilvægar ákvarðanir hafi verið bornar undir stjórn fyrirtækisins, virðist hafa mótað ákveðin venja innan þess um að umboð forstjóra til þess að taka ákvarðanir og móta framtíðarstarf fyrirtækisins væri nokkuð rúmt. Sjá má að í sumum tilvikum virðist forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur hafa tekið ákvarðanir og jafnvel gert samninga (stundum ásamt stjórnarformanni), sem síðar voru lagðir fyrir stjórn í nokkuð endanlegum búningi og þar samþykktir, í sumum tilvikum án mikillar umræðu eins og viðmælendur úttektarnefndarinnar hafa bent á. Vekur þetta upp áleitnar spurningar um eftirlit stjórnar með störfum forstjóra og hlutverki hans gagnvart stjórn fyrirtækisins, ekki síst í því ljósi að stjórnin virðist hafa starfað sem framhald af hinu pólitíska umhverfi borgarstjórnar með minnihluta og meirihluta stjórnar líkt og viðmælendur úttektarnefndarinnar hafa bent á.

Þá hefur verið vikið að því að tilgangur Orkuveitu Reykjavíkur, sem að grunni til er stofnað utan um þrjú borgarfyrirtæki, þ.e. rafmagnsveitu, hitaveitu og vatnsveitu, sé mjög rúmt orðaður í lögum nr. 139/2001. Reyndar svo rúmt að vandfundið er það nýsköpunarverkefni, þar sem heitt eða kalt

vatn, eða rafmagn kemur ekki við sögu. Eins og fram kemur í komandi köflum, markaði Orkuveita Reykjavíkur sér nokkuð breitt starfssvið og starfssvæði, með uppkaupum á jaðarveitum á Suður- og Vesturlandi. Það er þó áberandi að ekki virðist hafa verið mótuð heildarstefna af hálfu stjórnar fyrirtækisins um þessa útrás Orkuveitu Reykjavíkur fyrr en að henni yfirstaðinni. Þá verður ekki séð að ákvarðanir um nýtt starfssvið hafi verið kynntar sem liður í nýrri stefnu fyrirtækisins, heldur var almennt séð hver samningur fyrir sig kynntur stjórn til samþykktar eða synjunar, þótt á því hafi verið gerð breyting árið 2006, eftir að flest kaupin höfðu átt sér stað.

Hér að framan hefur einnig verið fjallað um þær umræður sem sköpuðust um rekstrarform fyrirtækisins. Má sjá af þeirri umfjöllun að nokkuð var tekist á um rekstrarform þess og hvort því væri betur fyrir komið í hlutafélagiformi. Þá sköpuðust strax á árinu 2002 deilur um svokallaða 5% reglu, þ.e. um hvaða ákvarðanir ætti að bera undir eigendur, sem fyrir setningu laga nr. 144/2010 báru einfalda ábyrgð á öllum skuldbindingum fyrirtækisins. Segja má að bæði þessi atriði varpi ljósi á þau álitamál sem vöknudu í kjölfar stofnunar Orkuveitu Reykjavíkur og aðskilnað fyrirtækisins frá stærsta eigandanum, Reykjavíkurborg, sem þó bar áfram ábyrgð á skuldum fyrirtækisins. Komu þar strax fram þau sjónarmið að fyrirtækið þyrfti að vera „rekið á eðlilegan hátt“, eins og fram kom í sameiginlegri bókun borgarstjórnans í Reykjavík, bæjarstjórnans á Akranesi, bæjarstjórnans í Borgarbyggð, bæjarstjórnans í Hafnarfirði og sveitarstjórnans í Borgarfjarðarsveit á árinu 2002 og að koma í veg fyrir of „þunglamalega afgreiðslu mála“. Þá var tekið fram að ef allar skuldbindingar og lán þyrfti að bera undir eigendur yrði „nánast óvinnandi vegur að reka fyrirtækið“, eins og fram kom í tillögu stjórnarformanns sem samþykkt var á stjórnarfundum þann 5. nóvember 2002. Mikilvægt var að mati þáverandi stjórnenda að 7. gr. sameignarsamnings um Orkuveitu Reykjavíkur yrði ekki túlkuð þannig að hún íþyngdi daglegum störfum Orkuveitu Reykjavíkur eða hamlaði um of ákvörðunum stjórnar, sem gerði ákvarðanir seinvirkar og erfðar í framkvæmd. Að mati úttektarnefndarinnar var þetta óheppilegt, í ljósi þess skorts sem til staðar var á að fyrirtækinu hefði verið markaður skýr starfsrammi, svo sem með gerð eigendastefnu.

Í kjölfarið var 7. gr. sameignarsamnings um Orkuveitu Reykjavíkur breytt á árinu 2002. Með breytingunni var slakað á því hvaða ákvarðanir átti að bera undir eigendur til samþykktar. Þar á meðal voru undanþegnar svokallaðri 5% reglu skammtímalántökur, þ.e. lántökur til skemmri tíma en 12 mánaða, skuldbreytingar eldri langtímalána enda væru lánskjör sambærileg og áður, greiðsluskuldbindingar samkvæmt fjárhags- og framkvæmdaáætlun, samningar um raforkukaup og sölu svo og greiðsluskuldbindingar sem forstjóra var heimilt að stofna til án atbeina stjórnar. Með framangreindri breytingu var vikið mjög frá því sem fram kemur í lögum nr. 139/2001, þar sem skýrt er tekið fram að allar nýjar skuldbindingar og ábyrgðir sem fari fram úr 5% af höfuðstól fyrirtækisins þarfnist samþykktar eigenda. Þetta var mikil breyting, einkum sú regla að framkvæmdaáætlun væri fullnægjandi. Skapaði það stjórnendum fyrirtækisins mikið svigrúm og virðast ekki margar ákvarðanir um framkvæmdir í reynd hafa verið bornar undir eigendur. Einna helst voru stærstu lántökur fyrirtækisins og orkusölusamningar til stóriðju bornir undir eigendur. Má í þessu sambandi nefna að kaup Orkuveitu Reykjavíkur á Hitaveitu Suðurnesja voru til að mynda ekki borin undir eigendur til samþykktar með formlegum hætti fyrr en að þeim afstöðnum, en þau viðskipti voru um margt sérstök eins og fjallað verður um síðar.

Það er álit úttektarnefndarinnar að mikilvægt sé að samstaða ríki meðal eigenda um hver sé stefna og hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur og að fyrirtækinu séu sett skýr markmið sem unnið sé eftir af hálfu stjórnenda. Ekki verður fram hjá því litið að fyrirtækið er rekið með bakábyrgð eigenda, og þar með útsvarsgreiðenda, þótt sú ábyrgð hafi nú verið takmörkuð. Segja má að ef skýr eigendastefna hefði verið mótuð, væri ákvæði um 5% ábyrgð í reynd óþarft. Hins vegar er það, eftir á að hyggja, afar óheppilegt að hafa slakað á 5% reglunni eins og rakið var hér að framan, á sama tíma og skýra stefnu eigenda um markmið og stefnu fyrirtækisins skorti, ásamt með óljósu frumkvæðishlutverki forstjóra gagnvart stjórn fyrirtækisins, sem skiptist aftur í minnihluta og meirihluta. Er það að áliti úttektarnefndarinnar ein þeirra ástæðna sem leiddi til núverandi fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur.

4. Stjórnarhættir Orkuveitu Reykjavíkur

Í samræmi við verkbeiðni voru stjórnarhættir Orkuveitu Reykjavíkur teknir til sérstakrar skoðunar. Með stjórnarháttum (e. corporate governance) er átt við þær reglur og hefðir sem ríkja milli eigenda (hér þriggja sveitarfélaga) og umboðsaðila þeirra, stjórnar fyrirtækis og stjórnenda, og ætlaðar eru til að tryggja hagsmuni eigenda og árangur fyrirtækisins. Við greiningu á starfsháttum er sjónum beint að stöðu og eftirliti eigenda, hvernig stjórn fyrirtækisins sinnir hlutverkum sínum svo sem eftirliti og mótun áherslna í starfi fyrirtækisins og verkaskiptingu stjórnar og æðstu stjórnenda. Greiningin beindist að tímabilinu 2002–2010. Nánar tiltekið er fjallað um starfsumhverfi fyrirtækisins og áhrif þess á stjórnarhætti, hlutverk eigenda og tengsl við félagið, afmörkun á tilgangi þess og stefnumörkun eigenda. Einnig er rætt um ábyrgð og hlutverk stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, val og bakgrunn stjórnarmanna, stjórnarfundi og stjórnun og skipulag fyrirtækisins.

4.1 Starfsumhverfi Orkuveitu Reykjavíkur

Viðfangsefni og vinnuumhverfi Orkuveitunnar skapar fyrirtækinu sérstöðu og hefur áhrif á stjórnarhætti. Um er að ræða opinbert fyrirtæki sem er að hluta í einkaréttarlegu umhverfi, með margbreytilegar vörur og þjónustu. Rekstrar- og markaðsaðstæður við framleiðslu þeirra eru flóknar þar sem fyrirtækið er hluti af starfsemi hins opinbera og sveitarstjórnarmenn sitja í stjórn.

4.1.1 Opinbert fyrirtæki að hluta í einkaréttarlegu umhverfi

Orkuveita Reykjavíkur fellur undir svokallaða B-hluta starfsemi en undir hana falla í reikningsskilum sveitarfélaga stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Rekstrareiningar sem falla undir B-hluta starfsemi eru:

- Hlutfélög eða einkahlutfélög, til dæmis sum fyrirtæki í orkuframleiðslu og orkudreifingu í eigu sveitarfélaga. Í hlutfélagalögum eru sérákvæði um opinber hlutfélög sem varða m.a. jafnt val karla og kvenna í stjórnir, boðun á hluthafafund og upplýsingamiðlun. Að öðru leyti er réttarstaða opinberra hlutfélaga að mestu sú sama og annarra.
- Sameignarfélög, svo sem Faxaflóahafnir sem eru í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á Vesturlandi. Það félag er rekið á grundvelli laga nr. 50/2007 um sameignarfélög með heimild í hafnalögum nr. 61/2003. Orkuveitan ásamt Landsvirkjun er rekin sem sameignarfyrirtæki og á grundvelli sérstakra laga. Þau eiga það sammerkt með öðrum sameignarfélögum að ábyrgð eigenda á skuldbindingum félagsins er ekki takmörkuð eins og í tilviki hlutfélaga. Hins vegar gildir ekki sú meginregla sameignarfélaga að allir félagsmenn beri beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins heldur eru eigendur Orkuveitunnar í einfaldri og hlutfallslegri ábyrgð fyrir skuldbindingum. Fyrirtækin þurfa að greiða ábyrgðargjald af þeim skuldbindingum sem opinber ábyrgð er á. Samkvæmt lögum um Orkuveitu Reykjavíkur er fyrirtækinu heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni en ef þær fara fram úr 5% af höfuðstól þarf fyrirtækið samþykki allra eignaraðila.

- Byggðasamlög sem geta tekið að sér afmörkuð verkefni samkvæmt heimild í sveitarstjórnarlögum. Hér getur verið um að ræða verkefni sem rekin eru að hluta með þjónustugjöldum eða alfarið með framlagi úr sveitasjóði. Stjórn byggðasamlags skal fylgja reglum sveitarstjórnarlaga um fjármál sveitarfélaga, þ.m.t. að starfa eftir bindandi fjárhagsáætlun. Dæmi um byggðasamlög eru Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins, Sorpa bs. og Strætó bs. Af þessum ástæðum er fjárhagslegt og stjórnunarlegt sjálfstæði þessara starfseininga talstvert minna en hluta- og sameignarfélaga.

Starfsemi hlutafélaga og sameignarfélaga er einkaréttarlegs eðlis þó svo að þau séu alfarið í eigu hins opinbera. Sama er talið gilda um þau tvö sameignarfyrirtæki sem starfa samkvæmt sérstökum lögum.⁵³ Sérstakar reglur geta þó gilt um ákvarðanir slíkra félaga sem veita opinbera þjónustu:

Um tiltekið verksvið geta gilt reglur stjórnsýsluréttar. Almenna reglan er sú að hafi félag með höndum stjórnsýsluákvæðanir, þ.e.a.s. taki ákvæðanir um rétt og skyldur borgaranna, skuli gilda stjórnsýslulög og óskráðar reglur stjórnsýsluréttar. Ef félag sinnir lögbundnum skyldum sveitarfélags, t.d. starfrækir vatnsveitu, en heimilt er sveitarfélagi að fela stofnun eða félagi slík verkefni samkvæmt lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, þá gilda um þá starfsemi reglur stjórnsýsluréttar.⁵⁴

- Með sama hætti er ráðstöfun á eignum félags í eigu hins opinbera bundin jafnræðisreglum stjórnsýsluréttar. Í fyrirspurn umboðsmanns Alþingis vegna hins svokallaða REI máls (nr. 5117/2007) er bent á að þegar stjórnvöld ráðstafi eignum ríkisins gildi um þá ákvörðun reglur stjórnsýsluréttar. Er vísað í niðurstöðu Hæstaréttar í dómi nr. 407/1999. Eins vísar umboðsmaður í álit sitt nr. 4478/2005 (frá 28. desember 2006, kafli IV.5) um jafnræðisreglur stjórnsýsluréttar og reglu um málefnaleg sjónarmið, „þegar sveitarfélög ráðstafa eftirsóttum og fjárhagslegum gæðum til einkaaðila og um nauðsyn auglýsinga um fyrirhugaða ráðstöfun slíka gæða.“
- Almennt gilda ekki ákvæði upplýsingalaga um starfsemi félaga sem eru einkaréttarlegs eðlis. Löggjafinn hefur þó talið eðlilegt að um tiltekin opinber hlutafélög skuli gilda ákvæði upplýsingalaga svo sem á við um RÚV ohf. Í núgildandi sveitarstjórnar-

53 Réttarleg staða Orkuveitu Reykjavíkur kemur þó ekki fram með afgerandi hætti í lögum félagsins en í álitni Úrskurðarnefndar um upplýsingamál frá desember 2007 (A-269/2007) segir: „Af þessum atriðum verður ráðið, þrátt fyrir að lög nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, taki ekki með beinum hætti af skarið um það hvort rekstrarform fyrirtækisins sé einkaréttarlegt með sama hætti og það væri ef beinlínis hefði verið valið að reka fyrirtækið sem sameignarfélag, að gengið hefur verið út frá því að staða fyrirtækisins sé að flestu leyti sambærileg að lögum við stöðu sameignarfélaga, sbr. m.a. stöðu Landsvirkjunar.“

54 Þessu til stuðnings má benda á dóm Hæstaréttar nr. 19/2008 dagsett 22. janúar 2008, en þar segir: „Af framansögðu er ljóst að réttargæslustefndi [hér sveitarfélag, innskot höf.] gat valið um það samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1998 og 3. gr. og 4. gr. reglugerðar nr. 873/2001 hvort hann léti félagsmálanefnd sína eða húsnæðisnefnd annast umsjón og eftirlit með framkvæmdum og kaupum á leiguíbúðum, milligöngu um töku lána og ráðstöfun leiguíbúða, eða hvort stofnað yrði félag til að leysa þetta af hendi. Réttargæslustefndi valdi síðarnefnda kostinn. Með því að gagnáfrýjanda voru með viðhlítandi lagaheimild falin þessi verk, sem ella hefðu komið í hlut starfsmanna sveitarfélagsins, gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um töku ákvæðana hans um rétt eða skyldu manna innan þessa verksviðs. Til annarra þátta í starfsemi þessa einkahlutafélags, þar á meðal ráðning og uppsögn starfsmanna þess, taka á hinn bóginn hvorki þau lög né óskráðar meginreglur stjórnsýsluréttar.“

lögum segir að fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skuli lagðar fyrir byggðarrád eða sveitarstjórn. Almennst hefur þróunin verið sú að allar fundargerðir nefnda og stjórna sveitarstjórna, þar með talið B-hluta fyrirtækja, eru gerðar opinberar en það á ekki við um fundargerðir hluta- og sameignarfélaga almennt. Litið er svo á að einstakir sveitarstjórnarmenn geti birt eða fjallað um opinber gögn svo sem fundargerðir ef almenningur á rétt á að fá aðgang að þeim upplýsingum samkvæmt upplýsingalögum.

Samkvæmt ofangreindu starfar Orkuveita Reykjavíkur að hluta í einkaréttarlegu umhverfi. Meginreglur stjórnisýsluréttar gilda um ákvarðanir á tilteknum þjónustusviðum og við sölu eigna. Gerðar eru meiri kröfur um að upplýsingar séu gerðar opinberar en hjá félögum sem ekki eru í eigu sveitarfélaga.

4.1.2 Markaðsaðstæður vöru og þjónustu Orkuveitu Reykjavíkur

Stærstur hluti af framleiðslu Orkuveitu Reykjavíkur lýtur að vörum eða þjónustu þar sem ekki er raunverulegt markaðsverð. Þar er m.a. um að ræða sameiginlegar auðlindir; heitt og kalt vatn og rafmagn. Algengast er að um sölu á þessum vörum gildi sérleyfi sem heimilt er að veita félögum sem þó þurfa að vera í meirihlutaeigu hins opinbera. Um einstaka vöru- eða þjónustuflokka sem Orkuveitan hefur með höndum gildir eftirfarandi:

- *Kalt vatn: Skyldubundið verkefni sveitarfélaga.* Sveitarfélögum í þéttbýli er skylt að starfrækja vatnsveitu skv. lögum nr. 32/2004 en heimilt er að ráðstafa þessum einkarétti, skyldum og réttindum til félags sem að meirihluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélags.
- *Heitt vatn: Háð einkaleyfi.* Samkvæmt 30. gr. orkulaga nr. 58/1967 með síðari breytingum er ráðherra heimilt að veita sveitarfélögum einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur sem annist dreifingu eða sölu á heitu vatni eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði. Þetta einkaleyfi samkvæmt sömu lögum getur sveitarfélag með samþykki ráðherra framselt til félaga með skilyrðum og kvöðum. Hitaveita sem starfar á grundvelli einkaleyfis skal samkvæmt lög- unum ávallt að vera í meirihlutaeigu hins opinbera eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þeirra.
- *Fráveitur: Skyldubundið verkefni sveitarfélaga.* Samkvæmt lögum nr. 9/2009 skal í þéttbýli sveitarfélag koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu. Sveitarfélag getur falið einkaaðila að sinna rekstri einstakra þátta. Því er einnig heimilt að fela stofnun eða félagi sem að meirihluta er í eigu sveitarfélaga skyldur sínar og réttindi hvað varðar uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna.
- *Rafmagn.* Breytingar urðu á rekstrarumhverfi raforkuframleiðslu og sölu með setningu raforkulaga árið 2003 (nr. 65/2003) en þær breytingar tóku mið af alþjóðlegri þróun í markaðsvæðingu sameiginlegra auðlinda og framleiðslu og tilskipun 96/92/EB, um innri markað fyrir raforku. Í tilviki Orkuveitunnar hafði þetta í för með sér miklar breytingar á starfsemi fyrirtækisins og fjárfestingar eins og fjallað er um víða í skýrslunni.
- *Raforkuvinnsla: Samkeppnisrekstur.* Samkvæmt raforkulögum þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver annarra en smáveitna. Árið 2012 voru Orkuveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, RARIK og Hitaveita Suðurnesja hf. með slíkt leyfi.
- *Flutningur raforku og stjórnun raforkukerfisins: Einkaleyfi á landsvísu.* Landsnet sem er í eigu fjögurra orkufyrirtækja, þar á meðal Orkuveitu Reykjavíkur, annast þetta verkefni.

- *Rekstur dreifikerfis: Sérleyfi á dreifiveitusvæði.* Leyfi Orkustofnunar þarf skv. raforkulögum til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði. Í því felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði. Alls störfuðu árið 2012 sex dreifiveitur, Orkuveita Reykjavíkur er ein þeirra.
- *Raforkusala: Samkeppnisrekstur.* Samkvæmt orkulögum þarf leyfi Orkustofnunar til þess að stunda raforkuviðskipti en slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Á árinu 2012 höfðu níu aðilar slíkt leyfi, þar á meðal Orkuveita Reykjavíkur.
- *Fjarskiptaþjónusta: Samkeppnisrekstur.* Skv. lögum nr. 81/2003 um fjarskipti hafa fjarskiptafyrirtæki almenna heimild til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu. Þau skulu þó tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um starfsemi sína og veita henni nauðsynlegar upplýsingar. Í upphafi árs 2012 voru nokkrir tugir fjarskiptafyrirtækja skráð hjá stofnuninni, þar á meðal Gagnaveita Reykjavíkur, dótturfélag Orkuveitunnar.
- *Nýsköpunar- og þróunarverkefni.* Það fer eftir því að hvaða framleiðslu nýsköpun beinist hvort hún teljist hluti af samkeppnisrekstri. Almennt má gera ráð fyrir því að verkefni sem ekki beinlínis eru bundin einka- eða sérleyfi til ofangreindrar framleiðslu falli undir samkeppnisrekstur og við stofnun þeirra þurfi sérstaklega að huga að reglum samkeppnisréttar. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum geta sveitarfélög tekið að sér þau verkefni sem varða íbúa þeirra, ef þau eru ekki falin öðrum til úrlausnar að lögum. Túlkun á fyrrnefnda ákvæðinu getur verið vandkvæðum bundið, þ.e.a.s. hvaða verkefni teljist lúta að hagsmunum íbúa sveitarfélagsins.⁵⁵

Ofangreint sýnir að markaðsaðstæður fyrir vöru og þjónustu sem Orkuveitan veitir er mjög mismunandi og rekstrarumhverfi flókið. Fyrirtækið veitir þjónustu sem er hluti af lögbundinni þjónustu sveitarfélaga, hluti af starfssviði þess fellur að sérleyfi og loks er fyrirtækið í samkeppni um sölu á hluta af framleiðslu sinni. Hið síðastnefnda felur m.a. í sér að Orkuveitan þarf eins og önnur opinber fyrirtæki að aðskilja þann hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og þess hluta sem er í samkeppnisrekstri. Í alþjóðlegum samanburði er sjaldgæft að sama fyrirtækið hafi með höndum fráveitur, dreifingu og smásölu á rafmagni, gagnaflutning, sölu á heitu og köldu vatni, og rekstur félaga í iðnþróun og nýsköpun.

4.1.3 Orkuveitan er hluti af umboðskeðju sveitarfélaga

Undirstaða lýðræðislegrar ábyrgðar og aðhalds er svokölluð umboðskeðja sem Orkuveita Reykjavíkur er hluti af. Hún lýsir því hvernig umboð og þá jafnframt ákvörðunarvald er veitt umboðsaðilum. Í sinni einföldustu mynd eru það íbúar þeirra sveitarfélaga sem standa að fyrirtækinu sem veita fulltrúum sínum í sveitarstjórn umboð sitt til að stýra verkefnum sveitarfélagsins, þar á meðal velja í stjórnir fyrirtækja sveitarfélaganna til að starfa í almannaþágu. Þær hafa síðan umboð til að fela stjórnendum eða starfsmönnum umboð til að fara með rekstur fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að þessu umboðsvaldi fylgi ábyrgð til samræmis. Í samræmi við þá ábyrgð er ætlast til að sá sem er ofar í stigveldinu hafi eftirlit með þeim sem neðar eru, þ.e.a.s. umboðsaðila sínum og sá sem er neðar veiti upplýsingar þeim sem ofar eru. Samkvæmt þessu eru íbúar sveitarfélaga eigendur Orkuveitunnar

55 Sigurður Óli Kolbeinsson og Jón Jónsson. Stjórnsýsluleg staða sveitarfélaga og lagaleg umgjörð þeirra. Bls. 17-18. <http://samband.is/media/namskeid-fyrir-sveitarstjornarmenn/grunnamskeid1---2010.pdf>

og hinir kjörnu fulltrúar sveitarstjórna eiga að tryggja að umboðskehðjan haldi.

Þessi mynd af umboðskehðjunni sem virðist einföld er í raun nokkuð flóknari. Í tilviki Orkuveitunnar er það ekki síst af þeirri ástæðu að sveitarstjórnir sem standa að fyrirtækinu eru þrjár en ekki ein. Þannig getur einn eigandi ekki mótað stefnu félagsins eða tekið veigamiklar ákvarðanir án samráðs við hina. Eins og fram mun koma síðar lét borgarstjórinn í Reykjavík vinna orkustefnu borgarinnar sem að miklu leyti snéri að Orkuveitunni. Sú stefna hefði ekki öðlast gildi án samþykkis annarra eigenda. Hver sveitarstjórn þarf að sinna eftirliti með starfsemi fyrirtækisins. Bæði vegna eignarhluta Reykjavíkurborgar, mikilla fjárhagslegra skuldbindinga og stærðar sveitarfélagsins eru eftirlitsferlar hjá sveitarfélaginu umfangsmeiri og flóknari en hjá hinum sveitarfélögum tveimur.

Gagnsæi er liður í því að meta hvort umboðskehða hins opinbera sé virk en hugtakið hefur orðið áberandi sérstaklega í kjölfar efnahagskreppunnar hérlandis og erlendis.⁵⁶ Í þessu felst aukin krafa um söfnun, birtingu og miðlun upplýsinga af hálfu hins opinbera. Samkvæmt siðareglum fyrir kjörna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg⁵⁷ skulu þeir ávallt hafa í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnarsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum (nr. 138/2011) skulu fundargerðir nefnda, ráða og stjórna lagðar fyrir byggðarráð eða sveitarstjórn. Einnig er birting þessara gagna orðin almenn á heimasíðum sveitarfélaga. Sú afstaða er ríkjandi hjá sveitarstjórnarmönnum að öll skjöl sem lögð eru fyrir fundi í sveitarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnnum þeirra séu opinber nema annað sé sérstaklega tekið fram. Almennt er litið svo á að sveitarstjórnarmenn geti birt eða fjallað opinberlega um gögn sem almenningur á að hafa aðgang að samkvæmt upplýsingalögum.⁵⁸ Fundargerðir eru að jafnaði ekki birtar á vefsíðum einkafyrirtækja og hluthafar hafa ekki rétt á að fá aðgang að fundargerðarbók stjórnar.⁵⁹

Flestir stjórnarmenn fyrirtækisins hafa verið starfandi sveitarstjórnarmenn. Í gildandi sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 kemur fram að þeir séu sjálfstæðir í störfum sínum og einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála. Þeim ber í hvívetna að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins sem og öðrum almannahagsmunum. Til að tryggja vandaða og góða starfshætti er í lögum kveðið á um að sveitarstjórn setji sér siðareglur.

Ekki skiptir máli um stöðu Orkuveitunnar í umboðskehðjunni hvert félagsformið er, sameignarfyrirtæki eða hlutafélag. Í báðum tilvikum skipa sveitarstjórnir eða fulltrúar þeirra stjórn þess. Hlutverk stjórnar og stjórnenda

56 Sjá t.d. nýlegt frumvarp Stjórnlagaráðs (á vef ráðsins <http://stjornlagarad.is/starfid/frumvarp> en þar kemur fram að leitarstefin sem ráðið hafi haft í störfum sínum hafi verið einkum þrjú: Valddreifing, gagnsæi og ábyrgð. Sjá einnig siðareglur Evrópuráðsins fyrir sveitarstjórnir (e. Principles of Good Democratic Governance at Local Level) á vef ráðsins: www.coe.int/t/dgap/localdemocracy/strategy_innovation/default_en.as

57 Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa voru samþykktar 20.10.2009 og er að finna á slóð Reykjavíkurborgar http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4531/7790_read-17231/

58 Anna Guðrún Björnsdóttir. 2011. Að vera í sveitarstjórn. Hlutverk og ábyrgð sveitarstjórnarmanna Samband íslenskra sveitarfélaga. Bls. 18.

59 Berglind Ósk Guðmundsdóttir (ritstj.): Handbók stjórnarmanna: upplýsingar um hlutverk, ábyrgð og skyldur stjórnarmanna í íslensku atvinnulífi. 2010. Reykjavík. KPMG. Bls. 50.

er sambærilegt hvort heldur um er að ræða sameignarfyrirtæki eða hlutafélag, en réttarumhverfi í síðara tilvikinu er hins vegar þróaðra. Einnig er veigamikill munur á þessum félagsformum hvað varðar ábyrgð sveitastjórna á skuldbindingum fyrirtækisins. Þó „hlutafélagavæðing“ ríkisfyrirtækja hafi verið liður í sölu þeirra til einkaaðila, þ.e.a.s. í einkavæðingu⁶⁰ er sala til einkaaðila sjálfstæð ákvörðun með sama hætti og ákvörðun um breytingu á félagsformi. Sala til einkaaðila er einnig takmörkuð í öllum gildandi lögum á sviði auðlinda- og orkumála en í þeim er gerð sú krafa að fyrirtæki sem starfa á þessu sviði séu í meirihlutaeygu hins opinbera, ef frá eru taldir smávirkanir.

Í stuttu máli: Þrátt fyrir félagsformið er Orkuveita Reykjavíkur hluti af starfsemi sveitarfélaga og við rekstur fyrirtækisins gilda meginreglur um lýðræðislega ábyrgð og aðhald.

4.2 Hlutverk eigenda og tengsl við Orkuveituna

Reynt er að tryggja lýðræðislega ábyrgð, aðhald og hagsmuni eigenda í umboðskeðju sveitarfélagsins með eftirliti sveitarstjórnar með rekstrareiningum sveitarfélagsins og upplýsingamiðlun hinna síðarnefndu til þeirra fyrrnefndu. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum hefur sveitarstjórn (borgarstjórn, bæjarstjórn) ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins. Hún skal sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélags. Bygðarráð (borgarráð, bæjarráð) fer ásamt framkvæmdastjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins.

Bygðarráð hefur samkvæmt lögnum m.a. eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess. Til að sinna þessu hlutverki eru málefni fyrirtækja borgarinnar til umfjöllunar á fundum þess. Á tímabilinu 2001-2010 eru málefni Orkuveitu Reykjavíkur reglulega á dagskrá þeirra sveitarstjórna sem standa að fyrirtækinu. Þegar skoðaðar eru fundargerðir borgarráðs, bæjarráða Akraness og Borgarbyggðar má skipta dagskrárefnum/ákvörðunum í meginatriðum í fernt. Í fyrsta lagi lúta þær að sameignarsamningi og breytingum á honum og lántökum á grundvelli fyrrnefndrar 5% reglu. Í öðru lagi eru til umfjöllunar ágreiningsmál, sérstaklega um tilgang Orkuveitunnar og áherslur. Það er fyrst og fremst í borgarráði Reykjavíkur sem fram koma í bókunum átök milli meirihluta og minnihluta. Hér má nefna umræður um fyrirtækið Línu-net, ljósleiðaravæðingu hjá Reykjavíkurborg, þróunar- og nýsköpunarverkefni bæði hérlendis og erlendis og orkusölu Orkuveitu Reykjavíkur til stóriðjufyrirtækja. Í þriðja lagi er fjallað um skipulagsmál og staðbundna þjónustu fyrirtækisins svo sem vegna fráveitna, lagna og ljósleiðara. Að lokum er bókað að lagt hafi verið efni til kynningar svo sem ársskýrslur Orkuveitu Reykjavíkur, ársreikningar, árshlutauppgjör og fundargerðir aðalfunda og eigendafunda. Frá árinu 2008 hafa fundargerðir stjórnar fyrirtækisins verið lagðar fyrir ráðin.

Í samræmi við skilgreiningu á B-hluta fyrirtækjum og stofnunum er fjármálalegt og stjórnunarlegt sjálfstæði þeirra talsvert. Hefðbundið eftirlit stofnana sveitarstjórna með þessum aðilum hefur því lengst af verið takmarkað. Erfitt hefur reynst að staðsetja þá í stjórnskipulagi sveitarfélaga. Fyrstu ár Orkuveitu Reykjavíkur heyrðu B-hluta fyrirtæki undir stjórn-

60 Sjá umfjöllum um aðferðafræði einkavæðingar ríkisfyrirtækja í Ómar H Kristmundsson. Reinventing government in Iceland. A Case Study of Public Management Reform. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2003.

sýslu- og fjármálasvið Reykjavíkurborgar sem stýrt var af borgarritara.⁶¹ Þegar það embætti var lagt niður í lok árs 2007 heyrðu B-hluta fyrirtæki beint undir borgarstjóra eða fram til ársins 2011 þegar embætti borgarritara var aftur sett á laggirnar. Sjö fagskrifstofur heyra nú undir embætti borgarritara þar á meðal fjármálaskrifstofa sem hefur yfirumsjón með fjármála- stjórn Reykjavíkurborgar.

Á því tímabili sem hér er til skoðunar hefur Reykjavíkurborg sérstaklega farið af stað með aðgerðir sem ætlað er að auka og bæta eftirlit með borgar- fyrirtækjum. Tillögur um slíkar aðgerðir komu fram í greinargerð dags. 16. desember 2002 í samræmi við niðurstöður starfshóps sem fékk það hlutverk að leggja fram tillögur um hvernig mætti styrkja reglubundið og sjálfstætt eftirlit með fjárreiðum og stjórnarsýslu fyrirtækja borgarinnar. Þar var lagt til að við kynningu ársreiknings í borgarráði gefist borgar- ráðsmönnum tækifæri til að leggja fram spurningar og óska skýringa. Ef stjórnendum Orkuveitu Reykjavíkur væri kunnugt um veruleg frávik í af- komu og rekstraráætlun skyldi borgarráði þegar í stað gerð grein fyrir þeim skriflega. Með áætlun um afkomu og rekstur sé ekki gert ráð fyrir starfs- áætlun eða sundurlíðun á fjárhagsupplýsingum. Fundargerðir skyldu verða lagðar fram til að borgarráð geti haft eftirlit með verkefnum og stjórnun Orkuveitunnar.

Á fundi borgarstjórnar 29. apríl 2003 var samþykkt að beina tillögu til stjórnar fyrirtækja borgarinnar og fyrirtækja þar sem eignaræðald hennar er meira en 50%, um að endurskoðandi, stjórnarformaður og framkvæmda- stjóri sérhvers fyrirtækis kynni ársreikning og ársskýrslu þess í framhaldi af aðalfundi í félaginu. Einnig var þeirri tillögu beint til þessara fyrirtækja að þau legðu fyrir borgarráð hálfárs uppgjör, níu mánaða uppgjör og áætlun um afkomu og rekstur. Að lokum var lagt til að fundargerðir þessara fyrir- tækja yrðu sendar borgarráði til kynningar.

Borgarráð samþykkti ofangreindar tillögur en þó var felld út tillaga um að leggja fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur fyrir borgarráð til kyn- ningar. Vísað er í samþykkt stjórnar fyrirtækisins á fundi 11. apríl 2003 sem byggir á tillögu forstjóra þar sem lagst er gegn því að fundargerðir verði lagðar fyrir borgarráð til kynningar. Í rökstuðningi forstjóra sem lagður er fram á sama fundi var bent á að Orkuveitan sé fyrirtæki einkaréttarlegs eðlis með fleiri eigendur en Reykjavíkurborg. Upplýsingalög taki ekki til fyrirtækisins, fulltrúar borgarinnar sitji í stjórn þess og hafi allar upplýsingar um það sem fram fari á stjórnarfundum. Tryggja þurfi að stjórnarmenn geti fjallað um málefni fyrirtækisins á stjórnarfundum í trúnaði. Að lokum segir að með nýsamþykktum raforkulögum sé Orkuveitan farin að starfa á sam- keppnismarkaði. Af þeim ástæðum sé erfitt fyrir fyrirtækið að ákvarðanir stjórnar séu í almennri dreifingu löngu áður en þær komi til framkvæmda.

Ein tillaga áður nefnds starfshóps var um að sett yrði á laggirnar staða innri endurskoðanda hjá Reykjavíkurborg. Var það samþykkt og hóf hann störf 2003. Hann leggur mat á virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnar- háttá hjá stofnunum og félögum í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðandi heyrir undir borgarstjóra en hlutverk hans er að fara með fjármála- og stjórnarsýslueftirlit hjá Reykjavíkurborg í umboði borgarráðs.

Í lok árs 2011 samþykkti borgarráð að stofnuð yrði endurskoðunarnefnd er starfi á vegum borgarstjórnar í samræmi við IX. kafla laga nr. 3/2006 um

61 Reykjavíkurborg: Skipurit-yfirlitsmynd (óútféið skjal). 01.mars 2003.

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Samskipti mín við stjórnendur OR voru edlilega mikil. Það var mitt hlutverk að standa vörð um áherslur borgarstjórnar gagnvart fyrirtækinu og vinna í samræmi við samþykktir borgarinnar. Stjórnarformaðurinn upplýsti meirihlutann, borgarráð og borgarfulltrúa reglulega um stöðu mála, auk þess sem ég og fjármálastjóri borgarinnar áttum marga fundi með stjórnarformanni, forstjóra, fjármálastjóra og öðrum frá OR. Að auki átti ég marga fundi með embættismönnum borgarinnar og ýmsum sérfræðingum um stöðu fyrirtækisins og skuldbindingar. Fjármálastjóri borgarinnar var lykilmáður í þessu verkefni og hélt utan um og bar ábyrgð á fjárhagslegum verkefnum borgarinnar gagnvart fyrirtækinu, auk þess sem hann upplýsti borgarráð og borgarstjóra mjög reglulega um málefni fyrirtækisins.“

Guðlaugur G. Sverrisson: “Ég mætti með reglubundnum hætti niður í borgarráð, hittu borgarstjóra og formann borgarráðs og meirihlutann, bara pólitíska meirihlutann, fór reglulega á fundi með þeim, útskýrði stöðu Orkuveitunnar, og eins hittu ég borgarráð sem slíkt mjög oft og var farið yfir stöðuna þannig að Orkuveitan var þannig, edli málsins samkvæmt, á mjög kítísku augnabliki og ég taldi edlilegt að við kæmum eins oft og útskýrdum fyrir pólitíkinni. En þá mætti ég sama aðilanum sem hafði haldið pólitísku ræðurnar inni í stjórninni, að halda pólitísku ræðuna í borgarráði, það var nákvæmlega sama ræðan sem ég fékk. Og þegar ég var búin að fá pólitísku ræðuna í borgarráði þá þurfti jafnvel að koma og mæta í borgarstjórn, af því að ég var í 14. sæti á lista þannig að það var hægt að koma mér inn, þannig að ég gat flutt málefni Orkuveitunnar inn á borgarstjórnarfund og þá kom í þriðja sinn sama ræðan. Skiljið þið, það er þetta sem ég á við, að það er vettvangur fyrir pólitíkina og það er vettvangur fyrir reksturinn.“

ársreikninga.⁶² Hún hafi eftirlit með endurskoðun ársreikninga, vinnuferli við gerð reikningsskila auk annarra þátta. Henni er einnig ætlað að setja fram tillögur til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum og ráðningu innri endurskoðanda. Árið 2010 var settur á lagginnar sérstakur áhættu- stýringarhópur borgarráðs til að fylgjast með og miðla upplýsingum og tillögum sem byggðar eru á áhættugreiningu fjármálaskrifstofu borgarinnar.⁶³ Hlutverk hópsins er m.a. að gera tillögu að undirbúningi viðbragðsáætlunar vegna skuldsetningar B-hluta stofnana.

Auk samskipta við sveitarstjórn eru formleg tengsl Orkuveitu Reykjavíkur við eigendur á vettvangi aðalfunda og eigendafunda. Samkvæmt lögum um Orkuveitu Reykjavíkur skal halda aðalfund fyrirtækisins í júnímánuði ár hvert. Samkvæmt sameignarsamningi er á aðalfundi lagður fram ársreikningur fyrirtækisins ásamt skýrslu endurskoðanda, ákvörðun tekin um arðgreiðslur til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur og um aðra meðferð hagnaðar eða taps fyrirtækisins á reikningsárinu. Á aðalfundi er einnig ákvörðun tekin um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár auk þess sem fram fer kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og lýst er kjöri stjórnar. Ákvörðun um arðgreiðslur, þóknun og kosningu endurskoðanda er samkvæmt tillögum stjórnar fyrirtækisins. Aðalfundir Orkuveitu Reykjavíkur virðast, miðað við fundargerðir og tímallengd þeirra, vera til að staðfesta formlega ákvarðanir sem annað hvort stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eða eigendur hafa ákveðið fyrirfram. Undantekning er ef fram fer umræða um einstaka dagskrárliði. Meðallengd funda er innan við 50 mínútur, sá stysti á tímabilinu 2002–2010 var 12 mínútur en sá lengsti 70 mínútur. Dagskrárliðir eru að jafnaði 9 talsins.

Samkvæmt 11. gr. sameignarsamnings um Orkuveitu Reykjavíkur skal halda aukafundi eigenda (eigendafundi) samkvæmt ákvörðun stjórnar eða að kröfu meðeigenda, sem ráða yfir a.m.k. 5% eignarhluta. Það er stjórn fyrirtækisins sem boðar til slíks aukafundar. Sömu reglur gilda um vægi atkvæða og á aðalfundum Orkuveitunnar. Á tímabilinu 2002–2010 voru haldnir fjórir fundir, í nóvember 2002, janúar 2004, vegna breytinga á sameignarsamningi og sölu Garðabæjar og Hafnarfjarðar, í október 2007, vegna tillögu um kaup á nýju hlutafé í REI og að lokum í febrúar 2008, þar sem fjallað var um að ráðast skyldi í stefnumótun fyrirtækisins.

Auk þeirra formlegu leiða sem hér er getið að ofan kemur fram í viðtölum úttektaarnefndar að veruleg óformleg samskipti hafi átt sér stað milli stjórnarformanns og forstjóra annars vegar og borgar- og bæjarstjóra og fulltrúa í byggðarráði hins vegar, sérstaklega formanns byggðarráðs. Hér skiptir miklu að fulltrúar Reykjavíkurborgar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og borgarráðsmenn voru að talsverðu leyti sömu aðilarnir. Fyrstu ár félagsins var sami maður formaður borgarráðs og formaður stjórnar.

Í stuttu máli: Sveitarstjórnnum ber að tryggja nauðsynlegt lýðræðislegt aðhald. Það er sérstaklega byggðarráð (borgar- og bæjarráð) sem hefur þetta eftirlit með höndum ásamt framkvæmdastjóra sveitarfélags og starfsmönnum hans. Vegna sérstöðu B-hluta fyrirtækja hafa afskipti af starfsemi þeirra verið takmörkuð og í tilviki Orkuveitunnar snúið aðallega að fjárhagslegum skuldbindingum og átökum um tilgang fyrirtækja og umsvif. Mikil samskipti, bæði formleg og óformleg, hafa verið sérstaklega milli stjórnar

62 Borgarráð Reykjavíkur: Fundargerð, dags. 15. desember 2011, nr. 5197.

63 Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar: Skýrsla. Mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar. Apríl 2012. Bls. 14. http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/...//Mat_a_eftirlitshverfinu.pdf

Orkuveitunnar og borgarráðs. Ræðst það ekki síst af þeirri hefð að borgarráðsfulltrúar sitja í stjórn fyrirtækisins. Reykjavíkurborg hefur á starfstíma Orkuveitunnar gert tilraunir með að auka eftirlit með starfsemi B-hluta fyrirtækja, m.a. með því að fundargerðir yrðu lagðar fyrir borgarráð. Ekki var þó fallist á það þar sem félagið væri í samkeppnisumhverfi og um tíma við annað opinbert fyrirtæki sem Reykjavíkurborg átti hlut í. Árið 2008 voru fundargerðir gerðar opinberar og tekin upp sú regla að leggja þær fyrir byggðarráð.

4.3 Afmörkun á tilgangi Orkuveitu Reykjavíkur og stefnumörkun eigenda

Til að sveitarstjórnir geti gegnt eigendahlutverki sínu gagnvart fyrirtækjum á þess vegum, eins og því er lýst hér að ofan, er nauðsynlegt að fyrirliggjandi sé skýr afmörkun á tilgangi fyrirtækisins og allar breytingar á honum séu í samræmi við vilja eigenda. Með sama hætti skiptir máli fyrir sveitarstjórnir, til að tryggja áður umrætt lýðræðislegt aðhald, að verkaskipting milli allra aðila sé skýr. Á undanförunum árum hefur svokölluð eigendastefna verið mótuð í þessum tilgangi. Í slíkri stefnu er gert ráð fyrir að meginmarkmið eignarhaldsins sé skilgreint, svo og hlutverk hins opinbera í stjórnun fyrirtækisins.⁶⁴ Þann 19. júní 2012 samþykkti borgarstjórn á fundi sínum eigendastefnu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur sem hefur að markmiði að „skýra hlutverk og ábyrgð eigenda fyrirtækisins og tryggja þátttöku þeirra í ákvörðunum um mikilvæg málefni og stefnumörkun.“⁶⁵ Byggðarráð Borgarbyggðar samþykkti tillögu að þessari eigendastefnu 21. júní 2012 og bæjarráð Akraneskaupstaðar 12. júlí 2012. Með nýju stefnunni er búið að þrengja verulega tilgangssákvæði í gildandi lögum um Orkuveituna, reglugerð og sameignarsamningi. Í nýrri eigendastefnu segir að fyrirtækið fari með lögbundin veituverkefni og önnur verkefni í sveitarfélögum eigenda og annarra sveitarfélaga í samræmi við stefnuna.⁶⁶ Þar er kjarnastarfsemi skilgreind sem rekstur vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu, sala og framleiðsla á rafmagni og heitu og köldu vatni. Fyrirtækið geti nýtt þekkingu sína til þátttöku í öðrum veitukerfum, s.s. rekstri gagnaveitu, „enda þjóni hann markmiðum eigenda og þátttakan hljóti samþykki þeirra.“⁶⁷

Eins og víða kemur fram í skýrslunni er tilgangssákvæði í lögum um Orkuveitu Reykjavíkur býsna víðfeðmt og gefur stjórn og eigendum mikið svigrúm til að ákveða hvers konar atvinnustarfsemi Orkuveita Reykjavíkur beini sjónum sínum að, allt eftir ákvörðun stjórnar hverju sinni. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 139/2001 kemur fram um 2. gr., að gert sé ráð fyrir að kveðið sé á um tilgang fyrirtækisins í sameignarsamningi og reglugerðum. Tilgangur félagsins er hins vegar ekki frekar skilgreindur í reglugerð eða sameiginarsamningi að öðru leyti en því að í reglugerðinni er innskotssetning sem greinir frá að tilgangurinn sé ásamt öðrum verkefnum uppbygging og rekstur fráveitukerfa. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi má breyta tilgangi fyrirtækisins á eigendafundi ef aðstæður krefjast. Með þessu sé gefið nauðsynlegt svigrúm til að

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Samskiptin voru ekki alltaf alveg hnökralaus. Fjármálastjóra og forstjóra OR þótti ég sem borgarstjóri skipta mér of mikið af málefnum fyrirtækisins og sögðu það hreint út. Þau voru t.d. ekki sátt við þá ákvörðun allrar borgarstjórnar að frysta gjaldskrár í kjölfar bankahrunsins, fannst við ganga of nærri þeim með því að afnema ekki að fullu afgjald þeirra til borgarbúa, auk þess sem frumkvæði borgarinnar um áhættumat á fyrirtækinu 2009 var ekki talið lýsa nægu trausti í garð stjórnenda. Auken afskipti borgarstjórnar af málefnum fyrirtækisins á þessum tíma var hins vegar fullkomlega eðlileg og nauðsynleg. Skuldir OR jukust um helming á einni nóttu vegna bankahruns og gengisþróunar og borgarstjórn var samstíga um að koma fyrirtækinu í gegnum þetta, en þó ekki með þeim hætti að íbúar eða grunnþjónusta við þá þyfti að líða vegna þess. Mitt hlutverk var að gæta þess að þessum ákvörðunum borgarstjórnar væri fylgt eftir og ég gerði það með góðum stuðningi frá meirihlutanum og allri borgarstjórn, auk þess sem ég fylgdi fast eftir þeirri sannfæringu minni að ef einhver stofnun innan borgarinnar ætti að geta hagrætt og sparad og selt eignir þá hafi það verið og sé OR.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Fyrirtækið er of stórt og hefur lengi verið alltof stórt. Það tekur tíma að breyta þessu og tryggja að fyrirtækið haldi sig einungis við þá grunnþjónustu sem það á að veita borgarbúum. Fyrirtækið er í eigu skattgreiðenda, ber samfélagslega ábyrgð sem slíkt og getur hvorki né má gleyma sér í verkefnum sem eiga meira skylt við einkafyrirtæki sem hefur það að markmiði að stækka stöðugt meira og taka áhættu í rekstri. Slík menning réð að mínu mati of lengi för hjá OR, en á síðasta kjörtímabili hófst borgarstjórn öll handa við að snúa af þeirri braut og ég er sannfærð um að það mun á endanum takast.“

64 Nasdaq OMX, Samtök atvinnulífsins og viðskiptaráð Íslands: Íslands: Stjórnarhættir opinberra fyrirtækja. Leiðbeiningar. 2008. <http://www.vi.is/files/2135781393-cgvefur.pdf>

65 Reykjavíkurborg: „Eigendastefna Orkuveitu Reykjavíkur samþykkt í borgarstjórn.“ http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-757/521_read-32004/

66 Reykjavíkurborg: „Tillaga að eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur.“ http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-757/521_read-32004/

67 Reykjavíkurborg: „Tillaga að eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur.“ http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-757/521_read-32004/

laga hlutverk fyrirtækisins að aðstæðum hverju sinni. Á eigendafundum fyrirtækisins hefur ekki verið rætt um breytingar á tilgangi, en á slíkum fundi 15. febrúar 2008 var þó ákveðið að ráðast í stefnumótun sem lokið var 30. desember 2009 og fól í sér afmörkun á kjarnastarfsemi Orkuveitunnar. Í viðtölum og öðrum gögnum sem greint er frá í skýrslunni hefur ítrekað komið fram að þetta víðfeðma tilgangssákvæði sé undirrót bæði óskynsamlegra fjárfestinga og pólitískra átaka sem orðið hafa um fyrirtækið. Margar bókanir, bæði hjá minnihluta borgarráðsfulltrúa og í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, hafa varðað mikilvægi þess að fyrirtækið ætti að takmarka umsvif sín við kjarnastarfsemi.⁶⁸

Við stofnun sameignarfyrirtækisins Orkuveita Reykjavíkur 2002 höfðu þegar verið teknar mikilvægar stefnumótandi ákvarðanir m.a. um kaup á jaðarveitum og stofnun fjarskiptafyrirtækis án þess að formleg stefna hefði verið mótuð af hálfu eigenda. Ári eftir sameiningu veitna Reykjavíkurborgar 1999, þegar Rafmagnsveita- og Hitaveita Reykjavíkur voru sameinadar (og ári síðar Vatnsveita Reykjavíkur) keypti Orkuveitan Hitaveitu Þorlákshafnar og við stofnun sameignarfyrirtækisins 2002 sameinuðust Rafveita Akraness og Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar Orkuveitunni. Árið 1999 var dótturfyrirtæki Orkuveitunnar, Lína.Net hf., stofnað og með því varð til fjórða stoðin í starfsemi fyrirtækisins, fjarskiptapjónusta með gagnaflutningum og netsambandi.

Tilraun til að afmarka tilgang og skýra hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur var gerð sama ár og stofnun sameignarfyrirtækisins, nánar tiltekið árið 2002. Þá var sett á laggirnar nefnd sem skipuð var af borgarstjóra sem í sátu aðilar með ólíkan faglegan bakgrunn og voru óháðir Reykjavíkurborg (hvorki sveitarstjórnarmenn né embættismenn). Nefndin skyldi gera tillögur um heildarstefnu Reykjavíkurborgar í orkumálum með hliðsjón af þáverandi uppbyggingu og væntanlegri framtíðarþróun. Meðal verkefna hennar var að meta stöðu og hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur í nýsköpun og þróun á sviðum sem tengdust starfsemi fyrirtækisins, eignum og grunngerð og hvernig þessum verkefnum væri best fyrir komið í framtíðinni.⁶⁹ Í greinargerð með tillögu um skipan nefndarinnar sem lögð var fyrir Borgarstjórn Reykjavíkur 20. júní 2002 kom fram að talsverðar breytingar væru fjárfestingar á sviði orkumála og því mikilvægt að Reykjavíkurborg, sem einn af stærstu framleiðendum orku í landinu, hefði heildarstefnu í málaflokknum sem tæki til allra þátta í starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur, bæði lögbundinna verkefna og annarra verkefna. Einnig væri rétt að skoða kosti og galla þess að fyrirtækið útvíkki þá þjónustu sem það veitti viðskipavinum sínum. Nefndin skilaði skýrslu í mars 2004 ásamt tillögu að stefnu. Í skýrslunni

68 Dæmi um viðleitni í að þrengja tilgangssákvæði laganna er þingmannafrumvarp sem var lagt fram á Alþingi 2003–2004 um breytingar á lögum um fyrirtæki á orkusviði (Þskj. 1869 — 1010. mál) sem m.a. fyrrverandi borgarráðsfulltrúi og stjórnarmaður í Orkuveitunni, Guðlaugur Þór Þórðarson lagði fram. Þar er lagt til að orðin „sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi“ falli brott í 2. gr. laga um Orkuveitu Reykjavíkur. Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a.: „Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði laga um fyrirtæki á orkusviði er varða tilgang og fjárfestingarheimildir slíkra fyrirtækja verði þrengd. Heimildir fyrirtækja á orkusviði til að stunda eða taka þátt í starfsemi á ólíkum sviðum eru mjög víðar í gildandi lögum þar sem tilgangur þeirra er sagður m.a. vera „viðskipta- og fjármálastarfsemi“. Því miður hefur reynslan sýnt að ekki fer vel að orkufyrirtæki taki þátt í starfsemi sem er óskyld orkurekstri.“

69 Erindisbréf nefndar um heildarstefnu Reykjavíkurborgar í orkumálum dags. 12. nóvember 2002 í skýrslu Orkustefnuneftar Reykjavíkurborgar. Tillaga að stefnu og skýrsla um orkumál. Mars 2004. www.or.is/media/PDF/Skyrsla_orkustefnu-neftar_Rvk_2004.pdf.

kemur fram að samkvæmt lögum hafi fyrirtækið mjög rúmar heimildir til að stunda iðnþróun og þurfi slík verkefni ekki að vera tengd eiginlegri veitustarfsemi fyrirtækisins, jafnframt heimili lögin að Orkuveita Reykjavíkur geti fjárfest í fyrirtækjum í óskyldum rekstri. Það er mat nefndarinnar að líta megi á lagningu ljósleiðara sem kjarnastarfsemi Orkuveitunnar í framtíðinni eins og hjá sambærilegum fyrirtækjum á öðrum Norðurlöndum. Hins vegar segir:

„Sumt af þeirri starfsemi sem Orkuveitan hefur fjárfest í á undanförmum árum fellur mjög líklega utan við nýja og þrengri skilgreiningu á tilgangi og markmiðum Orkuveitunnar, þótt sú fjárfesting hafi verið í samræmi við núverandi skilgreiningu á hlutverki fyrirtækisins samkvæmt lögum og sameignarsamningi sem er mjög rúm. ... Orkuveita Reykjavíkur á að mati nefndarinnar að hafa það sem almenna reglu að fjárfesta ekki í fyrirtækjum í því skyni að styðja við nýja starfsemi sem notar afurðir Orkuveitunnar. Slíkt felur í sér þá hættu að Orkuveitan blandist inn í starfsemi sem er langt fyrir utan vettvang fyrirtækisins eins og hann er skilgreindur hér að framan.“⁷⁰

Einnig segir í skýrslunni:

„Orkuveitan hefur fjárfest í margvíslegri nýsköpun og þróunarstarfsemi, m.a. tengdri vistvænni orku. Eðlilegt er að fyrirtækið stundi starfsemi af þessu tagi upp að vissu marki. Mikilvægt er hins vegar að fjárfesting Orkuveitunnar tengist fyrst og fremst þeim sviðum sem fyrirtækið hefur sérþekkingu á og tengjast verkefnum þess sem orkuframleiðanda og alhliða veitufyrirtækis. Þá er brýnt að ákvarðanir á þessu sviði og skipulag starfseminnar sé með þeim hætti að kostnaður við hana sé gagnsær og að markmið og líkur á árangri í einstökum verkefnum liggja fyrir. Það getur verið verjanlegt að ráðast í rannsóknar- og þróunarverkefni sem eru mjög áhættusöm, en skilgreina þarf hve miklu fé skuli hætt hverju sinni. Einnig er æskilegt að leita samvinnu við aðra aðila þar sem jákvæðar niðurstöður eru þess eðlis að þær gagnast ekki einungis fyrirtækinu. Skipulag verkefna af þessu tagi hlýtur hins vegar að ráðast af eðli þeirra hverju sinni.“⁷¹

Nefndin lagði til að markmið Orkuveitunnar yrðu þrengd nokkuð að því er varðar starfsemi utan kjarnastarfsemi. Hún lagði til nýtt tilgangssákvæði í samræmi það:

„Tilgangur fyrirtækisins er vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og dreifing og sala sömu afurða, ásamt annarri dreifistarfsemi sem fellur að þeirri starfsemi, svo sem gagnaveitu í gegnum ljósleiðara. Fyrirtækið hefur það að meginmarkmiði að stuðla með hagkvæmum hætti að því að nægilegt framboð sé jafnan á ofangreindum afurðum á starfssvæði sínu og að afhendingaröryggi sé gott. Fyrirtækið stundar nýsköpun og þróunarstarfsemi á ofangreindum sviðum og sem tengist þeirri starfsemi sem fyrirtækið hefur með

70 Orkustefnunefnd Reykjavíkurborgar. Tillaga að stefnu og skýrsla um orkumál. Mars 2004. Bls. xii. www.or.is/media/PDF/Skyrsla_orkustefnunefndar_Rvk_2004.pdf

71 Tillaga að stefnu og skýrsla um orkumál. Orkustefnunefnd Reykjavíkurborgar. Mars 2004. Bls. xi. www.or.is/media/PDF/Skyrsla_orkustefnunefndar_Rvk_2004.pdf

*höndum. Fyrirtækinu er heimilt að stunda viðskipta- og fjármála-
starfsemi sem stuðlar að markmiðum þess og/eða miðar að því að
draga úr áhættu þess. Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að reka
dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum sem samrýmist tilgangi og
markmiðum félagsins.*⁷²

Meirihluti nefndarinnar lagði einnig til að Orkuveitu Reykjavíkur yrði breytt í hlutafélag til að draga úr fjárbindingu og ábyrgð Reykjavíkurborgar og auka sveigjanleika í þróun þess.

Þann 20. apríl 2004 var skýrsla orkustefnunefndar og tillaga að stefnu lögð fram í borgarráði. Þar lögðu borgarráðsfulltrúar Reykjavíkurlista fram tillögu að bókun sem samþykkt var af meirihluta borgarráðs 27. apríl. Í tillögunni segir að borgarráð telji að nefndin hafi skilað góðu starfi og tekið á helstu verkefnum eins og þau voru skilgreind í erindisbréfi. Borgarráð tók undir meginsjónarmið nefndarinnar, þar á meðal að gagnaflutningur yrði skilgreindur sem hluti af kjarnastarfsemi borgarinnar. Hins vegar kom fram að ekki væri tilefni til að breyta rekstrarformi Orkuveitu Reykjavíkur. Þvert á móti sé mikilvægt fyrir festu í rekstri og traust fyrirtækisins að skýrt sé og afdráttarlaust að félagið sé og verði í samfélagslegri eigu.⁷³ Í bókuninni kemur ekki fram stuðningur við tillögu nefndarinnar að afmarka betur tilgang félagsins né tillögu að tilgangssákvæði.

Á sama fundi bóka fulltrúar Sjálfstæðisflokksins að í skýrslu orkustefnunefndar Reykjavíkurborgar sé að finna harða gagnrýni á þá stefnu sem Reykjavíkurlistinn hafi fylgt.⁷⁴ Þeir telja að nefndin staðfesti gagnrýni Sjálfstæðisflokksins á meirihluta stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og skipulag fyrirtækisins, þar á meðal að nefndin telji nauðsynlegt að endurskilgreina tilgang Orkuveitu Reykjavíkur og að í skýrslu nefndarinnar sé vakin at-
hygli á því að stefnumörkun Orkuveitu Reykjavíkur sé á mörgum sviðum óljós. Full þörf sé á því að rekstur og framtíðarmarkmið fyrirtækisins verði tekin til gagnerrar endurskoðunar.

Á fundi stjórnar Orkuveitunnar 11. maí 2004 er lögð fram skýrsla Orku-
stefnunefndar og tillaga hennar að orkustefnu. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram á fundinum bókun sem er sambærileg þeirri sem flokkurinn lagði fram í borgarráði. Fulltrúar Reykjavíkurlistans (ásamt fulltrúa Akra-
ness) lögðu á móti fram bókun sem er samhljóða ofangreindri bókun borgarráðs.⁷⁵

Ekki er fjallað aftur um efni orkustefnunefndar á fundum Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt fundargerðum. Ekki verður heldur séð að fjallað sé um efni hennar né tekin afstaða til tillögu hennar að stefnu að öðru leyti en því að vísað er í tillögu nefndarinnar við sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun árið 2006. Í skorkorti (e. balanced scorecard) Orkuveitu Reykjavíkur er tillaga um tilgangssákvæði nefndarinnar notuð.

Svo virðist sem ekki hafi skapast nægur vilji hjá forystu sveitarfélaga til að takmarka hlutverk félagsins fyrir en með REI málinu svonefnda 2007–2008.

72 Tillaga að stefnu og skýrsla um orkumál. Orkustefnunefnd Reykjavíkurborgar. Mars 2004. Bls. xi. www.or.is/media/PDF/Skyrsla_orkustefnunefndar_Rvk_2004.pdf

73 Fundargerð borgarráðs 27.4.2004 nr. 4840.

74 Fundargerð borgarráðs 27.4.2004 nr. 4840.

75 Sjá fundargerð Orkuveitu Reykjavíkur 11. maí 2004.

Sú afstaða kemur fram hjá viðmælendum úttektarnefndarinnar að mikil viðhorfsbreyting hafi orðið meðal kjörinna fulltrúa Reykjavíkurborgar með því máli. Þá hafi loks skapast einhugur meðal eigenda að Orkuveita Reykjavíkur skyldi eingöngu einbeita sér að kjarnastarfsemi og fara út úr áhættustarfsemi sem ekki beinlínis tengdist henni. Sá einhugur endurspegladist einnig í stefnu stjórnar Orkuveitunnar sem var samþykkt 18. desember 2009, í samræmi við ákvörðun eigenda frá 15. febrúar 2008 að fela stjórn að móta heildarstefnu fyrir fyrirtækið. Sú stefna var hins vegar ekki staðfest af eigendum. Það var ekki fyrr en um mitt ár 2012 með sérstakri eigendastefnu sem eigendur samþykkja formlega endurskilgreiningu á hlutverki fyrirtækisins.

Í stuttu máli: Í víðfeðmu tilgangsrákvæði Orkuveitu Reykjavíkur er að mati viðmælenda úttektarnefndarinnar að finna skýringu á óskynsamlegum fjárfestingum og ýmsum þeim pólitísku átökum sem átt hafa sér stað um fyrirtækið. Gagnrýni borgarfulltrúa í minnihluta á að Orkuveita Reykjavíkur hafi á starfstíma sínum farið út fyrir hina svokallaða kjarnastarfsemi og tillögur sérstakrar nefndar sem borgarstjóri skipaði 2002 til að setja fram stefnu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur leiddu ekki til breytinga. Það var ekki fyrr en um mitt ár 2012 að hlutverk fyrirtækisins var formlega þrengt með samþykkt nýrrar eigendastefnu.

4.4 Ábyrgð og hlutverk stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

Meginhlutverk stjórnar rekstrarfélaga er að „stuðla að viðgangi félagsins og árangri til lengri tíma litið og hafa yfirumsjón með rekstrinum í heild og eftirlit með stjórnendum.“⁷⁶ Í lögum um Orkuveitu Reykjavíkur koma fram hlutverk stjórnar, sérstaklega í 3. og 4. gr. laganna. Einnig koma fram sambærileg ákvæði í reglugerð um Orkuveituna (nr. 297/2006) og sameignarsamningi frá 29. janúar 2004. Samkvæmt þeim eru verkefni margvísleg. Stjórnin:

1. Fer með málefni fyrirtækisins og sér til þess að skipulag fyrirtækisins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn og forstjóri fara með stjórn fyrirtækisins.
2. Sér um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins.
3. Tekur allar óvenjulegar eða mikils háttar ákvarðanir sem ekki varða daglegan rekstur. Þó getur stjórnin veitt forstjóra slíka heimild. Forstjóri getur gert slíkar ráðstafanir ef ekki er unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Þá þarf að tilkynna stjórn tafarlaust um ráðstöfunina.
4. Tekur ákvarðanir um þá starfsemi sem lýst er í víðfeðmu tilgangsrákvæði laganna.
5. Ræður forstjóra og veitir prókúruumboð.
6. Setur gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda.
7. Staðfestir áætlun um hvernig sameiginlegum kostnaði er skipt niður á deildir fyrirtækisins.

Hér er um að ræða sambærileg ákvæði og er í öðru sameignarfyrirtæki í eigu hins opinbera, þ.e.a.s. Landsvirkjun. Einnig eru að mestu leyti sambærileg ákvæði og í lögum um önnur félagsform svo sem um hlutafélög

Bryndís Hlöðversdóttir: „*Deir sem velja sér að starfa í stjórn fyrirtækis verða að gangast undir það að vinna eftir bara lögum og reglum þess fyrirtækis og trúnaður þeirra liggur ekki við neinn annan en fyrirtækið. Ekki einu sinni við flokkinn sem þú ert fulltrúi fyrir. Því að þú situr sem stjórnarmaður og berð ábyrgð algjörlega óháð þínu baklandi. Forsenda þess að stjórn geti starfað í samræmi við fyrirmyndar stjórnarhætti er að það ríki traust innan hennar. Það ríkir ekki traust inni í hápólitískri stjórn sem að menn eru jafnvel að bítast svo á um sæti í prófskjörum og nota upplýsingarnar sem þú færð þar í þeim tilgangi.“*

76 Nasdaq OMX, Samtök atvinnulífsins og viðskiptaráð Íslands: Stjórnarhættir opinberra fyrirtækja. Leiðbeiningar. Reykjavík, 2012. Bls. 10.

(þar á meðal ákvæði um opinber hlutafélög), sameignarfélög, sjálfseignarstofnanir og í lögum um einstök ríkisfyrirtæki.

Flokka má ofangreind verkefni stjórna slíkra félaga í fjögur meginhlutverk. Þær:

1. Bera endanlega ábyrgð á starfsemi fyrirtækisins.
2. Sinna eftirliti með starfsemi þess.
3. Taka stefnumótandi ákvarðanir.
4. Ráða og meta árangur framkvæmdastjóra.

Þessi hlutverk eru nær algild, og má greina í samþykktum eða lögum allflestara félaga, þó umfang þeirra og eðli fari nokkuð eftir félaga- eða rekstrarformi. Við skoðun á hlutverkum stjórna ríkisstofnana virðist áhersla á ábyrgð og eftirlitshlutverk stjórna vera áberandi, auk þess hlutverks að ráða framkvæmdastjóra en síður að sinna stefnumótun.

Hér er fjallað um hvert þessara meginviðfangsefna. Þó er ekki tilefni til að fjalla um síðastnefnda verkefnið, þ.e. að ráða og meta árangur framkvæmdastjóra. Fram að 2010 hefur einungis einu sinni reynt á ráðningahlutverk stjórnar frá því sameignarfyrirtækið var sett á laggirnar. Ekki verður séð á gögnum svo sem fundargerðum að formlegt mat hafi farið fram á frammi-stöðu forstjóra.

4.4.1 Ábyrgð stjórnarmanna

Unnt er að líta á ábyrgð sveitarstjórnarmanna, eins og þeirra sem sitja í stjórn Orkuveitunnar, annars vegar sem lagalega og hins vegar sem pólitíska. Þar sem flestar ákvarðanir sveitarstjórnar eru matskenndar eða teknar innan víðs lagaramma reynir mun frekar á hina pólitísku ábyrgð.⁷⁷

Hin lagalega ábyrgð stjórnarmanna getur almennt falið í sér skaðabóta-ábyrgð eða refsíábyrgð vegna athafna eða athafnaleysis svo sem vanrækslu á eftirlitsskyldu. Ítarlegustu ákvæði um ábyrgð stjórnarmanna er að finna í hlutafélagalögum og dómafordæmi lúta fyrst og fremst að hlutafélögum.⁷⁸ Túlkun á lagalegri ábyrgð stjórnarmanna byggir því að miklu leyti á réttarumhverfi hlutafélaga. Hvorki hefur reynt á hina lagalegu ábyrgð stjórnarmanna í hinum tveimur opinberu sameignarfyrirtækjum né ábyrgð stjórnarmanna hjá opinberum stofnunum. Lagaleg ábyrgð getur einnig snúið að ábyrgð stjórnarmanna sem sveitarstjórnarmanna. Þar getur reynt á XIV. kafla almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi. Oftast er málsókn þó beint gegn sveitarfélaginu en sveitarstjórnarmaður getur þó í vissum tilvikum orðið persónulega ábyrgur vegna ólögðs athæfis hans sjálfs eða aðgerðaleyfis.⁷⁹ Má hér nefna sem dæmi dóm Hæstaréttar frá 17. maí 2001, í máli nr. 71/2001 þar sem sveitarstjórnarmaður, sem jafnframt var fyrirverandi oddviti hreppsnefndar, var dæmdur til skilorðsbundins

77 Anna Guðrún Björnsdóttir: Að vera í sveitarstjórn. Hlutverk og ábyrgð sveitarstjórnarmanna. Samband íslenskra sveitarfélaga 2011. Bls. 17.
<http://www.samband.is/verkefningin/stjornsysla-sveitarfelaga/namskeid/ad-vera-i-sveitarstjorn/>

78 Sjá t.d. Stefán Már Stefánsson. Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir. Reykjavík 2003.

79 Anna Guðrún Björnsdóttir. Að vera í sveitarstjórn. Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík 2003. Bls. 12.
<http://www.samband.is/verkefningin/stjornsysla-sveitarfelaga/namskeid/ad-vera-i-sveitarstjorn/>

tveggja mánaða fangelsis, fyrir að hafa misnotað aðstöðu sína til að gefa út skuldabréf í nafni hreppsins, án þess að hreppsnefnd samþykkti, og að verja meginhluta lánsfjárins til greiðslu á öðru skuldabréfi, sem var rekstri hreppsins óviðkomandi. Tekið var fram í dómi Hæstaréttar að sem oddvita hafi honum átt að vera kunnugt um frágang reikninga hreppsins og hefði ekki átt að geta dulist hver áhrif hans væru, þ.e. að þær bókhaldsfærslur sem um var að ræða hefðu í reynd leitt til lækkunar á skuld sveitarstjórnarmannsins við hreppinn.

Í réttarframkvæmd hefur einnig verið gengið út frá því að stjórnarmenn geti borið skaðabótaskyldu vegna athafna, hafi þeir valdið tjóni með störfum sínum, bæði gagnvart viðsemjendum félags sem og gagnvart félaginu sjálfu. Þótt erfitt geti verið að sýna fram á það tjón sem slík háttsemi stjórnenda getur hafa valdið félagi, eru dæmi um að slík sönnun hafi tekist, m.a. í dómi Hæstaréttar í máli nr. 206/1999 í frá 18. nóvember 1999 þar sem talið var að stjórnarmenn hefðu brugðist skyldum sínum, sem var að finna í 52. gr. þágildandi hlutafélagalaga nr. 32/1978, þegar þau skildu frá báti aflaheimild án samþykkis veðhafa. Voru þau látin bera skaðabótaábyrgð á því tjóni sem rakið var til þeirrar vanrækslu þeirra að ganga ekki úr skugga um að samþykki veðhafa hefði verið fengið fyrir framsalinu. Áður hafði framkvæmdastjóri félagsins sem jafnframt var formaður stjórnar þess verið dæmdur til refsíábyrgðar í öðru máli vegna framangreindrar ráðstöfunar. Í dómi Hæstaréttar nr. 400/2010 frá 27. janúar 2011 voru framkvæmdastjóri og formaður stjórnar einkahlutafélags dæmdir til þess að greiða félagi skaðabætur þar sem þeir höfðu ekki gætt þess nægjanlega að bókhald félagsins væri rétt fært. Samkvæmt bókum þess hafði hlutafjareign í dótturfélagi þess verið skráð sem eign fyrrgreindra aðila, en hafði verið greidd með fjármunum félagsins, án þess að endurgjald hefði komið fyrir úr hendi þeirra. Var í dómi Hæstaréttar komist að því að fyrrgreindir aðilar hefðu gengið svo frá reikningsskilum félagsins að telja yrði að dótturfélagið væri í þeirra eigu og því yrði að líta svo á að þeir hefði nýtt fjármuni félagsins í eigin þágu við stofnun dótturfélagsins, og að sú ráðstöfun hefði ekki verið þeim heimil á grundvelli XII. kafla laga nr. 138/1994 og hefðu þeir því bakað félaginu tjón sem þeir bæru skaðabótaskyldu á, sbr. 1. mgr. 108. gr. sömu laga. Þótt ofangreind mál fjalli um bótaábyrgð stjórnarmanna í hlutafélögum, ættu sömu eða svipaðar reglur að gilda um ábyrgð stjórnarmanna Orkuveitu Reykjavíkur, þótt ekki hafi fallið dómur hér á landi sem fjalla um ábyrgð stjórnarmanna sameignarfyrirtækja.

Pólítísk eða lýðræðisleg ábyrgð felst hins vegar í að meint mistök hafi í för með sér að vantraust skapist milli sveitarstjórnarmanna og umbjóðenda þeirra, þ.e.a.s. kjósenda sem leiða til þess að sveitarstjórnarmaður eða stjórnmalaflokkur hans fær ekki endurkosningu. Angi af pólítískri ábyrgð er þegar störf sveitarstjórnarmanna skapa vantraust sem leiðir til þess að samstarfsflokkur leiti annað eftir samstarfi í sveitarstjórn. Ljóst er þannig að hið svokallaða REI mál skapaði vantraust bæði innan og milli borgarstjórnarflokka sem leiddi til að nýir borgarstjórnarmeirihlutar voru myndaðir sem voru við völd í stuttan tíma.

4.4.2 Eftirlitshlutverk stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

Greina má eftirlitshlutverk stjórnar í tvennt samkvæmt lögum um Orkuveitu Reykjavíkur, annars vegar almennt eftirlit og hins vegar fjármálaeftirlit. Hið fyrrnefnda felst í því að annast um að skipulag, starfsemi og innra eftirlit sé jafnan í réttu og góðu horfi og ber forstjóra m.a. í þeim tilgangi að veita stjórn og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins sem þeir kunna að óska eða veita ber samkvæmt lögum. Hið síðarnefnda

felst í því að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur annist um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins, þar á meðal að tryggja að forstjóri uppfylli þá skyldu að sjá um að bókhald fyrirtækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti. Ekki er þó gert ráð fyrir að stjórn hafi eftirlit með daglegum rekstri.

Stjórnir félaga hafa ýmsar aðferðir til að sinna þessum hlutverkum. Algennt er að kveða nánar á um hvernig þessu eftirlitshlutverki skuli sinnt í reglum um starfshætti stjórnar. Í tilviki Orkuveitu Reykjavíkur hafa verið í gildi sérstakar starfsreglur stjórnar frá apríl 2003.⁸⁰ Samkvæmt þeim getur eftirlit stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur falist í eftirfarandi:

- *Skýrslu forstjóra.* Samkvæmt starfsreglum stjórnar skal forstjóri á hverjum fundi leggja fyrir stjórnina skýrslu um starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundum í stórum dráttum. Ekki verður séð á fundargerðum að þessari reglu hafi verið fylgt en gera má ráð fyrir að upplýsingamiðlun forstjóra hafi að einhverju leyti verið óformleg.
- *Rétti til upplýsinga.* Samkvæmt starfsreglum getur stjórn krafist forstjóra og aðra helstu starfsmenn fyrirtækisins um upplýsingar og gögn sem stjórninni eru nauðsynleg til að hún geti sinnt verkefnum sínum. Þegar skoðaðar eru fundargerðir stjórnar hefur stjórnin óskað einu sinni til tvisvar á ári að jafnaði eftir upplýsingum sem snerta starfsemi Orkuveitunnar eða dótturfélaga hennar. Í öllum tilvikum er um að ræða fyrirspurnir frá fulltrúum minnihlutans í Reykjavík í stjórn fyrirtækisins. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirverandi forstjóra leituðu þessu til viðbótar einstakir stjórnarmenn til hans til að fá upplýsingar um einstök mál og sinnti hann slíkum beiðnum. Nokkuð bar á því að bókað væri um skort á gögnum til stjórnarmanna vegna fjarskiptastarfsemi Orkuveitunnar, m.a. með mjög ítarlegum bókunum fulltrúa minnihluta í stjórn fyrirtækisins.
- *Skoðun á fjárhagslegu uppgjöri.* Samkvæmt starfsreglum skal ársreikningur fyrirtækisins og samstæðureikningur lagður fyrir stjórn til afgreiðslu og áritunar eins og almennt tíðkast svo og endurskoðunarskýrslur. Ef stjórnarmaður telur að ekki sé rétt að samþykka reikninga eða vill gera athugasemdir sem hann telur rétt að eigendur fái vitneskju um, er gert ráð fyrir að hann geri grein fyrir því í áritun sinni. Samkvæmt fundargerðum hefur þessum reglum ávallt verið fylgt. Ekki verður séð að einstakir stjórnarmenn hafi sett fyrirvara á áritun sína. Samkvæmt fundargerðum hafa fjárhagsáætlanir og árshlutauppgjör verið lögð fram í samræmi við reglur. Ekki eru bókaðar umræður um þessi viðfangsefni á fundum stjórnar fyrirtækisins.
- *Sérstökum athugunum stjórnarmanna.* Samkvæmt starfsreglum getur stjórn Orkuveitu Reykjavíkur í sérstökum tilvikum falið einstökum stjórnarmönnum, einum eða fleirum, tiltekin mál til athugunar og undirbúnings afgreiðslu á stjórnarfundum. Að minnsta kosti einu sinni hefur þessi heimild verið notuð, þegar formaður stjórnar fól stjórnarmanni að skoða atriði í rekstri fyrirtækisins.

Til að sinna eftirliti með að starfshættir séu í samræmi við reglur er algennt að fyrir stjórn starfi sérstakur innri endurskoðandi. Í ágúst 2006 var ráðinn sérstakur innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur af framkvæmdastjóra lögfræðisviðs. Það var rúmu ári síðar, nánar til tekið á stjórnarfundum 9. nóvember 2007, að tillaga forstjóra var samþykkt um að starf innri end-

80 Drög að starfsreglum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur lögð fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 11. apríl 2003. Drögin voru samþykkt 16. maí 2003.

urskoðanda heyrði beint undir stjórn Orkuveitunnar, sem almennt er talin rétt stjórnskipuleg staðsetning slíkra starfa, til að tryggja óhæði og aðgang stjórnar.⁸¹

Aðalverkefni innri endurskoðanda Orkuveitunnar felst í eftirfarandi:⁸²

- Staðfestingu upplýsinga s.s. að ganga úr skugga um hversu áreiðanlegar og heildstæðar fjárhagsupplýsingar eru auk þess að skoða aðferðir við birtingu þeirra.
- Kannanir á fylgni við stefnu, skipulag, áætlanir, verklagsreglur, reglur og lög og önnur fyrirmæli s.s. frá stjórnendum.
- Kannanir á fyrirkomulagi með varðveislu eigna og umsýslu með þeim.
- Kannanir á hagkvæmni og skilvirkni í notkun fjármuna og mannauðs.
- Mælingar á rekstrarárangri í starfsemi s.s. með samanburði við markmið, áætlanir, stefnu og/eða aðra sambærilega starfsemi.
- Kannanir á einstökum kerfum (s.s. hugbúnaðarkerfum), ferlum, verklagi (s.s. launasetning) o.þ.h. og starfseiningum.

Helstu verkefni á sviði innri endurskoðunar sem unnin hafa verið á tímabilinu 2007 til 2011 eru eftirfarandi.

- Innkaupaferill (03/2007)
- Tekjuferill (08/2007)
- Orlofshús í Úthlíð (10/2007)
- Innheimta leigutekna (01/2008)
- Vigor – hugbúnaðarkerfi (05/2008)
- Innri viðskiptakerfi (08-2008)
- Garðyrkjudeild (04/2009)
- REI (08/2009)
- Matstofa Orkuveitunnar (09/2009)
- Skuldastýring (03/2010)
- Bygging nýrra virkjana (05/2010)
- Rekstrarhagræðing 2010 (11/2010)

Ef dæma má af fundargerðum hafa tengsl innri endurskoðanda og stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur smám saman aukist á tímabilinu 2008-2010. Staða innri endurskoðanda er fyrst nefnd í fundargerð 9. nóvember 2007 þegar lagt er til að innri endurskoðun heyrir undir stjórn en ekki forstjóra. Næst er vísað í starf hans á fundum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur 15. ágúst 2008 og 19. september en þá er m.a. verkefnisáætlun og starfsemi innri endurskoðunar kynnt. Á seinni fundinum er vísað í minnisblað innri endurskoðanda og gæðastjóra um tillögur að verkefnum í framhaldi af stjórnarsýsluúttekt innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar sem vísað er í annars staðar í skýrslunni. Á fundi stjórnar 3. október 2008 var erindisbréf innri endurskoðanda lagt fram og það svo samþykkt á sama vettvangi 17. október. Í lok árs 2008 eða nánar tiltekið 19. desember er í fyrsta skipti fjallað um einstök verkefni innri endurskoðunar. Á árinu 2009 er fjallað reglulega um úttektir innri endurskoðanda á fundum stjórnar, m.a. um meint efnahagsbrot sem kært er til lögreglunnar. Þá virðist sem innri endurskoðandi fái við umfangsmeiri mál en áður m.a. endurskoðun á

81 OECD: OECD Guidelines on Corporate Governance of State-owned Enterprises. Frakkland 2005. Bls. 17.

82 Rekstrarbók innri endurskoðunar og lögfræðipjónustu. Skjal:VLP-100-01. Dags. 18. ágúst 2006.

Guðlaugur G. Sverrisson: „Samskiptin voru nokkuð regluleg má segja dagleg, við hittumst, hringdu eða notuðum tölvupóst sem og sms. Ég tel að ég hafi átt mikið og gott samstarf við forstjóra OR hvort sem var á almennum vinnutíma, kvöldin eða um helgar. Hélduð þið reglubundna fundi svo sem vegna undirbúnings eða eftirfylgni stjórnunarfundu? Við héldum alltaf fund í aðdraganda stjórnarfunda, ásamt því að fara yfir dagkrá viðkomandi fundar var farið yfir stöðu mála frá síðasta stjórnarfundi. Einnig var fylgt eftir málum með reglubundnum hætti, t.d. vegna lánamála og stöðu stærri verkefna, fjölda starfsmanna og fjármögnun. Voru fastir fundatímar eða var fundartími ákveðinn hverju sinn? Við hittumst yfirleitt alltaf á föstudögum, en aðrir fundartímar voru ákveðnir þegar að þurfti. Það má segja að við höfum hitt svona tvisvar til þrisvar í viku. Ég var alltaf til reiðu. Ég var svotil alltaf á skrifstofunni á föstudögum. Þar hafði ég fasta viðveru frá 8:30-17:00. Ritarar OR gátu þá bókað tíma á mig vegna óska frá almenningi, starfsmönnum OR, borgarfulltrúum, stjórnarmönnum eða viðskiptavinum. Síðan fór það eftir málefnum hversu oft í viku ég notaði skrifstofuna.“

áhættu og skuldastýringu Orkuveitu Reykjavíkur. Þann 26. mars 2010 var ákveðið að innri endurskoðandi sæti stjórnarfundu fyrirtækisins framvegis án tillits til þess hvort viðfangsefni hans væru sérstaklega á dagskrá. Í viðtölum við fyrrverandi formenn stjórnna kemur fram að þeir hafi leitað til innri endurskoðanda um að taka að sér verkefni eftir að staða hans var færð til í skipuriti 2007. Í apríl 2012 fékk innri endurskoðun Orkuveitunnar viðurkenningu Deloitte ehf. á því að hafa staðist ytra gæðamat á fylgni við staðla Alþjóðasamtaka innri endurskoðenda.

Auk innri endurskoðunar hafa endurskoðunarnefndir verið settar á laggirnar hjá fyrirtækjum í kjölfar breytinga á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 (nr. 80/2008). Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að því sé ætlað að koma til framkvæmda ákveðnum þáttum svokallaðrar 8. félagatilskipunar Evrópuþingsins en markmið hennar sé að tryggja með betri hætti að hagsmunaaðilar geti reitt sig á gæði fjármálaupplýsinga og störf endurskoðenda. Það sé talið sérstaklega mikilvægt hjá aðilum tengdum almannahagsmunum. Með frumvarpinu er lagt til að allar einingar tengdar almannahagsmunum skuli hafa starfandi endurskoðunarnefnd. Nefndin sem skipuð er af stjórn fyrirtækisins skal samkvæmt lögnum vera óháð fyrirtækinu svo og endurskoðendum þess. Hún hefur m.a. eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðunar og áhættustýringu, leggur mat á óhæði endurskoðanda og skal setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. janúar 2012 var samþykkt tillaga um skipun endurskoðunarnefndar. Á sama fundi er samþykkt heildstæð áhættustefna fyrir rekstur fyrirtækisins.

Samkvæmt ofangreindu virðist stjórn Orkuveitunnar hafa haft aðgang að flestum þeim tækjum sem notuð eru til eftirlits á þeim tíma sem er hér til skoðunar. Það er hins vegar ekki fyrr en á allra síðustu árum, eða eftir efnahagshrunið sem stjórnin, og þá fyrst og fremst stjórnarformenn, virðast nýta sér þau úrræði með virkum hætti. Óvíst er þó að fyrirtækið hafi innleitt þessi úrræði síðar en önnur fyrirtæki. Hér má sérstaklega nefna starf innri endurskoðanda. Líta má svo á að slíkt sérhæft eftirlit stjórnar sé sérstaklega mikilvægt ef í stjórnnum eru ekki aðilar sem þekkja til starfsemi fyrirtækisins eða til fjármálastjórnunar og rekstrar. Náíð samstarf forstjóra og formanns stjórnar og sameiginleg niðurstaða um afgreiðslu mála utan stjórnar, eins og í tilviki Orkuveitunnar, getur torvelað virkt eftirlit hennar. Gera má ráð fyrir að átök og tortryggni innan hennar hafi leitt til þess að eftirlitshlutverk stjórnar hafi verið vanrækt. Athugasemdir og fyrirsögnir fulltrúa minnihluta í borgarstjórn Reykjavíkur virðast hafa snúið meira að stefnumótandi málum og ekki síður beinst að fulltrúum meirihlutans.

4.4.3 Stefnuhlutverk⁸³

Hjá opinberum fyrirtækjum er unnt að skilja á milli annars vegar eigenda-stefnu opinbers fyrirtækis, þar sem tilgangur fyrirtækisins er skilgreindur og í meginatriðum verkaskipting eigenda, stjórnar og stjórnenda og hins

83 Hugtakið „stefna“ er í orðræðu notað í ólíku samhengi og getur haft margs konar merkingu. Algengt er þó að hugtakið hafi í meginatriðum tvenns konar merkingu sem byggja á ensku hugtökunum „policy“ og „strategy“. Stefna í ensku merkingunni „policy“ hefur verið skilgreind sem varanleg ákvörðun, skuldbinding eða yfirlýsing stjórnenda um verklag eða vinnubrögð (Ómar H Kristmundsson. „Stefnumótun félagasamtaka“ í Stjórnun og rekstur félagasamtaka. Ritstjórn höfundur og Steinunn Hrafnadóttir. 2008. Reykjavík: Háskólaútgáfan. Bls. 122). Síðareglur, jafnréttis- og starfsmannastefna og reglur um starfshætti stjórnna falla undir hugtakið. Stefna sem „strategy“ hefur einnig verið þýtt sem stefnumið eða markmiðssetning og felst í setningu framtíðartakmarka og upplýsingum um hvernig þeim skuli náð.

vegar markmiðssetningar innan ramma þess tilgangs. Þannig er það hlutverk stjórnar að móta og endurskoða megináherslur í starfi og verkefnavali fyrirtækisins en ekki ákveða megingilgang þess.

Eins og fram kemur víða í skýrslunni er tilgangsákvæði í lögum um Orkuveituna býsna víðfeðmt og gefur stjórn og eigendum mikið svigrúm til að ákveða hvers konar atvinnustarfsemi fyrirtækið beinir sjónum sínum að. Samkvæmt lögnum, reglugerð og sameignarsamningi er gert ráð fyrir að forstjóri hafi með höndum framkvæmd stefnumótunar fyrirtækisins, en vinni jafnframt sjálfstætt að stefnumótun þess og áætlanagerð. Hér er um að ræða óvenjulegt ákvæði þar sem algengast er að stjórn hafi þetta hlutverk en það sé framkvæmdastjóra að sinna framkvæmd stefnunnar. Í ákvæði í lögum um Landsvirkjun, sem að miklu leyti eru sambærileg lögum Orkuveitu Reykjavíkur, segir að forstjóri fari eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Ekki verður séð á gögnum, þar á meðal athugasemdum með frumvarpi, hvers vegna forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er ætlað að vinna sjálfstætt að stefnumótun.⁸⁴ Af þessari ástæðu og skorti á samstöðu um stefnumál innan stjórnar Orkuveitunnar virðist sem forstjóri og aðrir stjórnendur hafi verið að miklu leyti ráðandi um mikilvæg stefnumál fyrirtækisins. Að sama skapi virðist sem stefna hafi mótast mikið af einstökum stefnumótandi ákvörðunum.

Ekki hafa fundist gögn um stefnumótun stjórnar fyrir en í lok árs 2004, nánar tiltekið 15. desember 2004 en þann dag kemur fram í fundargerð að lagt hafi verið fram erindi forstjóra varðandi stefnu Orkuveitu Reykjavíkur og hugsanlega breytingu á tilgangi fyrirtækisins, væntanlega í framhaldi af greinargerð Orkustefnunefndar. Í fundargögnum þess fundar koma fram ódagsett stefnudrög sem forstjóri leggur fram þar sem hann ber saman núverandi tilgang og tillögu að nýju tilgangsákvæði Orkustefnunefndar. Forstjóri greinir frá þeirri afstöðu sinni að ef breyta eigi tilgangi félagsins þurfi að beina þeirri tillögu til eigenda Orkuveitunnar og taka hana fyrir á eigendafundi. Þá þurfi jafnframt að gera tillögu til iðnaðarráðherra að lögum um Orkuveituna verði breytt í þá veru. Ekki er gert ráð fyrir í þessum drögum að tilgangsákvæði verði breytt. Málinu var frestað og ekki tekið upp að nýju. Á næsta ári, nánar tiltekið þann 21. september 2005 eru lögð fram drög að stefnukorti og markmiði og stefnu Orkuveitunnar (dags. sama dag) sem samin höfðu verið af forstjóra og aðstoðarforstjóra. Þessi stefnuskjöl eru síðan samþykkt um mánuði síðar eða 19. október. Þar kemur m.a. fram að kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur snúist um rekstur fimm veitna, hitaveitu, rafmagnsveitu, vatnsveitu, gagnaveitu og fráveitu. Markaður samkvæmt framangreindum drögum er sagður vera Reykjavík og nágrennanabyggðir, en að ný sóknartækifæri liggi í stækkun núverandi markaðar og útvíkkun hans innanlands. Breytt laga- og viðskiptaumhverfi kalli á nýja nálgun og sýn. Eigendur félagsins styðji félagið í leit nýrra og arðvænlegra tækifæra sem byggist á sérþekkingu félagsins og starfsmanna þess. Unnið skuli að aukinni og breiðari tekjumyndum m.a. með fjárfestingu í samstarfi við eða sameiningu við önnur innlend félög

Guðmundur Þóroddsson: „Stjórnin átti nokkuð erfitt með að ná saman um stefnumótun sem helgaðist aðallega af því að menn voru ekki sammála um hver stefnan ætti að vera og ekki tilbúin að leggja ágreiningsmálin til hliðar og setja stefnu í öðrum málum. Það voru gerðar nokkrar tilraunir til að halda sérstaka stefnumótunarfundi þar sem einungis framtíðarstefna var til umræðu, þeir leystust undantekningarlaust upp í karp um einstaka liði starfseminnar og urðu til lítils. Þetta var reynt bæði með því að nota einungis innanhúsfólk og stjórn eða með utanaðkomandi ráðgjöf en allt kom fyrir ekki. Þannig mótaðist stefnan mikið til með einstökum ákvörðunum og hefð sem komist hafði á hjá fyrrennum OR. Arðgreiðslur og þjónustugjöld voru ákveðin af stjórn en tóku nokkuð mið af hvort öðru þannig að stundum voru arðgreiðslur lækkaðar eða ekki hækkaðar til að komast hjá gjaldskrárhækkunum. Stefna hvað varðar nýja hluti er sótt í lög um veituna sem beinlínis gera ráð fyrir nýsköpunarhlutverki fyrir OR. Stefnan sem mótaðist þó hún væri etv. ekki formlega samþykkt var að nýsköpun OR ætti að miðast við að verkefni annað hvort nýttust OR beint, eins og t.d. rafæran innheimtur eða samskipti eða notkun á afgangsvarna hitaveitna til einhvers eða stýddust við sérþekkingu eða eignir OR eins og fjarskiptareksturinn og stóriðjusamningarnir. Ákvarðanir um fjárfestingu í einstökum þróunar- og nýsköpunarverkefnum voru allaf lagðar fyrir stjórn til samþykktar.“

84 Minnt er þó á það sem fram kemur fram í skýrslunni, að frumvarpið um Orkuveitu Reykjavíkur var samið af borgarlögmanni fyrir þetta tiltekna fyrirtæki og fékk þriggja daga þingmeðferð. Á fundi stjórnar veitustofnana þann 14. desember 1998 í aðdraganda stofnunar Orkuveitunnar kemur skýrt fram að forstjóra var ætlað að sinna stefnumótunarhlutverki. Þar segir: „Mikilvægt er að nýr forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur geti þegar í upphafi mótað framtíðarstefnu og þróun hins nýja fyrirtækis og fylgt henni eftir til lengri tíma. Stjórn veitustofnana telur að með ráðningu Guðmundar Þóroddssonar í starf forstjóra O.R. sé fyrrgreindum sjónarmiðum náð.“

innan sömu greinar og sölu á þekkingu og þjónustu til erlendra aðila þar sem félagið búi yfir virðisaukandi þekkingu.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur 25. janúar 2007 var samþykkt að fela stjórnarformanni og forstjóra að skipa nefnd um stefnumótun og hagræðingu innan fyrirtækisins. Meðal annars var nefndinni ætlað að skoða arðsemi Orkuveitunnar, dótturfyrirtækja og einstakra rekstrareininga, betri nýtingu fjármagns og mannauðs og rekstrarform og skipulag með hliðsjón af þróun sambærilegra fyrirtækja í nágrannalöndunum. Verkefnisstjóri var ráðinn til að stýra þessari vinnu. Í nefndinni voru stjórnarmenn, stjórnendur fyrirtækisins og aðilar utan fyrirtækisins. Settir voru á laggirnar sjö stefnumótunarhópar, þar sem m.a. sátu starfsmenn frá hinum ýmsu starfs-einingum fyrirtækisins.

Niðurstöður þessarar stefnumótunarvinnu birtust í greinargerð verkefnisstjóra.⁸⁵ Bent er á að mikilvægt sé að „halda áfram á sömu braut og útrýma ferlismenningu sem einkenni opinberar stjórnsýslustofnanir. ... Æskilegra væri að innleiða fyrirtækjamenningu sem er til staðar hjá alþjóðlegum fyrirtækjum sem eru í fjármagnsfreki starfsemi og má benda á Shell International í því samhengi eða Boeing. ...“⁸⁶ Bent er á að fyrirtækjamenning sem einkenni yfirstjórn fyrirtækisins felist í „vogun vinnur – vogun tapar“ en í fyrirtækinu sé til staðar ferlisfyrirtækjamenning þar sem starfsmenn séu mjög gætnir og taki ákvarðanir á löngum og mörgum fundum. „Vogun vinnur – vogun tapar“ fyrirtækjamenning sé einkennandi fyrir olíuleitarfyriræki, „þar sem gífurleg áhætta liggur í því að festa sér land, stunda rannsóknir og vonast síðan til að finna olíulind eða í tilfalli Orkuveitu Reykjavíkur heitavatnsæð.“⁸⁷

Einnig er bent á að tryggja þurfi kostnaðaraðhald. Áhættustýring í fjárfestingum þurfi ávallt að vera til skoðunar. Sú spurning vakni hvort ekki sé rétt að takmarka áhættu eigenda með því að setja virkjanir sem starfi einungis á stóriðjumarkaði í sérstakt einkahlutafélag. Setja þurfi Orkuveitu Reykjavíkur arðsemismarkmið til að hámarka virði eigenda. Eins og orku-stefnunefnd lagði til er bent á hvort eigendur þurfi að íhuga hvort hlutafélagaformið henti Orkuveitunni ekki best, þegar tekið er tillit til samkeppnissjónarmiða, takmörkun ábyrgða sveitarfélaga og „einnig til að skýra hlutverk Orkuveitunnar um hvort hún sé stofnun eða alþjóðlegt fyrirtæki í samkeppnisrekstri.“⁸⁸

Ekki verður séð á fundargerðum að greinargerð vegna þessarar stefnumótunarvinnu hafi verið rædd innan stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Ekki er vitað hvort og þá hvaða eftirfylgni þessi stefnumótunarvinna hafði. Á vinnslutíma var mikill órói um málefni Orkuveitunnar vegna hins svokall-

85 Reykjavík Economics: Stefnumótun og hagræðing innan Orkuveitu Reykjavíkur. Febrúar 2008. Höfundur greinargerðar fjallar m.a. um fyrirtækjamenningu innan Orkuveitunnar og notar af því tilefni hugmyndir Deal and Kennedy um fjögur einkenni fyrirtækjamenningar. Eitt einkennið sé ferlismenning (e. process culture) sem sé hin dæmigerða fyrirtækjamenning í opinberum stofnunum. Hún feli í sér takmörkun áhættu og hæga endurgjöf. Starfsmenn séu mjög gætnir og í varnarstöðu. Ferlismenningarfyrirtæki séu mjög góð í að fást við þekkt og fyrirsjáanleg verkefni. Þau eiga erfitt með að taka hratt á málum og hafa takmarkaða sýn og sköpunarkraft.“ Bls. 14.

86 Reykjavík Economics: Stefnumótun og hagræðing innan Orkuveitu Reykjavíkur. Febrúar 2008. Bls. 46-47.

87 Reykjavík Economics: Stefnumótun og hagræðing innan Orkuveitu Reykjavíkur. Febrúar 2008. Bls. 15.

88 Reykjavík Economics: Stefnumótun og hagræðing innan Orkuveitu Reykjavíkur. Febrúar 2008. Bls. 47.

aða REI máls auk örra breytinga á forystu Reykjavíkurborgar og þar af leiðandi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

Þann 15. febrúar 2008 samþykkti stjórn Orkuveitunnar að ráðast í stefnumótun í samræmi við samþykkt eigendafundar sama dag. Nýr formaður stjórnar tók við undirbúningi þessarar stefnumótunarvinnu haustið 2008. Þann 3. júlí 2009 var kynntur stefnuramma Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 1. júlí sama ár. Stefnuskjalið var þá rætt og lagt fram endurbætt á næstu fundum Orkuveitunnar. Þann 30. desember 2009 var stefnan síðan samþykkt. Í stefnuskjalinu kveður við nokkuð annan tón en í fyrri skjölum um stefnu og stefnumótun fyrirtækisins. Fyrirtækið byggir starfsemi sína á traustu og gagnsæju samstarfi við eigendur, starfsfólk og viðskiptavinum. Þar er lögð áhersla á að fyrirtækið starfi fyrst og fremst á Íslandi. Starfssvæðið sé allt landið en áhersla sé á Suðvesturland. Ný tækifæri verði skoðuð út frá arðsemi og þjónustustigi. Þekking og reynsla verði seld til þeirra landa sem hafi arðbær tækifæri til jarðvarma.⁸⁹ Auk þeirrar stefnumótunar sem hér er getið hefur stjórnin komið að mótun stefnu um umhverfismál, styrkja- og menningarstefnu og stefnu um samfélagslega ábyrgð.

4.5 Stjórnarmenn, val og bakgrunnur

Samkvæmt sameignarsamningi er stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skipuð sex aðilum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Frá 2006 hefur Borgarbyggð átt áheyrnarfulltrúa á fundum. Það er borgarstjórn Reykjavíkur sem kys formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Á stjórnarfundum skal atkvæði formanns vega tvöfalt. Jafnmargir varamenn eru kjörnir með sama hætti og aðalmenn. Kjörtímabil er eitt ár í senn, frá aðalfundi fyrirtækisins á viðkomandi ári til næsta aðalfundar, sem samkvæmt lögum um fyrirtækið skal halda í júní.

Í töflu 1 kemur fram yfirlit yfir stjórnarmenn Orkuveitu Reykjavíkur 2002–2010 ásamt upplýsingum um hverjir sátu í meirihluta og í minnihluta í borgarstjórn Reykjavíkur, en eins og fram kemur síðar skiptust stjórnarmenn í þessar tvær fylkingar í stjórn fyrirtækisins allt tímabilið. Einnig kemur fram hvaða framkvæmdastjórar stýrðu þeim þremur sveitarfélögum sem koma að rekstri fyrirtækisins.

Fyrsti stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur var Alfred Þorsteinsson, Framsóknarflokkki. Hann sat sem formaður stjórnar fram til ársins 2007 eða í 5 kjörtímabil frá stofnun sameignarfyrirtækisins. Guðlaugur Þór Þórðarson tók við formennsku 2007 og starfaði í eitt kjörtímabil. Í kjölfarið tók Haukur Leósson við formennsku og starfaði í nokkra mánuði eða þar til þáverandi meirihlutasamstarfi í borgarstjórn var slitið. Þá tók Bryndís Hlökkversdóttir við og starfaði starfstíma hins svokallaða „100 daga meirihluta“. Kjartan Magnússon varð formaður í upphafi árs 2008 og starfaði fram í ágúst sama ár. Guðlaugur Sverrisson tók þá við sem formaður og starfaði þar til núverandi formaður var kosinn (mitt ár 2010).

Mikill meirihluti þeirra sem starfaði í stjórn Orkuveitunnar á tímabilinu 2002–2010 voru kjörnir fulltrúar sveitarstjórnar. Stór hluti stjórnarmanna starfaði í byggðarráðum sveitarfélaganna. Samkvæmt viðtölum við fyrri-verandi stjórnarmenn var lítið á setu í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sem veigamikilið og eftirsótt embætti hinna kjörnu fulltrúa Reykjavíkurborgar, sérstaklega formennskuna, og voru af þessum ástæðum kjörnir fulltrúar í

Bryndís Hlökkversdóttir: „Aðgreining hlutverka er nauðsynleg, vilji menn reka fyrirtæki. Eigandi hefur tilteknu hlutverki að gegna gagnvart stjórn og stjórn gagnvart stjórnendum – saman myndar þetta tiltekna efiirlits- og ábyrgarkeðju. Sú keðja rofnar ef sami einstaklingur situr í mörgum hlutverkum og það eru ekki góðir stjórnarhættir. Og það að sitja í stjórn fyrirtækis kallar á allt annars konar hlutverk en það að sitja í nefndum og ráðum borgarinnar sem pólitískur fulltrúi. Fólk má ekki rugla þessum hlutverkum saman.“

Hanna Birna Krisjtánsdóttir: „OR þróað í að verða mikilvægur valdapóstur í reykvískum stjórnmálum með tilkomu Reykjavíkurlistans. Þá virðist sem oddvitar ólíkra stjórnmálaflokka framboðsins hafi í samningum sín á milli gert formann OR að miklu mun stærra verkefni en það var fyrir. Þannig varð fulltrúi Samfylkingar borgarstjóri, fulltrúi Vinstri grænna forseti borgarstjórnar og fulltrúi Framsóknarflokksins formaður OR. Þetta skynjuðum við sem komum í fyrsta sinn að myndun meirihluta í borginni árið 2006, þar sem formennskan í OR var einhverra hluta metin mikilvægari en t.d. formennska í fagráði. Röng forgangsröðun að mínu mati, en ræðst sjálfsagt af þeirri staðreynd að fyrirtækið var orðið mun umsvifameira en upphaflega stóð til.“

89 Greinargerð með tillögu að bókun stjórnar vegna stefnumótunarvinnu Orkuveitu Reykjavíkur dags. 18. desember 2009.

Tafla 1. Stjórnarmenn Orkuveitu Reykjavíkur og bæjarstjórar Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar 1.1.2002-25.6.2010

Tímabil	Meirihluti/ minnihluti í Reykjavík	Formaður	Stjórnarmaður 2 (varaform./ meirihl.)	Stjórnarmaður 3 (meirihl.)	Stjórnarmaður 4 (minnihl.)	Stjórnarmaður 5 (minnihl.)
1.1.2002- 21.6.2002	R-listi/D-listi+F-listi	Alfreð Þorsteinsson	Helgi Hjörvar	Steinnun Valdí Óskarsdóttir	Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson	Jóna Gróa Sigurðardóttir
21.6.2002- 11.6.2003	R-listi/D-listi+F-listi	Alfreð Þorsteinsson	Steinnun Valdí Óskarsdóttir	Tryggvi Friðjónsson	Björn Bjarnason	Guðlaugur Þór Þórðarson
11.6.2003- 10.6.2004	R-listi/D-listi+F-listi	Alfreð Þorsteinsson	Steinnun Valdí Óskarsdóttir	Tryggvi Friðjónsson	Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir	Guðlaugur Þór Þórðarson
10.6.2004- 9.6.2005	R-listi/D-listi+F-listi	Alfreð Þorsteinsson	Steinnun Valdí Óskarsdóttir	Tryggvi Friðjónsson	Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir	Guðlaugur Þór Þórðarson
9.6.2005- 21.6.2006	R-listi/D-listi+F-listi	Alfreð Þorsteinsson	Sigrún Elsa Smáradóttir	Tryggvi Friðjónsson	Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir	Guðlaugur Þór Þórðarson
21.6.2006- 8.6.2007	D-listi+B-listi/ S-listi+V-listi+F-listi	Guðlaugur Þór Þórðarson	Björn Ingi Hrafnsson	Haukur Leósson	Stefán Jón Hafstein	Ólafur F. Magnússon
8.6.2007- 22.10.2007	D-listi+B-listi/ S-listi+V-listi+F-listi	Haukur Leósson	Björn Ingi Hrafnsson	Vilhjálmur Þ Vilhjálmsson	Dagur B. Eggertsson	Svandís Svavarsdóttir
22.10.2007- 25.1.2008	S-listi+V-listi+B-listi+F- listi/D-listi	Bryndís Hlöðversdóttir	Jón Sigurðsson	Ástráður Haraldsson	Júlíus Vífill Ingvarsson	Kjartan Magnússon
25.1.2008- 19.8.2008	D-listi+F-listi/S-listi+V- listi+B-listi	Kjartan Magnússon	Ásta Þorleifsdóttir	Júlíus Vífill Ingvarsson	Sigrún Elsa Smáradóttir	Svandís Svavarsdóttir
25.8.2008- 9.6.2009	D-listi+B-listi/S-listi+V- listi+F-listi	Guðlaugur Sverrisson	Kjartan Magnússon	Júlíus Vífill Ingvarsson	Sigrún Elsa Smáradóttir	Svandís Svavarsdóttir
9.6.2009- 25.6.2010	D-listi+B-listi/S-listi+V- listi+F-listi	Guðlaugur Sverrisson	Kjartan Magnússon	Júlíus Vífill Ingvarsson	Sigrún Elsa Smáradóttir	Þorleifur Gunnlaugsson
25.6.2010-	O-listi+S-listi/D-listi+V- listi	Haraldur Flosi Tryggvason	Helga Jónsdóttir	Aðalsteinn Leifsson	Kjartan Magnússon	Sóley Tómasdóttir

stjórn þess ofarlega á listum borgarstjórnarflokkanna. Það sama gildi um bæjarfulltrúa Akraness. Vægi stjórnarsetu má einnig ráða af því að formaður borgarráðs hefur jafnframt verið formaður Orkuveitunnar, borgarstjóri hefur setið í stjórn og algengt hefur verið að meirihluti borgarráðs sitji í stjórn fyrirtækisins. Í tveimur tilvikum hefur formaður stjórnar þó ekki verið sveitarstjórnarmaður. Engar skráðar reglur liggja fyrir um hvaða aðila sveitarstjórn skuli velja í stjórn Orkuveitunnar eða annarra B-hluta stofnana, sveitarstjórnarmenn eða aðra en kjörna fulltrúa.

Þar sem flestir í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur voru kjörnir fulltrúar sveitarstjórna, oftast úr hópi forystufólks, var þekking og reynsla þeirra sem sátu í stjórn mismunandi. Við lauslega greiningu á bakgrunni stjórnarmanna virðist sem takmörkuð þekking hafi verið innan stjórnar á verkefnum Orkuveitunnar eða hinu flókna og umfangsmikla starfsumhverfi fyrirtækisins. Ekki verður séð að þeir stjórnarmenn sem sátu í stjórn á tímabilinu 2002 til 2010 hafi haft sérþekkingu á orku- eða auðlindamálum, nema með örfáum undantekningum. Fáir stjórnarmanna virðast hafa haft sérþekkingu eða reynslu á sviði fjármála, endurskoðunar eða rekstrar, þó meirihluti stjórnarformanna.

Reynt hefur verið að fylgja þeirri reglu að nýir stjórnarmenn fengju námskeið um viðfangsefni, skipulag og regluhverfi Orkuveitunnar. Ekki liggja gögn fyrir hvort því hefur verið unnt að fylgja eftir þegar stjórnarskipti voru örúst á tímabilinu 2007-2009. Ekki er heldur vitað hvort stjórnarmenn hafi verið upplýstir um starfsreglur stjórnar en eins og áður segir sátu oftast í stjórnnum reyndir sveitarstjórnarmenn.

Tímabil	Stjórnarmaður 6 (Akranes)	Áheyrnarfulltrúi Borgarbyggð	Borgarstjóri	Bæjarstjóri Akraness	Bæjarstjóri Borgarbyggðar	Bæjarstjóri Garðabæjar
1.1.2002-21.6.2002	Sveinn Kristinsson		Ingibjörg Sólrún Gísladóttir	Gísli Gíslason	Páll S. Brynjarsson	Ásdís Halla Bragadóttir
21.6.2002-11.6.2003	Sveinn Kristinsson		Þórólfur Árnason	Gísli Gíslason	Páll S. Brynjarsson	
11.6.2003-10.6.2004	Sveinn Kristinsson		Þórólfur Árnason	Gísli Gíslason	Páll S. Brynjarsson	
10.6.2004-9.6.2005	Guðmundur Páll Jónsson		Steinunn Valdís Óskarsdóttir	Gísli Gíslason	Páll S. Brynjarsson	
9.6.2005-21.6.2006	Guðmundur Páll Jónsson		Steinunn Valdís Óskarsdóttir	Guðmundur Páll Jónsson	Páll S. Brynjarsson	
21.6.2006-8.6.2007	Gunnar Sigurðsson	Björn Bjarki Þorsteinsson	Vilhjálmur Þ Vilhjálmsson	Gísli S Einarsson	Páll S. Brynjarsson	
8.6.2007-22.10.2007	Gunnar Sigurðsson	Björn Bjarki Þorsteinsson	Vilhjálmur Þ Vilhjálmsson	Gísli S Einarsson	Páll S. Brynjarsson	
22.10.2007-25.1.2008	Gunnar Sigurðsson	Björn Bjarki Þorsteinsson	Dagur B Eggertsson	Gísli S Einarsson	Páll S. Brynjarsson	
25.1.2008-19.8.2008	Gunnar Sigurðsson	Björn Bjarki Þorsteinsson	Ólafur F Magnússon	Gísli S Einarsson	Páll S. Brynjarsson	
25.8.2008-9.6.2009	Gunnar Sigurðsson	Björn Bjarki Þorsteinsson	Hanna Birna Kristjánsdóttir	Gísli S Einarsson	Páll S. Brynjarsson	
9.6.2009-25.6.2010	Gunnar Sigurðsson	Björn Bjarki Þorsteinsson	Hanna Birna Kristjánsdóttir	Gísli S Einarsson	Páll S. Brynjarsson	
25.6.2010-	Hrönn Ríkhardsdóttir	Björn Bjarki Þorsteinsson	Jón Gnarr	Árni Múli Jónsson	Páll S. Brynjarsson	

Ekki er í sveitarstjórnarlögum gerð krafa um þekkingu eða starfsreynslu þeirra sem sitja í nefndum, ráðum eða stjórnnum sveitarstjórna. Ekki er heldur gerð slík krafa í lögum um einstök félagsform. Þó eru undantekningar svo sem í lögum um fjármálafrirtæki nr. 161/2002, lögum nr. 110/2007 um kauphallir og lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál með lagabreytingu nr. 84/2012, en í öllum þessum lögum er kveðið á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri þurfi að búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Almennt er gert ráð fyrir því að stjórnir hafi innanborðs þekkingu á bókhaldi og fjármálum, atvinnugrein félagsins, stefnumótun og áhættustýringu.⁹⁰ Í nýlegum leiðbeiningum um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja⁹¹ segir að ef nefndir eru stofnaðar til að beita eignarréttindum hins opinbera ættu þær að samanstanda af fagfólki með lagalega, rekstrarlega og stjórnunarlega þekkingu. Til viðbótar ættu þær að hafa yfir að ráða sérstakri þekkingu á því verkefnasviði sem hið opinbera fyrirtæki starfar á. Í alþjóðlegri könnun á vegum OECD kemur í ljós að í mörgum ríkjum eru flestir eða allir stjórnarmenn opinberra fyrirtækja úr einkageiranum og hvorki kjörnir fulltrúar eða embættismenn.⁹²

90 Handbók stjórnarmanna: Upplýsingar um hlutverk, ábyrgð og skyldur stjórnarmanna í íslensku atvinnulífi. 2010. Reykjavík. Bls. 32

91 Nasdaq OMX, Samtök atvinnulífsins og viðskiptaráð Íslands: Íslands: Stjórnarhættir opinberra fyrirtækja. Leiðbeiningar. Bls. 14. <http://www.vi.is/files/2135781393-cgvefur.pdf>

92 OECD: Corporate Governance of State-Owned Enterprises. A survey of OECD countries. Frakkland. 2005. Bls. 130

Þar sem allflestir þeirra sem valdir hafa verið í stjórn Orkuveitunnar eru í pólitískri forystu viðkomandi sveitarfélags er hætt á að verkaskipting milli stjórnar fyrirtækisins og eigenda sem m.a. ber að sinna eftirliti með fyrirtækinu verði óskýr auk þess sem hagsmunaárekstrar geta skapast. Bent hefur verið á óskýr hlutverk stjórnenda í REI málinu svokallaða.⁹³ Eins og áður hefur komið fram er hlutverk eigendastefnu að skýra þessa verkaskiptingu. Bæði í leiðbeiningum um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja og í leiðbeiningarreglum OECD um fyrirtæki í eigu ríkisins er lögð áhersla á skýra aðgreiningu milli hins opinbera sem eiganda og þeirra sem stýra fyrirtækinu og sjálfstæði þess síðarnefnda.⁹⁴ Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur í stjórnýsluúttekt sinni á Orkuveitu Reykjavíkur bent á sömu þætti. Þar er lagt til að skilið sé milli eigendahóps fyrirtækisins og stjórnar til að tryggja aðgreiningu starfa og ná fram virku eftirliti og aðhaldi.⁹⁵

4.6 Stjórnarfundir

Stjórnarfundir eru formlegur vettvangur fyrir stjórnir fyrirtækja og stofnana til að sinna hlutverkum sínum. Auk kjörinna stjórnarmanna situr forstjóri stjórnarfundis samkvæmt lögum um fyrirtækið og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Samkvæmt starfsreglum stjórnar Orkuveitunnar frá 2003 getur stjórn einnig ákveðið að lögmaður fyrirtækisins sitji fundi og riti fundargerðir. Aðrir starfsmenn forstjóra hafa einnig ritað fundargerðir og setið fundi stjórnar í umboði stjórnarformanns.

Samkvæmt 6. gr. starfsreglna stjórnar frá 2003 skulu stjórnarfundir haldnir að jafnaði mánaðarlega eða þegar stjórnarformaður ákveður. Stjórnarformaður skal kalla saman stjórnarfund ef stjórnarmaður, forstjóri eða endurskoðandi krefst þess. Fund skal boða með minnst þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal vera skriflegt og með dagskrá. Formaður getur þó ákveðið skemmri frest ef hann telur það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna. Vegna slíkra aðstæðna getur hann tekið ákvörðun um símafund stjórnar eða að málefnið verði kynnt stjórnarmönnum skriflega eða símleiðis og atkvæðagreiðsla verði haldin skriflega eða símleiðis. Slíkar ákvarðanir þarf að leggja fyrir næsta stjórnarfund til staðfestingar. Dæmi eru um að gagnrýnt hafi verið hvernig staðið var að fundarboðun.

Guðlaugur Þór Þórðarson: „Það er erfitt að vera alltaf leiðinlegi maðurinn. Það er svoltitíð barnalegt þegar talað er um samvinnustjórnun. Það er ekki vandinn. Vandinn er sá að menn hafi það í rauninni of kósý. Segjum það að við værum saman í stjórninni og við þrjú hér í meirihluta og okkur kemur ágætlega saman. Klókur formaður tryggir góðan mót og að hópurinn geri eitthvað skemmtilegt saman og kannski þá mótunum. En síðan koma einhverjir úr minnihlutunum og eyðileggja mótun með því að ráðast á okkur og eru að bóka í sífellu, eru partispillar. Kósýheitin – þau geta verið slæm. Kósý-bandalagið er líka hættulegt fyrir kjósendur. Ég hafði reglulega samskipti við fjölmörg af því að ég var mjög ósáttur hvert Orkuveitan stefndi. Ég bara hafði mjög sterka samþykkingu fyrir því að menn hafi verið algjörlega úti á túni. Það var ástæðan fyrir því að ég bókaði mikið. Ég vildi að Orkuveitan héldi sig frá samkeppnisstarfsemi. Menn eru að átta sig á því núna að ég hafði rétt fyrir mér og það mörgum milljórdum seinna.“

Á starfstíma Orkuveitunnar frá janúar 2002 til loka 2010 fundaði stjórnin 131 sinni. Fyrstu árin voru fundir að jafnaði mánaðarlega en fjölgaði síðan verulega á tímabilinu 2007–2009 vegna tíðra breytinga á stjórn og átakamálum sem stjórnin fékkst við á þessum tíma. Utan hinna formlegu funda var algengt, sérstaklega þegar stærri mál voru til afgreiðslu, að fram færu óformleg samtöl milli stjórnarformanns og annarra stjórnarmanna milli funda. Einnig tíðkaðist að haldnir væru svokallaðir meirihluta fundir í aðdraganda stjórnarfunda eins og tíðkast í sveitarstjórnunum.

Fyrstu árin er það nokkuð tilviljanakennt hvað kemst á dagskrá, bæði voru lagðar fyrir stjórn viðamiklir lánasamningar en einnig styrkbeiðnir félaga.

93 Sigurður H. Helgason: „Á svig við góða stjórnhætti. Vandí þess að virkja opinberar auðlindir.“ Stjórnsmál og stjórnýsla. Veffimmarit. 2. tbl. 3. árg. 2007. <http://www.stjornmalogstjornsysla.is/?p=357>

94 Nasdaq OMX, Samtök atvinnulífsins og viðskiptaráð Íslands: Íslands: Stjórnarhættir opinberra fyrirtækja. Leiðbeiningar. Bls. 14. <http://www.vi.is/files/2135781393-cgvefur.pdf> og OECD: OECD Guidelines on Corporate Governance of State-owned Enterprises. Frakkland 2005.

95 Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar. Orkuveita Reykjavíkur. Stjórnýsluúttekt. Ágúst 2008. Bls. 21.

Dagskrárliðir voru að jafnaði rúmlega 10 á tímabilinu 2002–2006 en fækkaði á seinni hluta tímabilsins. Ekki verður annað séð en að oftast hafi verið lögð fyrir þau mál sem skylt er að leggja fyrir stjórn til kynningar eða ákvörðunar samkvæmt reglum, t.a.m. öll meiriháttar stefnumál svo sem samningar, fjárhagsáætlanir, ársreikningar o.s.frv.

Svo virðist sem mál hafi verið lögð fyrir stjórn í þeim tilgangi að uppfylla formkröfur frekar en til þess að stuðla að opinni og gagnrýnni umræðu og upplýstri ákvarðanatöku stjórnarinnar. Eins og lýst er annars staðar í skýrslunni hafa ákvarðanir verið teknar með hraði og án mikillar umræðu í stjórn, um mál er varða milljarða skuldbindingar eða fjárfestingar. Algengt virðist hafa verið að stjórnarformaður og forstjóri hafi komist að sameiginlegri niðurstöðu og síðan fengið stuðning annarra í stjórninni við þá ákvörðun og í samráði við oddvita eigenda, sérstaklega Reykjavíkurborgar áður en kom að stjórnarfundum. Að því leyti virðast stjórnarfundur hafa verið meira til málamynda, eða svonefndir „stimpilfundir“.⁹⁶

Stuttur fundartími getur gefið vísbendingu um málamyndarhlutverk stjórnar. Við skoðun á lengd funda kemur í ljós að þeir voru að jafnaði tvær klukkustundir og meðalfjöldi dagskrárliða var 10. Stysti fundurinn var hálf tími en sá lengsti tæpar sjö klst. Fundartími hefur heldur lengst á undanförunum árum. Erfitt er að draga almennar ályktanir af þessum tölum. Sjaldgæft er að bókað sé í fundargerðum að umræður hafi átt sér stað og í þeim tilvikum er oftast um að ræða deilumál fulltrúa borgarstjórnarflokka. Ekki verður séð á fundargerðum að lagðar hafi verið fram breytingatillögur við framlagða tillögu formanns eða forstjóra og þær hafi verið samþykktar. Breytingatillögur virðast eingöngu hafa verið lagðar fram af minnihluta í stjórn. Önnur gögn svo sem upplýsingar úr viðtölum benda til að sjaldgæft sé að sköpuð sé samstaða um ágreiningsmál. Nokkur dæmi eru um að ekki hafi verið tekið tillit til beiðni um frestun á afgreiðslu máls.

Þegar skoðaðar eru fundargerðir stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur virðist áberandi að liðið hafi verið á stjórnarsetu sem vettvang fyrir andstæðar stjórnmalafylkingar í Reykjavík til að takast á með sama hætti og í lykilinefndum sveitarstjórnar svo sem borgarráði. Með hliðsjón af því hve algengt var að sömu aðilar sætu bæði í borgarráði og í stjórn fyrirtækisins þarf það ekki að koma á óvart. Finna má sömu bókanir í borgarráði og í stjórn félagsins og umræða virðist á svipuðum nótum. Átök voru um grundvallaratriði í starfsemi Orkuveitunnar, þá sérstaklega hvað ætti að falla undir kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Sérstaklega eru átök um hlutverk fyrirtækisins í fjarskiptastarfsemi áberandi, þ.e.a.s. um starfsemi Línu.Nets (síðar Gagnaveitu Reykjavíkur) og í nýsköpunar- og þróunarverkefnum. Á síðustu árum hefur borið á átökum um hlutverk Orkuveitunnar í orkuframleiðslu til stóriðju og sölusamningum um raforku.

Þau átök sem hér er lýst endurspeglast í miklum fjölda bókana í stjórn Orkuveitunnar. Í fundargerðum stjórnar má sjá á þriðja hundrað bókanir á þeim 131 fundum sem haldnir voru á tímabilinu 2002–2010. Mörg dæmi eru um að samræður eigi sér stað með bókaniforminu (sjá dæmi í kafla um fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur).

Eins og fram kemur í tilvitnunum viðmælenda úttektarnefndar taka þeir margir djúpt í árinna þegar þeir lýsa vinnubrögðum og stemmningu á

Kjartan Magnússon: „Stjórnarmönnum ber að gera athugasemdir við vinnubrögð, telji þeir að ekki sé rétt að verki staðið. Þessar athugasemdir geta verið munnlegar eða skriflegar eftir atvikum hverju sinni. Í stjórn Orkuveitunnar er bókanahæfð í fundargerðum líkari því sem tíðkast í nefndum og ráðum á sveitarstjórnarstiginu, en í fundargerðum stjórna einkafyrirtækja þar sem upplýsingar eru oft afar takmarkaðar. Þetta er eðlilegt enda er Orkuveitan opinbert fyrirtæki og því rétt að almenningur fái upplýsingar um ákvarðanir stjórnar og hvernig þær eru teknar. Ekki síst þess vegna var mjög óheppilegt að fundargerðir Orkuveitunnar voru árum saman lokaðar almenningi og fjölmiðlamönnum en fyrsta verk mitt í meirihluta stjórnar var að leggja fram og fá samþykka tillögu um að þær yrðu allar birtar á heimasíðu fyrirtækisins. Nú hafa fundargerðirnar verið opinberar í fjögur ár og hefur slikt gagnsæi tvímælalaust verið til bóta. Enginn heldur því lengur fram að slikt gagnsæi há starfsemi fyrirtækisins en á meðan fundargerðirnar voru leyfilegar var því oft haldið fram og jafnvel í söllum borgarstjórnar.“

Guðmundur Þóroddsson: „Stjórnarfundir OR voru oft mjög skrautlegir og þar var oft enn verið að útkljá þau mál sem deilt var um í borgarráði og oft var megnið af stjórn OR í því. Það var verið að skjóta pólitískar keilur. Í restina var þetta orðið mjög eftitt þar sem stjórnarmenn sátu með tolvur sínar á stjórnarfundum og láku fréttum í fjölmiðla og fóru misjafnlega rétt með. Á hinn bóginn var sæmleg sátt um flest mál og voru eflaust um 90% mála afgreidd án ágreinings enda flest málefni stjórnar OR ekki pólitísk.“

Sigrúna Elsa Smáradóttir: „Ég hef setið í stjórnnum annarra fyrirtækja sem tengjast ekki Reykjavíkurborg og mín reynsla þaðan er að stjórnendur leggi sig fram um að hlusta á sjónarmið allra stjórnarmanna og ná sameiginlegri niðurstöðu í mál. Þetta átti ekki við um Orkuveituna.“

Helga Jónsdóttir: „Ég hef aldrei verið í stjórn sem mér finnst hafa verið jafnfarri því og stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að skynja grundvallarleikreglur í stjórnun fyrirtækis, og skilin milli stjórnmála og fyrirtækjareksturs, með sama hætti og ég geri.“

96 Ómar H. Kristmundsson: „Stefnumótun félagasamtaka“ í Stjórnun og rekstur félagasamtaka. Ritsstjórn Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir. 2008. Reykjavík. Bls. 106.

stjórnarfundum. Fundina hafi einkennt ekki aðeins átök heldur mikil tortryggni. Fáar athuganir hafa verið gerðar á starfsháttum stjórnna íslenskra fyrirtækja og því erfitt að draga ályktanir um hvort starfshættir stjórnar Orkuveitunnar hafi verið frábrugðnir þeim hefðum og venjum sem þar gilda, sérstaklega hvað varðar málamyndarhlutverk stjórnar. Eðli málsins samkvæmt skapa hin pólitísku átök innan stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur henni sérstöðu. Þessi átök eru einnig óvenjuleg þegar höfð er til hliðsjónar starfsemi stjórnna annarra opinberra fyrirtækja. Skoðuð voru dæmi um starfsemi stjórnna hjá öðrum B-hluta fyrirtækjum Reykjavíkurborgar þar sem fulltrúar stjórnarmálflokka eða sveitarstjórnarmenn sitja. Hjá þeim virðist ekki unnt að finna dæmi um sambærileg langvarandi átök. Þetta var staðfest í viðtölum úttektaarnefndarinnar við þá aðila sem hafa komið að stjórn Orkuveitunnar og annarra B-hluta fyrirtækja.

4.7 Tengsl stjórnar og dótturfélaga

Tengsl móðurfélagins, Orkuveitu Reykjavíkur, við hlutdeildar- og dótturfélög virðast hafa verið mismikil. Ekki voru til staðar skráðar reglur eða fastmótaðar hefðir um hvernig skyldi staðið að vali stjórnarmanna dótturfélaga. Af fyrirliggjandi gögnum má álykta að það hafi verið að miklu leyti í höndum forstjóra að ákveða hverjir sætu í stjórnnum þeirra. Miðað var við að a.m.k. einn stjórnandi Orkuveitunnar væri í stjórn hvers dótturfélags til að halda forstjóra upplýstum en þessu til viðbótar væru í stjórn kjörnir fulltrúar, þá fyrst og fremst stjórnarmenn fyrirtækisins, frá bæði meiri- og minnihluta.

Ofangreind hefð var þó ekki án undantekninga. Í stjórnnum a.m.k. tveggja dótturfélaga voru aðilar sem hvorki voru sveitarstjórnarmenn né starfsmenn Orkuveitunnar. Hér er um að ræða stjórnir Línu.Nets (Gagnaveitu Reykjavíkur), og Reykjavík Energy Invest (REI). Í tilfelli fyrra dótturfélagsins voru utanaðkomandi einstaklingar skipaðir í stjórn félagsins. Frá stofnun REI fram að hlutafjárútkningu virðist stjórnin hafi verið samsett af kjörnum fulltrúum og starfsmönnum Orkuveitunnar auk annarra einstaklinga sem ekki féllu undir aðra hvora skilgreininguna. Um tíma var þar eingöngu að finna starfsmenn Orkuveitunnar auk aðila sem keypti hlut í fyrirtækinu. Frá og með febrúar 2008 fram á mitt ár 2010 sat þrjú manna stjórn skipuð einstaklingum sem annað hvort voru stjórnarmenn Orkuveitunnar eða höfðu sterk tengsl við þá stjórnarmálflokka sem komu að skipun stjórnarinnar.

Árið 2010 átti sér stað umræða um fyrirkomulag við skipun í stjórnir dótturfélaga. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur 28. september 2010 var samþykkt tillaga forstjóra á breytingu á stjórnnum dótturfélaga. Í tillögunni var samþykkt að boða til eigendafundar og óska eftir stefnu eigenda um skipan stjórnar dótturfélaga. Í minnisblaði innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur frá 4. október 2010, sem unnið var eftir fyrrgreindan stjórnarfund eru niðurstöður m.a. eftirfarandi:

„Ekki verður séð miðað við eðli máls og hefðbundið hlutverk stjórnna í fyrirtækjum (sem og stjórnar Orkuveitunnar) og skipuritið hér að ofan, að eðlilegt sé að stjórnarmenn fyrirtækis setjist í hlutdeildar- eða dótturfélög á vegum þess, þar sem slík skipan ógnar mjög eftirlitshlutverki stjórnarinnar. Eðlilegra er að annað hvort fari forstjóri/stjórnendur/starfsmenn móðurfélagsins með eignir í dóttur- eða hlutdeildarfélagum eða að ráðnir séu hæfir ytri aðilar til starfans.

*Skipan stjórnarmanna í dóttur- og hlutdeildarfélag telst vera fremur óvenjuleg ráðstöfun en mikilsháttar í skilningi laga, þar sem hagsmunir í móðurfélaginu er að öllu jöfnu mun stærri en í dóttur- og hlutdeildarfélagum. Í ljósi þess má færa að því rök að stjórn fyrirtækis samþykki formlega tilnefningar forstjóra að stjórnarmönnum í slík félag en án þess þó að hún hafi af því bein afskipti hver skipi slíkar stjórnir. Í þessu samhengi má benda á að staðfest er úr innri endurskoðun innan Orkuveitunnar á einu dótturfélagi að skipan stjórnarmanna Orkuveitunnar í stjórn dótturfélagsins hafði slæm áhrif á innra eftirlit og eftirlit stjórnar Orkuveitunnar með félaginu.*⁹⁷

Á eigendafundi sem haldinn var 7. október 2010 var samþykkt eftirfarandi bókun:

*„Í umboði borgarstjórnar Reykjavíkur, bæjarstjórnar Akraness og sveitarstjórnar Borgarbyggðar er nú að störfum Eigendanevnd Orkuveitu Reykjavíkur. Í erindið segir að verkefni hennar, auk þess að setja fyrirtækinu eigendastefnu, sé umfjöllun um verk- og ábyrgðarskiptingu milli stjórna OR og dótturfélaga og helstu stjórnenda. Í ljósi þess að erindið sem stjórn OR vísar til eigendafundar varðar þessi málefni, vísar fundurinn því til eigendanevndar, þar sem samráð kjörinna fulltrúa um málefnið fer fram og kemur síðar til kasta sveitarstjórnarmanna allra. Þar til niðurstaða eigendanevndar liggur fyrir og afstaða sveitarstjóra til hennar, telur eigendafundur OR rétt að forstjóri, í samráði við stjórn OR, skipi nýjar stjórnir dótturfélaga.“*⁹⁸

Á stjórnarfundum 15. október 2010 var fjallað um stjórnir dótturfélaga í framhaldi af eigendafundinum átta dögum áður. Á fundinum var borin fram tillaga í anda ofangreindrar bókunar eigendafundar og var hún samþykkt. Áður höfðu tveir fulltrúar í minnihluta lagt fram eftirfarandi tillögu:

*„Lagt er til að skipaðir verðir fulltrúar í stjórn dótturfélaga á grundvelli stefnumótunar, sem átti sér stað á vettvangi borgarstjórnar, REI og Orkuveitunnar á síðasta kjörtímabili og samþykkt var af fulltrúum allra flokka, þ.e. að tryggð verði aðkoma kjörinna fulltrúa að stjórnun dótturfélaga.“*⁹⁹

Tillagan var felld með fjórum atkvæðum gegn tveimur.

Ekki voru haldnir formlegir samráðsfundir milli móður- og dótturfélags en hins vegar mættu stjórnendur dótturfyrirtækja eða stjórnarmenn þeirra reglulega á stjórnarfundum Orkuveitunnar eða kynningarfundum fyrir stjórn til að fara yfir starfsemi þeirra, eða þegar eftir því var óskað svo sem fjallað var um hér að framan um fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur. Ársreikningar dóttur- eða hlutdeildarfélaga voru lagðir fram á stjórnarfundum auk þess sem umræður um hlutafjárukningar komu á borð stjórnar á úttektartímanum.

97 Minnisblað frá innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 4. október 2010.

98 Fundur eigendafundar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. október 2010.

99 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 15. október 2010.

4.8 Stjórnun Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur er með stærri fyrirtækjum landsins, rekstrartekjur árið 2011 voru 33 milljarðar og eignir tæplega 300 milljarðar. Fastráðnir starfsmenn voru það ár um 450.¹⁰⁰ Til viðbótar umfangi er framleiðsla og starfsumhverfi flókið, eins og fram hefur komið.

Það er stjórn sem ræður forstjóra fyrirtækisins og setur honum erindisbréf og veitir honum lausn frá störfum. Stjórn felur formanni stjórnar að annast samninga við forstjóra um laun hans og önnur starfskjör. Tveir forstjórar Orkuveitu Reykjavíkur hafa starfað fram til ársins 2010, þeir Guðmundur Þóroddsson og Hjörleifur Kvaran. Sá fyrrnefndi frá stofnun 1999 til 2008, en hann hafði starfað sem vatnsveitustjóri frá 1993. Hjörleifur Kvaran hafði áður starfað sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs frá 2003 og fyrir þann tíma sem borgarlögmaður í um áratug. Hann var settur forstjóri frá september 2007 og ráðinn ári síðar. Hann hætti störfum í ágúst 2010.

Samkvæmt reglugerð um Orkuveitu Reykjavíkur hefur forstjóri með höndum eftirtalin verkefni:

1. Framkvæmd stefnu stjórnar en skal vinna sjálfstætt að stefnumótun og áætlanagerð.
2. Allan almennan rekstur,¹⁰¹ þar á meðal framkvæmdir og undirbúning þeirra, sjóðvörslu og reikningshald og ráðningu starfslíðs.
3. Hann ber ábyrgð á að bókhald fyrirtækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti.
4. Kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins í öllum málum sem varða venjulegan rekstur.
5. Veitir stjórn og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins sem þeir kunna að óska eða veita ber samkvæmt lögum.
6. Tekur óvenjulegar eða mikils háttar ákvarðanir ef stjórn hefur veitt honum heimild til þess eða ef ekki er unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir fyrirtækið.

Þessi verkefni forstjóra eru sambærileg og finna má í lögum um hlutafélög og önnur félagsform. Þó er sjaldgæft að forstjóri vinni sjálfstætt að stefnumótun sem algengast er að sé í höndum stjórnar, eins og áður hefur komið fram.

Með forstjóra störfuðu við sameiningu veitustofnana 2001 tveir aðstoðarforstjórar og tíu framkvæmdastjórar. Við stofnun sameignarfyrirtækisins var skipulag efstu stjórnunarlaganna að mestu óbreytt. Árið 2006 voru gerðar nokkrar breytingar á efsta stjórnunarlögunum. Þá var ákveðið að leggja niður störf aðstoðarforstjóra. Í stað þeirra komu fjórir framkvæmdastjórar. Þessu til viðbótar höfðu verið settar á laggirnar tvær stoðdeildir, annars vegar svið

100 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2011.

101 Ekki er að finna almenna skilgreiningu á hvað teljist almennur rekstur en í athugasemdum með frumvarpi til laga um hlutafélög sem lagt var fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977 (Þingskjal 51, 49. mál) segir að þegar metið er hvað teljist daglegur rekstur þurfi að hafa í huga eðli starfseminnar og umfang og venjur á viðkomandi sviði.

innra eftirlits, lögfræði- og hagsmála og hins vegar gæða-, umhverfis- og vinnuöryggismála. Næstu undirmenn framkvæmdastjóra voru sviðsstjórar.

Markmið þessara breytinga var annars vegar að skilgreina betur hlutverk efsta stjórnunarlags fyrirtækisins og hins vegar að greina betur að samkeppnisstarfsemi og einkaleyfisstarfsemi. Samkvæmt skriflegum upplýsingum frá Guðmundi Þóroddsyni var talið mikilvægt að fá einn stjórnanda sem bæri ábyrgð á fjármálum sem heyrði beint undir forstjóra. Skipulag hafði ekki tekið breytingum frá sameiningu en með breytingunum var ætlunin að byggja upp framtíðarskipulag með hliðsjón af reynslu fyrri ára sem nýtti sér að fullu kosti þeirra kerfa sem byggð höfðu verið upp vegna gæða-, heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismála (sama heimild).

Ekki verða miklar breytingar á efstu stjórnunarlægum Orkuveitunnar næstu árin. Samkvæmt skipuriti frá 20. febrúar 2008 hafa þó þær breytingar orðið að innri endurskoðun hefur verið færð undir stjórn (sjá framfarir umfjöllun) og samhliða hefur lögfræðisvið sem sérstök stöðdeild verið lögð niður. Breytingar voru gerðar í upphafi árs 2010 (sjá skipurit 1. janúar 2010) en þar er framkvæmdastjórum fækkað um einn, framkvæmdastjóri fjármála tók þá við m.a. starfsmannamálum sem höfðu áður verið á ábyrgð framkvæmdastjóra ytri tengsla og umsýslu. Jafnframt bætast við stöðeiningar.

Þegar tveir aðstoðarforstjórar störfuðu hjá fyrirtækinu skiptu þeir með sér daglegri eftirfylgni með fyrirtækinu en forstjóri hafði meira með höndum framtíðaruppbyggingu sem fylgdi sameiningu veitustofnana. Þegar stöður aðstoðarforstjóra voru lagðar niður, varð einn framkvæmdastjóri staðgengill forstjóra.

Fastir samráðsfundir yfirstjórnar, forstjóra, framkvæmdastjóra og gæðaráðs hafa verið haldnir allan þann tíma sem hér er til skoðunar. Fyrir liggja fundargerðir yfir viðfangsefni þessara funda. Mikil óformleg samskipti voru innan yfirstjórnar en forstjóri og aðrir stjórnendur störfuðu í opnum rýmum saman. Þessu til viðbótar störfuðu fastir starfshópar að einstökum málaflokkum svo sem vegna fjármála og áhættustýringar. Fulltrúar starfsmanna funduðu með forstjóra einu sinni í mánuði en á þeim fundum voru ræddar hugmyndir starfsmanna og umkvörtunarefni.

Samkvæmt upplýsingum frá fyrrverandi forstjóra byggdist stjórnskipulag Orkuveitu Reykjavíkur á starfstíma hans á dreifistýringu hvað varðar fjárhagsáætlanir, starfsáætlun og markmiðssetningu auk þess sem millideildar-sölukerfi skapaði möguleika á sjálfstæði. Mikið hefur verið lagt upp úr vönduðum vinnubrögðum í fyrirtækinu. Sérstök rekstrarhandbók er í gildi sem hefur verið þróuð af starfsmönnum Orkuveitunnar og forrituð af IM management (síðar Opin kerfi). Handbókin sem var tekin í notkun 1999 samanstendur af stjórnunarhandbók og rekstrarbók. Með henni er ætlunin að tryggja stýringu skjala sem þörf er á vegna gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfa. Fyrirtækið er með vottað gæðakerfi (ISO 9001), alþjóðlegan umhverfisstjórnarstaðal (ISO 14001), alþjóðlegan vinnuöryggisstjórnarstaðal (OHSAS 18001), alþjóðlegt matvælaeftirlitskerfi (HACCP/GÁMES) alþjóðlegan staðal um upplýsingaöryggi (ISO 27001) ásamt rafmagnsöryggisstjórnkerfi sem vottað er af Mannvirkjastofnun.

Vinnustaðargreiningar hafa reglulega verið unnar fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, sú fyrsta 2001. Þar er m.a. spurt um viðhorf til ædstu stjórnenda,

Eiríkur Hjálmarsson. „Allir voru í opnu rými.

Það var verið að sameina þrjú fyrirtæki og þetta stytta boðleiðir á milli stjórnendanna; að allir væru á sama gólfu. Það var ákveðin filósófia á bak við það og það var ekki filabeinsturnsfilósófia, held ég. Þótt það kunnist að hafa þróast þannig síðan. En það sem gerist er að ákvarðanatöku verður kannski óformlegri. Það sem nú er t.d. skrásett í samskiptum forstjóra og framkvæmdastjóra á fundum, það var oft ekki skráð af því boðin bárust bara yfir herbergið. Það hefur sína kosti þar sem breytingar eru órar, þarf að bregðast fljótt við og því umlíkt. En hvort það hentar nákvæmlega þessum rekstri þegar eru átta ár frá því fyrirtækin eru sameinuð, það má setja spurningamerki við það. Það voru formlegir yfirstjórnarfundir en það voru meina upplýsingafundir. Reynt var að passað upp á að upplýsingar bærust um mikilvæg mál sem hugsanlega höfðu verið rædd á gólfinu, í fjarveru einhvers framkvæmdastjóra. Þeir voru líka nýttir sem undirbúningsfundir fyrir stjórnarfundum, þegar leið nær þeim, og verkaskipting einstakra mála; hver ætlar að sjá um útböð, þetta minnisblað, þessa tillögu. Eru þessi gögn komin, þessi gjaldskrá og hvaðeina. En ákvarðanatökan, hún virkaði óformleg.“

annars vegar hvort starfsmenn treystu æðstu stjórnendum Orkuveitunnar (forstjóra og framkvæmdastjórum) og hins vegar hvort þeir sé á heildina litið ánægðir með æðstu stjórnendum Orkuveitunnar. Samkvæmt niðurstöðum þessara vinnustaðagreininga¹⁰² hefur traust til æðstu stjórnenda verið lítillega fyrir neðan meðaltal fyrirtækja sem tekið hafa þátt í vinnustaðagreiningum. Það hefur þó sveiflast nokkuð á tímabilinu 2001–2009. Að sama skapi hefur mæling á seinni staðhæfingunni verið fyrir neðan meðaltal, en sú mæling hefur einnig sveiflast á sama tímabili. Niðurstöður mælinga eru talsvert mismunandi eftir starfseiningum. Ekki er vitað um samsetningu samanburðarhópsins en algengt er að samhengi sé milli afstöðu til æðstu stjórnenda og stærðar og fjölda stjórnunarlag. Einnig hafa breytingar á skipulagi áhrif á afstöðu.

Samkvæmt mati ráðgjafa sem vann að stefnumótun 2007 (sjá framfarir í kaflanum) mátti greina tvenns konar vinnustaðamenningu hjá fyrirtækinu annars vegar hjá æðstu stjórnendum og hins vegar öðrum starfseiningum þess. Áhættusækni einkenndi vinnustaðamenningu þeirra fyrrnefndu sem að mati ráðgjafans var talin eftirsóknarverð á þessum tíma.¹⁰³

Fjallað er í öðrum köflum um fyrirkomulag áhættustýringar og áætlanagerðar.

4.9 Niðurstöður og ályktanir

Stjórnarhættir Orkuveitu Reykjavíkur markast verulega af því starfsumhverfi sem fyrirtækið starfar í. Um er að ræða opinbert fyrirtæki með umfangsmikla og flókna starfsemi sem er að hluta einkaréttarlegs eðlis. Fyrirtækið veitir fjölpætta þjónustu sem er að hluta lögbundin eða háð sérleyfi en að nokkru í samkeppnisumhverfi. Þetta umhverfi hefur tekið umtalsverðum breytingum á starfstíma fyrirtækisins m.a. með markaðsvæðingu í raforkumálum. Þessu til viðbótar sitja í stjórn sveitarstjórnarmenn, kjörnir fulltrúar íbúa þeirra þriggja sveitarfélaga sem að rekstri fyrirtækisins standa. Fyrirtækið hefur með höndum sölu á heitu og köldu vatni og fráveitur, dreifingu og smásölu á rafmagni, gagnaflutning og rekstur félaga í iðnþróun og nýsköpun hérlendis og erlendis. Í alþjóðlegum samanburði er sjaldgæft að sama fyrirtækið hafi með höndum öll þessi verkefni.

Allt frá stofnun fyrirtækisins hefur víðfeðmt tilgangsráðgjafi skapað óeiningu um meginviðfangsefni þess. Samkvæmt því voru litlar takmarkanir settar á hvað fyrirtækið tæki sér fyrir hendur. Þrátt fyrir viðleitni bæði hjá forystumönnum Reykjavíkurborgar og stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að þröngja hlutverk fyrirtækisins og binda það við svonefnda kjarnastarfsemi, tókst ekki að skapa samstöðu um slíkar breytingar. Samhliða hefur forstjóri haft það hlutverk samkvæmt lögum fyrirtækisins að hafa með höndum sjálfstæða mótun stefnu. Af báðum þessum ástæðum má gera ráð fyrir að forstjóri og starfsmenn hans hafi verið að miklu leyti ráðandi um áherslur fyrirtækisins og verkefnaval auk stjórnarformanns. Við þessar aðstæður nýtti fyrirtækið sér möguleika á auknum umsvifum og innkomu á nýja markaði þegar markaðsvæðing átti sér stað í raforkumálum og áhugi á „útrásarverkefnum“ jókst í íslensku viðskiptalífi með stuðningi íslenskra stjórnvalda og innlendra fyrirtækja á einkamarkaði. Samkeppni innanlands varð þó í reynd samkeppni milli opinberra fyrirtækja.

102 ParX.Viðskiptaráðgjöf IBM: Orkuveita Reykjavíkur.Vinnustaðagreining 2009. Nóvember 2009.

103 Reykjavík Economics: Stefnumótun og hagræðing innan Orkuveitu Reykjavíkur. Febrúar 2008. Bls. 47.

Deila má um hvort félagsform Orkuveitu Reykjavíkur henti starfsemi þess sérstaklega með hliðsjón af hinum umfangsmikla rekstri og flóknum viðfangsefnum. Ekki hefur verið nægur hljómgrunnur fyrir því að nýta sér kosti hlutfélagaformsins sem telja verður þróaðasta félagsformið með ítarlega löggjöf og dómafordæmi. Reglur um stjórnarhætti þar á meðal um ábyrgð stjórnar hlutfélaga eru mun skýrari en gildir um önnur form. Aðrir kostir lúta að takmarkaðri ábyrgð eigenda á fjárskuldbindingum. Ókostur getur falist í verri lánamöguleikum og hærri vöxtum á lánum. Auðveldara hefði verið að greina ábyrgð aðila á þeirri ákvörðunartöku sem leiddi til núverandi fjárhagsstöðu ef Orkuveita Reykjavíkur hefði frá upphafi sameinaðra veitustofnana 2002 starfað sem hlutfélag í samræmi við vilja stjórnenda fyrirtækisins. Misskilnings hefur gætt að stofnun hlutfélags leiði sjálfkrafa til sölu á eignum félagsins til einkaaðila í framtíðinni. Slík formbreyting rýrir hvorki möguleika eigenda að ákveða tilgang félagsins eða tryggja eftirlit með starfsemi.

Óháð félagsforminu er fyrirtækið hluti af starfsemi sveitarfélaga og við rekstur þess gilda meginreglur um lýðræðislega ábyrgð og aðhald, m.a. um gagnsæi. Undirstaða lýðræðislegrar ábyrgðar er hin svonefnda umboðs-keðja sem felur í sér að íbúar þeirra sveitarfélaga sem standa að Orkuveitu Reykjavíkur veita fulltrúum sínum í sveitarstjórn umboðsvald sitt til að stýra verkefnum sveitarfélagsins og taka á sig ábyrgð til samræmis. Í því felst m.a. að velja í stjórnir þeirra fyrirtækja sem sveitarstjórnir ákveða að reka í almannabágu. Fyrirtækið getur einnig stofnað dótturfélög en með því eykst mikilvægi þess að sveitarstjórnir skilgreini vel vald og ábyrgð fulltrúa þeirra í stjórnnum dótturfélaga. Í tilviki Orkuveitu Reykjavíkur giltu ekki formlegar reglur um val í stjórnir dótturfélaga. Stjórnendur fyrirtækisins virðast hafa ráðið miklu um hverjir sætu í stjórnnum dótturfélaga, þ.e. starfsmenn eða kjörnir fulltrúar.


Hætta er á að umboðskeðjan verði óljós þegar um einkaréttarlega starfsemi hins opinbera er að ræða ef eigendastefna er ekki mótuð eða gerður sérstakur þjónustusamningur við fyrirtækið. Óháð félagsforminu hafa svonefnd B-hluta fyrirtæki fjárhagslegt og stjórnunarlegt sjálfstæði. Samskipti hafa þó verið mikil milli stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og borgarráðs sem m.a. ræðst af því að borgarráðsfulltrúar sitja í stjórn fyrirtækisins. Sama á við um fulltrúa Akraneskaupstaðar og áheyrnarfulltrúa Borgarbyggðar. Sveitarstjórnarmenn í stjórn Orkuveitunnar hafa verið í ýmsum hlutverkum, dæmi er um að sami einstaklingurinn hafi verið í borgarráði, stjórn fyrirtækisins og stjórn dótturfélaga en borgarráði er ætlað að hafa eftirlit með stjórn Orkuveitunnar og eigendur félagsins eða fulltrúar þeirra hafa óbeint eftirlit með dótturfélögum með skipan í stjórnir. Ekki varð til formleg stefna eigenda fyrr en um mitt ár 2012 sem lýsti verkaskiptingu og hlutverki þeirra og ábyrgð og valdi stjórnar og stjórnenda fyrirtækisins.

Með hliðsjón af ofangreindu er nauðsynlegt að spyrja hvort eðlilegt sé að sveitarstjórnarmenn sitji í stjórn Orkuveitunnar. Ávinningur er að takmarka hlutverk þeirra við að tryggja hagsmuni íbúa sveitarfélagsins og í umboði þeirra skilgreina hlutverk þessara opinberu fyrirtækja. Ókostur við að sveitarstjórnarmenn sitji í stjórnnum fyrirtækja eins og Orkuveitu Reykjavíkur, er að með því er ekki tryggt að í stjórn sé að finna nægjanlega faglega þekkingu og reynslu sem skiptir sérstaklega miklu máli þegar um er að ræða fyrirtæki eins og Orkuveitu Reykjavíkur. Með því að sveitarstjórnarmenn sitji ekki í stjórn er líka girt að mestu fyrir möguleika á að pólitísk átök og óeining einkenni starf stjórnarinnar og verkefni stjórnar séu vanrækt samhliða eins og var á tímabilum í tilviki Orkuveitunnar.

Stjórnun og starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur hefur á mörgum sviðum verið til fyrirmyndar ekki síst með hliðsjón af þeim vandasömu viðfangsefnum sem fyrirtækið hefur glímt við, fyrst með sameiningu veitustofnana. Fá fyrirtæki á Íslandi hafa fengið jafn margar vottanir sem lúta að gæðum og verkferlum. Fyrirtækið hefur á vissum sviðum verið leiðandi í innleiðingu nýrra stjórnunarháttanna. Þrátt fyrir þetta virðast ákveðnar brotalamir hafa verið í starfsemi þess, sérstaklega á sviði áhættustýringar og áætlanagerðar sem ítarlega er fjallað um annars staðar í skýrslunni. Einnig vantaði upp á að innra eftirlit væri nægjanlega virkt á skoðunartímanum.

5. Yfirlit í tímaröð yfir starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur

Hér gefur að líta yfirlit yfir helstu ákvarðanir og þætti í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur frá árinu 1997 til 2010, en rétt þykir að gefa yfirsýn yfir helstu stiklur úr starfi Orkuveitu Reykjavíkur áður en lengra er haldið. Hér er getið allra samninga sem gerðir voru á starfstíma Orkuveitu Reykjavíkur sem úttektin nær til, auk þess sem samhengisins vegna er getið um veigamiklar ákvarðanir sem þó falla utan úttektartímabilsins. Til frekari skýringar er yfirlitið gefið miðað við hvert og eitt ár í rekstri fyrirtækisins. Þó koma ekki fram upplýsingar um lánþökur, en grein er gerð fyrir þeim í sérstökum kafla hér á eftir. Auk þess ber að geta þess að frá því að úttektarnefndin hóf störf sín hefur Orkuveita Reykjavíkur gripið til umfangsmikilla aðhaldsaðgerða í rekstri fyrirtækisins, m.a. á grundvelli aðgerðaráætlunar eigenda. Eignir hafa verið seldar, viðræður hafa staðið um framhald Hverahlíðarvirkjunar og þá hafa eigendur fyrirtækisins sett sér sérstaka eigendastefnu. Um þau atriði verður ekki fjallað í úttektinni, nema þegar þess gerist þörf til þess að gæta samhengis í umfjölluninni.



2003

- Viljayfirlýsing um orkusölu til Norðuráls.
- Samkeppni innleidd í orkusölu (rafmagn), lög nr. 65/2003.
- Uppbygging og rekstur hitaveitu í Munaðarnesi.
- Kaup á dreifikerfi á heitu vatni í Úthlíð, Biskupstungum.
- Kaup á dreifikerfi á heitu vatni í Miðhúsum, Biskupstungum.
- Kaup á hitaveitu Hlíðamanna, Biskupstungum.
- Kaup á dreifikerfi á heitu vatni í Brekku og Brekkuskógum,
- Biskupstungum.
- Kaup á heitavatsborholu á Þóroddsstöðum, Ölfusi.
- Kaup á vatnsveitu Borgarbyggðar.
- Yfirtaka vatnsveitu Bifrarar.
- Samþykkt áætlun um flýti framkvæmdir, m.a. 4. vél Nesjavalla,
- Hellisheiðarvirkjun og lagning ljósleiðara.
- Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum Hellisheiðarvirkjunar lögð fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

2006

- Fráveitur bættast við rekstur Orkuveitu Reykjavíkur (samningar gerðir á árinu 2005).
- Kaup á fráveituværi Faxaflóahafna.
- Reykjavíkur selur hlut í Landsvirkjun.
- Orkusölusamningur Alcan (Straumsvík).
- Raforkusala hefst á Hellisheiði.
- Samningur um fráveitu, gagnaveitu, hitaveitu og vatnsveitu í landi Kross, Innri Akraneshreppi.
- Kaup á hitaveitu Skorradals.
- Kaup á vatnsveitu Borgarfjarðarsveita.
- Yfirtaka á rekstri vatnsveitu Vatnsveitufélags Borgarhrepps.
- Gagnaveita Reykjavíkur stofnuð (eftir athugasemdir frá Póst- og fjarskiptastofnun).

2008

- Ný lög um uppskiptingu fyrirtækisins sett á Alþingi (uppskiptingarlög).
- Viljayfirlýsing um sölu raforku til iðjuvers í Ölfusi (síðar fallið frá henni).

2004

- Orkusölusamningur Norðurál – Grundartangi.
- Tillaga að orkustefnu Reykjavíkur lögð fram.
- Kaup á hitaveitu Hveragerðis.
- Kaup á Austurveitu, Ölfusi.
- Kaup á vatnsveitu Álftanes.
- Kaup á vatnsveitu Stykkishólms.
- Kaup á dreifikerfi Úthlíðar, Biskupstungum.
- Sala á Línu.Net hf. og kaup ljósleiðaranets með samningi við Og Fjarskipti hf.
- Samþykkt að ljósleiðaravæða Seltjarnarnes (viðræður við Akranes um hið sama).

2005

- Ljósleiðaravæðing Orkuveitu Reykjavíkur hefst (Reykjavík, Mosfellsbær, Þorlákshöfn, Hveragerði, Álftanes, Hella, Hvalsöllur).
- Kaup á hitaveitu Rangæinga.
- Kaup á vatnsveitu Stykkishólms.
- Samningar um uppbyggingu og rekstur hitaveitu í Grundarfirði (einnig vatnsveita).
- Þátttaka í íslenska djúpbörunarverkefniinu.

2007

- Keyptur hluti í Hitaveitu Suðurnesja.
- Reykjavík Energy Invest (REI) stofnað.
- Gagnaveita Reykjavíkur tekur til starfa.
- Sala á flutningskerfi (háspennuvirkjum) til Landsnets.
- Orkusölusamningur Norðurál – Helguvík.
- Kaup á fráveitu Álftanes.

2009

- Stjórn samþykkir heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur.
- Sala til Magma á hlut Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku.

6. Fjárhagslegt yfirlit

Hér á eftir verður farið yfir þróun á helstu fjárhagsstærðum og kennitölum Orkuveitu Reykjavíkur frá stofnun sameignarfyrirtækisins árið 2002 fram til ársloka 2010. Markmiðið er að veita fjárhagslegt yfirlit yfir þróun mála á tímabilinu án þess að skýrðar séu ástæður hennar. Um það verður fjallað í síðari köflum. Allar upplýsingar í þessum hluta eru á samstæðugrunni nema annað sé tekið fram og byggja á ársreikningum samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur í lok hvers árs frá 2002 – 2010, ársskýrslum sem fylgdu ársreikningum, ýmsum sundurliðunum og undirliggjandi gögnum ársreikninganna. Ársreikningar Orkuveitunnar voru fram til ársins 2007 gerðir samkvæmt lögum um ársreikninga en á því ári voru alþjóðlegir reikningskilastaðlar (IFRS) teknir upp. Við gerð ársreiknings vegna ársins 2007 var samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2006 breytt og eru þær fjárhæðir því einnig samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Ástæða þess að fyrirtækið tók upp IFRS við gerð ársreiknings á árinu 2007 og hefur beitt þeim reglum síðan er krafa sem gerð er í lögum nr. 3/2006 (áður lög nr. 144/1994) sem skyldar félög með skráð skuldabréf til að beita þeim reglum við gerð reikningsskila sinna. Í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eru gerðar mun ítarlegri kröfur um skýringar en gerðar eru í lögum um ársreikninga og í kjölfarið breyttist ársreikningur Orkuveitunnar töluvert, en framsetningin á töluýfirlitinu um rekstur, efnahag og handbært fé tók ekki miklum breytingum við innleiðinguna. Veigamesta breytingin á reikningsskilunum var sú að farið var að færa innbyggðar afleiður vegna raforkusölusamninga í reikningsskilin og voru áhrif þess töluverð, aðrar breytingar sem höfðu minni áhrif voru m.a. þær að farið var að færa eignarhluta í félögum á gangvirði í stað kostnaðarverðs.

Í umfjölluninni hér á eftir er byrjað á að fjalla um rekstrarreikninginn og hann greindur niður eins og efni standa til, auk þess sem gerð er tilraun til að setja stærðir í samhengi við aðrar fjárhæðir til að greina betur þróun fjárhagsstærða. Einnig er gerður samanburður við önnur fyrirtæki í svipaðri starfsemi, þegar það á við. Því næst verður fjallað um efnahagsreikninginn og byrjar umfjöllunin á eignum, síðan er fjallað um skuldir og að síðustu eigið fé fyrirtækisins. Í þessari umfjöllun er efnahagsreikningurinn brotinn niður í helstu þætti og þróun á þeim stærðum sem mestu máli skipta greindar. Reiknaðar eru ýmsar kennitölur til frekari skýringar á þróuninni. Að síðustu er fjallað um sjóðstreymið og þróun á því greind ásamt því að ýmsar kennitölur um greiðsluhæfi eru reiknaðar.

Í köflunum sem á eftir koma um miðla Orkuveitunnar, hlutabréfaeign og rekstur og fjárfestingar tengdar rekstri er að finna nánari umfjöllun um ákvarðanir og einstaka fjárfestingar á tímabilinu.

6.1 Rekstrarreikningur

Í yfirlitinu hér að neðan er til frekari skýringar samantekt á rekstrarreikningi Orkuveitunnar, þar sem allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs, en í umfjölluninni sem hér kemur á eftir er búið að færa allar fjárhæðir til sama verðlags þannig að þær séu samanburðarhæfar. Fjárhæðir í yfirlitinu eru í millj.kr.

Yfirlit yfir rekstrarreikninga – fjárhæðir á verðlagi hvers árs									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Rekstrartekjur	11.604	12.006	13.184	14.728	18.101	21.364	24.168	26.013	27.916
Orkukaup	3.021	3.134	3.200	3.124	3.425	4.220	4.364	4.695	4.939
Laun og tengd gjöld	1.954	1.985	2.180	2.444	2.977	3.320	3.974	3.889	4.151
Annar kostnaður.....	2.832	2.596	2.673	2.620	3.149	3.910	4.179	4.458	4.874
Afskriftir	3.386	3.553	3.206	3.237	4.504	5.538	6.953	7.814	7.963
Rekstrargjöld samtals.....	11.193	11.268	11.259	11.425	14.055	16.988	19.470	20.856	21.927
Rekstrarafkoma	411	738	1.925	3.303	4.046	4.376	4.698	5.157	5.989
Fjármagnsliðir	2.484	487	1.741	1.067	(7.470)	3.934	(92.799)	(9.071)	10.777
Tekjuskattur	27	26	0	0	2.846	(1.794)	15.064	1.398	(3.037)
Hlutdeild minnihluta.....	83	28	5	(11)	(35)	(7)	77	(23)	0
Hagnaður (tap) ársins	3.005	1.279	3.671	4.359	(613)	6.509	(72.960)	(2.539)	13.729

Hér að neðan er yfirlit yfir rekstrarreikninga Orkuveitunnar þar sem allar fjárhæðir eru settar fram á meðalverðlagi ársins 2010. Gert er ráð fyrir að rekstrarreikningur ársins 2010 sé á því verðlagi og því eru fjárhæðir vegna 2010 í yfirlitinu þær sömu og í yfirlitinu að ofan. Fjárhæðir eru í millj.kr.


Yfirlit yfir rekstrarreikninga - fjárhæðir á meðalverðlagi 2010									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Rekstrartekjur	18.893	19.117	20.377	21.900	25.288	28.415	29.139	27.723	27.916
Orkukaup	4.919	4.990	4.946	4.645	4.785	5.613	5.262	5.004	4.939
Laun og tengd gjöld	3.181	3.161	3.369	3.634	4.159	4.416	4.791	4.145	4.151
Annar kostnaður.....	4.611	4.134	4.131	3.896	4.399	5.201	5.039	4.751	4.874
Afskriftir	5.513	5.657	4.955	4.813	6.292	7.366	8.383	8.328	7.963
Rekstrargjöld samtals.....	18.224	17.942	17.402	16.989	19.636	22.595	23.475	22.227	21.927
Rekstrarafkoma	669	1.175	2.975	4.912	5.653	5.820	5.664	5.496	5.989
Fjármagnsliðir	4.044	775	2.691	1.587	(10.436)	5.232	(111.888)	(9.667)	10.777
Tekjuskattur	44	41	0	0	3.976	(2.386)	18.163	1.490	(3.037)
Hlutdeild minnihluta.....	135	45	8	(16)	(49)	(9)	93	(25)	0
Hagnaður (tap) ársins	4.893	2.037	5.674	6.482	(856)	8.657	(87.968)	(2.706)	13.729

Hér á eftir verður fjallað um helstu liði rekstrarreikningsins. Fyrst eru sett upp myndræn yfirlit yfir þróun stærða frá árinu 2002 og síðan gerð tilraun til að setja fjárhæðir í samhengi við aðrar stærðir í rekstri fyrirtækisins, efnahag þess og breytingar á verðlagi til að auka á upplýsingagildi fjárhæðanna. Fjárhæðir eru ýmist settar fram á verðlagi hvers árs eða meðalverðlagi ársins 2010 eftir því sem við á hverju sinni og er það skýrt í texta sem fylgir skýringarmyndum.

6.1.1 Rekstrartekjur




Á myndinni hér að ofan er samanburður á rekstrartekjum fyrirtækisins í millj.kr. Á árinu 2002 námu rekstrartekjur 11.604 millj.kr. og hafa vaxið í að nema 27.916 millj.kr. á árinu 2010. Tekjur ársins 2002 á meðalverðlagi ársins 2010 eru 18.893 millj.kr. Hækkun tekna á tímabilinu nemur því um 9.023 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010, eða 47,8%. Vöxturinn frá 2002 til 2005 er á bilinu 1,2 – 7,5% en eykst verulega á árinu 2006 þegar vöxturinn er 15,5%. Vöxturinn heldur áfram á árinu 2007 og er 12,4% það ár. Á árinu 2008 er vöxturinn 2,5% en tekjur dragast saman um 4,9% á árinu 2009 og hækka síðan um 0,7% á árinu 2010. Tekjur samtals á tímabilinu á meðalverðlagi ársins 2010 eru 218.770 millj.kr. Rekstrartekjur ársins 2011 nema 33.626 millj.kr.



Á myndinni hér að ofan má sjá samanburð á vexti í tekjum annars vegar við almennar verðlagsbreytingar sem mældar eru með vísitölu neysluverðs og hins vegar við aukningu í fjárfestingum. Ástæðan fyrir þessum samanburði er sú að með nokkurri einföldun mætti ætla að tekjur þyrftu að vaxa í takt við almennar verðlagsbreytingar m.v. óbreyttar eignir, en vöxturinn ætti að aukast hráðar ef viðbótarfjárfestingum væri bætt við. Eins og fram kemur er vöxtur þessara þriggja breyta nánast eins á árunum 2002–2004. Nokkuð fer að bera á milli á árinu 2005, en eftir það ár fylgjast tekjur og neysluverðs-vísitala nokkuð að en vöxtur í fjárfestingum er töluvert meiri. Hafa þarf í huga við þennan samanburð að starfsemi Orkuveitunnar er fjárfestingarfræk og fjárfestingar skila tekjum um langan tíma og í viðtölum úttektarnefndarinnar við stjórnendur kom einnig fram að ekki eru allar fjárfestingar farnar að skila tekjum en muni væntanlega gera það síðar. Aukning fjárfestinga nemur á tímabilinu 308%, hækkun á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 63% og aukning í tekjum nemur 141%.

6.1.2 Rekstrargjöld




Á myndinni hér að ofan er samanburður á rekstrargjöldum fyrirtækisins í millj.kr. Á árinu 2002 námu rekstrargjöld 11.193 millj.kr. og hafa vaxið í að nema 21.927 millj.kr. á árinu 2010. Gjöld ársins 2002 á meðalverðlagi ársins 2010 eru 18.224 millj.kr. Hækkun gjalda á tímabilinu nemur því um 3.703 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010, eða 20,3%. Á árunum 2003 til 2005 lækkar rekstrarkostnaður sé horft á fjárhæðir framreiknaðar til meðalverðlags ársins 2010. Eftir það fer hann hækkandi og hækkar um 15,6% árið 2006 og 15,1% árið 2007. Á árinu 2008 er hækkunin 3,9% en síðan lækkar hann um 5,3% árið 2009 og 1,4% árið 2010. Rekstrargjöld samtals á tímabilinu á meðalverðlagi ársins 2010 eru 180.417 millj.kr. Rekstrargjöld ársins 2011 nema 21.272 millj.kr.



Eins og sjá má á myndinni hér að ofan hefur vöxtur í rekstrargjöldum ekki haldið í við vöxt tekna. Hlutfall rekstrargjalda á móti tekjum nam tæpum 96,5% á fyrsta rekstrarárinu sem er til skoðunar og lækkaði stöðugt fram til ársins 2006 þegar varð örlítill hækkun þeirra, en síðustu fjögur árin hafa rekstrargjöld numið um 80% af tekjum. Hlutfall rekstrargjalda af rekstrartekjum á árinu 2011 nemur 63%. Meðalhlutfall rekstrargjalda af rekstrartekjum á tímabilinu er 83,3%.

Skipting rekstrargjalda



Í ársreikningum fyrirtækisins er rekstrarkostnaði skipt niður í fjóra liði: Afskriftir, annan rekstrarkostnað, laun og launatengd gjöld og orkukaup. Myndin hér að ofan sýnir þróun gjalda eftir þessari flokkun á meðalverðlagi ársins 2010.


Afskriftir hafa vaxið frá því að vera 5.513 millj.kr. á árinu 2002 í 7.963 millj.kr. á árinu 2010 sem er 44,4% hækkun á tímabilinu. Á milli árunna 2002 og 2005 er lækkun á afskriftum 12,7%. Á árinu 2006 er mesta hækkun afskrifta á tímabilinu, eða 30,7% hækkun frá fyrra ári. Næstu tvö ár þar á eftir er hækkunin 17,1% og 13,8% en síðan koma lækkanir um 0,7% á árinu 2009 og 4,4% á árinu 2010. Afskriftir samtals á tímabilinu nema 59.271 millj.kr. Afskriftir ársins 2011 nema 8.881 millj.kr.

Annar rekstrarkostnaður hefur vaxið frá því að vera 4.611 millj.kr. á árinu 2002 í 4.874 millj.kr. á árinu 2010, sem er 5,7% hækkun á tímabilinu, en annar rekstrarkostnaður samtals á tímabilinu nemur 41.035 millj.kr. Annar rekstrarkostnaður á árinu 2011 nemur 3.538 millj.kr. og lækkaði því um 1.336 millj.kr. frá fyrra ári, eða um 27,4%.

Laun og launatengd gjöld hafa vaxið á meðalverðlagi 2010 frá því að vera tæpir 3.181 millj.kr. á árinu 2002 í 4.151 millj.kr. á árinu 2010, sem er 30,5% hækkun á tímabilinu. Laun og launatengd gjöld lækkuðu á milli árunna 2002 og 2003 um 0,65%. Þau lækkuðu síðan árið 2004 um 6,6%, árið 2005 um 7,9%. Mesta hækkunin á tímabilinu er á árinu 2006 en þá lækkuðu laun á milli ára um 14,4%. Á árinu 2007 lækkuðu laun síðan um 6,2% og 8,5% árið eftir. Á árinu 2009 lækkuðu laun á milli ára um 13,5% og stóðu síðan nánast í stað á milli árunna 2009 og 2010. Laun og launatengd gjöld samtals á tímabilinu nema 35.008 millj.kr. Laun og launatengd gjöld á árinu 2011 nema 3.836 millj.kr. og lækkuðu því um 315 millj.kr. frá fyrra ári.

Orkukaup hafa nánast staðið í stað frá 2002 til 2010 á verðlagi 2010. Hækkun á tímabilinu nemur 0,4%. Gjaldfærð orkukaup samtals á tímabilinu nema 45.102 millj.kr. Orkukaup á árinu 2011 nema 5.016 millj.kr. og standa því nánast í stað á milli ára.


Gjaldaliðir rekstrargjalda sem hlutfall af tekjum



Á myndinni hér að ofan má sjá gjaldaliði rekstrarkostnaðar borna saman við tekjur fyrirtækisins. Laun hafa haldist nokkuð stöðug allt tímabilið sem hlutfall af tekjum og hafa að meðaltali verið um 16% af tekjum. Orkukaup og annar rekstrarkostnaður hafa haldist nokkuð í hendur og fóru lækkandi sem hlutfall af tekjum á árunum fram til 2006 að því ári meðtöldu. Orkukaup voru að meðaltali um 23% af tekjum á því tímabili og annar rekstrarkostnaður 20,3% að meðaltali. Báðir þessi kostnaðarliðir hækkðu á árinu 2007 sem hlutfall af tekjum, lækkðu svo aftur 2008 og eru nokkuð stöðugri eftir það. Meðalhlutfall tímabilsins er 21,1% í orkukaupum og 19,1% í öðrum rekstrarkostnaði. Á árinu 2011 er hlutfall rekstrarkostnaðar af tekjum 10,5% og hlutfall orkukaupa 14,9%.


Afskriftir vega þyngst í öðrum rekstrarkostnaði og voru á tímabilinu að meðaltali 27% af tekjum fyrirtækisins. Hlutfallið fór heldur lækkandi fram til ársins 2006 og var að meðaltali 26% á því tímabili, en fór svo hækkandi eftir það og frá árinu 2007 til ársins 2010 voru afskriftir að meðaltali 28,3% af tekjum. Hlutfall afskrifta af tekjum á árinu 2011 nam 26,4%.

EBITDA



Á myndinni hér að ofan er EBITDA fyrirtækisins á verðlagi hvers árs auk þess að vera á meðalverðlagi ársins 2010. EBITDA (Earnings Before Interests, Taxes, Depreciation and Amortization) sýnir hversu miklu reksturinn skilar óháð því hvernig félagið er fjármagnað og án þess að tekið sé tillit til afskrifta varanlegra rekstrarfjármuna, afskrifta óefnislegra eigna og skatta. Þessi kennitala er reiknuð til að reyna að varpa ljósi á getu fyrirtækisins til að skila hagnaði, greiða arð til eigenda, greiða af lánnum og greiða opinber gjöld. Á árinu 2002 nam EBITDA 3.797 millj.kr. og hefur vaxið í það að nema 13.952 millj.kr. á árinu 2010. EBITDA ársins 2002 á meðalverðlagi ársins 2010 nemur 6.182 millj.kr. Hækkun EBITDA á tímabilinu nemur því 7.770 millj.kr. eða 126%. EBITDA ársins 2011 nemur 21.235 millj.kr. og hefur því aukist um 7.283 millj.kr. frá árinu 2010, eða um 52,2%.

EBITDA sem hlutfall af tekjum



Á myndinni hér að ofan má sjá EBITDA sem hlutfall af tekjum fyrirtækisins. Þetta hlutfall mælir hversu hátt hlutfall tekna er eftir til að mæta afskriftum, fjármagnskostnaði og skattgreiðslum. Á árinu 2002 er hlutfallið 32,7%, en hækkar síðan samfellt til ársins 2006 þegar það mælist 47,2%. Hlutfallið lækkar síðan í 46,4% á árinu 2007 og hækkar síðan aftur það sem eftir er tímabilsins og nemur á árinu 2010 50%. Meðalhlutfall tímabilsins er 43,7%. Til samanburðar er samsvarandi hlutfall samanburðarféлага í skýrslu sem unnin var af H.F. Verðbréfum hf. og Orkuveitu Reykjavíkur sem dagsett er þann 28. janúar 2011, eins og hér segir:¹⁰⁴

Landsvirkjun	HS Orka	RARIK	Statkraft	Vattenfall	Verbund	EnergiNet
76,4%	47,5%	32,7%	49,0%	24,6%	35,9%	36,4%


Reiknað meðaltal þessara stærða nemur 43,2% en meðaltalið eins og það er sett fram í skýrslunni nemur 44,4%.¹⁰⁵ Meðalhlutfall Orkuveitunnar, 43,7%, er þannig svipað meðaltali samanburðarfyrirtækjanna en gera verður þann fyrirvara við samanburðinn, að ekkert þessara fyrirtækja hefur með höndum nákvæmlega þá sömu starfsemi og Orkuveitan, en samanburðurinn gefur engu að síður vísbendingu um arðsemi Orkuveitunnar. Í sömu skýrslu eru sett fram arðsemismarkmið Orkuveitunnar um þessa kennitölu og eru þau 50%.¹⁰⁶ Sé ofangreint markmið borið saman við raunverulega arðsemi má sjá að markmiðið næst eingöngu á árinu 2010 og meðalhlutfallið 43,7% nær ekki markmiðinu. Þess ber að geta að ekki kemur fram í skýrslunni frá hvaða tíma markmiðið er sett, þannig að það má vera að það að hafi verið hærra eða lægra áður.

104 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa, dags. 28. janúar 2011. Bls. 11.


105 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa, dags. 28. janúar 2011. Bls. 11.

106 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa, dags. 28. janúar 2011. Bls. 12.

6.1.3 Rekstrarafkoma



Á myndinni hér að ofan má sjá rekstrarhagnað Orkuveitunnar á verðlagi hvers árs og meðalverðlagi ársins 2010. Rekstrarhagnaður eru rekstrar-
tekjur að frádregnum rekstrargjöldum. Eins og komið hefur fram í um-
fjöllun hér að ofan um rekstrartekjur og rekstrargjöld, hefur verið stöðugur
vöxtur í rekstrartekjum fyrirtækisins í krónum talið á meðan rekstrargjöld
hafa lækkað í hlutfalli við rekstrartekjur. Því er jákvæð rekstrarafkoma öll
ár frá stofnun fyrirtækisins og nemur uppsöfnuð rekstrarafkoma tímabilsins
38.353 millj.kr. Rekstrarhagnaður hefur aukist í krónum talið hvert ár frá
því að vera 669 millj.kr. á árinu 2002 í að vera 5.989 millj.kr. á árinu 2010.
Rekstrarhagnaður ársins 2011 nemur 12.354 millj.kr. og hefur því hækkað
um 6.365 millj.kr. frá árinu 2010 eða um 106,3%.



Á myndinni hér að ofan má sjá rekstrarafkomu í hlutfalli af rekstrartekjum.
Vöxtur er í rekstrarhagnaði sem hlutfall af tekjum fyrirtækisins frá árinu
2002, þegar hlutfallið var 3,5%, til ársins 2005, þegar hlutfallið nam 22,4%.
Eftir það fór hlutfallið lækkanði þar til það var 19,4% á árinu 2008 og
hækkaði svo lítillega næstu tvö ár á eftir. Á árinu 2010 er hlutfallið 21,45%
og á árinu 2011 fer það í 36,7%.

6.1.4 Fjármagnsliðir

Á yfirlitinu hér að neðan er að finna samantekt á fjármagnsliðum rekstrar-
reiknings Orkuveitunnar þar sem allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.
Í umfjölluninni sem hér fylgir á eftir, er megináherslan lögð á að gefa
yfirlit þar sem búið er að færa allar fjárhæðir til sama verðlags svo þær séu
samanburðarhæfar. Fjárhæðir í yfirlitinu eru í millj.kr.

Yfirlit yfir fjármagnsliði rekstrarreiknings - fjárhæðir á verðlagi hvers árs.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur....	213	180	149	157	182	267	895	406	166
Vaxtagjöld	(894)	(736)	(857)	(1.159)	(2.318)	(3.347)	(5.334)	(5.712)	(4.030)
Áhrif hlutabréfaeignar	29	(79)	(84)	123	929	(122)	(309)	(2.904)	(124)
Gengism. og framvirkir gjaldm.samn ..	2.690	440	2.533	1.945	(8.220)	2.580	(88.689)	(12.037)	15.060
Gangvirdisbr. innbyggðra afleiðna	0	0	0	0	1.957	4.454	937	11.073	247
Aðrir fjármagnsliðir	447	681	0	0	0	102	(299)	103	(542)
	2.485	486	1.741	1.066	(7.470)	3.934	(92.799)	(9.071)	10.777


Hér að neðan er yfirlit yfir fjármagnsliði rekstrarreikninga Orkuveitunnar þar sem allar fjárhæðir eru á meðalverðlagi ársins 2010. Eins og áður er gert ráð fyrir að rekstrarreikningur ársins 2010 sé á því verðlagi og því eru fjárhæðir vegna 2010 í yfirlitinu þær sömu og í yfirlitinu að ofan. Fjárhæðir eru í millj.kr.

Yfirlit yfir fjármagnsliði rekstrarreiknings- fjárhæðir á meðalverðlagi 2010

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur....	347	287	230	233	254	355	1.079	433	166
Vaxtagjöld	(1.456)	(1.172)	(1.325)	(1.723)	(3.238)	(4.452)	(6.431)	(6.088)	(4.030)
Áhrif hlutabréfaeignar	47	(126)	(130)	183	1.298	(162)	(373)	(3.095)	(124)
Gengism. og framvirkir gjaldm.samn ..	4.380	701	3.915	2.892	(11.484)	3.432	(106.933)	(12.828)	15.060
Gangvirdisbr. innbyggðra afleiðna	0	0	0	0	2.734	5.924	1.130	11.801	247
Aðrir fjármagnsliðir	728	1.084	0	0	0	136	(361)	110	(542)
	4.046	774	2.691	1.585	(10.436)	5.232	(111.888)	(9.667)	10.777

Eins og sjá má á yfirlitinu eru helstu fjármagnsliðirnir vaxtagjöld, gengismunur, áhrif framvirkra gjaldmiðlasamninga og gangvirdisbreytingar innbyggðra afleiðna í raforkusamningum. Á árinu 2009 er fært tap vegna hlutabréfaeignar tæpur 3,1 milljaður kr. en það ár sker sig úr varðandi þann lið og vísast til kaflans um fjárfestingar í hlutabréfum til frekari umfjöllunar um ástæður þess.

Vaxtagjöld




Á myndinni hér að ofan má sjá þróun á vaxtagjöldum fyrirtækisins á verðlagi hvers árs auk þess sem fjárhæðir eru einnig settar fram á meðalverðlagi ársins 2010. Á árinu 2002 námu vaxtagjöldin 894 millj.kr. og hafa vaxið í það að nema 4.030 millj.kr. á árinu 2010. Vaxtagjöld ársins 2002 á meðalverðlagi ársins 2010 eru 1.456 millj.kr. Hækkun vaxtagjalda á tímabilinu nemur því um 2.574 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010, eða 177%. Séu

fjárhæðir bornar saman á meðalverðlagi ársins 2010 sést að vaxtagjöldin lækka á árinu 2003 um 19%, hækka síðan um 13% á árinu 2004, um 30% á árinu 2005 og síðan um 88% á árinu 2006. Árið 2007 er hækkunin síðan 37%, árið 2008 44% en svo lækka vaxtagjöldin um 5% á árinu 2009 og um 34% á árinu 2010. Vaxtagjöld ársins 2011 nema 5.690 millj.kr.

Við samanburð á milli ára þarf að gæta þess að horfa bæði til nýrrar lántöku sem fjallað er um seinna í kaflanum og einnig til gengisáhrifa lána sem einnig er fjallað um hér á eftir. Á árunum 2006 og 2009 hækkuðu lánin vegna gengisfalls íslensku krónunnar en lækka síðan að einhverju leyti á árinu 2010 vegna styrkingar íslensku krónunnar.

Meðal vaxta eru færðar greiðslur til eigenda í formi ábyrgðargjalds vegna lána sem nema 1.834 millj.kr. á tímabilinu. Gjaldið er skylt er að greiða þeim sveitarfélögum sem höfðu undirgengist ábyrgðir vegna lána Orkuveitu Reykjavíkur. Ábyrgðargjald sem nam 0,25% af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga var greitt frá og með árinu 2005. Frá og með árinu 2010 var gjaldið hækkað í 0,375% og nam hækkunin því 50%. Útreikningur ábyrgðargjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs.

Vaxtagjöld sem hlutfall af meðalstöðu vaxtaberandi skulda



Vaxtagjöld sem hlutfall af meðalstöðu langtímalána hafa þróast með þeim hætti sem fram kemur á myndinni hér að ofan. Um einfaldan útreikning er að ræða þar, sem eingöngu er reiknuð meðalstaða út frá stöðu lána í upphafi og lok árs og því geta t.d. háar lántökur í lok árs skekkt hlutfallið. Markmiðið með yfirlitinu er að gefa yfirlitsmynd af þróun vaxtagjalda á tímabilinu. Hlutfallið fer frá því að vera hæst 4,3% á árinu 2002 í það að vera lægst 1,4% á árinu 2010. Við skoðun á vaxtagjöldunum þarf að taka tillit til þess hvernig Orkuveitan hefur verið fjármögnuð, þ.e. í íslenskum krónum og erlendum myntum. Á yfirlitinu hér á eftir má sjá yfirlit yfir samsetningu fjármögnunar Orkuveitunnar þar sem allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs og samtala á árslokaverðlagi ársins 2010. Fjárhæðir eru í millj.kr.

Yfirlit yfir samsetningu fjármögnunar Orkuveitunnar									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
USD	6.957	7.823	7.361	7.506	11.627	11.738	31.995	44.717	37.773
EUR	6.046	9.523	8.668	7.290	17.875	34.751	76.655	84.090	75.621
CHF	2.403	2.140	4.816	7.326	13.249	19.248	39.215	41.607	41.747
JPY	1.559	1.440	1.213	3.150	6.758	9.359	23.636	21.614	21.950
SEK	1.434	1.586	1.490	3.432	4.916	8.082	12.676	14.080	13.549
GBP	1.284	1.992	2.646	2.367	4.855	2.463	3.283	8.202	7.079
DKK	5	1	0	0	0	0	0	0	0
CAD.....	0	0	0	0	0	66	6.318	0	0
ISK	3.027	3.209	3.264	6.037	7.103	6.933	12.003	22.258	27.473
Samtals	22.715	27.714	29.458	37.109	66.383	92.641	205.780	236.568	225.192
Á verðlagi 2010	37.081	44.041	45.050	54.493	91.146	120.157	229.377	242.745	225.192
Lán í erlendri mynt	87%	88%	89%	84%	89%	93%	94%	91%	88%
Lán í íslenskum krónum	13%	12%	11%	16%	11%	7%	6%	9%	12%
Vegnir meðalvextir í árslok	3,1%	2,6%	3,0%	3,1%	3,8%	4,1%	3,5%	1,4%	1,5%

Eins og kemur fram á yfirlitinu hér að ofan, þar sem vaxtaberandi skuldir eru flokkaðar niður á gjaldmiðla, hefur fyrirtækið að mestu verið fjármagnað í erlendri mynt. Hlutfall erlendra myntar í fjármögnun er á bilinu 87% á árinu 2002 til 94% á árinu 2008. Vegnir meðalvextir á tímabilinu miðað við myntir eru einnig reiknaðir á yfirlitinu og fylgja þeir sömu þróun og vaxtagjöld í hlutfalli af meðalstöðu langtímalána og fara frá því að vera lægstir 1,4% á árinu 2009 í að vera 4,1% á árinu 2007.


Orkuveitan hefur gert raforkusölusamninga þar sem söluverð á raforku byggir m.a. á markaðsverði á áli. Upplýsingar um þann hluta af tekjum fyrirtækisins eru fyrirbyggjandi frá árinu 2007 og er eins og fram kemur á yfirlitinu hér að neðan.

Hlutfall tekna sem tengt er við álverð

2007	2008	2009	2010
13,0%	15,6%	17,6%	20,4%


Eins og sjá má á samanburði á fjármögnun fyrirtækisins með tilliti til erlendra myntar og samanburði á þeim hluta sem tengdur er álverði og þar með gengisþróun ber töluvert í milli um að jafnvægi sé til staðar og vísast til kaflans um áhættustýringu til nánari umfjöllunar um þann þátt. Það skal þó tekið fram hér að í samtölum úttektarnefndarinnar við stjórnendur fyrirtækisins kom fram að ekki hafi verið tekið tillit til áhættu við fjármögnun í erlendri mynt við mat á fjárfestingum og að einnig hafi á engan hátt verið tekið tillit til hennar við ákvarðanir á gjaldskrá. Einnig kom fram að öll áhersla var lögð á að takmarka vaxtagreiðslur með því að hafa fjármögnunina í erlendri mynt og að almennt hafi ekki verið gerðir neindir samningar til að verjast gengissveiflum.

Gengismunur og framvirkir gjaldmiðlaskiptasamningar




Á myndinni hér að ofan má sjá yfirlit yfir þróun gengismunar á tímabilinu sem er til skoðunar. Gengismunurinn er bæði vegna eigna og skulda en einnig er innifalinn í honum kostnaður vegna framvirkra gjaldmiðlasamninga. Eins og fyrr sagði hefur ekki verið mikið um framvirka gjaldeyris-samninga og mestur hluti gengismunarins er til kominn vegna skulda þar sem óverulegur hluti eigna Orkuveitunnar hefur verið í erlendri mynt. Uppsafnaður gengismunur tímabilsins er óhagstæður sem nemur 83.698 millj.kr. á verðlagi hvers árs og 100.866 millj.kr. sé horft til fjárhæða á meðalverðlagi ársins 2010. Áhrif gengismunar á árunum 2002 til 2005 er samtals jákvæður um 11.888 millj.kr. Á árinu 2006 nemur gengistap 11.484 millj.kr., gengishagnaður er 3.432 millj.kr. á árinu 2007, en svo sker árið 2008 sig úr þegar íslenska krónan hrundi og nemur gengistap þess árs 106.933 millj.kr. Árið 2009 er gengismunur áfram óhagstæður um 12.828 millj.kr. og snýst svo við á árinu 2010 þegar gengismunur er jákvæður um 15.060 millj.kr. Gengismunur á árinu 2011 er neikvæður um 11.467 millj. kr.

Vaxtagjöld og gengismunur sem hlutfall af meðalstöðu vaxtaberandi skulda



Á myndinni hér að ofan má sjá hlutfall samanlagðra vaxtagjalda og gengismunar sem hlutfall af meðalstöðu langtímaskulda og má þá með nokkurri einföldun segja að hlutfallið sé hlutfallslegur kostnaður við lánsfé og að ávöxtun eigna þurfi að nema allavega þessu hlutfalli svo fjárfestingar séu hagkvæmar. Ávöxtun eigna umfram kostnað við lánsfé yrði þá ávöxtun eigin fjár. Hlutfallið er neikvætt þau ár sem gengismunur er jákvæður umfram vaxtagjöld en jákvætt önnur. Meðalhlutfall tímabilsins er 7,83%.

**Gangvirðisbreytingar innbyggðra
afleiðna í raforkusamningum**

Á myndinni hér að ofan má sjá rekstraráhrif innbyggðra afleiða. Samtals hefur verið fært til tekna í rekstrarreikningi Orkuveitunnar 21.836 millj.kr. Engin áhrif koma fram í reikningsskilum fyrirtækisins fyrir innleiðingu IFRS, þ.e. á árunum fyrir 2006 þegar afleiður voru fyrst metnar inn í reikningsskil fyrirtækisins á tæpa 2.734 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Eftir fyrsta matið hefur virði þeirra aukist árlega, um 5.924 millj.kr. árið 2007, 1.130 millj.kr. árið 2008 og 11.801 millj.kr. árið 2009. Samkvæmt endurskoðunarskýrslu KPMG vegna ársins 2009 má aðallega rekja hækkunina á árinu 2009 til hækkunar álverðs í nóvember og desember.¹⁰⁷ Hækkunin á árinu 2010 nam síðan 247 millj.kr. Gangvirðisbreytingin á árinu 2011 nam 2.728 millj.kr.


Innbyggðar afleiður í efnahagsreikningi er liður þar sem verðmat í árslok hvers árs byggir á mati stjórnenda hverju sinni og eru breytingar á matinu færðar í rekstrarreikning. Eins og með aðra matskennda liði getur raunveruleg niðurstaða um verðmæti orðið önnur eftir þróun þeirra forsendna sem notaðar eru við útreikningana. Til nánari útskýringar kemur eftirfarandi fram í endurskoðunarskýrslu ársins 2010 frá KPMG þar sem fjallað er um innbyggðar afleiður:

„Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum vegna stóriðju
Gerðir hafa verið þrír raforkusölusamningar við Nordurál vegna álvers á Grundartanga og einn samningur við Landsnet hf. um flutning á rafmagni. Samningar þessir eru allir til 20 ára. Þá hefur Orkuveita Reykjavíkur gert samning við Nordurál um afhendingu raforku sem Nordurál getur nýtt í fyrirhugað álver í Helguvík eða Grundartanga og er stefnt að afhendingu orku fyrir fyrsta áfangann árið 2011 en samningurinn er til 25 ára. Raforkusamningar þessir eru gerðir í Dollurum og er verð á rafmagni tengt heimsmarkaðsverði á áli. Þessir samningar fela í sér innbyggðar afleiður þar sem tekjur af þeim eru háðar breytingum á heimsmarkaðsverði á áli í framtíðinni. Gangvirði þessara afleiða hefur verið metið í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastadal nr. 39 (IAS 39) og það fært í ársreikning samstæðunnar. Innbyggðar afleiður af raforkusölusamningum eru færðar til eignar í efnahagsreikning á gangvirði og gangvirðisbreyting þeirra færð í rekstrarreikning meðal tekna af fjáreignum. Bókfært verð þessara afleiða í efnahagsreikningi er 20.411 milljónir kr. Gangvirðisbreyting ársins nam 247 milljónum kr. og er færð til tekna í rekstrarreikningi. Gangvirði afleiðanna er metið samkvæmt

107 KPMG: Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2009. Bls. 11.

viðurkenndum matsaðferðum sem eru óbreyttar frá fyrra ári. Gangvirði er áætlað út frá núvirtu greiðsluflæði samninga á uppgjörstegi miðað við framvirkt álverð og væntingar um verðþróun á áli til næstu 30 ára. Byggt er á mati CRU sem er óháður matsaðili. ¹⁰⁸


6.1.5 Tekjuskattur



Orkuveita Reykjavíkur er tekjuskattsskyld vegna ákveðinna hluta starfsemi sinnar í samræmi við 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og hefur verið það frá árinu 2006. Sá hluti starfsemi fyrirtækisins er lýtur að rekstri vatnsveitu og fráveitu er undanskilinn tekjuskatti. Á tímabilinu sem er til skoðunar nema gjaldfærslur vegna tekjuskatts 14.530 millj.kr. sem eru 18.291 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010.

Á árinu 2006 voru einnig færðir til hækkunar á afkomu meðal tekjuskatta tæpir 2.929 millj.kr. sem eru 4.092 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 vegna uppfærslu á tekjuskattsinneign vegna mismunar á skattalegu og reikningshaldslegu verði varanlegra rekstrarfjármuna við það að fyrirtækið varð skattskyld. Sú færsla kemur því ekki til vegna reksturs ársins og hefði afkoma ársins 2006 verið neikvæð um 4.948 millj.kr. hefði sú færsla ekki komið til.

6.1.6 Afkoma



Á myndinni hér að ofan má sjá þróun afkomunnar á tímabilinu, þ.e. endanlegs hagnaðar eða taps þegar búið er að taka tillit til allra tekna og gjalda

108 KPMG: Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2010. Bls. 11

fyrirtækisins. Frá því að Orkuveitan var stofnuð á árinu 2002 er samanlögð afkoma fyrirtækisins neikvæð um 50.059 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Afkoman fyrstu fjögur árin sem eru til skoðunar var jákvæð og nam frá því að vera 2.037 millj.kr. á árinu 2003 í 6.482 millj.kr. á árinu 2005. Árið 2006 er síðan tap að fjárhæð 856 millj.kr. Afkoman er síðan aftur jákvæð á árinu 2007 um 8.657 millj.kr. Árið 2008 sker sig úr og þá er tap fyrirtækisins 87.968 millj.kr. Afkoman er neikvæð á árinu 2009 og þá um 2.706 millj.kr. en er jákvæð um 13.729 millj.kr. á árinu 2010.

Eins og komið hefur fram hér á undan var rekstrarafkoma fyrirtækisins jákvæð öll árin sem eru til skoðunar og skýrist tap fyrirtækisins eingöngu af gengistapi, sem eins og áður kom fram, hafði mest áhrif á árunum 2006, 2008 og 2009.

Afkoma ársins 2011 er neikvæð um 556 millj.kr. þrátt fyrir þá jákvæðu þróun í rekstrartekjum og gjöldum og þar með rekstrarafkomu eins og fram kom hér að framan og skýrist það að mestum hluta af gengistapi.

6.2 Efnahagsreikningur

6.2.1 Eignir

Í yfirlitinu hér að neðan er til glöggvunar samantekt á eignahlið efnahagsreiknings Orkuveitunnar þar sem allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs en í umfjölluninni sem hér kemur á eftir er megináherslan á upplýsingar þar sem fjárhæðir hafa verið færðar til sama verðlags, þannig að þær séu samanburðarhæfar. Fjárhæðir í yfirlitinu eru í millj.kr.

Yfirlit yfir efnahagsreikning - fjárhæðir á verðlagi hvers árs									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Eignir									
Varanlegir rekstrarfj.	60.830	65.733	70.721	83.488	129.969	162.417	226.970	240.716	248.031
Óefnislegar eignir.....	271	235	69	69	322	1.440	1.681	1.648	1.514
Eignarhl. í hlutdeildarf.	0	0	0	0	197	831	574	489	313
Eignarhl. í öðrum félögum	0	0	0	0	28	9.923	10.026	2.187	2.062
Fjárfestingaverðbréf	741	700	615	726	0	0	0	0	0
Innbyggðar afleiður	0	0	0	0	3.700	7.341	9.091	19.036	18.809
Aðrar fjáreignir	184	225	173	152	95	141	105	7.657	7.333
Tekjuskattsinneign	0	0	0	0	1.481	190	4.169	1.194	207
Fastafjármunir samtals	62.026	66.893	71.579	84.435	135.791	182.284	252.618	272.927	278.270
Birgðir	399	332	405	540	722	969	1.545	752	567
Viðskiptakröfur	1.861	1.815	1.875	2.251	2.758	2.750	3.292	3.339	3.662
Innbyggðar afleiður	0	0	0	0	0	813	0	1.128	1.602
Aðrar fjáreignir	25	30	28	28	78	226	111	82	5
Aðrar skammtímakröfur	116	127	217	158	410	697	563	353	92
Handbært fé.....	176	557	126	628	253	3.751	1.244	2.943	2.344
Veltufjármunir samtals	2.576	2.862	2.651	3.604	4.222	9.207	6.755	8.598	8.270
Eignir samtals	64.602	69.755	74.230	88.039	140.013	191.491	259.373	281.525	286.540

Hér að neðan er yfirlit yfir eignahliðs efnahagsreiknings Orkuveitunnar þar sem allar fjárhæðir eru á árslokaverðlagi ársins 2010. Fjárhæðir eru í millj.kr.

Yfirlit yfir eignahlíð efnahagsreiknings – fjárhæðir á árslokaverðlagi 2010

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Eignir									
Varanlegir rekstrarfj.	99.300	104.458	108.153	122.599	178.451	210.658	252.997	247.001	248.031
Óefnislegar eignir.....	443	374	105	101	442	1.868	1.873	1.691	1.514
Eignarhl. í hlutdeildarf.	0	0	0	0	270	1.078	640	501	313
Eignarhl. í öðrum félögum	0	0	0	0	38	12.871	11.176	2.244	2.062
Fjárfestingaverðbréf	1.210	1.113	941	1.066	0	0	0	0	0
Innbyggðar afleiður	0	0	0	0	5.080	9.522	10.134	19.533	18.809
Aðrar fjáreignir	300	358	265	224	131	183	117	7.857	7.333
Tekjuskattsinnæign	0	0	0	0	2.033	247	4.648	1.225	207
Fastafjármunir samtals	101.253	106.302	109.464	123.989	186.445	236.426	281.585	280.053	278.270
Birgðir	651	528	620	793	991	1.257	1.722	772	567
Viðskiptakröfur	3.037	2.884	2.868	3.305	3.787	3.567	3.670	3.426	3.662
Innbyggðar afleiður	0	0	0	0	0	1.054	0	1.157	1.602
Aðrar fjáreignir	41	48	43	41	107	294	124	84	5
Aðrar skammtímakröfur	189	202	331	232	563	904	628	362	92
Handbært fé.....	287	885	192	921	348	4.865	1.386	3.020	2.344
Veltufjármunir samtals	4.205	4.547	4.054	5.292	5.796	11.941	7.530	8.823	8.270
Eignir samtals	105.458	110.850	113.519	129.281	192.242	248.367	289.115	288.876	286.540


Á yfirlitinu hér að ofan má sjá yfirlit yfir þróun eigna Orkuveitunnar frá árinu 2002 fram til ársins 2010. Veigamestu eignirnar eru varanlegir rekstrarfjármunir en hlutfall þeirra af heildareignum sést á yfirlitinu hér að neðan:

Hlutfall varanlegra rekstrarfjármuna af heildareignum

2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
94%	94%	95%	95%	93%	85%	88%	86%	87%


Hér á eftir verður nánast eingöngu fjallað um varanlega rekstrarfjármuni. Um eignarhluta í öðrum félögum vísast til kaflans um fjárfestingar í eignarhlutum í félögum, en umfjöllun um innbyggðar afleiður má finna hér að framan þar sem fjallað var um rekstrarreikning fyrirtækisins. Eins og í umfjölluninni um rekstrarreikninginn er byrjað á að setja upp myndræn yfirlit yfir þróun stærða frá árinu 2002 og síðan gerð tilraun til að setja fjárhæðir í samhengi við aðrar stærðir í rekstri, efnahag og öðru, svo sem breytingum á verðlagi, til að auka upplýsingagildi fjárhæðanna. Fjárhæðir eru ýmist settar fram á verðlagi hvers árs eða árslokaverðlagi ársins 2010 eftir því sem við á hverju sinni og er það skýrt í texta. Auk þess er í þessum hluta kaflans umfjöllun um arðsemi eigna.

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna



Á myndinni hér að ofan má sjá þróun á bókfærðu verði varanlegra rekstrarfjármuna þar sem tölur eru á verðlagi hvers árs auk árslokaverðlags 2010. Í árslok 2002 nam bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna 60.830 millj. kr. á verðlagi þess árs sem er 99.300 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2010 nemur 248.030 millj.kr. og því er aukningin á tímabilinu 148.730 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010, eða 150%. Hækkunin á árunum 2002 til 2005 nemur 23.298 millj.kr., eða 23%. Árið 2006 hækkar bókfærða verðið um 56.292 millj.kr. eða 46%, og þar af er hækkun vegna sameiningar Fráveitu Reykjavíkur við Orkuveituna 30.358 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Vísast til umfjöllunar í kaflanum fráveitu, um sameininguna. Bókfærða verðið hækkar síðan árið 2007 um 33.111 millj.kr., árið 2008 um 40.995 millj.kr. og lækkar síðan á árinu 2009 um 5.996 millj.kr. og hækkar síðan um 1.029 millj.kr. árið 2010.


Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum



Á myndinni hér að ofan má sjá þróun í fjárfestingum varanlegra rekstrarfjármuna. Fjárhæðir eru bæði á verðlagi hvers árs og einnig á árslokaverðlagi ársins 2010. Fjárhæðirnar innihalda einnig viðbætur sem hafa orðið við sameiningar en þær skekkja ekki heildarmyndina nema á árinu 2006 þegar Fráveita Reykjavíkur rann inn í Orkuveituna og vísast eins og fyrr í kaflann um fráveitur til frekari umfjöllunar. Viðbætur sem færðust inn í Orkuveituna við samrunann námu 20.829 millj.kr. á verðlagi ársins 2006 sem er 30.587 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010.

Fjárfestingar á tímabilinu námu samtals 210.361 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010 að meðtaldri aukningu vegna fráveitunnar. Á árunum 2002 til 2005 fóru fjárfestingar úr 8.799 millj.kr. á árinu 2003 til þess að vera mestar á árinu 2005 þegar þær námu 19.591 millj.kr. Á árinu 2006 námu fjárfestingar aðrar en viðbótin vegna fráveitunnar 25.997 millj.kr. Árið 2007 var fjárfest fyrir 27.599 millj.kr., árið 2008 fyrir 34.617 millj.kr. og síðan dró úr fjárfestingum á árunum 2009 og 2010 og námu þær 21.904 millj.kr. og 14.013 millj.kr. þau ár.

Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna



Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna samstendur af viðbótum vegna kaupa og sameininga, afskrifta og sérstöku endurmati. Á myndinni hér að ofan er sérstakt endurmat sýnt og eru fjárhæðir á verðlagi hvers árs auk þess að vera á árslokaverðlagi ársins 2010.


Sérstakt endurmat eigna nemur yfir tímabilið samtals 91.207 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Á árunum frá 2002 til 2004 er einungis bókfært endurmat á árinu 2003 og nemur það 1.964 millj.kr. Frá árinu 2005 er bókfært endurmat árlega fram til ársins 2008 og nemur það frá því að vera 4.908 millj.kr. á árinu 2005 í það að hækka stöðugt til ársins 2008 þegar það nemur 44.971 millj.kr. Á árinu 2009 er ekkert endurmat bókfært og á árinu 2010 nemur bókfært endurmat 1.032 millj.kr.

Sérstakt endurmat varanlegra rekstrarfjármuna er fært þegar talið er að endurkaupsverð eigna sé verulegra hærra en bókfært verð þeirra. Mikið af innkaupum Orkuveitunnar á varanlegum rekstrarfjármunum er í erlendri mynt og því hefur gengisfall íslensku krónunnar haft áhrif á endurmatið til hækkunar. Hækkunin er færð á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár sem síðan er leystur upp á móti afskriftum á líftíma eignanna. Eftir hækkunina er gert virðisráðgjafarpróf á bókfærðu verði eignanna til að kanna hvort tekjur af þeim séu nægar til að standa undir því.


Sú aðferð að færa sérstakt endurmat á eignir hefur því þau áhrif að eignir aukast ásamt því að eigið fé hækkar að sama skapi og hefur þannig áhrif á hvaða fjárfestingar þarf að bera undir eigendur en fjallað er nánar um það í kaflanum um úttektir eigna. Hækkunin leiðir síðan einnig til þess að afskriftir í rekstrarreikningi aukast þar sem afskrift er reiknuð af endurmetnu verði og sú afskrift lækkar því eigið fé árlega þar til eignin er fullafskrifuð. Um er því að ræða hækkun á eigin fé á því ári sem endurmatið á sér stað sem smám saman lækkar í takt við afskriftir.

Í endurskoðunarskýrslu ytri endurskoðanda vegna ársins 2010 kemur fram að ekki er gerð athugasemd við aðferðafræði og forsendur matsins en jafnframt tekið fram að niðurstöður úr mati á nokkrum miðlum séu afar næmar fyrir breytingum á forsendum og litlar breytingar þurfi í þróun ákveðinna forsenda þannig að til virðisráðgjafar geti komið.¹⁰⁹

109 KPMG: Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2010.




Á myndinni hér að ofan má sjá samanburð á annars vegar fjárfestingum og hins vegar á sérstöku endurmati og eru allar fjárhæðir á árslokaverðlagi ársins 2010. Eins og áður sagði nema fjárfestingar á tímabilinu samtals 210.361 millj.kr. og sérstakt endurmat samtals 91.207 millj.kr.



Á myndinni hér að ofan má sjá fjárfestingar sem hlutfall af veltu fyrirtækisins. Eins og áður hefur komið fram nema uppsafnaðar heildartekjur Orkuveitunnar 218.770 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 sem er 213.922 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010 og heildarfjárfestingar nema 210.361 millj.kr.


Á árinu 2002 eru fjárfestingar 73% af veltu, þær lækka á árinu 2003 í 46% af veltu en hækka síðan á næstu tveimur árum þar á eftir í 66% og 91%. Á árinu 2006 nema fjárfestingar 228% af veltu en sé leiðrétt fyrir innkomu fráveitunnar er hlutfallið 113%. Hlutfallið er síðan 100% á árinu 2007 og 129% á árinu 2008 en lækkar síðan á árunum 2009 og 2010 í annars vegar 82% og hins vegar 50%.

Yfirlitsmynd eigna án varanlegra rekstrarfjármuna




Á myndinni hér að ofan má sjá samsetningu annarra eigna en varanlegra rekstrarfjármuna.

Aðrar eignir en varanlegir rekstrarfjármunir voru í nokkuð föstum skorðum fram til ársins 2007 þegar eignarhlutir í félögum, innbyggðar afleiður og aðrar fjáreignir fóru að vega þyngra í eignum fyrirtækisins. Eins og áður vísast til umfjöllunarinnar um rekstrarreikninginn hér að ofan um innbyggðu afleiðurnar og til umfjöllunar í kaflanum um fjárfestingar í hlutabréfum og um eignarhluti í félögum. Einnig vísast til sama kafla um umfjöllun um fjárfestingaverðbréf og aðrar fjáreignir en þar er að mestu um að ræða skuldabréf sem fékkst við sölu á HS Orku. Um handbært fé vísast til umfjöllunar um sjóðstreymi hér á eftir.




Á myndinni hér að ofan má sjá nýtingu fjármagns reiknað þannig að heildartekjum fyrirtækisins er deilt upp í meðalstöðu heildareigna. Kennitalan segir til um það hversu vel fyrirtækið nýtir eignir til tekjuöflunar. Á árunum frá 2002 til 2005 er hlutfallið 17% til 18% en fellur síðan næstu þrjú ár þar á eftir niður í 9% á árinu 2008, helst þannig á árinu 2009 og er svo 10% á árinu 2010.

Arðsemi heildareigna



Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi heildareigna fyrirtækisins. Arðsemin er reiknuð með því að reikna hlutfall afkomu af meðalstöðu heildareigna og er vísbending um hvernig félaginu tekst að ávaxta þá fjármuni sem í því eru bundnir, án tillits til fjármögnunar þeirra. Arðsemin á árunum frá 2002 til 2005 er á bilinu 2%–5% en lækkar á árinu 2006 þegar gengistap olli neikvæðri afkomu og var þá neikvæð arðsemi um 2%. Arðsemin var síðan 4% á árinu 2007 og neikvæð um 32% á árinu 2008 þegar gengi íslensku krónunnar féll. Arðsemin er einnig neikvæð á árinu 2009 þegar gengistap olli aftur neikvæðri afkomu en er svo 5% á árinu 2010. Meðal-arðsemi eigna á tímabilinu er neikvæð um 1%.

EBIT / Heildareignir




Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi eigna reiknaða þannig að við afkomuna er bætt tekjuskatti og fjármagnskostnaði og þannig fengin (EBIT) og sú fjárhæð reiknuð í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna. Þannig reiknuð arðsemi, til lengri tíma, verður að vera hærri en veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) því annars rýrnar eigið fé.

Eins og sjá má á myndinni er arðsemin undir 1% á árinu 2002. Hún hækkar síðan ár frá ári fram til ársins 2005 þegar hún er 4,1%. Eftir það lækkar arðsemin aftur jafnt og þétt þar til hún er 1,9% á árinu 2009. Arðsemin á árinu 2010 er síðan 2,1% og meðalarðsemi tímabilsins er 2,3%. Arðsemin á árinu 2011 er 4,2% sem er herra en arðsemin á öllum árunum sem eru til skoðunar.

Í áfangaskýrslu H.F. Verðbréfa og Orkuveitunnar dags. 28. janúar 2011 er umfjöllun um arðsemina og kemur þar fram að arðsemismarkmið fyrirtækisins séu 7%. Einnig kemur fram að arðsemin í fyrirtækinu hafi ekki verið ásættanleg og sérstaklega í ljósi þess að arðsemismarkmið fyrirtækisins eru ekki talin mjög há. Einnig kemur fram að veginn meðalkostnaður fjármagns sé áætlaður 7% – 8,3% í framtíðinni m.v. að ávöxtunarkrafa eigin fjár

sé á bilinu 12,5 - 15% og eiginfjárlutfallið sé 30% - 35%. Það er því talið ljóst að arðsemin verður að hækka.¹¹⁰

Eins og fram kom í umfjölluninni um rekstrarreikninginn hér að framan hefur kostnaður við lánsfé numið að meðaltali 7,83% á tímabilinu. Eigendur hafa á úttektartímabilinu ekki sett fram arðsemiskröfu á eigið fé eins og nánar verður fjallað um í kaflanum um úttektir eigenda en úttektir eigenda hafa numið að meðaltali 3% af eigin fé í lok ársins á undan á tímabilinu.



Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi þess fjármagns sem bundið er í fyrirtækinu fyrir árin 2002 til 2010 þar sem leiðrétt hefur verið fyrir endurmati varanlegra rekstrarfjármuna frá árinu 2007. Útreikningur á arðseminni byggir á rekstrarafkomu að viðbættum afskriftum af endurmati og meðal fjárbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnu bókfærðu verði endurmats. Endurmatið hófst ekki að ráði fyrir en á árinu 2006 en ekki reyndist unnt að draga fram afskrift endurmats það ár þ.e. leiðréttingin hefur fyrst áhrif á árinu 2007. Á árinu 2007 er þannig reiknuð arðsemi 3,3%. Hún lækkar í 3,4% á árinu 2008 og hækkar síðan næstu tvö ár þar á eftir í 3,7% árið 2009 og 3,8% árið 2010. Meðalarðsemi tímabilsins eftir leiðréttingu vegna endurmats er 3%.

6.2.2 Skuldir

Þar sem skuldir Orkuveitu Reykjavíkur eru veigamikill hluti af athugun úttektarnefndarinnar er fjallað sérstaklega um tilurð og þróun þeirra í sérstökum kafla hér á eftir. Umfjöllunin um skuldir í þessum kafla er með sama hætti og umfjöllun um aðra liði ársreikningsins.

Á yfirlitinu hér að neðan er til glöggvunar samantekt á skuldum í efnahagsreikningi Orkuveitunnar þar sem allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs en í umfjölluninni sem hér kemur á eftir er megináherslan á fjárhæðir þar sem búið er að færa allar fjárhæðir til sama verðlags þannig að þær séu samanburðarhæfar. Fjárhæðir í yfirlitinu eru í millj.kr.

110 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa, dags. 28. janúar 2011. Bls. 12.

Skuldir á verðlagi hvers árs									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Skuldir									
Vaxtaberandi skuldir	22.063	26.948	26.948	34.755	61.062	88.033	196.099	221.254	207.917
Lífeyrisskuldbinding	221	228	241	270	351	395	456	465	442
Aðrar fjárskuldir	0	0	0	0	170	61	34	50	23
Tekjuskattsskuldbinding	0	0	0	0	0	4.716	0	11	3.780
Langtímaskuldir samtals	22.284	27.175	27.189	35.025	61.583	93.204	196.589	221.780	212.162
Viðskiptaskuldir	1.468	1.098	1.623	1.505	2.338	2.692	2.443	2.368	1.982
Vaxtaberandi skuldir	2.387	1.283	3.066	2.790	5.775	4.608	9.682	15.314	17.274
Aðrar fjárskuldir	0	0	0	0	84	123	18	25	17
Ógreiddir reiknaðir skattar	0	0	0	0	0	11	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	438	335	351	422	875	1.864	2.283	1.381	2.259
Skammtímask. samtals	4.294	2.715	5.039	4.716	9.072	9.298	14.425	19.088	21.531
Skuldir samtals	26.577	29.891	32.228	39.741	70.655	102.503	211.014	240.868	233.694

Hér að neðan er yfirlit yfir skuldir í efnahagsreikningi Orkuveitunnar þar sem allar fjárhæðir eru á árslokaverðlagi ársins 2010. Fjárhæðir í yfirlitinu eru í millj.kr.


Skuldir á árslokaverðlagi 2010									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Skuldir									
Vaxtaberandi skuldir	36.016	42.823	41.211	51.036	83.840	114.180	218.585	227.031	207.917
Lífeyrisskuldbinding	360	362	369	396	482	513	508	477	442
Aðrar fjárskuldir	0	0	0	0	233	78	38	51	23
Tekjuskattsskuldbinding	0	0	0	0	0	6.117	0	11	3.780
Langtímaskuldir samtals	36.376	43.185	41.580	51.432	84.555	120.888	219.132	227.570	212.162
Viðskiptaskuldir	2.397	1.744	2.482	2.210	3.210	3.492	2.723	2.430	1.982
Vaxtaberandi skuldir	3.897	2.038	4.688	4.097	7.929	5.977	10.792	15.714	17.274
Aðrar fjárskuldir	0	0	0	0	115	159	20	26	17
Ógreiddir reiknaðir skattar	0	0	0	0	0	14	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	715	532	536	620	1.201	2.418	2.544	1.417	2.259
Skammtímask. samtals	7.009	4.315	7.706	6.926	12.456	12.060	16.079	19.587	21.531
Skuldir samtals	43.385	47.500	49.286	58.358	97.011	132.948	235.211	247.157	233.694

Á yfirlitinu hér að ofan má sjá yfirlit yfir þróun skulda Orkuveitunnar frá árinu 2002 fram til ársins 2010. Veigamestu skuldirnar eru vaxtaberandi skuldir en hlutfall þeirra af heildarskuldum sést á yfirlitinu hér að neðan:

Hlutfall vaxtaberandi skulda af heildarskuldum									
2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	
92%	94%	93%	94%	95%	90%	98%	98%	96%	

Hér á eftir verður eingöngu fjallað um vaxtaberandi skuldir. Eins og í umfjölluninni um rekstrarreikninginn og eignirnar er byrjað á að setja upp myndræn yfirlit yfir þróun stærða frá árinu 2002 og síðan gerð tilraun til að setja fjárhæðir í samhengi við aðrar stærðir í rekstri, efnahag og öðru, svo sem breytingum á verðlagi til að auka upplýsingagildi fjárhæðanna. Fjárhæðir eru ýmist settar fram á verðlagi hvers árs eða árslokaverðlagi ársins 2010 eftir því sem við á hverju sinni og er það skýrt í texta.


Staða vaxtaberandi skulda



Á myndinni hér að ofan má sjá þróun á bókfærðri stöðu vaxtaberandi skulda þar sem fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs auk árslokaverðlags 2010. Í árslok 2002 var bókfærð staða vaxtaberandi skulda 22.715 millj.kr. á verðlagi þess árs sem er 37.081 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Bókfærð staða vaxtaberandi skulda í árslok 2010 nemur 225.192 millj.kr. og því er aukningin á tímabilinu 188.111 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010, eða 507,3%. Hækkunin á árunum 2003 til 2005 nemur 10.452 millj.kr., eða 23,7%. Árið 2006 hækkar bókfærð staða um 36.653 millj.kr. eða 67,3%, þar af er hækkun vegna sameiningar Fráveitu Reykjavíkur við Orkuveituna 11.618 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Vísast eins og áður til umfjöllunar um fráveitur hér á eftir um sameininguna. Bókfærð staða skulda hækkar síðan árið 2007 um 29.011 millj.kr., eða 31,8% og síðan nemur hækkunin á árinu 2008 109.220 millj.kr., eða 91%. Árið 2009 hækkar skuldastaðan síðan um 13.368 millj.kr. og lækkar síðan um 17.554 millj.kr. á árinu 2010.

Eins og kom fram í umfjöllun um rekstrarreikninginn hér að framan hefur gengismunur haft mikil áhrif á reksturinn og þar með stöðu á lánum sem eru í erlendri mynt. Eins og þar kom fram á Orkuveitan takmarkaðar eignir sem eru bundnar erlendum gjaldmiðlum þ.a. að sá gengismunur sem færður var í rekstrarreikning kemur að mestu til vegna vaxtaberandi lána. Til frekari glöggvunar er myndin sem lýsir gengismuninum í rekstrarreikningi og texti sem henni fylgir birtur aftur hér að neðan.


Gengismunur og framvirkir gjaldmiðlaskiptasamningar



Á myndinni hér að ofan má sjá yfirlit yfir þróun gengismunar á tímabilinu sem er til skoðunar. Gengismunurinn er bæði vegna eigna og skulda, en einnig er innifalinn í honum kostnaður vegna framvirkra gjaldmiðlasamninga. Ekki hefur verið mikið um framvirka gjaldeyrissamninga og mestur hluti gengismunarins er vegna skulda þar sem óverulegur hluti eigna Orkuveitunnar hefur verið í erlendri mynt. Uppsafnaður gengismunur


tímabilsins er óhagstæður sem nemur 83.698 millj.kr. á verðlagi hvers árs og 100.866 millj.kr. sé horft til fjárhæða á meðalverðlagi ársins 2010.

Áhrif gengismunar á árunum 2002 til 2005 er samtals jákvæður um 11.888 millj.kr. Á árinu 2006 nemur gengistap 11.484 millj.kr. en gengishagnaður er 3.432 millj.kr. á árinu 2007. Árið 2008 sker sig úr þegar íslenska krónan hrundi og nemur gengistap þess árs 106.933 millj.kr. Árið 2009 er gengismunur áfram óhagstæður um 12.828 millj.kr. og snýst svo við á árinu 2010 þegar gengismunur er jákvæður um 15.060 millj.kr. Gengismunur á árinu 2011 er neikvæður um 11.467 millj.kr.




Á myndinni hér að ofan má sjá lántökur fyrirtækisins á tímabilinu sem er til skoðunar, en fjárhæðir eru bæði á verðlagi hvers árs og árslokaverðlagi ársins 2010. Á yfirlitinu eru eingöngu fjárhæðir vegna lántöku móðurfélagsins, en þar sem lántökur móðurfélagsins er stærsti hlutinn af lántökum í samstæðunni skekkir þessi nálgun á lántökur ekki heildarmyndina.

Lántökur á tímabilinu nema samtals 210.048 millj.kr. á verðlagi hvers árs sem eru 255.016 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010. Á árunum 2002 til 2004 voru lántökur hvers árs á bilinu frá 7.727 millj.kr. á árinu 2004 til 11.956 millj.kr. á árinu 2002. Lántökur þessi þrjú ár eru samtals 30.415 millj.kr. Á árinu 2005 jukust lántökur og nema 16.993 millj.kr. það ár. Árið 2006 námu lántökur samtals 32.122 millj.kr. og þar af er viðbótin vegna fráveitunnar 7.912 millj.kr. á verðlagi þess árs sem er 11.618 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Aðrar lántökur en vegna fráveitunnar það ár nema því 20.504 millj.kr. Árið 2007 eru lántökur tímabilsins hæstar eða 59.272 millj.kr., síðan dregur úr lántökum næstu tvö ár á eftir og voru þær 46.969 millj.kr. á árinu 2008 og 44.402 millj.kr. á árinu 2009. Á árinu 2010 eru lántökur síðan 24.843 millj.kr. Hér hefur ekki verið gerður greinarmunur á langtíma- og skammtímalántökum en við efnahagshrunið minnkuðu möguleikar fyrirtækisins til lántöku verulega og því var gripið til skammtímafjármögnunar í einhverjum tilvikum, en frekari umfjöllun um lántökur er að finna í kafla um skuldir Orkuveitunnar og kafla um áhættustýringu.



Á myndinni hér að ofan má sjá yfirlit yfir afborganir langtímalána fyrirtækisins. Á yfirlitinu eru eingöngu fjárhæðir vegna afborgana í móðurfélaginu, en þar sem afborganir móðurfélagsins eru megnið af afborgunum í samstæðunni skekkir þessi nálgun á afborganir ekki heildarmyndina. Afborganir á tímabilinu nema samtals 92.343 millj.kr. á verðlagi hvers árs sem eru 103.937 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Afborganir á meðalverðlagi ársins 2010 á árunum 2002 til 2004 eru á bilinu frá 962 millj.kr. á árinu 2004 í það að vera 1.664 millj.kr. á árinu 2003. Afborganir samtals þessi þrjú ár eru 3.946 millj.kr. Á árinu 2005 aukast afborganir og eru það ár 3.445 millj.kr., þær aukast síðan aftur á árinu 2006 og nema þá 4.061 millj.kr. Á árinu 2007 hækka afborganirnar um 18.010 millj.kr. eða um 443% á milli ára og nema það ár 22.071 millj.kr. Afborganir lækka síðan í 21.272 millj.kr. á árinu 2008 og hækka síðan aftur á árinu 2009 og nema þá 27.010 millj.kr. Afborganir lækka síðan á árinu 2010 og nema þá 22.130 millj.kr.

Líta þarf jafnt til lántöku og afborgana þegar verið er að skoða myndirnar að ofan því í einhverjum tilvikum getur verið um endurfjármögnum eldri skulda að ræða en aftur vísast til kaflans um skuldir Orkuveitunnar og kaflans um áhættustýringu og frekari umfjöllun um afborganir lána.




Á myndinni hér að ofan má sjá langtímaskuldahlutfall Orkuveitunnar. Hlutfallið er reiknað sem hlutfall langtímaskulda af langtímafjármagni og segir til um fjárhagslega áhættu af skuldsetningu fyrirtækisins. Því herra sem þetta hlutfall er því meiri er áhættan sem fyrirtækið býr við þar sem það er þá viðkvæmara fyrir sveiflum í vöxtum, verðbótum og gengismun. Á árinu 2002 er hlutfallið 37%, hækkar síðan í 40% árið á eftir en lækkar síðan í 39% á árinu 2004. Eftir það hækkar hlutfallið nokkuð jafnt til ársins 2007 þegar það nemur 51%. Eftir hækkun langtímalána á árinu 2008 og fram til ársins 2010 er hlutfallið um og yfir 80%. Meðalhlutfall tímabilsins er 56%.

Ekki eru tiltæk samsvarandi hlutföll fyrir þau félög sem eru borin saman við Orkuveituna, en út frá upplýsingum sem koma fram um eiginfjárhlutfall í skýrslu H.F. Verðbréfa og Orkuveitunnar¹¹¹ má reikna hlutfall allra skulda af heildar fjármagni sem gefur vísbendingu um samanburð. Hafa þarf í huga að ekki er víst að langtímaskuldahlutfall þessara félaga sé eins hátt og hjá Orkuveitunni, og ef svo er ekki skekkir það samanburðinn. Hér að neðan má sjá skuldahlutfall þeirra félaga sem koma fram í áðurnefndri skýrslu H.F. Verðbréfa og Orkuveitunnar sem samanburðarfélög.

Landsvirkjun	HS Orka	RARIK	Statkraft	Vattenfall	Verbund	EnergiNet
67,4%	66,5%	55,2%	54,9%	76,3%	65,7%	72,5%

Meðalhlutfall samanburðarfyrirtækjanna er 65,5% og byggir ofangreindur útreikningur samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum Orkuveitunnar á ársreikningum vegna ársins 2009.



Á myndinni hér að ofan má sjá langtímaskuldum Orkuveitunnar deilt í EBITDU. Kennitalan segir til um skuldsetningu fyrirtækisins með tilliti til þess hversu miklu reksturinn skilar áður en tekið er tillit til afskrifta. Gildi kennitölunnar er á bilinu 5,3 til 9,4 á tímabilinu frá 2002 til 2007, en hækkar eftir það og er á bilinu 15,2 til 17,1 næstu þrjú ár þar á eftir. Meðalgildi kennitölunnar á tímabilinu er 9,8. Skv. ársreikningi ársins 2011 er gildi kennitölunnar 10.

Til samanburðar er samsvarandi hlutfall samanburðarfélaga í skýrslu H.F. Verðbréfa og Orkuveitu Reykjavíkur eins og hér segir¹¹²

Landsvirkjun	HS Orka	RARIK	Statkraft	Vattenfall	Verbund	EnergiNet
12,3	7,9	5,5	4	3,7	3,8	5

Meðalgildi samanburðarfyrirtækjanna er 6 og byggir ofangreindur útreikningur samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum Orkuveitunnar á ársreikningum vegna ársins 2009.

6.2.3 Eigið fé

Í yfirlitinu hér að neðan er til glöggvunar samantekt á eigin fé í efnahagsreikningi Orkuveitunnar þar sem allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs,

111 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa, dags. 28. janúar 2011. Bls. 11.

112 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa, dags. 28. janúar 2011. Bls. 11.

en í umfjölluninni sem hér kemur á eftir er megináherslan á fjárhæðir þar sem búið er að færa allar fjárhæðir til sama verðlags þannig að þær séu samanburðarhæfar. Fjárhæðir í yfirlitinu eru í millj.kr.

Eigið fé á verðlagi hvers árs									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Eigið fé									
Sérstakur endurm.reikn.	0	0	0	0	8.731	23.375	55.842	49.417	46.883
Óráðstafað eigið fé	37.836	39.699	41.929	48.213	60.511	65.491	(7.518)	(8.816)	5.959
Eigið fé meirihluta	37.836	39.699	41.929	48.213	69.243	88.866	48.325	40.601	52.842
Hlutdeild minnihluta	189	165	73	85	116	123	34	56	5
Eigið fé samtals	38.025	39.864	42.002	48.298	69.358	88.988	48.359	40.657	52.847


Hér að neðan er yfirlit yfir eigið fé í efnahagsreikningi Orkuveitunnar þar sem allar fjárhæðir eru á árslokaverðlagi ársins 2010. Fjárhæðir í yfirlitinu eru í millj.kr.

Eigið fé á árslokaverðlagi 2010									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Eigið fé									
Sérstakur endurm.reikn.	0	0	0	0	11.988	30.318	62.246	50.708	46.883
Óráðstafað eigið fé	61.764	63.087	64.121	70.799	83.084	84.943	(8.380)	(9.046)	5.959
Eigið fé meirihluta	61.764	63.087	64.121	70.799	95.072	115.260	53.866	41.661	52.842
Hlutdeild minnihluta	308	263	111	124	159	159	38	58	5
Eigið fé samtals	62.072	63.350	64.233	70.923	95.231	115.420	53.904	41.719	52.847

Hér að ofan má sjá yfirlit yfir þróun eigin fjár Orkuveitunnar frá árinu 2002 fram til ársins 2010. Þar sem Orkuveitan er sameignarfyrirtæki eru eiginfjárreikningar aðeins tveir, óráðstafað eigið fé og sérstakur endurmatsreikningur. Þeir þættir sem einna helst hafa valdið breytingum á eigin fé á tímabilinu eru auk afkomu hvers árs, endurmat varanlegra rekstrarfjármuna sem einnig var fjallað um hér að framan við umfjöllun um varanlega rekstrarfjármuni, og úttektir eigenda í formi arðs.


Hér á eftir verður fjallað um alla þrjá þættina sem hafa áhrif á eigið fé, þ.e. uppsafnaða afkomu, úttektir eigenda og hlut endurmats í eigin fé fyrirtækisins. Eins áður er byrjað á að setja upp myndrænt yfirlit yfir þróun stærða frá árinu 2002 og síðan gerð tilraun til að setja fjárhæðir í samhengi við aðrar stærðir í rekstri, efnahag og öðru eins og breytingum á verðlagi til að auka upplýsingagildi fjárhæðanna. Fjárhæðir eru ýmist settar fram á verðlagi hvers árs eða árslokaverðlagi ársins 2010 eftir því sem við á hverju sinni og er það skýrt í texta. Einnig er komið inn á arðsemi eigin fjár í þessum hluta kaflans.

Eigið fé



Á myndinni hér að ofan má sjá þróun á bókfærðri stöðu eigin fjár á því tímabili sem er til skoðunar. Þegar Orkuveita Reykjavíkur var gerð að sam- eignarfyrirtæki árið 2002 var óráðstafað eigið fé samstæðunnar 37.836 millj.kr. á verðlagi þess árs sem er 61.764 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Við stofnun Orkuveitu Reykjavíkur var allt eigið fé fyrirtækisins óráðstafað eigið fé. Eigið fé fyrirtækisins hækkaði lítillega á árunum 2002 til 2005, eða um 9.034 millj.kr. Á árinu 2006 hækkaði eigið fé um 24.432 millj.kr., eða um 34,5% og síðan um 20.189 millj.kr. eða 21,2% á árinu 2007. Á árinu 2008 lækkaði eigið fé síðan um 61.515 millj.kr. eða 53,3% og síðan enn meira á árinu 2009 þegar það varð 41.719 millj.kr. Eigið fé hækkaði síðan aftur á árinu 2010 og nemur það 52.847 millj.kr. í árslok þess árs.

Arður



Á myndinni hér að ofan má sjá úttektir eigenda í formi arðs á tímabilinu og eru þá greiðslur til eigenda vegna ábyrgðargjalds ekki meðtaldar. Á tímabilinu námu beinar úttektir eigenda í formi arðgreiðslna 11.973 millj. kr. samtals á verðlagi hvers árs sem er 16.334 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Til samanburðar nam tap tímabilsins eins og áður hefur komið fram 50.059 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Á árunum frá 2002 til 2005 voru arðgreiðslur svipaðar og voru að meðaltali 2.142 millj.kr. á ári. Árið 2006 hækkar arðgreiðslan og nemur 2.411 millj.kr. það ár. Arðurinn lækkar síðan næstu tvö ár þar á eftir og nemur 1.984 millj.kr. á árinu 2007 og 1.748 millj.kr. á árinu 2008. Á árunum 2009 og 2010 lækkar arðgreiðslan enn frekar og er um 800 millj.kr. þau ár. Um nánari umfjöllun um arð, arðgreiðslustefnu og aðrar úttektir eigenda úr fyrirtækinu vísast til kaflans hér á eftir um úttektir eigenda.

Óráðstafað eigið fé




Á myndinni hér að ofan má sjá þróun á óráðstöfuðu eigin fé á tímabilinu. Afkoma hvers árs bætist við eða dregst frá stöðu fyrra árs ef um tap er að ræða og úttektir eigenda í formi arðs dragast frá. Því er staða í lok hvers árs summan af uppsafnaðri afkomu áranna á undan að frádræginginni summunnar af úttektum eigenda í formi arðs.

Í upphafi árs 2002 er óráðstafað eigið fé fyrirtækisins 34.935 millj.kr. sem er 58.172 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Frá því ári er afkoma fyrirtækisins hærrí en úttektir eigenda í formi arðs og hækkar því staðan ár frá ári og nemur í lok árs 2005 70.799 millj.kr. Á árinu 2006 var tap eins og kom fram í umfjölluninni um rekstrarreikninginn og einnig var áfram um greiðslu arðs að ræða, en sameining Fráveitu Reykjavíkur við Orkuveituna veldur því að óráðstafað eigið fé jókst um 12.284 millj.kr. Óráðstafað eigið fé sem bætist við sameininguna nam 12.829 millj.kr. á verðlagi þess árs sem er 18.839 millj.kr. á verðlagi ársins 2010. Hér vísast nánar til kaflans um fráveituna hér á eftir til nánari umfjöllunar um sameininguna.

Á árinu 2007 hækkar óráðstafað eigið fé um 1.860 millj.kr. og nemur í lok þess árs 84.943 millj.kr. Árið 2008 er síðan tap að fjárhæð 87.968 millj.kr. eins og áður hefur komið fram, sem gerir stöðu óráðstafaðs eigin fjár neikvæða í árslok. Þar sem um sameignarfyrirtæki er að ræða er eigendum heimilt að taka fjármuni út úr fyrirtækinu óháð stöðu á óráðstöfuðu eigin fé þess og arðgreiðslur áttu sér stað á árinu 2009 þrátt fyrir að óráðstafað eigið fé fyrirtækisins væri neikvætt og einnig um tap að ræða á því ári. Þannig varð óráðstafað eigið fé í árslok 2009 neikvætt um 9.046 millj.kr. Í árslok 2010 er óráðstafað eigið fé aftur orðið jákvætt um 5.959 millj.kr.

Í umfjölluninni hér á undan um eignir var fjallað um þróun á endurmatsreikningi en til hægðarauka er yfirlitið ásamt umfjölluninni einnig birt hér.


Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna



Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna samstendur af viðbótum vegna kaupa og sameininga, afskrifta og sérstöku endurmati. Á myndinni hér að ofan er sérstakt endurmat sýnt og eru fjárhæðir á verðlagi hvers árs auk þess að vera á árslokaverðlagi ársins 2010.

Sérstakt endurmat eigna nemur yfir tímabilið samtals 91.207 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Á árunum frá 2002 til 2004 er aðeins bókfært endurmat á árinu 2003 og nemur það 1.964 millj.kr. Frá árinu 2005 er bókfært endurmat árlega fram til ársins 2008. Það er 4.908 millj.kr. á árinu 2005 og hækkar það stöðugt fram til ársins 2008 þegar það nam 44.971 millj.kr. Á árinu 2009 er ekkert endurmat bókfært og á árinu 2010 nemur bókfært endurmat 1.032 millj.kr.


Samsetning eigin fjár í lok hvers tímabils



Á myndinni hér að ofan má sjá samsetningu eigin fjár í lok hvers árs sem er til skoðunar, þar sem fjárhæðir eru bornar saman á árslokaverðlagi ársins 2010. Eins og fram kom hér á undan hefur eigið fé Orkuveitunnar samtals verið jákvætt á öllu tímabilinu, en breyting hefur orðið á samsetningu þess. Á árunum frá 2002 til 2005 var eigið fé eingöngu óráðstafað eigið fé þar sem endurmat hvers árs var alltaf flutt yfir á óráðstafað eigið fé í árslok. Frá árinu 2006 er endurmat varanlegra rekstrarfjármuna einnig hluti af árslokastöðu hvers árs og er á árinu 2006 samtals 13% af eigin fé fyrirtækisins. Á árinu 2007 er hlutfall endurmatssreiknings 26% og hlutfall óráðstafaðs eigin fjár því 74%.

Á árinu 2008 er óráðstafað eigið fé orðið neikvætt eins og áður segir og er sérstaki endurmatsreikningurinn 116% af eigin fé fyrirtækisins í lok þess árs. Á árinu 2009 er óráðstafað eigið fé ennþá neikvætt eins og áður sagði, og nemur sérstaki endurmatsreikningurinn það ár 122%. Á árinu 2010 er síðan óráðstafað eigið fé orðið jákvætt aftur og nemur sérstaki endurmatsreikningurinn 89% af heildar eigin fé í lok þess árs.

Eiginfjárlutfall




Á myndinni hér að ofan má sjá þróun eiginfjárlutfalls á tímabilinu sem er til skoðunar. Eiginfjárlutfall er reiknað sem hlutfall eigin fjár af heildarfjármagni og er vísbending um fjárhagslegan styrk fyrirtækja. Það er stundum nefnt tapsþol, þ.e. geta fyrirtækis til að mæta mótbyr án þess að skerða skuldbindingar sínar við aðra en eigendur. Almennt séð er fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækja meiri eftir því sem eiginfjárlutfallið er hærra.

Eiginfjárlutfall Orkuveitunnar var 59% árinu 2002 og lækkaði nokkuð jafnt og þétt fram til ársins 2007 þegar það nam 46%. Á árinu 2008 lækkaði hlutfallið í 19% og svo niður í 14% á árinu 2009. Hlutfallið hækkaði síðan á árinu 2010 og nemur það ár 18%. Til samanburðar er eiginfjárlutfall samanburðarfélaga í skýrslu H.F. Verðbréfa og Orkuveitu Reykjavíkur eins og hér segir með sömu fyrirvörum og áður.¹¹³

Landsvirkjun	HS Orka	RARIK	Statkraft	Vattenfall	Verbund	EnergiNet
32,6%	33,5%	44,8%	45,1%	23,7%	34,3%	27,5%

Meðaleiginfjárlutfall samanburðarfyrirtækjanna nemur 34,5% og byggir ofangreindur útreikningur samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum Orkuveitunnar á ársreikningum vegna ársins 2009.

Arðsemi eigin fjár



Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi eigin fjár fyrir það tímabil sem er til skoðunar. Arðsemi eigin fjár segir til um hvernig fyrirtækinu tekst að

113 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa, dags. 28. janúar 2011. Bls. 11.

ávxata það fjármagn sem eigendur hafa bundið í því. Við arðsemisútreikninginn er gert ráð fyrir að afkoman falli til jafnt allt árið og er því arðsemin reiknuð sem hlutfall afkomu ársins af meðalstöðu eigin fjár í upphafi og lok árs. Taka skal fram að útreikningum Orkuveitunnar á arðsemi eins og þeir birtast í ársskýrslum ber saman við ofangreindar tölur að frátöldum tveimur árum: Árinu 2008 þegar útreikningar að ofan gefa neikvæða arðsemi upp á 106% en upplýsingar í ársskýrslunni neikvæða arðsemi upp á 69% og árinu 2010 þegar útreikningar að ofan gefa arðsemi upp á 29% en ársskýrslan 34%. Getur það stafað af því að þeir útreikningar séu nákvæmari um tímasetningar þess hvenær afkoman fellur til innan ársins.

Meðalarðsemi tímabilsins er neikvæð um 5,2%, en ef árinu 2008 er sleppt úr útreikningnum er meðalarðsemin jákvæð um 7,4%. Til samanburðar er arðsemi ofangreindra samanburðarfyrirtækja með sömu formerkjum og áður greinir sem hér segir:¹¹⁴

Landsvirkjun	HS Orka	RARIK	Statkraft	Vattenfall	Verbund	EnergiNet
14,0%	N/A	4,8%	11,9%	9,5%	22,4%	8,5%

Meðalarðsemin hjá samanburðarfyrirtækjunum er 11,9% og byggir ofangreindur útreikningur samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum Orkuveitunnar á ársreikningum vegna ársins 2009.

6.3 Sjóðstreymi og greiðsluhæfi

Á yfirlitinu hér að neðan er til glöggvunar samantekt á sjóðstreymi Orkuveitunnar þar sem allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs en í umfjölluninni sem hér kemur á eftir er megináherslan á fjárhæðir þar sem búið er að færa allar fjárhæðir til sama verðlags þannig að þær séu samanburðarhæfar. Fjárhæðir í yfirlitinu eru í millj.kr.

	Sjóðstreymi á verðlagi hvers árs									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	
Handbært fé í upphafi árs	303	176	557	126	628	253	3.751	1.244	2.943	
Handbært fé frá rekstri	3.779	3.577	4.601	5.180	6.620	7.395	7.699	8.429	11.588	
Fjárfestingahreyfingar	(6.834)	(5.724)	(7.821)	(11.660)	(18.669)	(29.947)	(32.373)	(20.470)	(14.542)	
Fjármögnunarahreyfingar	2.896	2.528	2.803	6.935	11.651	26.050	21.485	13.133	2.220	
Annað	31	0	(14)	47	23	0	682	608	135	
Breyting á árinu	(128)	381	(431)	502	(375)	3.498	(2.507)	1.700	(599)	
Handbært fé í árslok	176	557	126	628	253	3.751	1.244	2.943	2.344	


Hér að neðan er yfirlit yfir sjóðstreymi Orkuveitunnar þar sem allar fjárhæðir eru á meðalverðlagi ársins 2010. Fjárhæðir í yfirlitinu eru í millj.kr.

114 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa, dags. 28. janúar 2011. Bls. 11.

Sjóðstreymi á meðalverðlagi 2010									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Handbært fé í upphafi árs ..	493	280	861	187	877	337	4.523	1.326	2.943
Handbært fé frá rekstri	6.153	5.696	7.111	7.703	9.249	9.836	9.283	8.983	11.588
Fjárfestingahreyfingar	(11.127)	(9.114)	(12.088)	(17.338)	(26.082)	(39.831)	(39.032)	(21.816)	(14.542)
Fjármögnunarahreyfingar	4.715	4.025	4.332	10.312	16.277	34.648	25.905	13.997	2.220
Annað	50	0	(22)	70	32	0	822	648	135
Breyting á árinu	(208)	607	(666)	746	(524)	4.653	(3.023)	1.812	(599)
Handbært fé í árslok	286	887	195	934	353	4.989	1.500	3.137	2.344

Á yfirlitinu hér að ofan má sjá yfirlit yfir þróun sjóðstreymis Orkuveitunnar frá árinu 2002 fram til ársins 2010. Hefðbundið er að setja fram upplýsingar um sjóðstreymi í þremur hlutum. Í fyrsta lagi rekstrarhreyfingar sem sýna hversu miklu reksturinn skilar af handbæru fé sem síðan er hægt að verja í fjárfestingar, afborganir af lánnum og greiðslur til eigenda, í öðru lagi fjárfestingahreyfingar sem sýna hversu mikið af handbæru fé er varið í fjárfestingar og í þriðja lagi fjármögnunarahreyfingar sem sýna inn- og útborganir frá eigendum og lántökur og afborganir þeirra. Samtala þessara þriggja flokka skýrir þannig breytingu á handbæru fé sem verður frá upphafi til loka hvers árs.

Hér á eftir verður fjallað um þróun á handbæru fé ásamt þróun á hverjum flokki sjóðstreymis fyrir sig. Eins og áður er byrjað á að setja upp myndræn yfirlit yfir þróun stærða frá árinu 2002 og síðan gerð tilraun til að setja fjárhæðir í sambengi við aðrar stærðir í rekstri, efnahag og öðru, svo sem breytingum á verðlagi til að auka upplýsingagildi fjárhæðanna. Fjárhæðir eru ýmist settar fram á verðlagi hvers árs eða árslokaverðlagi ársins 2010 eftir því sem við á hverju sinni og er það skýrt í texta. Einnig er fjallað um kennitölur um greiðsluhæfi í þessum hluta kaflans.




Hér að ofan má sjá þróun á handbæru fé á tímabilinu sem er til skoðunar, þar sem fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs auk þess að vera á árslokaverðlagi ársins 2010. Handbært fé í lok árs 2002 nam 287 millj.kr., það hækkar í 885 millj.kr. á árinu 2003 og lækkar aftur í 192 millj.kr. á árinu 2004. Árið 2005 er staða handbærs fjár heldur hærra og nemur 921 millj.kr. í lok þess árs. Handbært fé lækkar síðan í lok ársins á eftir og nemur þá 348 millj.kr. Í árslok 2007 hækkar handbært fé í árslok um 4.518 millj.kr. og lækkar svo árið eftir í 1.386 millj.kr. Handbært fé hækkar síðan aftur á árinu 2009 og

nemur þá 3.020 millj.kr. Handbært fé í árslok 2010 nemur síðan 2.344 millj.kr. Meðalstaða handbærs fjár á tímabilinu er 1.583 millj.kr.


Staða á handbæru fé getur sveiflast mjög á milli mánaða og jafnvel daga og gæta þarf þess við skoðun á fjárhæðum hér að ofan. Til að setja fjárhæðirnar í samhengi, þá nemur meðalstaða handbærs fjár sem hlutfall af meðalstöðu veltufjármuna á tímabilinu 23,6%, af meðalstöðu heildareigna 0,8% og meðalstöðu skammtímaskulda 15,8%.

Handbært fé frá rekstri



Á myndinni hér að ofan má sjá yfirlit yfir þróun handbærs fjár frá rekstri þar sem fjárhæðir eru bæði á verðlagi hvers árs auk þess að vera á meðalverðlagi ársins 2010. Handbært fé frá rekstri sýnir eins og áður sagði hversu miklu reksturinn skilar af handbæru fé sem mögulegt er að verja til fjárfestinga og fjármögnunarahreyfinga og er mikilvægasta stærð sjóðstreymisins. Samtals hefur reksturinn skilað handbæru fé að fjárhæð 75.601 millj.kr. á tímabilinu sem er til skoðunar, sem er að meðaltali 8.400 millj.kr. á ári. Á fyrri hluta tímabilsins, eða á árunum 2002 til 2005 var handbært fé frá rekstri að meðaltali 6.666 millj.kr. og á seinni hlutanum, eða á árunum 2006 til 2010, að meðaltali 9.788 millj.kr.

Fjárfestingahreyfingar




Á myndinni hér að ofan má sjá þróun á fjárfestingahreyfingum í sjóðstreymi þar sem allar fjárhæðir eru á meðalverðlagi ársins 2010. Fjárfestingahreyfingar eru í eðli sínu neikvæðar hjá Orkuveitunni þar sem nánast eingöngu er um útstreymi að ræða vegna fjárfestinga í eignum en lítið er um sölu eigna. Fjárfestingahreyfingarnar skiptast gróflega í tvennt og eru annars vegar útgreiðslur vegna varanlegra rekstrarfjármuna og hins vegar vegna hlutabréfkaupa. Það eru einungis útgreiðslur vegna hlutabréfa á árunum 2007 og 2008 en þar er um að ræða kaup á Hitaveitu Suðurnesja og

vísast til kaflans á eftir um fjárfestingar í hlutabréfum til nánari umfjöllunar um þau viðskipti.


Greiðslur vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum á árunum 2002 til 2005 námu að meðaltali 12.433 millj.kr. á ári. Á næstu fjórum árum þar á eftir nema greiðslur 28.776 millj.kr. á ári og á árinu 2010 nema greiðslur 14.403 millj.kr. Hafa þarf í huga við skoðun á fjárhæðum vegna þessa, að um það getur verið að ræða að greiðslur í þessum flokki sjóðstreymis séu fjármagnaðar með lántökum sem kemur þá fram í umfjölluninni hér á eftir um fjármögnunarhreyfingar.

Fjármögnunarhreyfingar




Hér að ofan má sjá yfirlit yfir fjármögnunarhreyfingar Orkuveitunnar á tímabilinu sem er til skoðunar og eru allar fjárhæðir á meðalverðlagi ársins 2010. Gróflega skiptast fjármögnunarhreyfingar í fernt hjá fyrirtækinu: skammtímalán, lántökur, afborganir lána og arð. Breyting á skammtímalánum getur verið hvort heldur sem er jákvæð eða neikvæð. Lántökur eru í eðli sínu jákvæðar og síðan eru afborganir langtímalána og arður í eðli sínu neikvæðir liðir. Innborganir vegna nýrra langtímalána nema samtals 165.732 millj.kr., afborganir langtímaskulda nema samtals 32.942 millj.kr. og greiðslur til eigenda í formi arðs nema samtals 16.239 millj.kr. Allar arðsúthlutanir hafa verið greiddar til eigenda en mismunur á fjárhæðum við yfirlit um úttektir eigenda hér að ofan skýrist af mismunandi verðlagi.

Skuldaþekja handbærs fjár frá rekstri



Á myndinni hér að ofan má sjá yfirlit yfir skuldaþekju handbærs fjár frá rekstri og er útreikningurinn tekinn úr ársskýrslum Orkuveitunnar. Kennitalan gefur til kynna hversu lengi fyrirtækið yrði að greiða upp skuldir sínar með því handbæra fé sem reksturinn skapar án tillits til þess sem þörf er á í fjárfestingar og greitt er til eigenda. Gildi kennitölunnar framan af er á bilinu 6,75 til 8,34 en hækkar síðan á árinu 2008 og nemur þá 20,36. Gildið hækkar enn frekar á árinu 2009 og nemur þá 26,81. Gildið lækkar síðan á árinu 2010 og nemur þá 20,48.



Á myndinni hér að ofan má sjá þróun á veltufjárhlutfalli Orkuveitunnar á tímabilinu sem er til skoðunar. Hlutfallið sýnir hæfi félags til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu tólf mánuði og hefur verið litið svo á að nauðsynlegt sé að það sé hærra en 1, eigi fyrirtæki að geta staðið við skuldbindingar sínar. Forsendan er þá sú að tekjur og gjöld fái greidd og komi til greiðslu nokkuð jafnt yfir árið og veltufjármunir í upphafi árs þurfi því að duga til að greiða skammtímaskuldir í lok ársins á undan.

Eins og sést á myndinni er hlutfallið einungis yfir 1 á árinu 2003. Meðalhlutfall tímabilsins er 0,62. Getur þetta að hluta til skýrst af því að fjárfestingar hafi verið miklar á tímabilinu og að fjármögnun þeirra hafi að einhverju leyti verið á eftir fjárfestingunni. Þannig hafi meðal skammtímaskulda í lok hvers árs verið skuldir vegna innkaupa á fjárfestingum.

6.4 Ályktanir og niðurstöður

Af umfjölluninni hér að framan má draga nokkrar ályktanir. Fyrst ber að nefna að það sem virðist skipta mestu um núverandi fjárhagsstöðu Orkuveitunnar er sú staðreynd að fyrirtækið var að mestu leyti fjármagnað í erlendri mynt. Þetta olli því að við efnahagshrunið á árinu 2008 tvöfölduðust nánast skuldir fyrirtækisins. Fyrirtækið hafði þá verið í mjög fjárfrekum og umfangsmiklum fjárfestingum og handbært fé á tímabilinu dugði engan vegin fyrir fjárfestingum og afborgunum lána og því var um stöðugar lán-tökur að ræða.

Þá hafa tekjur hvorki haldið í við verðlag né fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og hefur arðsemi eigna verið ófullnægjandi, hvort heldur sem litið er til arðsemismarkmiða eða kostnaðar við fjármagn þrátt fyrir lágt vaxtastig á erlendum myntum. Einungis hluti tekna fyrirtækisins er í erlendri mynt þannig að tekjuaukning við fall íslensku krónunnar var ekki nægjanleg til að vega upp á móti hækkun skulda fyrirtækisins. Vísbendingar eru um að ófullnægjandi arðsemi hafi verið bæði vegna þess að forsendur arðsemislíkana um kostnað hafi ekki gengið eftir og einnig hafi nauðsynlegar tekjur til ásættanlegrar arðsemi verið vanmetnar, þar sem forsendur í arðsemislíkönunum gerðu ráð fyrir vaxtastigi af erlendum myntum án tillits til þeirrar áhættu sem fólgin var í þeirri fjármögnun, eins og rakið verður í næstu köflum.

Rekstrarafkoman er samt jákvæð allt tímabilið sem bendir til þess að reksturinn hafi verið traustur, þrátt fyrir að arðsemin hafi ekki verið ásættanleg. Vísbendingar eru þó um að rekstrarkostnaður hafi verið hærri en nauðsyn-

legt var sem sést á því hversu mikið hann hefur lækkað á árunum eftir hrun, eftir að aðhaldsaðgerðum var hrundið af stað hjá fyrirtækinu.

Á tímabilinu hafa úttektir eigenda hvorki tekið tillit til arðsemi þess fjármagns sem bundið var í fyrirtækinu né þess hvort fjármunir hafi verið til staðar í fyrirtækinu til greiðslu þeirra, eins og rakið verður í kafla hér á eftir um úttektir eigenda. Þá má einnig leiða að því líkum, að úttektir eigenda á sama tíma og fjárfestingar voru í miklu mæli, hafi verið fjármagnaðar með lántökum.

Þess ber einnig að geta að þrátt fyrir miklar lántökur og hækkun skulda vegna gengistapsins, sýna kennitölur um greiðsluhæfi að Orkuveitan ætti að geta greitt upp allar skuldir sínar með handbæru fé frá rekstri á 20 árum miðað við árslok 2010, sem verður að teljast ásætlanlegt miðað við langan líftíma eignanna.

Frekari umfjöllun um ástæður fyrir fjárhagsstöðu Orkuveitunnar, er að finna í köflunum sem hér fylgja á eftir.

7. Miðlar Orkuveitu Reykjavíkur

7.1 Almennt um meginþætti Orkuveitu Reykjavíkur

Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur skiptist í fimm svið og er Orkuveitan eina fyrirtækið sem úttektarnefndinni kunnugt um að starfi á öllum þessum sviðum hér á landi. Miðlarnir sem Orkuveitan starfrækir eru eftirfarandi:

Vatnsveita – 1909

Vatnsveita Orkuveitu Reykjavíkur þjónar rúmlega 82% íbúa höfuðborgarsvæðisins. Orkuveitan aflar neysluvatns í Heiðmörk, Berjadal við Akrafjall, Seleyri norðan Hafnarfjalls, í Grábrókarhrauni, Bjarnarfelli, Svelgsárhrauni, Grund, Hellisheiði og á Nesjavöllum.¹¹⁵

Rafmagn - 1921

Rafmagnsveita Reykjavíkur var stofnuð árið 1921 og Orkuveita Reykjavíkur var stofnuð 1. janúar 1999, með sameiningu Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur. Orkuveitan hefur því óbeint séð Reykvíkingum fyrir rafmagnni fá árinu 1921 þegar rafstöð var opnuð í Elliðaárdal. Núna er um helmingur þeirrar raforku sem Orkuveita Reykjavíkur dreifir og selur unninn í vatnsaflsstöðvum Landsvirkjunar sem eru í 70–150 km fjarlægð frá veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur, en raforka er einnig framleidd í jarðvarmavirkjunum Orkuveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum og Hellisheiði. Þá er framleitt rafmagn í Andakílvirkjun og í Elliðaárstöð.¹¹⁶

Hitaveita - 1930

Dreifingu á heitu vatni Orkuveitunnar má rekja til ársins 1930, þegar fyrstu húsin í Reykjavík voru tengd hitaveitu úr Þvottalaugunum í Laugardal. Orkuveita Reykjavíkur nýtir nú vatn af fjórum lághitasvæðum: Laugarnes-svæði og Elliðaársvæði í Reykjavík og Reykjum og Reykjahlíð í Mosfellsbæ. Þá nýtir Orkuveitan háhitasvæðið að Nesjavöllum og á Hellisheiði.¹¹⁷

Fráveita - 2006

Orkuveita Reykjavíkur tók formlega við rekstri og uppbyggingu Fráveitu Reykjavíkur 1. janúar 2006. Samtímis tók Orkuveitan við rekstri og uppbyggingu þriggja fráveitna á athafnasvæði sínu á Vesturlandi: Fráveitu Akraness, Fráveitu Borgarbyggðar og Fráveitu Borgarfjarðarsveitar. Fráveitukerfið flytur allt frárennsli heimila og fyrirtækja í Reykjavík, Garðabæ, Kópavogi, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi og skilar því hreinsuðu til sjávar.¹¹⁸

Gagnaveita - 1999

Fyrsti vísir að Gagnaveitunni var fyrirtækið Lína.Net hf. sem var stofnað 1999, en Gagnaveitan var stofnuð í byrjun árs 2005 og breytt í hlutfélag í byrjun ársins 2007 en um ástæður þess að stofnað var sérstakt hlutfélag um reksturinn er fjallað síðar í skýrslunni. Ljósleiðaranet fyrirtækisins nær víða um höfuðborgarsvæðið, upp á Bifröst, austur fyrir fjall og til Vestmannaeyja.



115 Heimasíða Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is

116 Heimasíða Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is

117 Heimasíða Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is

118 Heimasíða Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is

Miðlar Orkuveitu Reykjavíkur byggja því á tveimur grundvallarstöðum. Annars vegar sérleyfisrekstri sem snýr að dreifikerfi raforku. Öflun kalds vatns, dreifing og sala heits og kalds vatns er bundin sérleyfi. Er þar um að ræða jöfnunartæki til að tryggja að allir hafi aðgengi að orkulindum óháð búsetu. Hins vegar samkeppnisrekstur, sem felst í framleiðslu heits vatns og rafmagns (framleiðsla rafmagns með nýtingu heits vatns er á sviði samkeppnisrekstrar) og sölu rafmagns. Auk þess starfar dótturfélagið Gagnaveita Reykjavíkur á samkeppnisgrundvelli.¹¹⁹

7.2 Tekjur, gjöld og afkoma einstakra miðla.


Í köflunum hér á eftir er fjallað um starfsemi einstakra miðla, einstök verkefni og afkomu þeirra. Til þess að fá heildaryfirsýn yfir afkomu miðlanna verður hér á eftir gefið yfirlit í stórum dráttum um umfang hvers miðils af starfsemi Orkuveitunnar svo hægt sé að átta sig umfangi þeirra hvers fyrir sig. Um er að ræða samanlagðar fjárhæðir á meðalverðlagi 2010 fyrir tímabilið 1. janúar 2003 til 31. desember 2010 en ekki reyndist unnt að afla sambærilegra talna fyrir árið 2002. Tölurnar eru sundurliðun á tekjum, gjöldum og afkomu móðurfélagsins fram til ársins 2007 en þá er fjárhæðum úr ársreikningum Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. bætt við þar sem sú starfsemi var færð í sérstakt félag.

Tekjur

Eins og sést á myndinni er rafmagn stærsti miðillinn og á tímabilinu eru 52% allra tekna Orkuveitunnar vegna sölu á raforku. Tekjur af heitu vatni eru 28%, tekjur af köldu vatni 10%, af fráveitustarfsemi 8% og að lokum eru tekjur af gagnaveitu 3%.

Gjöld

Hér eru tekin saman rekstrargjöld hvers miðils, þ.e. gjöld án fjármagnsliða og tekjuskatts. Hlutdeild gjalda vegna raforkusölu eru 56%, hlutdeild heita vatnsins 27%, kalda vatnsins 7%, fráveitu 7% og loks gagnaveitu 3%.




Rekstrarafkoma

Rekstrarafkoma sýnir rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum, og sýnir því afkomu hvers miðils án þess að litið sé til þess hvernig starfsemin er fjármögnuð og þá er ekki heldur horft til tekjuskatts. Eins og sést á myndinni á næstu síðu er rekstrarafkoma allra miðla samtals jákvæð fyrir tímabilið. Hlutdeild raforkusölu í rekstrarafkomunni er 36%, heita vatnsins 33%, kalda vatnsins 20%, fráveitu 10% og loks gagnaveitunnar 1%.

119 Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar: Stjórnsýsluúttekt. Reykjavík, ágúst 2008. Bls. 12-13.

Afkoma

Afkoma er rekstrarafkoman að frádregnum fjármagnsliðum og tekjuskatti og því er hér búið að taka tillit til fjármagnskostnaðar af lánsfé auk tekjuskatts. Afkoma af sölu og dreifingu á köldu vatni er jákvæð sem nemur 2% af samanlagðri afkomu allra miðla en afkoma annarra miðla er neikvæð. Tap af raforkusölu er 69% af heildartapinu, heita vatnsins 12%, fráveitu 11% og gagnaveitu 4%.




Skuldir Orkuveitunnar hafa ekki verið flokkaðar eftir tilteknum miðlum eða einstökum verkefnum og því er ekki mögulegt að sjá hlutdeild hvers miðils fyrir sig í fjármagnskostnaði fyrirtækisins. Útdeilingin á fjármagnskostnaði sem búið er að gera ráð fyrir í myndinni hér að ofan byggir á nálgun sem notað er innanhúss hjá Orkuveitunni þar sem fjármagnskostnaði er útteilt hlutfallslega m.v. fjárbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum. Ítrekað er því að ekki er hægt að sjá endanlega afkomu hvers miðils heldur eingöngu rekstrarafkomuna. Úttektarnefndin telur því að ástæða sé til að skoða nánar hvort þessi aðferð uppfylli skilyrði raforkulaga til bókhaldslegs aðskilnaðar sérleyfisstarfsemi frá samkeppnisstarfsemi þess.¹²⁰

Á næstu tveimur síðum eru talnayfirlit þar sem hægt er að glöggva sig betur á tilurð upplýsinga að ofan. Fyrri yfirlitið sýnir yfirlit yfir rekstur miðlanna þar sem allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs og seinna yfirlitið sýnir yfirlit yfir rekstur miðlanna þar sem allar fjárhæðir eru á meðalverðlagi ársins 2010. Í næstu köflum sem koma hér á eftir eru svo frekari greiningar á afkomu og efnahag hvers miðils fyrir sig.

7.3 Fjárfestingar einstaka miðla.

Fjárfesting miðla á verðlagi 2010



120 Sjá einnig til hliðsjónar ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá 13. nóvember 2006 sem fjallað verður um síðar í skýrslunni, þar sem fjallað var um fjárhagslegan aðskilnað gagnaveitustarfsemi frá annarri starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur, þar var þessi þáttur til sérstakrar skoðunar.

Í næstu köflum hér á eftir verður eins og áður segir fjallað sérstaklega um hvern miðil fyrir sig en til glöggvunar á umfangi hvers miðils er hér að ofan er yfirlit yfir fjárfestingar Orkuveitunnar í hverjum miðli fyrir sig. Hlutfall fjárfestinga vegna rafmagns er hæst og nemur það 57,7%. Þar á eftir koma fjárfestingar vegna heita vatnsins 24,3%, fjárfesting í jaðarveitum nemur 1,7% af heildarfjárfestingu og síðan er hlutfall fjárfestinga vegna heita vatnsins, kalda vatnsins og fráveitu af heildinni á bilinu 4,4% til 6,6%.

Samantekin afkoma miðla 2003 – 2010 – fjárhæðir á verðlagi hvers árs									
Tekjur	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Samtals
Rafmagn	6.493	7.003	7.710	9.056	11.675	13.497	14.284	15.897	85.615
Heitt vatn	3.995	4.690	5.169	5.456	6.150	6.735	6.552	6.698	45.445
Kalt vatn	1.376	1.486	1.595	1.733	2.112	2.149	2.607	2.757	15.815
Fráveita	0	0	253	1.933	2.389	2.790	2.555	2.622	12.542
Gagnaveita	246	227	380	403	555	669	797	1.000	4.277
Eigin notkun	(294)	(322)	(316)	(416)	(447)	(508)	(525)	(462)	(3.290)
Samtals	11.816	13.084	14.791	18.165	22.434	25.332	26.270	28.512	160.404
Gjöld									
Rafmagn	6.370	6.535	6.432	7.746	10.361	11.630	12.780	14.270	76.124
Heitt vatn	3.591	3.556	3.951	4.203	4.587	5.589	5.314	4.938	35.729
Kalt vatn	1.057	1.132	943	1.101	1.410	1.459	1.263	1.274	9.639
Fráveita	0	0	253	1.468	1.777	1.879	1.970	1.970	9.317
Gagnaveita	247	267	301	431	604	692	631	726	3.899
Eigin notkun	(294)	(322)	(316)	(697)	(738)	(818)	(841)	(780)	(4.806)
Samtals	10.971	11.168	11.564	14.252	18.001	20.431	21.117	22.398	129.902
Rekstrarafkoma									
Rafmagn	123	468	1.278	1.591	1.605	2.177	1.820	1.945	11.007
Heitt vatn	404	1.134	1.218	1.253	1.563	1.146	1.238	1.760	9.716
Kalt vatn	319	354	652	632	702	690	1.344	1.483	6.176
Fráveita	0	0	0	465	612	911	585	652	3.225
Gagnaveita	(1)	(40)	79	(28)	(49)	(23)	166	274	378
Rekstrarafkoma samtals	845	1.916	3.227	3.913	4.433	4.901	5.153	6.114	30.502
Fjármagnsliðir og áhrif dótturf.									
Rafmagn	221	895	578	(2.888)	2.280	(63.476)	722	7.448	(54.220)
Heitt vatn	160	649	419	(3.048)	720	(20.392)	(4.795)	2.439	(23.848)
Kalt vatn	48	193	124	(920)	248	(3.651)	(1.527)	401	(5.084)
Fráveita	0	0	0	(1.912)	527	(5.009)	(3.084)	619	(8.859)
Gagnaveita	4	17	11	(399)	194	(3.279)	(587)	226	(3.813)
Samtals	433	1.754	1.132	(9.167)	3.969	(95.807)	(9.271)	11.133	(95.824)
Tekjuskattur samtals	0	0	0	3.498	(1.775)	14.942	1.328	(3.047)	14.946
Hagnaður (tap) ársins									
Rafmagn	344	1.363	1.856	785	2.782	(50.097)	(756)	7.307	(36.416)
Heitt vatn	564	1.783	1.637	(585)	1.639	(15.804)	899	3.267	(6.600)
Kalt vatn	367	547	776	(289)	949	(2.961)	(182)	1.885	1.092
Fráveita	0	0	0	(1.447)	1.139	(4.097)	(2.499)	1.271	(5.633)
Gagnaveita	3	(23)	90	(220)	119	(3.003)	(250)	472	(2.812)
Hagnaður (tap) ársins samtals	1.279	3.671	4.359	(1.756)	6.628	(75.963)	(2.789)	14.201	(50.370)

Samantekín afkoma miðla 2003 – 2010 – fjárhæðir á meðalverðlagi ársins 2010

Tekjur	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Samtals
Rafnagn	10.339	10.824	11.465	12.652	15.528	16.273	15.223	15.897	108.201
Heitt vatn	6.361	7.249	7.686	7.622	8.180	8.120	6.983	6.698	58.900
Kalt vatn	2.191	2.297	2.372	2.421	2.809	2.591	2.778	2.757	20.216
Fráveita	0	0	376	2.701	3.178	3.364	2.723	2.622	14.963
Gagnaveita	392	351	565	563	738	807	849	1.000	5.265
Eigin notkun	(468)	(498)	(470)	(581)	(595)	(612)	(560)	(462)	(4.245)
Samtals	18.815	20.223	21.994	25.378	29.839	30.543	27.997	28.512	203.300
Gjöld									
Rafnagn	10.143	10.101	9.564	10.822	13.781	14.022	13.620	14.270	96.323
Heitt vatn	5.718	5.496	5.875	5.872	6.101	6.739	5.663	4.938	46.402
Kalt vatn	1.683	1.750	1.402	1.538	1.875	1.759	1.346	1.274	12.628
Fráveita	0	0	376	2.051	2.364	2.266	2.100	1.970	11.126
Gagnaveita	393	413	448	602	803	834	672	726	4.892
Eigin notkun	(468)	(498)	(470)	(974)	(982)	(986)	(896)	(780)	(6.054)
Samtals	17.469	17.261	17.196	19.911	23.942	24.634	22.506	22.398	165.317
Rekstrarafkoma									
Rafnagn	196	723	1.900	2.223	2.135	2.625	1.940	1.945	13.687
Heitt vatn	643	1.753	1.811	1.751	2.079	1.382	1.319	1.760	12.498
Kalt vatn	508	547	970	883	934	832	1.432	1.483	7.589
Fráveita	0	0	0	650	814	1.098	623	652	3.837
Gagnaveita	(2)	(62)	117	(39)	(65)	(28)	177	274	373
Rekstrarafkoma samtals	1.345	2.961	4.799	5.467	5.896	5.909	5.492	6.114	37.983
Fjármagnsliðir og áhrif dótturf.									
Rafnagn	352	1.383	859	(4.035)	3.033	(76.533)	769	7.448	(54.220)
Heitt vatn	255	1.003	623	(4.258)	958	(24.587)	(5.110)	2.439	(66.723)
Kalt vatn	76	298	184	(1.285)	330	(4.402)	(1.627)	401	(28.678)
Fráveita	0	0	0	(2.671)	701	(6.039)	(3.287)	619	(10.677)
Gagnaveita	6	26	16	(557)	258	(3.954)	(626)	226	(4.604)
Samtals	689	2.711	1.683	(12.807)	5.279	(115.515)	(9.881)	11.133	(116.707)
Tekjuskattur samtals	0	0	0	4.887	(2.361)	18.016	1.415	(3.047)	18.910
Hagnaður (tap) ársins									
Rafnagn	548	2.107	2.760	1.097	3.700	(60.402)	(806)	7.307	(43.690)
Heitt vatn	898	2.756	2.434	(817)	2.180	(19.055)	958	3.267	(7.379)
Kalt vatn	584	845	1.154	(404)	1.262	(3.570)	(194)	1.885	1.563
Fráveita	0	0	0	(2.022)	1.515	(4.940)	(2.663)	1.271	(6.839)
Gagnaveita	5	(36)	134	(307)	158	(3.621)	(266)	472	(3.461)
Hagnaður (tap) ársins samtals	2.035	5.672	6.482	(2.453)	8.816	(91.588)	(2.971)	14.202	(59.806)

8. Hitaveita

8.1 Almennt

Um hitaveitu sveitarfélaga gilda orkulög nr. 58/1967 með síðari breytingum. Samkvæmt 30. gr. laganna geta sveitarfélög eða samtök þeirra fengið einkaleyfi frá ráðherra til þess að starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði, frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa. Í 31. gr. laganna er síðan gert ráð fyrir því að sveitarfélag geti með samþykki ráðherra framselt einkaleyfi, en í 2. mgr. 31. gr. kemur fram að hitaveita sem starfi á grundvelli einkaleyfis skuli ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þeirra. Þá kemur fram í 30. gr. orkulaga að stjórn hitaveitu eigi að vera sjálfstæð. Orkuveita Reykjavíkur hefur með höndum umfangsmikla starfsemi og hefur því að óbreyttum lögum frest frá framangreindu skilyrði laganna, en í bráðabirgðaákvæði XVI við raforkulög nr. 65/2003 kemur fram að 1. og 2. másl. 1. mgr. 14. gr. raforkulaga nr. 65/2003, öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 2014.

Orkuveita Reykjavíkur er umfangsmikil í sölu heits vatns á suðvesturhorni Íslands og hefur þar verið í fararbroddi. Fyrirtækið hefur til að mynda sérleyfi til starfrækslu hitaveitu í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Álftanesi, Borgarnesi, Hveragerði, Stykkishólmi og Grundarfirði, Hellu, Hvolsvelli sem og Rangárveitu. Sala á heitu vatni fer einnig fram á grundvelli sölusamninga sem gerðir hafa verið án þess að yfirteknar hafi verið hitaveitur. Þannig fer sala heits vatns ýmist þannig fram að selt er vatn beint til neytenda, eða þá að heitt vatn er selt í heildsölu til sveitarfélaga, sem síðan selja það áfram til neytenda. Má sem dæmi nefna að Orkuveita Reykjavíkur hefur gert heildsölusamning við Mosfellsbæ um sölu á heitu vatni, en Mosfellsbær sér um að selja vatnið áfram til neytenda.¹²¹ Þá selur Orkuveita Reykjavíkur heitt vatn til neytenda í Hafnarfjarðarbæ, þótt þeim sé hvorki selt kalt vatn né dreift til þeirra rafmagni.

Það vatn sem Orkuveita Reykjavíkur selur er unnið beint úr jörðu í Mosfellsbæ og Reykjavík. Einnig er unnin jarðgufa í Nesjavallavirkjun og á Hellsisheiði, en heitt vatn er framleitt á Nesjavöllum og Hellsisheiði með því að nota jarðhitann til upphitunar á köldu vatni. Þá keypti Orkuveita Reykjavíkur til skamms tíma heitt vatn í heildsölu af HAB (hitaveita Akraness og Borgarfjarðar) til dreifingar á Akranesi og í Borgarnesi, en hitaveitan hefur nú verið sameinuð rekstri Orkuveitu Reykjavíkur. Jarðhitavatnið frá lágghitasvæðum Orkuveitu Reykjavíkur er nýtt beint á dreifikerfi orkuveitunnar en á Nesjavöllum og Hellsisheiði er jarðhitinn notaður til að hita upp kalt grunnvatn sem veitt er til Reykjavíkur. Meðal jaðarveitna Orkuveitu Reykjavíkur eru Austurveita, Grímsnesveita, Hlíðaveita, Munaðarnesveita, Norðurárdalsveita og Ölfusveita auk Hitaveitu Rangæinga.¹²² Um er að ræða umfangsmikinn rekstur, en Orkuveita Reykjavíkur sér um dreifingu á heitu vatni inn á dreifikerfi til rúmlega 68% hluta þjóðarinnar.

30. gr. laga nr. 58/1967 „Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi, með þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, til þess að starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði, frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa. Þeir aðilar, sem nú hafa einkaleyfi til að starfrækja hitaveitu, skulu halda þeim rétti. Hitaveitu sem dreifir heitu vatni eða gufu á grundvelli einkaleyfis er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt einkaleyfi eða öðrum sérleyfum og lögum þar að lútandi, sbr. þó 1. mgr. 14. gr. raforkulaga. Hitaveitu er þó heimilt að stunda aðra starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Stjórn hitaveitu skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, flutning eða sölu raforku eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hennar.“

1. og 2. mgr. 31. gr. laga nr. 58/1967 „Einkaleyfi það, sem um ræðir í 27. gr., getur sveitarfélag, með samþykki ráðherra, framselt einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti um ákveðið tímabil í senn með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæður þykja til.

Hitaveita sem starfar á grundvelli einkaleyfis skal ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.“

121 Sjá til hliðsjónar úrskurd innanríkisráðuneytis vegna kvörtunar kaupanda heits vatns í Mosfellsbæ. Málinu var vísað frá þar sem kærán barst of seint, <http://www.innanrikisraduneyti.is/urskurdir-og-alit/nr/27758>.

122 Yfirlit erindi hjá jarðhitafélagi Íslands, erindi Ásgeirs Margeirssonar, <http://www.jarðhitafelag.is/media/PDF/Rit15.pdf>, sjá einnig umfjöllun í <http://www.os.is/gogn/Orkumal-arsrit/Orkumal-Jardhiti-2006-2-3.pdf>.


8.2 Fjárhagslegt yfirlit

Hér á eftir fer fjárhagslegt yfirlit yfir starfsemi Orkuveitunnar sem er skilgreind sem hitaveita í reikningsskilum fyrirtækisins. Ekki eru tiltækar upplýsingar vegna ársins 2002 og ekki heldur sundurgreining á samstæðu-reikningi fyrirtækisins fyrir allt tímabilið sem er til skoðunar. Meirihluti starfseminnar er í móðurfélaginu sjálfu og upplýsingarnar því ekki verulega frábrugðnar því sem út kæmi ef samstæðan í heild sinni væri sundurgreind

Yfirlit yfir tekjur og gjöld hitaveitunnar, allar fjárhæðir eru á meðalverðlagi ársins 2010


Hitaveita									
	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Samtals
Rekstrartekjur	6.361	7.249	7.686	7.622	8.180	8.120	6.983	6.698	58.900
Rekstrargjöld	3.089	3.250	3.679	3.835	3.964	4.108	3.349	2.659	27.932
EBITDA	3.272	3.999	4.007	3.787	4.216	4.013	3.634	4.039	30.968
Afskrifur	2.629	2.246	2.196	2.037	2.137	2.631	2.315	2.279	18.470
Rekstrarafkoma (EBIT).....	643	1.753	1.811	1.751	2.079	1.382	1.319	1.760	12.498

Eins og kemur betur fram í umfjölluninni hér á eftir var sala á heitu vatni og hitaveita þegar á starfssviði fyrirtækisins þegar það var stofnað. Hitaveitan er næst stærsta svið Orkuveitunnar og nema tekjur þess 28% af heildartekjum fyrirtækisins.




Á myndinni hér að ofan er samanburður á tekjum hitaveitunnar í milljónum króna. Tekjurnar samtals yfir tímabilið nema 45.445 millj.kr. en 58.899 millj.kr. séu tekjur hvers árs færðar til meðalverðlags ársins 2010. Tekjur ársins 2003 á meðalverðlagi ársins 2010 nema 6.361 millj.kr. og vaxa nokkuð stöðugt fram til ársins 2006 þegar þær lækka frá árinu áður og nema 7.622 millj.kr. Tekjurnar vaxa í síðan í 8.180 millj.kr. á árinu 2007 en lækka síðan árin þar á eftir og eru 6.698 millj.kr. á árinu 2010. Tekjur ársins 2010 eru 5% hærri en tekjur ársins 2003 á meðalverðlagi ársins 2010. Í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2011 kemur fram að tekjur af heitu vatni nema rúmum 8.887 millj.kr. og hafa því vaxið verulega miðað við þróun tekna á tímabilinu.

Samanburður á tekjum við aukningu í fjárfestingum og neysluverðsvísitölu




Á myndinni hér að ofan má sjá samanburð á vexti í tekjum, annars vegar við almennar verðlagsbreytingar sem mældar eru með vísitölu neysluverðs og hins vegar við aukningu í fjárfestingum frá árinu 2003 til 2010. Ástæðan fyrir þessum samanburði er sú að með nokkurri einföldun mætti ætla að tekjur þyrftu að vaxa í takt við almennar verðlagsbreytingar m.v. óbreyttar eignir en að vöxturinn ætti að aukast hraðar ef viðbótarfjárfestingum er bætt við. Fyrri hluta tímabilsins aukast tekjur hraðar en neysluverðsvísitalan og fjárfbindingin í varanlegum rekstrarfjármunum sem rekstrinum tengjast. Frá árinu 2007 eykst fjárfbinding töluvert á sama tíma og tekjur og neysluverðsvísitalan nálgast hvor aðra. Aukning fjárfbindingar í varanlegum rekstrarfjármunum á tímabilinu nemur 109%, hækkun á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 59% og aukning í tekjum nemur 68%. Hafa ber í huga við samanburðinn að eignirnar hafa hlotið endurmat á grundvelli hækkunar endurkaupsverðs og síðan er yfirfarið með virðisrýrnunarprófi hvort eignirnar standi undir væntri afkomu fjárfbindingarinnar eins og farið var yfir í kaflanum um fjárhagslegt yfirlit.


Rekstrargjöld




Á myndinni hér að ofan er samanburður á rekstrargjöldum hitaveitunnar að meðtöldum afskriftum í millj.kr. Rekstrargjöldin samtals yfir tímabilið nema 35.729 millj.kr. en 46.402 millj.kr. séu gjöld hvers árs færð til meðalverðlags ársins 2010. Rekstrargjöld ársins 2003 á meðalverðlagi ársins 2010 nema 5.718 millj.kr. Rekstrargjöldin lækka og hækka síðan á víxl fram til ársins 2007 og nema þá 6.101 millj.kr. Rekstrargjöldin hækka síðan á árinu 2008 og nema þá 6.739 millj.kr. Gjöldin lækka síðan árin 2009 og 2010 í 5.663 millj.kr. og 4.938 millj.kr. Rekstrargjöld ársins 2010 eru 14% lægri en rekstrargjöld ársins 2003.




Á myndinni hér að ofan eru rekstrargjöld borin saman við rekstrartekjur og eru allar fjárhæðir á meðalverðlagi ársins 2010. Rekstrartekjurnar eru hærri en rekstrargjöldin allt tímabilið sem er til skoðunar. Á árinu 2003 er hlutfall rekstrargjalda 89,9%, það lækkar svo í 75,8% á árinu 2004 og hækkar síðan í um 77% næstu tvö ár á eftir. Hlutfallið lækkar síðan á árinu 2007 í 74,6%, hækkar í 83% árið 2009 en lækkar síðan á árunum 2009 og 2010 í 81,1% og 73,7%. Meðalhlutfall rekstrargjalda af rekstrartekjum á tímabilinu er 78,95% samanborið við 83,3% fyrir fyrirtækið í heild sinni. Hlutfall rekstrarkostnaðar í hitaveitu er því lægra en meðaltal fyrirtækisins alls.



Á myndinni hér að ofan er samanburður á afskriftum varanlegra rekstrarfjármuna og tekjum, en báðar stærðir eru á meðalverðlagi ársins 2010. Hlutfall afskrifta af tekjum er vísbending um þróun þess sem fjárbinding fyrirtækisins í varanlegum rekstrarfjármunum skilar því í tekjur. Eins og sjá má hefur hlutfall afskrifta farið lækkandi á tímabilinu og hefur lækkað frá því að vera 41,3% árið 2003 í að vera 34% á árinu 2010.




Rekstrarafkoma er afkoma miðilsins án fjármögnunarkostnaðar og tekju-skatts. Eins og fram kom hér að ofan eru rekstrartekjur hærri en rekstrar-gjöld öll árin sem eru til skoðunar og því er rekstrarafkoman jákvæð allt tímabilið. Rekstrarhagnaður samtals fyrir árin 2006 til 2010 nemur 12.498 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Rekstrarhagnaðurinn er 643 millj.kr. á árinu 2003 og hækkar næstu tvö ár þar á eftir í 1.753 millj.kr. árið 2004 og 1.811 millj.kr. á árinu 2005. Á árinu 2006 lækkar rekstrarafkoman í 1.751 millj.kr., hækkar síðan árið 2007 í 2.079 millj.kr. en fellur næstu tvö ár þar á eftir og er 1.382 millj.kr. árið 2008 og 1.319 millj.kr. árið 2009. Á árinu 2010 er rekstrarafkoman 1.760 millj.kr. Meðalhluftfall rekstrarafkomu af tekjum á tímabilinu er 21% samanborið 16,7% fyrir Orkuveituna í heild sinni.




Á myndinni að ofan má sjá fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á tímabilinu 2002 – 2010 sem tengjast hitaveitustarfsemi. Fjárhæðir eru bæði á verðlagi hvers árs og árslokaverðlagi 2010. Fjárfestingar á tímabilinu námu samtals 39.607 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010. Á árunum 2002 til 2006 var fjárfesting heldur stöðug á milli ára en eftir þann tíma er fjárfesting mun meiri. Fjárfesting nær hámarki á árinu 2008 þegar hún er 9.865 millj. kr. á verðlagi 2010. Eftir þann tíma dregur heldur úr fjárfestingum.

Eins og kom fram í yfirlitskaflanum um miðla Orkuveitunnar fyrr í skýrslunni er fjárfesting vegna hitaveitunnar 24,3% af heildarfjárfestingu Orkuveitunnar vegna miðla á tímabilinu sem er til skoðunar.



Á myndinni hér að ofan má sjá fjárbindingu fyrirtækisins í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindir eru undir hitaveitustarfsemi. Fjárbinding er það sama og bókfært verð, eða fjárfestingar að frádregnum afskriftum og að viðbættu endurmati. Hafa þarf í huga við skoðun á myndinni að endurmat hefur numið verulegum fjárhæðum eins og kom fram í fjárhagslega yfirlitinu fyrr í skýrslunni.

Fjárbindingin í árslok 2002 nam 25.700 millj.kr. á verðlagi þess árs sem er 41.954 millj.kr. á verðlagi ársins 2010 og hefur vaxið í það að nema 58.893 millj.kr. á árinu 2010 sem er um 40% aukning til samanburðar við 5% aukningu tekna á tímabilinu.




Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi þess fjármagns sem bundið er í hitaveitu fyrir árin 2003 til 2010. Útreikningur á arðseminni byggir á rekstrarafkomu og meðal fjárbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindar eru hjá fyrirtækinu sem eignir til hitaveitustarfsemi. Á árinu 2003 er arðsemin 2,4% en er síðan á bilinu 5,5% til 6,1% á árunum 2004 til 2007. Á árunum 2008 til 2010 er arðsemin á bilinu 2,5% – 3,1%. Meðalarðsemi tímabilsins er 4,2% samanborið við meðalarðsemi fyrirtækisins í heild sinni sem er 2,3%. Til samanburðar kemur fram í áfanga-skýrslu H.F. Verðbréfa og Orkuveitunnar dags. 28. janúar 2011 að markmið í arðsemi hitaveitu sé 7%.¹²³

Skuldum fyrirtækisins og þar með fjármagnskostnaði vegna þeirra er ekki skipt niður á miðla og því er ekki hægt að fá upplýsingar um endanlega

123 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa, dags. 28. janúar 2011. Bls. 12.

arðsemi miðilsins, en eins og áður hefur komið fram hefur hlutfallslegur kostnaður við lánsfé á tímabilinu numið 7,83% og á þá eftir að taka tillit til kostnaðar við eigið fé sem eru úttektir eigenda. Taka þarf tillit til þess að kostnaður við lánsfé inniheldur óinnleyst gengistap vegna lána sem getur að einhverju leyti gengið til baka verði styrking á íslensku krónunni.

Arðsemi eigna m.v. fjárbindingu án endurmats



Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi þess fjármagns sem bundið er í hitaveitustarfsemi fyrir árin 2003 til 2010 þar sem leiðrétt hefur verið fyrir endurmati varanlegra rekstrarfjármuna frá árinu 2007. Útreikningur á arðseminni byggir á rekstrarafkomu að viðbættum afskriftum af endurmati og meðal fjárbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindar eru sem eignir til hitaveitustarfsemi að frádregnu bókfærðu verði endurmats. Endurmatið hófst ekki að ráði fyrr en á árinu 2006 en ekki reyndist unnt að draga fram afskrift endurmats það ár þ.a. leiðréttingin hefur fyrst áhrif á árinu 2007. Á árinu 2007 er þannig reiknuð arðsemi 5,7%. Hún lækkar í 5,1% á árinu 2008 og hækkar síðan næstu tvö ár þar á eftir í 5,3% árið 2009 og 5,8% árið 2010. Meðalarðsemi tímabilsins eftir leiðréttingu vegna endurmats er 5,3% samanborið við meðalarðsemi fyrirtækisins í heild sinni sem er 3%.

8.3 Um hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar (HAB)

Við stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur lögðu sveitarfélögin á Vesturlandi veitur sínar inn í fyrirtækið. Meðal þeirra var Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB). Akranes, Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit áttu um 79,3% í HAB á móti íslenska ríkinu sem átti um 20,7% í félaginu. Strax eftir stofnun fyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur reyndi fyrirtækið að kaupa hlut íslenska ríkisins í hitaveitunni, en þeir samningar tókust ekki. Steytti á verðlagningu hlutarins, en íslenska ríkið byggði kröfur sínar á að Borgarfjarðarsveit, sem hafði lagt inn 4,3% eignarhluta sinn í HAB við stofnun Orkuveitu Reykjavíkur, hefði fengið sem endurgjald 0,171% eignarhluta í Orkuveitu Reykjavíkur. Taldi ríkið að reikna ætti hlut þess í HAB miðað við eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur í árslok 2001, sem var þá um 35.000 millj.kr. Samkvæmt framansögðu gerði ríkið kröfu til þess að greiddar yrðu 280 millj.kr. fyrir hlut þess í HAB, sem síðar var framreiknað til samræmis við byggingarvísitölu í samningaviðræðum næstu ára. Orkuveita Reykjavíkur hélt því hins vegar fram að önnur sjónarmið giltu við sameiningu en við bein kaup. Samskipti Orkuveitunnar og íslenska ríkisins urðu afar stíð vegna þessa ágreinings. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 1. febrúar 2008 er m.a. bókað um heitavatnsskort í yfirstandandi kuldakasti, einkum í Borgarfirði og á Akranesi. Var forstjóra og stjórnarformanni falið að óska eftir fundi með forsætisráðherra vegna málsins, þar sem ríkið væri meðeigandi Orkuveitu Reykjavíkur að Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, en í ljós hafði komið að endurnýja þurfti heitavatnsleiðslu sem var mjög kostnaðarsöm framkvæmd. Hafnaði ríkið

beiðni um að ábyrgjast lántöku fyrir sínum eignarhluta vegna endurnýj-
unarinnar og gerði tillögu um að gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgar-
fjarðar (HAB) yrði hækkuð til að standa undir kostnaðinum. Var það mat
stjórnenda Orkuveitunnar á þeim tíma, að slíkt hefði haft í för með sér að
heildsöluverð hefði orðið hærra en smásöluverð til notenda á svæðinu.¹²⁴

Málefni Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar voru áfram til umræðu hjá
stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 20.
febrúar 2006 var m.a. tekið fram:

*„Lagt fram bréf framkvæmdastjóra framleiðslu og sölu dags. 20.
febrúar 2006 um Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Til skoð-
unar er að breyta HAB úr sameignarfélagi Orkuveitu Reykjavíkur
og ríkisins í hlutafélag í eigu sömu aðila. Samþykkt að fela fram-
kvæmdastjóranum að vinna áfram að málinu.“*

Í bréfi aðstoðarforstjóra Orkuveitu Reykjavíkur dags. 20. febrúar 2006
kom m.a. fram:

*„Undanfarin misseri hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa Orku-
veitu Reykjavíkur og ríkisins um framtíðareignarhald á HAB, en
ríkið á þar um 20% hlut á móti um 80% hlut Orkuveitu Reykja-
víkur. Reynt hefur verið að ná samningum milli aðila um kaup
Orkuveitunnar á hlut ríkisins en samningar um það hafa ekki náðst.
Vegna skuldbindinga HAB og fyrirliggjandi endurfjármögnunar,
þarf ábyrgð eigenda HAB að vera skýr. Fulltrúar ríkisins hafa lagt
áherslu á að framtíðarskuldbindingar HAB njóti ekki ríkisábyrgðar.
Því þykir vænlegt að kanna þann möguleika að breyta rekstrarformi
HAB í hlutafélag.“¹²⁵*

Af framangreindum ráðagerðum varð þó ekki. Má hér nefna að meðal
annars var lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem lagt var til að felld yrði
brott heimild til sölu hluta ríkisins í HAB, m.a. með tilvísun til einkavæð-
ingaráforma um félagið, en því var harðlega mótmælt af hálfu Orkuveitu
Reykjavíkur í umsögn um frumvarpið með bréfi lögmanns Orkuveitunnar
dags. 15. maí 2008.¹²⁶ Fumvarpið dagaði uppi og varð ekki að lögum.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 5. september 2008 var á ný
rætt um málefni HAB og þar greint frá undirbúningi samnings, sem boðað
var að lagður yrði fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Að auki var lagt fram
minnisblað dags. 4. september 2008 vegna fundar stjórnenda Orkuveitu
Reykjavíkur með fulltrúum ríkisins. Þar kom fram að ríkið hefði fallist á að
selja hlutinn í HAB á 150 millj.kr. (í stað fyrri krafna að fjárhæð um 300
millj.kr.). Kom fram í minnisblaðinu að eigið fé og handbært fé veitunnar
væri 596,2 millj.kr. og væri 20,7% eignarhluti ríkisins því 119,2 millj.kr.
virði, væri farið eftir þeirri aðferð við ákvörðun verðsins. Að auki var upp-
lýst að eiginfjárhlutfall samkvæmt 6 mánaða uppgjöri HAB væri 0,32%, tap
fyrstu sex mánuði ársins 2008 væri 115,7 millj.kr. og að fjárfestingarþörf

124 Greinargerð með rekstrarúttekt. Reykjavík. Dags. 14. ágúst 2010. Bls. 22.

125 Bréf Ásgeirs Margeirssonar dags. 20. febrúar 2006 til stjórnar Orkuveitu Reykja-
víkur.

126 Alþingi: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um brotfall
heimildar til sölu á hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Borgar-
fjarðar. Erindi nr. 135/2783. 15. maí 2008. [http://althingi.is/pdf/umsogn.
php?lthing=135&malnr=189&dbnr=2783&nefnd=fl](http://althingi.is/pdf/umsogn.php?lthing=135&malnr=189&dbnr=2783&nefnd=fl).

vegna endurnýjunar aðveitu væri um 2,8 milljarðar, sem ráð væri gert fyrir að yrði lokið 2012–2014. Rétt er að geta þess að í bókun 301. stjórnarfundar Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar þann 21. ágúst 2008 var m.a. bókað um að tap fyrstu sex mánuði ársins hefði m.a. helgast af miklum gengisbreytingum. Þá var jafnframt bókað að staða félagsins væri slæm þar sem fyrir lægi að fjárfestingarþörf árána 2008 til 2015 væri rúmir 3,3 milljarðar króna. Áætlun sem lægi fyrir sýndi að fjárþörf félagsins væri um 2,5–2,8 milljarðar króna sem að fjármagna þyrfti með lánsfé eða nýju stofnfé. Auk þess væri þörf á að hækka gjaldskrár veitunnar um 15%.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 19. september 2008 var að lokum lögð fram og samþykkt tillaga dags. 16. september 2008 um að Orkuveita Reykjavíkur keypti 20,7% hlut íslenska ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar (HAB) fyrir 150 millj.kr. Í greinargerð með tillögunni kom fram að:

„Orkuveita Reykjavíkur eignaðist 79,3% í HAB við stofnun sameignarfyrirtækisins 1. janúar 2002, en Akranes, Borgarnes og Borgarfjarðarsveit lögðu eignarhluta sína í HAB inn í Orkuveitu Reykjavíkur. Áður en að þessi skipti á hlutum áttu sér stað var HAB metið af Deloitte á sama hátt og þau fyrirtæki sem sameinuð voru í nýju sameignarfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur s.f., Akranesveita, Hitaveita Borgarnes og Orkuveita Reykjavíkur. Virði HAB að frádregnum skuldum var metið 1.190 milljónir, og 4,3% eignarhlutur Borgarfjarðarsveitar samsvaraði 0,17% hlut í sameignarfyrirtækinu Orkuveitu Reykjavíkur. Allar götur síðan 2002, hafa átt sér stað viðræður um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlut ríkisins. Ríkið hefur haldið fram þeim sjónarmiðum að eðlilegt sé að það fái samsvarandi verð fyrir hlut sinn og Borgarfjarðarsveit fékk í OR fyrir sinn hlut í HAB ... Ríkið lét gera virðismat á HAB fyrir nokkrum árum, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hefur Orkuveitu Reykjavíkur ekki verið veittur aðgangur að því virðismati. Orkuveita Reykjavíkur hefur frá upphafi í viðræðum við ríkið sagt að ekki væri sjálfsgefið að leggja að jöfnu sölu á hlut og skipti á eignarhlutum ... Frá sameiningunni 2002 hefur einnig komið í ljós að forsendur sem gefnar voru um ástand veitunnar hafa ekki gengið eftir, þar sem ending stofnlagnarinnar var ofmetin og hefur veruleg áhrif á virðismat félagsins. Gjaldskrá HAB er tvíþætt, annars vegar heildsala til Orkuveitu Reykjavíkur á Akranes og Borgarnes og hins vegar smásala til viðskiptavina á leið stofnlagnarinnar. Langstærsti hluti teknanna kemur frá heildsöluhlutanum. Smásölugjaldskrá HAB er bundin heitavatnsverði á Akranesi og gjaldskrá í Borgarnesi og Akranesi er hin sama og á höfuðborgarsvæðinu, sbr. stofnsamþykkt sameignarfyrirtækisins Orkuveitu Reykjavíkur. Ríkið hefur meðal annars gagnrýnt HAB fyrir að hækka ekki gjaldskrána til að skapa sér meiri tekjur og þar með auka virði félagsins. Heildsöluverðskrá samanstandur af föstu og breytilegu gjaldi, breytilega gjaldið er 26,09 kr/m³ en sé fastagjaldinu bætt við er heildsölugjaldskráin um krónu lægri en smásölugjaldskráin. Það er mat stjórnenda HAB að ef gjaldskrá hefði fengið að þróast með verðlagi þá væri staða félagsins ágæt í dag. Framundan eru miklar fjárfestingar hjá HAB vegna endurnýjunar á stofnlögninni og til að byggja dælustöð sem ætlað er að auka flutningsgetu stofnlagnarinnar ...“¹²⁷

127 Tillaga til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. september 2008.

Jafnframt var samið um afnot Orkuveitu Reykjavíkur af Deildartunguhver næstu 55 ár. Við afgreiðslu framangreindrar tillögu lét stjórnarmaðurinn Sigrún Elsa Smáradóttir bóka að:

„Athylli er vakin á því að það kaupverð sem nú er gengið út frá í kaupum OR á 20,7% hlut ríkisins í Hitaveitu Akranes og Borgarfjarðar er töluvert undir því virði veitunnar sem gengið var út frá þegar sveitarfélögin sem að HAB stóðu lögðu hlut sinn í veitunni inn í Orkuveitu Reykjavíkur í byrjun árs 2002.“

Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson óskuðu af framangreindu tilefni að bókað yrði að:

„Við sameiningu Akranesveitu, HAB og veitna Borgarbyggðar við Orkuveitu Reykjavíkur var samið um eignarhlut hvers og eins eiganda.“

Á fundi stjórnarinnar þann 19. september 2008 var jafnframt lagt til og samþykkt tillaga um að Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) yrði sameinuð Orkuveitu Reykjavíkur frá 1. október 2008 og hefur sú sameining nú átt sér stað. Farið hefur verið út í þær framkvæmdir sem nauðsyn var á, vegna stofnlagnar veitunnar. Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur dags. 14. ágúst 2010 kemur fram að endurnýja hafi þurft 76 km heitavatnslögnina (asbestlögn). Lokið væri við að endurnýja um 15 km lagnarinnar og næmi áætlaður kostnaður við það sem eftir væri um 2 milljörðum króna.

8.4 Samningar um kaup á hitaveitum

Veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur (áður Hitaveitu Reykjavíkur) hélst nær óbreytt frá árinu 1970 þegar ákveðið var að leggja hitaveitu í Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð fram til ársins 2000, þegar keypt var hitaveita Þorlákshafnar. Ekkert er bókað um þau kaup í bókum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, en samningurinn var gerður milli borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Ölfuss. Er því ekkert að finna um framangreind kaup í fundargerðum stjórnar veitustofnana, utan þess að á fundi stjórnar veitustofnana þann 16. janúar 2001 voru lögð fram og samþykkt drög að nýrri gjaldskrá og reglugerð vegna Hitaveitu Þorlákshafnar. Nokkra vísbendingu er þó að finna í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2000, en þar kemur fram að:

„Á árinu var einnig ákveðið að Orkuveitan tæki að sér uppbyggingu á hitaveitu í Grímsnes- og Grafningshreppi og verður hafist handa við þá uppbyggingu sumarið 2001. Ákveðið hefur verið að sú veita verði rekin sem hluti af Hitaveitu Þorlákshafnar. Ef vel tekst til er mögulegt að lagning hitaveitu í Grímsnes- og Grafningshreppi geti orðið vísir að því að Orkuveitan sérhæfi sig í að leggja, fjármagna og reka sveita- og sumarbústaðahitaveitur á suðvesturhorninu.“¹²⁸

Þar er einnig tekið fram að miklar vonir væru bundnar við veitusvæði Hitaveitu Þorlákshafnar sem framtíðarorkusölvsvæði, bæði vegna vaxandi byggðar og mikilla möguleika á atvinnuuppbyggingu.

128 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2000.

Fyrir stofnun Orkuveitu Reykjavíkur hafði Hitaveita Reykjavíkur tekið yfir hitaveiturekstur í Bessastaðahreppi (nú Álftanesi) árið 1993 og á Kjalarnesi árið 1997. Auk þess höfðu verið samþykkt kaup á öllum vatnsréttindum Mosfellsbæjar, í stjórn veitustofnana á fundi hennar þann 17. febrúar 1999. Við stofnun Orkuveitu Reykjavíkur árið 2001 lögðu þau sveitarfélög sem urðu eigendur fyrirtækisins inn virkjanir og dreifikerfi sín í fyrirtækið. Sveitarfélögin á Vesturlandi lögðu því veitur sínar inn í Orkuveitu Reykjavíkur, þ.e. Akranesveitu, Andakílsvirkjun, Hitaveitu Borgarness og eignarhluta í HAB. Á þeim tíma var eignarhluti Akraness, Borgarbyggðar og Borgarfjarðarsveitar í HAB 79,3% á móti íslenska ríkinu sem átti 20,7% eins og rakið var að framan.

Eftir stofnun Orkuveitu Reykjavíkur hófst nokkuð mikil útbensla fyrirtækisins á þessu sviði. Til viðbótar má geta þess að sjá má af fundargerðum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að nokkuð hafi verið leitað til fyrirtækisins um samstarf um rekstur og/eða yfirtöku hitaveitna. Í fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 21. september 2005 er til að mynda getið um að lagt hafi verið fram bréf sveitarstjóra Mýrdalshrepps dags. 8. september 2005 þar sem óskað var eftir samstarfi um að rannsaka möguleika á að reisa og reka hitaveitu, og einnig var þar lagt fram samkomulag milli Sjómannadagsráðs og Orkuveitu Reykjavíkur dags. 1. september 2005 um athugun á hagkvæmni þess að byggja hitaveitu í sumarhúshverfið Hraunborgum. Á fundi stjórnar þann 6. október 2006 var einnig lagt fram bréf Flóahrepps dags. 13. september 2006 um hugsanlega aðild Orkuveitunnar að rekstri vatns- og hitaveitu, sem vísað var til forstjóra. Ekki varð þó af því samstarfi.

Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda dags. 14. ágúst 2010, segir að viðræður hafi að auki farið fram við önnur sveitarfélög um kaup eða sameiningu veiturekstrar, en að þær viðræður hafi ekki leitt til niðurstaðna. Voru sveitarfélögin Árborg, Hafnarfjörður og Gardabær tekin fram í því sambandi. Til viðbótar má geta þess að með viljayfirlýsingu milli Orkuveitu Reykjavíkur og sveitarfélagsins Bláskógabyggðar dags. 23. júlí 2003 og sem lögð var fram og samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 12. ágúst 2003 var samið um að aðilar myndu eftir föngum vinna sameiginlega að byggja upp hita- og vatnsveitu á svæðinu, auk þess sem stefnt yrði að því að bjóða notendum á svæðinu upp á hagstætt verð á heitu og köldu vatni og rafmagni. Rétt er einnig að geta þess að þéttbýlisveitur sem Orkuveita Reykjavíkur hefur keypt með neðangreindum samningum hafa almennt verið sameinaðar annarri sérleyfisstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur.

Skipta verður umfjöllun um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hitaveitum í tvennt. Hér á eftir verður gerð grein fyrir kaupum Orkuveitunnar þar sem fyrirtækið yfirtók réttindi og skyldur viðkomandi sveitarfélaga. Samhliða yfirtökunni voru reglugerðir einstakra veitna felldar úr gildi og reglugerð Orkuveitunnar breytt þannig að hún tæki til viðkomandi svæðis.¹²⁹ Hér á eftir fer yfirlit yfir þær veitur sveitarfélaga, sem yfirteknar hafa verið af Orkuveitu Reykjavíkur. Fjárhæðir í yfirlitinu eru í milljónum króna.

Alfreð Þorsteinsson: „*Þetta byrjaði á hitaveitunni í Dörlákshöfn. Síðan kom Hvenagerði og Akranes og Borgarnes inn og einhverjar fleiri. Þetta voru ekki stórar eða miklar fjárfestingar.*“ *Bylgjan, Sprengisandur, 3. apríl 2011.*

Guðmundur Þóroddsson: „*Það var starfssvæði sem var suðvestur hornið og OR rak margar gerðir af veitum á þessu svæði og var yfirlétt lítið mál að bæta einni veitu við. Hugmyndafraeðin á bak við þetta var fyrst og fremst sú að fyrirtækið var í vexti. Það var með sterka ferla, innkaupaferla, stjórnunarferla, gæðakerfi og svo framvegis, sem munaði lítið um að bæta við einu fyrirtæki í viðbót. Hins vegar var það ekki beint stefna fyrirtækisins að kaupa þessar veitur þannig að ég man ekki eftir því að við höfum farið og leitað að kaup-tækifærum. Ég man ekki eftir neinni veitu sem var keypt og hafði ekki komið að eigin frumkvæði og rætt við OR um það hvort að samstarf við okkur væri mögulegt. Þannig að það var ekki stefna OR að kaupa allt heldur var málaleitunum vel tekið. Þetta fór oft eftir pólitískum leiðum, sveitarstjórnarmenn þekktu aðra á sveitastjórnarstigun og sögðu: „Við viljum gjarnan starfa með ykkur, er það ekki einhver möguleiki?“ Það var alltaf mjög góð sátt í stjórn OR að kaupa ekki nýjar veitur nema það væri talið hagkvæmt. Þannig að verðið á veitum sveitafélaganna var alltaf haft þannig að veitan yrði að bera arð til framtíðar miðað við þáverandi verð miðilsins í Reykjavík. Þá var ekki verið að kaupa fasteignir eða dreifikerfi herra verði en svo að það mundi geta borið sig til framtíðar með fyrirsjáanlegum framkvæmdum. Það sem hins vegar gerist er, að ef verð var ekki hækkað í Reykjavík, urðu jadarveiturnar einnig óhagstæðar eins og í Reykjavík.*“

129 Greinargerð með rekstrarúttekt. Reykjavík. 14. ágúst 2010. Bls. 20.

Veita	Kaupár	Kaupverð	Fjárfesting	Samtals á verðlagi 2010
Hitaveita Innri Akraneshreppi	2002		Rekið með Akranesveitu	
Hitaveita Hveragerðis	2004	260	553	1.149
Hitaveita Rangæinga	2005	646	502	1.618
Orkuveita Stykkishólms	2005	412	338	1.110
Vatnsveita Grundarfj. ásamt uppbyggingu hitaveitu	2005	42	234	371
		1.360	1.627	4.248

Eiríkur Hjálmarsson: „Það sem er lagt til grundvallar við þessi veitukaup er ákveðin viðskiptaáætlun fyrir viðkomandi veitu. Það er ákveðið mat á eignunum og ástandi þeirra. Það er mat á tekjum og hugsanlegum framtíðartekjum í einhverjum tilvikum, ef það er augljóslega einhver aukning á leiðinni, og það er til vatn fyrir þær í raun og veru. En síðan er verðið sem er greitt stærð sem er jöfnuð á móti umsáminni verðskrá. Þannig t.d. lækkar verðið sem Rangæingarnir fengu fyrir sína hitaveitu. Það lækkaði heilmikið, af því það skipti eiganda þeirrar veitu, sveitafélögin þarna fyrir austan, meira máli að gjaldskráin þar færi niður í sömu gjaldskrá og í Reykjavík. Þá er verðið til sveitafélagsins reiknað út frá því. Þetta módel var notað á hverja einustu veitu, það ég best veit. Ég held það sé aðallega tvennt sem menn flöskuðu á í þessum viðskiptamódelum. Í fyrsta lagi að fylgja eftir að gjaldskráin héldi verðgildi sínu. En svo er hitt, að ástand sumra veitanna var verra en reiknað var með. Þetta er jú niðurgafið þannig að menn voru kannski meira að reikna út frá aldri heldur en raunverulegu ástandi. Og svo líka það að kröfurnar, kröfur viðskiptavinanna eftir að Orkuveitan tekur við ákveðnum rekstri, eru allt aðrar heldur en ef það er hann Guðmundur í Áhaldahúsinu sem sér um að reka veituna. Menn setta sig við lægra þjónustustig frá Guðmundi í Áhaldahúsinu heldur en Orkuveitu Reykjavíkur.“

Í töflunni hér á eftir er að finna yfirlit yfir kaup Orkuveitu Reykjavíkur á eignum veitna, en þar ber Orkuveitan ekki skyldur sem sveitarfélag við rekstur veitnanna. Því eru skyldur Orkuveitunnar ekki þær sömu þar og í samningum við sveitarfélögin sem fram koma í töflunni hér að ofan. Til viðbótar má nefna kaup Orkuveitu Reykjavíkur á 5 ha spildu á jörðinni Bakka I, Ölfushreppi ásamt heitavatnsborholu með samningi dags. 14. júní 2002. Umsamið kaupverð var 36 millj.kr. og afhending 1. júlí 2002.¹³⁰ Að auki var samið um ívilnanir og áframhaldandi afnot seljanda af hluta jarðarinnar og kaupum á vatni. Kaupin tengjast hitaveitu Þorlákshafnar sem síðar var sameinuð Orkuveitu Reykjavíkur.

Fjárhæðir í meðfylgjandi yfirliti eru í milljónum króna:

Veita	Kaupár	Kaupverð	Fjárfesting	Samtals á verðlagi 2010
Jarðhitaréttindi í Öndverðarnesi - leigusamningur	2001	0	1.303	1.977
Hitaveita Norðdæla	2002	31	29	98
Hitaveita að Bifrost	2002	14,9	18	46
Hitaveita í Svartagili	2002	16,3	123	211
Hitaveita í Munadarnesi	2003	0	171	261
Hitaveita í Úthlíð, Biskups- tungum	2003	9,5	0	15
Hitaveita Hlíðarmanna, Biskupstungum	2003	50,6	291	518
Hitaveita í Miðhúsum, Biskupstungum	2003	1	0	2
Hitaveita í Brekku og Brekku- skógum, Biskupstungum	2003	4	0	6
Hitaveita á Þóroddstöðum	2003	27	22	77
Austurveita, Ölfúsi	2004	88	221	456
Hita-, fráveitu- og gagnaveita í landi Kross, Akraneshr.	2006	0	134	181
Hitaveita Skorradals	2006	26	94	162
		274	2.406	4.011

Í greinargerð vegna rekstrarúttektar Orkuveitu Reykjavíkur frá ágúst 2010¹³¹ er tekið fram að við mat á virði veitna við kaup og yfirtöku Orku-

130 Í svari við fyrirspurn Sjálfstæðismanna dags. 18. mars 2005 vegna fyrirspurnar þeirra dags. 18. mars 2005, um risarekjueldi kom fram að tilraun um risarekjueldi hefði verið valinn staður að Bakka I Ölfúsi. Heildarkostnaður vegna rækjutilraunarinnar væri um 68,7 millj.kr. auk vinnuframlags starfsmanna Orkuveitunnar sem væri um 2.500 klukkustundir, en þar af væri vinnuframlag stjórnenda og verkefnisstjóra um 1.400 klukkustundir.

131 Greinargerð með rekstrarúttekt. Reykjavík. 14. ágúst 2010. Bls. 22-23.

veitu Reykjavíkur hafi verið notast við sjóðstreymisgreiningu, hvort sem um var að ræða hita-, frá- eða vatnsveitur. Þannig hafi verið sett upp framtíðarsjóðstreymi verkefnis, þar sem tekið var tillit til tekna, gjalda og fjárfestingar. Þessar sjóðstreymisgreiningarnar virðast hafa verið gerðar á föstu verðlagi og var gert ráð fyrir að verðskrár myndu fylgja verðlagsbreytingum. Virði fjárfestingarinnar hafi svo verið fengið með því að núvirða sjóðstreymið með meðalfjármagnskostnaði (WACC) og að teknu tilliti til peningalegra eigna og að frádregnum skuldum, ef um slíkt var að ræða. Í sömu greinargerð er tekið fram að miðað hafi verið við meðalfjármagnskostnað Orkuveitu Reykjavíkur, 6,8%, og að auki álag vegna áhættu við verkefnin, en álagið gat verið vegna áætlana um fjárfestingu sem innihéldu óvissu og þar sem markaðsóvissa var til staðar. Sjóðstreymisgreining á veitu í rekstri þar sem ekki er þörf á nýfjárfestingu bar alla jafna sambærilegan fjármagnskostnað og Orkuveita Reykjavíkur. Álag á fjármagnskostnað vegna óvissu í markaði og/eða fjárfestingu gat numið nokkrum prósentum.

8.4.1 Nánari umfjöllun um kaup einstakra veitna

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur virðist ekki hafa markað sér almenna stefnu í kaupum á jaðarveitum eða almenna ákvörðun stjórnar um aukna fjárfestingu í hitaveitum, fyrr en bókað var um hana á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 6. október 2006. Þar var lögð fram og samþykkt eftirfarandi bókun:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur felur forstjóra að kanna sóknarfæri til aukningar veitustarfsemi innan veitusvæðis síns.“¹³²

Var tillagan rökstudd með eftirfarandi hætti:

„Orkuveita Reykjavíkur rekur veitustarfsemi í 19 sveitarfélögum allt frá norðanverðu Snæfellsnesi í norðri, Hafnarfirði í vestri og að Hvolsvelli í austri. Starfssvæði Orkuveitunnar hefur vaxið á undanföllum árum. Nýjar hitaveitur hafa verið leiðandi í vextinum hingað til. Lítil áhersla hefur verið lögð á frekari útbreiðslu á vatns- og fráveitum og eru enn veruleg sóknarfæri í þeim málaflokkum sem í flestum tilfellum eru enn í eigu viðkomandi sveitarfélaga. Markmið með aukningu á veitustarfsemi innan veitusvæðisins eru að:

Auka hagkvæmni í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur

Efla starfsstöðvar Orkuveitunnar innan veitusvæðisins og ná til þeirra auknum verkefnum

Nýta innviði fyrirtækisins til að takast á við fleiri verkefni

Byggja upp nýja þekkingu innan OR, þar sem hverri nýrri veitu fylgja ný úrlausnarverkefni“¹³³

Á þessum tíma höfðu öll þau kaup sem að framan greinir átt sér stað og eina viðbótarfjárfestingin vegna hitaveitu sem átti sér stað eftir bókun stjórnarinnar var kaup á hlut í Hitaveitu Suðurnesja og Hitaveitu Skorradals. Í ársskýrslu 2006 er einnig fjallað um aðdraganda einstakra kaupa á veitum, þar sem fram kom:

Kjartan Magnússon: *„Hin svokallaða dreifbýlisútrás Orkuveitunnar 2003-2006, þ.e. kaup á veitustarfsemi á landsbyggðinni, var að mörgu leyti misheppnuð. Margar af þessum veitum höfðu verið lagðar af vafefnum og/eða þöfnuðust kostnaðarsanna endurbóta. Í sumum tilvikum tók Orkuveitan á sig fjárfrekar skuldbindingar sem engin glóra var í. Vél heppnuð útþensla þjónustuvæða gömlu veitufyrirtækjanna, forvera OR, á sínum tíma átti sér stað í þéttbýli á Stór-Reykjavíkursvæðinu og var á forsendum stærðarhagkvæmni. Aðstæður eru allt aðrar og erfiðari í dreifbýlinu og ég skildi ekki hugsunina að baki þessari útþenslu, ef til vill fannst mönnum svona gaman að stækka landakortið.“*

Ólafur Jónsson: *„Mín upplifun af stjórnarfundum var sú að fyrirfram hefði verið bíúið að ákveða aðkaupa. Þetta var eins og setið væri við taflborð og ég veit ekki hver sat hinum megin, en alla vega skyldi setja nógu mörg þétt út um allt til að valda reitina. Mér fannst vera í þessum dúr. Það getur verið að þetta sé ekki rétt en svona kom þetta mér fyrir sjónir. Að setja þétt hér og þar til að valda reiti.“*

132 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 6. október 2006.

133 Tillaga forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. október 2006.

„Auk fráveitnanna, sem áður var getið, bættust einnig vatnsveitur við rekstur Orkuveitunnar á árinu 2006. Voru þær einkum í Borgarfirði og þar er einnig hitaveita sem keypt var, þ.e. hitaveita Skorradals. Eftirspurn eftir því að Orkuveitan taki við rekstri veitna af sveitarfélögum eða einkaaðilum er talsverð. Á það sérstaklega við veitur sem krefjast munu verulegra fjárfestinga á næstu árum. Því má reikna með að fyrirtækið taki við rekstri fleiri veitna, mestmegnis innan núverandi veitusvæðis.“¹³⁴

Rétt er að geta þess að úttektarnefndin hefur óskað eftir upplýsingum um hvort arðsemi veitna hafi verið metin af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur áður en kaup einstakra veitna áttu sér stað, og jafnframt hvort sú arðsemi hafi í einstökum tilvikum gengið eftir. Kom í ljós að við kaup veitna hafi verið gerð arðsemismöt, bæði fyrir hitaveitu, vatnsveitur og við kaup á fráveitu Álftaness. Þó hafi ekki verið gerð arðsemismöt þegar keyptar voru eignir Hitaveitu Norðdæla og við kaup hitaveitunnar að Bifrost, hitaveitunnar í Svartagili og við uppbyggingu á veitum í landi Kross. Þá kom fram í tölvu- pósti Jakobs S. Friðrikssonar til úttektarnefndarinnar, að ekki hafi alltaf verið fylgt arðsemismötum þegar endanlegt kaupverð hafi verið ákveðið. Nefndi hann sem dæmi að samningar við Borgarbyggð um vatnsveitu hafi endað í sömu upphæð og arðsemismat fyrirtækisins, en í samningum um kaup á Orkuveitu Stykkishólms hafi verið samið um hærra verð en það arðsemismat sem lá til grundvallar. Að auki upplýsti Jakob að við gerð arð- semismata hafi almennt ekki verið tekið tillit til kostnaðar við aukaskyldur sem um hafi verið samið í samningum. Eins og rakið verður hér á eftir, eru slíkar aukaskyldur í sumum samninga Orkuveitu Reykjavíkur, svo sem um lagningu ljósleiðara eða svo sem við á í tilviki fráveitu Álftaness þar sem samið var jafnhliða yfirtöku á fráveitu Álftaness, um 10 milljón króna sam- félagsstyrk til stofnunar í sveitarfélaginu.

Rétt er að geta þess að í viðtölum úttektarnefndarinnar hefur verið spurt að því hvernig arðsemi einstakra veitna hafi verið í reynd. Þá hefur verið kallað eftir upplýsingum um arðsemi einstakra veitna. Fékk úttektarnefnd- in þær upplýsingar að af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur hafi verið reiknuð út arðsemi veitna og hafi hún verið sem hér segir, sundurliðuð eftir árum, allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs og hafa ekki verið sannreynðar af úttektarnefndinni.¹³⁵

Grímsnesveita - EBIT (Þús. kr.)								
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Tekjur	33.854	37.571	38.181	54.923	56.599	47.489	63.137	102.741
Gjöld	6.737	6.191	8.312	13.886	23.780	32.886	24.348	25.254
EBITDA	27.117	31.380	29.869	41.037	32.819	14.602	38.788	77.487
Afskriftir	0	0	0	27.334	33.944	43.031	27.087	27.582
EBIT	27.117	31.380	29.869	13.702	-1.125	-28.429	11.701	49.905

Norðurárdalsveita - EBIT (Þús. kr.)								
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Tekjur	8.103	11.495	18.821	7.003	4.498	12.303	7.790	14.457
Gjöld	7.042	3.958	857	1.730	1.691	6.527	4.337	1.697
EBITDA	1.061	7.537	17.964	5.274	2.807	5.776	3.453	12.759
Afskriftir	0	0	0	4.592	5.312	6.833	3.805	3.900
EBIT	1.061	7.537	17.964	682	-2.505	-1.057	-353	8.860

134 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2006.

135 Bjarni Freyr Bjarnason: Tölvupóstur til úttektarnefndarinnar, dags. 18. maí 2012.

Munaðarnesveita - EBIT (Þús. kr.)

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Tekjur	25.310	22.485	8.504	9.452	9.353	10.072	11.838	20.684
Gjöld	2.066	804	1.090	5.567	4.969	9.281	9.090	7.764
EBITDA	23.245	21.681	7.414	3.885	4.383	791	2.749	12.920
Afskriftir	0	0	0	5.380	6.108	7.215	3.672	3.683
EBIT	23.245	21.681	7.414	-1.496	-1.725	-6.424	-923	9.237

Hlíðarveita - EBIT (Þús. kr.)

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Tekjur	11.163	15.949	18.720	24.403	22.947	22.290	22.266	34.907
Gjöld	18.275	6.023	16.908	14.256	11.984	24.014	14.673	18.775
EBITDA	-7.112	9.926	1.812	10.147	10.963	-1.724	7.593	16.133
Afskriftir	0	0	0	5.978	7.187	7.704	3.822	3.869
EBIT	-7.112	9.926	1.812	4.169	3.776	-9.428	3.770	12.263

Ölfusveita - EBIT (Þús. kr.)

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Tekjur	50	0	4.821	4.895	4.968	5.359	6.299	11.005
Gjöld	2.385	1.623	2.719	7.071	2.235	4.510	9.966	2.691
EBITDA	-2.335	-1.623	2.102	-2.176	2.733	849	-3.667	8.314
Afskriftir	0	0	0	1.496	1.870	2.142	2.127	2.127
Afskriftir	0	0	0	14	5	0	30	60
EBIT	-2.335	-1.623	2.102	-2.191	2.728	849	-3.697	8.254

Austurveita - EBIT (Þús. kr.)

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Tekjur	0	16.214	12.911	15.673	15.831	17.149	17.542	23.036
Gjöld	0	6.226	9.014	7.534	10.927	14.309	9.399	8.802
EBITDA	0	9.988	3.897	8.139	4.904	2.840	8.144	14.234
Afskriftir	0	0	0	5.372	6.256	7.926	4.408	4.416
EBIT	0	9.988	3.897	2.767	-1.352	-5.086	3.735	9.818

Austurveita - EBIT (Þús. kr.)

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Tekjur	0	16.214	12.911	15.673	15.831	17.149	17.542	23.036
Gjöld	0	6.226	9.014	7.534	10.927	14.309	9.399	8.802
EBITDA	0	9.988	3.897	8.139	4.904	2.840	8.144	14.234
Afskriftir	0	0	0	5.372	6.256	7.926	4.408	4.416
EBIT	0	9.988	3.897	2.767	-1.352	-5.086	3.735	9.818

Rangárveita - EBIT (Þús. kr.)

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Tekjur	0	22.136	104.395	74.536	67.637	75.241	72.948	65.752
Gjöld	0	0	0	1.044	6.637	11.162	14.112	15.744
EBITDA	0	22.136	104.395	73.492	61.000	64.079	58.836	50.008
Afskriftir	0	0	0	7.893	13.748	17.414	17.628	17.662
EBIT	0	22.136	104.395	65.600	47.252	46.665	41.208	32.346

Skorradalsveita - EBIT (Þús. kr.)

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Tekjur	0	0	0	7.169	6.722	11.050	8.062	10.836
Gjöld	0	0	0	9.847	17.348	14.923	21.028	13.254
EBITDA	0	0	0	-2.678	-10.626	-3.873	-12.965	-2.418
Afskriftir	0	0	0	1.615	2.043	6.656	6.849	7.772
EBIT	0	0	0	-4.293	-12.669	-10.529	-19.814	-10.190

	Allar veitur (Þús. kr.)							
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Tekjur	78.480	125.849	206.353	198.053	188.554	200.953	209.881	283.418
Gjöld	36.504	24.824	38.901	60.935	79.571	117.611	106.952	93.982
EBITDA	41.976	101.025	167.452	137.118	108.983	83.341	102.929	189.437
Afskrifur	0	0	0	58.177	74.603	96.778	67.302	68.944
EBIT	41.976	101.025	167.452	78.941	34.380	-13.437	35.628	120.493

Úttektarnefndin hefur kannað hvernig framangreindir samningar voru kynntir í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og hvaða gögn voru lögð fyrir stjórn fyrirtækisins í tengslum við ákvörðun um kaup og arðsemi einstakra veitna. Verður hér á eftir gerð grein fyrir því hvernig fjallað var um umrædda samninga í fundargerðum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og hvernig afgreiðslu þeirra var háttáð. Í tengslum við hverja og eina veitu verður að auki dregið fram það sem skiptir máli varðandi viðkomandi samning. Rétt er að geta þess að í sumum tilvikum er að finna aukaskyldur í samningum, og má nefna sem dæmi skyldu Orkuveitunnar til að leggja ljósleiðara á viðkomandi veitusvæði sem er að finna í nokkrum samninganna. Hefur sú skýring verið gefin, að fyrirtækið hafi átt ljósleiðara sem legið hafi til Vestmannaeyja, sem kunni m.a. að skýra samninga um lagningu ljósleiðara við yfirtöku veitna á suðurlandi.

Guðmundur Þóroddsson: „Það var nú bara út af því að við áttum ljósleiðara til Vestmannaeyja sem lá framhjá þessum stöðum. Lína.Net lagði ljósleiðara til Vestmannaeyja. OR tók yfir alla starfsemi Línu.Net og sameinar inn í OR á einhverjum tímapunkti.“

8.4.2 Samningar við sveitarfélög

8.4.2.1 Hitaveita Innri Akraneshreppi kaup 24. maí 2002

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 8. janúar 2002 er fyrst bókað um hugsanlega hitaveitu í Innri Akraneshreppi. Þar er bókað að:

„Vegna fyrirspurnar Sveins Kristinssonar samþykkir stjórnin að fela Ásgeiri Margeirssyni að láta kanna hvort hagkvæmt sé að byggja hitaveitu í þann hluta Innri-Akraneshrepps er næstur er Akranesi. Kanna skal hvort og hve hátt framlag hreppurinn vill leggja til verksins og hvort aflu megi styrkja til þess“¹³⁶

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 7. febrúar 2002 gerði svo Ásgeir Margeirsson grein fyrir athugun á hagkvæmni hitaveitu í Innri Akraneshreppi. Virðist sem ákveðið hafi verið að leggja hitaveitu í Innri Akraneshrepp, en hún hafði verið rekin með hitaveitu Akraness og Borgarness (HAB). Í bréfi dags. 18. mars 2003 sem hafði að geyma tillögu til „Veitustjórnar – Hitaveita í Innri Akraneshreppi“ kom fram að Akranesveitur hefðu á sínum tíma látið hanna dreifikerfi hitaveitu í Innri Akraneshreppi og hafi boðið verkið út sumarið 2001, en öllum tilboðum verið hafnað. Í framhaldi af sameiningu Akranesveitna og Orkuveitu Reykjavíkur hafi verið leitað til Orkuveitu Reykjavíkur til að kanna til hlítar hvort hægt væri að leggja kerfið. Hafi það verið mat sérfræðinga Orkuveitu Reykjavíkur að aðeins kæmi til greina fjárhagslega að leggja fyrsta áfanga hitaveitunnar af þremur. Miðað við þær forsendur að fjöldi notenda væri 6, áætluð vatnssala 5.500m³ á ári, fjárfesting í dreifikerfi. 6,6 millj.kr., tengigjöld og stofngjöld 350 þús.kr. á ári yrði framlag frá sveitarfélagi að vera 1,8 millj.kr. en til viðbótar kæmi framlag frá ríkissjóði upp á 1,7 millj.kr. (sem kæmi í stað niðurgreiðslu rafmagns til húshitunar). Kom fram að „framlag frá sveitarfélagi er reiknuð upphæð sem á vantar til að eðlilegri hagkvæmni verkefnisins sé náð.“¹³⁷

136 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 8. janúar 2002.

137 Óundirrituð tillaga. Hitaveita í Innri Akraneshreppi, dags. 8. mars 2002.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 29. maí 2002 var síðan lagður fram og samþykktur einróma samningur dags. 24. maí 2002 um lagningu hitaveitu í hluta Innri Akraneshrepps. Þar kom fram að Orkuveita Reykjavíkur myndi láta byggja hitaveitu í hluta Innri Akraneshrepps, þ.e. að bæjunum Kjarnastöðum, Kjarnastöðum II, Hríshóli, Heynesi, Heynesi II og Miðgarði. Skyldi leggja stofnæð meðfram Innnesvegi, og átti Orkuveita Reykjavíkur að kosta verkið og láta bjóða það út, en samið var um að Innri Akraneshreppur myndi greiða Orkuveitu Reykjavíkur 1,8 millj.kr. þegar æðin hefði verið lögð í jörð.

8.4.2.2 Hitaveita Hveragerðis 11. ágúst 2004

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 17. febrúar 2004 voru lögð fram og samþykkt einróma drög að viljayfirlýsingu Hveragerðisbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur um viðuræður um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á Hitaveitu Hveragerðisbæjar. Í viljayfirlýsingunni var meðal annars tekið fram að hafa skyldi að leiðarljósi í viðuræðum að:

„Aðilar sammælist um forsendur útreikninga á verðmæti Hitaveitunnar. Með því er t.d. átt við hvort stuðst verði við núvirðingu framtíðarfjárstreymis, kennitölugreiningu eða virði eigna. Í viðuræðunum skal tekið tillit til þátta sem ekki geta talist hluti af kaupverði í beinum viðskiptum. Þeir eru: Lagning ljósleiðara í Hveragerði. Samstarf við OR að bæta umhverfi í Ölfusdal og Hengladölum og Hverasvæði m.a. til hagsbóta fyrir ferðaþjónustu. Samstarf á sviði heilsutengdrar þjónustu. Kaupi OR Hitaveitu Hveragerðis mun gjaldskrá hennar verða sú sama og gjaldskrá OR í Reykjavík um ókomna tíð. Einnig skal hugað að hagsmunum þeirra sem kaupa jarðgufu til landbúnaðar- og iðnaðarnota. Sérstök skoðun fari fram á framtíðarviðskiptum OR t.d. í tengslum við sundlaug og snjóbræðslu og verðlagningu þeirra.“¹³⁸

Drög að kaupsamningi voru síðan lögð fram um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 6. júlí 2004. Drögin voru samþykkt með þeim skilmálum sem þar komu fram, utan þess að fulltrúar Sjálfstæðisflokks óskuðu bókunar á að þeir gerðu fyrirvara við 12. gr. draganna, þar sem kveðið var á um að Orkuveita Reykjavíkur myndi leggja ljósleiðara (háhraðanet) um Hveragerðisbæ. Skyldu framkvæmdir hefjast 2004 og átti ljósleiðarinn að vera lagður í samræmi við slíka uppbyggingu ljósleiðara Orkuveitu Reykjavíkur í Reykjavík. Kom fram að ljósleiðarinn yrði eign Orkuveitu Reykjavíkur og alfarið rekinn á ábyrgð fyrirtækisins.

Endanlegur samningur dags. 11. ágúst 2004 var síðan lagður fram og samþykktur á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 24. ágúst 2004. Í samningnum kemur fram að Orkuveita Reykjavíkur yfirtæki öll réttindi Hveragerðisbæjar til hitaveitureksturs í Hveragerði og öll þau réttindi sem eignunum fylgdu. Þá lýsti Orkuveita Reykjavíkur yfir að hún bæri ábyrgð á og myndi annast nauðsynlegt viðhald og endurnýjun veitukerfisins, en þó var því lýst yfir að ekki væri gert ráð fyrir því að hitaveitukerfi Þelamarkar og Heiðmarkar yrðu endurnýjuð, sem yrðu kostuð af Hveragerðisbæ ef af yrði. Lýsti Orkuveitan yfir þeim vilja sínum að hún myndi haga framkvæmdum og rekstri við hitaveituna þannig að rekstraröryggi og þjónusta veitunnar yrði með svipuðum hætti og í öðrum sambærilegum veitum Orkuveitu Reykjavíkur.

138 Ódagsett og óundirrituð viljayfirlýsing (merkt drög) á milli Hveragerðisbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur, lögð fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 17. febrúar 2004.

Kaupverðið var 260 millj.kr., og voru eignirnar seldar án veðbanda. Öll lán sem kynnu að hafa verið tekin vegna hitaveitunnar voru áfram hjá Hveragerðisbæ og á ábyrgð sveitarfélagsins. Sérstakt ákvæði var um fyrirkomulag gjaldskrár fyrirtækisins þar sem jafna þurfti út þann mun sem var á gjaldskrá fyrirtækjanna. Var mælt fyrir um að við yfirtöku rekstrarins myndi gjaldskráin vera færð til samræmis við gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur og skuldbatt Orkuveita Reykjavíkur sig því til þess að hafa sömu gjaldskrá á svæðinu og í Reykjavík til frambúðar. Aðrir hlutar gjaldskrárinnar skyldu haldast óbreyttir, m.a. gjaldskrá fyrir gufu. Auk þess skyldi verð fyrir þjónustu til Sundlaugar Hveragerðis á gufuveitu haldast óbreytt meðan gufuveitan væri í notkun með þáverandi hætti. Samningurinn var ótímabundinn en hvorum aðila fyrir sig var heimilt að segja honum upp með fimmtán ára fyrirvara.

Þá var í samningnum framangreint ákvæði 12. gr. um lagningu ljósleiðara í Hveragerðisbæ, auk þess sem í 11. gr. samningsins lýstu aðilar því yfir að þeir myndu á grundvelli samningsins vinna saman að eflingu umhverfis- og ferðamála, svohljóðandi:

„Orkuveita Reykjavíkur mun beina verkefnum tengdum Heilsu- borgarverkefninu að Hveragerði að svo miklu leyti sem það er talið henta og í samráði við stjórnendur heilsu- borgarverkefnisins og Hveragerðisbæjar. Orkuveita Reykjavíkur hefur um langa tíð sinnt umhverfisbótum og aðgerðum til bættis aðgengis ferðafólks á Helli- heiði og Hengils- svæðinu. Orkuveitan mun í framhaldi af undirritun samnings þessa stækka það starfssvæði sitt með áherslu á að tengja þessa starfsemi austur Helliheiði og að Hveragerði. Þar með talið er að Orkuveitan mun koma að þess háttar verkefnum í Ölfusdal og í Hengladölum skv. nánari ákvörðunum hverju sinni. Orkuveitan mun í þessu starfi kappkosta að bæta umhverfið og aðstöðu ferða- manna og útivistarfólks til að njóta svæðisins, á þann hátt sem fyrirtækið hefur hingað til gert í nágrenninu og er í samræmi við umhverfisstefnu fyrirtækisins. Verkefni sem geta fallið undir þetta eru t.d. lagfæring og merking göngu- og reiðleiða í samstarfi við aðra hagsmunaaðila, uppgræðsla og gerð upplýsingaskilta fyrir ferðamenn. Orkuveitan mun skv. nánari samráði við Hveragerðisbæ aðstoða við nauðsynlegar endurbætur á hverasvæðinu í Hveragerði á árinu 2004. Verkefni þar eru gerð handriða við hver, merkingar og lýsing við hver.“

8.4.2.3 Hitaveita Rangæinga 25. janúar 2005

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. febrúar 2005 var lagður fram og samþykktur samningur Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Ásahrepps annars vegar og Orkuveitunnar hins vegar um kaup fyrirtækisins á Hitaveitu Rangæinga dags. 25. janúar 2005. Við atkvæðagreiðsluna greiddu fulltrúar Sjálfstæðisflokks ekki atkvæði. Í samningnum kemur fram að Orkuveita Reykjavíkur bæri ábyrgð á og myndi annast nauðsynlegt við- hald og endurnýjun veitukerfisins. Lýsti Orkuveitan yfir þeim vilja sínum að hún myndi haga framkvæmdum og rekstri við hitaveituna þannig að rekstraröryggi og þjónusta veitunnar yrði með svipuðum hætti og í öðrum sambærilegum veitum Orkuveitu Reykjavíkur. Skyldi þar sérstaklega gætt að því að orkukostnaður við þéttbýlismörk á Hellu og Hvolsvelli væri sambærilegur.

Kaupverðið var 121 millj.kr., en var háð þeim fyrirvara að það væri byggt á bráðabirgðauppgjöri en kynni að taka breytingum við endurskoðað upp-

gjör veitunnar. Þá var kaupverðið einnig háð þeim fyrirvara að þáverandi eigendur veitunnar myndu greiða veitunni 45 millj.kr. vegna úrbóta eftir jarðskjálfta. Þá tók Orkuveita Reykjavíkur yfir langtímaskuldir veitunnar, sem taldar voru 525 millj.kr. Samningurinn var ótímabundinn en hvorum aðila var heimilt að segja honum upp með 15 ára fyrirvara.

Sérstakt ákvæði var um fyrirkomulag gjaldskrár fyrirtækisins. Þann 1. janúar 2005 átti að breyta gjaldskránni með tilteknum hætti og enn frá 1. janúar 2007 þegar Orkuveita Reykjavíkur skyldi færa gjaldskrá á svæði Hitaveitu Rangæinga til samræmis við gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur. Þannig yrði verð heita vatnsins til þéttbýlisstaða tengt gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur í Reykjavík. Aðrir hlutar gjaldskrárinnar, svo sem vegna heimæðargjalda og í dreifbýli áttu að vera háðir ákvörðunum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur sem skyldi jafnframt leitast við að gæta samræmis innan veitusvæðis síns.

Þá var einnig tekið fram í 11. gr. samningsins að Orkuveita Reykjavíkur myndi leggja ljósleiðara (háhradanet) um Hellu og Hvolsvöll samkvæmt nánara samkomulagi og í samráði við viðkomandi sveitarfélög. Skyldi ljósleiðarinn verða eign Orkuveitu Reykjavíkur og alfarið rekinn á ábyrgð hennar, en framkvæmdir við lagningu hans skyldu standa yfir árin 2006-2008, og lagning hans unnin í samræmi við slíka uppbyggingu Orkuveitu Reykjavíkur í Reykjavík.

8.4.2.4 Orkuveita Stykkishólms 22. júlí 2005

Í ódagsettu minnisblaði hönnunardeildar Orkuveitu Reykjavíkur er fjallað um hugsanleg kaup á Stykkishólmsveitu. Þar kemur fram að bæjarstjórn Stykkishólms hafi komið að máli við Orkuveitu Reykjavíkur og kannað vilja Orkuveitu Reykjavíkur til að taka yfir rekstur hita- og vatnsveitu bæjarins í byrjun árs 2005. Kom fram í minnisblaðinu að:

„Í framhaldi af því fór fram hagkvæmnisathugun á rekstri veitnanna tveggja. Niðurstaða þeirrar athugunar gefur núvirðið (NPV) 300 milljónir króna miðað við 10% arðsemiskröfu.“¹³⁹

Samningur um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á vatns- og hitaveitu Stykkishólms er dagsettur 22. júlí 2005, og var hann lagður fram á fundi Orkuveitu Reykjavíkur þann 17. ágúst 2005 og samþykktur á þeim fundi. Í samningnum kemur fram að Orkuveita Reykjavíkur yfirtæki öll réttindi Stykkishólms til reksturs vatnsveitu og hitaveitu, og öll þau réttindi sem eignunum fylgdu ásamt öllum gögnum og gæðum, en yfirtæki jafnframt þær skyldur sem eignaréttinum fylgdu, m.a. einkaréttur til að starfrækja vatns- og hitaveitu í Stykkishólmi. Var því lýst yfir að vatns- og hitaveita á veitusvæði Orkuveitu Stykkishólms yrði framvegis hluti af starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og rekinn á kennitölu Orkuveitunnar.

Með samningnum lýsti Orkuveita Reykjavíkur yfir að hún bæri ábyrgð á og myndi annast nauðsynlegt viðhald og endurnýjun veitukerfisins. Lýsti Orkuveitan jafnframt yfir þeim vilja sínum að hún myndi haga framkvæmdum og rekstri við hitaveituna þannig að rekstraröryggi og þjónusta veitunnar yrði með svipuðum hætti og í öðrum sambærilegum veitum Orkuveitu Reykjavíkur. Kaupverðið var 50 millj.kr., auk þess sem Orkuveita Reykjavíkur yfirtók skuldir veitunnar sem samkvæmt ársreikningi veitunnar fyrir árið 2004 voru 362 millj.kr. Samningurinn var ótímabund-

Eiríkur Hjálmarsson: „Þegar Orkuveitan kaupir Hitaveitu Rangæinga, þá er það samsett veita, bæði í þéttbýli og dreifbýli, og Orkuveitan lítur á dreifbýlishlutann sem dreifbýlisveitu, þéttbýlishlutann sem þéttbýlisveitu. Og það ferst fyrir hjá Iðnaðarráðuneytinu að breyta reglugerð, af því þú þarft reglugerðarheimild fyrir sérleyfishluta veitukerstsins. Þegar það er sett í reglugerð um áramótin þá er allt veitusvæðið gert að sérleyfissvæði, ekki bara þéttbýlið. Þetta er fyrsta dreifbýlisveitan sem er skilgreind af ráðuneytinu sem sérleyfisveita. Það er mjög sérstakt, því sérleyfinu fylgja, samkvæmt lögnum, mjög ákveðnar skyldur til að tengja hvern þann sem óskar og þau réttindi að tengja hvern sem þú vilt. Við fengum svo heimild frá ráðuneytinu að vera með sitt hvora gjaldskrána, í dreifbýli og þéttbýli, eins og við höfðum verið með. En þeir sem voru í dreifbýlinu fyrir austan vildu meina að fyrst þetta var niðurstaða ráðuneytisins núna um áramótin að þetta væri allt sérleyfisveita, þá hefði sama gjaldskráin átt að gilda frá því Orkuveitan tók við rekstrinum 2008.“

Ólafur Jónsson: „Hitaveita Stykkishólms tekur vatn úr því sem segja má að sé stór neðanjarðargeymir. Það er óskaplega lítið sem seytlar inn í hann. Fljótlega var ljóst að vatnsborðið lækkaði alltaf stöðugt. Ég fór nú einhvern tímann þarna að hitta landeigendur á þeim stöðum þar sem líkur væru á að heitt vatn væri undir, til að leita eftir samþykki þeirra við að borað yrði í þeirra landi. Þá sagði einn mér að hann hafi fyrir áratugum borað niður á vatn, tiltölulega örstutt, og notað þetta í langan tíma til að hita upp sín hús. En þegar farið var að dæla í Stykkishólmi, snarþykkaði á vatnið. Mennt hefðu eiginlega þurft að vera með pípur til að standa við, til að ýta niður.“

139 Ódagsett minnisblað merkt „Snæfellsnes, Tæknimál 05-2005 hönnunardeild Eyrún Anna“.

Eiríkur Hjálmarsson: „Mín tilfinning er sú, það er náttúrulega bara mín túlkun á einhverjum veruleika en ekki að ég hafi heyrt menn segja það, að sú hugsjón hafi verið við lýði að menn gætu nýtt þá sterku fjárhagsstöðu og þekkingu sem Orkuveitan bjó yfir, til að búa til win-win í þessum umfangslitla veitukestri. Það er að segja, að menn koma inn í vatnsveitu í tilteknu sveitarfélagi, fara í gegnum hana, gæðavotta hana, koma í miklu meiri prófessional rekstur, þetta er hægt að vinna að verulegu leyti með sama mannskap og nýttist í rekstur veitukjarnanna hér. Gjaldskrá er með þeim hætti að þetta hefur áhrif á afkomu Orkuveitunnar fyrstu 10 árin eftir fjárfestinguna en er fljótt að komast á þar við afkomu annarra veitna, kannski betra í einhverjum tilfellum og þar frameftir götunum. Veitukestur er mikið langtíma verkefni. Þannig held ég að það hafi verið. Menn eru að hugsa þessar fjárfestingar til lengri tíma, en um leið afskaplega mikil skammsýni þegar bæði verðskrárnar missa verðgildi sitt um tugi prósent á örfáum misserum, og síðan þá náttúrulega hvernig fyrirtækið er fjármagnað, sem er sérkapítuli út af fyrir sig.“

Ólafur Jónsson: „Já, til að það sé meira olnbogarármi, meira hægt að bora sem sýnist líklegast. Svo er borað og borað og ég frétti af skotsþónum að loksins gáfust menn upp og þá var búið að leggja í þetta hátt í 700 milljónir og niðurstaðan var sú að á Grundarfirði yrði reistur stór hraðsúðuketill og hitaveita lögð frá honum.“

inn en hvorum aðila var heimilt að segja honum upp með 15 ára fyrirvara og hafði Stykkishólmsbær forkaupsrétt að fyrirtækinu yrði það selt sem sérstök rekstrareining.

Sérstakt ákvæði var um fyrirkomulag gjaldskrár fyrirtækisins. Þann 1. september 2005 átti að breyta gjaldskránni með tilteknum hætti og enn frá 1. janúar 2007 þegar Orkuveita Reykjavíkur skyldi færa gjaldskrá á svæði Hitaveitu Stykkishólms til samræmis við gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur. Heimæðargjöld yrðu þó áfram sambærileg þeim sem giltu á svæðinu við gerð samningsins. Í samningnum var þar að auki sérstakt ákvæði um að Orkuveita Reykjavíkur myndi beina verkefnum tengdum Heilsuborgarverkefninu til Stykkishólms að svo miklu leyti sem það væri talið henta og í samráði við stjórnendur þess verkefnis og Stykkishólmsbæjar.

8.4.2.5 Samningur um uppbyggingu og rekstur hitaveitu í Grundarfirði 20. september 2005

Nokkur aðdragandi var að samningi um kaup og Orkuveitu Reykjavíkur að vatns- og hitaveitu í Grundarfirði. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 23. mars 2005 var lagt fram bréf bæjarstjórans í Grundarfirði frá 21. mars 2005 varðandi málefni væntanlegrar hitaveitu í Grundarfirði. Þann 1. júní 2005 var stjórn Orkuveitu Reykjavíkur upplýst um viðræður við Bæjarstjórn Grundarfjarðar. Kom fram í ódagsettu minnisblaði sem lagt var fram á fundi stjórnarinnar að í ársbyrjun 2005 hafi verið stillt upp grófu arðsemislíkani af rekstri hitaveitunnar sem hafi leitt í ljós að vegna hás stofnkostnaðar hafi ekki verið hagkvæmt að taka þátt í rekstri hitaveitu bæjarsins einni og sér. Fram kom í minnisblaðinu að:

„Hins vegar kom fram áhugi bæjarstjórnar á að Orkuveita Reykjavíkur tæki yfir rekstur vatnsveitunnar einnig. Með því að taka vatnsveituna með og breyta verðskrá í samræmi við verðskrár OR í Borgarnesi er verkefnið með tæpar 10 milljónir króna í mínus í núvirði (NPV) ef miðað er við 10% ávöxtunarkröfur og 9,518% innri vexti (IRR). Verkefnið er ekki talið innbyrða mikla áhættu og er því raunhæft að lækka ávöxtunarkröfuna niður fyrir 9%. Ef miðað er við 8,9% ávöxtunarkröfu er núvirðið rúmar 13 milljónir.“¹⁴⁰

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 17. ágúst 2005 greindi aðstoðarforstjóri Orkuveitunnar frá viðræðum við Grundarfirðinga um hitaveituframkvæmdir.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 21. september 2005 var síðan lagður fram samningur um kaup á Vatnsveitu Grundarfjarðar ásamt uppbyggingu og rekstri hitaveitu í Grundarfirði. Auk þess var lagt fram samkomulag dagsett sama dag vegna innheimtu vatnsgjalds í Grundarfjarðarbæ svo og minnisþingur. Samningarnir voru samþykktir með 4 atkvæðum en fulltrúar Sjálfstæðisflokks greiddu ekki atkvæði.

Aðstoðarforstjóri Orkuveitu Reykjavíkur gerði með bréfi dagsettu 19. september 2005 nánari grein fyrir kaupum veitunnar, helstu stærðum og forsendum samningsins og kom þar m.a. fram að samningar hefðu náðst milli fulltrúa Orkuveitunnar og Grundarfjarðarbæjar um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á Vatnsveitu Grundarfjarðar og byggingu nýrrar hitaveitu í

140 Ódagsett minnisblað merkt „Snæfellsnes, Tæknimál 05-2005 hönnunardeild Eyrún Anna“.

Grundarfirði, en íbúar Grundarfjarðar væru um 1.000. Í minnisblaðinu kom fram:

„Grundarfjarðarbær leggur til vatnsveituna sem metin er á 42 mkr. Grundarfjarðarbær leggur til þá vinnu, rannsóknir og boranir sem þegar hafa átt sér stað vegna hitaveitu, alls um 25 mkr. Grundarfjarðarbær greiðir Orkuveitunni 40 mkr. Samtals eru þessi verðmæti 107 mkr. Aðrar helstu stærðir eru: Áætluð velta hitaveitunnar er um 25 mkr. á ári. Velta vatnsveitunnar er um 17 mkr. á ári. Fjárfesting við uppbyggingu hitaveitunnar, um 450 mkr. Mjög lítil fjárfestingarþörf er í vatnsveitunni. Verð á köldu vatni það sama og í Stykkishólmi og Borgarnesi. Verð á heitu vatni það sama og í Reykjavík og víðar, heimlagningagjöld nokkuð hærri. Ávöxtunarkrafa heildarverkefnisins er 8,3% og er ávöxtunarkrafa vegna hitaveitu 9,5%. Hitaveitan að sem mestu leyti byggð á árinu 2006. Borunum að mestu lokið og prufudæling að hefjast. Heitavatnsöflun er á Berserkseyri. Hin nýja brú yfir Kolgrafarfjörð gerir hitaveitunni mögulega. Kaldavatnsöflun er á Grund.“¹⁴¹

Með samningnum skuldbatt Orkuveita Reykjavíkur sig til þess að hitaveituvæða Grundarfjarðarbæ. Í því fólst skuldbinding Orkuveitu Reykjavíkur til að byggja upp hitaveitu í Grundarfirði, þar með talið að virkja borholu í Berserkseyrarodda við Kolgrafarfjörð, lagningu aðveituæðar til Grundarfjarðar og lagningu dreifikerfis hitaveitu í Grundarfirði og einnig í dreifbýli þar sem þætti fjárhagslega skynsamlegt og tæknilega hagkvæmt. Fór Orkuveita Reykjavíkur samkvæmt samningnum með einkarétt sveitarfélagsins til reksturs hitaveitu og sölu heits vatns á því svæði sem hitaveitan náði til og hún gæti fullnægt innan marka sveitarfélagsins.

Sem greiðslu fyrir ofangreint lagði Grundarfjörður fram þann rannsóknarkostnað sem þegar hafði verið greiddur, sem áætlaður var við samningsgerðina 25 millj.kr., auk fjárframlags Grundarfjarðarbæjar samtals 40 millj. kr., sem greiðast átti í tveimur jafnháum greiðslum, annarri við upphaf framkvæmda við dreifikerfi hitaveitunnar og hinni við lok framkvæmda þegar veitan yrði tilbúin til notkunar. Var tekið fram í samningnum að Orkuveita Reykjavíkur færi með málefni hitaveitunnar í Grundarfirði, þar á meðal gjaldskrármál, og yrðu notkunargjöld þau sömu og hjá Orkuveitu Reykjavíkur í Reykjavík. Samningurinn var ótímabundinn en uppsegjanlegur með 15 ára fyrirvara. Að auki var mælt fyrir um sérstakan innlausnarétt ef Orkuveita Reykjavíkur myndi síðar ákveða að selja vatnsveituna og/eða hitaveituna í Grundarfirði sem sérstaka rekstrareiningu eða segja samningnum upp.

Í samningnum var ákvæði um að Grundarfjarðarbær myndi útvega Orkuveitu Reykjavíkur öll þau réttindi sem þurfti til vinnslu jarðhita úr Berserkseyri ásamt heimildum til frekari vatnsöflunar fyrir Grundarfjarðarbæ. Á sama hátt myndi Grundarfjarðarbær tryggja Orkuveitu Reykjavíkur lagnaleið frá Berserkseyri að þéttbýlismörkum. Að auki var í samningnum mælt fyrir um að Grundarfjarðarbær myndi veita allan atbeina sinn og aðstoð til öflunar tilskilinna réttinda til lagnaleiðar þar sem það kynni að reynast nauðsynlegt, svo sem með eignarnámi eða grípa til annarra nauðsynlegra úrræða, þar sem fyrirvar sveitarfélagsins myndi reynast nauðsynlegt lögum samkvæmt. Kæmi til þessa bæri Orkuveita Reykjavíkur allan kostnað af slíkum aðgerðum.

141 Minnispunktar Ásgeirs Margeirssonar til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 19. september 2005.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 7. júní 2006 var síðan samþykkt heimild Orkuveitu Reykjavíkur til að kaupa jörðina Berserkseyri milli Hvammsfjarðar og Kolgrafarfjarðar á Snæfellsnesi fyrir 125 millj.kr. Voru kaupin sögð tengjast borun og virkjun fyrir hitaveitu í Grundarfirði og að jörðin yrði fyrst um sinn leigð seljanda til ábúðar til allt að 10 ára.

8.4.3 Samningar um kaup jaðarveitna

Til viðbótar við samninga sem gerðir voru við sveitarfélög voru gerðir samningar um kaup einstakra veitna. Verður hér á eftir fjallað um hvernig fjallað var um kaup einstakra jaðarveitna af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, og hvernig samningar um kaup voru kynntir stjórn fyrirtækisins.

8.4.3.1 Leigusamningur um jarðhitaréttindi í Öndverðanesi 11. janúar 2001

Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda í ágúst 2010 var gerð grein fyrir þessum samningi, sem gerður var í tíð stjórnar veitustofnana. Samhengis vegna er hans getið en ekki verður frekar fjallað um efni hans, en samningurinn var lagður fram og samþykktur á fundi stjórnar veitustofnana 16. janúar 2001.

8.4.3.2 Kaup á eignum Hitaveitufélags Norðdælinga 11.apríl 2002

Samningurinn dagsettur 11. apríl 2002 var lagður fram og samþykktur einróma, án umræðna á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 19. apríl 2002. Með samningnum var keyptur 52,5% hlutur í heitavatsborholu, BI-3, 408 m djúprar, boruð 1991 í landi Bifrastar, Borgarbyggð, ásamt réttindum til að nýta helming þess vatns sem þá fékkst úr holunni, auk 52,5% hluta í aðveituæð frá borholu til hitaveituskúrs. Þá fylgdi einnig dreifikerfi Viðskiptaháskólans á Bifröst á landspildu skólans og jarðhitaréttindi á Bifröst. Þá var keyptur 50% hlutur í heitavatsborholu SG-3, 751 m djúprar, boruð 1992 í landi Svartagils í Borgarbyggð og dreifikerfi Hitaveitufélags Norðdælinga.

Með samningnum tók Orkuveita Reykjavíkur við rekstri Hitaveitufélags Norðdælinga og var mælt fyrir um að eigendur Hvassafells I og II, Brekku II, Glitstaða I og II, Hraunsnefs, Dalsmynnis, Klettsíu, Skarðshamra, Hreðavatns ehf., Hreðavatnsskálans, Kima, Hraunbæjar og Traðar fengju að halda þeirri gjaldskrá sem í gildi væri næstu 15 ár frá og með gildistöku samningsins að teknu tilliti til vísitöluuppreiknings (vísitölu neysluverðs) miðað við mars á ári hverju. Kaupverð hins selda var 31 millj.kr., sem greiddast átti í þrennu lagi, með lokagreiðslu 1. maí 2003. Á fundi Orkuveitu Reykjavíkur þann 9. desember 2003 var síðan samþykkt með þremur atkvæðum gegn þremur að slíta hitaveitu Norðdælinga.

8.4.3.3 Kaup á borholu og dreifikerfi á Bifröst, Borgarbyggð 11. apríl 2002

Samningurinn dagsettur 11. apríl 2002 var lagður fram og samþykktur einróma, án umræðna á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 19. apríl 2002. Með samningnum var keyptur 47,5% hlutur í heitavatsborholu, BI-3, 408 m djúprar, sem boruð var 1991 í landi Bifrastar, Borgarbyggð, ásamt réttindum til að nýta helming þess vatns sem þá fékkst úr holunni, auk 47,5% hluta í aðveituæð frá borholu til hitaveituskúrs. Þá fylgdi einnig dreifikerfi Viðskiptaháskólans á Bifröst á landspildu skólans og jarðhitaréttindi á Bifröst. Kaupverð hins selda var 14,9 millj.kr., sem greiddast átti í þrennu lagi, með lokagreiðslu 1. maí 2003.

8.4.3.4 Kaup á borholu og dreifkerfi í Svartagili, Borgarbyggð 11. apríl 2002

Samningurinn dagsettur 11. apríl 2002 var lagður fram og samþykktur einróma, án umræðna á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 19. apríl 2002. Með samningnum var keyptur 50% hlutur í heitavatsborholu SG-3, 751 m djúprar, boruð 1992 í landi Svartagils í Borgarbyggð, og hitaveitudreifikerfi í landi Svartagils, í sumarbústaði og hús á jörðinni. Kaupverð hins selda var 16,3 millj.kr., sem greiðast átti í tvennu lagi, með lokagreiðslu 15. febrúar 2003. Til viðbótar var svo gerður leigusamningur milli Orkuveitu Reykjavíkur og Svartagils ehf. um að leigja til 99 ára fullan og óskorðaðan einkarétt til að leita eftir og hagnýta allan jarðhita á landi Svartagils í Norðurárdalshreppi. Fyrir afnotin skyldi greiða 200 þús.kr. á ári, en hækka bæri greiðslur færi meðalnotkun eins mánaðar yfir 40 l/sek.

8.4.3.5 Uppbygging og rekstur hitaveitu í Munaðarnesi 8. janúar 2003

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 4. mars 2003 var lagt fram bréf Ásgeirs Margeirssonar, aðstoðarforstjóra, frá 27. febrúar 2003 um hitaveitu í Munaðarnesi. Var af hálfu stjórnar samþykkt að vinna áfram að athugun á hitaveitu þar, en áður hafði verið gerður samningur dags. 8. janúar 2003 um uppbyggingu og rekstur hitaveitu í Munaðarnesi. Kom fram í samningnum að farið hefðu fram jarðhitarannsóknir í Munaðarnesi í samstarfi Orkuveitu Reykjavíkur og BSRB og hafi þær leitt til þess að í borholunni MN-08 hafi verið talið vatnsmagn sem væri álitid nægjanlegt fyrir húseignir BSRB á svæðinu og nærliggjandi sumarhúsasvæði. Var um það samið að Orkuveita Reykjavíkur byggði upp og ræki hitaveitu í Munaðarnesi sem myndi þjónusta húseignir BSRB og nærliggjandi sumarhúsabyggðir, og væri stefnt að því að framkvæmdum yrði lokið í maí 2004.

Orkuveita Reykjavíkur tók að sér að greiða allan framkvæmda- og stofnkostnað hitaveitunnar, en BSRB skuldbatt sig til að endurgreiða Orkuveitu Reykjavíkur 23 millj.kr., sem sinn hlut af framkvæmda- og stofnkostnaði veitunnar. Notkunargjöld áttu að vera 19.700 kr. með virðisaukaskatti á ári fyrir hvern mínútulítra, en lágmarkskaup yrðu 3 mínútulítrar í hverja byggingu. Ef við bættust ný sumarhús yrði stofngjald vegna þeirra 216,6 þús. kr. með virðisaukaskatti. Þá var samið um að sama gjaldskrá hitaveitunnar myndi gilda á svæðum utan þjónustusvæðis BSRB, auk þess sem gjöldin væru háð breytingum á verði húshitunar í Reykjavík samkvæmt verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur nema að samkomulag yrði um annað. Þá lofaðist BSRB til að láta af hendi nægjanlegt landrými af sínu landi vegna mannvirkja hitaveitunnar, Orkuveitu Reykjavíkur að kostnaðarlausu. Jafnframt var tekið fram að meðan nægjanlegt vatnsmagn væri til staðar úr borholu MN-08 og ef ekki væri markaður til fyrir það myndi BSRB fá aðgang að 4 mínútulítrum í eins mörg sumarhús og mögulegt væri, án þess að til aukagreiðslna kæmi, en af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur var tekið fram að kappkostað yrði að halda hitastigi á vatni á afhendingarstöðum til BSRB ekki undir 60°C.

Samningurinn var óuppsegjanlegur nema með samþykki beggja aðila, en tæki Orkuveita Reykjavíkur síðar ákvörðun um að selja hitaveituna í Munaðarnesi sem sérstaka rekstrareiningu ætti BSRB að njóta forkaupsréttar að veitunni. Samhliða var gerður leigusamningur milli Orkuveitu Reykjavíkur og eigenda jarðarinnar Munaðarness í Borgarfirði, þar sem tekin voru á leigu jarðhitaréttindi jarðarinnar. Samningurinn var dagsettur 28. mars 2003 og var samið um árlegar greiðslur til landeigenda í 99 ár frá gerð sammingsins.

8.4.3.6 Kaup á dreifikerfum hitaveitu í Biskupstungum, 23. júlí 2003

Þann 12. ágúst 2003 voru lagðir fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eftirfarandi samningar:

- Samingur um kaup á dreifikerfi á heitu vatni í Úthlíð í Biskupstungum.
- Samingur um kaup á hitaveitu Hlíðarmanna í Biskupstungum.
- Samingur um kaup á dreifikerfi á heitu vatni í Miðhúsum í Biskupstungum.
- Samingur um kaup á dreifikerfi heitu vatni í Brekku og Brekkuskógum í Biskupstungum.

Framangreindir samningar voru allir dagsettir 23. júlí 2003 og voru allir samþykktir einróma á fundinum. Fer hér á eftir umfjöllun um þessa samninga í einu lagi.

Um er að ræða fjóra aðskilda samninga. Í fyrsta lagi kaup Orkuveitu Reykjavíkur á öllu stofnfé þáverandi eigenda Hitaveitu Hlíðamanna sf., en aðaleign sameignarfélagsins var hlutur í borholu 23 Efri-Reykjum, Biskupstungum, ásamt búnaði og lóðarréttindum, dælskúr, dælum, gufuskilju, rafstöð og hitalögnum sem og dreifibúnaði. Var reksturinn yfirtekinn frá 1. september 2003, en sérstaklega var tekið fram í samningnum að hitaveitan hefði verið stofnsett árið 1989 og að litlar endurbætur hefðu átt sér stað frá þeim tíma, en að tekið hafi verið tillit til þess við ákvörðun kaupverðs og greiðslukjara. Var að auki tekið fram að eigendur sameignarfélagsins myndu njóta ívilnunar við kaup á heitu vatni, en að verðbreytingar yrðu almennt samkvæmt ákvörðun stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Kaupverðið var ákveðið 23 millj.kr. auk þess sem Orkuveita Reykjavíkur tók yfir skuldir félagsins, miðað við 1. september 2003, en tekið var fram að samkvæmt endurskoðuðu uppgjöri félagsins 30. júní 2003 væru skuldir félagsins 28,7 millj.kr. Samningnum fylgdi staðfestur ársreikningur félagsins, milliuppgjör dags. 30. júní 2003, veðbókarvottorð vegna borholu 23, lóðarréttarsamningur dags. 31. júlí 1989, eignaréttarsamningur dags. 29. júlí 1989, skýrsla Orkustofnunar um afl og ástand holu Er-23 dags. 22. júlí 1997 og listi yfir lausafé og viðskiptavini félagsins.

Í öðru lagi var um að ræða samninga um kaup þriggja veitna, Miðhúsaveitu (veita til 4 sumarhúsa í landi Miðhúsa Biskupstungum), Brekkuveitu (veita til 16 sumarhúsa í landi Brekku og Brekkuskógar Biskupstungum) og Úthlíðarveitu (veita til 114 sumarhúsa í landi Úthlíðar í Biskupstungum). Um var að ræða kaup á dreifikerfi veitnanna, ásamt viðskiptavild, sem og allar lagnir, dælur og miðlunartanka og tók Orkuveita Reykjavíkur yfir rekstur veitnanna þann 1. september 2003. Var tekið fram í öllum samningunum að um væri að ræða hitaveitu sem hefði verið stofnsett árið 1989 og að lagnir og búnaður væri í misjöfnu ástandi, en að tekið hafi verið tillit til þess við ákvörðun kaupverðs og greiðslukjara. Var að auki tekið fram að eigendur sameignarfélagsins myndu njóta ívilnunar við kaup á heitu vatni, en að verðbreytingar yrðu almennt samkvæmt ákvörðun stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Kaupverðið var ákveðið 960 þús.kr. fyrir Miðhúsaveitu, 3,9 millj.kr. fyrir Brekkuveitu og 9.7 millj.kr. fyrir Úthlíðarveitu.

Við kaup Miðhúsaveitu lágu frammi veðbókarvottorð fyrir jörðina Miðhús, „riss“ af lagnakerfi Miðhúsaveitu og listi yfir viðskiptavini veitunnar, við kaup Brekkuveitu lágu frammi veðbókarvottorð fyrir jarðirnar Brekku og Brekkuskóg, „riss“ af lagnakerfi Brekkuveitu og listi yfir viðskiptavini veitunnar og við kaup Úthlíðarveitu lágu frammi veðbókarvottorð fyrir

jörðina Úthlíð, „riss“ af lagnakerfi Úthlíðarveitu og listi yfir viðskiptavini veitunnar.

Í tilefni af framlagningu samninganna á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 12. ágúst 2003, virðist hafa skapast nokkur umræða innan stjórnar. Meðal annars óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks eftir því að bókað yrði:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja ekki teffa þessi mál og telja þessar fjárfestingar vera á því sviði sem Orkuveitan á að starfa á og einbeita sér að. Við treystum starfsmönnum OR til að gæta hagsmuna OR en leggjum áherslu á að fara eigi eftir nýsamþykktum starfsreglum og kynna þetta fyrir stjórninni áður en samningar sem þessir eru kynntir í fjölmiðlum.“¹⁴²

Þann 12. september 2003 lagði forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur fram minnisblað til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 12. september 2003 og vísaði þar til þess að á stjórnarfundinum þann 12. ágúst 2003 hafi verið óskað eftir upplýsingum um hvernig staðið væri að mati á nýjum fjárfestingarkostum í veiturekstri. Af því tilefni lagði hann fram drög að verklagsreglum „VRF-600, unnið úr fjárfestingarkostum“, auk minnisblaðs Jakobs Sigurðar Friðrikssonar verkefnisstjóra. Var stjórnarmönnum boðið að fá ítarlegri upplýsingar ef þeir óskuðu þess. Í framangreindu minnisblaði Jakobs Sigurðar Friðrikssonar sagði að við mat á fjárfestingu við kaup á vatnsveitu Borgarness hafi verið miðað við fyrrgreindar verklagsreglur „VRF-600“ og ávöxtunarkrafa hafi verið metin út frá meðal ávöxtun skulda, arðsemi eigin fjár og þeirri áhættu sem fólgin var í verkefninu. Um „Hlíðarveitur“ tók hann fram:

„Til grundvallar var lögð fram krafa um 10% arðsemi sjóðstreymis og það skoðað á 30 ára tímabili. Samkomulag náðist um að greiða 65 milljónir sem samsvarar 9,5% arðsemi. Tekjur voru áætlaðar út frá núverandi söluskýrslum veitnanna, aðalskipulagi Bláskógabyggðar og væntinga um uppbyggingu á frístundabyggð á veitusvæðinu. Verðskrá veitunnar verður sambærileg við verðskrá Grímsnesveitu utan stofngjalda sem verða tvöfalt hærri. Gjöld voru áætluð út frá reynslutölum af rekstri sambærilegra veitna. Fjárfestingar voru áætlaðar út frá væntanlegri uppbyggingu veitunnar auk endurnýjunar á lögnum og búnaði sem talsverð þörf er fyrir.“¹⁴³

8.4.3.7 Kaup á heitavatnsborholu á Þóroddsstöðum, Ölfusi 2. október 2003

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 21. október 2003 voru lagðir fram og samþykktir tveir samningar sem tengdust kaupum á heitavatnsborholu á Þóroddsstöðum í Ölfusi af Fiskalóni þ.e. annars vegar kaup á landspildu ásamt heitavatnsborholu og mannvirkjum úr landi Þóroddsstaða í Ölfusi dags. 2. október 2003 til afhendingar þann 1. ágúst 2003 og svo hins vegar samningur við Stofnisk hf. um sölu á fiskeldismannvirkjum á spildu úr landi Þóroddsstaða í Ölfusi. Var kaupverð í fyrri samningnum samtals 33 millj.kr. en söluverð mannvirkjanna í hinum seinni 6 millj.kr.

142 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 12. ágúst 2003.

143 Ódagsett minnisblað Jakobs Sigurðar Friðrikssonar sem fylgdi minnisblaði Ásgeirs Margeirssonar, dags. 12. september 2003, til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

Ólafur Jónsson: „*Það var starfsmaður Orkuveitunnar sem átti part í þessari veitu [Í Austurveitu í Ölfusi]. Hann bjó þarna á svæðinu. Hann gerði sér grein fyrir því eins og aðrir, að veitan væri ónýtt. Það voru nokkrar milljónir sem hann taldi að þyfti að leggja fram ef að ætti að gera við hana. Svo er allt í einu haft samband við hann og einhverjir vinnufélagar hérna sögðu að Orkuveitan vildi kaupa veituna. Þá var bara hrópað húrra. Það var ekki bara það að hann slyppi við að borga þessa stóru fjárhæð, sem hann taldi sig varla hafa efni á, frekar en nágrannar hans, heldur fengu þeir peninga að auki.*“

8.4.3.8 Kaup á Austurveitu, Ölfusi 29. október 2004

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 17. nóvember 2004 var lagður fram samningur Orkuveitu Reykjavíkur og Austurveitu dags. 29. október 2004 um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á Austurveitu. Með samningnum var afsalað til Orkuveitu Reykjavíkur öllum eignum og viðskiptavild hitaveitunnar Austurveitu, veitukerfi, þ.m.t. borholur, virkjun, aðveituaðar, stofnaðar, dreifiaðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss. Skuldir veitunnar voru þó ekki yfirteknar af Orkuveitunni. Var ráð fyrir því gert að eignir og rekstur hitaveitunnar yrði framvegis hluti af starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og rekin undir kennitölu fyrirtækisins auk þess sem Austurveitur yrðu afskráðar eigi síðar en 1. maí 2005. Með samningnum yfirtók Orkuveita Reykjavíkur öll réttindi seljanda til hitaveitureksturs og öll réttindi sem eignunum fylgdu og rekstri þeirra ásamt öllum gögnum og gæðum, en yfirtók einnig þær skyldur sem fylgdu eignaréttinum.

Í samningnum var tekið fram að frá og með yfirtökudegi veitunnar myndu notkunargjöld til viðskiptavina Austurveitu vera þau sömu og annars staðar í þéttbýli hjá Orkuveitu Reykjavíkur, en stofngjöld yrðu þó hærrí eins og fram kom í samningnum. Verðbreytingar yrðu framvegis samkvæmt ákvörðun stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Var ráð fyrir því gert að Orkuveita Reykjavíkur myndi bera ábyrgð á og annast nauðsynlegt viðhald og endurnýjun veitukerfisins, þótt rekstur veitunnar myndi verða óbreyttur fyrst um sinn. Var tekið sérstaklega fram að Orkuveita Reykjavíkur gerði ekki ráð fyrir að neinar sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar vegna kælingar í veitunni á næstu 5 árum frá dagsetningu samningsins, en þess var getið að allnokkur kæling væri í veitunni.

Kaupverð hins selda var 88 millj.kr. og var það greitt með 78 millj.kr. við afhendingu hins selda og með 10 millj.kr. þann 1. maí 2005. Voru eignirnar seldar án veðbanda og allar skuldir eða lán sem kynnu að hafa verið tekin vegna hitaveitunnar Austurveitu á ábyrgð seljanda og Orkuveitu Reykjavíkur óviðkomandi. Afgreiðslu samningsins var frestað á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 17. nóvember 2004, en á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 15. desember sama ár var samningurinn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

8.4.3.9 Samningur um fráveitu, gagnaveitu hitaveitu, og vatnsveitu í landi Kross, Innri Akraneshreppi 10. febrúar 2006

Þann 10. febrúar 2006 var gerður samningur milli Orkuveitu Reykjavíkur, Innri Akraneshrepps og fyrirtækisins Stafna á milli ehf. um uppbyggingu og rekstur fráveitu, gagnaveitu, hitaveitu og vatnsveitu í landi Kross í Innri Akraneshreppi. Tók samningurinn einungis til uppbyggingar og rekstur veitna í skipulögðu landi Kross í Innri Akraneshreppi, milli Innesvegur og strandar, norðan Krosshóls. Með samningnum tók Orkuveita Reykjavíkur að sér uppbyggingu og rekstur hitaveitu í landi Kross Innri Akraneshreppi ásamt þeim skyldum, gögnum og gæðum sem rekstri hitaveitunnar fylgdu og var meðal annars vísað til orkulaga nr. 58/1967 með síðari breytingum. Var svo um samið að verð fyrir heitt vatn yrði það sama og hjá Orkuveitu Reykjavíkur á Akranesi, en um heimæðargjöld var samið sérstaklega.

Í samningnum var einnig að finna skuldbindingu Orkuveitu Reykjavíkur til þess að annast uppbyggingu og rekstur gagnaveitu og var samið um alls tíu ára einkarétt Orkuveitunnar til að leggja fjarskiptalagnir í landi Kross auk þess sem þar var að finna loforð um að aðrir aðilar mættu ekki leggja

fjarskiptalagnir á svæðinu.¹⁴⁴ Í sérstöku fylgiskjali við samninginn var svo að finna markmið samningsaðila um uppbyggingu samskiptanets. Kom þar fram að Orkuveita Reykjavíkur stefndi að því að tengja öll hús á starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur með ljósleiðara og að bjóða öllum viðskiptavinum að tengjast opnu samskiptaneti.

Var samningurinn ótímabundinn, en Orkuveita Reykjavíkur var þó heimilt að segja honum upp að fimmtán árum liðnum. Í samningnum var tekið fram að hann öðlaðist gildi þegar hann hefði verið samþykktur, m.a. af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Úttektarnefndin hefur ekki getað staðreynt að framangreindur samningur hafi verið borinn undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

8.4.3.10 Kaup á hitaveitu Skorradals 13. desember 2006

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. ágúst 2006 var lagt fram og samþykkt erindi forstjóra dags. 26. júní 2006 um kaup á eignum og rekstri Hitaveitu Skorradals ehf. Þar var grein gerð fyrir því að frá árinu 2002 hafi stjórn Hitaveitu Skorradals árlega leitað samninga við Orkuveitu Reykjavíkur um aðkomu hennar að rekstri hitaveitunnar, en þeim viðræðum hefðu í þriggja árum verið slitið. Í þeim samningi sem fyrir lægi væri heildarvirði samninganna talið verið 54 millj.kr., þar af 28 millj.kr. vegna kaupa á borholu og mannvirkjum Skorradalshrepps og 26 millj.kr. fyrir eignir og rekstur Hitaveitu Skorradals. Kaupverð borholunnar hafi verið metið út frá kostnaði (afskriftum) við samskonar framkvæmdir, þ.e. borun, virkjun og mannvirkjagerð, en sá kostnaður hafi verið metinn á 35 millj.kr. Eignir og rekstur Hitaveitu Skorradals hafi samsvarað skuldastöðu félagsins, en það markmið hafi verið sett að slíta félaginu skuldlausu. Tekið var fram í erindi forstjóra að af framangreindum skuldum félagsins hafi 20 millj.kr. fallið til vegna framkvæmda síðustu tveggja til þriggja ára og myndu þær framkvæmdir nýtast Orkuveitunni við áframhaldandi uppbyggingu veitunnar. Þá var stjórn kynnt að tæplega 100 eignir væru tengdar Hitaveitu Skorradals ehf. og að vaxandi sumarhúsamarkaður væri í Skorradal og gert ráð fyrir á skipulagi að þar yrðu allt að 1000 sumarhús innan 20 ára. Að auki væru nú þegar á bilinu 300-400 sumarhús í nágrenni veitunnar sem veruleg sóknarfæri væri að leggja hitaveitu til.

Erindi forstjóra fylgdu kaupsamningur við Skorradalshrepp um borholu, djúpdælu, rafstöð o.fl. og samningur við Hitaveitu Skorradals ehf. um eignir og rekstur veitunnar. Voru báðir samningarnir samþykktir á fundinum. Í samningi við Hitaveitu Skorradals ehf. lýsti Orkuveita Reykjavíkur yfir vilja til þess að haga framkvæmdum og rekstri við hitaveituna þannig að rekstraröryggi hennar og þjónusta yrði með sama hætti og verið hefði og með svipuðum hætti og í öðrum sambærilegum veitum Orkuveitu Reykjavíkur, en að veitan væri keypt í því ástandi sem hún væri og að miðað væri við að aðgerðir til að auka rekstraröryggi veitunnar og til annarra umbóta yrðu framkvæmdar á næstu tveimur til þremur árum frá samningsgerð.

Um gjöld vegna notkunar var tekið fram að Orkuveita Reykjavíkur myndi gefa út gjaldskrár fyrir veituna þegar endurhönnun og enduruppbygging lægi fyrir. Samkomulag var um að öll sala til heilsárshúsa yrði framvegis í gegnum rennslismæli og myndi verð til núverandi eigenda vera það sama

144 Sjá bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar dags. 28. febrúar 2006, þar sem Orkuveita Reykjavíkur var talið óheimilt að bera fyrir sig framangreint ákvæði um einkarétt sér til handa til fjarskiptalagna í landi Kross, Innri Akraneshreppi, og var Orkuveita Reykjavíkur gert að heimila Símanum hf. að samnýta þá skurði sem lagðir yrðu um um rætt land með atbeina Orkuveitu Reykjavíkur.

og í gildi væri í Reykjavík, bæði fast gjald og breytilegt. Að auki yrði gjald til sumarhúsa það sama og í hitaveitunni í Munaðarnesi, með því fráviki að innifaldir væru 5 mínútulítrar í stað 3 í Munaðarnesi, og myndi það breytast til samræmis við ákvarðanir Orkuveitu Reykjavíkur.

8.5 Gjaldskrá heitt vatn

3. mgr. 32. gr. laga nr. 58/1967 „Nú hefur einkaleyfi verið veitt til þess að starfrækja hitaveitu samkvæmt lögum þessum, og skal þá, áður en veitan tekur til starfa, setja henni gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.“

Hitaveitur á Íslandi skiptast í tvo flokka. Annars vegar eru hitaveitur sem hafa einkaleyfi á sínu veitusvæði og starfa samkvæmt reglugerð, sem iðnaðarráðherra setur og hins vegar eru hitaveitur sem eru án einkaleyfis og reglugerðar. Allar hitaveitur með einkaleyfi og sem starfa samkvæmt reglugerð þurfa samþykki ráðherra til þess að hækka eða lækka gjaldskrá sína. Gjaldskráin nær yfir vatnssölu, mælaleigu og heimtaugargjöld. Í árslok 2007 voru þessar hitaveitur 22 og þjónuðu alls 62 veitusvæðum. Hinar hitaveiturnar eru nálægt 200 – og flestar litlar eða örtiltar.¹⁴⁵

5. og 6. mgr. 32. gr. laga nr. 58/1967 „Gjaldskrána ber að endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

Eiganda hitaveitu er ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé hitaveitunnar. Ákvæði 1. másl. nær eingöngu til hitaveitu sem er alfarið í eigu sveitarfélags og starfar ekki samkvæmt sérlægum.“

Mikilvæga reglu er að finna um ákvörðun endurgjalds vegna sölu á heitu vatni í 32. gr. orkulaga nr. 58/1967, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 78/2001. Þar kemur fram í 3. mgr. 32. gr. laganna að hafi einkaleyfi verið veitt til þess að starfrækja hitaveitu samkvæmt lögnum, skuli setja veitu gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra. Slíka gjaldskrá ber að endurskoða eigi sjaldnar en á fimm ára fresti samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 32. gr. laganna, en samkvæmt 6. mgr. 32. gr. er eiganda hitaveitu heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé hitaveitu, en tekið er fram í ákvæðinu að slíkt eigi eingöngu við um hitaveitu sem alfarið er í eigu sveitarfélags og starfar ekki samkvæmt sérlægum. Ákvæðið tekur því ekki til svokallaðra jadarveitna.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 78/2001 er tekið fram um ástæður hinar fyrirhuguðu reglu:

„Í 4. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, segir að sveitarfélög skuli setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og þeim sé heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið sé í rekstri þeirra. Kom ákvæðið fram í tillögum meirihluta félagsmálanefndar Alþingis við frumvarpið. Í nefndarálitinu segir að fjölmörg sveitarfélög reki fyrirtæki á eigin ábyrgð og hafi fyrirtækin greitt sveitarsjóðum arð þegar rekstur þeirra hafi leyft. Þessi háttur hafi t.d. verið hafður hjá fyrirtækjum borgarsjóðs í a.m.k. 60 ár og hafi gjaldskrár fyrirtækjanna, sem staðfestar hafa verið af viðkomandi ráðuneyti, tekið mið af þessu. Ótvíæða heimild til þessa hafi hins vegar hingað til vantað í löggjöf. Þá segir að í framhaldi af þessu muni m.a. þurfa að gera breytingar á orkulögum, nr. 58/1967, til þess að tryggja enn frekar heimildir sveitarfélaga til að ákveða arðgreiðslur frá fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu sveitarfélaganna og rekin eru á þeirra ábyrgð. Í samræmi við þessi sjónarmið er í þessu frumvarpi lagt til að sett verði skýr almenn heimild um arðgreiðslur rafveitna og hitaveitna.“¹⁴⁶

Svo sem að framan er rakið voru flestir samningar lagðir fyrir stjórn, ýmist fyrst sem drög (svo sem við kaup á Hveragerðisveitu) eða þá eftir að þeir höfðu verið undirritaðir og í endanlegu formi (með fyrirvara um samþykki

145 Þorgils Jónasson: Skýrsla um borholur í Hveragerði. Reykjavík, ágúst 2008. http://www.hveragerdi.is/content/files/public/_PDF/_t%C3%A6knideild/Borholur_Hveragerdi.pdf

146 Alþingi: Frumvarp til laga um breytingu á orkulögum nr. 58/1967 með síðari breytingum. Þskj. 1275-736. mál 126. löggjafarþing 2000-2001. <http://www.althingi.is/altext/126/s/1275.html>

stjórnar), þótt á því hafi verið undantekningar. Að framan var þess getið að almennt hafi legið fyrir arðsemisútreikningar við kaupin þótt á því hafi einnig verið undantekningar. Auk þess er ekki skýrt afmarkað í framangreindum lögum hvernig meta á arðsemi hitaveitu, og hvaða kostnað má meta við slíkan útreikning. Arðsemi og ávöxtunarkrafa hitaveituhluta Orkuveitu Reykjavíkur hafa ekki verið ræddar með almennum hætti að frumkvæði stjórnar fyrirtækisins. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. mars 2006 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks hins vegar fram eftirfarandi fyrirspurn:

- „Hver er ávöxtunarkrafa á hitavatnsframleiðslur?
- Eftir stöðum
- Þróun á milli ára frá árinu 1990 ...“¹⁴⁷

Fyrirspurninni var svarað með minnisblaði forstjóra Orkuveitunnar dags. 26. apríl 2006 sem lagt var fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann sama dag. Þar kom fram að frá árinu 2001 til og með árinu 2005 hafi ávöxtunarkrafa allra verkefna Orkuveitu Reykjavíkur á heimamarkaði verið 6,8%. Ávöxtunarkrafan hafi verið nokkuð stöðug þann tíma enda væri markaðsumhverfi Orkuveitu Reykjavíkur nokkuð stöðugt. Ávöxtunarkrafan (WACC) hafi verið skilgreind sem:

„... veginn meðaltalsfjármagnskostnaður og er annars vegar krafa eigenda (stjórnar) á eigið fé fyrirtækisins og hins vegar kostnaður lánsfjár fyrirtækisins. Eftir að miðlum fyrirtækisins tók að fjölga (Gagnaveita og Fráveita) ásamt kröfum Orkustofnunar vegna gjaldskrár dreifingar rafmagns, var ljóst að sundurgreina þurfti ávöxtunarkröfu fyrirtækisins. Vár það gert, en ávöxtunarkrafa hitaveitunnar er ennþá 6,8%. Verkefni hitaveitu eru skilgreind annars vegar sem verkefni á heimamarkaði og hins vegar verkefni utan heimamarkaðar. Verkefni hitaveitu á heimamarkaði bera lágmark 6,8% ávöxtunarkröfu. Við verkefni utan hefðbundins heimamarkaðar hefur verið notast við 25 – 60% álag á lágmarksávöxtunarkröfu (8 – 11% WACC). Álagið ræðst af hversu áreiðanlegar tölur um íbúapróun og framtíðarfjárfestingar eru taldar vera.“¹⁴⁸

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur setti sér síðan í árslok 2009 heildarstefnu fyrir fyrirtækið þar sem meðal annars eru sett fram fjárhagsleg markmið um arðsemi einstakra rekstrareininga, þar sem gerð var krafa um 7% arðsemi heildareigna við sölu á heitu vatni. Þá kom fram í bréfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, sem ritað var í tilefni af fyrirspurn stjórnarmannanna Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur dags. 26. apríl 2006 að frá árinu 2001 til og með ársins 2005 hafi ávöxtunarkrafa allra verkefna Orkuveitu Reykjavíkur á heimamarkaði verið 6,8%. Hafi ávöxtunarkrafan verið nokkuð stöðug þann tíma enda væri markaðsumhverfi Orkuveitu Reykjavíkur nokkuð stöðugt. Ávöxtunarkrafan (WACC) væri skilgreind sem veginn meðaltalsfjármögnunarkostnaður og væri annars vegar krafa eigenda (stjórnar) á eigið fé fyrirtækisins og hins vegar kostnaður lánsfjár fyrirtækisins. Fram kom jafnframt að eftir að miðlum fyrirtækisins fór að fjölga (gagnaveita og fráveita) ásamt kröfum Orkustofnunar vegna gjaldskrár dreifingar rafmagns, hafi þurft að sundurgreina ávöxtunarkrafa

Guðmundur Þóroddsson: „Það var stöðugt pólitískt skemmtiefni hjá mönnum að ræða skuldir en á þeim tíma var ekkert augljóst vandamál í afkomu OR, nema hvað varðar afkomu einstakra miðla. Sumir miðlar voru að verða tæpir afkomulega og þá sérstaklega heitt vatn og rafmagn í smásölu. Það lá fyrir að þyrfti að hækka þá. Við vorum óheppnir með að það komu nokkrar kosningar í röð, bæði borgarstjórnar- og alþingiskosningar, sem gerðu breytingar á gjaldskrá óvinsælar. Það var alveg ljóst að það þurfti að ráðast í hækkanir til að halda eðlilegri afkomu einstakra miðla. Það reyndist hins vegar effitt því að almenn afkoma OR var tiltölulega góð þannig að effitt reyndist að fá menn til að viðurkenna að það þyrfti að huga verðhækkunum einstakra miðla.“

Guðmundur Þóroddsson: „Já, það er engin spurning að hin pólitíska ákvörðun um verð var vond fyrir OR. Ég er þeirrar skoðunar að ekkert af þessum veitukerfum eigi að vera í opinberum rekstri. Ein ástæðan fyrir því er hvernig verð vonu ákveðin. Verðákvörðanir verða handahófskenndar. Verðið var ekki ákveðið út frá fyrirfram ákveðinni arðsemi á það fjármagn sem lagt er í reksturinn. Í öðru lagi varstu með fulltrúa notenda, íbúana, í sveitarstjórninni, sem skipar stjórn OR, sem tekur einnig ákvörðun um fjárfestingar og rekstur. Sveitarstjórnin er beggja vegna borðs, ber ábyrgð á rekstrarákvörðunum veitunnar og hefur á sama tíma eftirlitshlutverk fyrir hönd íbúanna.“

147 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 30. mars 2006.

148 Guðmundur Þóroddsson: Minnisblað, dags. 26. apríl 2006.

kröfu fyrirtækisins. Hafi það verið gert, en ávöxtunarkrafa hitaveitunnar væri enn 6,8%.¹⁴⁹

Fyrir stofnun fyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur má sjá að gjaldskrármál hafi verið reglulega rædd á fundum stjórnar veitustofnana. Á fundi stjórnar veitustofnana þann 19. maí 2000 var fallist á gjaldskrárhækkun á rafmagni um 2,9% og heitu vatni um 3,9% með þremur greiddum atkvæðum, en við atkvæðagreiðsluna sátu fulltrúar Sjálfstæðisflokks hjá. Var gjaldskrárhækkunin rökstudd með vísan til kostnaðarþróunar. Gjaldskrá rafmagns og hita var hækkuð á fundi stjórnar veitustofnana þann 19. júní 2001, með þremur greiddum atkvæðum (fulltrúar Sjálfstæðisflokks sátu hjá). Fyrir hækkuninni var færður svofellður rökstuðningur:

Eiríkur Hjálmarsson: „Auðvitað nýttist þekkingin. Ef þú hefur manndóm í þér til að rúka fyrir það sem þjónustan kostar, þá ertu náttúrulega með alla innviði til að reka þetta með óþyrri hætti en aðrir.“

„Samkvæmt samþykkt borgarráðs frá 6. júlí 2000 ber forstjóra Orkuveitunnar að leggja fram a.m.k. einu sinni á ári þörf fyrir gjaldskrárbreytingar til að tekjur veitunnar fylgi kostnaðarþróun hennar. Vísitala kostnaðarþróunar Orkuveitan er nú lögð fram í annað sinn og sýnir að Orkuveitan þyrfi um 7,1% hækkun á gjaldskrá hita og 6,1% hækkun á gjaldskrá rafmagns til að halda í við kostnaðarþróun. Hækkun gjaldskrár Landsvirkjunar ein og sér vegur 3% í hækkun raforku.“¹⁵⁰

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 2. júlí 2002 var til umræðu þörf á hækkun gjaldskrár fyrir heitt vatn og rafmagn. Þar var lögð fram og samþykkt eftirfarandi tillaga með fjórum samhljóða atkvæðum, en tveir stjórnarmanna greiddu ekki atkvæði.

„Lögð fram tillaga forstjóra um hækkun á gjaldskrá svohljóðandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkt að hækka gjaldskrá Orkuveitunnar fyrir rafmagn og hita um 3% frá 1. ágúst að telja. Þessi samþykkt er gerð í trausti þess að almennt verðlag og gengi sé orðið stöðugt eða horfi til lækkunar.“

Tillögunni fylgdi greinargerð í bréfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur dags. 28. júní 2002 þar sem fram kom að:

„Á síðustu 12 mánuðum hefur þróun kostnaðar hjá Orkuveitu Reykjavíkur orðið þannig að hækkunin er orðin um 8%. Þar sem almennt er verið að halda verðhækkunum í skefjum er lagt til að í þessari atrennu sé gjaldskrá hita og rafmagns einungis hækkuð um 3% í trausti þess að almennt verðlag og gengi sé orðið stöðugt eða horfi til lækkunar. Á undanförunum áratug hefur verðlag orku ekki fylgt almennu verðlagi. Þannig væru tekjur OR 1.500 milljónum meiri í dag ef verðlag rafmagns og hita væri það sama og það var fyrir 10 árum. Þess má geta, að Landsvirkjun og Hitaveita Suðurnesja hafa ákveðið sömu verðhækkun og nú er lagt til hjá Orkuveitu Reykjavíkur.“¹⁵¹

Gjald fyrir rafmagn og heitt vatn var enn hækkað um 3,4% á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 3. júní 2003, og tók sú hækkun gildi þann 1. júlí 2003. Greiddu fjórir stjórnarmanna atkvæði með hækkuninni en

149 Guðmundur Þóroddsson: Bréf forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 26. apríl 2006.

150 Fundur stjórnar Veitustofnana, dags. 19. júní 2001.

151 Guðmundur Þóroddsson: Bréf forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. júní 2002.

tveir sátu hjá. Á fundi stjórnar þann 12. ágúst 2003 var aftur rætt um þörf á hækkun gjaldskrár. Þar var samþykkt tillaga um hækkun gjaldskrár á heitu vatni um 5,8% sem tæki gildi 1. september 2003. Var það m.a. rökstutt með því að ekki væri óeðlilegt að bregðast við því tekjutapi sem orðið hefði vegna hlýinda. Hækkun um 5,8% myndi skila 70 milljónum á árinu 2003 en 220 milljónum á árinu 2004, sem myndi mæta um þriðjung þess tekjutaps sem orðið hefði vegna minnkandi vatnssölu. Af þessu tilefni óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks að eftirfarandi yrði bókað:

„Meirihluti stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur hefur ákveðið að hækka verð á heitu vatni og rafmagni. Heita vatnið verður hækkað um tæplega 6% en rafmagnið um 1,2%. Á síðasta fundi stjórnar Orkuveitunnar var einnig samþykkt hækkun á heitu vatni og rafmagni um 3,4% og tók sú hækkun gildi þann 1. júlí s.l. Þannig hefur heitt vatn hækkað um tæp 10% og rafmagn um tæplega 5%. Helstu ástæður sem nefndar eru fyrir þessari hækkun eru hlýindi! Ekki er nefnt að fjármagnskostnaður lækkar um 425 milljónir króna á þessu ári frá upphaflegri áætlun vegna gengisbreytinga. Hagnaður á síðasta ári er einnig tilkominn vegna gengisbreytinga ... Óvarlegar fjárfestingar Orkuveitunnar í Línu.Net hf. og tengdum fyrirtækjum ásamt byggingu höfðustöðva, sem hafa farið langt umfram áætlun eru þegar farnar að veikja fjárhag fyrirtækisins verulega. Þessar fjárfestingar nema um kr. 6-7 milljörðum króna og ljóst er að leggja verður meiri fjármuni til þessara verkefna.“¹⁵²

Af því tilefni var bókað af hálfu stjórnarformanns að:

„Afstaða fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í stjórn OR til gjaldskrárbreytinga er pólitísk, en ekki fagleg. Þeir kjósa að líta fram hjá staðreyndum um verulega minnkun sölu á heitu vatni, sem bregðast verður við með ábyrgum hætti ... OR er öflugt fyrirtæki, sem þjónar höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir hækkun á gjaldskrá fyrirtækisins nú, eru orkugjöld OR einhver þau lægstu sem þekkjast hér á landi og þó víðar væri leitað.“¹⁵³

Af sama tilefni var bókað af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokks að:

„Aðalatriði málsins er að fulltrúar sjálfstæðismanna og R-listans greinir á um áherslur og stefnu fyrirtækisins. Stefna R-listans í mállefnum fyrirtækisins hefur veikt fjárhag þess og því er ekki borð fyrir báru í þessari hitasveiflu. Óvarleg fjárfestingarstefna meirihlutans kemur því á fullum þunga niður á neytendum.“¹⁵⁴

Gjaldskrá fyrir heitt vatn var hækkuð um 2,6% á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 1. júní 2004 og tók gildi þann 1. júlí 2004. Kom fram í tillögu forstjóra til stjórnar að þágildandi verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur hefði verið í gildi frá 1. september 2003, en frá september 2003 til maí 2004 hefði vísitala neysluverðs hækkað um 2,6% og væri tillaga um hækkun í samræmi við það. Tillagan var samþykkt af stjórn Orkuveitunnar, en við atkvæðagreiðsluna sátu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hjá. Af því tilefni óskuðu þeir að bókað yrði að:

Björn Ingi Hrafnsson: „Gjaldskrárhækkunir hjá fyrirtæki eins og Orkuveitunnar, snerta alltaf marga. og hljóta óhjákvæmilega að verða að einhverju pólitísku bitbeini. Vegna þess að það er bæði til vinsælda fallið að mótmæla hækkunum og erfitt að vera ábyrgur með þeim hætti að samþykkja þær, þannig að það er ekkert skýrtíð að þær verði pólitískt bitbein. Og sérstaklega í rauninni þegar er er áralöng hefð fyrir deilum um smátt sem stórt innan stjórnar OR í stað þess að vinna að sameiginlegri lendingu með hagsmuni fyrirtækisins að leiðarljósi. Auðvitað væri æskilegast að stjórnarmenn gætu hugsað, heyruðu, það er mikilvægt að hugsa um hagsmuni fyrirtækisins. Við verðum að halda hér í við verðlagsþróun og annað slíkt.“

Svandís Svavarsdóttir: „Þar kemur pólitíska hefðin inn í stjórnina. Vegna þess að venjan er sú að meirihlutinn ber endanlega ábyrgð á fjármálaákvörðunum.“

152 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 12. ágúst 2003.

153 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 12. ágúst 2003.

154 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 12. ágúst 2003.

„Síðustu tvö ár hafa verið ár mikilla verðhækkana hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveitan var eina orkufyrirtækið sem hækkaði verð á heitu vatni vegna „góðs veðurs“ á síðasta ári og nú er hækkad í samræmi við byggingarvísitölu. Á undanförnum árum hafa hækkunarir verið undir þeirri vísitölu. Augljóst er að millifærsla skulda borgarsjóðs yfir í Orkuveituna og glæfralegrar fjárfestingar í óskyldum rekstri er farið að hafa áhrif á rekstur fyrirtækisins ...“¹⁵⁵

Vegna framangreinds óskaði formaður stjórnar þess að bókað yrði að:

„Breyting á orkugjöldum er nú í samræmi við hækkun byggingarvísitölu, eins og gert er ráð fyrir í lögnum. Athygli er vakin á því að orkugjöld í Reykjavík eru að meðaltali 30-40% lægri en í höfuðborgum Norðurlandanna. Það undirstrikar að gjaldskrá OR er mjög hagstæð Reykvíkum og öðrum höfuðborgarbúum.“¹⁵⁶

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 5. janúar 2005 var bókað um nýja gjaldskrá félagsins og var hún samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum, en fulltrúar Sjálfstæðisflokks sátu hjá. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. apríl 2005 var lögð fram og samþykkt tillaga formanns stjórnar um lækun á verði heits vatns um 1,5% frá og með 1. júní 2005. Jafnframt var samþykkt að breyta ekki verði á rafmagni vegna verðlagsbreytinga á þessum tíma. Tillagan var rökstudd með eftirfarandi hætti:

„Afkoma Orkuveitu Reykjavíkur á sl. ári var góð og sérstaklega var afkoma hitaveitunnar góð með 2,6 milljarð í hagnað fyrir afskriftir. Árið 2004 og fyrstu mánuðir ársins 2005 hafa verið hálfri gráðu kaldari en árið 2003 og hitasala því 3,7% meiri en árið áður. Þá er nokkur vöxtur í raforkusölu sem gefur tilefni til að ætla að Orkuveitan geti tekið á sig verðlagsbreytingar sem eru um 3,7% á þessu ári.“

Í kjölfar þessa létu fulltrúar Sjálfstæðisflokks bóka að:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna þessari tillögu um verðlækkun á heitu vatni enda mótmælt frá upphafi að hækka orkugjöld vegna veðurfarsbreytinga. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa ávallt lagt áherslu á að eitt helsta hlutverk OR sé að halda orkukostnaði Reykvíkinga í lágmarki. Því miður hafa gjöld fyrir heitt vatn ekki lækkað hingað til hjá Reykvíkum þvert á það sem gerist hjá þeim orkuveitum sem við berum okkur saman við.“

Umræða kom aftur upp um gjaldskrármál Orkuveitu Reykjavíkur vegna jaðarveitna í tengslum við afgreiðslu stjórnar á kaupum Orkuveitu Reykjavíkur á Vatnsveitu Grundarfjarðar ásamt hitaveitu, á fundi stjórnar þann 21. september 2005. Þar lýstu fulltrúar Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þeirri skoðun sinni að ekki væri forsvaranlegt að festa gjaldskrá á heitu vatni í Reykjavík við gjaldskrár á öllum hitaveitum sem ekki væru jafn hagkvæmar og að það væri ekki hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur að reka byggðastefnu.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. mars 2006 var lagt til að heimæðagjöld Orkuveitu Reykjavíkur vegna sumarhúsa í Grímsnesveitu,

155 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 1. júní 2004.

156 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 1. júní 2004.

Hitaveitu Rangæinga og Norðurárdalsveitu yrðu 166 þús.kr. án virðisauka-
skatts, frá og með 1. júní 2006 og var tillagan samþykkt með fjórum at-
kvæðum, en þau Guðlaugur Þór Þórðarson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
sátu hjá. Til stuðnings tillögunni var tekið fram að:

„Heimæðargjöld Orkuveitu Reykjavíkur vegna tenginga sumar-
húsa við hitaveitu eru með þeim lægstu sem þekkjast á sumarhúsa-
svæðum og innifela lögn heimæðarinnar sjálfrar innan lóðar sem er
einstakt. Eðli málsins samkvæmt hefur heimæðargjöldum verið stillt
í hóf á meðan á upphafsframkvæmdum stendur og á meðan verið
er að leggja hitaveitur um þéttbýl sumarhúsasvæði. Viðskiptavinum
hefur þó ævinlega verið bent á að heimæðargjöld myndu hækka
þegar hægdist á framkvæmdum og þeir því hvattir til að sækja um
tengingar tímanlega. Nú er framkvæmdum víðast hvar lokið á þétt-
býlum sumarhúsasvæðum innan veitusvæðis Orkuveitu Reykja-
víkur. Nokkrir verkáfangar eru í undirbúningi á nýjum svæðum,
þar sem engin sumarhús eða fá eru komin. Slík framkvæmd verður
óhjákvæmilega dýrari en framkvæmdir á þéttbýlli svæðum. Lagnir
sem lagðar er samhliða öðrum veitum (Rarik og vatnsveitu) til að ná
samlegðaráhrifum í jarðvinnu, en síðan getur liðið drjúgur tími þar
til sumarhús eru tengd og viðskipti hefjast. Lág heimæðargjöld
valda á vissan hátt erfiðleikum við uppbyggingu á nýjum veitum
í sumarhúsaahverfum. Væntanlegir viðskiptavinir horfa mikið til
lágra heimæðargjalda á öðrum svæðum Orkuveitu Reykjavíkur og
setta sig illa við hærri gjöld sem þó eru nauðsynleg til að verkefni
verði hagkvæm. Nái hækkanin fram að ganga verða heimæðargjöld
Orkuveitu Reykjavíkur áfram þau lægstu sem í boði eru. Í töflunni
hér að neðan er samanburður milli hinna mismunandi verða fyrir
heimæðargjöld sumarhúsa í verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur í dag:

Veita:

Munadarnes	kr. 222.232 án vsk.
Úthlíð	kr. 222.232 án vsk.
Grímsnes	kr. 99.424 án vsk.
Norðurárdalur	kr. 99.424 án vsk.
Hitaveita Rangæinga	kr. 143.900 án vsk. ¹⁵⁷

Á fundi þann 18. apríl 2008 voru gjaldskrármál hitaveitna rædd, en það var
svo á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 19. september 2008 að
samþykkt var að hækka gjaldskrá vegna heits vatns um 9,7% frá 1. októ-
ber 2008. Var tillagan samþykkt, en Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa
Smáradóttir sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Í greinargerð með tillögu um
gjaldskrárhækkun kom fram að:

„Undanfarin ár hafa verðlagsbreytingar verið talsvert umfram
gjaldskrárbreytingar á heitu vatni. Síðasta gjaldskrárbreyting
var 1. júní 2005, lækkun upp á 1,5%. Frá þeim tíma hefur
byggingavísitalan hækkað um 41% og vísitala neysluverðs
um 29%. Byggingarvísitalan lýsir kostnaðarþróun hitaveitna,
svo sem vegna verklegra framkvæmda og innkaupa, innlendra
sem erlendra. Hækkunin er þriðjungur af hækkun vísitölu
neysluverðs frá síðustu gjaldskrárbreytingu. ... Hækkun um 9,7%
eykur tekjur hitaveitunnar um rúmlega 600 milljónir á ári ...
Varmastöð Hellisheiðarvirkjunar verður tekin í notkun á næsta ári,
heildarkostnaður við varmastöðina auk Hellisheiðaræðar er um 13

Haukur Leósson: „Ég sagði líka við Villa og
Björn og Hjörleifur vissi það. „Vitið þið hvar þið
endið þegar við hættum að stýra Orkuveitunni? Þá
þarf að hækka um 20%.“ Ég sá það bara sjálfur,
það reiknaði það enginn út fyrir mig. Þú sérð bara
þegar þú svo tekur bara alltaf lán fyrir útstreyminu
að gjaldskrá er of lág.“

Dagur B. Eggertsson: „Hún kemur frá borgarstjórn. Þetta er aðgerðaráætlun um fyrstu viðbrögð, til þess að undirbúa fjárhagsáætlun fyrir árið 2009, sem er fyrsta heila árið eftir hrun. Gjaldskrár áttu ekki að hækka og við ætludum að standa vörð um stöfín, eftir því sem kostur væri. Þetta er sem sagt haustið 2008. Þá voru greiningaraðilar að spá því að gengið kæmi aftur upp og því var haldið fram að Orkuveitan fengi áfram lán og svo framvegis.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Þverpólitískur aðgerðahópur borgarstjórnar sat yfir þessu á fjölda funda í ágúst og september 2008, þar sem við ræddum ítarlega hvernig við ætludum að stilla upp aðgerðaráætlun fyrir borgina til að koma henni sem best í gegnum þær breytingar sem við þá sáum fyrir í efnahags- og atvinnuumhverfi. Þetta er nokkeru fyrir hrun bankanna í október, þannig að auðvitað sáum við ekki alla stöðuna, en það er samt í þessu umhverfi sem OR hækkar gjaldskrár sínar um 9,7%. Þessari hækkun var afar illa tekið, sérstaklega af málsvörum atvinnulífsins og minnihlutans sem sögðu með þessu gengið alvarlega gegn hagsmunum almennings á erfðum tímum. Vegna þessa og þeirrar skoðunar allrar borgarstjórnar að við gætum varið hag íbúa með hagnæðingar- og sparnaðaraðgerðum án hækkana gjaldskrár var aðgerðaráætlun sem fól einmitt það í sér samþykkt af borgarstjórn í október 2008. Þessari aðgerðaráætlun vann öll borgarstjórn, meirihluti og minnihluti, að og eftir fram að kosningum árið 2010 og sem borgarstjóri fylgdi ég henni eftir í stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar.“

Guðlaugur G. Sverrisson: „Mjög skýr skilaboð frá eigendum“, skrifa ég hérna, „um aðgerðir í kjölfar hrunsins. Einróma samþykkt borgarstjórnar um aðgerð 7. október 2008 sem eigendur segja afdráttarlaust að fyrirtækið skuli taka til í eigin rekstri áður en gengið er harðar fram gegn almenningsi, þ.e.a.s. með hækkunum.“ „Við höfðum hækkað og ég byrja á því, að hækka, eða standa fyrir því að leggja fram fyrir stjórn, hækkun á heitu vatni um 9,7%. Það varð bara allt brjáláð, gjör-samlega. Það var í september, það trylltist allt inni í borgarstjórn. Þannig að þetta er ein afleiðingin af því að minnihlutinn bara heimtaði það að það yrðu engar hækkunar meira. Og þetta stóð út mitt tímabil. Ég fékk þessu aldrei breytt, eigandinn gaf mér aldrei færi á því.“

milljarðar króna. Þegar hefur verið fjárfest fyrir 4,5 milljarða, 5,0 milljarðar eru áætlaðir til verksins í ár og 3,5 milljarðar árið 2009. Auka þarf tekjur hitaveitunnar til að mæta þessari fjárfestingu. Arðsemi hitaveitunnar án varmastöðvarinnar á Hellisheiði er um 1,8% en sé hún tekin með í reikninginn lækkar arðsemin í 0,9%. Framkvæmdirnar eru fjármagnaðar að mestu leyti með lántökum sem bera rúmlega 4% vexti. Hækkun um ein 10% ein og sér mun leiða af sér aukna arðsemi sem nemur 1,1% án varmastöðvar á Hellisheiði, 0,3% aukningu með varmastöðinni ... Samþykkt fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2008, gerði ráð fyrir 3,8% hækkun frá 1. janúar 2008. Hækkun um 9,7% frá 1. október skilar um tveimur þriðju af áætlaðri tekjuaukningu ársins 2008. ¹⁵⁸

Áður hafði verið ákveðin 17% gjaldskrárhækkun jadarveitna á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. júní 2008,¹⁵⁹ þar sem samþykkt hafði verið tillaga forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að auk 17% hækkunar væri forstjóra veitt heimild til að aðlaga gjaldskrár jadarveitna að verðlagsbreytingum, markaðsaðstæðum og afkomu veitnanna, auk þess sem lagt var til að heimæðargjöld yrði hækkuð. Í greinargerð forstjóra fyrir tillögu um hækkun notkunargjalda kom fram að:

„Jadarveitur eru reknar án sérleyfa og í samkeppni við aðra orku-gjafa og aðrar hitaveitur. Ákvarðanir um uppbyggingu og rekstur jadarveitna hafa verið teknar af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur byggðar á rekstrarlíkönum og markmiðum um að standa undir tiltekinni arðsemi. Gjaldskrárbreytingar á jadarveitum hafa haldist í hendur við breytingar á almennri gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur og hafa því ekki frekar en hún náð að halda í við verðlagsbreytingar. Sem dæmi má nefna Grímsnesveitu. Þar hafa gjaldskrárhækkunar verið 10% frá 2002 en byggingarvísitala hefur hækkað um 50%. Annað dæmi er Munaðarnesveita sem tekin var í notkun 2004. Þar hafa gjaldskrárhækkunar verið 1,1% en byggingarvísitala hækkað um 45%. M.ö.o. rekstrar- og viðhaldskostnaður hefur hækkað mun meira en tekjur veitnanna, sem er ekki í samræmi við rekstrarmarkmið jadarveitna. Allar ákvarðanir um stækkað þjónustuvæði jadarveitna eru teknar á grundvelli arðsemisjónarmiða. Nái tekjur af viðbótum ekki tiltekinni arðsemi eru innheimt hærri heimæðargjöld vegna viðbótanna.“¹⁶⁰

Síðla árs 2008 hafði einn eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, mælt til þess að ekki yrðu hækkaðar gjaldskrár í kjölfar efnahags-hrunsins, en til þessa er vísað í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2009 þar sem fram kemur:

„Þjónustan var áreiðanleg og traust ... og – í takti við þær línur sem eigendur fyrirtækisins hafa lagt – var haldið aftur af gjaldskrárhækkunum sem nokkur var kostur.“¹⁶¹

158 Tillaga til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 19. september 2008.

159 Sjá frétt af vefsíður OR þar sem hækkunin er tilkynnt og rökstudd: <http://www.or.is/UmOR/Fjolfmidlatorg/Frettir/Lesafrett/1608>.

160 Tillaga forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 18. júní 2008.

161 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2009.

Í viðtölum úttektarnefndarinnar hefur komið fram að í kjölfar skipunar sérstaks aðgerðarhóps á vegum Reykjavíkurborgar vegna efnahagshrunsins og þeirrar aðgerðaráætlunar sem gripið hafi verið til, hafi verið tekin ákvörðun af hálfu stærsta eiganda Orkuveitu Reykjavíkur að hækka ekki gjaldskrár, og var þeirri ákvörðun komið á framfæri við stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur. Voru tilmælin ekki lögð fyrir fund stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur eða afgreidd þar með formlegum hætti.

Hins vegar hefur verið staðfest af hálfu fyrrum stjórnarformanns að tilmælunum hafi verið fylgt og að ekki hafi verið tekin ákvörðun um að hækka notkunargjöld fyrirtækisins á þessum tíma. Leiddi það til þess að upp safnaðist mikil þörf fyrir hækku miðlanna, og það var síðan á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 27. ágúst 2010 samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum að hækka gjaldskrá fyrir heitt vatn um 35%, frá og með 1. október 2010. Stjórnarmaðurinn Sóley Tómasdóttir sat hjá við afgreiðslu málsins, en stjórnarmaðurinn Kjartan Magnússon greiddi atkvæði gegn tillögunni og lét bóka að:

„Á síðasta kjörtímabili var tekið fast á fjármálum Orkuveitu Reykjavíkur og mikið starf unnið á vegum stjórnar fyrirtækisins og starfsmanna við að verja stöðu þess og styrkja fjárhagsgrundvöll. Fyrir bankahrun 2008 var ráðist í markvissar aðgerðir til að draga úr fjárskuldbindingum, m.a. var Bitruvirkjun frestað um óákeðinn tíma og gufulhverflar fyrir milljarða króna afpantaðir, hætt við hugmyndir um að setja milljarða króna af fjármunum Orkuveitunnar í útrásarverkefni og ráðist í umfangsmikið hagræðingarátak innan fyrirtækisins. Eftir bankahrun var ákveðið að hækka ekki gjaldskrár í Reykjavík vegna yfirvofandi efnahagsefðleika borgarþúa, heldur að lækka kostnað með hagræðingu, og gildi sú stefnumótun einnig um Orkuveituna. Umrætt hagræðingarátak hefur nú þegar skilað Orkuveitunni rúmum milljarði króna og á grundvelli þess hefur m.a. verið hægt að standa við samþykktir borgarstjórnar um frýstingu gjaldskrár. Það hefur hins vegar ætíð verið ljóst að slík gjaldskrárfrysting gæti aðeins varað tímabundið og að fyrr eða síðar þyrfti að hækka gjaldskrár að nýju. Ekki skal dregið í efa að hækka þarf gjaldskrá Orkuveitunnar verulega en borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja þunga áherslu á að slíki hækku sé stillt í hóf eins og kostur er í þágu almennings í Reykjavík ásamt því að nýta batnandi rekstrarárangur OR í þessu skyni ...“¹⁶²

Á sama fundi var forstjóra jafnframt veitt heimild til þess að ákvarða breytingar á gjaldskrár á sex mánaða fresti, til að þær héldu verðgildi sínu. Var forstjóra jafnframt falið að kynna breytingar á gjaldskrár fyrir stjórn á síðasta stjórnarfundi fyrir gildistöku breytinganna, sem áttu að miðast við þróun vísitölu neysluverðs.

8.6 Framkvæmdir við hitaveitukerfi

Ákvarðanir um framkvæmdir og endurbætur á hitaveitukerfi virðast almennt ekki hafa verið bornar undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til samþykktar. Ekki er að sjá að áætlanir um endurbætur eða fjárfestingar hafi verið kynntar sérstaklega við kaup einstakra veitna, heldur hafa þær verið bornar upp fyrir stjórn almennt sem hluti af starfsáætlunum fyrirtækisins. Í greinargerð með rekstrarúttekt var tekið fram að áætlanir um fjárfestingu í endurbótum eða nýjum mannvirkjum hafi í mörgum tilfellum verið

Helgi Þór Ingason: „Talandi nú um hvort þetta er einkafyrirtæki eða almannaþyrirtæki þá má minna á að það var pólitísk ákvörðun að hækka ekki gjaldskrár hér í fimm ár. Verðlag hafði þróast hér í 5 ár á meðan gjaldskrár Orkuveitunnar voru fastar, þannig að það var mjög einfalt að sýna fram á þessi vensl. Línuritin eru alveg sláandi.“

Ólöf S. Pálsdóttir: „Það er ákveðinn hluti í gjaldskrár fyrir raforkuverðið, sem eigandinn, eða stjórnin hefur ákvörðunarvald um, en aðrir hlutar fylgja gjaldskrárbreytingum hjá Landsvirkjun og Landsneti. Síðustu árin hélt verðið fyrir dreifihluta rafmagns í gjaldskrárinni ekki í við þróun verðlags. Þetta kemur mjög skýrt fram í rekstrarúttektarskýrslunni sem gerð var hjá OR árið 2010.“

„Neytendasamtökin hvetja Orkustofnun og Iðnaðarráðuneytið til að skoða rökstuðning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir hækku á orkugjöldum ítarlega áður en ný gjaldskrá verður staðfest. Samkvæmt raforkulögum ber Orkustofnun að hafa samráð við Samkeppniseftirlitið um eftirlit með starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækja og dreifiveitna eftir því sem við á. Neytendasamtökin vænta þess að stofnunin meti hvort 40% verðhækku á dreifingu hjá Orkuveitu Reykjavíkur sé lögmæt. Þá er mikilvægt að greina hvort vandræði Orkuveitunnar stafi af aukinni þjónustu við almenna viðskiptavinum eða af öðrum ástæðum. Kostnaður vegna offjárfestinga, ofhlaðinn rekstur og óbifanlegir samningar við stórkaupendur á ekki að lenda á neytendum einum.“
www.ns.is, frétt dags. 31. ágúst 2010.

Guðlaugur G. Sverrisson: „En ég bóka samt sjálfur á síðasta stjórnarfundi og ég bóka á aðalfundi félagsins, mína skoðun á því að auðvitað þyrfti að hækka þessa miðla, og allt sem er blíið að reikna þarna út, það er blíið að reikna arðsemi á alla miðla líka og það sést alveg hvað þarf að hækka. Það er blíið að reikna þetta allt saman, þetta liggur allt ljóst fyrir, það var blíið að ræða þetta. Og þá var komin þannig niðurstaða að menn voru alveg búnir að átta sig á því að það yrðu að koma til hækkanir hjá félaginu.“

162 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. ágúst 2010.

vanáætlaðar. Jaðarveiturnar voru keyptar í mismunandi ástandi og kom þar fram að áætlað væri að fjárfesta í framkvæmdum vegna þeirra í framtíðinni.

163

Í ársskýrslu 2002 var þó að finna almenna umfjöllun um væntanlega fjárfestingu vegna nýbyggingar hverfa á höfuðborgarsvæðinu. Þar kom fram að gert væri ráð fyrir:

Ólöf S. Pálsdóttir: „Að jafnaði erum við ekki að byrja að taka inn tekjur á þessum fjárfestingum fyrr en á kannski tveimur árum, eftir að lagnirnar eru lagðar og jafnvel á lengri tíma, eftir því hvað viðkomandi hverfi var lengi að byggjast upp. Við vitum alveg hvernig stáðan var í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu 2005, 2006 og 2007. Það var byggt, stækkað og breytt. Eftirspurnin eftir nýju húsnæði var svo mikil. Það var mikill framkvæmdahraði í uppbyggingu á dreifikerfum, á sama tíma og virkjaframkvæmdirnar voru í hámarki. Og af því OR var með þessi skylduverkefni, var ekki hægt annað en að reyna að verða við óskum sveitarfélaganna. En svo þegar hrúnið kemur 2008, bresta forsendur svo víða. Það liggja ennþá lagnir í jörðu í nýjum hverfum, sem Orkuveitan hefur litið sem ekkert verið að taka inn tekjur af ennþá.“

„... mikilli fólksfjölgun á veituvæði Orkuveitunnar á komandi árum. Nú þegar er búið að skipuleggja byggð fyrir 25.000 manns til næstu 10 ára. Stærstu íbúðarhverfin sem nú eru á undirbúningsstigi eru Norðlingaholtið við Rauðavatn, þar sem gert er ráð fyrir um ellefu hundruð íbúðum með um þrjú þúsund íbúum, og tvö ný íbúðarhverfi í Garðabæ; annað er í Arnarneslandi þar sem byggja á rúmar fjögur hundruð íbúðir og hitt er bryggjuhverfi við Arnarnesvog með um sjö hundruð og sextíu íbúðum. Einnig er gert ráð fyrir að reistar verði um þrjú þúsund íbúðir í suðurhlíðum Úlfarsfells á næstu árum og að hverfi fyrir um átta þúsund íbúa rísi á Garðaholti á sunnanverðu Álfanesi í náinni framtíð. Auk þessara hverfa má nefna Vállahverfin í Hafnarfirði og Vatnsendalandið í Kópavogi, Skuggahverfið, Gufuneslandið og Hamrahlíðarlöndin í Reykjavík. Ekki er óvarlegt að ætla, að fjölgun íbúa á veituvæði Orkuveitunnar muni nema um 50 þúsund manns á næstu 20 árum og fjárfesting í nýjum veitukerfum muni því nema um 10 milljörðum króna á þeim tíma.“¹⁶⁴

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. september 2007 var lagt fram erindi til stjórnar dags. 18. september 2007 þar sem óskað var eftir að Orkuveita Reykjavíkur sem eigandi 79,3% HAB myndi samþykkja lántöku að fjárhæð 500 millj.kr. vegna nauðsynlegra framkvæmda við byggingar dælustöðvar við Hest (80 millj.kr.) og endurnýjunar á 8,9 km O450 pípu og 1,34 km O300 pípu í aðveitu HAB (420-430 millj.kr.) og að undirbúa og kostnaðarmeta tengingu Kleppjárnsreykjahvers við aðveitu HAB, bæði dælustöð og aðveitulögn.

„Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu verða að fara vandlega yfir það hvernig staðið var að uppbyggingu nýrra hverfa á síðustu árum. Það var augljóslega alltof hratt farið og það er mikill samfélagslegur kostnaður sem hefur hlotist af þessum mikla hraða,“ segir Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur. Kostnaður Orkuveitunnar vegna uppbyggingar nýrra hverfa á höfuðborgarsvæðinu, sem nú standa auð, er að minnsta kosti á þriðja milljarð“ Morgunblaðið 16. mars 2009.

Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda frá ágúst 2010 er jafnframt gerð grein fyrir því að fjárfesting í uppbyggingu og viðhaldi veitukerfa tímabilið 2003-2009 hafi numið um 29,2 milljörðum króna, en almennt hafi Orkuveita Reykjavíkur fylgt framkvæmdaáætlunum sveitarfélaga í því sambandi. Á árabílinu 2003-2009 hafi sveitarfélögin gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu innan þeirra og var framboð lóða mjög mikið, sem aftur kallaði á mikla fjárfestingu í dreifikerfum í nýbyggingahverfum sem ekki er farið að nýta nema að litlu leyti. Þannig var gert ráð fyrir að fjárfesting Orkuveitu Reykjavíkur í nýbyggingahverfum sem ekki nýttist við gerð skýrslunnar næmi 3,8 milljörðum króna. Þá hafi fjárfesting í endurnýjun og viðhaldi einnig verið nauðsynlegur þáttur til að viðhalda þjónustustigi og rekstraröryggi veitukerfanna en því hafi ekki verið unnt að sinna, m.a. vegna kostnaðar af fjárfestingu í nýbyggingahverfum. Á árabílinu 2006 - 2009 fjárfesti Orkuveita Reykjavíkur fyrir rúmlega 4,7 milljarða kr. að meðaltali á ári í nýframkvæmdum í veitukerfum. Á sama tímabili var fjárfest fyrir rúmlega 1,5 milljarð króna á ári að meðaltali í endurnýjun kerfa en reiknuð endurnýjunarþörf væri yfir 3 milljarðar króna á ári. Með rétttri forgangs röðun gæti slík frestun gengið í takmarkaðan tíma en fyrr en síðar

163 Greinargerð með rekstrarúttekt. Reykjavík 14. ágúst 2010 Bls. 22.

164 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2002.

þyrfti fyrirtækið að bæta upp fyrir þá frestun til að komast hjá aukinni bilanatíðni sem gæti verið mjög kostnaðarsöm.¹⁶⁵

8.7 Ályktanir og niðurstöður

Að framan hefur verið fjallað um hitaveitu Orkuveitu Reykjavíkur. Heildartekjur Orkuveitunnar af hitaveitustarfsemi á tímabilinu hafa verið nokkuð stöðugar þrátt fyrir að hafa lækkað seinustu tvö árin og nema 58.900 millj.kr. samtals á öllu tímabilinu á meðalverðlagi ársins 2010. Vöxtur tekna á tímabilinu hefur numið 5% ef tekjur ársins 2003 eru fluttar á meðalverðlag ársins 2010. Nafnvöxtur tekna á tímabilinu nemur 68% sem er umfram hækkun verðlags á sama tíma sem nam 59%, en er töluvert undir aukningu fjárbindingar í varanlegum rekstrarfjármunum sem nam 109%. Af þessu er ljóst að töluvert vantar upp á að tekjur hafi fylgt fjárfestingum sem getur skýrst að hluta af því að nýframkvæmdir í nýjum hverfum eru í sumum tilvikum ekki farnar að skila neinum tekjum.

Heildarrekstrargjöld tengd hitaveitustarfsemi hafa verið nokkuð stöðug á tímabilinu en hafa lækkað nokkuð seinustu tvö árin eftir að aðhaldsaðgerðir hófust og nema samtals 46.402 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Rekstrargjöld í hlutfalli af tekjum hafa verið nokkuð stöðug og nema að meðaltali 78,9% af tekjum samanborið við 83,3% fyrir fyrirtækið í heild sinni. Rekstrargjöld ársins 2011 eru 5.093 millj.kr. samanborið við 4.938 millj.kr. árið 2010, og hafa því hækkað á milli ára.

Þar sem rekstrartekjur eru hærri en rekstrargjöld allt tímabilið er rekstrarafkoman að sama skapi jákvæð allt tímabilið sem sýnir fram á stöðugan og traustan rekstur miðilsins. Rekstrarafkoman samtals á tímabilinu nemur 12.498 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 sem þýðir að Orkuveitan hefur haft þá afkomu af miðlinum án tillits til fjármagnsliða og tekjuskatts.

Fjárfestingar á tímabilinu nema samtals 39.607 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og hafa þær skilað nokkuð stöðugri arðsemi, ef frá er talið árið 2003, og er arðsemin að meðaltali 5,3% á tímabilinu samanborið við meðalarðsemi fyrirtækisins í heild sem er 3%. Miðillinn hefur því skilað hærri arðsemi en meðaltal fyrirtækisins, en arðsemin er samt langt undir arðsemismarkmiði Orkuveitunnar í miðlinum sem er 7% og einnig dugar arðsemin ekki fyrir fjármagnskostnaði lána á tímabilinu sem hefur verið 7,83%, en gæti farið langt með að duga fyrir vegnum heildarfjármagnskostnaði fyrirtækisins þar sem úttektir eigenda hafa verið frá 2,4% til 3,8% af eigin fé. Gæta þarf varúðar við samanburð á arðsemi og fjármagnskostnaði og hafa þarf að í huga að stór hluti þess gengismunar sem færður hefur verið til gjalda er óinnleystur og getur snúist við að hluta af íslenska krónan styrkist aftur. Þá vakti það athygli úttektarnefndarinnar að bæði virðist ekki hafa verið horft til raunverulegs fjármagnskostnaðar og áhættutengdrar fjármögnunar í erlendri mynt við mat á fjárfestingum og einnig að svo virðist sem ekki hafi farið fram mat á arðseminni eftir á til að draga lærdóm af henni.

Af hálfu úttektarnefndarinnar þarf því að huga að því hvaða þýðingu það hafi til lengri tíma ef fjármagnskostnaður er hærri en sú arðsemi sem stefnt er að í rekstri miðilsins og þarf fyrirtækið að gera ráðstafanir til að geta reiknað arðsemina eftir á, en eins og að framan greinir eru áætlaðar miklar

165 Greinargerð með rekstrarúttekt, Reykjavík, 14. ágúst 2010. Bls. 24.

fjárfestingar í miðlinum. Á það sama við um alla miðla fyrirtækisins, þar sem arðsemin er lægri en fjármagnskostnaður.

Á upphafsárum Orkuveitu Reykjavíkur hóf fyrirtækið stórfelld uppkaup á jaðarveitum. Ekki hefur verið sýnt fram á að áætluð arðsemi þeirra við kaupin hafi gengið eftir. Auk þess hefur verið upplýst í viðtölum úttekta-arnefndarinnar að kaupverð einstakra veitna hafi ekki í öllum tilvikum tekið mið af fyrirbyggjandi arðsemisútreikningum. Þá er að finna svokallaðar aukaskyldur í sumum kaupsamninga Orkuveitunnar, svo sem um lagningu ljósleiðara, en upplýst hefur verið að til þeirra skyldna var ekki litið við útreikning á arðsemi veitnanna. Auk þess er að finna dæmi um að kaup hafi ekki verið borin undir stjórn. Þarfnast það sérstakrar skoðunar við að mati úttektaarnefndarinnar.

Í viðtölum úttektaarnefndarinnar hafa viðmælendur ítrekað verið inntir eftir því hvaða forsendur og hugmyndir hafi legið til grundvallar kaupunum á jaðarveitunum. Svo virðist sem ekki hafi legið fyrir heildstæð áætlun af hálfu stjórnenda fyrirtækisins eða hugmyndir um hvert skyldi verða starfssvæði fyrirtækisins. Svo sem fram hefur komið teygði Orkuveita Reykjavíkur starfssvæði sitt vestur og suður eftir landinu og tók um leið á hendur skyldur til að reka og að þjónusta hitaveitur á þessum svæðum. Í sumum samninganna var um það samið, að sama verð skyldi gilda fyrir þjónustuna og í Reykjavík, þótt slíkt gæti augljóslega ekki verið jafn hagkvæmt og ef hitaveitan væri rekin í þéttbýli. Um þetta var ekki mótuð raunveruleg stefna af hálfu stjórnar Orkuveitunnar, heldur sýnist þetta hafa verið niðurstaða samningaviðræðna hverju sinni við kaup einstakra veitna og þá kynnt stjórn fyrirtækisins sem hluta af heildarsamningum hverju sinni, hvort sem um var að ræða kaup á hitaveitu eða vatnsveitu. Þá hefur komið í ljós að kostnaður við endurbætur og nýjar lagnir hefur í sumum tilvikum verið mun hærri en áætlað var, og skeikar í sumum tilvikum hundruðum milljóna króna, svo sem í tilviki HAB.

Í viðtölum við úttektaarnefndina hafa fyrrverandi stjórnarmenn og stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur bent á að gjaldskrár fyrirtækisins hafi ekki verið hækkaðar til samræmis við þá þörf sem var til staðar í rekstri miðilsins. Hefur komið fram að skýringuna kunni að vera að finna í samsetningu stjórnar, sem hafi verið skipuð pólitískt kjörnum fulltrúum og að hækkanir á gjaldskrár fyrirtækisins hafi síst verið fallnar til pólitískra vinsælda. Verður ekki fram hjá því litið að gjaldskrá vegna heits vatns tók ekki breytingum frá 2005 til 2008, eins og rakið var hér að framan. Þá hefur einnig komið fram að haustið 2008 hafi stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur orðið við tilmælum stærsta eiganda fyrirtækisins, Reykjavíkurborgar, í kjölfar bankahrunsins og ekki hækkað gjaldskrár á því tímabili.

Þótt erfitt sé að setja rekstrarlegar ákvarðanir í samhengi við það pólitíska umrót sem varð haustið 2008, með tilheyrandi óvissu, þá bendir úttektaarnefndin á að ekki verði litið fram hjá því að samhliða fyrimælum um frýstingu gjaldskrár fyrirtækisins hafi eigendur um leið fengið greiddan arð frá fyrirtækinu. Fyrir því skortir hins vegar, að áliti úttektaarnefndarinnar, rekstrarlegar forsendur þótt hinar pólitísku og um leið samfélagslegu forsendur kunni að vera til staðar. Á það er þó bent hér að frýsting gjaldskráa fyrirtækisins náði ekki einungis til notenda á Reykjavíkursvæðinu, heldur náðu þau til allra svæða Orkuveitunnar sem samkvæmt því sem rakið hefur verið náði bæði um Suðurland og Vesturland. Hið sama á við gjaldskrá vegna rafmagnsveitu.

Auk þess bendir úttektaarnefndin á að samningur sem undirritaður var af hálfu forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur milli Orkuveitu Reykjavíkur, Innri

Akraneshrepps og fyrirtækisins Stafna á milli ehf. um uppbyggingu og rekstur fráveitu, gagnaveitu, hitaveitu og vatnsveitu í landi Kross í Innri Akraneshreppi, sem fjallað var um hér að framan virðist ekki hafa verið borinn undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til samþykktar.

Að lokum er á það bent að Orkuveita Reykjavíkur hefur enn ekki sett sérleyfisstarfsemi sinni á sviði hitaveitu sérstaka stjórn. Önnur fyrirtæki sem starfa á svipuðu sviði hafa þó framkvæmt þennan aðskilnað, að mestu leyti, og sett sérstaka stjórn yfir hitaveitustarfsemi sína. Að mati úttektarnefndarinnar þarfnast þetta einnig sérstakrar skoðunar við, m.a. vegna eftirlitshlutverks opinberra aðila. Hið sama gildir jafnframt um samkeppnisstarfsemi á sviði raforku.

9. Vatnsveita

9.1 Almennt

Vatnsveita tók til starfa í Reykjavík þann 16. júní árið 1909.¹⁶⁶ Orkuveita Reykjavíkur er umfangsmikil í sölu á köldu vatni, og selur vatn til rúmlega 82% íbúa höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur ber skyldur Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Álftaness, Borgarbyggðar vegna Borgarness og Bifrastar, Stykkishólms og Grundarfjarðar, auk Hvanneyri, Kleppjárnsreykja og Reykhólts (áður Borgarfjarðarsveit), til að starfrækja vatnsveitur í sveitarfélögunum og hefur yfirtekið þá samninga sem framangreind sveitarfélög höfðu gert um vatnssölu til annarra sveitarfélaga. Hins vegar tók Borgarbyggð aftur við rekstri vatnsveitunnar í Bæjarsveit árið 2011. Auk þess selur Orkuveita Reykjavíkur kalt vatn í heildsölu til Sel-tjarnarness og Mosfellsbæjar. Þá sér Orkuveita Reykjavíkur um kaldavatnsdreifingu í Úthlíð og þjónar Varmalandi og ýmsum sumarhúshverfum milli Bifrastar og Borgarness, oftast í heildsölu. Vatnsból vatnsveitunnar eru í Heiðmörk, á Kjalarnesi, við Akrafjall, í Grábrókarhrauni, í Svelgsárhrauni fyrir Stykkishólm auk vatnsveitu Grundarfjarðar.

Um vatnsveitur gilda lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, en á grundvelli laganna hefur verið gefin út reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 með síðari breytingum. Í 1. gr. laganna er annars vegar mælt fyrir um skyldu sveitarfélaga til þess að starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er. Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að starfrækja vatnsveitu í dreifbýli og leggja í framkvæmdir við gerð hennar enda sýni rannsóknir og kostnaðaráætlanir að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana. Rekstur vatnsveitu er ekki tekjuskattskyldur.

Samkvæmt 2. gr. laganna fer sveitarstjórn með stjórn vatnsveitu í sveitarfélaginu nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið, en með stjórn í þessu tilliti er átt við þann aðila sem ber ábyrgð á daglegri stjórn vatnsveitunnar, hvort sem um er að ræða sveitarstjórn, sérstaka stjórn vatnsveitu sem skipuð er eða annan þann aðila sem fer með málefni vatnsveitu. Ber sveitarstjórn skylda til að fylgjast reglubundið með því að þjónusta vatnsveitu við íbúa sé í samræmi við það sem lög eða samningar kveða á um. Í 3. gr. laganna er að auki gert ráð fyrir því að sveitarstjórnnum sé heimilt að leggja og reka sameiginlega vatnsveitu, en samkvæmt 4. gr. hefur sveitarfélag einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns sem hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins. Í 1. mgr. 4. gr. laganna er að auki mælt fyrir um heimild sveitarstjórnar til að fela stofnun eða félagi, sem að meirihluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt lögnum.

9.2 Fjárhagslegt yfirlit

Hér á eftir er fjárhagslegt yfirlit yfir starfsemi Orkuveitunnar sem er skilgreint sem kalt vatn í reikningsskilum fyrirtækisins. Ekki eru tiltækar upplýsingar vegna ársins 2002 og ekki heldur sundurgreining á samstæðureikningi fyrirtækisins fyrir allt tímabilið sem er til skoðunar. Meirihluti starfseminnar er í móðurfélaginu sjálfu og upplýsingarnar því ekki verulega frábrugðnar því sem út kæmi ef samstæðan í heild sinni væri sundurgreind.

1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 32/2004 „Í þéttbýli skulu sveitarfélög starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er, nema í þeim tilvikum sem um ræðir í 3. mgr. þessarar greinar og í 4. gr.


Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að starfrækja vatnsveitu, sbr. 1. mgr., og leggja í framkvæmdir við gerð hennar enda sýni rannsóknir og kostnaðaráætlanir að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana.“

1. mgr. 4. gr. laga nr. 32/2004 „Sveitarfélag hefur einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns sem hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins, sbr. þó ákvæði 3. og 4. mgr. 1. gr. Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt þessum lögum.“

166 Orkuveita Reykjavíkur sf: Vatnsveita. Ódagsett. <http://www.or.is/UmOR/Veiturogveitusvaedi/Vatnsveita/>


Vatnsveita									
	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Samtals
Rekstrartekjur	2.191	2.297	2.372	2.421	2.809	2.591	2.778	2.757	20.216
Rekstrargjöld	1.011	1.088	764	915	1.217	1.129	837	811	7.772
EBITDA	1.180	1.209	1.607	1.506	1.592	1.463	1.942	1.946	12.444
Afskriftir	672	662	638	623	658	631	509	463	4.856
Rekstrarafkoma (EBIT).....	508	547	970	883	934	832	1.432	1.483	7.589

Eins og kemur betur fram í umfjölluninni hér á eftir var sala og dreifing á köldu vatni þegar á starfssviði fyrirtækisins þegar það var stofnað. Kalt vatn er þriðja stærsta svið Orkuveitunnar og nema tekjur þess 10% af heildartekjum fyrirtækisins.




Á myndinni hér að ofan er samanburður á tekjum af köldu vatni í milljónum króna. Samtals yfir tímabilið nema tekjurnar 15.815 millj.kr., en 20.216 millj.kr. séu tekjur hvers árs færðar til meðalverðlags ársins 2010. Tekjur ársins 2003 á meðalverðlagi ársins 2010 nema 2.191 millj.kr. og vaxa nokkuð stöðugt og rólega fram til ársins 2007 þegar þær hækka úr 2.421 millj.kr. á árinu 2006 í 2.809 millj.kr. á árinu 2007. Á árinu 2008 lækka tekjurnar í 2.591 millj.kr. en hækka síðan aftur á árinu 2009 í 2.778 millj.kr. og árið 2010 í 2.757 millj. kr. Tekjur ársins 2010 eru 26% hærri en tekjur ársins 2003. Í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2011 kemur fram að tekjur af köldu vatni nema rúmum 2.860 millj.kr. og hafa því vaxið á milli árunna 2010 og 2011.


Samanburður á tekjum við aukningu í fjárfestingum og neysluverðsvísitölu



Á myndinni hér að ofan má sjá samanburð á vexti í tekjum annars vegar við almennar verðlagsbreytingar sem mældar eru með vísitölu neysluverðs og hins vegar við aukningu í fjárbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum frá árinu 2003 til 2010. Ástæðan fyrir þessum samanburði er sú að með nokkurri einföldun mátti ætla að tekjur þyrftu að vaxa í takt við almennar verðlagsbreytingar m.v. óbreyttar eignir en að vöxturinn ætti að aukast hraðar ef viðbótarfjárfestingum er bætt við. Fram til ársins 2006 er vöxturinn svipaður í öllum þáttunum. Eftir þann tíma aukast tekjur og fjárbinding meira en nemur hækkun á neysluverðsvísitölu. Á árinu 2010 hefur hækkun neysluverðsvísitölu og fjárbindingu verið lægri en hækkun tekna. Aukning í fjárbindingu á tímabilinu nemur 64%, hækkun á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 59% og aukning í tekjum nemur 100%. Hafa ber í huga við samanburðinn að eignirnar hafa hlotið endurmat á grundvelli hækkunar endurstofnverðs og síðan er yfirfarið með virðisrýrnunarprófi hvort eignirnar standi undir væntri afkomu fjárbindingarinnar eins og farið var yfir í kaflanum um fjárhagslegt yfirlit.




Á myndinni hér að ofan er samanburður á rekstrargjöldum (að meðtöldum afskriftum) vegna kalda vatnsins í millj.kr. Rekstrargjöldin samtals yfir tímabilið nema 9.639 millj.kr. en 12.627 millj.kr. séu gjöld hvers árs færð til meðalverðlags ársins 2010. Rekstrargjöld ársins 2003 á meðalverðlagi ársins 2010 nema 1.683 millj.kr. Rekstrargjöldin eru svipuð árið 2004 og lækka svo í 1.402 millj.kr. á árinu 2005. Rekstrargjöldin hækka síðan í 1.538 millj.kr. 2006 og síðan enn frekar í 1.875 millj.kr. 2007. Gjöldin lækka síðan í 1.759 millj.kr. árið 2008 og síðan enn frekar næstu tvö ár þar á eftir og nema 1.274 millj.kr. á árinu 2010. Rekstrargjöld ársins 2010 eru 24% lægri en rekstrargjöld ársins 2003.



Á myndinni hér að ofan eru rekstrargjöld borin saman við rekstrartekjur og eru allar fjárhæðir á meðalverðlagi ársins 2010. Rekstrartekjurnar eru


hærri en rekstrargjöldin allt tímabilið sem er til skoðunar. Á árinu 2003 er hlutfall rekstrargjalda 76,8%, lækkar svo í 76,2% á árinu 2004 og lækkar síðan enn frekar í 59,1% á árinu 2005. Á árinu 2006 hækkar hlutfallið síðan aftur og er 63,5% það ár. Hlutfallið næstu tvö ár á eftir er ekki verulega frábrugðið en fellur síðan árin 2009 og 2010 í 48,4% og 46,2%. Meðalhluftfall rekstrargjalda af rekstrartekjum á tímabilinu er 63,1% samanborið við 83,3% fyrir fyrirtækið í heild sinni. Hlutfall rekstrarkostnaðar í köldu vatni er því lægra en meðaltal fyrirtækisins alls.

Afskrift sem hlutfall af rekstrartekjum




Á myndinni hér að ofan er samanburður á afskriftum varanlegra rekstrarfjármuna og tekjum, báðar stærðir eru á meðalverðlagi ársins 2010. Hlutfall afskrifta af tekjum er vísbending um þróun þess sem fjárbinding fyrirtækisins í varanlegum rekstrarfjármunum skilar því í tekjur. Eins og sjá má hefur hlutfall afskrifta farið lækkandi á tímabilinu og hefur lækkað frá því að vera 30,7% árið 2003 niður í 16,8% á árinu 2010.


Rekstrarafkoma




Rekstrarafkoma er afkoma miðilsins án fjármögnunarkostnaðar og tekjuskatts. Eins og fram kom hér að ofan eru rekstrartekjur hærri en rekstrargjöld öll árin sem eru til skoðunar og því er rekstrarafkoman jákvæð allt tímabilið. Rekstrarhagnaður samtals fyrir árin 2003 til 2010 nemur 7.589 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Rekstrarhagnaðurinn er 508 millj.kr. á árinu 2003, lítið hærri á árinu 2004 eða 547 millj.kr. en tekur síðan stökk í 970 millj.kr. á árinu 2005. Rekstrarhagnaður fyrir næstu þrjú ár á eftir er á bilinu 832 millj.kr. til 934 millj.kr. en er síðan verulega hærri seinustu tvö árin eða 1.432 millj.kr. árið 2009 og 1.483 millj.kr. árið 2010. Meðalhluftfall rekstrarafkomu af tekjum á tímabilinu er 37% samanborið 16,7% fyrir Orkuveituna í heild sinni.



Á myndinni að ofan má sjá fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum tengdum vatnsveitu á tímabilinu 2002 – 2010. Fjárhæðir eru bæði á verðlagi hvers árs og árslokaverðlagi 2010. Fjárfestingar á tímabilinu nema samtals 7.216 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010. Fjárfestingar á árunum 2002 og 2003 eru um 700 millj.kr. á verðlagi ársins 2010. Árið 2004 er fjárfestingin mest á tímabilinu og nemur það ár 1.430 millj.kr. og fer síðan lækkandi ár frá ári til ársins 2008 þegar fjárfesting nemur 868 millj.kr. Á árunum 2009 og 2010 nema fjárfestingar 311 millj.kr. og 248 millj.kr.




Á myndinni hér að ofan má sjá fjárbindingu fyrirtækisins í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindir eru undir vatnsveitu. Fjárbinding er það sama og bókfært verð eða fjárfestingar að frádregnum afskriftum og að viðbættu endurmati. Hafa þarf í huga við skoðun á myndinni að endurmat hefur numið verulegum fjárhæðum eins og kom fram í fjárhagslega yfirlitinu hér að framan. Eins og kom fram í yfirlitskaflanum um miðla Orkuveitunnar fyrr í skýrslunni hefur fjárbinding vegna vatnsveitunnar verið að meðaltali 11,4% af heildarfjárbindingu Orkuveitunnar á tímabilinu sem er til skoðunar. Fjárbindingin í árslok 2002 nam 10.198 millj.kr. á verðlagi þess árs sem er 16.647 millj.kr. á verðlagi ársins 2010 og hefur hækkað í 17.177 millj.kr. á árinu 2010 sem er 3,2% aukning til samanburðar við 26% aukningu tekna á tímabilinu.



Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi þess fjármagns sem bundið er í vatnsveitu árin 2003 til 2010. Útreikningur á arðseminni byggir á rekstrarafkomu og meðal fjárbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindar eru sem eignir til vatnsveitustarfsemi. Á árunum 2003 til 2004 er arðsemin 4,9% og 5%. Arðsemin hækkar síðan á árinu 2005 í 8,6% en lækkar síðan smám saman fram til ársins 2008 þegar hún er 5,2%. Eftir það hækkar arðsemin aftur og er 8,6% á árinu 2010. Meðalarðsemi tímabilsins er 6,8% samanborið við meðalarðsemi fyrirtækisins í heild sinni sem er 2,3%. Til samanburðar kemur fram í áfangaskýrslu H.F. Verðbréfa og Orkuveitunnar dags. 28. janúar 2011 að markmið í arðsemi vatnsveitu sé 5%.¹⁶⁷

Skuldum fyrirtækisins og þar með fjármagnskostnaði vegna þeirra er ekki skipt niður á miðla og því er ekki hægt að fá upplýsingar um endanlega arðsemi miðilsins, en eins og áður hefur komið fram hefur hlutfallslegur kostnaður við lánsfé á tímabilinu numið 7,83% á þá eftir að taka tillit til kostnaðar við eigið fé sem eru úttektir eigenda. Taka þarf tillit til þess að kostnaður við lánsfé inniheldur óinnleyst gengistap vegna lána sem getur að einhverju leyti gengið til baka verði styrking á íslensku krónunni.¹⁶⁸



Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi þess fjármagns sem bundið er í vatnsveitu fyrir árin 2003 til 2010 þar sem leiðrétt hefur verið fyrir endurmati varanlegra rekstrarfjármuna frá árinu 2007. Útreikningur á arðseminni byggir á rekstrarafkomu að viðbættum afskriftum af endurmati og meðal fjárbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindar eru sem eignir til vatnsveitustarfsemi að frádregnu bókfærðu verði endurmats. Endurmatið hófst ekki að ráði fyrir en á árinu 2006 en ekki reyndist unnt að draga fram afskrift endurmats það ár, þannig að leiðréttingin hefur fyrst

167 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa. Reykjavík, 28. janúar 2011. Bls. 12.

168 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa. Reykjavík, 28. janúar 2011. Bls. 12.

áhrif á árinu 2007. Á árinu 2007 er þannig reiknuð arðsemi 9,1%, sem lækkar í 8,3% á árinu 2008 og hækkar síðan næstu tvö ár þar á eftir í 14,3% árið 2009 og 14,9% árið 2010. Meðalarðsemi tímabilsins eftir leiðréttingu vegna endurmats er 9,1% samanborið við meðalarðsemi fyrirtækisins í heild sinni sem er 3%.

9.3 Samningar um kaup á vatnsveitum

Veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur nær til stórs hóps notenda eins og rakið var að framan. Köldu vatni er dreift í gegnum dreifikerfi veitunnar til notenda í Reykjavík, en veitan selur þar að auki kalt vatn í heildsölu til notenda á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ. Frá því að Orkuveita Reykjavíkur tók til starfa þann 1. janúar 2002 hefur fyrirtækið keypt og/eða yfirtekið nokkrar vatnsveitur sveitarfélaga sem og einkaaðila, og verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim. Til viðbótar má geta þess að með viljayfirlýsingu milli Orkuveitu Reykjavíkur og sveitarfélagsins Bláskógabyggðar dags. 23. júlí 2003 sem lögð var fram og samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 12. ágúst 2003 var samið um að aðilar myndu eftir föngum vinna sameiginlega að því að byggja upp hita- og vatnsveitu á svæðinu, auk þess sem stefnt yrði að því að bjóða notendum á svæðinu upp á hagstætt verð á heitu og köldu vatni og rafmagni. Þá var á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. október 2004 lagður fram og samþykktur samningur dags. 1. október 2004 um leigu á landspildu úr jörðinni Hreðavatn til vatnsöflunar.

Þær vatnsveitur sem Orkuveitan hefur keypt eða yfirtekið eru tilgreindar í eftirfarandi yfirliti þar sem gerð er grein fyrir kaupverði og fjárfestingu eftir kaup, auk þess sem summan af því tvennu er færð yfir á árslokaverðlag ársins 2010. Þann fyrirvara verður að gera við upplýsingarnar að neðan að þær ná eingöngu fram til ársins 2009.

Veita	Kaupár	Kaupverð	Fjárfesting	Samtals á verðlagi 2010
1. Vatnsveita Borgarbyggðar ¹⁶⁸	2003	25	390	624
2. Vatnsveita Bifastar	2003	Hluti af Vatnsveitu Borgarbyggðar		
3. Dreifikerfi Úthlíðar, Biskupstungum	2004	4,5	38	58
4. Vatnsveita Álftaness	2004	125	109	348
5. Vatnsveita Stykkishólms ¹⁶⁹	2005	412	338	1.110
6. Vatnsveita Grundarfj. ásamt uppbyggingu hitaveitu	2005	42	234	371
7. Vatnsveita í land Kross Akraneshreppi	2006			
8. Vatnsveita Borgarfjarðar	2006	0	76	87
9. Vatnsveitufélag Borgarhrepps	2006	0	0	0

9.4 Nánari umfjöllun um kaup einstakra veitna

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur virðist ekki hafa markað sér almenna stefnu í kaupum á jaðarveitum eða tekið almenna ákvörðun um aukna fjárfestingu í veitum, fyrr en á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 6. október 2006 þar sem tekin var ákvörðun um frekari sókn Orkuveitu Reykjavíkur á þessu sviði, svo sem rakið var hér að framan í umfjöllun um hitaveitu. Á þeim tíma höfðu öll þau kaup veitna sem að framan greinir átt

168 Til viðbótar voru skuldir veitunnar yfirteknar.

170 Sameiginlegt kaupverð hita- og vatnsveitu Stykkishólms, en einnig voru yfirteknar skuldir veitunnar. Í kaupsamningi voru þær talda vera 362 millj.kr.

Ólöf S. Pálsdóttir: „Það var með-
vituð ákvörðun fyrstu árin að kaupa það sem við
köllum jaðarveitur. Ein hugsunin þar var að auka
þjónustuna við notendur á höfuðborgarsvæðinu sem
væru kannski með sumarhús í nálægum sveita-
félögum, og geta sinnt þeim alla leið. Einnig var
hugsunin að reyna að nýta betur bæði mannskap-
inn og þekkinguna innan OR til að hagkvæmari
rekstur yrði á þessum veitum. Margar af þessum
jaðarveitum voru óskaplega fátæklega gerðar. Það
var að jafnaði í kjölfar beiðna eða fyrirspruna frá
viðkomandi veitum sem kannað var hvort rekstur
þeirra félli að rekstri OR, því fyrirtækið sóttist ekki
eftir þeim að fyrra bragði. Várðandi hverja jaðarveitu
fyrir sig þá var ákveðin deild, ákveðnir aðilar, sem
könnuðu hagkvæmnina og lögðu fyrir yfirstjórn.
Þetta var auðvitað allt gert í samráði við stjórnina
og með endanlegu samþykki hennar.“

sér stað og einu kaup vatnsveitu sem átti sér stað eftir bókun stjórnarinnar, var yfirtaka á rekstri vatnsveitu Vatnsveitufélags Borgarhrepps þann 4. desember 2006.

Ástæða er því til að kanna hvernig framangreindir samningar voru kynntir í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og hvaða gögn voru lögð fyrir stjórn fyrirtækisins í tengslum við ákvörðun um kaupin, svo sem gögn um arðsemi einstakra veitna. Verður hér á eftir gerð grein fyrir því hvernig fjallað var um umrædda samninga á fundum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, en í tengslum við hverja og eina veitu verður að auki dregið fram það sem skiptir máli varðandi viðkomandi samning.

9.4.1 Kaup á vatnsveitu Borgarbyggðar 24. júlí 2003

Samningur um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á vatnsveitu sveitarfélagsins Borgarbyggðar frá 24. júlí 2003 var lagður fram og samþykktur á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 12. ágúst 2003. Með samningnum yfirtók Orkuveita Reykjavíkur vatnsveitu Borgarbyggðar og tók jafnframt að sér rekstur veitunnar og fór með einkarétt sveitarfélagsins til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði sem vatnsveitan náði til og hún gat fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins. Yfirtakan var miðuð við 1. janúar 2004 og átti Orkuveita Reykjavíkur að sjá um lagningu allra vatnsæða frá þeim tíma og að annast viðhald þeirra, sem og að annast öll málefni vatnsveitunnar þar á meðal gjaldskrármál. Með samningnum fylgdi yfirlit yfir dreifikerfi vatnsveitunnar og önnur mannvirki í eigu hennar.

Var tekið fram í samningnum að Orkuveita Reykjavíkur hefði tekið að sér að byggja upp vatnsveitu frá Grábrókarhrauni í Borgarfirði og að leggja aðveituað til Borgarness, en að Borgarbyggð myndi leggja til vatnsveitu sveitarfélagsins sem framlag sitt til uppbyggingarinnar. Lofaði Orkuveita Reykjavíkur jafnframt til þess að hefja undirbúning að lögnum nýrrar aðveitu fyrir vatnsveitu í Borgarnesi frá Grábrókarhrauni. Þann 1. október 2004 gerði Orkuveita Reykjavíkur einnig leigusamning við Hreðavatn ehf. þar sem Orkuveita Reykjavíkur tók á leigu spildu til 99 ára úr landi Hreðavatns í Borgarbyggð til vinnslu á köldu neysluvatni úr Grábrókarhrauni ásamt rétti til vatnsöflunar. Árleg leigufjárhæð var 480 þús.kr. miðuð við byggingarvísitölu 302,1 stig.

Kaupverðið var 25 millj.kr. og var þá miðuð við að eignir sem og skuldir vatnsveitunnar flyttust yfir til Orkuveitu Reykjavíkur. Var um það samið að vatnsgjald í Borgarbyggð myndi miðast við flatarmál fasteigna í stað fasteignamats, og var samið um fast gjald á hverja matseiningu 2.637 kr. og breytilegt gjald á hvern fermetra 102 kr. Tók sveitarfélagið að sér að innheimta vatnsgjaldið samhliða innheimtu fasteignagjalda, og skyldi Orkuveita Reykjavíkur greiða sveitarfélaginu árlega innheimtuþóknun vegna innheimtu vatnsgjaldsins. Samningurinn var ótímabundinn og ekki uppsegjanlegur fyrr en í fyrsta lagi árið 2025, og þá með fjögurra ára fyrirvara, nema með samþykki beggja aðila samingsins. Ákvæði Orkuveita Reykjavíkur síðar að selja vatnsveituna sem sérstaka rekstrareiningu, ætti sveitarfélagið að njóta innlausnarréttar að vatnsveitunni.

Svo virðist sem nokkur umræða hafi orðið á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 12. ágúst 2003 þegar samningur um kaup vatnsveitu Borgarbyggðar var ræddur. Af því tilefni lagði forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur fram minnisblað til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 12. september 2003 og vísaði þar til þess að á stjórnarfundum þann 12. ágúst 2003 hafi verið óskað eftir upplýsingum um hvernig staðið væri að mati á nýjum fjárfest-

ingarkostum í veiturekstri. Af því tilefni lagði hann fram drög að verklagsreglum „VRF-600, unnið úr fjárfestingarkostum“, auk minnisblaðs Jakobs Sigurðar Friðrikssonar verkefnisstjóra. Var stjórnarmönnum að auki boðið að fá ítarlegri upplýsingar ef þeir óskuðu þess. Í framangreindu minnisblaði Jakobs Sigurðar Friðrikssonar, kom fram að við mat á fjárfestingu við kaup á vatnsveitu Borgarness hafi verið miðað við framangreindar verklagsreglur „VRF-600“ og hefði ávöxtunarkrafa verið metin út frá „meðalávöxtun skulda, arðsemi eigin fjár og þeirri áhættu“ sem fólgin var í verkefninu. Um vatnsveitu Borgarness tók hann fram:

„Miðað var við sjóðstreymi til 40 ára og samkomulag varð um ávöxtunarkröfu 8,2%. Núvirði sjóðstreymisins var 25 milljónir, sem varð sú upphæð sem greitt var fyrir vatnsveituna. Tekjur voru metnar í takt við byggðapróun síðustu ára í Borgarnesi ásamt því að meta mögulega sölu úr nýju aðveitunni milli Grábrókarhrauns og Borgarness. Talsverðir erfiðleikar eru á vatnsöflun á svæðinu og því var gert ráð fyrir drjúgri þátttöku fristundabyggða og býla meðfram aðveitunni að minnsta kosti þegar fram í sækir. Verðskrá veitunnar framan af var u.þ.b. 35-40% hærri en annars staðar á veitusvæði OR en ákvæði eru í samningum um endurskoðun verðskrár á þriggja ára fresti í takt við raunfjárfestingu, tekjur og gjöld. Gjöld voru áætluð út frá núverandi gjöldum vatnsveitunnar og auknum dæluþekktum og rekstrarkostnaði vegna nýrrar aðveitu. Fjárfestingin var aðallega ný aðveita ásamt vatnsöflunarmannvirkjum, að auki er gert ráð fyrir talsverðum endurbótum á vatnsveitunni til að koma megi henni undir gæða- og öryggiskerfi OR. Reiknað var með 250 milljón króna fjárfestingu í nýrri aðveitu“¹⁷¹

9.4.2 Yfirtaka vatnsveitu Bifrastar 30. september 2003

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 21. október 2003 var lagður fram og samþykktur samningur um yfirtöku og rekstur Orkuveitu Reykjavíkur á vatnsveitu á Bifröst dags. 30. september 2003. Með samningnum yfirtók Orkuveita Reykjavíkur vatnsveituna á Bifröst, allar eignir hennar og skyldur og í því fólst einkaréttur til vatnsleitar, vatnsrannsóknna, öflunar, vinnslu og dreifingar vatns í eignarlandi Borgarbyggðar og Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Frá og með 1. janúar 2004 var gert ráð fyrir því að vatnsveitan á Bifröst yrði eign Orkuveitu Reykjavíkur og að frá þeim tíma myndi Orkuveitan sjá um lagningu allra vatnsæða vatnsveitunnar og að annast um viðhald þeirra. Var svo um samið að sama gjaldskrá myndi gilda á Bifröst og í Borgarnesi, en að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur myndi frá og með 1. janúar 2004 annast öll málefni vatnsveitunnar þar á meðal gjaldskrármál. Að auki var um það samið að Orkuveita Reykjavíkur myndi hefja undirbúning framkvæmdar við lögn nýrrar aðveitu eða endurnýjunar núverandi aðveitu fyrir vatnsveitu í Bifröst, en endanleg ákvörðun um hvor kosturinn yrði fyrir valinu yrði tekin þegar fyrir lægi hvar ný aðveita fyrir Borgarnes yrði staðsett.

Með samningnum eignaðist Orkuveita Reykjavíkur framlag Viðskiptaháskólans á Bifröst og Borgarbyggðar til uppbyggingar vatnsveitu á Bifröst. Myndi Orkuveita Reykjavíkur framvegis annast rekstur veitunnar með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir og fram komu í þágildandi lögum nr. 81/1991 um vatnsveitur sveitarfélaga með síðari breytingum.

171 Ódagsett minnisblað Jakobs Sigurðar Friðrikssonar sem fylgdi minnisblaði Ásgeirs Margeirssonar til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 12. september 2003.

Sérstaklega var tekið fram að í samningnum fælust skuldbindingar um fjárfestingar í uppbyggingu á nýrri vatnsöflun og aðveitu fyrir Bifrastarsvæðið og í ljósi þeirra skuldbindinga myndi ný verðskrá taka gildi og vatnsgjöld í Bifröst miðast við flatarmál fasteigna í stað fasteignamats, og var samið um að fast gjald á hverja matseiningu yrði 3.000 kr. og breytilegt gjald á hvern fermetra yrði 133 kr., en aukavatnsgjald yrði 18,75 kr. á hvern rúmmetra vatns.

Samningurinn var óuppsegjanlegur, nema með samþykki allra aðila samningsins, en ákvæði Orkuveita Reykjavíkur síðar að selja vatnsveituna á Bifröst sem sérstaka rekstrareiningu, var sveitarstjórn Borgarbyggðar og Viðskiptaháskólanum á Bifröst áskilinn forkaupsréttur að henni. Að auki fylgdi samningnum yfirlit yfir þær eignir sem fylgdu vatnsveitunni.

9.4.3 Kaup á dreifikerfi Úthlíðar, Biskupstungum 10. maí 2004

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur 24. ágúst 2004 var lagður fram og samþykktur kaupsamningur milli Geirs Goða ehf. og Orkuveitu Reykjavíkur dags. 10. maí 2004 um kaup Orkuveitunnar á Úthlíðarkaldavatnsveitu. Með samningnum var keypt 4“ stofnlögn, allar lagnir, dælur og miðunartankar í landi Úthlíðar og að auki samningar um sölu á köldu vatni til um það bil 120 sumarhúsa í landi Úthlíðar. Undanskilin var þó einkaveita vegna kalds vatns til fasteigna í eigu einstaklinga og fyrirtækja „Úthlíðarfjölskyldunnar“, en sala á vatni til þriðja aðila var seljanda óheimil eftir samningsgerðina. Var yfirtaka eigna miðuð við 1. maí 2004 og lá fyrir yfirlýsing sveitarfélagsins Bláskógabyggðar vegna réttinda veitunnar til kalda vatnsbóls og lagna úr Bjarnarfelli að Austurhlíð. Gert var ráð fyrir því að hann hefði kynnt sér þá samningskilmála sem giltu gagnvart notendum veitunnar og yfirtók þá með þeim kjörum sem þeir höfðu að geyma.

Sérstaklega var tekið fram að um væri að ræða kaldavatnsveitu sem stofnsett var að grunni 1989 og að búnaður hennar kynni að vera í misjöfnu ástandi og tók seljandi ekki ábyrgð á því að ástand, magn og notagildi væri fullnægjandi og var kaupverð veitunnar ákveðið með tilliti til þess. Kaupverðið var 4,5 millj.kr. og greiddist við afhendingu veitunnar. Við kaupin lá frammi veðbókarvottorð fyrir jarðirnar Úthlíð I og II í Biskupstungum, „riss“ af lagnakerfi Úthlíðarkaldavatnsveitu ásamt lista yfir notendur.

9.4.4 Vatnsveita Álftaness 8. nóvember 2004

Samningur um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á vatnsveitu sveitarfélagsins Álftaness frá nóvember 2004 var lagður fram og samþykktur á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 17. nóvember 2004. Með samningnum yfirtók Orkuveita Reykjavíkur vatnsveitu Álftaness og tók jafnframt að sér rekstur veitunnar og fór með einkarétt sveitarfélagsins til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði sem vatnsveitan náði til og hún gat fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins. Yfirtaka var miðuð við 1. janúar 2005 og frá þeim tíma myndi Orkuveita Reykjavíkur sjá um lagningu allra vatnsæða og annast viðhald þeirra, sem og að annast öll málefni vatnsveitunnar þar á meðal gjaldskrármál.

Kaupverðið var ákveðið 125 millj.kr. og var þá miðað við að skuldir vegna vatnsveitunnar yrðu eftir hjá sveitarfélaginu. Var um það samið að vatnsgjald í Álftanesi myndi miðast við flatarmál fasteigna í stað fasteignamats. Fast gjald á hverja matseiningu yrði 2.637 kr. og breytilegt gjald á hvern fermetra 102 kr. Tók sveitarfélagið að sér að innheimta vatnsgjaldið sam-

hliða innheimtu fasteignagjalda og skyldi Orkuveita Reykjavíkur greiða sveitarfélaginu árlega innheimtuþóknun vegna innheimtu vatnsgjaldsins.

Samningurinn var ótímabundinn og ekki uppsegjanlegur fyrr en í fyrsta lagi árið 2025, og þá með fjögurra ára fyrirvara, nema með samþykki beggja aðila samingsins. Ákvæði Orkuveita Reykjavíkur síðar að selja vatnsveitu Álftaness sem sérstaka rekstrareiningu, ætti sveitarfélagið Álftanes að njóta innlausréttar að vatnsveitunni. Með samningnum fylgdi yfirlit VSÓ ráðgjafar um eignir vatnsveitu Álftaness.

9.4.5 Samningur um uppbyggingu og rekstur vatnsveitu í Stykkishólmi (með hitaveitu) 22. júlí 2005

Í ódagsettu minnisblaði hönnunardeildar Orkuveitu Reykjavíkur frá árinu 2005 er fjallað um hugsanleg kaup á Stykkishólmsveitu. Þar kemur fram að bæjarstjórn Stykkishólms hafi komið að máli við Orkuveitu Reykjavíkur og kannað vilja Orkuveitu Reykjavíkur til að taka yfir rekstur hita- og vatnsveitu bæjarins í byrjun árs 2005. Kom fram í minnisblaðinu að:

„Í framhaldi af því fór fram hagkvæmnisathugun á rekstri veitnanna tveggja. Niðurstaða þeirrar athugunar gefur núvirðið (NPV) 300 milljónir króna miðað við 10% arðsemiskröfu.“¹⁷²

Samningur um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á vatns- og hitaveitu Stykkishólms dagsettur 22. júlí 2005 var lagður fram á fundi Orkuveitu Reykjavíkur þann 17. ágúst 2005 og samþykktur á þeim fundi. Í samningnum kemur fram að Orkuveita Reykjavíkur yfirtæki öll réttindi Stykkishólms til reksturs vatnsveitu og hitaveitu, og öll þau réttindi sem eignunum fylgdu ásamt öllum gögnum og gæðum, en yfirtæki jafnframt þær skyldur sem eignaréttinum fylgdi, m.a. einkarétt til að starfrækja vatns- og hitaveitu í Stykkishólmi. Var því lýst yfir að vatns- og hitaveita á veitusvæði Orkuveitu Stykkishólms yrði framvegis hluti af starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og rekinn á kennitölu Orkuveitunnar. Var yfirtaka á vatnsveitunni miðuð við 1. janúar 2006.

Með samningnum lýsti Orkuveita Reykjavíkur yfir að hún bæri ábyrgð á og myndi annast nauðsynlegt viðhald og endurnýjun veitukerfisins. Lýsti Orkuveitan jafnframt yfir þeim vilja sínum að hún myndi haga framkvæmdum og rekstri við hitaveituna þannig að rekstraröryggi og þjónusta veitunnar yrði með svipuðum hætti og í öðrum sambærilegum veitum Orkuveitu Reykjavíkur. Kaupverðið var 50 millj.kr., auk þess sem Orkuveita Reykjavíkur yfirtók skuldir veitunnar sem samkvæmt ársreikningi veitunnar fyrir árið 2004 voru 362 millj.kr. Samningurinn var ótímabundinn en hvorum aðila var heimilt að segja honum upp með 15 ára fyrirvara og var Stykkishólmsbæ geymdur forkaupsréttur vegna veitunnar.

Sérstakt ákvæði var um fyrirkomulag gjaldskrár fyrirtækisins. Þann 1. september 2005 átti að breyta gjaldskránni þannig að vatnsgjald myndi miðast við flatarmál fasteigna í stað fasteignamats, og var samið um fast gjald á hverja matseiningu 3.193 kr. og breytilegt gjald á hvern fermetra 141 kr. Tók sveitarfélagið að sér að innheimta vatnsgjaldið samhliða innheimtu fasteignagjalda, og skyldi Orkuveita Reykjavíkur greiða sveitarfélaginu árlega innheimtuþóknun vegna innheimtu vatnsgjaldsins, til samræmis við samning um innheimtu vatnsgjalds. Í samningnum var þar að auki sérstakt

172 Ódagsett minnisblað merkt „Snæfellsnes, Tæknimál 05-2005 hönnunardeild Eyrún Anna“.

ákvæði um að Orkuveita Reykjavíkur myndi beina verkefnum tengdum Heilsuborgarverkefninu til Stykkishólms að svo miklu leyti sem það væri talið henta og í samráði við stjórnendur Heilsuborgarverkefnisins og Stykkishólmsbæjar. Með samningnum fylgdi yfirlit yfir eignir vatnsveitu Stykkishólms, sundurliðun yfirtekinna lána m.v. 1. september 2005 og skilgreining á veitusvæði vatnsveitu Stykkishólms.

9.4.6 Samningur um uppbyggingu og rekstur vatnsveitu í Grundarfirði (með hitaveitu) 21. september 2005

Ólafur Jónsson: „Með kalda vatnið. Það er þannig að hitaveitan var keypt þarna og kalda-vatnsveitan líka. Á norðanverðu Snæfellsnesi er erfitt með kalt og raunverulega heitt vatn líka, vegna þess að er svo mikil kolsýra í vatninu og hún tærir það sem tæranlegt er. En á einum stað undan hraunjadri, nálægt Álftafirði, þar er afskaplega góð vatnslind, einhver sú besta á öllu Snæfellsnesi. Þar hafði verið gerður samningur við landeiganda um vatnsveitu. Fyrsta grein samningsins hljóðar nokkurn veginn svo: „Samningurinn er í gildi svo lengi sem Stykkishólmsbær á vatnsveituna“. Orkuveitan keypti þetta en hvað voru þeir að kaupa? Um leið og þeir keyptu þetta þá féll samningurinn úr gildi.“

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 21. september 2005 var lagður fram samningur um kaup á Vatnsveitu Grundarfjarðar ásamt uppbyggingu og rekstri hitaveitu í Grundarfirði dags. 20. september 2005. Auk þess var lagt fram samkomulag dags. 20. september 2005 vegna innheimtu vatnsgjalds í Grundarfjarðarbæ svo og minnispunktar Ásgeirs Margeirssonar aðstoðarforstjóra dags. 19. september 2005 til stjórnar vegna Grundarfjarðar. Um kaupin og aðdraganda þeirra var fjallað hér að framan (kafla um hitaveitu). Samningarnir voru samþykktir af stjórn Orkuveitunnar með 4 atkvæðum en fulltrúar Sjálfstæðisflokks greiddu ekki atkvæði.

Í bréfi Ásgeirs Margeirssonar aðstoðarforstjóra dags. 19. september 2005 til stjórnar vegna málefna veitna Grundarfjarðar var gerð nánari grein fyrir helstu stærðum og forsendum samningsins og kom þar m.a. fram að samningar hefðu náðst milli fulltrúa Orkuveitunnar og Grundarfjarðarbæjar um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á vatnsveitu Grundarfjarðar og byggingu nýrrar hitaveitu í Grundarfirði, en íbúar Grundarfjarðar voru þá um 1.000. Í minnisblaðinu kom fram:

„Grundarfjarðarbær leggur til vatnsveituna sem metin er á 42 mkr. ... Aðrar helstu stærðir eru: ... Velta vatnsveitunnar er um 17 mkr. á ári ... Mjög lítil fjárfestingarþörf í vatnsveitunni. Verð á köldu vatni það sama og í Stykkishólmi og Borgarnesi ... Ávöxtunarkrafa heildarverkefnisins er 8,3% og er ávöxtunarkrafa vegna hitaveitu 9,5%. ... Kaldavatnsöflun er á Grund.“¹⁷³

Með samningnum yfirtók Orkuveita Reykjavíkur vatnsveitu Grundarfjarðar ásamt öllum þeim gögnum og gæðum sem henni fylgdu til samræmis við ákvæði laga nr. 32/2004 og fór með einkarétt til vatnsleitar, vatnsrannsóknna, öflunar, vinnslu og dreifingar vatns í eignarlandi Grundarfjarðar á samningstímanum. Í samningnum var kveðið á um að greiðsla fyrir vatnsveituna væri 42 millj.kr., en að Grundarfjarðarbæ væri skylt að verja þeim fjármunum til uppbyggingar hitaveitu. Yfirtaka var miðuð við 1. janúar 2006 og að frá þeim tíma myndi Orkuveita Reykjavíkur sjá um lagningu allra vatnsæða og annast viðhald þeirra, sem og að annast öll málafni vatnsveitunnar þar á meðal gjaldskrármál.

Var um það samið að vatnsgjald í Grundarfirði myndi miðast við flatarmál fasteigna í stað fasteignamats, og var samið um fast gjald á hverja matseiningu 3.193 kr. og að breytilegt gjald á hvern fermetra yrði 141 kr. Tók sveitarfélagið að sér að innheimta vatnsgjaldið samhliða innheimtu fasteignagjalda, og skyldi Orkuveita Reykjavíkur greiða sveitarfélaginu árlega innheimtuþóknun vegna innheimtu vatnsgjaldsins, til samræmis við samning um innheimtu vatnsgjalds. Samningurinn var ótímabundinn og uppsegjanlegur með 15 ára fyrirvara. Ákvæði Orkuveita Reykjavíkur síðar

173 Minnispunktar Ásgeirs Margeirssonar til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 19. september 2005.

að selja vatnsveitu Grundarfjarðar sem sérstaka rekstrareiningu, ætti sveitarfélagið innlausnarrétt til samræmis við 2. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 32/2004. Með samningnum fylgdi yfirlit yfir eignir vatnsveitu Grundarfjarðar, auk ágríps af sögu og stöðu vatnsveitumála í Grundarfirði.

9.4.7 Vatnsveita í landi Kross í Innri Akraneshreppi 10. febrúar 2006

Þann 10. febrúar 2006 var gerður samningur milli Orkuveitu Reykjavíkur, Innri Akraneshrepps og fyrirtækisins Stafna á milli ehf. um uppbyggingu og rekstur fráveitu, gagnaveitu, hitaveitu og vatnsveitu í landi Kross í Innri Akraneshreppi, en um samninginn var fjallað hér að framan í umfjöllun um kaup á hitaveitum.

Tók samningurinn einungis til uppbyggingar og reksturs veitna í skipulögðu landi Kross í Innri Akraneshreppi, milli Innesvegur og strandar, norðan Krosshóls. Með samningnum tók Orkuveita Reykjavíkur að sér uppbyggingu og rekstur vatnsveitu í landi Kross Innri Akraneshreppi ásamt þeim skyldum, gögnum og gæðum sem rekstri vatnsveitunnar fylgja og var meðal annars vísað til laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjald vegna vatnsveitunnar var fast gjald á hverja matseiningu 2.907 kr. og breytilegt gjald á hvern fermetra matseiningar 112 kr., og átti verð að breytast miðað við byggingarvísitölu desembermánaðar ár hvert. Var samningurinn ótímabundinn, en Orkuveitu Reykjavíkur var þó heimilt að segja honum upp að fimmtán árum liðnum.

Í samningnum var tekið fram að hann öðlaðist gildi þegar hann hefði verið samþykktur, m.a. af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Úttektarnefndin hefur ekki getað staðreynt að framangreindur samningur hafi verið borinn undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

9.4.8 Vatnsveita Borgarfjarðarsveita 9. júní 2006

Á fundi stjórnar þann 7. júní 2006 var lagt fram bréf forstjóra dags. 6. júní sama ár um kaup á vatnsveitum Borgarfjarðarsveitar. Í bréfinu kom fram:

„Óskað er heimildar stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur til að kaupa fjórar vatnsveitur sem eru í eigu Borgarfjarðarsveitar. Um er að ræða vatnsveitur á Hvanneyri, í Bæjarsveit, á Kleppjárnareykjum og í Reykholti. Í stað greiðslu mun Orkuveita Reykjavíkur skuldbinda sig til framkvæmda við nýja aðveitu fyrir vatnsveiturnar á Kleppjárnareykjum og í Reykholti, áætlaður kostnaður við framkvæmdina er 150 milljónir. Að auki er gert ráð fyrir að Borgarfjarðarsveit (Borgarbyggð e. sameiningu) muni taka að sér innheimtu vatnsgjalda líkt og önnur sveitarfélög gera þar sem OR rekur vatnsveitur.“¹⁷⁴

Var tillaga forstjóra samþykkt á fundi stjórnarinnar. Í samningunum kom fram að Orkuveita Reykjavíkur myndi framvegis eiga og reka vatnsveitu Borgarfjarðarsveitar með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgir og fram kom í lögum nr. 32/2004, þar með talið einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns í þéttbýli í Reykholti og Hvanneyri, innan þess svæðis sem vatnsveitan náði til og hún gat fullnægt. Að auki skuldbatt Orkuveita Reykjavíkur sig til þess að virkja vatnsból í Rauðsgili og leggja vatnslögn niður Reykholtsdal til að þjóna viðskiptavinum veitnanna á Kleppjárnareykjum og í Reykholti, en til þessa yrði virkjuð lind upp af Rauðsgili.

174 Bréf Guðmundar Þóroddssonar til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 6. júní 2006.

Þá skuldbatt Orkuveita Reykjavíkur sig til þess að hefja aðgerðir til þess að efla brunavarnir, sér í lagi á Hvanneyri, og að hefja framkvæmdir í kringum vatnsból til að auka vatnsvernd. Yfirtaka veitunnar var miðuð við 1. janúar 2007 og frá þeim tíma myndi Orkuveita Reykjavíkur sjá um lagningu allra vatnsæða og annast viðhald þeirra, sem og að annast öll málefni vatnsveitunnar þar á meðal gjaldskrármál.

Svo sem fram kom í erindi forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 7. júní 2006 var ekkert eiginlegt kaupverð í viðskiptunum, en miðuð var við að fyrirhugaðar framkvæmdir sem um var samið næmu um 150 millj.kr. kæmu í stað eiginlegs kaupverðs. Var jafnframt um það samið að vatnsgjald skyldi frá og með árinu 2007 miðast við flatarmál fasteigna í stað fasteignamats, og var samið um fast gjald á hverja matseiningu 3.317 kr. og að breytilegt gjald á hvern fermetra yrði 146 kr. (með frávikum fyrir dreifbýli). Tók sveitarfélagið að sér að innheimta vatnsgjaldið samhliða innheimtu fasteignagjalda, og skyldi Orkuveita Reykjavíkur greiða sveitarfélaginu árlega innheimtuþóknun vegna innheimtu vatnsgjaldsins. Samningurinn var ótímabundinn og ekki uppsegjanlegur fyrr en í fyrsta lagi 2025, og þá með fjögurra ára fyrirvara, nema með samþykki beggja aðila samningsins. Ákvæði Orkuveita Reykjavíkur síðar að selja vatnsveituna sem sérstaka rekstrareiningu, ætti sveitarfélagið að njóta innlausnaréttar að vatnsveitunni.

Með erindi forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 22. ágúst 2011 var samþykkt heimild forstjóra til að ganga til samninga við Borgarbyggð um yfirtöku sveitarfélagsins á vatnsveitu í Bæjarsveit. Kom fram í rökstuðningi með tillögum að frá árinu 2007 hefðu fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur átt í viðræðum við eiganda jarðarinnar Varmalækjar um endurnýjun samnings frá árinu 1998 um vatnstöku í landi jarðarinnar. Samningar hefðu ekki náðst, m.a. vegna ólíkra hugmynda aðila um greiðslu fyrir vatnsnotkun. Fram kom jafnframt að tekjur af rekstri vatnsveitunnar stæðu ekki undir rekstrinum. Tekjur væru 400 þús.kr. á ári, en rekstrarkostnaður um 1,5 millj.kr., og því hafi Orkuveita Reykjavíkur ekki verið tilbúin til að auka enn á rekstrarkostnað með verulegri hækkun vegna vatnstöku. Var tillaga forstjóra samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 24. ágúst 2011, og samningur um yfirtöku veitunnar var síðan samþykktur á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 23. september 2011, þar sem Borgarbyggð tók við rekstri vatnsveitu Bæjarsveitar án endurgjalds.

9.4.9 Yfirtaka á rekstri vatnsveitu Vatnsveitufélags Borgarhrepps 4. desember 2006

Með samningi dags. 4. desember 2006 var gerður samningur um yfirtöku og rekstur vatnsveitu Vatnsveitufélags Borgarhrepps. Kom fram í samningnum að Vatnsveitufélag Borgarhrepps væri félag um uppbyggingu og rekstur vatnsveitu í suðaustanverðum Borgarhreppi, en vatnið væri við samningsgerðina keypt í heildsölu af Orkuveitu Reykjavíkur.

Samningurinn var undirritaður af Jakobi S. Friðrikssyni f.h. Orkuveitu Reykjavíkur án fyrirvara og virðist hann ekki hafa verið borinn undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til samþykktar. Með honum var Orkuveitu Reykjavíkur afsalað eignum og viðskiptum Vatnsveitufélags Borgarhrepps, og tók Orkuveitan að sér að reka veituna frá 1. janúar 2007, og skuldbatt sig jafnframt til að tengja veituna við nýja aðveitu þannig að kerfisþrýstingur í vatnsveitunni myndi aukast með það að markmiði að leggja af þáverandi dreifingu. Áttu framkvæmdir að hefjast þegar í kjölfar samningsgerðar, en

ekki átti að greiða tengigjald vegna þeirra framkvæmda. Var ekki samið um eiginlegt kaupverð, en tekið var fram að engar skuldir fylgdu með við kaupin. Hins vegar kom fram að ógreitt vatnsgjald Borgarhrepps vegna fyrri ára félli niður við gerð samningsins en ekki var upplýst um hversu hátt það var við samningsgerðina. Þá var ekki samið um rétt til uppsagnar samningsins, en tekið var fram að samningurinn félli niður án bótaskyldu, ef óviðráðanlegar „ástæður (force majeure)“ hindruðu starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur.

Fast gjald vegna notkunar átti að vera 3.317 kr. á hverja matseiningu og breytilegt gjald á hvern fermetra 146 kr., en að auki var samið um frávik gjaldskrár vegna dreifbýlis. Þó áttu félagar í Vatnsveitufélagi Borgarhrepps rétt samkvæmt samningnum til að fá vatn með helmingaafslætti frá samningsgerð til ársloka 2011. Auk þess var samið um að nánar tilgreindar jarðir, alls níu talsins, ættu rétt á að njóta þjónustu Orkuveitu Reykjavíkur og áttu ekki að greiða fyrir stofn- eða tengigjöld.

9.5 Vatnsgjald og innheimta þess

Heimilt er að innheimta vatnsgjald með fasteignagiöldum sem innheimt eru af sveitarfélögum. Svo sem fram kom í nokkrum þeirra samninga sem að framan greinir var yfirleitt samið um að viðkomandi sveitarfélag annað-ist innheimtu vatnsgjalds og gerði svo Orkuveitu Reykjavíkur skil á því, og þá til samræmis við sérstaka innheimtusamninga.

Um innheimtu vatnsgjalds fer eftir lögum nr. 32/2004. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna á stjórn vatnsveitu að semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda. Fram kemur í ákvæðinu að miða skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu standi undir rekstri veitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar. Þó er heimilt samkvæmt 2. mgr. 10. gr. að skipta starfssvæði vatnsveitu í veitusvæði og setja sérstaka gjaldskrá fyrir hvert veitusvæði. Þá hvílir sú skylda á stjórn vatnsveitu samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laganna að auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

Í reglugerð nr. 401/2005 kemur jafnframt fram í 11. gr. að í gjaldskrá megi binda gjöld, önnur en vatnsgjald sem ákveðið er sem hlutfall af fasteignamati, við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Þar er jafnframt áréttað að miða skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu af sölu vatns standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar, auk þess sem tekið er fram að ákveði stjórn vatnsveitu að nýta sér heimild til þess að skipta starfssvæði veitunnar í veitusvæði, yrði hún jafnframt að gæta þess að rekstri einstakra veitusvæða væri haldið aðskildum í bókhaldi vatnsveitunnar.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 32/2004 var nánar áréttað að regla 2. máls. 1. mgr. 10. gr. byggðist á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá herra gjald en nemur meðalkostnaði af að veita þjónustuna. Til að taka af allan vafa væri kveðið sérstaklega á um heimild til þess að taka fjármagnskostnað og fyrirhugaðan stofnkostnað samkvæmt langtímaáætlun veitunnar með í reikninginn við gjaldskrárútrekning.¹⁷⁵

1. mgr. 10. gr. 32/2004 „Stjórn vatnsveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 5.–7. gr. þessara laga. Miða skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.“

Guðmundur Þóroddsson: „Vatnsveitan þurfti ekki stjórnarsamþykktir fyrir hækkunum. Hún var tengd byggingarvísitölu, og hélt sínu. Hennar arðsemi hækkadi raunar alltaf af því að stjórnin þurfti ekki að taka afstöðu til hennar. Það var efiðara að sækja herra verð raforku og heits vatns því stjórnin þurfti að taka afstöðu þess.“

175 Alþingi: Frumvarp til um vatnsveitur sveitarfélaga. Þskj. 867-576. mál. 130. lög-gjafarþing 2003-2004. <http://www.althingi.is/alttext/130/s/0867.html>

Þau gjöld sem innheimta má vegna notkunar vatns koma fram í lögum nr. 32/2004. Samkvæmt 6. gr. laganna má innheimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatns geta notið og má gjaldið nema allt að 0,5 hundraðshlutum af fasteignamati. Vatnsgjaldið má einnig miða við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli, en þó má slík álagning aldrei vera hærri en 0,5 hundraðshlutar af fasteignamati. Í 7. gr. laganna er veitt heimild til þess að innheimta sérstakt notkunargjald sem miðast við notkun mælda í rúmmetrum, í þeim tilvikum þegar vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, svokallað aukavatnsgjald. Þá er endurgjald hafnarsjóðs til vatnsveitu vegna vatns-sölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar miðað við mælda notkun í rúmmetrum samkvæmt gjaldskrá, en hafnarstjórn ákveður verð fyrir hvern rúmmetra vatns sem seldur er til skipa og báta. Í 8. gr. laganna kemur svo fram að selji vatnsveita annarri vatnsveitu vatn skuli endurgjald fyrir það ákveðið með samkomulagi aðila eða með mati dómkvaddra matsmanna, náist ekki samkomulag. Við mat skal þess gætt að endurgjaldið verði aldrei minna en sannanlegur kostnaður við söluna, ásamt allt að 5% álagi.

Orkuveita Reykjavíkur selur nágrannasveitarfélögunum Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ kalt vatn, en seldi einnig áður kalt vatn í heildsölu til Kópavogsbæjar. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 12. maí 2005 var lögð fram og samþykkt tillaga forstjóra dags. 9. maí 2005 þar sem lagt var til að Kópavogsbæ yrði boðið að kaupa vatn frá 1. júlí það ár á sama verði og Seltjarnarnes og Mosfellsbær. Árið 1997 hafði verð á vatni í viðskiptum Vatnsveitu Reykjavíkur og Kópavogsbæjar verið ákvarðað með yfirmati. Mat það átti að gilda til ársloka árið 2000. Verðið samkvæmt mati þessu var töluvert hærra en verð sem samist hafði um við Seltjarnarnes og Mosfellsveit. Í greinargerð með tillögunni kom fram að engin efnisleg rök væru fyrir því að hafa hærra verð hjá Kópavogi en hinum sveitarfélögunum. Verð til Kópavogs væri 17,33 kr./rúmmetri en í sölu til Mosfellsveitar og Seltjarnarness væri verðið 13,73 kr./rúmmetri. Kom fram að þessi lækkan myndi lækka tekjur Orkuveitu Reykjavíkur um 10 millj.kr. á ári. Orkuveita Reykjavíkur hefur nú hætt sölu á köldu vatni til Kópavogsbæjar.

Rétt er að taka fram að ekki var einhugur á Alþingi um fyrirkomulag gjaldtöku vatnsveitna, og urðu þar miklar umræður við þinglega meðferð frumvarps þess sem síðar varð að lögum nr. 32/2004 og reyndar fyrra frumvarps svipaðs efnis sem síðar dagaði uppi á Alþingi. Tókust þar á mismunandi sjónarmið, enda um að ræða auðlind sem hugmyndafræðilegur ágreiningur hefur staðið um á milli ríkjandi stjórn málafla.¹⁷⁶ Í umræðum á Alþingi tók þingmaðurinn Ögmundur Jónasson þannig fram að:

„Í fyrra frv. var heimilt að taka 7% arð út úr starfseminni en nú er hins vegar engin slík ákvæði að finna og reyndar tekið fram í frv. að ekki sé ætlunin að vatnsveitur séu gróðafyrirtæki. Fjármunir sem verða til í viðskiptum með vatnið eiga að fara til frekari uppbyggingar á vatnsveitunni ... Meginmarkmið þessa lagafrv. er að auka sveigjanleika þannig að vatnsveitur á mismunandi svæðum í mismunandi sveitarfélögum geti stofnað til samstarfs sín á milli. Við höfum í seinni tíð orðið vitni að slíku samstarfi á vegum Orkuveitu Reykjavíkur sem hefur verið að færa út kvíarnar norður eftir Vesturlandi. Um það er ekkert nema gott að segja í sjálfu sér. Ég hef fullan skilning á því að við þurfum að búa við lagaramma sem geri slíkt samstarf sveitarfélaganna gerlegt ... Það er mjög bagalegt að löggjöf

176 Orkuveita Reykjavíkur veitti umsögn um frumvarpið með bréfi til nefndasviðs Alþingis frá 15. mars 2004.

um vatnsveitur heyrir undir tvö ráðuneyti, annars vegar undir félmrn. og hins vegar undir iðnrn. Iðnaðarráðuneytið hefur haft forgöngu um lagabreytingar, iðulega að kröfu einstakra orkuveitna. Má þar nefna Orkuveitu Reykjavíkur, Norðurorku og Hitaveitu Suðurnesja. Yfirleitt hefur þetta gerst þannig að löggjafinn er að bregðast við þróun sem þegar hefur átt sér stað en þessi fyrirtæki og stofnanir hafa í raun knúið fram. Þá hafa iðnrn. og hæstv. iðnrh. komið með frv. til að bregðast við þeirri þróun. Þannig hefur orðið til mjög gölluð lagasmíð, mjög gölluð og mótsagnakennd lagasmíð. Ég geri ekki lítið úr þeim atriðum sem ég nefndi áðan um arðinn, þ.e. að bannað sé að taka arð út úr þessari starfsemi. Mér finnst það vera mjög mikilvægt atriði ... Við erum að hefja hér vegferð í átt til markaðsvæðingar á þessari grunnþjónustu ... „¹⁷⁷

Um þetta tók félagsmálaráðherra fram að:

„Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði grein fyrir þeirri skoðun sinni í upphafi að hann teldi að lítið tillit hefði verið tekið til athugasemda sem fram komu við framlagningu máls á liðnu vorþingi. Hins vegar tiltók þingmaðurinn m.a. eitt atriði sem varðar heimild til arðgreiðslu sem nú hefur verið horfið frá og ég tel að sé reyndar algjört grundvallaratriði málsins og svari kannski mörgum þeim spurningum sem hér hafa komið upp og ekki síst þeirri spurningu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson beindi til mín í lok máls síns, þ.e. hvort ég óttist að við séum að leggja upp í vegferð sem ekki sjái fyrir endann á og gæti, ef ég skildi mál þingmannsins rétt, falið í sér gróðahyggju af einhverju tagi. En lögin gera ekki ráð fyrir að heimild sé til arðgreiðslu heldur einungis að tekin verði gjöld fyrir framlagða þjónustu sem greinin takmarkast þá við. Ég held að það svari raunverulega spurningunni og ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af því ... þá má nefna þætti eins og þann sem mér hefur hér orðið tíðrætt um, að samkvæmt þessu frv. verður ekki heimilt að taka gjöld fyrir afhendingu vatnsins umfram það sem kostnaður við rekstur veitunnar kveður á um. Það getur verið eitt hlutverk sveitarstjórnar að fylgjast með því, afhendingu vatnsins sömuleiðis og gæðum þess. Þannig má áfram telja.“¹⁷⁸

Ekki hefur verið fjallað mikið um gjaldskrá vatnsveitu af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, enda fylgir verðskrá kalds vatns verðlagsþróun samkvæmt framansögðu. Þess má þó geta að á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 3. júní 2003 lagði stjórnarmaðurinn Guðlaugur Þór Þórðarson fram fyrirspurn og óskaði eftir að fá upplýsingar um gjaldskrár fyrir kalt vatn hjá hinum ýmsu vatnsveitum, þannig að samanburður fengist á verði til notenda. Þá voru lagðar fram og samþykktar tillögur um gjaldskrár vatnsveitna í Munaðarnesi og Úthlíð á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. október 2004. Stjórn fyrirtækisins samþykkti þó í árslok 2009 heildarstefnu fyrir fyrirtækið þar sem meðal annars eru sett fram fjárhagsleg markmið um arðsemi einstakra rekstrareininga, og þar sem gerð var krafa um 5% arðsemi heildareigna við sölu á köldu vatni. Í bréfi forstjóra vegna fyrirspurnar stjórnarmannanna Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur dags. 26. apríl 2006 kemur fram að frá árinu 2001 til og með ársins 2005 hafi ávöxtunarkrafa allra verkefna Orkuveitu Reykjavíkur

177 Alþingi. Ræða. Ögmundur Jónasson. 64. fundur. 130. löggjafarþing 2003–2004 <http://www.althingi.is/altext/130/02/r16170827.shtml>

178 Alþingi. Ræða. Árni Magnússon. 64. fundur. 130. löggjafarþing. <http://www.althingi.is/altext/130/02/r16173519.shtml>

á heimamarkaði verið 6,8%. Hafi ávöxtunarkrafan verið nokkuð stöðug þann tíma enda væri markaðsumhverfi Orkuveitu Reykjavíkur nokkuð stöðugt. Ávöxtunarkrafan (WACC) er skilgreind sem veginn meðaltalsfjármögnunarkostnaður og væri annars vegar krafa eigenda (stjórnar) á eigið fé fyrirtækisins og hins vegar kostnaður lánsfjár fyrirtækisins.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 12. maí 2005 var lagt fram og samþykkt yfirlit yfir gjaldskrá vatnsveitna dags. 1. maí 2004, auk þess sem samþykkt var tillaga forstjóra dags. 9. maí 2005 um að lækka verð á köldu vatni frá og með 1. júlí 2005 eftir mæli, svokallað aukavatnsgjald, úr 20,49 í 15 kr./hvern rúmmetra vatns. Rökstuðningur fyrir tillögu um lækkun aukavatnsgjaldsins var sá að aukavatnsgjaldið væri frekar hátt hjá Orkuveitu Reykjavíkur, en hins vegar væri vatnsgjaldið hjá Orkuveitunni lægst á landinu. Þar sem aukavatnsgjaldið væri fyrst og fremst hugsað til þess að hvetja atvinnurekstur til að fara sparlega með vatn en hefði tiltölulega litla fjárhagslega þýðingu fyrir Orkuveituna væri lagt til að það yrði lækkað þannig að Orkuveita Reykjavíkur yrði eftirleidis með lága gjaldskrá, en mikilvægt væri þó að verðið yrði ekki lægra en svo að það hvetti áfram til sparnaðar. Tekið var fram að tekjur Orkuveitu Reykjavíkur af aukavatnsgjaldi hafi árið 2004 verið um 190 millj.kr. og ætlað tekjutap fyrirtækisins vegna þessarar lækkunar væri um 40 millj.kr. á ári.

Beiðni um breytingu á fyrirkomulagi innheimtu aukavatnsgjalds kom til skoðunar á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 21. desember 2007. Á fundinum var lagt fram erindi Loftorku ehf., dags. 29. nóvember 2007 með ósk um breytingu á gjaldskrá fyrir kalt vatn, en í erindi félagsins var þeim tilmælum beint til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að hún beitti sér fyrir þrepaskiptingu gjaldskrár vegna aukavatnsgjalds. Í greinargerð með erindi forstjóra til stjórnar kom eftirfarandi fram:

„Vatnsgjald er greitt af öllu húsnæði. Öll fyrirtæki greiða aukavatnsgjald, óháð starfsemi. Í flestum tilfellum er settur mælir sem mælir raunnotkun en í fáeinum tilfellum er aukavatnsgjaldið áætlað. Vatnsveitur Orkuveitu Reykjavíkur eru reknar sem matvælafyrirtæki og er framleiðsluferlið tekið út og vottað af til þess bærum aðilum til staðfestingar á gæðum vatnsins. Tilgangurinn er fyrst og fremst að tryggja íbúum gott og heilnæmt vatn til neyslu, ennfremur að matvælafyrirtæki geti tengt framleiðslu sína vatnsveitu án sérstakrar meðhöndlunar vatnsins. Utanumhaldið er umtalsvert enda miklir hagsmunir í húfi. Aukavatnsgjald er ætlað fyrirtækjum sem tengjast vatnsveitum og nýta vatnið á einhvern hátt. Líta má á aukavatnsgjaldið sem greiðslu fyrir afnot af vatni sem eru utan hefðbundins tilgangs vatnsveitunnar, þ.e. að sjá íbúum fyrir neysluvatni og vatni til brunavarna. Aukavatnsgjaldið tryggir að fyrirtækin nýti vatnið á skynsamlegan hátt og er hvatning til hagkvæmrar nýtingar vatnsins enda er um dýrmæta auðlind að ræða ... Orkuveita Reykjavíkur hefur skoðað möguleika að magntengja einingaverð á köldu vatni, þ.a. það lækki við aukið magn. Afleiðingarnar eru tvíþættar, annars vegar ef halda á óbreyttum tekjum þá þarf að breyta einingarverðum þannig að meðalverðið verði það sama og aukavatnsgjaldið í dag með tilheyrandi hækkunum til þeirra sem nota lítið og hins vegar virkar lækkunin gegn hvatningunni til vatnssparnaðar hjá fyrirtækjum.“¹⁷⁹

179 Minnisblað til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 14. desember 2007.

Gjaldskrár annarra veitna komu til umræðu á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. desember 2005. Þar var lögð fram tillaga forstjóra frá 12. desember 2005 um vatnsgjöld á sumarhúsasvæðum, þar sem lagt var til að gjaldskrá vatnsveitu á sumarhúsasvæðum yrði fast gjald, 3.193 kr. á matseiningu, breytilegt gjald 141 kr. á fermetra, en að vatnsgjald færi aldrei yfir 0,5% af fasteignamati og aldrei undir 15 þús.kr. á ári. Vatnsgjaldið væri miðað við byggingarvísitölu í desember 2004 og uppfærðist samkvæmt henni í desember ár hvert. Í greinargerð forstjóra með tillögunni kom fram að Orkuveita Reykjavíkur ætti og ræki vatnsveitu í Úthlíð í Biskupstungum og að á næsta ári hæfist rekstur á vatnsveitu í Munaðarnesi í Borgarbyggð sem tengd yrði nýrri Grábrókarveitu. Kom fram í greinargerð forstjóra að:

„Væntanleg er enn frekari markaðssókn í Borgarfirði í tengslum við Grábrókarveitu, væntingar eru um að drjúgur hluti þeirra sumarhúsa sem eru í nálægð veitunnar muni tengjast. Mikil þörf er fyrir nægjanlegt og gott vatn á þessum svæðum og ljóst að tilkoma Grábrókarveitu mun auka við þróun sumarhúsabyggingar í Borgarfirði. Vatnsgjöldin eru þau sömu og gilda í Borgarnesi, Bifrost, Stykkishólmi og Grundarfirði að öðru leyti en því að sett er lágmark á vatnsgjöld. Lágmarkið samsvarar vatnsgjöldum u.þ.b. 80 fermetra sumarhúss. Nauðsynlegt er að setja lágmark til að tryggja afkomu umræddra veitna. Vatnsgjöld þau sem tillagan er gerð um hafa verið kynnt í félögum sumarhúsaeigenda og í samtölum við sumarhúsaeigendur á væntanlegum veitusvæðum.“¹⁸⁰

9.6 Framkvæmdir við vatnsveitu

Við gerð rekstrarúttektar stjórnenda í ágúst 2010 kom fram að Orkuveita Reykjavíkur hefur kostað til mikilla framkvæmda við lagningu veitna í nýbyggingarhverfi sem ekki hafa enn fengist endurgreiddar eða eru farnar að afla tekna. Var svofelld grein gerð fyrir þessum fjárfestingum:

„Í þeim sveitarfélögum þar sem OR er með veiturekstur, ber fyrirtækinu að leggja veitukerfi þegar viðkomandi sveitarfélag ákveður að fara í uppbyggingu nýs hverfis. Á árunum fyrir efnahagshrunið réðust mörg sveitarfélög í skipulag og uppbyggingu fjölmargra nýrra hverfa, bæði fyrir íbúðabyggingu og atvinnuhúsnæði. Þegar líða fór á árið 2008 snarminnkaði eftirspurn eftir lóðum og hrundi svo algjörlega þegar fjármálakreppan dundi yfir í október. Orkuveitan situr því uppi með mikla fjárfestingu sem ekki skilar tekjum enn sem komið er. Fyrirtækið hefur metið hversu mikla fjármuni er um að ræða og til grundvallar voru lagðar framkvæmdir við nýbyggingarhverfi í 12 sveitarfélögum á árunum 2006 – 2010 (62 verkefni) og reyndist sá kostnaður vera 4,1 milljarðar króna (á verðlagi ársins 2010). Hins vegar er víða lítið farið að byggja í þessum nýju hverfum og samkvæmt mati fyrirtækisins er meðalfjöldi byggðra og tengdra húsa um 26% af heildarfjölda lóða. Út frá því má álykta að um 3,8 milljarða króna fjárfesting í nýju hverfunum sé ekki enn farin að skila tekjum til Orkuveitunnar. Eins og ástandið er á fasteignamarkaðnum má búast við því að mörg ár líði þar til kerfin verða komin í fulla notkun.“¹⁸¹

Ólöf S. Pálsdóttir: „Við uppbyggingu dreifikerfa hefur þurft að taka lán. Vörum alltaf sporgöngumenn inn í ný hverfi af því það er kvöð á OR sem er með einkaleyfisadstöðu á sviði rafmagns og hita. Ef eitt sveitarfélag tekur ákvörðun um að það ætli að fara að byggja upp nýtt hverfi, verðum við að fara á undan og leggja allar lagnir.“

180 Tillaga forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til stjórnar, dags. 12. desember 2005.

181 Greinargerð stjórnenda með rekstrarúttekt, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 24.

Hér er um að ræða mikinn kostnað, sem Orkuveitan situr nú uppi með eins og rakið hefur verið. Þessi kostnaður leiðir af þeim skyldum sem hvíla á sveitarfélögum og þar af leiðandi Orkuveitu Reykjavíkur þegar hún hefur yfirtækið skyldu til starfrækslu vatnsveitu sveitarfélaga. Í því felst að Orkuveitan þarf að sjá um að leggja vatnslagnir í nýbyggingarhverfi, eftir því sem skipulagi viðkomandi sveitarfélaga vindur fram án þess að fyrirtækið geti haft áhrif á þær áætlanir og getur því þurft að bera þann kostnað sem af hlýst, þegar tafir verða á því að nýbyggt hverfi verði tekið í notkun eða aðrar tafir verða við framkvæmd skipulags.

9.7 Ályktanir og niðurstöður

Að framan hefur verið fjallað um vatnsveitu Orkuveitu Reykjavíkur. Heildartekjur Orkuveitunnar af vatnsveitustarfsemi á tímabilinu hafa verið nokkuð stöðugar og hafa vaxið nokkuð jafnt og þétt. Tekjurnar námu samtals 20.216 millj.kr. á öllu tímabilinu á meðalverðlagi ársins 2010. Vöxtur tekna á tímabilinu hefur numið 26%, ef tekjur ársins 2003 eru fluttar á meðalverðlag ársins 2010. Nafnvöxtur tekna á tímabilinu nemur 100%, sem er töluvert umfram hækkun verðlags á sama tíma, sem nam 59% og einnig töluvert umfram aukningu í fjárbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum sem nam 64%. Af þessu er ljóst að aukning tekna er langt umfram aukningu í fjárfestingum, sem getur skýrst af lækkun afskrifta vegna aldurs fjárfestinganna og einnig af því að gjaldskrá fyrir kalt vatn er dæmi um gjaldskrá sem ekki er háð ákvörðunum stjórnar.

Heildarrekstrargjöld tengd vatnsveitustarfsemi hafa sveiflast nokkuð á tímabilinu þar sem þau lækkuðu fyrir hluta tímabilsins, en tóku svo að hækka árin 2006 og 2007 og lækkuðu síðan nokkuð eftir það, eftir að aðhaldsaðgerðir stjórnar hófust og nema samtals 12.627 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Rekstrargjöld í hlutfalli af tekjum hafa einnig sveiflast nokkuð og nema frá því að vera rúm 46% af tekjum árið 2010 í að vera hæst 76,8% af tekjum árið 2003. Að meðaltali hafa rekstrargjöld numið 63,1% af tekjum samanborið við 83,3% fyrir fyrirtækið í heild sinni. Rekstrargjöld ársins 2011 námu samtals 1.170 millj.kr. samanborið við 1.274 millj.kr. árið 2010, og hafa því lækkað enn frekar.

Þar sem rekstrartekjur eru hærri en rekstrargjöld allt tímabilið er rekstrarafkoman að sama skapi jákvæð allt tímabilið sem sýnir fram á stöðugan og traustan rekstur miðilsins. Rekstrarafkoman samtals á tímabilinu nemur 7.589 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 sem þýðir að Orkuveitan hefur haft þá afkomu af miðlinum án tillits til fjármagnsliða og tekjuskatts.

Nokkuð stöðugt hefur dregið úr fjárfestingum vegna vatnsveitu á tímabilinu og nema þær samtals 7.216 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Fjárfestingarnar hafa skilað nokkuð stöðugt vaxandi arðsemi, sem er í hámarki seinustu tvö árin þegar dregið var úr rekstrarkostnaði og afskriftir lækkuðu. Nemur arðsemin þá tæpum 15% sem er hæsta arðsemi á einstökum árum í miðlum Orkuveitunnar. Arðsemin er að meðaltali 9,1% á tímabilinu samanborið við meðalarðsemi fyrirtækisins í heild sem er 3%. Miðlun kalds vatns hefur skilað bestu arðsemi fyrirtækisins og einnig er hún umfram markmið fyrirtækisins um arðsemi sem er 5% en var 6,8% á árunum 2001 til 2005. Þessi góða afkoma vatnsveitunnar hefur vakið athygli úttektaarnefndarinnar, þar sem samkvæmt lögum nr. 32/2004 eigi við rekstur vatnsveitu að líta svo á að þeir fjármunir sem verða til við rekstur hennar, eigi að fara til frekari uppbyggingar á vatnsveitunni og er réttur til arðtöku af rekstrinum takmarkaður.

Rekstur vatnsveitunnar er því góður þótt sýna megi fram á að einstök kaup veitna á landsbyggðinni hafi ekki verið nægilega vel undirbúin. Í viðtölum úttektarnefndarinnar hefur verið bent í þessu sambandi á vatnsveitu Stykkishólms. Auk þess var gerður samningur um skil á vatnsveitunni í Bæjarsveit í september 2011, m.a. þar sem rekstur hennar hafi ekki verið góður og tekjur veitunnar hafi ekki staðið undir honum. Er hér jafnframt almennt vísað til framangreindrar umfjöllunar um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á jaðarveitum, en af hálfu úttektarnefndarinnar er talið að skort hafi á stefnumörkun og heildarsýn við uppkaup jaðarveitna a.m.k. fram til ársins 2006.

Auk þess bendir úttektarnefndin á að tveir samningar um kaup á vatnsveitum virðast ekki hafa verið bornir undir stjórn Orkuveitunnar, þ.e. samningur milli Orkuveitu Reykjavíkur, Innri Akraneshrepps og fyrirtækisins Stafna á milli ehf. um uppbyggingu og rekstur fráveitu, gagnaveitu, hitaveitu og vatnsveitu í landi Kross í Innri Akraneshreppi og samningur um yfirtöku og rekstur vatnsveitu Vatnsveitufélags Borgarhrepps.

10. Fráveita

10.1 Almennt

Um fráveitur gilda lög nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Fyrir gildistöku þeirra gilti X. kafli vatnalaga nr. 15/1923 um málefni fráveitna sveitarfélaga. Að auki er að finna ákvæði sem fjalla um fráveitur í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, auk reglugerðar nr. 789/1999 um fráveitur og skólp. Rekstur fráveitu er ekki tekjuskattskyldur. Með lögum nr. 9/2009 voru sett heildstæð lög um fráveitur og kveðið skýrt á um ábyrgð sveitarfélaga á uppbyggingu fráveitna, skyldur þeirra og heimildir í fráveitumálum. Í lögnum er kveðið á um ábyrgð sveitarfélaga á uppbyggingu fráveitna og eiga sveitarstjórnir að hafa umsjón með að fráveitur séu byggðar upp í sveitarfélaginu í samræmi við lög. Þannig er greint á milli fráveitu í þéttbýli og utan þess, og er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að koma á fót fráveitu í þéttbýli, en þeim veitt heimild til að koma á fót fráveitu í dreifbýli. Samkvæmt 5. gr. laganna fer sveitarstjórn með rekstur og stjórn fráveitu, en henni er heimilt samkvæmt 6. gr. laganna að fela stofnun eða félagi sem að meirihluta er í eigu sveitarfélags skyldur sínar, um uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna samkvæmt lögnum. Þannig er heimilt að fela ábyrgð á uppbyggingu, rekstri og eignarhaldi fráveitna til félags í meirihluta eigu sveitarfélaga.

1. mgr. 5. gr. laga nr. 9/2009 „Sveitarstjórn fer með rekstur og stjórn fráveitu á vegum sveitarfélagsins nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið, sbr. 6. gr.“

1. mgr. 6. gr. laga nr. 9/2009 „Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi sem að meiri hluta er í eigu sveitarfélaga skyldur sínar og réttindi hvað varðar uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna samkvæmt lögum þessum.“

Orkuveita Reykjavíkur hefur gert samning um að taka við skyldum vegna fráveitu samkvæmt framansögðu við nokkur sveitarfélög. Orkuveita Reykjavíkur ber samkvæmt þeim samningum skyldur Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar vegna Borgarness, Bifrastar og Varmalands, Hvanneyrar og Reykhólts til að starfrækja fráveitur á svæðum viðkomandi sveitarfélaga. Auk þess tekur Orkuveita Reykjavíkur við skólpi frá Garðabæ, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ samkvæmt sérstökum samningum þar um og hreinsar í hreinsistöðvum sínum.


10.2 Fjárhagslegt yfirlit

Hér á eftir fer fjárhagslegt yfirlit yfir starfsemi Orkuveitunnar sem er skilgreind sem fráveita í reikningsskilum fyrirtækisins. Ekki er tiltæk sundurgreining á samstæðureikningi fyrirtækisins fyrir allt tímabilið sem er til skoðunar. Meirihluti starfseminnar er í móðurfélaginu sjálfu og upplýsingarnar því ekki verulega frábrugðnar því sem út kæmi ef samstæðan í heild sinni væri sundurgreind.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld fráveitunnar, allar fjárhæðir eru á meðalverðlagi ársins 2010


	Fráveita						Samtals
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	
Rekstrartekjur	253	1.933	2.389	2.790	2.555	2.622	12.542
Rekstrargjöld	253	509	692	778	693	732	3.657
EBITDA	0	1.424	1.697	2.012	1.862	1.890	8.885
Afskrifur	0	959	1.085	1.101	1.277	1.238	5.660
Rekstrarafkoma (EBIT).....	0	465	612	911	585	652	3.225

Eins og kemur betur fram í umfjölluninni hér á eftir var fráveita ekki hluti af starfsemi Orkuveitunnar þegar hún var stofnuð og starfsemi á því sviði af einhverju marki hófst ekki fyrr en árið 2006 þegar fráveiturekstur varð hluti af starfsemi Orkuveitunnar. Fráveitan er næst minnsta svið Orkuveitunnar og nema tekjur af fráveitu 7% af heildartekjum Orkuveitunnar.




Á myndinni hér að ofan er samanburður á tekjum fráveitunnar í milljónum króna. Tekjurnar samtals yfir tímabilið nema 12.542 millj.kr. en 14.964 millj.kr. séu tekjur hvers árs færðar til meðalverðlags ársins 2010. Tekjur ársins 2006 á meðalverðlagi ársins 2010 nema 2.701 millj.kr., þær vaxa í 3.178 millj.kr. á árinu 2007 og 3.364 millj.kr. árið 2008. Tekjur á meðalverðlagi 2010 lækka síðan í 2.723 millj.kr. á árinu 2009 og lækka síðan enn frekar árið 2010. Tekjur ársins 2010 eru 3% lægri en tekjur ársins 2006 þegar starfsemin hófst. Í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2011 kemur fram að tekjur af fráveitu nema tæpum 3.441 millj.kr. þannig að tekjur hafa vaxið verulega á milli árunna 2010 og 2011 miðað við þróun tekna á tímabilinu.


Samanburður á tekjum við aukningu í fjárfestingum og neysluverðsvísitölu




Á myndinni hér að ofan má sjá samanburð á vexti í tekjum annars vegar við almennar verðlagsbreytingar sem mældar eru með vísitölu neysluverðs og hins vegar við aukningu í fjárfestingum frá árinu 2003 til ársins 2010. Ástæðan fyrir þessum samanburði er sú að með nokkurri einföldun mætti ætla að tekjur fyrirtækisins þyrftu að vaxa í takt við almennar verðlagsbreytingar m.v. óbreyttar eignir en að vöxturinn ætti að aukast hraðar ef viðbótarfjárfestingum er bætt við. Fyrstu tvö árin aukast tekjur umfram bæði vísitöluna og aukninguna í fjárfestingunni. En eftir það dragast tekjurnar saman á meðan hinir tveir þættirnir halda áfram að vaxa. Á tímabilinu er hækkun allra þáttanna nánast sú sama, aukning fjárfestinga á tímabilinu nemur 38%, hækkun á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 37% og aukning í tekjum nemur 36%. Hafa ber í huga við samanburðinn að eignirnar hafa hlotið endurmat á grundvelli hækkunar endurkaupsverðs og síðan er yfirfarið með virðisrýrnunarprófi hvort eignirnar standi undir væntri afkomu fjárfestingarinnar eins og farið var yfir í kaflanum um fjárhagslegt yfirlit.




Á myndinni hér að ofan er samanburður á rekstrargjöldum fráveitunnar að meðtöldum afskriftum í millj.kr. Rekstrargjöldin samtals yfir tímabilið nema 9.317 millj.kr. en 11.127 millj.kr. séu gjöld hvers árs færð til meðalverðlags ársins 2010. Rekstrargjöld ársins 2006 á meðalverðlagi ársins 2010 nema 2.051 millj.kr. Á árinu 2007 hækka rekstrargjöldin í 2.364 millj.kr. en lækka stöðugt eftir það og nema 1.970 millj.kr. á árinu 2010. Rekstrargjöld ársins 2010 eru 4% lægri en rekstrargjöld ársins 2006 þegar starfsemin hófst.




Á myndinni hér að ofan eru rekstrargjöld borin saman við rekstrartekjur og eru allar fjárhæðir á meðalverðlagi ársins 2010. Rekstrartekjurnar eru hærri en rekstrargjöldin allt frá árinu 2006. Á árinu 2006 er hlutfall rekstrargjalda 75,9%, lækkar svo í 74,4% á árinu 2007 og síðan enn meira á árinu 2008 þegar hlutfallið nam 67,3%. Hlutfallið hækkar síðan aftur á árunum 2009 og 2010 og nemur 75,1% á árinu 2010. Meðalhlutfall rekstrargjalda af rekstrartekjum er 74% samanborið við 83,3% fyrir fyrirtækið í heild sinni. Hlutfall rekstrarkostnaðar í fráveitum er því lægra en meðaltal fyrirtækisins alls.




Á myndinni hér að ofan er samanburður á afskriftum varanlegra rekstrarfjármuna og tekjum, báðar stærðir eru á meðalverðlagi ársins 2010. Hlutfall afskrifta af tekjum er vísbending um þróun þess sem fjárbinding í varanlegum rekstrarfjármunum skilar í tekjur. Eins og sjá má hefur hlutfall afskrifta farið lítilla lakkandi á tímabilinu og hefur lækkað frá því að vera 49,6% árið 2006 niður í 47,2% á árinu 2010.



Rekstrarafkoma er afkoma miðilsins án fjármögnunarkostnaðar og tekjuskatts. Eins og fram kom hér að ofan eru rekstrartekjur hærri en rekstrargjöld öll árin sem eru til skoðunar og því er rekstrarafkoman jákvæð allt tímabilið. Rekstrarhagnaður samtals fyrir árin 2006 til 2010 nemur 3.837 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Rekstrarhagnaðurinn er 650 millj.kr. á árinu 2006 og hækkar næstu tvö ár þar á eftir í 814 millj.kr. árið 2007 og 1.098 millj.kr. á árinu 2008. Á árinu 2009 lækkar afkoman í 623 millj.kr. og er síðan 652 millj.kr. á árinu 2010. Meðalhlutfall rekstrarafkomu af tekjum á tímabilinu er 22% samanborið 16,7% fyrir Orkuveituna í heild sinni.




Á myndinni að ofan má sjá fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum sem tengjast fráveitu á tímabilinu 2006 – 2010. Fjárhæðir eru bæði á verðlagi hvers árs og árslokaverðlagi 2010. Fjárfestingar á tímabilinu námu samtals 8.789 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010. Fjárfestingar eru 1.770 millj.kr. á árinu 2006 en lækka síðan árið eftir í 1.361 millj.kr. Næstu tvö ár þar á eftir eru fjárfestingar 2.020 millj.kr. og 2.471 millj.kr. en lækka síðan á árinu 2010 og nema þá 1.167 millj.kr.



Á myndinni hér að ofan má sjá fjárbindingu fyrirtækisins í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindir eru undir fráveitu. Fjárbinding er það sama og bókfært verð eða fjárfestingar að frádregnum afskriftum og að viðbættu endurmati. Hafa þarf í huga við skoðun á myndinni að endurmat hefur numið verulegum fjárhæðum eins og kom fram í kafla um fjárhagslegt yfirlit hér að framan. Eins og kom fram í yfirlitskaflanum um miðla Orkuveitunnar fyrr í skýrslunni hefur fjárbinding vegna vatnsveitunnar verið að meðaltali 9,7% af heildarfjárbindingu Orkuveitunnar á tímabilinu sem er til skoðunar.


Fjárbindingin í árslok 2006 nam 26.426 millj.kr. á verðlagi þess árs sem er 36.283 millj.kr. á verðlagi ársins 2010 og hefur vaxið í það að nema 36.600 millj.kr. á árinu 2010 sem er 0,9% aukning til samanburðar við 3% samdrátt tekna á tímabilinu.



Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi þess fjármagns sem bundið er í fráveitu fyrir árin 2006 til 2010. Útreikningur á arðseminni byggir á rekstrarafkomu og meðal fjárbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindar eru sem eignir til fráveitustarfsemi. Á árinu 2006 er arðsemin 4,9%, hún lækkar síðan í 3% á árinu 2007. Eftir það hækkar arðsemin í 3,5% á árinu 2008 en lækkar síðan eftir það í 1,7% á árinu 2009 og 1,8%

árinu 2010. Meðalarðsemi tímabilsins er 3% samanborið við meðalarðsemi fyrirtækisins í heild sinni á sama tímabili sem er 2,3%. Til samanburðar kemur fram í áfangaskýrslu H.F. Verðbréfa og Orkuveitunnar dags. 28. janúar 2011 að markmið í arðsemi fráveitu sé 5%.¹⁸²

Skuldum fyrirtækisins og þar með fjármagnskostnaði vegna þeirra er ekki skipt niður á miðla og því er ekki hægt að fá upplýsingar um endanlega arðsemi miðilsins, en eins og áður hefur komið fram hefur hlutfallslegur kostnaður við lánsfé á tímabilinu numið 7,83% og þá á eftir að taka tillit til kostnaðar við eigið fé sem eru úttektir eigenda. Taka þarf tillit til þess að kostnaður við lánsfé inniheldur óinnleyst gengistap vegna lána sem getur að einhverju leyti gengið til baka verði styrking á íslensku krónunni.



Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi þess fjármagns sem bundið er í fráveitu fyrir árin 2006 til 2010 þar sem leiðrétt hefur verið fyrir endurmati varanlegra rekstrarfjármuna frá árinu 2007. Útreikningur á arðseminni byggir á rekstrarafkomu að viðbættum afskriftum af endurmati og meðal fjárbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindar eru sem eignir til fráveitustarfsemi að frádregnu bókfærðu verði endurmats. Endurmatið hófst ekki að ráði fyrr en á árinu 2006 en ekki reyndist unnt að draga fram afskrift endurmats það ár þannig að leiðréttingin hefur fyrst áhrif á árinu 2007. Á árinu 2007 er þannig reiknuð arðsemi 4%. Hún hækkar í 5,4% á árinu 2008 og hækkar síðan næstu tvö ár þar á eftir í 4,3% árið 2009 og 4,2% árið 2010. Meðalarðsemi tímabilsins eftir leiðréttingu vegna endurmats er 4,7% samanborið við meðalarðsemi fyrirtækisins í heild sinni sem er 3%.

10.3 Fráveita verður hluti af starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur

Við stofnun Orkuveitu Reykjavíkur var fráveita ekki á starfssviði fyrirtækisins. Á árinu 2005 var lögð fram og samþykkt í borgarráði Reykjavíkur tillaga borgarráðsfulltrúa Reykjavíkurlistans um að láta útfæra tillögur um hugsanlega sameiningu Orkuveitu Reykjavíkur og fráveitu borgarinnar. Til grundvallar tillögunni var lögð fram skýrsla Nýsis hf. ráðgjafarþjónustu sem hafði verið unnin um kosti sameiningar fráveitu við Vatnsveitu Reykjavíkur í febrúar 1998 (fyrir stofnun Orkuveitu Reykjavíkur). Í niðurstöðum Nýsis hafði meðal annars komið fram að:

„... töluverður ávinningur felist í því fyrir Reykjavíkurborg að sameina vatnsveitu og fráveitu. Rökstuðningur fyrir því er í meginatriðum sá að fyrirtækið yrði mun öflugra en vatnsveitan er í dag, fyrirtækið fengið sérstaka stjórn, það gæti veitt borgarbúum góða

Guðlaugur Þór Þórðarson: „Já, við greiddum ekki atkvæði með Fráveitunni. Fráveitan er svo risamál sem mjög lítil umræða var um.“

182 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa, dags. 28. janúar 2011. Bls. 12.

þjónustu, fyrirtækið gæti beitt mun markvissari fjárfestingarstefnu en gert er í dag og leitað nýrra fjármögnunarleiða, m.a. við uppbyggingu og endurnýjun veitukerfa. Síðast en ekki síst gæti fyrirtækið hugsanlega þróað nýjar aðferðir við uppbyggingu gjaldskrár, sem m.a. tækju mið af umhverfissjónarmiðum, ef lagaheimildir fást á Alþingi fyrir slíkri breytingu. Með sameiningu vatnsveitu og fráveitu Reykjavíkurborgar skapast möguleiki á enn frekari hagræðingu og samruna með því að stofna eitt vatns- og fráveitufyrirtæki með nágrannasveitarfélögum borgarinnar.¹⁸³

Í framangreindri tillögu, dagsettri 8. mars 2005, voru raktir kostir þess og gallar að sameina fráveitur Reykjavíkur við Orkuveitu Reykjavíkur. Helstu kostir voru taldir þeir að talsverð samlegðaráhrif fælust í slíkri sameiningu bæði fjárhagslega og faglega. Áður hafði lögmanni Orkuveitu Reykjavíkur verið falið að kanna hvort hagkvæmt væri að rekstur fráveitu yrði ein af einingum Orkuveitu Reykjavíkur, einkum með hliðsjón af fráveitu Reykjavíkur. Í tillögu til borgarráðs kom m.a. eftirfarandi fram:

„Orkuveitan og fráveitan er að mörgu leyti mjög skyld starfsemi. Í fyrsta lagi er það sem rennur í fráveitunni að mestu komið frá hita- og vatnsveitu. Í öðru lagi eru lagnaleiðir oft svipaðar og sérstaklega liggja vatns- og fráveita oft saman í götu. Þar sem þekkt er hvað fer inn í húsin í formi heits og kalds vatns gefur sameiningin tækifæri á að þróa nýjungar í gjaldröku þar sem farið er að miða við magn og innihald í gjaldröku fyrir fráveitu og þar með tekið mið af umhverfissjónarmiðum. Í þriðja lagi mun fagleg færni og slagkraftur fráveitunnar aukast með því að tækni og hönnunardeildir verða sameiginlegar með öðrum veitum OR auk þess sem vinnuslokkar verða sameiginlegir með tilheyrandi aðgangi að starfsfólki og tækjabúnaði þegar á þarf að halda. Orkuveitan hefur á að skipa sterkum vottuðum gæðakerfum sem eru nauðsynleg fyrir svona starfsemi í dag. Líklegt er að fráveitan muni vaxa með sameiningu við aðrar fráveitur, sérstaklega þar sem OR er þegar með vatn og hita eins og á Akranesi og í Borgarnesi. Í fjórða lagi verða samskipti við húseigendur einfaldari þar sem einungis verður um einn aðila að ræða fyrir allar lagnir. Þá rekur OR öflugt þjónustuver og 24 tíma bilanavakt allt árið sem kemur viðskiptavinum fráveitunnar til góða. Í fimmta lagi er algennt erlendis að hafa aðveitur og fráveitur í sama fyrirtæki.¹⁸⁴

Framangreind tillaga var síðan samþykkt á fundi borgarráðs þann 10. mars 2005, og með bréfi borgarstjórans dags. 10. mars 2005 var sviðsstjóra Framkvæmdasviðs og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur falið að útfæra tillögur vegna hugsanlegrar sameiningar Orkuveitu Reykjavíkur og fráveitu, m.a. út frá framangreindri skýrslu Nýsis hf. ráðgjafarþjónustu sem unnin hafði verið í febrúar 1998.

Eftir skoðun framangreindra aðila töldu þeir að slík sameining yrði fýsilegur kostur, en af henni yrði þó varla fyrr en 1. janúar 2006. Var lagt til að ábyrgð á rekstri og uppbyggingu fráveitunnar yrði flutt yfir til Orkuveitu Reykjavíkur miðað við 1. júlí 2005, og að gerður yrði þjónustusamningur um reksturinn sem byggður yrði á grundvelli fyrirbyggjandi framkvæmda- og starfsáætlunum. Áður þyrfti að meta eignir og tekjur fráveitunnar, auk þess

„Lagnakerfi fráveitunnar um 750 km langt og stærstu sjáanlegu mannvirkin eru hreinsistöðvarnar tvær, sjö dælustöðvar og 6-7 minni stöðvar á víð og dreif í kerfinu. Verðmæti þessa fráveitukerfis er talið um 20 milljarðar króna. Stærsta verkefni fráveitunnar og eitt mesta umhverfisbótaverkefni sem unnið hefur verið að hér á landi er hreinsun strandlengjunnar við Reykjavík. Vinna við þetta verkefni hófst um 1980 þegar mengun í fjörum var orðin öllum til ama. Verkefnið tók mikinn kipp frá árinu 1995 þegar lagt var á sérstakt holtræsa-gjald, og lauk formlega 16 júní sl. þegar tekin var í notkun dælustöð fyrir skolp í Gufunesi og fráveitu frá Grafarvogi, Grafarholti og Mosfellsbæ var komið í samband við hreinsistöðina við Klettagarða. Áætlaður heildarkostnaður við hreinsun strandlengjunnar er um 11,0 milljarðar króna. Fyrir utan að leggja fráveitu frá nýjum borgarhverfum eru stærstu verkefni fráveitunnar falin í endurnýjun lagna í gömlum hverfum. Stærstu verkefni á því sviði eru lagnir í Vesturbæ, Hlíðahverfi og Norðurmýri. Lagnirnar eru endurnýjaðar að mestu með föðrunum, þ.e. að í eldri lagnir eru dregin ný rör. Þá má búast við að fráveitan hugi að verkefnum samstarfi við jadarveitur OR, en nokkur sveitarfélög og félög sumarhúsaeigenda hafa lýst áhuga á að Orkuveitan komi að rekstri fráveitna á þeirra svæðum.” Frétt í Viðskiptablaðinu 11. júlí 2005, <http://www.vb.is/frett/54713/?q=Vinna>.

183 Nýsir hf. ráðgjafarþjónusta. Athugun á sameiningu fráveitu við Vatnsveitu Reykjavíkur. Febrúar 1998. Bls. 20-21.

184 Tillaga borgarráðsmanna Reykjavíkurlistans til borgarráðs, dags. 8. mars 2005.

Haukur Leósson: „Einn daginn ákveður borgin að Orkuveitan taki fráveituna. Allt í lagi með það. En að láta hana yfirtaka lán, erlent lán, upp á 8 milljarða, bara til þess að koma málunum í lag hérna í Reykjavík. Orkuveitan kláraði strandlengjuna. Mér skilst að þetta mál standi í 16 milljörðum í dag. Og ég var mjög ósáttur við þetta. Af því að þá þótti mér 8 milljarðar miklir peningar.“

Haukur Leósson: „Þetta kostaði Orkuveituna stórfé vegna þess að þetta var allt í lamasessi. Það þurfti að fara í alveg rosalegar framkvæmdir ekki síst á endurnýjun á lögnum innan borgarmarka. Þetta er til hérna í bókunum og ég var mjög ósáttur við að Orkuveitan tæki þetta yfir. Það var allt í lagi að taka þetta yfir og klára þessar framkvæmdir sem að borgin einhvern veginn bara guggnaði á að hreinsa strandlengjuna og byggja við. Sjá um þessar hreinsistöðvar og allt það. Þetta er ekki ennþá byrjað að skila tekjum, nema á móti kostnaði. Ég get ekki ímyndað mér það en reyndar hef ég ekki hugmynd um það.“

„Holræsagjöld Reykvíkinga lækka um 10% á næsta ári eftir sameiningu Orkuveitu Reykjavíkur, borgarinnar og fleiri sveitarfélaga um fráveitumál. Þetta segir Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar: Þetta er að mörgu leyti mjög merkur samningur sem er verið að gera, tíma-
mótasamningur, því að Orkuveita Reykjavíkur, bæði yfirtekur eignir og rekstur þessara fráveitna og í því er fylgið mikið hagræði fyrir sveitarfélögin og jafnframt íbúana. Ég get nefnt sem dæmi að holræsagjaldið í Reykjavík mun lækka um 10% á næsta ári, þ.e. sem sagt 10% lægra en verið hefur sem stafar af því að það er gerð hagræðingarkrafa til Orkuveitu Reykjavíkur. Og Orkuveitan bíu yfir mannskap og öðru sem til þarf til að svona rekstur verði hagkvæmur segir Alfreð Þorsteinsson stjórnarformaður Orkuveitunnar.“ RÚV 15. desember 2005.

sem líta þyrfti til fyrirséðra breytinga á lagaumhverfi fráveitu sveitarfélaga. Tillaga um að flytja fráveituna til Orkuveitu Reykjavíkur var síðan samþykkt á fundi borgarráðs þann 2. júní 2005.

Meðal þess sem tekið var fram til tekna við sameininguna var að eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur myndi aukast um 12 milljarða, sem hefði í för með sér aukna framkvæmdagetu Orkuveitu Reykjavíkur.¹⁸⁵ Við sameininguna var verðmæti fráveitunnar talið vera 20 milljarðar króna, en skuldir fráveitunnar voru metnar á 8 milljarða króna og fluttust þær yfir við sameininguna.¹⁸⁶

Fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur voru lögð drög að samningi um sameiningu Fráveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur þann 19. október 2005, og samþykkti stjórnin samningsdrögin á fundinum. Samningur þessa efnis var síðar undirritaður þann 15. desember 2005. Með honum tókst Orkuveita Reykjavíkur á hendur skyldur sem hvíldu á Reykjavíkurborg um að byggja upp og að reka fráveitu í Reykjavík, eins og leiddi af vatnalögum nr. 15/1923 með síðari breytingum og reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skólp, auk þess sem Reykjavík samþykkti að Orkuveita Reykjavíkur færi með einkarétt sveitarfélagsins til reksturs fráveitu á því svæði sem fráveitan náði til og hún gæti fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins. Var við það miðað að frá og með 1. janúar 2006 myndi Orkuveita Reykjavíkur sjá um lagningu allra fráveituaða, uppbyggingu dælu- og hreinsistöðva og annarra mannvirkja sem fráveitunni tengdust svo og að annast viðhald, rekstur og endurnýjun allra lagna og mannvirkja hennar. Þá var í samningnum kveðið á um að innri gjaldskrá Reykjavíkurborgar skyldi gilda um árlegar greiðslur til Orkuveitu Reykjavíkur vegna fráveitu innan marka Reykjavíkur og miðaðist hún við flatarmál og fjölda fasteigna. Áfram yrði gjald vegna fráveitu innheimt með fasteignagjöldum.

Í samningnum var einungis gerður sá fyrirvari um virði veitunnar og innri gjaldskrá, að það miðaðist við þær forsendur að ekki yrði um auknar fjárfestingar eða rekstrarkostnað að ræða vegna breyttra laga og reglugerða, eða annars rekstrarumhverfis veitunnar. Ef breytingar yrðu sem rekja mætti til breyttra laga og reglugerða voru samningsaðilar sammála um að semja um endurskoðun á innri gjaldskrá. Samningurinn var ótímabundinn og ekki uppsegjanlegur fyrr en 1. janúar 2025, en eftir það uppsegjanlegur með fjögurra ára fyrirvara, en þó fyrr með samþykki beggja samningsaðila.

Frá yfirtöku skulda vegna fráveitunnar var gengið síðar með sérstökum viðauka. Óljóst er hvernig ákveðið var hvaða skuldir færðust yfir til Orkuveitu Reykjavíkur við yfirtöku fráveitunnar. Samkvæmt framansögðu voru skuldirnar taldar vera átta milljarðar í upphaflegum samningi um yfirtöku fráveitunnar og var grein gerð fyrir þeim í sérstökum viðauka við samkomulagið, þ.e. „viðauka 1, við samning um Fráveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur dags. 15. des. 2005“, en viðaukinn er dagsettur 19. júní 2006. Af honum má ráða að yfirteknar skuldir voru ákvarðaðar með eftirfarandi hætti:

„Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur undirrituðu ramma-
samning ásamt 8 lánshlutasamningum þann 10. apríl 2003 um
hlutdeild OR í erlendu lánasafni Reykjavíkurborgar. Eftirstöðvar

185 Bréf sviðsstjóra framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar og borgarstjóra Reykjavíkurborgar, dags. 25. október 2005.

186 Samningur um sameiningu Fráveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 15. desember 2005.

rammasamningsins ásamt áföllnum vöxtum eru þann 1. janúar 2006 samtals kr. 10.286.528.193, sbr. meðf. yfirlit, fskj. 1. Þessum rammasamningi ásamt 8 lánshlutasamningum, sem undir hann heyra, er hér með sagt upp frá og með 1. janúar 2006. Í stað rammasamningsins yfirtekur OR frá Reykjavíkurborg erlenda lánasamninga að jafngildi 10.286.528.193. Jafnframt yfirtekur OR erlenda lánasamninga að jafngildi ISK. 7.253.306.906 sem er hluti 8 milljarða yfirtöku skulda samkvæmt samningi um sameiningu OR og Fráveitu Reykjavíkurborgar. OR yfirtekur þannig erlenda lánasamninga ásamt afleiðusamningi sem gerður var vegna skuldafans Reykjavíkurborgar og áföllnum vöxtum ...¹⁸⁷

Jafnframt var samhlíða gengið frá samkomulagi um hlutdeild Orkuveitu Reykjavíkur í skuldabréfaflokki með samkomulagi Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur dags. 19. júní 2006. Þar kom fram að samningur um sameiningu Fráveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur hefði falið í sér yfirtöku skulda samtals að fjárhæð 8 milljarða króna, þar af hefði yfirtaka á erlendum lánum verið samtals að jafngildi 7.253 millj.kr. og hlutdeild í innlendum skuldabréfaflokki Reykjavíkurborgar 747 millj.kr. Með samkomulaginu skuldbatt Orkuveita Reykjavíkur sig til að greiða Reykjavíkurborg samtals 747 millj.kr. í samræmi við skráð skuldabréf Reykjavíkurborgar 1. flokki 2005, útgefnuð 10. febrúar 2005, með lokagjaldsdaga 17. febrúar 2025. Voru skuldabréfin tryggð með vísitölu neysluverðs og báru 3,79% vexti. Að auki fylgdi yfirlit yfir þá erlendu lánasamninga sem yfirteknir voru af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur og námu samtals 7.253 millj. kr. við gerð samkomulagsins. Í greinargerð með rekstrarúttekt 2010, dags. 14. ágúst 2010 kemur fram að erlend lán sem yfirtekin voru við sameiningu Fráveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur, þá að fjárhæð kr. 8 milljarðar kr., hafi numið 15,8 milljörðum kr. við gerð rekstrarúttektarinnar.¹⁸⁸

10.4 Samningar um yfirtöku fráveitna í Borgarnesi, á Akranesi og í Borgarbyggð

Samsvarandi samningar voru undirritaðir þann 15. desember 2005 við Borgarbyggð um rekstur fráveitu í Borgarnesi, Varmalandi og Bifröst, við Akraneskaupstað rekstur fráveitu á Akranesi og við Borgarfjarðarsveit um rekstur fráveitu í Reykholti og Hvanneyri. Þessir samningar voru lagðir fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur á fundi hennar 16. desember 2005 og samþykktir þar.¹⁸⁹

Í samningunum var gert ráð fyrir að fráveitur framangreindra sveitarfélaga yrðu sameinaðar undir nafni Orkuveitu Reykjavíkur og að Orkuveita Reykjavíkur myndi framvegis byggja upp og reka fráveitu í Borgarnesi, Varmalandi, Bifröst, Akranesi, Reykholti og Hvanneyri, með þeim réttindum og skyldum sem því fylgdi og fram komu í vatnalögum nr. 15/1923 með síðari breytingum og reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skólp. Fram kom í samningunum að gæða- og öryggismál fráveitnanna yrðu færð til sama horfs og hjá öðrum veitum Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árslok 2010, líkt og fram kom í samningi Orkuveitu Reykjavíkur við sameiningu fráveitu Reykjavíkur við Orkuveituna.

187 Viðauki 1, við samning um Fráveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur dags. 15. des. 2005, dags. 19. júní 2006.

188 Greinargerð með rekstrarúttekt 2010, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 23.

189 Á sama fundi voru einnig lagðar til og samþykktar nauðsynlegar breytingar á reglugerð um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 623/2004, m.a. vegna fráveitunnar.

Ólöf S. Pálsdóttir: „Þegar ákvörðun er tekin um að setja fráveitur eigenda inn í Orkuveituna, var því stillt þannig upp að eignin sem sveitarfélögin settu inn, hreyfði ekki eignahlutföllin. Til þess að það gengi upp þurftum við að yfirtaka lán með fráveitunni í Reykjavík, því verðmæti hennar var hlutfallslega miklu meira en annarra fráveitna, í samanburði við eignarhluti þeirra í OR. Fráveitan í Reykjavík var metin á 20 milljarða, og því yfirtók OR 8 milljarða lán með henni, þannig að nettóeignin var 12 milljarðar, sem samsvaraði 93,54% af heildareignum fráveitnanna, eins og eignarhluti Reykjavíkurborgar í OR. Lánin sem voru yfirtekin frá Reykjavíkurborg voru ekki endilega tekin á sínum tíma út af Fráveitunni, en voru hentug til yfirtöku.“

Guðlaugur G. Sverrisson: „Og það er eitt sem menn gleyma líka, því það er nú alltaf talað um hverslags helvítis vitleysa þetta sé hjá Orkuveitunni. Hún taki erlend lán, og viti ekkert hvað hún er að gera. Málið er að Orkuveitan tók yfir fráveituna frá sveitarfélögunum með áhvilandi erlendum lánum. Hvaða erlendu tekjur eru af fráveitu? ... [Engar] ... Nei, en það er allt í einu Orkuveitan. Hún gerði þetta aldrei, hún bara tók þetta yfir og fór að reka þetta. Þannig að þú veist, að á þessum tíma var bara miklu hagkvæmara, og er ennþá hagkvæmara í rauninni að taka erlent lán, það er bara þannig.“

Eiríkur Hjálmarsson: „Eins og t.d. þessir fráveitusamningar frá sínum tíma. Það var t.a.m. dæmi þar sem menn gera samninga til mjög langs tíma út frá einhverri punktstöðu í fjármögnum Orkuveitunnar. Þar eru menn að taka á sig heilmiklar skuldbindingar á Væsturandi, framkvæmdir sem hafa reynst miklu dýrari en lagt var upp með. Náttúrulega er gengishrun partur af því. Eins og í fyrri tilvikum bregða menn þessu viðskiptamódeli á og Borgarbyggð leggur sína fráveitu inn í Orkuveituna með hinum eigendunum á ákveðnu verði. Og til að sveitarfélagið haldi óbreyttu eignarhlutfalli í fyrirtækinu þá þarf gjaldskráin þar að vera hærri. Þegar menn taka svo ákvörðun um mikla hækkun gjaldskrá fráveitu fyrir ári síðan, þegar þessi aðgerðarætlun er samþykkt, þá láta menn undan þeirri beiðni Borgnesinga, að þeir fái sömu krónutöluhækkun, minnir mig, og hinir. Að því leyti eru menn ennþá á þessum stað með að gjaldskráin haldi verðgildi sínu.“

Í samningi við Borgarbyggð kom fram að lýsing á mannvirkjum fráveitunnar mætti finna í þremur skýrslum, þ.e. skýrslu um fráveitukerfi í Borgarnesi, sem unnin var af Almennu Verkfræðistofunni sem útgefin var í október 2005, skýrslu um fráveitur á Bifröst, unnin af Línuhönnun, verkfræðistofu, sem útgefin var í október 2005 og í skýrslu um fráveitur í Varmalandi, sem unnin var af Línuhönnun, verkfræðistofu, útgefin í nóvember 2005. Þá var í samningi við Borgarfjarðarsveit getið um skýrslu um fráveitur í Reykholti og Hvanneyri sem unnin var af Línuhönnun, verkfræðistofu, og gefin út í október 2005. Ekki var getið um slíka samantekt í samningi við Akraneskaupstað.

Samningarnir voru að öðru leyti nokkuð hliðstæðir þeim samningi sem gerður var við Reykjavíkurborg um sameiningu fráveitna Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur. Við sameininguna var miðað við eftirtalið verðmat:

Framlag Borgarbyggðar með rekstri og eignum

Fráveitu Borgarbyggðar metið til verðs á kr. 98.000.000

Framlag Akraneskaupstaðar með rekstri og eignum

Fráveitu Akraness metið til verðs á kr. 709.000.000

Framlag Borgarfjarðarsveitar með rekstri og eignum

Fráveitu Borgarfjarðarsveitar metið til verðs á kr. 22.000.000

Í samningunum var tekið fram að peningalegar eignir og skuldir fráveitnanna í árslok 2005 hefðu verið yfirteknar af sveitarfélögunum við sameininguna, en eignarhluti Borgarbyggðar í Orkuveitu Reykjavíkur (0,761%), Akraneskaupstaðar (5,528%) og Borgarfjarðarsveitar (0,172%) breyttist ekki að því gefnu að aðrir eigendur Orkuveitu Reykjavíkur legðu inn eignir í sömu hlutföllum. Í samningi við Akraneskaupstað var sérstaklega tekið fram um eignarhlutföll eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, að Orkuveita Reykjavíkur ásamt öðrum eigendum en Akraneskaupstað og Reykjavíkurborg myndu nota tímamótum 2005/2006 til þess að semja um sameiningu fráveitna þeirra við Orkuveitu Reykjavíkur. Tækist það ekki, þannig að breyta þyrfti eignarhlutföllum í Orkuveitu Reykjavíkur, var kveðið á um að boðað yrði til eigendafundar þar sem eignarhlutföllunum yrði breytt. Svo sem að framan greinir kom þó ekki til þess.

Í framangreindum samningum eru gerðir sömu fyrirvarar og í samningnum við Reykjavíkurborg, þannig að framangreint miðaðist við þær forsendur að ekki yrði um auknar fjárfestingar eða rekstrarkostnað að ræða vegna breyttra laga og reglugerða, eða annars rekstrarumhverfis veitunnar. Ef breytingar yrðu sem rekja mætti til breyttra laga og reglugerða voru samningsaðilar sammála um að semja um endurskoðun á innri gjaldskrá fráveitnanna. Samningarnir voru jafnframt ótímabundnir og ekki uppsegjanlegir fyrir en 1. janúar 2025, en eftir það uppsegjanlegir með fjögurra ára fyrirvara, en þó fyrir með samþykki beggja samningsaðila.

Þegar samningar um sameiningu Orkuveitu Reykjavíkur við framangreind sveitarfélög voru lagðir fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum. Á fundi stjórnar lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks hins vegar fram eftirfarandi bókun vegna „kaupa OR á fráveitum“:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins treysta því að arðsemissjónarmið liggja til grundvallar við þessa fjárfestingu OR og samþykkingu kaupin með þeim fyrirvara. Fulltrúar sjálfstæðismanna vilja vekja athygli á því að enn og aftur er gengið frá samningum og þeir kynntir í fjölmiðlum áður en stjórn hefur fjallað um þá og samþykkt. Einnig eru gögn send til stjórnarmanna með mjög stuttum fyrirvara þvert á það sem samþykkt hefur verið.“¹⁹⁰

Auk þess var af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur óskað eftir því að fyrir stjórn yrði lögð greinargerð um fráveitu, nánar tiltekið var óskað eftir upplýsingum um eftirtalin atriði:

„Yfirlit yfir framkvæmdaáætlun fyrir Fráveitu í Reykjavík, Akranesi, Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit sundurliðað eftir sveitarfélögum. Hvaða forsendur liggja fyrir þegar ákvörðun er tekin um að sinna fráveitumálum í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík? Stendur til að sinna fráveitumálum fyrir þau nágrannasveitarfélög Reykjavíkur sem OR þjónar með aðrar veitur? Arðsemisútreikninga fyrir fráveitur í fyrrnefndum sveitarfélögum.“¹⁹¹

Erindinu var svarað á næsta fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, með því að lagt var fram minnisblað Jakobs S. Friðrikssonar dags. 10. janúar 2005 (svo dagsett, en virðist eiga að vera 10. janúar 2006) til Hjörleifs Kvaran, en minnisblaðinu fylgdu skýrslur og yfirlit yfir framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna, þ.e. eftirtalin gögn:

„Framkvæmdaáætlun fyrir fráveitu í Reykjavík sem byggð var á þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar um framkvæmdir ásamt skýrslu Línuhönnunar um holræsakerfi í Reykjavík frá febrúar 2003. Framkvæmdaáætlun fráveitnanna utan Reykjavíkur sem byggði á úttekt Almennu Verkfræðistofunnar á Akranesi og Borgarnesi annars vegar og úttektum Línuhönnunar á Bifröst, Varmalandi, Reykholti og Hvanneyri hins vegar. Í úttektunum var ástand fráveitnanna metið og lagt mat á hvaða aðgerðir þyrfti til að ná markmiðum mengunarvarnareglugerðar.“¹⁹²

Til framangreindra skýrslna var vísað í framangreindum samningum og lágu þær fyrir við samningsgerðina. Þeirri spurningu um hvaða forsendur hefðu legið fyrir þegar ákvörðun var tekin um að sinna fráveitumálum í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík, var svarað með eftirfarandi hætti:

„Öðrum eigendum Orkuveitunnar en Reykjavíkurborg var boðið að leggja inn sínar fráveitur sem eigið fé, á sömu forsendum og Reykjavíkurborg, með sjóðstreymisgreiningu þar sem tekið var tillit til tekna, gjalda og fjárfestinga. Til að halda óbreyttum eignahlut voru tekjurnar notaðar til afstemmingar. Innri gjaldskrá fráveitu er sú sama í Reykjavík og á Akranesi en hærri í Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit.“

Auk þess var tekið fram að viðræður stæðu þá yfir við Seltjarnarnesbæ um aðkomu Orkuveitu Reykjavíkur að rekstri fráveitunnar þar, auk þess sem í gildi væri samningur við Garðabæ, Kópavog og Mosfellsbæ um samrekstur

190 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. desember 2005.

191 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. desember 2005.

192 Minnisblað, dags. 10. janúar 2006.

á hluta holræsakerfis. Þá fylgdu með minnisblaðinu arðsemisútreikningar fyrir fráveiturnar, þ.e. vegna Reykjavíkurborgar, Akranesskaupstaðar og Borgarbyggðar/Borgarfjarðarsveitar fyrir árin 2005–2050. Þar var gerð ávöxtunarkrafa eigin fjár 1% og 2,88% vegna meðalfjármagnskostnaðar, en gengið út frá þeirri forsendu að vöxtur tekna yrði að jafnaði 1,2%. Auk rekstrarkostnaðar var í áætlun vegna Reykjavíkurborgar áætlaður fastur árlegur kostnaður vegna endurnýjunar fráveitu, viðhalds og uppbyggingu safnkerfis, auk fóðrunar, sem var áætlaður fram til ársins 2021. Í áætlun vegna fráveitu á Akranesi var hins vegar gert ráð fyrir töluverðri aukinni fjárfestingu vegna reglna um mengunarvarnir, á árunum 2006–2008, eða um 57 millj.kr. kr. árið 2006, og 290 millj.kr. bæði árin 2007 og 2008 (byggt á áætlun Almennu verkfræðistofunnar og gerð grein fyrir frávikum auk þess sem til tekna myndi reiknast endurgreiddur virðisaukaskattur). Í áætlun vegna Borgarbyggðar og Borgarfjarðarsveitar var gert ráð fyrir töluverðri endurnýjun lagna á árabílinu 2006–2015. Þar má nefna að áætlað var að fjárfesta fyrir 139 millj.kr. árin 2007 og 2008 vegna nýrra reglna um mengunarvarnir.

Í greinargerð með rekstrarúttekt 2010, dags. 14. ágúst 2010 kemur fram að til þess að halda óbreyttum eignahlutföllum eigenda hafi verið um það samið að fráveitugjöld í Borgarbyggð yrðu hærri en í Reykjavík.¹⁹³ Þá kemur fram á sama stað eftirfarandi um mat það sem fram fór við yfirtöku eigna fráveitunnar:

„Við mat á virði fráveitna eigenda OR var ein af forsendum sú að arðsemiskrafa eigin fjár yrði 1%. Þetta leiddi af sér meðalfjármagnskostnað 2,88%. Í stefnumótun stjórnar frá 30.12.2009 er hins vegar sett fram stefna um 5% arðsemi fráveitna.“¹⁹⁴

10.5 Kaup á veitum

Samningur um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á fráveitukerfi Faxaflóahafna var samþykktur á stjórnarfundum Orkuveitu Reykjavíkur þann 28. nóvember 2006. Með samningnum voru keypt lagnakerfi fráveitukerfisins, sem og öll mannvirki þess, eins og nánar var gerð grein fyrir í viðauka með samningnum. Kaupverðið 159 millj.kr. átti að greiðast innan 30 daga frá undirritun samningsins. Var miðað við að Orkuveita Reykjavíkur myndi annast málefni fráveitu á hafnarsvæði Faxaflóahafna innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur en að Reykjavíkurborg myndi áfram setja viðskiptavinum fráveitunnar gjaldskrá. Nánar yrði samið milli Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar um greiðslur Reykjavíkurborgar fyrir uppbyggingu og rekstur fráveitunnar, en að öðru leyti var að meginstefnu til fylgt ákvæðum samnings um sameiningu Fráveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur frá 15. desember 2005.

Þann 10. febrúar 2006 var gerður samningur milli Orkuveitu Reykjavíkur, Innri Akraneshrepps og fyrirtækisins Stafna á milli ehf. um uppbyggingu og rekstur fráveitu, gagnaveitu, hitaveitu og vatnsveitu í landi Kross í Innri Akraneshreppi. Tók samningurinn einungis til uppbyggingar og rekstur veitna í skipulögðu landi Kross í Innri Akraneshreppi, milli Innesvegur og strandar, norðan Krosshóls. Um fráveitu var tekið fram að Orkuveita Reykjavíkur tæki að sér rekstur og uppbyggingu fráveitu eins og fram kæmi í vatnalögum nr. 15/1923 með síðari breytingum og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Sem endurgjald áttu greiðslur Innri-

193 Greinargerð með rekstrarúttekt 2010, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 23.

194 Greinargerð með rekstrarúttekt 2010, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 23.

Akranesshrepps til Orkuveitu Reykjavíkur vegna fráveitunnar að miðast við flatarmál og fjölda fasteigna, og verða fast gjald á hverja matseiningu 3.222,8 kr. og breytilegt gjald á hvern fermetra matseiningar 124,4 kr. Þá væri stofngjald á hverja nýja einingu 230 þús.kr., en í samningnum var jafnframt að finna sérstakt endurskoðunarákvæði. Þá var tekið fram að gjaldskrá fráveitu væri miðuð við byggingarvísitölu október mánaðar 2005, en að allar breytingar umfram vísitölu þyrfti að semja sérstaklega. Var samningurinn ótímaundinn, en Orkuveitu Reykjavíkur var þó heimilt að segja honum upp að fimmtán árum liðnum.

Til viðbótar var gerður samningur um yfirtöku á fráveitu Sveitarfélagsins Álftaness. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 25. janúar 2007 var lagður fram samningur Orkuveitu Reykjavíkur og Sveitarfélagsins Álftaness dags. 25. janúar 2007 um kaup, uppbyggingu og rekstur fráveitu Álftaness. Í samningnum var tekið fram að Orkuveita Reykjavíkur tæki við rekstri fráveitu Álftaness frá og með 1. janúar 2007, og sæi um lagningu allra fráveituaða, uppbyggingu dælu- og hreinsistöðva og allra mannvirkja sem fráveitunni tengdust, svo og viðhald, rekstur og endurnýjun allra lagna og mannvirkja hennar. Við gerð samningsins lágu tvær skýrslur um ástand fráveitukerfisins, þ.e.:

Fráveita Bessastadahrepps, heildaráætlun, Gunnars Váls Gíslasonar (fyrirverandi bæjarstjóra) frá 1996.
Fráveita Bessastadahrepps, framkvæmdaáætlun, VSÓ, 2003

Kaupverð fráveitunnar var ákveðið 57,5 millj.kr. og átti að greiðast í tvennu lagi og að fullu innan 30 daga frá undirritun kaupsamningsins. Var kaupverðið miðað við það að skuldir veitunnar yrðu eftir í sveitarfélaginu. Að auki var í samningnum sérstakt ákvæði um að Orkuveita Reykjavíkur tæki þátt í uppbyggingu Menningar- og náttúruseturs á Álftanesi með fjárframlagi að fjárhæð 10 millj.kr. Yrði af einhverjum ástæðum ekki af byggingu setursins, ætti fjárhæðin að renna til umhverfisfræðslu Álftanesskóla. Í bókum Orkuveitu Reykjavíkur var kaupverð veitunnar hins vegar sagt vera 57,5 millj.kr., en fjárframlagið fært í bækur Orkuveitu Reykjavíkur sem styrkur.

Í samningnum var að finna sama fyrirvara og í öðrum samningum um yfirtöku fráveitu. Samningurinn miðaðist við þær forsendur að ekki yrði um auknar fjárfestingar eða rekstrarkostnað að ræða vegna breyttra laga og reglugerða. Ef breytingar yrðu sem rekja mætti til breyttra laga og reglugerða voru samningsaðilar sammála um að semja um endurskoðun á innri gjaldskrá fráveitnanna. Samningurinn var jafnframt ótímabundinn og ekki uppsegjanlegur fyrr en 1. janúar 2026, en eftir það uppsegjanlegur með fjögurra ára fyrirvara, en þó fyrr með samþykki beggja samningsaðila.

Fráveitugjaldskrá Álftaness var nokkuð hærri en fráveitugjaldskrá annarra þeirra sveitarfélaga sem höfðu sameinast Orkuveitu Reykjavíkur, en í samningnum var ákveðið að láta hærri fráveitugjaldskrá Álftaness halda sér og var gert ráð fyrir því að samkomulag aðila þyrfti til þess að breyta innri gjaldskrá fráveitunnar. Var einnig kveðið á um hvernig greiðslum sveitarfélagsins Álftanes ætti að vera háttað í 7. gr. samningsins, og var miðað við jafnar mánaðarlegar greiðslur til Orkuveitunnar á samningstímabilinu.

Samþykkt var að rifta samningnum við sveitarfélagið Álftanes á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 10. janúar 2011, á grundvelli greinargerðar forstjóra dags. 7. janúar 2011. Kom fram í bókun stjórnar að samningnum væri rift vegna verulegra vanefnda sveitarfélagsins Álfta-

Haukur Leósson: „, *Svo lentum við í því að kaupa fráveituna af Álfnesingum. Það var bara til koma þessu frá þeim, þeir gátu ekki gert það sjálfir. Það var einsker góðmennska af borgarfulltrúum og öðrum. Þetta var sameiginleg ákvörðun. Menn vissu það að þetta var þetta var enginn bisness.“*

„Dómsátt sem gengið var frá á milli Orkuveitu Reykjavíkur og Álftaness felur í sér um 30% afskrift af kröfu OR. Engu að síður telur fyrirtækið dómsáttina sér í hag. ... Málið nær til ársins 2007 en í janúar það ár eignaðist Orkuveita Reykjavíkur fráveitu Álftaness. Árið 2009 urðu hins vegar vanskil á greiðslum sveitarfélagsins til OR og var upphæðin komin upp í 90 milljónir króna í árslok 2010. Í frétt á vef Orkuveitunnar segir að Álftanes hafi innheimt fráveitugjald af íbúum en það ekki nummið til OR. Fór svo að Orkuveitan rifti samningi um kaup á veitunni og hætti afskiptum af rekstri hennar í ársbyrjun 2011. Dómsáttin felur í sér að Álftanes greiddi 30 milljónir króna í desember síðastliðnum og greiðir aðrar 30 milljónir í maí næstkomandi. Þar með eignast Álftanes fráveituna að nýju. Út af borðinu standa 30 milljónir sem verða afskrifaðar. Orkuveitan segir afskriftarhlutfallið sambærilegt og aðrir kröfuhafar hafi samþykkt við fjárhagslega endurskipulagningu Álftaness. Þá segir að Orkuveitan meti það sem svo, að dómsáttin sé fyrirtækinu í hag, enda séu miklar fjárfestingar framundan í fráveitu Álftaness sem hefðu að óbreyttu leitt til tapreksturs á veitunni um langa framtíð.“

Frétt á mbl.is 6. febrúar 2012, http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/02/06/afskrift_orkuveitunni_i_hag/

1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009.

„Stjórn fráveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 13. og 14. gr.

Miða skal við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, viðtakarannsóknnum og vöktun og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtíma-áætlun veitunnar. Heimilt er að ákveða hámark og lágmark fráveitugjalds miðað við rúmmál húseigna. Enn fremur er heimilt að miða fráveitugjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar eða notkunar fasteignar.“

ness á greiðslum til Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt samningnum. Í greinargerð forstjóra til stjórnar dags. 7. janúar 2011 kom m.a. fram að ágreiningur aðila stæði um hvort Orkuveita Reykjavíkur hefði átt að ráðast í framkvæmdir á fráveitukerfi Álftaness, en í skýrslu fjárhaldsstjórnar Álftaness frá 13. desember 2010 hefðu komið fram þau sjónarmið að endurskoða þyrfti samning Álftaness við Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem með hliðsjón af lágu söluverði eigna og þeim tekjum sem Orkuveita Reykjavíkur hefði árlega haft af fráveitunni, yrði að ætla að gert hefði verið ráð fyrir miklum framkvæmdum við samningsgerðina sem ekki hefði verið ráðist í af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur. Var það meðal annars lagt til af hálfu fjárhaldsstjórnar sveitarfélagsins að kannað yrði hvort samið yrði um bætur vegna frestunar á framkvæmdum, en slíkar bætur ættu að geta mætt skuldum sveitarfélagsins við Orkuveitu Reykjavíkur.

Í erindi forstjóra til stjórnar kom fram að í samningi um yfirtöku fráveitu Álftaness hefði ekki verið að finna ákvæði sem tiltæki hvenær ráðast skyldi í framkvæmdir og því væri á því byggt af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að ekki hefði verið samið um að þær hefði átt að framkvæma á tilteknum tíma. Því væri um verulega vanefnd að ræða á samningi aðila af hálfu sveitarfélagsins Álftaness, og næmi skuld sveitarfélagsins við Orkuveitu Reykjavíkur nú um 90 millj.kr. Auk þess næmu gjöld Orkuveitu Reykjavíkur umfram tekjur af samningi um yfirtöku fráveitu Álftaness frá upphafi 5 millj.kr. (en þar var með talinn kostnaður vegna kaupa veitunnar), auk þess sem gera mætti ráð fyrir kröfu verktaka vegna samnings um framkvæmdir við sjólögn, allt að 20 millj.kr.

Í tengslum við endurskoðun ársreikninga Orkuveitu Reykjavíkur árið 2011 var tekið fram af hálfu lögfræðings Orkuveitunnar,¹⁹⁵ að Orkuveita Reykjavíkur myndi á næstu dögum stefna Sveitarfélaginu Álftanesi til staðfestingar riftunar á samningi aðila um kaup, uppbyggingu og rekstur fráveitu Álftaness og til greiðslu á ógreiddum kröfum Orkuveitu Reykjavíkur, að fjárhæð u.þ.b. 90 millj.kr. Lauk þeim málaferlum með dómsátt þann 22. nóvember 2011, þar sem Álftanesi var gert að greiða Orkuveitu Reykjavíkur 60 millj.kr. auk þess sem sveitarfélagið tók aftur við rekstri fráveitunnar án greiðslu frá og með 1. janúar 2011, og féll samhliða niður samningur dags. 25. janúar 2007. Jafnframt var tekið fram að niður félli styrkur Orkuveitunnar til Menningar- og náttúruseturs á Álftanesi að fjárhæð 10 millj.kr.

10.6 Gjald fyrir þjónustu fráveitna

Eftir yfirtöku fráveitna innheimtu sveitarfélögin bæði vatns- og fráveitugjöld samhliða innheimtu fasteignaskatta, eins og kveðið var á um í samningum sem gerðir voru um sameininguna. Í greinargerð með rekstrarúttekt 2010 dags. 14. ágúst 2010 kemur fram að árið 2009 hafi hafist vinna Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar til að hafa eftirlit með álagningargrunni fasteigna í Reykjavík, til þess að tryggja að álagningargrunnur tekna væri réttur.¹⁹⁶ Samkvæmt lögum nr. 9/2009 ber stjórn fráveitu að setja sér gjaldskrá þar sem fjallað er um greiðslu og innheimtu fráveitugjalda, en í 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna kemur fram til hvaða rekstrarþátta taka má tillit við ákvörðun gjaldsins.

Fram kom jafnframt að innheimtukostnaður sem Orkuveitu Reykjavíkur væri gert að greiða til sveitarfélagana vegna innheimtu gjaldanna væri um

195 Elín Smáradóttir: Bréf, dags. 11. febrúar 2011

196 Greinargerð með rekstrarúttekt, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 53.

40 millj.kr. á ári hverju. Talið var að Orkuveita Reykjavíkur myndi hafa hagræði af því að innheimta gjöldin beint og milliliðalaust. Annars vegar myndi innheimtukostnaður lækka (að gefinni þeirri forsendu að Orkuveita Reykjavíkur fengi að innheimta tilkynningar- og greiðslugjald samhliða útsendingu greiðsluseðla) og hins vegar myndi Orkuveitan fá stjórn á innheimtunni, fá sjóðstreymi milliliðalaust og geta notið fjármagnstekna.¹⁹⁷

Á Akranesi, Borgarbyggð og Álftanesi var gjaldskránni þannig háttað að innheimt var fast gjald vegna hveirrar matseiningar og svo breytilegt gjald sem byggði á fermetrafjölda hveirrar matseiningar. Í Reykjavík háttaði því þó þannig til að Reykjavíkurborg innheimti fráveitugjald sem hlutfall af álögðum fasteignagjöldum, en greiddi svo Orkuveitu Reykjavíkur til samræmis við framangreinda aðferð (þ.e. fast gjald vegna hveirrar matseiningar annars vegar og svo breytilegt gjald byggt á fermetrafjölda hins vegar). Þessar fjárhagslegu stærðir voru hins vegar ekki jafn- háar, og leiddu m.a. til þess að Reykjavíkurborg greiddi Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2010 um það bil 300 millj.kr. umfram það sem innheimt var.¹⁹⁸

Á árinu 2009 var síðan samþykkt ný gjaldskrá fráveitu sem tók gildi árið 2010. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur nú sett sérstaka gjaldskrá vegna fráveitu og hefur jafnframt tekið yfir innheimtu fráveitugjalda. Verðskráin er sett með heimild í 14. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu og gildir hún frá 1. janúar 2012. Áður hafði stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hækkað gjaldskrá fráveitu um 45%, sem hluta af aðgerðaráætlun fyrirtækisins, á fundi stjórnar þann 23. mars 2011. Áður höfðu sveitarfélögin lýst því yfir að þau féllu frá ákvæðum um gjaldtöku í samningum þeim sem gerðir voru við yfirtöku fráveitunnar með samningum frá desember 2005. Í því samhengi ber jafnframt að geta þess að á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 15. desember 2010 var jafnframt samþykkt að taka upp nýja reiknireglu vegna vatns- og fráveitugjalda, en einn stjórnarmaður sat hjá við afgreiðslu málsins.

Tillaga um sérstakt aukafráveitugjald var lögð fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 8. október 2010. Var afgreiðslu tillögunnar frestað og óskað upplýsinga um hvort önnur sveitarfélög innheimtu aukafráveitugjald og hvaða fyrirtæki kæmu til með að greiða gjaldið. Þá var einnig óskað eftir samantekt um sjónarmið þeirra hagsmunaaðila sem fram höfðu komið við meðferð frumvarps til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitu. Auk þess óskaði stjórnarmaðurinn Kjartan Magnússon að leitað yrði umsagnar Samtaka atvinnulífsins sem og Samtaka iðnaðarins um tillöguna áður en hún yrði tekin til afgreiðslu stjórnar. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 22. október 2010 var lögð fram á ný tillaga um innheimtu sérstaks aukafráveitugjalds, sem byggð var á grunni tillögu forstjóra dags. 14. október 2010 ásamt nánari upplýsingum sem óskað var eftir á fundi 8. október 2010. Á fundinum urðu umræður um gjaldið og þar sem m.a. var rætt um hvort gengið hefði verið úr skugga um að laga- legur grundvöllur tillögunnar væri traustur og hvort tillagan byggðist á því að stærstu notendur fráveitukerfisins stæðu undir kostnaði af rekstri þess í samræmi við það svo hann dreifðist ekki á almenna notendur umfram það sem eðlilegt væri, og staðfesti forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur að svo væri. Var fundi svo frestað, en stjórnin kom aftur saman mánudaginn 25. október 2010 þar sem tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn

Björn Ingi Hrafnsson: „En það er erfiðara að samþykka slíkar hækkunir ef þú ert nánast viss um það að minnihlutinn á hverjum tíma muni nota það gegn þér eða í pólitískum skyldingum. Þá fara menn að hugsa pólitískt um ákvarðanir stjórnarinnar í staðinn fyrir að hugsa það faglega hvað er best fyrir fyrirtækin. Það er hættan að það gerist, það segir sig sjálf.“

197 Greinargerð með rekstrarúttekt, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 54.

198 Greinargerð með rekstrarúttekt, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 54.

atkvæði Kjartans Magnússonar, en Sóley Tómasdóttir sat hjá. Af því tilefni lét Kjartan Magnússon bóka að:

„Undirritaður telur vafa leika á að traustur lagagrundvöllur sé fyrir álagningu svokallaðs „aukafráveitugjalds“ með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í tillögu þessari. Æskilegt hefði verið að slíkur laga-grundvöllur hefði verið skoðaður betur, m.a. með tilliti til meðal-hófsreglu og sanngirnissjónarmiða. Ekki er nægilega skýrt hvaða áhrif umrædd gjaldtaka hefur á atvinnulífið, hvaða atvinnustarfsemi hafi hag af henni og á hvaða starfsemi álögur muni þyngjast. Þá harmar undirritaður að ekki hafi verið orðið við beiðni hans, sem lögð var fram á stjórnarfundi 8. október sl., um að leitað yrði eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins, vegna til-lögu um álagningu „aukafráveitugjalds“ áður en hún kæmi til af-greiðslu stjórnar OR. Samkvæmt 1. málsgrein 14. greinar laga nr. 9/2009 er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum, sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélags. Skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta gjald vegna losunar miðað við inn-rennsli vatns skv. mæli þar sem frárennsli er veitt frá atvinnustarfsemi eða vegna annars en venjulegra heimilisnota. Ekki verður séð að heimilt sé að leggja tvenns konar gjald á sama notanda, þ.e. bæði miðað við stærð fasteignar og einnig miðað við notkun. Lögín mættu reyndar vera skýrari hvað gjaldtökuheimildir snertir en þó er ljóst að fráveitugjald er þjónustugjald, sem ekki er heimilt að sé hærra en sá kostnaður, sem til fellur, við að veita þjónustuna og leggi ekki þyngri byrðar á tiltekinn hóp notenda, t.d. sundlaugar í eigu sveitarfélaga og annan atvinnurekstur, nema ljóst sé að rekstraraðili fráveitu beri meiri kostnað af þeim hópi en öðrum notendum þjónustunnar. Í 14. gr. laganna kemur heitið „aukafráveitugjald“ hvergi fyrir. Í 3. mgr. kemur þó fram skýr heimild til að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli tiltekins gjaldskylds aðila er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða við fráveitukerfi, svo sem ef losun fer yfir skilgreind losunarmörk. Ekki virðist þó vera um það að ræða í þessu tilviki, enda virðist ætlunin að leggja hið svokallaða „aukafráveitugjald“ á atvinnurekstur, óháð mengunarstigi.“¹⁹⁹

Á sama fundi lét stjórnarmaðurinn Sóley Tómasdóttir bóka að:

„Fulltrúi Vinstri grænna telur ekki útséð að aukafráveitugjald hafi þau áhrif sem því er ætlað, enda liggja ekki fyrir upplýsingar um hvernig það kemur til með að snerta sveitarfélögin á svæðinu. Betur hefði farið á því að áhrifin lægju fyrir með skýrum hætti, enda er sú hætta fyrir hendi að aðgerðirnar hafi áhrif á þjónustu eða gjaldskrár sveitarfélaga.“²⁰⁰

Samkvæmt skýringum við gjaldskrána hefur hækkun á veitusvæði III ekki enn tekið gildi, og er innheimt gjald það sama og á svæðum I og II út árið 2015. Helgast það af því að veituframkvæmdum í Borgarbyggð hefur verið frestað og er með því komið til móts við íbúa svæðisins. Gjaldskráin er nú þessi:

199 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 22. október 2010, framhaldið þann 25. október 2010.

200 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 22. október 2010, framhaldið þann 25. október 2010.

Svæði	Sveitarfélag	Fast gjald	Grunnur	Breytilegt gjald	Grunnur
Veitusvæði I (var 1.5 -31.12.2011)	Reykjavík	8.263,17 7.465,37	kr/matseining/ári kr/matseining/ári	318,95 288,16	kr/m ² /ár kr/m ² /ár
Veitusvæði II (var 1.5 -31.12.2011)	Akranes	8.263,17 7.465,37	kr/matseining/ári kr/matseining/ári	318,95 288,16	kr/m ² /ár kr/m ² /ár
Veitusvæði III (var 1.5 -31.12.2011)	Borgarbyggð	10.948,69 9.891,60	kr/matseining/ári kr/matseining/ári	422,54 381,74	kr/m ² /ár kr/m ² /ár

10.7 Framkvæmdir eftir yfirtöku fráveitna

Orkuveita Reykjavíkur hefur lagt út í nokkurn kostnað vegna framkvæmda við fráveitur, bæði í Reykjavík og í þeim fráveitum sem fyrirtækið tók yfir. Grein er gerð fyrir þessum framkvæmdum við fráveitur í greinargerð stjórnenda með rekstrarúttekt 2010 dags. 14. ágúst 2010. Þar kemur fram að í framhaldi af samningum við sveitarfélögin um yfirtöku fráveitu hafi vinna hafist við undirbúning að viðhaldi og endurnýjun fráveitukerfa þeirra.²⁰¹ Í upphafi hafi verið um að ræða fráveitukerfin á Akranesi, Borgarnesi og á Kjalarnesi, en síðar hafi fráveitukerfið á Álftanesi bæst við. Gerður hafi verið marksamningur í júní 2006 um hönnunarumsjón og verkfræðiráðgjöf við Almennu verkfræðistofuna, Rafhönnun og Arkitekta Gunnars og Reynis vegna þessara framkvæmda. Þegar hönnun og kostnaðaráætlun hafi legið fyrir hafi verkið verið sett í útboð, en helstu skuldbindandi samningar sem lágu fyrir við gerð rekstrarúttektarinnar voru:

Verkkaupi	Verk	Samningsfjárhæð	Verklök
Ístak	Hreinsi- og dælustöðvar	2.637 (mkr.)	desember 2011
Ístak	Sjólagnir	747 (mkr.)	desember 2011
Varmaverk	Dælu- og hreinsibúnaður	924 (mkr.)	desember 2011

Ennfremur segir í greinargerð stjórnenda með rekstrarúttektinni að eftir hrúnið hafi verið samið við ofangreinda verktaka um að fresta framkvæmdum, og að viðræður hafi hafist um að fresta þeim enn frekar.²⁰²

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. maí 2008 var lagt fram og samþykkt erindi forstjóra dags. 16. maí 2008 um tilboð í fráveitukerfi, á Akranesi, Borgarnesi og Kjalarnesi. Var það gert á grundvelli útboðs, og bærust þrjú tilboð. Lægst þeirra var frá Ístaki að fjárhæð 1.714 millj. kr., sem var 15,26% yfir kostnaðaráætlun. Var tilboðið samþykkt á fundi stjórnarinnar. Tilboð Ístaks um framkvæmdir við fráveitukerfi, sjólagnir á Akranesi, í Borgarnesi og á Kjalarnesi samtals að fjárhæð 597 millj.kr. var síðan samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 15. ágúst 2008. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. ágúst 2009 var svo samþykkt að fela forstjóra að ganga til samninga við þau sveitarfélög þar sem Orkuveita Reykjavíkur annast rekstur fráveitu, um gerð viðaukasamninga er breyti gildandi samningum vegna þeirra breytinga sem orðið hefðu á lagaumhverfi fráveitna.

201 Úr ríkissjóði er greitt framlag vegna framkvæmda við fráveitur, á grundvelli laga nr. 53/1995 um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum. Yfirlit yfir greiddan styrk árána 1996-2008 má sjá í svari umhverfisráðherra við skriflegri fyrirspurn þingmannsins Kristins H. Gunnarssonar. 136. löggjafarþing, þingskjal 913, 272. mál. <http://www.althingi.is/altext/136/s/0913.html>

202 Greinargerð með rekstrarúttekt, dags. 14. ágúst 2010, bls. 44. Frétt á vefslóð visir.is, frá 25. nóvember 2008 <http://www.visir.is/dregid-ur-framkvamdahrada-vid-fraveitur/article/2008765288246>

Í reynd hefur kostnaður við fráveitur numið hærri fjárhæðum en gert var ráð fyrir við yfirtöku Orkuveitu Reykjavíkur á fráveitum Reykjavíkur, Akraness og Borgarness á árinu 2006, sem hafði þá verið áætlaður tæpur milljarður. Heildarkostnaður vegna framkvæmda var áætlaður árið 2010 nema 5,9 milljörðum króna, en þar af hafa verið greiddar um 3 milljarðar króna.²⁰³ Fjármögnun til framkvæmdanna hafði á þeim tíma ekki verið tryggð, en í tengslum við vinnu við fjármögnun þeirra hafði verið lögð fram umsókn um lán hjá Þróunarbanka Evrópu (CEB) til að fjármagna helming kostnaðarinnar. Fram kom í greinargerðinni að fráveitufamkvæmdir á Álftanesi fylgdu fráveitufamkvæmdum á Vesturlandi, en í ágúst 2010 hafði 94 millj.kr. verið varið til fjárfestingar í fráveitukerfi Álftaness.

10.8 Ályktanir og niðurstöður

Að framan hefur verið fjallað um fráveitu Orkuveitu Reykjavíkur og eins og fram kom hefur fráveita verið á starfssviði Orkuveitunnar frá árinu 2006. Heildartekjur Orkuveitunnar af fráveitustarfsemi á tímabilinu hafa verið nokkuð stöðugar þrátt fyrir að hafa lækkað seinustu tvö árin og nema 14.963 millj.kr. samtals á öllu tímabilinu á meðalverðlagi ársins 2010. Eitt af því sem hefur verið nefnt sem skýring á lækkun tekna hefur verið lækkun stofngjalda á milli árána 2008 og 2009. Samdráttur tekna á tímabilinu hefur numið 3% ef tekjur ársins 2005 eru fluttar á meðalverðlag ársins 2010. Nafnvöxtur tekna á tímabilinu nemur 36% sem er svipuð hækkun verðlags á sama tíma, sem nam 37%, og einnig svipaður aukningu fjárbindingar í varanlegum rekstrarfjármunum sem nam 38%. Af þessu er ljóst að tekjur fráveitu hafa fylgt bæði fjárfestingum og verðlagi.

Heildarrekkstrargjöld tengd fráveitustarfsemi hafa farið heldur lækkandi á tímabilinu og nema samtals 11.127 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Rekstrargjöld í hlutfalli af tekjum hafa verið nokkuð stöðug og nema að meðaltali 74% af tekjum, samanborið við 83,3% fyrir fyrirtækið í heild sinni. Rekstrargjöld ársins 2011 nema 2.243 millj.kr. samanborið við 1.970 millj.kr. á árinu 2010 og hafa því hækkað á milli ára.

Þar sem rekstrartekjur eru hærri en rekstrargjöld allt tímabilið er rekstrarafkoman að sama skapi jákvæð allt tímabilið, sem sýnir fram á stöðugan og traustan rekstur miðilsins. Rekstrarafkoman samtals á tímabilinu nemur 3.837 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 sem þýðir að Orkuveitan hefur haft þá afkomu af miðlinum án tillits til fjármagnsliða og tekjuskatts.

Fjárfestingar á tímabilinu nema samtals 8.789 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og hafa þær skilað nokkuð stöðugri arðsemi og er arðsemin að meðaltali 4,7% á tímabilinu, samanborið við meðalarðsemi fyrirtækisins í heild sem er 3%. Arðsemin er því yfir meðalarðsemi fyrirtækisins en samt undir arðsemismarkmiðum í fráveitu, sem eru sögð 5%. Það vakti athygli úttektarnefndarinnar að arðsemismarkmiðið við yfirtöku fráveitna á árinu 2006 nam 2,88% og Orkuveitan er með hærri arðsemismarkmið eða 5% og því ber þessu ekki saman. Líkleg skýring sem studd hefur verið með viðtölum er sú að stjórnendum þótti ljóst að arðsemi upp á 2,88% dygði ekki fyrir fjármagnskostnaði og því hafi þurft að hækka markmiðið. Ljóst er samt að þrátt fyrir að 5% markmiðið næðist dugir það ekki til að standa undir fjármagnskostnaði eins og hann hefur verið sögulega, þar sem kostnaður við lánsfé hefur verið 7,83% og kostnaður við eigið fé frá 2,4% til 3,8%. Við samanburð á arðsemi og fjármagnskostnaði þarf eins og áður að hafa í huga að stór hluti þess gengismunar, sem færður hefur verið til

203 Greinargerð með rekstrarúttekt, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 23.

gjalda er óinnleystur og getur snúist við að hluta ef íslenska krónan styrkist aftur. Það vakti eins og áður athygli úttektarnefndarinnar að ekki virðist hafa verið horft til raunverulegs fjármagnskostnaðar og áhættu tengdri fjármögnun í erlendri mynt við mat á fjárfestingum og einnig virðist ekki hafa farið fram mat á arðseminni eftir á.

Eins og getið var að framan voru yfirteknar skuldir að fjárhæð 8 milljarðar við samruna á Fráveitu Reykjavíkur, en þær standa nú í tæpum 16 milljörðum. Í viðtölum úttektarnefndarinnar hefur verið bent á í þessu sambandi að tekjur fráveitunnar eru allar í íslenskum krónum en á móti kemur að við yfirfærslu skuldanna urðu þær hluti af skuldum Orkuveitunnar og þar með undir skuldastýringu fyrirtækisins.

Í þessum kafla hefur verið fjallað um yfirtöku Orkuveitu Reykjavíkur á fráveitum eigenda fyrirtækisins og kaupum á fráveitum annarra sveitarfélaga. Þessir samningar voru allir bornir undir stjórn fyrirtækisins og samþykktir þar. Að mati úttektarnefndarinnar skortir þó á frekari upplýsingar um rekstrarlegar ástæður þess að framangreindar ákvarðanir voru teknar, þó sérstaklega kaup á fráveitu Álftaness.

11. Rafmagnsveita

11.1 Almennt

Orkuveita Reykjavíkur hefur einkarétt til dreifingar rafmagns í Reykjavík, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Garðabæ norðan Hraunholtslækjar og á Akranesi. Raforkan er bæði seld til stórra notenda, sem og heimila og fyrirtækja. Þá hefur Orkuveita Reykjavíkur reist stórar og öflugar virkjanir, á Nesjavöllum og á Hellsheiði þar sem rafmagn er framleitt. Hér á eftir verður fjallað um þessa þætti í rekstri fyrirtækisins en um framkvæmdir við orkuöflun verður fjallað um í sérstökum kafla.

Rétt er að geta þess að framleiðslu og dreifingu rafmagns hefur verið skipt í nokkra hluta í nýjum raforkulögum nr. 65/2003. Raforkuvinnsla fer fram í samkeppnisumhverfi og hefur Orkuveita Reykjavíkur slíkt leyfi. Raforkusala fer einnig fram í samkeppnisumhverfi, á grundvelli leyfis iðnaðarráðuneytis, og fer Orkuveita Reykjavíkur með slíkt leyfi. Orkuveita Reykjavíkur er dreifiveita sem rekur dreifikerfi, og fer með sérleyfi á dreifiveitusvæði, en hlutverk þeirra er m.a. að annast um dreifingu raforku og kerfisstjórnun á sínu svæði. Þá á Orkuveita Reykjavíkur einnig 6,78% eignarhlut í fyrirtækinu Landsnet sem annast flutning raforku og fer með einkaleyfi til þess fyrir allt landið. Nánar verður fjallað um þessa þætti hér á eftir.


11.2 Fjárhagslegt yfirlit

Hér á eftir fer fjárhagslegt yfirlit yfir starfsemi Orkuveitunnar sem er skilgreind sem rafmagnsveita í reikningskilum fyrirtækisins. Upplýsingarnar byggja á innri skýrslum Orkuveitunnar þar sem starfseminni er skipt niður á miðla og er hér bæði um að ræða framleiðslu, sölu og dreifingu raforku. Ekki eru tiltækar upplýsingar vegna ársins 2002 og ekki heldur sundurgreining á samstæðureikningi fyrirtækisins fyrir allt tímabilið sem er til skoðunar. Meirihluti starfseminnar er í móðurfélaginu sjálfu og upplýsingarnar því ekki verulega frábrugðnar því sem út kæmi ef samstæðan í heild sinni væri sundurgreind.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld rafmagnsveitunnar, allar fjárhæðir eru á meðalverðlagi ársins 2010


	Rafmagnsveita								
	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Samtals
Rekstrartekjur	10.339	10.824	11.465	12.652	15.528	16.273	15.223	15.897	108.201
Rekstrart. innan OR	0	0	0	393	387	373	337	318	1.807
Rekstrargjöld	8.320	8.394	7.972	8.913	11.159	10.756	9.889	10.739	76.142
EBITDA	2.019	2.430	3.493	4.131	4.756	5.890	5.671	5.476	33.866
Afskriftir	1.823	1.706	1.593	1.908	2.622	3.266	3.731	3.531	20.181
Rekstrarafkoma (EBIT).....	196	723	1.900	2.223	2.135	2.624	1.940	1.945	13.685

Eins og kemur betur fram í umfjölluninni hér á eftir var raforkusala þegar á starfssviði fyrirtækisins þegar það var stofnað. Sala og dreifing á rafmagni er langstærsta svið Orkuveitunnar og nema tekjur þess 52% af heildartekjum fyrirtækisins.




Á myndinni hér að ofan er samanburður á tekjum af rafmagni í milljónum króna. Tekjurnar samtals yfir tímabilið nema 85.615 millj.kr. en 108.201 millj.kr. séu tekjur hvers árs færðar til meðalverðlags ársins 2010. Tekjur ársins 2003 á meðalverðlagi ársins 2010 nema 10.339 millj.kr. og vaxa nokkuð stöðugt fram til ársins 2007 þegar þær hækka úr 12.652 millj.kr. á árinu 2006 í 15.528 millj.kr. á árinu 2007. Á árinu 2009 lækka tekjurnar úr 16.273 millj.kr. í 15.223 millj.kr. en hækka síðan aftur á árinu 2010 í 15.897 millj.kr. Tekjur ársins 2010 eru 54% hærri en tekjur ársins 2003 á meðalverðlagi ársins 2010. Í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2011 kemur fram að tekjur af rafmagni nema rúmum 18.687 millj.kr. og hafa því vaxið töluvert á milli árunna 2010 og 2011.


Samanburður á tekjum við aukningu í fjárfestingum og neysluerðsvisitölu



Á myndinni hér að ofan má sjá samanburð frá árinu 2003 til ársins 2010 á vexti í tekjum, annars vegar við almennar verðlagsbreytingar sem mældar eru með vísitölu neysluerðs og hins vegar við aukningu í fjárfestingum í varanlegum rekstrarfjármunum sem tengjast rafmagnsframleiðslu. Ástæðan fyrir þessum samanburði er sú að með nokkurri einföldun mætti ætla að tekjur fyrirtækisins þyrftu að vaxa í takt við almennar verðlagsbreytingar m.v. óbreyttar eignir en að vöxturinn ætti að aukast hraðar ef viðbótarfjárfestingum er bætt við. Ekki ber mikið á milli þessara þátta á árinu 2004. Eftir það helst vöxtur í tekjum og hækkun á vísitölunni nokkuð í hendur en vöxtur í varanlegum rekstrarfjármunum er mun meiri. Hafa þarf í huga við þennan samanburð að starfsemi Orkuveitunnar er fjárfestingarfrek og fjárfestingar skila tekjum um langan tíma og í viðtölum úttekta nefndarinnar við stjórnendur kom einnig fram að ekki eru allar fjárfestingar farnar að skila tekjum en munu væntanlega gera það síðar. Aukning í fjárfestingum á tímabilinu nemur 437%, hækkun á vísitölu neysluerðs til verðtryggingar 59% og aukning í tekjum nemur 145%.




Á myndinni hér að ofan er samanburður á rekstrargjöldum (að meðtöldum afskriftum) vegna rafmagns í millj.kr. Rekstrargjöldin samtals yfir tímabilið nema 76.124 millj.kr. en 96.323 millj.kr. séu gjöld hvers árs færð til meðalverðlags ársins 2010. Rekstrargjöld ársins 2003 á meðalverðlagi ársins 2010 nema 10.143 millj.kr. Rekstrargjöldin lækka nokkuð árin 2004 og 2005 og nema 10.101 millj.kr. og 9.564 millj.kr. þau ár. Gjöldin hækka síðan árið 2006 í 10.822 millj.kr. og aftur árið 2007 í 13.781 millj.kr. Það er áfram hækkun á árinu 2008 en árið 2009 lækka gjöldin í 13.620 millj.kr. Þau hækka síðan á árinu 2010 og nema þá 14.270 millj.kr. Rekstrargjöld ársins 2010 eru 41% hærri en rekstrargjöld ársins 2003.




Á myndinni hér að ofan eru rekstrargjöld borin saman við rekstrartekjur og eru allar fjárhæðir á meðalverðlagi ársins 2010. Rekstrartekjurnar eru hærri en rekstrargjöldin allt tímabilið sem er til skoðunar. Á árinu 2003 er hlutfall rekstrargjalda 98,1%, lækkar svo í 93,3% á árinu 2004 og lækkar síðan enn frekar í 83,4% á árinu 2005. Á árinu 2006 hækkar hlutfallið svo aftur og er 85,5% það ár. Næstu fjögur ár þar á eftir er hlutfallið frá rúmum 86% í 89,8% árið 2010. Meðalhlutfall rekstrargjalda af rekstrartekjum á tímabilinu er 89,3% samanborið við 83,3% fyrir fyrirtækið í heild sinni. Hlutfall rekstrarkostnaðar í rafmagni er því hærri en meðaltal fyrirtækisins alls.

Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum hjá Landsvirkjun										
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum	70,8%	75,1%	73,3%	69,6%	52,3%	50,9%	45,6%	61,7%	48,7%	47,5%


Hér að ofan má til samanburðar sjá rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrargjöldum hjá Landsvirkjun en meðalhlutfall tímabilsins er 43,56%.




Á myndinni hér að ofan er samanburður á afskriftum varanlegra rekstrarfjármuna og tekjum, báðar stærðir eru á meðalverðlagi ársins 2010. Hlutfall afskrifta af tekjum er vísbending um þróun þess sem fjárbinding í varanlegum rekstrarfjármunum skilar í tekjur. Eins og sjá má hefur hlutfall afskrifta farið hækkandi á tímabilinu og hefur hækkað frá því að vera 17,6% árið 2003 í að vera 21,8% á árinu 2010.



Rekstrarafkoma er afkoma miðilsins án fjármögnunarkostnaðar og tekjuskatts. Eins og fram kom hér að ofan eru rekstrartekjur hærri en rekstrargjöld öll árin sem eru til skoðunar og því er rekstrarafkoman jákvæð allt tímabilið. Rekstrarhagnaður samtals fyrir árin 2003 til 2010 nemur 13.686 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Rekstrarhagnaðurinn er 196 millj.kr. á árinu 2003, tekur svo stökk í 723 millj.kr. á árinu 2004 og síðan annað stökk á árinu 2005 og nemur þá 1.900 millj.kr. Næstu þrjú ár þar á eftir er rekstrarafkoman á bilinu 2.223 millj.kr. til 2.624 millj.kr. en lækkar svo árin 2009 og 2010 í 1.940 millj.kr. og 1.945 millj.kr. Meðalhlutfall rekstrarafkomu af tekjum á tímabilinu er 12% samanborið 16,7% fyrir Orkuveituna í heild sinni.




Á myndinni hér að ofan má sjá fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum sem tengjast rafmagnsveitu á árunum 2002 – 2010. Fjárhæðir eru bæði á verðlagi hvers árs sem og árslokaverðlagi 2010. Fjárfestingar á tímabilinu nema samtals 94.081 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010. Fjárfestingar eru 2.471 millj.kr. á árinu 2002, 2.672 millj.kr. á árinu 2003, en taka síðan að vaxa stöðugt fram til ársins 2006 þegar þær nema 18.753 millj.kr. Fjárfestingar lækka síðan árið þar á eftir og nema þá 13.045 millj.kr. og hækka svo aftur árið 2008 og nema þá 19.161 millj.kr. Árið 2009 dregur síðan aftur úr fjárfestingum og nema þær 12.324 á árinu 2009 og lækka síðan enn frekar á árinu 2010 og nema þá 8.668 millj.kr.



Á myndinni hér að ofan má sjá fjárfbindingu fyrirtækisins í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindir eru undir rafmagnsveitu. Fjárfbinding er það sama og bókfært verð eða fjárfestingar að frádregnum afskriftum og að viðbættu endurmati. Hafa þarf í huga við skoðun á myndinni að endurmat hefur numið verulegum fjárhæðum eins og kom fram í kafla um fjárhagslegt yfirlit hér að framan. Eins og kom fram í yfirlitskaflanum um miðla Orkuveitunnar fyrir í skýrslunni hefur fjárfbinding vegna rafmagnsveitunnar verið að meðaltali 31,9% af heildarfjárfbindingu Orkuveitunnar á tímabilinu sem er til skoðunar.

Fjárfbindingin í árslok 2002 nam 21.570 millj.kr. á verðlagi þess árs sem er 35.211 millj.kr. á verðlagi ársins 2010 og hefur vaxið í það að nema 126.781 millj.kr. á árinu 2010 sem er 260% aukning til samanburðar við 54% aukningu tekna á tímabilinu.



Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi þess fjármagns sem bundið er í rafmagnsveitu fyrir árin 2003 til 2010. Útreikningur á arðseminni byggir á rekstrarafkomu og meðal fjárfbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum

sem skilgreindar eru sem eignir til rafveitustarfsemi. Á árinu 2003 er arðsemin 0,9% en eykst síðan árið 2004 í 2,9% og 6,2% árið 2005. Eftir það hefur arðsemin stöðugt lækkað og er 1,6% á árinu 2010. Meðalarðsemi tímabilsins er 3,1% samanborið við meðalarðsemi fyrirtækisins í heild sinni sem er 2,3%. Til samanburðar kemur fram í áfangaskýrslu H.F. Verðbréfa og Orkuveitunnar dags. 28. janúar 2011 að markmið í arðsemi rafmagns sé 7%.²⁰⁴ Er þar átt við arðsemi fyrir framleiðslu og sölu en arðsemi dreifingar á að vera í samræmi við heimildir raforkulaga, en þar er kveðið á um að arðsemin skuli vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði, að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum.²⁰⁵

Skuldum fyrirtækisins og þar með fjármagnskostnaði vegna þeirra er ekki skipt niður á miðla og því er ekki hægt að fá upplýsingar um endanlega arðsemi miðilsins en eins og áður hefur komið fram hefur hlutfallslegur kostnaður við lánsfé á tímabilinu numið 7,83% og þá á eftir að taka tillit til kostnaðar við eigið fé sem eru úttektir eigenda. Taka þarf tillit til þess að kostnaður við lánsfé inniheldur óinnleyst gengistap vegna lána sem getur að einhverju leyti gengið til baka verði styrking á íslensku krónunni.

Arðsemi eigna m.v. fjárbindingu án endurmats



Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi þess fjármagns sem bundið er í rafmagnsstarfsemi fyrir árin 2003 til 2010 þar sem leiðrétt hefur verið fyrir endurmati varanlegra rekstrarfjármuna frá árinu 2007. Útreikningur á arðseminni byggir á rekstrarafkomu að viðbættum afskriftum af endurmati og meðal fjárbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindar eru sem eignir til rafmagnsstarfsemi að frádregnu bókfærðu verði endurmats. Endurmatið hófst ekki að ráði fyrr en á árinu 2006. Ekki reyndist unnt að draga fram afskrift endurmats það ár þannig að leiðréttingin hefur fyrst áhrif á árinu 2007. Á árinu 2007 er þannig reiknuð arðsemi 4,3%, sem hækkar í 4,7% á árinu 2008 og lækkar síðan næstu tvö ár þar á eftir í 3,6% árið 2009 og 3,3% árið 2010. Meðalarðsemi tímabilsins eftir leiðréttingu vegna endurmats er 3,9% samanborið við meðalarðsemi fyrirtækisins í heild sinni sem er 3%.

11.3 Framleiðsla, sala, dreifing og flutningur raforku

Hér verður hugað að hlutverki Orkuveitu Reykjavíkur sem framleiðir, selur og dreifir rafmagn. Með raforkulögum nr. 65/2003 hefur nú verið greint á milli dreifingar og flutnings rafmagns annars vegar og framleiðslu og sölu rafmagns hins vegar. Í umfjölluninni hér á eftir verður hins vegar

204 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa, dags. 28. janúar 2011. Bls. 12.

205 Alþingi: Raforkulög nr. 65 frá 27. mars 2003. Lagasafn. <http://www.althingi.is/lagas/140a/2003065.html>

sérstaklega fjallað um sölu raforku til stórnotenda, enda eru þeir samningar að mati úttektarnefndarinnar veigamiklir þættir við mat á núverandi fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Er þá haft í huga að rafmagn er nú selt á samkeppnismarkaði, en þá breytingu má rekja til setningar raforkulaga nr. 65/2003. Hafa samkeppnisyrðing tekið til skoðunar innlendan markað fyrir sölu og dreifingu raforku og hafa skipt honum í tvennt, þ.e. annars vegar sölu raforku til almennra kaupenda og fyrirtækja (smásölu) og hins vegar sölu raforku til stórnotenda (heildsölu).

11.4 Fjárfestingar í rafmagnsveitum bornar fyrir stjórn fram til stofnunar Orkuveitu Reykjavíkur þann 1. janúar 2002

Ekki var um miklar fjárfestingar eða kaup að ræða á rafveitum fram til ársins 2001. Kann það að stafa af þeirri óvissu sem upp var komin á þeim tíma um framtíðarfyrirkomulag orkusölu í landinu. Um þetta var meðal annars fjallað í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2000, þar sem tekið var fram að búast mætti við miklum sviptingum á orkumarkaði í framtíðinni, sem fælu meðal annars í sér að sala og framleiðsla raforku yrði gefin fjáls og samkeppni yrði virk á þeim markaði. Það myndi kalla á að öðrum miðlum Orkuveitunnar væri gert kleift að vera í samkeppni svo ekki væri blandað um of samkeppnisstarfsemi og einkaleyfisbundinni starfsemi. Fram kom að:

„Undirbúningur fyrir þessar breytingar felur í sér að hugað verði að því að fjölga þeim afurðum sem Orkuveitan selur og skilgreina þær betur eftir þörfum viðskiptavina, m.a. í nettengingum og símaþjónustu. Nýtt umhverfi mun kalla á að orkufyrirtækin verði færri og stærri. Því má búast við að samruni Orkuveitunnar og Hitaveitu Þorlákshafnar, Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar og Rafveitu Hveragerðis við Rarik árið 2000 sé aðeins upphafið á því ferli.“²⁰⁶

Í ársskýrslu 2001 var þetta atriði einnig dregið sérstaklega fram, og vakin athygli á að:

„Þær breytingar sem gerðar eru á umhverfi orkufyrirtækjanna þurfa að taka mið af því að þær verði viðskiptavinum veitnanna til góðs annaðhvort í lækkuðu verði eða bættri þjónustu. Gott samráð allra sem að iðnaðinum koma, hvort sem það eru orkufyrirtækin, ráðuneytin, löggjafinn eða eftirlitsaðilarnir, er lykillinn að því að þjóðin komist klakklaut í gegnum komandi ár en þá geta breytingarnar líka orðið öllum til góðs. Orkuveita Reykjavíkur stefnir ótraud til móts við nýja tíma og sér í breytingunum sem framundan eru töluverð tækifæri. Undanfarin misseri hefur mikil vinna verið lögð í það að undirbúa starfsemi fyrir breytingar þær sem framundan eru. Þar hafa starfsmenn sýnt og sannað að þeir eru fyllilega í stakk búin til að takast á við breytingar. Með stóraukningu á rafmagnsframleiðslu er Orkuveitan betur í stakk búin til að takast á við samkeppni á framleiðsluviðinu og með sameiningum og stækkun veituvæða hefur Orkuveitan meiri möguleika á að vaxa og fjölga þeim þáttum þjónustu sem eru í vörufambodi hennar. Dröun nýrra afurða og þátttaka í nýsköpunarverkefnum gefur einnig mikla möguleika til framtíðar fyrir Orkuveitu Reykjavíkur til að vaxa og halda áfram að vera eitt stærsta og öflugasta fyrirtæki landsins.“²⁰⁷

206 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2000.

207 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2001.

Helgi Þór Ingason: „Maður hugsar sitt í þessu. Hvernig samkeppnisumhverfi raforkuframleiðslu hefur verið útfært á Íslandi. Mér er til efs að þetta sé þjóðhagslega hagkvæmt og ég er ekki viss um að almenningur græði á því.“

Um væntanlega opnun raforkumarkaðar var rætt á fundum stjórnar fyrirtækisins, meðal annars á fundi stjórnar veitustofnana þann 24. apríl 2001, þar sem stjórnin taldi sérstaka ástæðu að taka til umræðu frumvarp til breytinga á raforkulögum sem þá hafði nýlega verið kynnt í fjölmiðlum. Var m.a. bókað að:

„Mótmælt er þeim kröfum sem eru í frumvarpi til raforkulaga sem leiða til þess að Orkuveitu Reykjavíkur verði skipt upp í mörg fyrirtæki sem óhjákvæmilega mun valda miklu óhagræði og kostnaðarauka fyrir viðskiptavini fyrirtækisins. Ekki er gerð krafa um þessi uppskipti í tilskipun Evrópubandalagsins. Mótmælt er hugmyndum um gjaldskrá fyrir meginflutningskerfi raforku. Óeðlilegt er að flutningur raforku frá Nesjavöllum verði mun dýrari til Reykjavíkur en t.d. til Akureyrar. Orkuveitan hefur hins vegar skilning á þeim sjónarmiðum að jafna þurfi orkuverð en telur óeðlilegt að það sé gert með hækkun raforkuverði. Mótmælt er að Landsvirkjun skuli hleypt óheft inn á smásölumarkað fyrir raforku í landinu. Eðlilegt er að Landsvirkjun verði bundin við heildsölu þangað til önnur fyrirtæki hafa möguleika á að keppa í framleiðslu þannig að eðlilegt samkeppnisumhverfi hafi myndast.“²⁰⁸

Að öðru leyti var aukinni samkeppni og opnun markaðar með raforku fagnað en jafnframt skorað á Alþingi og ráðherra að lagfæra þá galla sem stjórnin taldi vera á frumvarpinu eins og það lá þá fyrir.

Þau kaup og samningar um sölu raforku sem borin voru upp við stjórn veitustofnana, fram til stofnunar Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2002, voru kaup á Rafveitu Hveragerðis og samningur um sölu raforku á Kjalarnesi. Þann 27. október 1999 var lagt fram á fundi stjórnar veitustofnana afrit af bréfaskriftum milli Orkuveitu Reykjavíkur og bæjarstjórnar Hveragerðis um fyrirhugaða sölu rafveitu Hveragerðis, og gerði orkuveitustjóri grein fyrir málinu á fundi stjórnarinnar. Þann 24. nóvember 1999 var svo lagt fram á fundi stjórnar veitustofnana afrit af bréfi orkuveitustjóra til bæjarstjórnar Hveragerðis, dags. 22. nóvember 1999 um dreifikerfi Rafveitu Hveragerðisbæjar. Var samþykkt af stjórn veitustofnana að orkuveitustjóri gengi til samninga um kaup á dreifikerfi Rafveitu Hveragerðis á þeim forsendum sem greindi í bréfinu, og fólst í þessu að heildarkaupverðið gæti hækkað ef breytingar yrðu á forsendum um raforkuverð. Á fundi stjórnar veitustofnana þann 5. janúar 2000 var svo lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. desember 1999 um samþykkt borgarráðs á bókun stjórnar veitustofnana frá 15. desember 1999 um samning milli Orkuveitu Reykjavíkur og RARIK um yfirtöku Orkuveitu Reykjavíkur á orkusölu á norðanverðu Kjalarnesi.

11.5 Ný raforkulög nr. 65/2003

Ný raforkulög nr. 65/2003 tóku gildi þann 7. apríl 2003 en komu til framkvæmda þann 1. júlí 2003. Fólu þau í sér miklar breytingar á umhverfi raforkusölu hér á landi. Segja má að lögin hafi haft í för með sér þrenns konar grundvallarbreytingar fyrir rekstur raforkusviðs Orkuveitu Reykjavíkur. Í fyrsta lagi þurfti fyrirtækið að taka ákvarðanir um ráðstöfun hluta flutningsnets raforku til sérstaks félags, Landsnets. Í öðru lagi að bregðast við samkeppni á raforkumarkaði og í þriðja lagi varð dreifing raforku eftirlitsskyld og bundin tekjumörkum.

208 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 24. apríl 1999.

Í tengslum við setningu nýrra raforkulaga á árinu 2003 urðu því miklar breytingar á umhverfi raforkumarkaðar. Meðal annars var tekið upp samkeppnisfyrirkomulag við sölu rafmagns og þurfti fyrirtækið að bregðast við því. Ekki verður séð að tekin hafi verið heildstæð afstaða til þess af hálfu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur með hvaða hætti haga ætti sölu raforku, til almennra notenda eða stóriðju þótt einstaka ákvarðanir þar að lútandi hafi komið á borð stjórnar fyrirtækisins. Í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2004 er þó tekið fram að samkeppnin hefði haft ákveðin áhrif á rekstur fyrirtækisins, þar sem:

„Mikil vinna var við undirbúning til að mæta breyttu umhverfi þegar hluti raforkumarkaðarins opnaðist fyrir samkeppni. Það kallaði á aðskilnað kostnaðar og tekna vegna dreifingar og nú er greitt sérstaklega fyrir flutning. Töluverð kerfisbreyting er samfara nýju umhverfi og hefur mikil vinna verið lögð í að hafa þá breytingu sem greiddasta. Framundan er tímabil mikils umróts og á umhverfi Orkuveitunnar eftir að taka miklum breytingum á komandi árum. Í öllum þessum breytingum felst mikið af tækifærum sem OR verður að grípa og stefnir því að enn frekari vexti. Hér eftir sem hingað til verður unnið með hagsmuni viðskiptavina okkar að leiðarljósi þannig að þeim verði tryggður öruggur aðgangur að veitukerfum á lágu verði.“²⁰⁹

Þess ber þó að geta að á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. mars 2006 var lagt fyrir stjórn minnisblað framkvæmdastjóra framleiðslu og sölu dags. 27. mars 2006 um þróun raforkumarkaðar frá opnun 2005 til mars 2006. Á fundinum gerði framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu jafnframt grein fyrir orkuvinnslumöguleikum Orkuveitunnar til framtíðar og fyrir umsóknum Orkuveitu Reykjavíkur um rannsóknarleyfi með forgangi til nýtingar til vinnslu jarðhita og vatnsafls til raforkuframleiðslu.

Í minnisblaðinu kom m.a. fram að samkeppni á raforkumarkaði hafi farið rólega af stað og að fá fyrirtæki hefðu þá strax farið að huga að raforkumálum, auk þess sem nokkurn tíma hefði tekið að koma ferlum og samskiptum veitna í gott horf og sumar veitur verið nokkuð lengi að koma á skiptingu milli einokunarþátta og samkeppniþátta í viðskiptakerfum sínum. Fyrstu samningar viðskiptavina við nýja söluaðila hafi tekið gildi í byrjun maí 2005. Kom ennfremur fram að:

„... samkeppni fór aðeins vaxandi er líða tók á árið og undir áramót fór söluvið Orkuveitunnar að finna fyrir meiri keppni milli samkeppnisadila í formi hærri afsláttar til stærri fyrirtækja og meiri sókn í viðskipti við fyrirtæki á dreifiveitusvæði Orkuveitunnar. Stærri fyrirtæki fóru að leita til ráðgjafa sem tóku saman öll raforkuviðskipti þeirra og leituðu eftir verðtilboðum.“²¹⁰

Fram kom í minnisblaðinu að verð raforkusala á markaði væri svipað. Verð raforku í samkeppni (framleiðsla og sala) væri að stærstum hluta (92 - 95%) orkuverðið, þ.e. framleiðsluþátturinn. Landsvirkjun væri yfirgnæfandi á markaði í framleiðslu og heildsölu á raforku og væri kostnaður veitna við orkukaup svipaður hjá öllum fyrirtækjum. Því væri rétt að segja að fákeppni ríkti í framleiðslu á raforku og að sveigjanleiki veitna lægi í um 5 - 8% af verði samkeppniþáttarins, þ.e. sölustarfseminni. Því væri ekki mikið

209 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2004.

210 Minnisblað til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. mars 2006, Þróun raforkumarkaðar frá opnun 2005 til dagsins í dag.

svigrúm til afsláttar eða verðbreytinga, en að tækifæri Orkuveitunnar til framtíðar lægju í aukinni eigin framleiðslu raforku. Orkuveita Reykjavíkur byði næst lægsta verð á raforku með markaðshlutdeild á smásölumarkaði (miðað við magn) 35,8% árið 2003 og 36,82% árið 2004. Þá hafi markaðshlutdeild til fyrirtækja aukist á fyrirtækjamarkaði, og næmi aukningin um 28 GWst í ársnotkun viðskiptavina sem áður voru hjá samkeppnisaðilum, en fyrirtækið hefði misst viðskipti við fyrrum notendur sem næmi 6 GWst. Samtals hefði sala fyrirtækisins eftir opnun markaða aukist um 22 GWst. á ári.

Í ársskýrslu 2006 kom fram

*„Í ársbyrjun 2006 lauk gildistökuferli nýrra raforkulaga og almenn-
ingur gat valið sér raforkusala. Nokkru fyrr var Orkuveitan farin að
selja raforku til fyrirtækja víðsvegar um land, en um áramótin taldist
landið allt orðið markaðssvæði Orkuveitunnar gagnvart almenn-
ingi. Samkeppnismarkaðurinn er enn að mótast en staða Orkuveitunnar
á honum mun styrkjast talsvert þegar ný lágbrýstivél Helligshéidar-
virkjunar verður tekin í notkun haustið 2007. Öll orka frá henni,
33 MW, mun verða seld á almennum markaði. Það hefur vissulega
sett mark sitt á hinn nýja raforkumarkað að flestir smásalarnir þurfa
að kaupa verulegan hluta raforku sinnar af einum og sama heildsal-
anum. Með vaxandi eigin orkuöflun Orkuveitunnar fyrir almennan
markað mun samkeppnisstaða hennar styrkjast og hún geta boðið
trygga, víðtæka þjónustu á samkeppnishæfu verði.“²¹¹*

Guðmundur Þóroddsson: „Tilgangsleysi þessarar svokölluðu samkeppni lýsti sér best í því að öll fyrirtækin voru í opinberri eigu. Orkuveitan var með megnið af smásölumarkaðnum á meðan Landsvirkjun var með megnið af framleiðslunni. Hugsanlega var ein ástæða þessarar vegferðar að geta aukið og falið niðurgreiðslur á landsbyggðinni. Með því að setja þessar samkeppnisreglur fluttust öll flutningskerfin inn í eitt fyrirtæki, Landsnet. Þetta var ekkert annað en aðgerð til þess að flytja þessi flutningskerfi inn í sameiginlegan pott þannig að Reykjavíkursvæðið borgaði stærri hlut af flutningskerfinu fyrir landsbyggðina.“

11.5.1 Sala flutningskerfis

Orkuveita Reykjavíkur þurfti jafnframt að bregðast við breyttu umhverfi með því að gera ráðstafanir til samræmis við ákvæði laganna um flutning raforku. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 24. ágúst 2004 var lögð fram samantekt á verðmæti þeirra flutningsvirkja sem áttu að mynda flutningskerfi Landsnets hf. til samræmis við ákvæði 6. t. 3. gr., III. kafla bráðabirgðaákvæðis IX. til XII. hinna nýju raforkulaga nr. 65/2003. Með bréfi forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 18. október 2004 kom fram að fyrir lægi að hluti af 132 kV kerfi Orkuveitu Reykjavíkur yrði hluti af landsnetinu frá og með janúar 2005. Þrír möguleikar væru fyrir hendi. Í fyrsta lagi væri hægt að leggja eignir Orkuveitu Reykjavíkur inn í Landsnet og fá í staðinn hlut í félaginu, í öðru lagi að selja Landsneti eignirnar og í þriðja lagi að leigja Landsneti eignirnar. Lagði forstjóri því fram svohljóðandi tillögu:

*„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að þau háspennuvirki
OR sem verða munu hluti af kerfi Landsnets hf. verði leigð til
Landsnetsins fyrst í stað.“²¹²*

Var tillagan rökstudd með þeim hætti, að lögð væri til sú leið sem skemmst gengi, og hægt væri síðar að velja hvora leiðina af hinum fyrri. Þar sem ekki væri endanlega búið að útfæra fyrirtækið Landsnet hf. og hvernig það myndi starfa, var talið ráðlegt að halda sem flestum möguleikum opnum. Tillagan var því afgreidd og samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. október 2004.

Áður hafði Orkuveita Reykjavíkur óskað eftir svari iðnaðar- og viðskipta-
ráðuneytis með bréfi dags. 27. ágúst 2004 við spurningum um hvernig verð

211 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2006.

212 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 20. október 2004.

eigna Orkuveitu Reykjavíkur yrði metið við ákvörðun um kaup eignanna, hvernig eignarhluti Orkuveitu Reykjavíkur yrði ákveðinn tæki fyrirtækið ákvörðun um að leggja eignirnar inn í Landsnet sem og hvernig leiga fyrir eignirnar yrði ákveðin. Fyrirspurnininni var svarað með bréfi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis þann 27. september 2004, þar sem fram kom að gengið hefði verið út frá því að við mat á verðmæti eigna yrði miðað við það verðmat eigna sem samið var um í samninganefnd flutningsvirkja, sbr. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis nr. XI við raforkulög nr. 65/2003. Þá væri ekki hægt að svara því til hversu stóran hluta Orkuveita Reykjavíkur fengi í Landsneti ef fyrirtækið tæki þá ákvörðun að leggja eignir sínar inn í það. Það færi eftir því hversu margir legðu eignir sínar inn í félagið. Mið yrði tekið af niðurstöðutölum samninganefndar flutningsvirkja að frádregnum hlut áhvílandi lána. Niðurstöðutalan yrði svo vegin saman við hreinar eignir annarra fyrirtækja í flutningsvirkjum sem myndu ákveða að leggja eignir sínar inn sem hlutafé. Með þeim hætti yrði svo fengin hlutfallstala eignar Orkuveitu Reykjavíkur í Landsneti hf. Var á það bent að í samkomulagi samninganefndar flutningsvirkja kæmi fram að Orkuveita Reykjavíkur væri eigandi 4,89%, ef einungis væri tekið tillit til heildarverðmætis eigna. Leigugjald flutningsvirkja yrði hins vegar ákveðið af Orkustofnun, til samræmis við bráðabirgðaákvæði XI við raforkulög nr. 65/2003, og þá út frá arðsemisviðmiðunum og afskriftarforsendum sem gilda fyrir flutningsfyrirtækið og flutningsvirki þess.

Endanleg tillaga um sölu háspennuvirkja Orkuveitu Reykjavíkur var svo lögð fram og samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. ágúst 2007. Var samþykkt að selja Landsneti þær eignir Orkuveitu Reykjavíkur sem tilheyrðu kerfi Landsnets og voru leigðar Landsneti. Söluverðið var ákveðið 1.304 millj.kr., en heimilað var að allt að 400 millj.kr. mættu vera í formi hlutfjár í Landsneti ef samningar næðust um gengi þess í viðskiptunum.

11.5.2 Gjaldskrá rafmagns

Þegar Orkuveita Reykjavíkur selur rafmagn er hún í reynd í tvenns konar hlutverki. Annars vegar selur hún rafmagn, en sala rafmagns fer fram á samkeppnismarkaði og geta notendur almennt valið við hverja þeir eiga viðskipti um kaup á rafmagni. Hins vegar drefir hún rafmagni og er þá í hlutverki dreifiveitu samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003, og hefur til þess sérleyfi. Í 17. gr. laganna er fjallað um tekjumörk dreifiveitna og í 17. gr. a er fjallað um gjaldskrá dreifiveitna, en þessum ákvæðum var breytt nýlega með lögum nr. 19/2011. Almennt ríkir því samkeppni á sviði orkusölu, og verðbreytingar á orkuhluta rafmagnssölu eru ekki háðar samþykki stjórnvalda. Hins vegar ber að senda Orkustofnun gjaldskrá vegna dreifingar til staðfestingar og á að birta hana opinberlega og er hún háð skilyrðum sem fram koma í raforkulögum. Þar er út frá því gengið að arðsemi dreifiveitu eigi að vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna sem nauðsynlegir væru til reksturs kerfisins. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur setti sér í árslok 2009 heildarstefnu fyrir fyrirtækið þar sem meðal annars eru sett fram fjárhagsleg markmið um arðsemi einstakra rekstrareininga, þar sem gerð var krafa um 7% arðsemi við framleiðslu og sölu rafmagns, en arðsemi af dreifingu væri í samræmi við heimildir raforkulaga.

Í bréfi forstjóra vegna fyrirspurnar stjórnarmannanna Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur dags. 26. apríl 2006 kom fram

1. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 65/2003 „Markmið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar í rekstri dreifiveitna og tryggja að tekjur þeirra séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem þeim er falið að veita, að teknu tilliti til arðsemi. Til að ná fram hagræðingu og skilvirkni í rekstri dreifiveitu eru tekjumörk afmörkuð í tímabil, tekjumarkatímabil.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Rekstrarkostnaði sem tengist dreifingu fyrirtækisins á rafmagni, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, kostnaði vegna flutnings um flutningskerfið, kostnaði við orkutap, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun í dreifikerfinu. Við ákvörðun rekstrarkostnaðar við setningu tekjumarka skal taka tillit til rekstrarkostnaðar síðustu fimm ára með eins árs töl, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og áhrifa nýrra stórra fjárfestinga á rekstrarkostnað dreififyrirtækisins.

2. Arðsemi dreifiveitu af dreifingu raforku skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði, að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en að frádregnum sköttum (EBIT að frádregnum sköttum) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs dreifiveitunnar auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir voru 31. desember 2004 og miðast við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum sem hafa komið til eftir þann tíma eða síðar kunna að koma til, afskriftum þeirra og endurmati eins og það er á hverjum tíma. Fjárfestingar skulu teljast til fastafjármuna frá þeim tíma sem fjárfestingin á sér stað. Á grundvelli þessa tölulíðar skal arðsemi ákvörðuð að fengnu mati sérfróðra aðila.

3. Afskriftum af fastafjármunum, sbr. 2. tölul.

4. Sköttum.“

Guðmundur Þóroddsson: „Þegar ég fer enu allar einingar Orkuveitu Reykjavíkur reknar með hagnaði. Ég held að ég fari alveg rétt með það að allar veiturnar og virkjanirnar hafi verið með hagnaði, bæði einkaleyfis og samkeppnisþátturinn. En mér finnst dæmigert hvað menn litu á OR sem leið til að hygla íbúum um góð verð, að raforkan er niðurgreidd enn þann dag í dag sem OR kaupir frá Landsvirkjun. Í gildi er eins árs gjaldskrá Landsvirkjunar í heildsölu, þ.e. viðkomandi er skuldbundinn til að kaupa til eins árs af Landsvirkjun, sem gefur ákveðið verð og það er um 25% hærra, en ef það er keypt í smásölu af OR án nokkurra skuldbindinga. Viðkomandi þarf bæði að skuldbinda sig hjá Landsvirkjun fyrir magni og tíma. Hjá OR þarf viðkomandi ekki að skuldbinda sig neitt, hann bara hringir og tengir og borgar lægra verð heldur en borgað er í heildsölu hjá Landsvirkjun - sem OR er reyndar að versla við í heildsölu. Þessi stefna hefur verið alveg frá upphafi frá því að raforkuverð var gefið frjálst. Menn vildu hafa lægra verð í Reykjavík en sem nemur heildsölusamningum Landsvirkjunnar. Það sýnir hvað menn höfðu mikinn hug á því að taka arðinn af OR út í verði til notenda.“

Ólöf S. Pálsdóttir: „Eins og ég man eftir með Rafmagnsveituna, þá sóttum við ekki heimildir vegna gjaldskrárhækkana til borgarinnar, heldur til Iðnaðarráðuneytisins og þurftum við að sýna fram á að þessi gjaldskrárbreyting myndi dekkja að jafnaði fjárhöf á hverju fimm ára tímabili, og því þurftum við að leggja fram fimm ára áætlun með til rökstuðnings.“

að frá árinu 2001 til og með ársins 2005 hafi ávöxtunarkrafa allra verkefna Orkuveitu Reykjavíkur á heimamarkaði verið 6,8%. Hafi ávöxtunarkrafan verið nokkuð stöðug þann tíma enda væri markaðsumhverfi Orkuveitu Reykjavíkur nokkuð stöðugt. Ávöxtunarkrafan (WACC) væri skilgreind sem veginn meðaltalsfjármögnunarkostnaður og væri annars vegar krafa eigenda (stjórnar) á eigið fé fyrirtækisins og hins vegar kostnaður lánsfjár fyrirtækisins.

Gjaldskrárhækkunarir hafa komið til umræðu á fundum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrir fund Orkuveitu Reykjavíkur þann 2. júlí 2002 var lagt erindi forstjóra dags. 28. júní 2002 þar sem lögð var fram tillaga um hækkun gjaldskrár vegna rafmagns og heits vatns um 3% frá 1. ágúst 2002. Í greinargerð með tillögu forstjóra kom fram að:

„Á síðustu 12 mánuðum hefur þróun kostnaðar hjá Orkuveitu Reykjavíkur orðið þannig að hækkunin er orðin um 8%. Þar sem almennt er verið að halda verðhækkunum í skefjum er lagt til að í þessari atrennu sé gjaldskrá hita og rafmagns einungis hækkuð um 3% í trausti þess að almennt verðlag og gengi sé orðið stöðugt eða horfi til lækkunar. Á undanförunum áratug hefur verðlag orku ekki fylgt almennum verðlagi. Þannig væru tekjur OR 1500 milljónum meiri í dag ef verðlag rafmagns og hita væri það sama og það var fyrir 10 árum. Þess má geta, að Landsvirkjun og Hitaveita Suðurnesja hafa ákveðið sömu verðhækkun og nú er lagt til hjá Orkuveitu Reykjavíkur.“²¹³

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 3. júní 2003 var lagt fram bréf forstjóra frá 30. maí 2003 þar sem lagt var til að verðskrá fyrir rafmagn og heitt vatn yrði hækkuð um 3,4% og var gjaldskrárbreytingin samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum en stjórnarmenn Sjálfstæðisflokksins greiddu ekki atkvæði. Á fundi stjórnar þann 12. ágúst 2003 var aftur rætt um þörf á hækkun gjaldskrár. Þar var samþykkt tillaga um hækkun gjaldskrár á rafmagnni um 1,2% sem tæki gildi 1. september 2003. Hækkunin var samþykkt, en um ákvörðunina var ekki eining meðal stjórnarmanna eins og fram kemur í bókunum frá fundinum og grein er gerð fyrir í kafla 12.

Á fundi þann 1. júní 2004 var borin upp tillaga forstjóra frá 27. maí 2004 um hækkun á gjaldskrá fyrir raforku um 2,6% frá 1. júlí 2004 að telja. Kom fram í tillögu forstjóra að þágildandi verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur hefði verið í gildi frá 1. september 2003, en frá september 2003 til maí 2004 hefði vísitala neysluverðs hækkað um 2,6% og væri tillaga um hækkun í samræmi við það. Var tillagan samþykkt en fulltrúar Sjálfstæðisflokks greiddu ekki atkvæði. Við atkvæðagreiðsluna létu þeir bóka að síðustu tvö ár hefðu verið ár mikilla verðhækkana hjá Orkuveitu Reykjavíkur og að augljóst væri að millifærsla skulda borgarsjóðs yfir í Orkuveituna og glæfralegar fjárfestingar í óskyldum rekstri væru farnar að hafa áhrif á rekstur fyrirtækisins. Þessu var mótmælt af formanni stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og tók hann fram að breytingin væri í samræmi við hækkun byggingarvísitölu, eins og gert væri ráð fyrir í lögum.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 15. desember 2004 var rætt um raforkuverð í nýju umhverfi raforkumála og gerði Jakob Sigurður Friðriksson grein fyrir málinu á fundi stjórnarinnar. Áður hafði verið samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 15. nóvember 2005 að frá

213 Guðmundur Þóroddsson: Bréf forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. júní 2002.

og með 1. júní 2006 yrðu lagðir niður þeir sértaxtar í gjaldskrá sem gilt höfðu um niðurgreiðslu á sölu rafmagns ætluðu til húshitunar og blandaðrar notkunar ásamt húshitun. Um var að ræða sölu til 61 viðskiptamanns sem hafði fengið niðurgreidda rafmagnssölu vegna húshitunar (í dreifbýli og utan hitaveitusvæða). Að auki nutu 438 viðskiptamenn sérkjara vegna svokallaðrar blandaðrar notkunar. Var tillagan lögð fram í kjölfar ábendingar Orkustofnunar í bréfi dags. 14. janúar 2005, þar sem m.a. var vakin athygli á því að í raforkulögum nr. 63/2003 væri ákvæði sem heimilaði ekki slíkar niðurgreiðslur og að orkuseljendum væri skylt að selja raforku óháð notkun hennar.

Var í kjölfar fundar stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 15. desember 2004 ákveðið að boða til aukafundar stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 29. desember til þess að ræða nánar um gjaldskrármál vegna rafmagns, en ekki verður séð að af þeim fundi hafi orðið. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 5. janúar 2005 var svo lögð fram tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir raforku ásamt skýringum og kom Jakob Sigurður Friðriksson á fund stjórnar og útskýrði tillöguna. Var hún samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum, en fulltrúar Sjálfstæðisflokks greiddu ekki atkvæði.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 11. janúar 2006 var lagt fram bréf Landsnets hf. frá 30. desember 2005 um hækkun á gjaldskrá félagsins. Var tekið fram að hækkunin fæli í sér að kostnaðarauki dreifiveitna yrði að meðaltali 3,5% og kostnaðarauki til stórnotenda yrði að meðaltali 1%. Á sama fundi var lögð fram tillaga forstjóra dags. 9. janúar 2006 um að taxtar í verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur hækkuðu til samræmis við framangreint. Ástæða hækkunarinnar var sögð vera að:

„Landsnet hækkar gjaldskrá sína fyrir raforkuflutning um 3,5% frá og með 1. janúar 2006 með tilkynningu sem barst OR 31.12.2005. Gjöld vegna flutnings raforku tilheyra dreifingarhluta raforkugjaldskrár og voru á síðasta ári 0,9 krónur á hverja kílóvattstund ... Að auki er lagt til að breyting verði á framsetningu gjaldskrár dreifingarhlutans á þann veg að gjöld vegna flutnings verði aðgreind frá öðrum gjöldum.“²¹⁴

Einnig var óskað heimildar stjórnar á því að láta gjaldskrárbreytingar Landsnets uppfærast sjálfkrafa í gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur þannig að ekki þyrfti að óska samþykkis stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur í hvert sinn sem Landsnet breytti sinni gjaldskrá. Var sú tillaga samþykkt sem og tillaga um gjaldskrárhækkun sem tæki gildi 1. mars 2006, þ.e. um leið og gjaldskrárbreyting Landsnets hf. gæti tekið gildi samkvæmt 15. gr. reglugerðar um raforkuviðskipti nr. 1040/2005.

Enn voru málefni raforkusölu til umræðu á fundum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur á fundi hennar þann 30. mars 2006, þar sem lagt var fram minnisblað framkvæmdastjóra framleiðslu og sölu dags. 27. mars 2006. um þróun raforkumarkaðar frá opnun 2005, auk þess sem lögð var fram greinargerð forstjóra um fastagjöld í rafmagnsdreifingu. Á fundi stjórnar þann 28. nóvember 2006 var lögð fram tillaga forstjóra um að verðbreytingum á rafmagni yrði þannig fyrirkomið:

„Verðbreytingar á heildsöluverði frá Landsvirkjun leiði til hækkunar á smásöluverði Orkuveitu Reykjavíkur í réttum hlutföllum við

214 Guðmundur Þóroddsson: Bréf forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. júní 2002.

*kaup Orkuveitu Reykjavíkur af orku frá Landsvirkjun. Verð fyrir dreifingu rafmagns miðist við tekjuramma þann sem Orkustofnun úthlutar á dreifisvæði Orkuveitunnar. Verð fyrir flutning endurspegli gjaldskrá Landsnets fyrir flutning. Verð fyrir eigin framleiðslu Orkuveitu Reykjavíkur verði samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.*²¹⁵

Þann 21. desember 2007 var svo lögð fram tillaga til stjórnar dags. 14. desember 2007 um að halda orkuhluta raforkuverðs óbreyttum, óháð breytingu á flutningskostnaði Landsnets hf. frá 1. október 2007 og var tillagan samþykkt. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. júní 2008 var lagt fram upplýsingablað vegna 6% hækkunar Landsvirkjunar á raforku til almenningsveitna. Fram kom í minnisblaðinu að innkaup á raforku frá Landsvirkjun væru umtalsverður hluti af innkaupum Orkuveitu Reykjavíkur á almennan markað og því myndi hækkun Landsvirkjunar leiða til kostnaðarauka fyrir Orkuveituna. Áhrif hækkunarinnar væru því 3,7% hækkun á verði Orkuveitu Reykjavíkur, og var m.a. vísað til framangreindrar samþykktar stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 28. nóvember 2006. Fram kom einnig í minnisblaðinu að:

*„Fyrirsjáanlegt er að Orkuveita Reykjavíkur nær ekki þeim tekjumörkum sem Orkustofnun setur fyrir dreifingu rafmagns. Hækkunarþörfin er metin rúmlega 10%, að sinni verður hækkunin þó einungis 6%. Orkustofnun hefur verið tilkynnt 6% hækkun á gjaldskrá dreifiveitu rafmagns.*²¹⁶

Fram hefur komið að með fyrirmælum eigandans Reykjavíkurborgar frá október 2008, var þess farið á leit að gjaldskrár fyrirtækisins yrðu frystar. Varð það til þess að verðskrá rafmagns var ekki hækkuð. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 27. ágúst 2010 var hins vegar samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum að hækka gjaldskrá fyrir sölu rafmagns um 11%, og dreifingu rafmagns um 40%, frá og með 1. október 2010. Stjórnarmaðurinn Sóley Tómasdóttir sat hjá við afgreiðslu málsins, en stjórnarmaðurinn Kjartan Magnússon greiddi atkvæði gegn tillögunni. Var forstjóra jafnframt veitt heimild til þess að ákvarða breytingar á gjaldskráum á sex mánaða fresti, svo þær héldu verðgildi sínu. Var forstjóra falið að kynna breytingar á gjaldskráum fyrir stjórn á síðasta stjórnarfundum fyrir gildistöku breytinganna, sem áttu að miðast við þróun vísitölu neysluverðs.

11.5.3 Fjárfesting í raforkukerfum

Almennt hefur ekki verið fjárfest mikið í tengslum við sölu raforku, enda starfar fyrirtækið á samkeppnismarkaði og getur selt rafmagn sitt án mikilla takmarkana. Hefur megin viðfangsefni fyrirtækisins á sviði raforku verið uppbygging öflugra framleiðslueininga á Hellisheiði og svo stækkun Nesjavallavirkjunar. Er fjallað sérstaklega um byggingu Hellisheiðarvirkjunar og annarra virkjana Orkuveitu Reykjavíkur hér síðar í skýrslunni.

Við gerð rekstrarúttektar stjórnenda í ágúst 2010 kom þó fram að Orkuveita Reykjavíkur hefur kostað til mikilla framkvæmda við lagningu veitna

215 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. nóvember 2006. Sjá einnig bréf Hjörleifs B. Kvaran til Önnu Skúladóttur framkvæmdastjóra fjármála, dags. 5. desember 2006 þar sem ákvörðun stjórnar er tilkynnt.

216 Minnisblað (ódagsett) um hækkun á rafmagni, lagt fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 20. júní 2008.

í nýbyggingarhverfi, sem ekki hefur enn fengist endurgreidd. Var svofelld grein gerð fyrir þessum fjárfestingum:

„Í þeim sveitarfélögum þar sem OR er með veiturekstur, ber fyrirtækinu að leggja veitukerfi þegar viðkomandi sveitarfélag ákveður að fara í uppbyggingu nýs hverfis. Á árunum fyrir efnahagshrunið réðust mörg sveitarfélög í skipulag og uppbyggingu fjölmargra nýrra hverfa, bæði fyrir íbúðabyggð og atvinnuhúsnæði. Þegar líða fór á árið 2008 snarminnkaði eftirspurn eftir lóðum og hrundi svo algjörlega þegar fjármálakreppan dundi yfir í október. Orkuveitan situr því uppi með mikla fjárfestingu sem ekki skilar tekjum enn sem komið er. Fyrirtækið hefur metið hversu mikla fjármuni er um að ræða og til grundvallar voru lagðar framkvæmdir við nýbyggingarhverfi í 12 sveitarfélögum á árunum 2006 – 2010 (62 verkefni) og reyndist sá kostnaður vera 4,1 milljarðar króna (á verðlagi ársins 2010). Hins vegar er víða lítið farið að byggja í þessum nýju hverfum og samkvæmt mati fyrirtækisins er meðalfjöldi byggðra og tengdra húsa um 26% af heildarfjölda lóða. Út frá því má álykta að um 3,8 milljarða króna fjárfesting í nýju hverfunum sé ekki enn farin að skila tekjum til Orkuveitunnar. Eins og ástandið er á fasteignamarkaðnum má búast við því að mörg ár líði þar til kerfin verða komin í fulla notkun.“²¹⁷

11.6 Orkusölusamningar til stóriðju

Í tengslum við setningu nýrra raforkulaga á árinu 2003 og ákvarðanir um byggingu Hellsisheiðarvirkjunar var hafist handa við að kanna möguleika á sölu raforku frá virkjuninni til stórnotenda. Við gerð orkusölusamninga verður almennt að huga að því framboði orku sem til ráðstöfunar er hverju sinni og hvernig ráðstafa eigi orkunni, þ.e. til hvaða starfsemi eigi að selja orkuna. Ekki verður séð að tekin hafi verið heildstæð afstaða til þess af hálfu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur með hvaða hætti haga ætti sölu raforku til stóriðju.

Að mörgu er að huga í því sambandi, og þarf að taka tillit til ýmissa þátta þegar gerðir eru samningar um sölu raforku til stórnotenda sem ætlað er að gilda um langa hríð. Má í þessu sambandi nefna hvernig skattlagningu orkufyrirtækja er háttað. Á árinu 2004 var m.a. bent á þetta af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur í umsögn til fjármálaráðuneytis vegna frumvarps sem unnið hafði verið af fjármálaráðuneytinu þar sem gert var ráð fyrir að orkufyrirtæki greiddu framvegis tekju- og eignaskatt. Kom þar fram að Orkuveita Reykjavíkur lýsti sig andvíga þessum markmiðum frumvarpsins af ýmsum ástæðum sem tíunduð voru í bréfi fyrirtækisins, en í því var sérstaklega bent á að:

„Orkuveita Reykjavíkur er með samninga um orkusölu til stóriðju sem gilda í 20 ár hvar ekki var gert ráð fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta. Samningar þessir hafa verið gerðir fyrir hvatningu ríkisins og engir fyrirvarar af þess hálfu um að gera þurfi ráð fyrir skattlagningu til framtíðar. Arðsemisútreikningar sem gerðir hafa verið í góðri trú vegna stórframkvæmda hafa ekki gert ráð fyrir greiðslu þessara skatta. Forsendur gerðra samninga og arðsemi þeirra raskast verulega verði frumvarp þetta að lögum.“²¹⁸

Guðlaugur Þór Þórðarson: „Ég tel að það eigi að skoða það mjög vel hvort ekki eigi að setja upp sérstakt félag um þessa samninga. Það var líka eitt af hlutverkum hagræðingar- og stefnumótunarnefndarinnar að skoða fýsileika þess að stofna formlegar rekstrareiningar utan um ákveðna þætti í starfsemi OR með tilliti til arðsemi og áhættu.“

Guðmundur Þóroddsson: „Við seldum til Landsvirkjunar og Landsvirkjun seldi Norður-áli. Samningarnir við Norðurál voru samhljóða samningum við LV þannig að peningarnir runnu í gegnum Landsvirkjun. Ef ég man rétt fengu þeir ekki einu sinni hlutdeild í verðinu heldur var þetta meira hjónusta Landsvirkjunar og þeirra sýn á álumhverfið. Þeir töldu sig hafa einkarétt á þessari sölu til stórnotenda sem síðan breyttist á þessum tíma.“

217 Greinargerð stjórnenda með rekstrarúttekt, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 24.

218 Guðmundur Þóroddsson: Bréf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til fjármálaráðuneytis, dags. 23. ágúst 2004.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. mars 2006 var lagt fyrir stjórn minnisblað framkvæmdastjóra framleiðslu og sölu dags. 27. mars 2006 um þróun raforkumarkaðar frá opnun 2005 til mars 2006. Á fundinum gerði framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu jafnframt grein fyrir orkuvinnslumöguleikum Orkuveitunnar til framtíðar og fyrir umsóknum Orkuveitu Reykjavíkur um rannsóknarleyfi með forgangi til nýtingar til vinnslu jarðhita og vatnsafls til raforkuframleiðslu. Málefnið kom einnig til umræðu á eigendafundi sem fram fór þann 16. nóvember 2007. Þar lagði borgarstjóri fram bókun meirihluta borgarráðs Reykjavíkur frá 13. nóvember þar sem fram kom:

„Nýr meirihluti í Borgarstjórn Reykjavíkur telur að full efni séu til heildstæðrar skoðunar á fyrirætlunum OR, virkjunum, stöðu allra framkvæmda, allra viljayfirlýsinga og samninga, auk yfirlits yfir þá aðila sem hafa óskað eftir viðræðum um orkukaup. Í ljósi þessa felur borgarráð borgarstjóra að kalla eftir umræddum upplýsingum á fyrirhuguðum eigendafundi Orkuveitunnar.“²¹⁹

Í minnisblaði forstjóra til eigendafundar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 14. febrúar 2008 var gerð grein fyrir þeim virkjunum sem Orkuveitan átti og rak, sem og þeim nýju virkjunum sem voru til skoðunar. Í minnisblaðinu kom fram að mikil kaflaskil hafi orðið í raforkuframleiðslu Orkuveitu Reykjavíkur árið 1996 þegar fyrirtækið hafi fengið heimild til raforkuframleiðslu fyrir eigin markað og árið 2003 þegar ný lög innleiddu tilskipun Evrópusambandsins um samkeppni í framleiðslu og sölu rafmagns. Þessar gagngeru breytingar hafi gert fyrirtækinu kleift að framleiða sífellt hærra hlutfall þeirrar raforku sem hún seldi á almennum markaði, þar sem á einum áratug hafi hlutfall eigin framleiðslu farið úr því að vera hverfandi í um helming selddrar raforku þess.

Fram kom að virkjanir Orkuveitu Reykjavíkur væru að Andakíli (vatnsafl), 8,2 MW, Álfsnesi (brennsla á hauggasi) 0,8 MW, Elliðaám (vatnsafl) 3,1 MW, Hellsisheiði (jarðgufa) 123 MW og að Nesjavöllum (jarðgufa) 120 MW. Á Nesjavöllum færi einnig fram framleiðsla á heitu vatni til húshitunar og að áformað væri að hefja framleiðslu á heitu vatni í Hellsisheiðarvirkjun árið 2009. Þá væru áætlaðar nýjar virkjanir að Hellsisheiði 90 MW (II - jarðgufa) með áætlaðri gangsetningu 2008 og Hellsisheiði 90 MW (III - jarðgufa) en framkvæmdir væru í undirbúningi og áætluð gangsetning 2010. Virkjanirnar Hverahlíð (90 MW) og Bitra (135 MW) væru í umhverfismati og væri áætluð gangsetning þeirra 2011. Að auki var í minnisblaðinu gerð grein fyrir rannsóknum á fimm virkjunarkostum til viðbótar, sem samtals var áætlað að gæfu 260 MW, þ.e. að Gráuhnúkum (45 MW), Hagavatni (35 MW), Hellsisheiði IV (90 MW), Meitli (45 MW) og Nesjavöllum (45 MW), en rannsóknarleyfi lægju fyrir vegna allra framangreindra framkvæmda. Um orkusölusamninga kom fram eftirfarandi:

219 Fundur eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. nóvember 2007.

Samningar um heildsölu á rafmagni

Kaupandi	Samningsár	Afl MW	Gildistími
Landsvirkjun	1997	23	2018
Landsvirkjun	2000	10	2015
Norðurál – Grundartangi	2004	215	2026–2028
Norðurál – Helguvík	2007	100	2035

Viljayfirlýsingar

Kaupandi	Samningsár	Afl MW	Gildistími
Norðurál – Helguvík	2007	allt að 75	Ótímasett (First right)
Norðurál – Helguvík	2007	allt að 75	Ótímasett (Good faith)

Fram kom jafnframt að:

„Samningur við Alcan sem hljóðaði upp á sölu á 200 MW rann sitt skeið á enda um síðustu áramót, enda gat hvorugur samningsaðila uppfyllt fyrirvara í samningnum. Allir orkusölusamningar Orkuveitu Reykjavíkur hafa verið samþykktir af stjórn fyrirtækisins og bornir undir sveitarstjórnir eigendasveitarfélaga fyrirtækisins til staðfestingar ... viljayfirlýsingar um frekari viðskipti við Norðurál eru hluti þess sölusamnings sem áður er getið og samþykktur var af sveitarstjórnnum eigendasveitarfélaga ... viðræður við aðila eru á ýmsum stigum og eru óskir hugsanlegra kaupenda um magn mjög mismunandi og í sumum tilvikum ekki fullmótaðar þar sem þær ráðast einnig af öðrum áhrifaþáttum rekstrar þeirra. Þá hafa nokkrir þessara aðila óskað eftir kaupsamningum með ákvæðum um forgang að frekari orkukaupum eflist starfsemi þeirra hér á landi. Allir hafa þessir aðilar óskað trúnaðar um viðræður sínar við Orkuveitu Reykjavíkur“²²⁰

Í minnisblaðinu kom þó fram að þeir nýju aðilar sem um ræddi, væru fimm á sviði kísilvinnslu, fjórir á sviði álvinnslu, þrír í gagnaversstarfsemi og einn með starfsemi í pappírsgerð.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. febrúar 2009 var lögð fram að nýju tillaga stjórnarmannsins Sigrúnar Elsu Smáradóttur, dags. 23. janúar 2009 um skipun starfshóps vegna raforkusölu til stórnotenda, sem falið yrði að fara yfir þá kosti sem mögulegir væru í raforkusölu til stórnotenda annarra en álvera. Afgreiðslu tillögunnar var frestað en tillagan var borin upp að nýju á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 15. maí 2009, og felld þar með fjórum atkvæðum gegn tveimur. Á fundinum kom jafnframt Þórður Hilmarsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingastofu þar sem hann lagði fram gögn, flutti kynningu og svaraði fyrirspurnum ásamt framkvæmdastjóra framleiðslu og sölu. Á fundinum var einnig lagður fram listi yfir þau fyrirtæki sem leitað höfðu til Orkuveitu Reykjavíkur á síðustu misserum með ósk um orkukaup, en af því tilefni óskaði stjórnarmaðurinn Sigrún Elsa Smáradóttir eftir minnisblaði um kostnað fyrirtækja vegna orkukaupa, bæði á stóriðjutaxta og smásölutaxta, skipt upp miðað við orkukostnað, flutnings- og dreifingarkostnað og hver þróun þessara kostnaðarþátta hefði verið. Að kynningu lokinni tóku stjórnarmennirnir Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Gunnar Sigurdsson fram að:

„Framlagðar upplýsingar sýna að stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur hafa unnið í samræmi við þann vilja stjórnar fyrirtækisins

220 Minnisblað um raforkuframleiðslu og sölu, til eigendafundar stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 14. febrúar 2008.

að huga að fjölbreytilegum kostum í heildsölu á raforku til stórkaupenda, ekki síst á grundvelli áhættudreifingar í rekstri. Á undanförunum misserum hafa fulltrúar Orkuveitunnar átt viðræður við fjölmarga erlenda aðila um hugsanlega raforkusölu til stórnotenda; aðallega gagnaver og efnaframleiðendur, t.d. framleiðendur á kísilmálm, kísilflögum, koltrefjum, pappírsvörum og álþynnum. Af hálfu Orkuveitunnar hafa slíkar viðræður verið á sama grundvelli og viðræður við núverandi stórkaupendur fyrirtækisins, þ.e. að fyrirtækið geri samning við trausta aðila um orkusölu á viðunandi verði til langs tíma. Af kynningu Fjárfestingarstofu og umræðum á fundinum má ráða að margvíslegir möguleikar eru á sölu raforku til stórkaupenda úr öðrum greinum en áliðnaði. Stjórnin felur forstjóra að vinna áfram að því að kynna fyrirtækið fyrir væntanlegum stórkaupendum í því skyni að ná frekari áhættudreifingu í rekstri.²²¹

Af sama tilefni óskuðu stjórnarmennirnir Sigrún Elsa Smáradóttir og Dagur B. Eggertsson eftir að bókað yrði:

Guðmundur Þóroddsson: „Ástæðan fyrir því var mjög einföld [að kaupa tryggingar fyrir álverðssveiflum], OR var ekki á markaði og var með ábyrgð eiganda sinna, þannig að það hvort að eigið fé sveiflast með einhverjum afleiðum skiptir ekki öllu máli. Þú færð aldrei afleiðusamning sem ver áhættu án kostnaðar. Þetta er fræðileg umræða. Vandamálið við að verja þessa álverðstengdu samninga er það að um leið og þú festir álverðið færðu vörn fyrir falli álverðs en nýtur þá ekki lengur innbyggðra varna gegn gengi og vöxtum sem eru í álverðstengdum samningum. Um leið og bíúð er að festa álverðið er bíúð að auka hvað þú ert útsettur fyrir öðrum breytum, þ.e. gengi dollars og vöxtum, þ.e. gengisáhættu og vaxtaáhættu. Þannig hefur álverðstengdur samningur þjárá áhættur: Álverðsáhættu, vaxtaáhættu og gengisáhættu. Þróun álverðs hefur beina tengingu við þróun gengis dollars við aðrar myntir. Ef dollar lækkar hækkar álverð þar sem sala á áli er í dollurum en framleitt í margvíslegri mynt. Sama á við um vexti, hærri vextir þýða hærri álverð og öfugt þar sem álver eru mikil fjárfesting svipað og orkuver. Þannig að ef þú festir álverðið þá eru tekjur og kostnaður viðkvæmari fyrir sveiflum í gengi og vöxtum. Það er líka söguleg fylgni á milli vaxta og álverðs. Álverð er, eins og orkuver, fjárfesting sem er mjög háð gengi og vöxtum. Það skapar álverðið. Þannig að um leið og þú byrjar að festa einn hlut þá þarftu að fara að verja þig gagnvart vöxtum og gengi. Hér er ég ekki að tala um gengi íslensku krónunnar á móti dollar heldur dollara á móti evru eða á móti myntkörfum. Okkar niðurstada var því sú að það væri of dýrt og ódýrara fyrir okkur sleppa vörnum enda væri náttúruleg vörn í álverðinu, þ.e. þegar kostnaður OR af erlendum lánnum færi upp, færi álverðið upp, en niður þegar ytri aðstæður eru hagstæðar.“

„Það eru mikil vonbrigði að meirihlutinn hefur nú fellt tillögu um stofnun starfshóps sem falið yrði að fara yfir mögulega kosti í raforkusölu til stórnotenda annarra en álvera. Markmið tillögunnar var að leita leiða til að dreifa áhættu í raforkusölu OR. Sá gluggi sem er í orkusölusamningi við álver í Helguvík um sölu á 75 MW til annarrar orkufrekrar starfsemi í Ölfusi rennur út 1. júlí án þess að ráðist hafi verið í þessa vinnu og er það miður. Hætt er við að fjárfestingarleg raforkuframleiðsla OR lokist inni í samningnum við álver og OR verði þar með háð hámarksverði á áli sem er í lágmarki. Áhugaleysi meirihlutans á öðrum orkusölukostum er því harmaður.“²²²

Ekki verður heldur séð að mótuð hafi verið heildstæð stefna um það hvernig haga ætti endurgjaldi Orkuveitu Reykjavíkur í orkusölusamningum til stórnotenda. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 21. september 2004 er þó bókað um að fram hafi verið lagt minnisblað LEX lögmannstofu dagsett 18. ágúst 2004 og drög að „Master Agreement“ við Barclays Bank auk þess sem Yngvi Harðarson hefði komið á fundinn og gert „grein fyrir tengingu orkuverðs við álverð.“²²³ Virðist sem stjórn hafi fengið kynningu á fundinum á ýmsum þáttum álverðsþróunar, en þar kom m.a. fram að hægt væri að bregðast við þróun álverðs með áhættustýringu, með skiptasamningum, með vilnunum (söluréttur, trygging) eða fléttum vilnana. Þá kom fram eftirrandi um stefnumótun um áhættustýringu vegna álverðs:

„Unnt að fella inn í stefnu vegna gengis og vaxta. Þarf að taka til notkunar afleiðusamninga. Fjárhæðir höfuðstóla. Virkni stýringar. Heimildir til framkvæmda – forstjóri / áhættunefnd. Upplýsingagjöf til stjórnar“²²⁴

Slíkar tryggjar voru ekki keyptar af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur, en um afleiðingar þess er m.a. fjallað í kafla um áhættustýringu.

221 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 15. maí 2009.

222 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 15. maí 2009.

223 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21. september 2009. „Tenging orkuverðs við álverð“ Yngvi Harðarson cand. oecón, M.A. kraftbendisglætur, dags. 21. september 2004.

224 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21. september 2009. „Tenging orkuverðs við álverð“ Yngvi Harðarson cand. oecón, M.A. kraftbendisglætur, dags. 21. september 2004.

Rétt er að geta þess að sala raforku til stórnotenda er drjúgur hluti tekna Orkuveitu Reykjavíkur. Í ársreikningi fyrirtækisins 2010 kemur m.a. fram að sala raforku til Norðuráls Grundartanga hafi þannig numið rúmum 5 milljörðum, eða sem nemur 13,2% af heildartekjum, en til samanburðar hafi hlutfallið verið 15,4% árið 2009. Eftir að raforkumarkaðir voru opn- aðir hafa verið gerðir fjórir veigamiklir samningar (með viðbótum í ein- hverjum tilvikum) um sölu raforku til stórnotenda. Þetta eru:

- Samningur við Norðurál vegna stækkunar á álveri Norðuráls (apríl 2004)
- Samningur við Alcan vegna stækkunar álvers í Straumsvík (maí 2006)
- Samningur við Norðurál vegna hugsanlegs álvers í Helguvík (júní 2007)
- Viljayfirlýsing um sölu raforku til iðjuvers í Ölfusi (mars 2008)

Verður hér gerð grein fyrir þeim í sérstökum köflum, hverjum fyrir sig, en frá sumum þeirra hefur verið fallið á síðari stigum, eins og grein verður gerð fyrir hér á eftir.

11.6.1 Samningar við Norðurál vegna stækkunar álversins

Á fundi stjórnar veitustofnana þann 24. apríl 2001 greindi forstjóri Orkuveitunnar frá fundi um hugsanlega raforkusölu til Norðuráls og á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 23. ágúst 2002 ræddi forstjóri Orkuveitunnar um raforkusölu til stóriðju og viðræður við Landsvirkjun í því sambandi. Á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 4. mars 2003 var lagt fram og samþykkt bréf forstjóra Orkuveitunnar frá 27. mars 2003 um sölu á raforku til Landsvirkjunar vegna Norðuráls o.fl. þar sem lagt var til að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á grundvelli minnisblaðsins að framkvæmdum við 4. vél á Nesjavöllum og fyrsta áfanga Hellisheiðarvirkjunar yrði hraðað eftir föngum.

Drög að samningi við Norðurál voru kynnt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. september 2003 ásamt bréfi forstjóra dags. 14. september 2003. Þar kom m.a. fram:

„Samningar við Norðurál ganga vel og eru góðar líkur á að náist saman samkvæmt eftirfarandi forsendum:

Verð miðist við samning NÁ og LV áður en Norðlingaöldu var frestað Hitaveita Sudurnesja og OR skipti með sér 153 MW eða 1340 GWh þörf Norðuráls í fyrsta áfanga vegna 90 þús. tonna stækkunar NÁ. LV mun hugsanlega hjálpa til við að útvega orku á vormán- uðum 2006 til að flýta gangsetningu álversins

Sá hluti álverðsins sem lánaður er til Norðuráls verður tryggður með veldi í áfanganum og með 50 punkta álagi m.v. lánskjör OR. Allar líkur eru á að fjármögnunaraðilar NÁ muni samþykkja beinan samning við OR og HS

Hugsanlega mun LV vera að einhverju leyti inni í samningnum vegna næsta áfanga NÁ sem er 60 þús. tonna stækkun sem verður væntanlega ráðist í að loknum Kárahnjúkum og Reyðaráli. ... Þegar þetta er ritað er ekki komið á neitt samkomulag milli aðila en stutt er í fyrstu samningana. Endanlegir samningar komast hugsanlega ekki á fyrr en í janúar í síðasta lagi en fram að því mundi væntan- lega gilda skaðleysisákvæði milli orkufyrirtækjanna og Norðuráls þar sem NÁ myndi tryggja endurgreiðslu kostnaðar OR og HS meðan þeir fengju endanlega fjármögnun. Til að tímaáætlanir gangi

Guðmundur Þóroddsson: „Það voru við- ræður við Landsvirkjun um þetta og Landsvirkjun er í viðræðum við okkur og Hitaveitu Sudurnesja um að taka einhvern hlut af þessari stækkun. Þetta er 1999 og þá var geta OR lítil eða engin, hvort það er um 10MW eða ekkert, ég man það ekki alveg, sem við gátum framleitt á Nesjavöllum inn í þennan samning. Þannig að við erum alveg á mörkum að vera með í þessu af því að það er svo langt í Hellisheiðarvirkjun. Svo gerist eitthvað sem gerir það að verkum að Landsvirkjun dregur sig út úr þessu, hvort að það var eitthvað umhverfismat sem fór á móti þeim eða eitthvað sem gerist þannig að Landsvirkjun taldi sig ekki hafa orku og dró sig út úr samningunum. OR og Hitaveita Sudurnesja halda hins vegar áfram viðræðum. Þá var búið að rannsaka á Hellisheiði og geta OR til að taka þátt í verkefniinu talin mun meiri.“

*upp þarf OR að auglýsa útbod á vélunum á Hellsheiði í janúar, febrúar 2004*²²⁵

Ákvað stjórnin að fela forstjóra að vinna að málinu á grundvelli framlagðs bréfs, og á fundi stjórnar þann 21. október 2003 voru lögð fram drög að viljayfirlýsingu um orkusölu til Norðuráls. Samþykkti stjórn heimild til að undirrita yfirlýsinguna, með þeim fyrirvara að stjórnarmenn gætu komið með athugasemdir á næstunni ef þeir teldu þess þörf og var bókað að kæmi til þess yrði málið skoðað nánar. Af því varð þó ekki, og á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 11. nóvember 2003 var lögð fram og samþykkt viljayfirlýsing um orkusölu til Norðuráls dags. 31. október 2003.

Þá voru lögð fram drög að samkomulagi við Hitaveitu Suðurnesja um orkusölu til Norðuráls á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 9. desember 2003.²²⁶ Þar var samið nánar um samstarf orkufyrirtækjanna og kom þar m.a. fram að til þess að tryggja raforku samkvæmt orkusölusamningnum myndi Orkuveita Reykjavíkur stækka raforkuver sitt á Nesjavöllum um 30 MW (úr 90 MW í 120 MW) og reisa nýtt raforkuver á Hellsheiði með um 80 MW framleiðslugetu. Ráðgert væri að stækkun Nesjavalla yrði lokið í nóvember 2005 en vél 1 á Hellsheiði yrði tekin í notkun í september 2006 og vél 2 í október 2006. Fram kom að ábyrgð fyrirtækjanna gagnvart Norðuráli væri sólidarísk (sameiginleg) og ótakmörkuð, en yrðu vanefndir á orkuafhendingu raktar til annars fyrirtækisins skyldi það fyrirtæki bæta Norðuráli hf. það tjón sem Norðurál yrði fyrir. Rísi ágreiningur milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja um orsakir vanefnda skyldu fyrirtækin bæta það tjón Norðuráls hf. að jöfnu, þar til skorið yrði úr ágreiningnum fyrir gerðardómi.

Í framangreindum drögum var ráð fyrir því gert að seld yrðu 153 MW til Norðuráls, og kom fram að hlutur Orkuveitu Reykjavíkur yrði í því sambandi 30 MW frá Nesjavallavirkjun með afhendingu 1. nóvember 2005, 40 MW frá Hellsheiðarvirkjun þann 1. september 2006 og 20–40 MW frá Hellsheiðarvirkjun þann 1. október 2006. Verð á orkunni var ákveðið ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... Drögin höfðu að auki að geyma ákveðna fyrirvara, m.a. af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur um fjármögnun stækkunarinnar og öflun tilskilinna leyfa sem og samþykki eigenda Orkuveitu Reykjavíkur. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 12. mars 2004, voru lögð fram drög að orkusölusamningi milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Norðuráls hins vegar svo og drög að flutningssamningi milli Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar. Ennfremur var lögð fram eftirfarandi tillaga forstjóra:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi samningsdrög dags. 11. mars 2004 að orkusölusamningi (Power contract) milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Norðuráls hins vegar. Stjórnin samþykkir einnig fyrirbyggjandi samningsdrög dags. 11. mars 2004 að flutningssamningi (Agreement concerning transmission of electricity) milli annars vegar Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar hins vegar. Forstjóra og stjórnarformanni er veitt heimild til að skrifa undir endanlega samninga enda verði þeir í öllum meginatriðum í samræmi við þau drög sem stjórnin nú samþykkir. Samningsdrögin

Guðmundur Þóroddsson: „Fyrsti

Norðurálsamningur OR var með hærri raforkuverðum en samið hafði verið um áður á Íslandi við stóriðju. Sama var með Alcan samninginn og raunar Helguvíkursamninginn líka. Það voru alltaf að fást einhver 10% í hvert sinn í hækkun.“

225 Bréf forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 14. september 2003.

226 Á sama fundi var tilkynnt um fyrirhugaða heimsókn stjórnarmanna til Norðuráls.

skulu send öllum eignaradilum til staðfestingar í samræmi við lög um Orkuveitu Reykjavíkur.²²⁷

Þessari tillögu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Stöðugar viðræður hafa farið fram milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Norðuráls hins vegar um orkusölusamning. Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja hafa á sama tíma átt viðræður við Landsvirkjun, flutningssvið, um flutning raforkunnar og orkusvið um þá þætti sem að því sviði snúa. Viðræðurnar hafa gengið vel og liggja fyrir lokadrög að nánast öllum samningum ... Forstjóri OR hefur hitt þá aðila sem ætla að taka að sér fjármögnun stækkunar Norðuráls og eru það sömu aðilar og fjármagna fyrirtækið í dag. Engir hnökrar eru þar á, að því að þeir segja okkur en frá því að endanlegur orkusölusamningur liggur fyrir þurfa þeir um 2 mánuði fyrir endanlega yfirferð á að allt sé til staðar sem samið hefur verið um. Þegar endanlegur orkusölusamningur og flutningssamningur liggja fyrir mun Norðurál þurfa að bera þá samninga undir lögmenn félagsins erlendis. Að þeirri yfirferð lokinni sem mun taka um 2 vikur er gert ráð fyrir að skrifa undir samningana með fyrirvara um endanlega fjármögnun stækkunar Norðuráls. Gert er ráð fyrir að fjármögnun verði lokuð í maímánuði n.k. og að fyrirvarinn falli þá niður. Norðurál ábyrgist endurgreiðslu hluta þess kostnaðar sem Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Landsvirkjun stofna til meðan fyrirvarinn gildir.“²²⁸

Tillagan var tekin til umræðu en stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ákvað að fresta afgreiðslu tillögunnar til fundar sem haldinn yrði þann 16. mars 2004. Á þeim fundi voru lögð fram þau samningsdrög sem lögð höfðu verið fram á fyrri fundi, en á flutningssamningi höfðu verið gerðar orðalagsbreytingar milli funda og var hann lagður fram með þeim breytingum. Þá var til viðbótar lagður fram samningur dags. 15. mars 2004 milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Landsvirkjunar hins vegar um undirbúningsframkvæmdir til loka maímánaðar og ábyrgðir vegna þeirra. Að því loknu var lögð fram að nýju tillaga forstjóra um samþykki samninganna, sem þó var að nokkru breytt frá fyrri fundi, en hún var svohljóðandi:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir fyrir sitt leyti fyrir- liggjandi samningsdrög dags. 12. mars 2004 að orkusölusamningi (Power contract) milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Norðuráls hins vegar. Stjórnin samþykkir einnig fyrir- liggjandi samningsdrög dags. 15. mars 2004 að flutningssamningi (Agreement concerning transmission of electricity) milli annars vegar Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar hins vegar, ennfremur samning dags. 15. mars 2004 milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Landsvirkjunar hins vegar um undirbúningsframkvæmdir til má loka og ábyrgðir vegna þeirra. (Agreement concerning construction in connection with transmission of electricity). Forstjóra og stjórnarfor- manni er veitt heimild til að skrifa undir endanlega samninga enda verði þeir í öllum meginatriðum í samræmi við þau drög sem stjórnin

227 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 12. mars 2004.

228 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 12. mars 2004.

*nú samþykkir. Samningsdrögin skulu send öllum eignaraðilum til staðfestingar í samræmi við lög um Orkuveitu Reykjavíkur.*²²⁹

Sem fyrr fylgdi tillögunni greinargerð, sem svipaði til þeirrar greinargerðar sem lögð var fram með tillögu forstjóra á fundi stjórnar þann 12. mars 2004.

Samþykkti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur drög þeirra samninga sem höfðu verið lögð fram fyrir sitt leyti og fól forstjóra að senda eigendum samningana til staðfestingar. Þann 20. apríl 2004 var svo lagður fram á fundi stjórnar endanlegur orkusölusamningur milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Norðuráls hins vegar og samþykkti stjórnin að fela forstjóra að afla samþykkis eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, en með yfirlýsingu dags. 17. apríl 2004 hafði Century Aluminum Company lýst því yfir að ef ekki yrði af fjármögnun verkefnisins af hálfu félagsins, fyrir 31. maí 2004, myndi Century Aluminum Company greiða Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja allt að 12 milljónir bandaríkjadala fyrir útlagðan kostnað félaganna í tengslum við undirbúning stækkunarinnar.

Í ársskýrslu 2003 kom fram um þennan samning að:

*„Merkur áfangi náðist þegar Orkuveita Reykjavíkur skrifaði ásamt Hitaveitu Suðurnesja undir yfirlýsingu um að afhenda 153 MW af rafmagni til stækkunar Norðuráls. Til að sinna þessu verður reist 80 MW virkjun á Hellisheiði. Þessi samningur markar ákveðin tímamót þar sem hann er fyrsti samningur Orkuveitunnar beint við stóriðju og auk þess er hann lykilatriði í arðsemi Hellisheiðarvirkjunar þar sem stór byrjunaráfangi er mikilvægur til að auka hagkvæmni virkjunar. Dýpsta háhitaborhola landsins var boruð á Hellisheiði. Hún er rúmlega 2,8 km á dýpt.*²³⁰

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 1. júní 2004 var lögð fram og samþykkt beiðni sem fram kom í bréfi Norðuráls hf. og Century Aluminium, frá 28. maí 2004 þar sem farið var fram á að Century Aluminium yfirtæki skuldbindingar Norðuráls samkvæmt orkusölusamningi Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og Norðuráls frá 17. apríl 2004, og að jafnframt yrði heimilað að yfirfæra skuldbindingarnar síðar aftur yfir á Norðurál. Fram kom í erindinu að:

„We write to you with respect to The Power contract between Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja and Norðurál hf. signed on 17 April 2004. That contract contemplated that Norðurál would complete project financing for the expansion of the smelter before 31 May 2004. Since its acquisition of Norðurál on April 27, Century Aluminum Company has met with the existing bank group and with its U.S. investment banking advisors to evaluate and determine the best financing alternative for the Norðurál expansion. It is unlikely Century will be able to conclude its review of alternatives and close on such a financing by 31 May. If Norðurál will be unable to complete its financing arrangements by May 31 2004 would Norðurál like to seek your consent to have the contract assigned to Century Aluminum Company as required under Clause 5.1.1.1. of the Power Agreement. Upon receipt of that consent would Century

229 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. mars 2004.

230 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2003.

*like to immediately declare the power Contract effective according to Clause 5.6 and to undertake and be bound by all obligations in connection therewith. Century would intend to seek your permission to assign back to Norðurál the rights and duties of the Power Contract when financing of Norðurál's expansion has been completed.*²³¹

Tveir viðaukasamningar voru síðar gerðir vegna orkusölu til Norðuráls. Annars vegar var lagður fram viðaukasamningur á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. október 2004, þar sem samþykkt voru drög að viðaukasamningi við Norðurál hf. um frekari orkusölu til álversins. Í viðaukasamningi var ráð fyrir því gert að Orkuveita Reykjavíkur seldi Norðuráli 34 MW til viðbótar frá haustinu 2006 og 35 MW til viðbótar frá árinu 2011. Verð væri óbreytt frá samningi dags. 17. apríl 2004, en orkan yrði ekki lánuð eins og ráð var gert fyrir í þeim samningi að hluta til. Þá var lagt til að athugaðir yrðu möguleikar á að semja enn frekar um orkusölu á tímabilinu frá 2008–2009. Tillögu forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um samþykki samningsins fylgdi greinargerð, þar sem fram kom:

„Samkvæmt þeim samningi sem liggur fyrir stjórn sem viðauki við orkusölusamning OR og HS frá 17. apríl s.l. selur OR Norðuráli 295 GWh sem samsvarar orkunni frá 34 MW frá haustinu 2006. Þá skuldbindur OR sig einnig til að selja Norðuráli til viðbótar 305 GWh (35 MW) frá árinu 2001 til ársins 2026. Með þessum samningum treystir Norðurál hf. sér til að leggja strax í frekari stækkun og panta vélbúnað sem hentar 260 þús. tonna álveri. Í samningnum er einnig ákvæði um það að ef NÁ semur um hærra verð við aðra orkusala vegna þessarar stækkunar eða frekari stækkunar á Grundartanga leiðréttist verð OR til samræmis. Þau 34 MW sem þarf fyrir fyrsta stig samningsins verða fengin annars vegar með því að nýta yfirafli vélanna sem koma munu á Helligsheiði, þ.e. 2x7 MW eða 14 MW samtals og hins vegar með hluta af 30 MW vélinni á Helligsheiði, þ.e. 20 MW. Þá verða eftir 10 MW af vél 4 á NV sem duga mun fyrir aukningu á almenna markaðnum til 2009. Almenni markaðurinn vex um 4-8 MW á ári eftir árferði en samningurinn við Landsvirkjun árið 1997 um vél tvö á NV er þannig að OR fær afhent inn á almennan markað u.þ.b. 4 MW á ári til ársins 2008. Þannig fæst stærstur hluti aukningarinnar á almenna markaðnum frá vél 2 á NV og langan tíma tekur að fullnýta vél 4. Árið 2008 – 2009 eru fleiri möguleikar að fá nýtt afl inn á kerfi OR sem eru vel þekktir í dag. Það eru vél 5 á Helligsheiði 40 + 7 MW og vél 3 á NV, 30 + 3 MW. Árið 2011 eru auk þess ótal möguleikar á að bæta við afli sjá meðfylgjandi töflu yfir mögulega virkjunarkosti OR næsta áratuginn ... [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... Þar sem nýtt afl þarf til OR bæði 2009 og 2011 er ástæða að horfa til þess hvort hægt er að virkja saman fyrir NÁ og almenna markaðinn vegna þess afis. Vöxtur á almenna markaðnum er 3-7 ár að fullnýta aflið úr 30 MW vél og enn lengur með 40 MW vél. Þá er arðsemi virkjana sem einungis hafa vöxtinn á almenna markaðnum en ekki stóra byrjunaráfanga lítil þar sem tekjur koma hægt inn í byrjun. Nú er ákveðið lag til að semja um frekari stóriðjusölu meðan álverð er jafn hátt og raun er á. Væntanlega er hægt að nýta það lag til að selja sem samsvarar allt að 50 MW til NÁ með afhendingu 2008 og/ eða 2009 sem gæfi þá möguleikann á mjög góðri nýtingu á því afli

231 Bréf Century Aluminum Company til Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja, dags. 28. maí 2004.

sem inn kemur þá og virkja svo 2011 fyrir bæði þennan samning og vöxtinn á almenna markaðnum. Samkvæmt upplýsingum frá Norðuráli eru möguleikar á að semja um vélar og búnað í stækkunina í einu lagi núna þrátt fyrir að afhending dreifist á lengri tíma og nýta þannig hagkvæmni stærðarinnar til að ná lægri verðum. ... [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ...
²³²

Í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2004 kom fram um þetta, að:

*„Á árinu 2004 voru margir markverðir atburðir og ber þar hæst að OR gerði sinn fyrsta sjálfstæða orkusölusamning um stóriðju er samið var við Norðurál um að OR ásamt Hitaveitu Suðurnesja sjái þriðja áfanga Norðuráls fyrir orku næstu 20 árin. Þá var bætt um betur síðastliðið haust og gerður annar samningur um að sömu aðilar myndu einnig sjá um að framleiða raforku fyrir fjórða áfanga álversins. Þessir tveir samningar marka ákveðin tímamót þar sem OR er þá farin að framleiða um 140 MW til stóriðju. Með þeim er einnig skotið styrkum stöðum undir stækkun Nesjavallavirkjunar og undir nýju virkjunina á Hellisheiði.“*²³³

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 23. mars 2005 voru lögð fram og samþykkt drög að viðaukasamningi milli Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og Norðuráls ehf., og á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. apríl 2005 var svo lagður fram og samþykktur samningur Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Norðuráls hins vegar um sölu á rafmagni dags. 6. apríl 2005 og hann sagður koma í stað eldri samnings og viðauka við hann. Tekið var fram við afgreiðslu stjórnar að samningurinn hefði verið sendur til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur til staðfestingar. Í samningnum kemur fram að áætlanir um raforkusölu væru með þeim hætti að Orkuveita Reykjavíkur afhenti 30 MW raforku frá virkjuninni að Nesjavöllum þann 1. nóvember 2005, 40 MW kæmu frá virkjuninni á Hellisheiði þann 1. september 2006 og 20–40 MW til viðbótar þann 1. október 2006. Viðbótarraforka kæmi svo með afhendingu 20 MW frá Nesjavöllum þann 1. október 2006 og 14 MW frá Hellisheiðarvirkjun þann 1. október 2006.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. júní 2008 voru lögð fram drög að viðauka við raforkusamning Norðuráls og Orkuveitu Reykjavíkur og samþykkt á fundinum, en stjórnarmennirnir Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir sátu hjá við afgreiðslu málsins. Í viðaukanum (sem merktur er Draft 2 07.03.2008) kemur fram m.a. að Orkuveita Reykjavíkur hefði hafist handa við að afla tilskilinna leyfa til framleiðslu þess rafmagns sem um var samið í samningi aðila dags. 7. júní 2007, en að tilkynnt hafi verið að umsamin skilyrði í upphaflegum samningi myndu ekki vera uppfyllt á þeim tíma sem upphaflega var um samið, þ.e. í júní 2008. Var því ákvæðum 6.1.1. samningsins (um skilyrði Orkuveitu Reykjavíkur) breytt og sum þeirra færð til desember 2008. Þá var upplýst um stöðu og framgang þeirra skilmála sem gerðir höfðu verið af hálfu kaupanda.

232 Bréf Guðmundar Þóroddssonar forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 18. október 2004. Erindinu fylgdi viðaukasamningur við Norðurál hf. (merktur draft) og tafla yfir mögulega raforkuvinnslumöguleika Orkuveitu Reykjavíkur til 2015 (þar sem m.a. var gert ráð fyrir Hrafnbjargarvirkjun sem gæfi um 100 MW árið 2010).

233 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2004.

11.6.2 Samningar við Alcan

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. febrúar 2005 var lagt fram bréf forstjóra frá 14. febrúar 2005 og samþykkt tillaga um viðræður við Alcan vegna stækkunar álvers í Straumsvík. Tillagan var svohljóðandi:

„Til Orkuveitunnar hafa leitað fulltrúar Alcan álfyrirtækisins og óskað eftir viðræðum við Orkuveituna um kaup á rafmagni til stækkunar álversins í Straumsvík. Alcan hefur hug á að kaupa allt að 500 MW til viðbótar við núverandi notkun og helst að hefja framleiðslu á árinu 2009 en eru til viðræðu um seinni afhendingu ef annað stendur ekki til boða. Orkuveitan getur væntanlega séð fyrir um 200 MW frá árinu 2010 til 2011 með nýjum virkjunum á nýjum svæðum á Hengilsvæðinu og stækkun núverandi virkjunarsvæða. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur felur forstjóra að ganga til viðræðna við Alcan og halda stjórn upplýstri um gang mála.“²³⁴

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. apríl 2005 var stjórn upplýst um ósk Alcoa um viðræður um orkukaup og á fundi stjórnar þann 17. ágúst 2005 var lagt fram og samþykkt samkomulag við Alcan á Íslandi um hugsanlega orkusölu. Í samkomulaginu (sem þó var ekki skuldbindandi), sem dagsett var þann 29. júní 2005 kom fram að Alcan á Íslandi myndi kaupa allt að 200 MW og 1752 GWh orku, til allt að 25 ára og skyldi orkuverðið bundið við ... [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... en þó var ráð fyrir því gert að endanlegt verð yrði ákveðið í samningi um orkusölu. Tekið var fram að afhending orkunnar væri háð fyrirvörum af hálfu beggja aðila, og var af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur þess sérstaklega getið að endanlegur samningur yrði m.a. háður því að nægjanleg orka væri til staðar á Hellisheiðarsvæðinu, m.a. á Skarðsmýrarfjalli/Ölkelduhálsi og Hverahlíð.

Á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 17. maí 2006 var svo lagður fram orkusölusamningur milli Orkuveitu Reykjavíkur og Alcan á Íslandi, dags. 11. maí 2006, sem undirritaður var af stjórnarformanni og forstjóra m.a. með fyrirvara um samþykki stjórnar og eigenda. Voru efnisákvæði hans nokkuð samhljóða þeim drögum sem áður höfðu verið samþykkt á fundi stjórnar, m.a. um sölu á 200 MW til verksmiðju Alcan með möguleika á viðbótarsölu 100 MW eða meiru. Í samningnum voru þar að auki fyrirvarar, til hagsbóta fyrir Orkuveitu Reykjavíkur sem og fyrir Alcan á Íslandi.

Var samningurinn samþykktur með fimm atkvæðum gegn einu, en við afgreiðslu málsins hafði stjórnarmaðurinn Tryggvi Friðjónsson flutt tillögu um að afgreiðslu samningsins yrði frestað, og vísað í því sambandi til bóknar sinnar á stjórnarfundi fyrirtækisins þann 30. mars 2006 þar sem hann lagði áherslu á að Orkuveita Reykjavíkur kynnti fyrir borgarstjórn áform um þær hugmyndir sem hefðu verið kynntar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur um orkuöflun til stóriðju áður en lengra væri haldið í könnun og samningagerð um orkusölu til stóriðju. Lét hann bóka af því tilefni:

„Undirritaður ítrekar þessa bókun og telur ekki koma til greina að stjórn OR afgreiði mál af þessari gerð og stærðargráðu án þess að borgarstjórn Reykjavíkur og aðrir eigendur hennar hafi tekið afstöðu til málsins. Rétt er og eðlilegt að eigendur OR fjalli um og ákveði stefnu í þessum málaflökki sem stjórn OR tekur síðan mið af í sinni vinnu m.a. við gerð stefnumótunar fyrir OR.“²³⁵

234 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. febrúar 2005.

235 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 17. maí 2006.

Í tilefni af framangreindu lét formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur bóka að:

„Allar meiriháttar fjárskuldbindingar OR ber að leggja fyrir borgarstjórn Reykjavíkur til samþykktar. Málið verður því sent til borgarstjórnar sem og annarra eigenda OR.“²³⁶

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 21. desember 2007 var lagt fram erindi Alcan dags. 12. desember 2007 þar sem fram kom ósk um breytingu á áður undirrituðum samningi um kaup á 200 MW orku til afhendingar til álvers í Straumsvík. Afhending orkunnar átti að fara fram síðari hluta ársins 2010. Af því tilefni var lögð fram og samþykkt svohljóðandi bókun stjórnar:

„Samningur Alcan á Íslandi og Orkuveitu Reykjavíkur frá 11. maí 2006, kveður á um sölu á 200 MW til nýs álvers í Straumsvík. Afhending orkunnar skal fara fram á síðari hluta ársins 2010. Eins og fram kemur í bréfi Alcan á Íslandi, dags. 12.12.2007, hafa eftir gerð samningsins, komið upp þær aðstæður í Hafnarfirði að fyrirtækið mun ekki byggja nýtt álver í Straumsvík. Orkuveita Reykjavíkur lítur á bréf Alcan sem tilkynningu um að fyrirtækið geti ekki uppfyllt samningsákvæði sín við Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveita Reykjavíkur er ekki reiðubúin, miðað við fyrirleggjandi upplýsingar, til breytinga á orkusölusamningnum eða gerðs nýs samnings, sem geri ráð fyrir öðrum afhendingarstað og afhendingartíma. Ákveði Alcan á Íslandi síðar að reisa nýtt álver á Íslandi stendur fyrirtækinu, eins og öðrum orkukaupendum, til boða að ræða við Orkuveitu Reykjavíkur um orkukaup. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur felur forstjóra að láta kanna réttarstöðu Orkuveitu Reykjavíkur með hliðsjón af grein 5.5 í orkusölusamningnum.“²³⁷

Í framhaldi af framangreindri bókun stjórnar hófust viðræður milli félaganna. Með bréfi Orkuveitu Reykjavíkur til Alcan dags. 21. desember 2007 kom fram sú afstaða Orkuveitu Reykjavíkur, til samræmis við fyrrgreinda bókun stjórnar fyrirtækisins, að í bréfi Alcan hefði í reynd falist tilkynning um að félagið myndi ekki geta staðið við orkusölusamning félaganna. Á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 1. febrúar 2008 var lagt fram bréf Alcan dags. 28. desember 2007 um samning milli Orkuveitu Reykjavíkur og Alcan á Íslandi og gerði forstjóri stjórninni grein fyrir stöðu viðræðna milli fyrirtækjanna. Í bréfi Alcan á Íslandi kom fram að:

„Vísað er til bréfs Orkuveitu Reykjavíkur til ÍSAL, dags. 21. desember 2007. Bréf ÍSAL dags. 12. desember 2007, ber ekki að taka sem tilkynningu þess efnis sem vísað er til í bréfi Orkuveitu Reykjavíkur, m.a. þar sem ljóst er að Orkuveita Reykjavíkur getur ekki staðið við ákvæði samningsins. Í fyrrnefndu bréfi ÍSAL var í engu minnst á að stækkun álversins í Straumsvík myndi ekki eiga sér stað og ber ekki að taka bréfið sem tilkynningu varðandi efnidir einhverra þeirra forsendna sem settar eru fram til hagsbóta fyrir ÍSAL í samningnum. Þá hefur ÍSAL enga ákvörðun tekið um að hætta við stækkunarverkefni í Straumsvík.“²³⁸

236 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 17. maí 2006.

237 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21. desember 2007.

238 Bréf Alcan á Íslandi, dags. 28. desember 2007.

Í bréfi Alcan til forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur dags. 27. mars 2008 er vísað til fundar forráðamanna félagsins þann 22. janúar 2008. Þar kom fram að á þeim fundi hefðu forsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur haldið því fram að orkusölusamningur frá 11. maí 2006 hefði fallið úr gildi þann 31. desember 2007, þar sem hvorugt félaganna hefði uppfyllt þá skilmála sem orkusölusamningurinn hafði að geyma. Að auki kom fram að Alcan hefði samþykkt þessar forsendur fyrir sitt leyti. Var því lagt til að hvor samningsaðila um sig leysti hinn frá skyldum sínum samkvæmt orkusölusamningnum, án þess að til bótagreiðslu kæmi. Var framangreind yfirlýsing, þ.e. drög að samkomulagi, lögð fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 18. apríl 2008 ásamt álitserð Helga Jóhannessonar hrl. dags. 11. mars 2007 um álitafni í samningi Orkuveitunnar og Alcan. Í álitserðinni kom fram varðandi hugsanlegar bætur, að:

„... Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá Hjörleifi Kvaran liggur fyrir að hvorki OR né Alcan hafði þann 31. desember sl. uppfyllt skilyrði orkusölusamningsins og ekki hefur verið samið um frekari fresti í því sambandi. Með bréfi Alcan til OR dags. 12. desember 2007 er ekki beinum orðum tekið fram að Alcan muni ekki uppfylla skilyrði orkusölusamningsins, en af bréfinu má þó ljóst vera að forsendur fyrir stækkun álversins í Hafnarfirði hafa brostið með niðurstöðunni í kosningum um stækkunina sem fram fóru 31. mars 2007, auk þess sem efni bréfsins lýtur einkum að því að fá OR til samninga um orkusölu til nýs álvers í Þorlákshöfn og þá hvernig hægt sé að uppfylla skilyrðin til að slíkt sé mögulegt ... Í grein 5.5. í samningnum er undantekningarákvæði er lýtur að skyldu Alcan til að greiða OR bætur komi til riftunar af hálfu Alcan á samningnum. Þannig skulu bæturnar nema USD 4 millj. ef riftun á sér stað á tímabilinu frá undirritun samningsins til 1. september 2006, USD 5 millj. ef riftun á sér stað frá 1. september 2006 til 31. desember 2006, USD 8 millj. ef riftunin á sér stað á tímabilinu 31. desember 2006 til 30. júní 2007 og USD 15 millj. ef riftunin á sér stað frá 30. júní 2007 til 31. desember 2007, svo sem að framan er rakið. Í greininni er sérstaklega tekið fram að forsenda fyrir bótagreiðslum af þessu tagi af hálfu Alcan sé að riftun eigi sér stað af hálfu Alcan eftir að öll skilyrði samningsins hafa verið uppfyllt af hálfu OR.“²³⁹

Samþykkti stjórnin á fundinum að fela forstjóra að ganga frá samkomulagi við Alcan í samræmi við drögin frá 27. mars 2008.

11.6.3 Sala á orku til álvers í Helguvík

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. apríl 2005 voru lögð fram drög að viljayfirlýsingu (Letter of Intent) milli Norðuráls, Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjanesbæjar dags. 1. apríl 2005 um álver í Helguvík. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 17. ágúst var svo lagt fram og samþykkt samkomulag við Alcan á Íslandi um hugsanlega orkusölu. Reyndar virðist framangreind viljayfirlýsing hafa verið til umræðu stjórnar utan funda, og kom óbeint til umræðu á fundi stjórnar þann 1. júní 2005. Þar óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks eftir að bókað yrði:

„Bókun vegna viljayfirlýsingar sem ekki er á dagskrá fundarins. Athygli vekur að viljayfirlýsing sem kynnt var fyrir stjórn fyrirtækisins

Sigrún Elsa Smáradóttir: „En áætlanirnar voru þannig að það mátti mjög lítið bregða út af, þó að gengishrúmið hefði ekki orðið. Menn ætluðu sér að fara mjög langt í skuldsetningu. Þar að auki er það mín skoðun að áætlanir í tengslum við álver í Helguvík hafi frá upphafi verið furðulegar. Þegar þeir voru búnir að fá samþykkt 220 þúsund tonna álver þá allt í einu ákveða menn að þeir vilja fá 400 og eitthvað þúsund tonna álver án þess að vera með umhverfismat fyrir því og/eda orku.“

239 Álitserð Helga Jóhannessonar hrl., dags. 11. mars 2008.

*fyrir nokkru síðan er ekki á dagskrá þessa fundar. Stjórnarformaður hefur verið með digurbarkalegar yfirlýsingar að undanförunu um að hann gæti farið sínu fram án fulltrúa Vinstri grænna. Augljóst er að stjórnarformaðurinn hefur verið hafður undir í þessu máli og nýtur ekki mikils trausts Samfylkingarinnar og Vinstri grænna innan R-listans.*²⁴⁰

Af því tilefni lögðu fulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingarinnar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fram svofellda bókun vegna bókunar sjálfstæðis-
manna:

*„Fyrir liggur að Orkuveita Reykjavíkur stendur ekki að umræddri viljayfirlýsingu. Stefna Orkuveitu Reykjavíkur í orkusölu til stóriðju verður skoðuð með heildstæðum hætti. Stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur nýtur fulls trausts fulltrúa Samfylkingarinnar og Vinstri grænna í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og er yfirlýsingum Sjálfstæðisflokks um annað vísað á bug.*²⁴¹

Á fundi Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. mars 2006 var lagt fram bréf formanns Verslunarfélags Suðurnesja, formanns Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og formanns Iðnsveinafélags Suðurnesja dags. 28. mars s.l. um að kannað yrði hvort Orkuveitan gæti tryggt fyrirhuguðu álveri í Helguvík hluta þeirrar orku sem til þyrfti. Af því tilefni lagði formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur fram eftirfarandi tillögu:

*„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að fela forstjóra Orkuveitunnar að gera úttekt á möguleikum hennar til að afla raforku til stóriðju í Helguvík. Í því sambandi verði m.a. hugað að eftirfarandi atriðum: Mögulegri orkuöflun, flutningsleiðum, verð og hagkvæmni, öflun rannsóknaleyfa, áhrif virkjanaf framkvæmda á umhverfi, áhrif framkvæmda í tengslum við verkefnið á efnahagslífið, niðurstöður úttektarinnar verði kynntar stjórn og eigendum.*²⁴²

Á fundinum lagði stjórnarmaðurinn Tryggvi Friðjónsson fram svo hljóðandi frávísunartillögu:

*„Undirritaður óskar eftir því að Orkuveita Reykjavíkur kynni fyrir borgarstjórn áform um hugmyndir þær sem kynntar hafa verið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur varðandi orkuöflun til stóriðju áður en lengra er haldið í könnun og samningagerð um orkusölu til stóriðju.*²⁴³

Var frávísunartillagan felld, en tillaga formanns samþykkt með fimm greiddum atkvæðum gegn einu atkvæði. Í kjölfar atkvæðagreiðslunnar vísaði stjórnarmaðurinn Tryggvi Friðjónsson til fyrri bókunar á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 1. júní 2005 þar sem m.a. hafi verið bókað að fyrir lægi að Orkuveita Reykjavíkur stæði ekki að umræddri viljayfirlýsingu og að stefna Orkuveitu Reykjavíkur í orkusölu til stóriðju yrði skoðuð með heildstæðum hætti. Lagði stjórnarmaðurinn því til að:

Sigrún Elsa Smáradóttir: „Málið er í mínum huga að ef hrúnið hefði ekki verið 2008 heldur 2009, þá hefði staða Orkuveitunnar verið mun verri og henni varla við bjargandi. Menn voru á fullu í fjárfestingum við Hverahlíðarvirkjun. Svo voru menn líka farnir að tala um að taka Bitru aftur upp á borðið. En Bitruvirkjun var eitt af þeim málum sem menn ætluðu sér að taka upp aftur þegar meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks var myndaður 2008. Ef þau áform hefðu gengið eftir þá hefði náttúrulega eiginfjárlutfallið verið komið lengra niður við hrun, þar sem menn voru alveg að stefna að því, vísuvitandi, að fara með það um og undir 30%, miðað þáverandi gengi krónunnar. Svona var stemmingin þarna 2008 og í rauninni þá held ég að með okkar málflutningi hafi tekist að hægja þannig á framkvæmdum að ekki fór enn verr. Þó við höfum skipt þarna ansi hressilega um sæti, sem var náttúrulega ekki gott heldur enda eftitt að fylgja þræði í því sem var að gerast þegar maður var ekki í þessari stjórn því að það voru náttúrulega lokaðar fundargerðir og annað á þessum tíma.“

240 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 1. júní 2005.

241 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 1. júní 2005.

242 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 30. mars 2006.

243 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 30. mars 2006.

„Í ljósi þess að af yfirlýsingu þriggja fulltrúa R-listans í stjórn OR í ofangreindri bókun um að stefna Orkuveitu Reykjavíkur í orkusölu til stóriðju verði skoðuð með heildstæðum hætti leggur undirritaður, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs í stjórninni til að áður en nýjar ákvarðanir verða teknar um orkusölu til stóriðju verði fjallað um málið á vettvangi samstarfsflokka þriggja er mynda meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Rétt er og eðlilegt að eigendur OR fjalli um og ákveði stefnu í þessum málaflokki sem stjórn OR tekur síðan mið af í sinni vinnu m.a. við gerð stefnumótunar fyrir OR.“²⁴⁴

Í tilefni af umræðum á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. mars 2006 sendi forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur tölvupóst dags. 31. maí 2006 svohljóðandi:

„Sem liður í því að afla gagna til að svara fyrirspurnum sem settar voru fram á stjórnarfundum 30. mars sl. um orkuöflun til Helguvíkur hefur verið gengið frá viljayfirlýsingu við Norðurál og HS þar sem kemur fram verð, magn og afhendingartími ef af stækkun Norðuráls verður. Viljayfirlýsingin er gerð með fyrirvörum um samþykki stjórnar og aðra þá þætti sem fram koma í samþykki stjórnar ...“²⁴⁵

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 7. júní 2006 voru svo lagðar fram „Niðurstöður könnunar á möguleikum OR“ þar sem grein var gerð fyrir því að unnið hefði verið að því undanfarnar vikur að afla gagna vegna úttektarinnar sem óskað hafi verið eftir á fundi Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. mars 2006. Um mögulega orkuöflun var tekið fram að:

„... helst er horft til þess að opna nýtt svæði á Hengilsvæðinu og hefur verið farið fram á það við iðnaðarráðuneytið að rannsóknarleyfi Orkuveitunnar verði útvíkkað til að innihalda það. Viðræður okkar við Century Aluminium og Hitaveitu Suðurnesja hafa sýnt að til að af 1. áfanga álvers í Helguvík geti orðið 2010 þurfi OR að útvega sem nemur 100 MW.“²⁴⁶

Um verð og hagkvæmni verkefnisins, kom fram að um það hafi verið gerð sérstök viljayfirlýsing þar sem tiltekið væri bæði magn, afhendingartími og verð. Væri verð fyrir orkuna að mati stjórnenda sambærilegt við verð til Alcan, en þó heldur herra ef eitthvað væri. Yrði viljayfirlýsingin undirrituð með fyrirvörum, m.a. um að orkuöflun, umhverfismat og hagkvæmni hlutar Orkuveitu Reykjavíkur væri ásættanleg. Hagkvæmni verkefnisins yrði að auki heldur meiri en í undanförunum verkefnum, en svipuð og í Alcan verkefni, enda væri verðið herra. Þar sem sá áfangi sem notaður yrði vegna Helguvíkur myndi samnýta innviði Alcan verkefnis, væri hagkvæmni beggja verkefna heldur betri.

Á sama stjórnarfundum var einnig lögð fram viljayfirlýsing milli Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls um orkuöflun og sölu rafmagns til álvers í Helguvík, dags. 1. júní 2006. Í viljayfirlýsingunni kom fram að til hins nýja álvers þyrfti að afla 435 MW orku, og að bæði Hitaveita Suðurnesja sem og Orkuveita Reykjavíkur myndu reyna að afla orkunnar.

244 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 30. mars 2006.

245 Tölvupóstur forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til stjórnarmanna, dags. 31. maí 2006.

246 „Niðurstöður könnunar á möguleikum OR“. Ódags. Lagt fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. júlí 2006.

Dagur B. Eggertsson: „Vorið 2006 gerist það að það myndast nýr meirihluti innan stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, þvert á meirihlutann sem var við völd í borginni, sem var Reykjavíkurlistinn. Forystumaður í Orkuveitunni Alfréd Þorsteinsson fær Sjálfstæðisflokkinn til liðs við sig og tekur í gegnum stjórnina viljayfirlýsingu um Helguvíkurverkefnið og þar með stórfelld virkjanaáform því tengt, í andstöðu við VG og með hjásetu Samfylkingarinnar. Og ég held að sumu leyti, ef við erum að leita að lykiltímamarki varðandi stórskuldsetningu Orkuveitunnar, þá er þetta lykilkvörðun og kritískur tímamunktur.“

Orkuveita Reykjavíkur fyrir sitt leyti með framleiðslu á Nesjavöllum og í Hellisheiðarvirkjun. Skyldi Orkuveita Reykjavíkur leggja til framkvæmda-áætlun svo fljótt sem kostur væri og í síðasta lagi fyrir árslok 2007, þar sem fram kæmi hvort Orkuveitunni væri kleift að hefja sölu á 100 MW orku.

Jafnframt væri stefnt að því að orkusölusamningur lægi fyrir fullgerður í desember 2006, með 25 ára gildistíma og möguleika á 10 ára framlengingu, og þar sem verð yrði reiknað út með eftirgreindum hætti: ... [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... Að auki voru gerðir fyrirvarar í viljayfirlýsingunni, svo sem um öflun nauðsynlegra leyfa og samþykki stjórnar.

Með viljayfirlýsingunni fylgdi einnig samantekt til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um hagkvæmni samningsins. Þar kom m.a. fram að:

„Gerðar hafa verið hagkvæmniskannanir á framleiðslu á orku fyrir Helguvík miðað við það verðgraf sem samið eru um í MOU frá 1. júní sl. Samkvæmt þeim athugunum er hagkvæmni ... [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ...“²⁴⁷

Var viljayfirlýsingin samþykkt með þremur atkvæðum gegn einu atkvæði. Greiddi stjórnarmaðurinn Tryggvi Friðjónsson atkvæði gegn tillögunni, en stjórnarmaðurinn Sigrún Elsa Smáradóttir sat hjá við afgreiðslu viljayfirlýsingarinnar. Af því tilefni óskaði stjórnarmaðurinn Tryggvi Friðjónsson eftir að bóka á ný þá bókun sem hann lagði fram við afgreiðslu málsins á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. mars 2006 og ítrekaði þá skoðun sína að áður en nýjar ákvarðanir yrðu teknar um orkusölu til stóriðju á vettvangi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur yrði málið tekið til umfjöllunar og afgreiðslu í borgarstjórn Reykjavíkur. Rétt og eðlilegt væri að eigendur Orkuveitu Reykjavíkur fjölluðu um og ákveddu stefnu í þessum málaflokki sem stjórn Orkuveitu Reykjavíkur tæki síðan mið af í sinni vinnu m.a. við gerð stefnumótunar fyrir Orkuveituna.

Þá tók stjórnarmaðurinn Sigrún Elsa Smáradóttir fram að á fundi stjórnar þann 30. mars 2006 hefði verið samþykkt tillaga formanns stjórnar um að gera úttekt á möguleikum fyrirtækisins til að afla raforku til stóriðju í Helguvík, m.a. út frá mögulegri orkuöflun, flutningsleiðum, verði og hagkvæmni, öflun rannsóknaleyfa, áhrifum virkjanaframkvæmda á umhverfi og áhrifum framkvæmda í tengslum við verkefnið á efnahagslífið, en niðurstöðu úttektarinnar hafi svo átt að kynna stjórn og eigendum, og tók hún fram að:

„Ofangreind úttekt hefur ekki verið kynnt eigendum og hefur því hvorki verið rædd í borgarráði né borgarstjórn. Undirrituð telur nauðsynlegt að sú umræða fari fram áður en stjórn staðfestir viljayfirlýsingu milli Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um áhrif hugsanlegra virkjanaframkvæmda á efnahag Orkuveitu Reykjavíkur, sérstaklega eiginfjárlutfall fyrirtækisins til lengri tíma og meðan á framkvæmdum stendur. Þessi áhrif verði skoðuð í samhengi við önnur fjárfestingaráform fyrirtækisins svo sem lagningu ljósleiðara. Hvar liggja þolmörk fyrirtækisins í fjárfestingu? Huga verður að því að fjárfestingar fyrirtækisins á ýmsum sviðum, þó arðsamur séu til

Sigrún Elsa Smáradóttir: „Þetta eru allt mjög praktískar spurningar sem hefði verið mjög gott að fá svör við 2006. Þessu var aldrei svarað eftir því sem ég best veit. Það var alsíða að svara ekki fyrirspurnum og þótti ekkert tiltökumál. Þetta var 2006. Ég fór að vísu út úr stjórninni eftir þennan fund þar sem bókunin er lögð fram. Ég lagði þetta svo aftur fram. Bókaði þetta aftur þegar ég var komin aftur inn í stjórnina.“

247 „Hagkvæmnisathuganir á 100 MW til Helguvíkur“ ódagsett, en henni fylgdi skjalið „Mismunandi tilfelli samantekt.“

lengri tíma, leiði ekki til þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða til að auka eigið fé fyrirtækisins. ²⁴⁸

Alfreð Þorsteinsson óskaði í kjölfarið eftir eftirfarandi bókun:

„Sá skilningur, er fram kemur í bókun Sigrúnar Elsu Smáradóttur er á misskilningi byggður. Viljayfirlýsing er einungis liður í ferli til að eigendur fái heildstæða mynd af hugsanlegri orkusölu til álvers í Helguvík og nauðsynlegur liður í útreikningi á arðsemi verkefnisins. ²⁴⁹

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 1. júní 2007 var síðan lagður fram orkusamningur Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls Helguvíkur sf. um sölu rafmagns til álvers í Helguvík, en afgreiðslu hans var frestað. Samningurinn var milli Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls Helguvíkur sf., sem tekið var fram að væri í eigu Century Almuinum Company. Kom fram að kaupandi orkunnar hygðist reisa álver í Helguvík, í tveimur áföngum með möguleika á enn frekari stækkun þess í þriðja áfanga. Með samningnum skuldbatt Orkuveita Reykjavíkur sig til að hefja sölu á 100 MW orku, annars vegar með afhendingu á 50 MW þann 1. desember 2010 og með fullum afköstum (100 MW) frá 1. febrúar 2011.

Verðákvæðin höfðu hins vegar tekið breytingum frá því sem um var getið í viljayfirlýsingu aðila frá 1. júní 2006 ... [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... Samningurinn var gerður til 25 ára með möguleika á 10 ára framlengingu. Samningurinn var síðan lagður að nýju fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur á fundi stjórnar þann 4. júní 2007. Við afgreiðslu málsins bar stjórnarmaðurinn Svandís Svavarsdóttir fram svohljóðandi tillögu:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að aflétta leynd þeirri sem nú hvílir á raforkuverði í fyrirliggjandi samningi milli Norðuráls og Orkuveitu Reykjavíkur. Engin rök mæla með leyndinni og brýnt að almenningur, eigandi Orkuveitu Reykjavíkur, sé upplýstur um verðið því aðeins þannig er unnt að taka afstöðu til málsins. ²⁵⁰

Stjórnarmennirnir Guðlaugur Þór Þórðarson, Björn Ingi Hrafnsson, Arnar Þórisson, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson fluttu þá frá-vísunartillögu sem var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn tveimur, sem rökstudd var með þeim hætti að raforkuverð til stóriðju væri trúnaðarmál milli tveggja sammingsaðila, og að kaupandi þeirrar orku sem hér um ræddi hefði óskað eftir því að efni sammingsins væri trúnaðarmál og að við því hefði verið orðið. Af því tilefni lét stjórnarmaðurinn Svandís Svavarsdóttir bóka:

„Mér er gert á þessum fundi að halda hluta sammingsins leyndum fyrir Reykvíkum sem ég er fulltrúi fyrir. Undir slíka afarkosti get ég ekki gengist. Ég kýs að sitja við sama borð og allur almenningur og hlýt því að víkja af fundinum undir umræðum um þann lið sammingsins. Fulltrúar Vinstri grænna munu áfram berjast fyrir því að raforkuverð til stóriðju verði gert opinbert. ²⁵¹

248 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. júní 2006.

249 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. júní 2006.

250 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 4. júní 2007.

251 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 4. júní 2007.

Stjórnarmennirnir Guðlaugur Þór Þórðarson, Björn Ingi Hrafnsson, Arnar Þórisson, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson fluttu svohljóðandi tillögu, sem var samþykkt:

„Fyrir liggur samkvæmt ársreikningum Orkuveitu Reykjavíkur að mesta framlegðin í starfsemi fyrirtækisins kemur frá orkusölu til stóriðju. Sá orkusölusamningur sem hér er til afgreiðslu milli Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls Helguvíkur sf. gefur hærra orkuverð en þeir samningar sem fyrirtækið hefur áður gert. Samningurinn er því mjög hagstæður fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og styrkir enn frekar bjarta framtíð fyrirtækisins. Þeir virkjunarkostir sem samningurinn byggir á eru æskilegir frá umhverfissjónarmiðum og áhætta Orkuveitunnar er í lágmarki. Orkusölusamningurinn er til staðfestingar á viljayfirlýsingu sem undirrituð var fyrir ári og þá voru öll meginatriði samningsins samþykkt af þáverandi stjórn. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og samþykkir jafnframt að óska staðfestingar eigenda. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þakkar samningamönnum fyrirtækisins fyrir mjög góðan árangur.“²⁵²

Í kjölfar framangreindrar ákvörðunar óskaði stjórnarmaðurinn Svandís Svavarsdóttir eftir að bókað yrði:

„Orkuveita Reykjavíkur starfar samkvæmt hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar sem kallar á heildstæða nálgun hvers verkefnis sem ráðist er í. Með því er átt við að fyrir liggir með skýrum hætti hversu stórt álver er fyrirhugað að reisa, á hvaða svæði nákvæmlega er fyrirhugað að sækja orkuna, orkuverðið sé kunnugt almenningsi og að fyrir liggir heildstæð áætlun um verkið og áhrif þess á umhverfi, samfélag og efnahag. Í ljósi þessa er fyrirbyggjandi tillaga um afgreiðslu orkusölusamnings til hluta álvers í Helguvík óásættanleg. Samningurinn er hluti af ríkjandi stóriðjustefnu sem Vinstri græn hafa barist gegn um langa hríð. Ekki verður séð að álbræðsla í Helguvík, með tilheyrandi mengun, náttúruspjöllum og efnahagsáhrifum sé brýnasta verkefni forríkrar þjóðar. Í málefna- og samningi ríkisstjórnarinnar sem formaður stjórnar Orkuveitunnar, Guðlaugur Þór Þórðarson, á sæti í er að finna fyrirheit um auknar áherslur í þágu umhverfis og náttúru. Því hefði þess verið að vænta að við áform sem þessi yrðum við vör við einhvers konar áherslubreytingar stjórnvalda. Fulltrúi Vinstri grænna í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur greiðir atkvæði gegn samningnum sem fyrir liggur á þeim forsendum sem raktar eru hér. Loks lýsir fulltrúinn áhyggjum sínum yfir því að svo virðist sem grímulaus stóriðjustefna muni áfram ríkja í tíð nýrrar ríkisstjórnar, ekkert stopp.“²⁵³

Stjórnarmaðurinn Dagur B. Eggertsson flutti í kjölfar atkvæðagreiðslunnar svohljóðandi tillögu, en afgreiðslu hennar var frestað:

„Kannadur verði kostir mismunandi leiða við að virkjanir OR vegna samninga um sölu á orku til stóriðju verði sjálfstæðar einingar, standi undir öllum kostnaði þeim tengdum, verði fjármagnaðar með verkefnafjármögnun en án ábyrgðar eigenda.“²⁵⁴

252 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 4. júní 2007.

253 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 4. júní 2007.

254 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 4. júní 2007.

Auk þess óskaði Dagur B. Eggertsson eftir að bókað yrði:

„Óráðlegt er að samþykkja samning um raforkusölu til álvers í Helguvík á meðan ekki liggur fyrir hvort OR verður bundin af samningi um sölu ... til stækkunar álversins í Straumsvík. Samningurinn um sölu til Helguvíkur felur í sér skuldbindingu á sölu ... og forkaupsrétt álversins ... að auki. Þetta þýðir að nær allir þeir virkjunarkostir sem OR hefur haft til skoðunar á undanförunum árum eru bundnir í orkusölusamningum til stóriðju og kalla á orku sem er langt umfram þá virkjanakosti OR sem komnir eru í gegnum umhverfismat eða geta talist í hendi. Samþykkt fyrirbyggjandi samnings þýðir að ... orku frá nýjum virkjunum OR munu renna til álbræðslu og verða bundin álverði. Jafnframt þýðir þetta að sala OR á orku verður lítil sem engin til þeirra fjölmörgu áhugaverðu kaupenda sem hafa gefið sig fram, svo sem netþjónabúa og annarra mengunarlausra stórkaupenda, nema horfið verði frá áætlunum um aukna sölu inn á almennan markað. Síðast en ekki síst er umhverfismati ólokið, sem og mati á verndargildi og annarri nýtingu þeirra náttúrusvæða þar sem virkjanir eru fyrirhugaðar og einnig fjölmörgum lögformlegum leyfisveitingum. Skynsamlegt hefði verið að huga rækilega að þeim atriðum áður en samningurinn er samþykktur því draga má í efa að þeim spurningum verði fullsvarað þegar fyrirvarar samningsins í þeim efnum renna út í júní 2008. Eftir það mun áhættan vegna þessa hvíla á OR hafi samningnum ekki áður verið rift með vísan til fyrrnefndra fyrirvara.“²⁵⁵

Bókunin varð tilefni til frekari bókunar af hálfu þeirra Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, Björns Inga Hrafnssonar, Arnars Þórissonar, Gunnars Sigurðssonar og Björns Bjarka Þorsteinssonar:

„Ekki er gott að átta sig á hvað Dagur B. Eggertsson er að fara í sinni bókun. Það er alveg ljóst að samningurinn er mjög hagstæður og áhættulítil fyrir fyrirtækið. Það er ekki rétt eins og margoft hefur komið fram að nær allir virkjanakostir sem OR hefur skoðað á undanförunum árum séu bundnir í stóriðju. Sveigjanleiki OR til að selja öðrum aðila er til staðar en vakin er athygli á því að þrátt fyrir frumkvæði OR við að vekja athygli eigenda netþjónabúa á orku fyrirtækisins þá eru þau mál enn á frumstigi og óvíst hvort af því verði. Fyrirvarar í samningnum er Dagur vísar í eru einmitt til þess að svara spurningum um umhverfismat og hagkvæmni orkunýtingar.“²⁵⁶

Af þessu tilefni óskaði Dagur B. Eggertsson eftir að bókað yrði:

„Orkuveita Reykjavíkur hefur þegar gert bindandi samninga um sölu til stóriðju til Norðuráls á Grundartanga ... og til Alcan í Straumsvík ... Í tengslum við virkjun á Helliðheiði var áætlað að aukning á almennan markað verði 50 MW ... Til samanburðar hefur verið miðað við að orkuframleiðsla af Helliðheiði geti skilað um 600 MW í heild. Núverandi umhverfismat gefur kost á 303 MW orkuframleiðslu, rannsóknarleyfi eru fyrir hendi á allstóru svæði, auk Bitru (Ölkelduhálsi) og Hverahlíðar þar sem tilraunaboranir eru hafnar. Alls er talið að þessir kostir geti skilað 528 MW. Svæði

255 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 4. júní 2007.

256 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 4. júní 2007.

*við Langjökul (Hagavatn) er talið geta skilað 35 MW. Það blasir því við að sú fullyrðing stendur að nær allir virkjunarkostir OR til næstu ára eru bundnir í stóriðju.*²⁵⁷

Guðlaugur Þór Þórðarson, Björn Ingi Hrafnsson, Arnar Þórisson, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson óskuðu eftir að bókað yrði:

*„Dagur lætur þess ógetið að minnst á önnur svæði á Hengils-svæðinu eins og Gráhnjúka, Þrengsli og 9. áfanga Hellisheiðar en möguleg framleiðsla á þessum svæðum er tæplega 300 MW.“*²⁵⁸

Samningurinn var síðan undirritaður af formanni stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóra fyrirtækisins þann 7. júní 2007 og því næst sendur eigendum þar sem óskað var eftir að eigendur samþykktu samninginn. Í bréfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til borgarstjóra kom fram að í samningnum fælist skuldbinding Orkuveitu Reykjavíkur til sölu á 100 MW orku og að afhending rafmagnsins yrði í desember 2010 og febrúar 2011. Þá kom fram að:

*„Samningur var undirritaður með ýmsum fyrirvörum s.s. um mat á umhverfisáhrifum, um útgáfu virkunarleyfis, að boranir á Hellisheiði skili nægjanlegri gufu og um samþykki eigenda Orkuveitu Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að síðustu fyrirvörnum verði aflétt um mitt ár 2008. Upplýsingar um orkuverð fylgja ekki en fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur eru reiðubúnir að upplýsa borgarstjórn Reykjavíkur um það á fundi ef óskað verður ...“*²⁵⁹

„... segir í tilkynningu frá Degi B. Eggerts-syni, fulltrúa Samfylkingarinnar í borgarráði, að flokkurinn hafi látið bóka að óráðlegt sé að samþykka slíkan samning þegar ekki liggja fyrir hvort Orkuveitan verði bundin af samningi um sölu 200 megavöttum af raforku til stækkunar álversins í Straumsvík. Samningurinn um sölu til Helguvíkur feli í sér skuldbindingu á sölu 100 megavatta og forkaupsrétt álversins að 75 megavöttum að auki. Það þýði að nær allir virkjunarkostir sem Orkuveitan hafi haft til skoðunar á undanförunum árum séu bundnir í orkusölusamningum til stóriðju.“ Frétt birt 27. júní 2007, <http://www.visir.is/samningur-um-orkusolu-or-til-helguvikur-samthykktur-i-borgarradi/article/200770628049>

Samningurinn var svo samþykktur í borgarráði þann 28. júní 2007, en við atkvæðagreiðsluna greiddu fulltrúar minnihluta atkvæði gegn samþykkt samningsins. Samningurinn er gerður við félagið Norðurál-Helguvík ehf. og hefur m.a. verið gagnrýnt að móðurfélag Norðuráls Helguvíkur ehf. ábyrgist ekki efndir samningsins og því sé til staðar rík mótaðilaáhætta fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, sérstaklega þegar litið er til þeirra hagsmuna sem um var samið og langs gildistíma samningsins.²⁶⁰

Í maí 2008 birti Skipulagsstofnun mat á umhverfisáhrifum allt að 135 MW Bitruvirkjunar og 90 MW Hverahlíðarvirkjunar, en orku úr þeim virkjunum átti að nota að hluta til, til að efna framangreindan orkusölusamning. Í álitni stofnunarinnar á Bitruvirkjun kom m.a. fram að bygging hennar væri ekki ásættanleg vegna verulegra neikvæðra og óafturkræfra áhrifa á landslag, útivist og ferðaþjónustu. Hafði stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þá frestað öllum frekari framkvæmdum á svæðinu, en hins vegar hafði stjórnin haldið áfram með undirbúning 90 MW Hverahlíðarvirkjunar, í samræmi við álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar dags. 19. maí 2008, en þar var að finna þrjá fyrirvara, m.a. um niðurstöður borana, niðurrennslisholur og um varanlega losun brennisteins. Því var á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. maí 2008, þar sem samþykkt var að fresta framkvæmdum við Bitruvirkjun, samþykkt svohljóðandi tillaga:

257 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 4. júní 2007.

258 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 4. júní 2007.

259 Bréf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 18. júní 2007.

260 Landslög: Lögfræðileg úttekt, dags. 31. janúar 2011.

„Forstjóra er falið að leggja fram upplýsingar um stöðu Orkuveitu Reykjavíkur nú þegar fyrir liggur að ekki verði ráðist í Bitruvirkjun að svo stöddu sem gert var ráð fyrir að gæfi 135 MW. Sérstaklega verði gerð grein fyrir því hvar afla á þeirrar orku sem vilyrði hafa verið gefin um. Í ljósi breyttrar stöðu mála er einnig óskað minnisblaðs um stöðu viljayfirlýsingar vegna 2. og 3. áfanga álvers í Helguvík annars vegar og hins vegar nýlegrar viljayfirlýsingar um raforkusölu til „iðjuvers með umhverfissvæna framleiðslu“ sbr. fundargerð stjórnar Orkuveitunnar frá 13. mars síðastliðnum.“²⁶¹

Rétt er að geta þess að á fundi stjórnarinnar lét fulltrúi Vinstri grænna í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur bóka að fagnað væri að tekið hefði verið undir þau sjónarmið að fyrirhuguð virkjun væri ekki ásættanleg vegna verulegra óafturkræfra áhrifa á landslag, útivist og ferðaþjónustu. Af því tilefni lét fulltrúi Akraneskaupstaðar í stjórn Orkuveitunnar bóka að honum þætti óskiljanlegt að niðurstöðu Skipulagsstofnunar væri fagnað með fyrrgreindri bókun, þar sem niðurstaðan gengi þvert gegn hagsmunum Orkuveitu Reykjavíkur og eigenda hennar. Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus fyrir 2002–2014, var svo síðar staðfest af settum umhverfisráðherra að undanskildum þeim hluta skiplagsins sem laut að iðnaðarsvæði þess þar sem fyrirhuguð Bitruvirkjun átti að rísa, en um það verður fjallað síðar í skýrslunni.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 29. desember 2008 var lagður fram viðaukasamningur um raforkuviðskipti við Norðurál Helguvík ehf., þ.e. samningur við Norðurál Helguvík ehf. „Draft (Amendment), Power Contract“ dags. 17. desember 2008, ásamt ódagsettum minnispunktum um breytingar frá fyrri samningi aðila og minnisblaði Logos lögmansþjónustu um breytingar á orkusamningi dags. 22. desember 2008. Á þeim tíma hafði verið gefið út álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum allt að 135 MW Bitruvirkjunar, þar sem fram kom að bygging hennar væri ekki ásættanleg vegna verulegra neikvæðra og óafturkræfra áhrifa á landslag, útivist og ferðaþjónustu. Í minnisblaði Logos komu fram ýmis atriði um breytingar sem orðið hefðu á orkusölusamningnum og atriðum tengdum þeim. Meðal annars kom fram um aðild Norðuráls að:

„Rétt þykir í þessu samhengi að fara nokkrum orðum yfir breytta aðild Norðuráls Helguvíkur að orkusamningnum. Norðurál Helguvík sf. var skráð sameignarfélag í eigu tveggja félagsmanna, Norðurál Helguvík Holding I ehf. og Norðurál Helguvík Holding II ehf. Þann 7. október 2008 var samþykkt á hluthafafundum Norðurál Helguvík Holding I og Norðurál Helguvík Holding II ehf. að sameina félögin undir nýju nafni, Norðurál Helguvík ehf. ... Tók samruninn gildi þann 20. október 2008. Sameignarfélag þeirra, fyrrnefnt Norðurál Helguvík sf., hefur því verið slitið. Norðurál Helguvík ehf. mun taka við öllum réttindum og skyldum Norðuráls Helguvíkur sf. frá og með 1. janúar 2008.“ (á líklega að vera 2009)²⁶²

Af framangreindu má því ráða að réttindi og skyldur samkvæmt samningnum fóru yfir til hins nýja félags, Norðuráls ehf., en nokkur munur er á ábyrgð eigenda eftir því hvort um er að ræða sameignarfélag eða einkahlutafélag, en þetta atriði virðist þó ekki hafa verið rætt á fundi stjórnar

261 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 20. maí 2008.

262 Logos: Minnisblað, dags. 22. desember 2008.

Orkuveitu Reykjavíkur. Í minnisblaðinu var svo gerð grein fyrir breytingu á afhendingu orkunnar:

„Ákveðin lagatæknileg breyting er gerð sem á við allan orkusamninginn. Nýtt yfirlugtak er búið til, þ.e. „dagsetningar fyrstu afhendingar“ sem á við fyrstu dagsetningar afhendingar allra áfanganna. Sambærilegt yfirlugtak er búið til um „dagsetningar afhendinga“, sem á þá við dagsetningu afhendinga allra áfanganna. Þannig skal OR t.d. nota allar viðeigandi ráðstafanir til þess að hraða dagsetningum fyrstu afhendingar allra áfanga (í stað bara fyrstu afhendingar 1. áfanga). Ef aðilar samnings munu ekki geta sinnt samningsskyldum sínum á dagsetningum fyrstu afhendinga skulu þeir láta gagnaðila vita til þess að takmarka hugsanlegt tjón tengt hugsanlegri seinkun á dagsetningum fyrstu afhendingar ...“²⁶³

Í minnisblaðinu var þar að auki gerð frekari grein fyrir breytingum þeim sem fólust í orkusölusamningnum og m.a. fyrirvörum beggja aðila. Voru drögin lögð fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ásamt greinargerð með tillögu um að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti framlagðan samning við Norðurál Helguvík ehf. fyrir sitt leyti og samþykkti jafnframt að óska staðfestingar eigenda á honum.

Á sama fundi var einnig lagt fram minnisblað forstjóra dags. 23. desember 2008 um arðsemismat virkjana, fjármögnun o.fl. þar sem fjallað var um fyrirhugaðan orkusölusamning. Í minnisblaðinu kom fram að nauðsynleg fjármögnun til þess að auka framleiðslugetu Orkuveitu Reykjavíkur svo standa mætti við samningana væri ... [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... Fram kom að stjórnarmenn höfðu fyrir fundinn fengið sent arðsemismat í sérstöku skjali þar sem grein var gerð fyrir fjölda ytri forsendna fyrir matinu, svo sem varðandi gengi íslensku krónunnar, einkum gagnvart bandaríkjadal, álverði, raforkuverði og vaxtastigi. Að auki hefði verið gerð grein fyrir reynslutölum Orkuveitu Reykjavíkur um fjárfestingu, rekstrarkostnað o.fl. Með samningnum var að auki lagt fram svohljóðandi minnisblað með samanburði á samningunum:

„Eldri samningur:

Skuldbinding á sölu 100 MW

„First right“ – yfirlýsing um sölu á 75MW

„Good Faith“ – yfirlýsing um sölu á 75MW

Nýr samningur:

Skuldbinding á sölu 175 MW

Skuldbindingin minnkar sem nemur 75MW ef tækifæri opnast til raforkusölu í Ölfusi fyrir 1.07.2009

„Good faith“ – yfirlýsing um sölu á 75MW

Sala á 50MW tryggð, óháð því hvort Helguvík verður byggð.

Niðurstaða:

Takist að tryggja fjármagn í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun er sala frá vélum 5 og 6 á Hellisheiði tryggð (85 MW). 50MW samkvæmt fyrirvaralausri skuldbindingu í nýjum samningi og 35MW samkvæmt samningi vegna Grundartanga.

Bygging Hverahlíðarvirkjunar fer ekki af stað fyrir en fjármögnun hefur verið tryggð og samþykktu fjárhagsáætlun OR breytt.²⁶⁴

263 Logos: Minnisblað, dags. 22. desember 2008.

264 Ódagsett samantekt lögð fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur með drögum að orkusölusamningi á fundi, dags. 29. desember 2008.

Auk framangreinds var lögð fram eftirfarandi tillaga til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, um samning um orkukaup við Norðurál Helguvík:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir framlagðan samning við Norðurál Helguvík ehf. fyrir sitt leyti og samþykkir jafnframt að óska staðfestingar eigenda. Samningurinn byggir á fyrri samningi sömu aðila frá 7. júní 2007. Nauðsynlegt er að mati aðilanna að uppfæra samninginn í takt við breyttar aðstæður, m.a. falla fyrirvarar í fyrri samningi á tíma þann 31.12.2008. Helstu breytingar frá fyrri samningi eru eftirfarandi:

Samningurinn endurspeglar breytt áform Norðuráls Helguvíkur ehf. um tímasetningar á áföngum álvers í Helguvík.

Norðurál skuldbindur sig til að kaupa, fyrirvaralaust, orku úr vélum 5 og 6 á Helligheiði á árinu 2011. Frestist álver í Helguvík mun orkan verða nýtt í álver Norðuráls á Grundartanga. Orkuveita Reykjavíkur getur því hafist handa við framkvæmdir á Helligheiði um leið og fjármögnun er tryggð. Orku frá Hverahlíðarvirkjun, er lofað til Helguvíkur með fyrirvörum m.a. um að raforkukaupendur í Ölfusi hafi forgang að orkunni til 1. júlí næstkomandi.“²⁶⁵

Við afgreiðslu málsins á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur lagði stjórnarmaðurinn Svandís Svavarsdóttir fram eftirfarandi tillögu um raforkuverð:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að aflétta með formlegum hætti leynd þeirri sem nú hvílir á fyrirliggjandi samningi milli Norðuráls og Orkuveitu Reykjavíkur. Engin rök mæla með leyndinni og brýnt að almenningur, eigendur Orkuveitu Reykjavíkur séu upplýstir um verðið.“²⁶⁶

Guðlaugur G. Sverrisson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson fluttu hins vegar frávísunartillögu þar sem raforkuverð til stóriðju væri trúnaðarmál milli tveggja samningsaðila og að orðið hefði við beiðni kaupanda þeirrar orku, sem um ræddi um að efni samningsins væri trúnaðarmál. Orkuveita Reykjavíkur seldi raforku á samkeppnismarkaði og því gæti það skaðað viðskiptahagsmunum fyrirtækisins að opinbera verð í einstökum orkusölusamningum. Var frávísunartillagan því samþykkt, en Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir greiddu atkvæði á móti. Við afgreiðsluna óskaði Svandís Svavarsdóttir bókað:

„Þar sem tillaga um að aflétta leynd þeirri sem hvílir á orkuverðinu hefur verið vísað frá kýs ég að víkja af fundinum meðan umfjöllun um verðið fer fram. Mér er gert að halda hluta samningsins leyndum fyrir Reykvíkíngum sem ég er fulltrúi fyrir. Undir slíka afarkosti get ég ekki gengist. Fulltrúi Vinstri grænna telur afdráttarlaust að almenningur eigi lögvarða kröfu á því að fá verðið uppgjafið þar sem í þeim upplýsingum liggja miklir hagsmunir almennings. Jafnframt mun fulltrúinn áfram berjast fyrir því að raforkuverð til stóriðju verði gert opinbert.“²⁶⁷

Sigrún Elsa Smáradóttir lét bóka að:

265 Tillaga til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 17. desember 2008.

266 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 29. desember 2008.

267 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 29. desember 2008.

„Eðlilegt væri að leita samninga við viðsejandann um hvort sátt gæti náðst um að aflétta leyndinni.“²⁶⁸

Guðlaugur G. Sverrisson: „Ég er ekki með það uppáskrifað en fundurinn [með fulltrúum stjórnvalda] er skráður. Og það er alveg deginum ljósara að okkur vantaði líka, að mati þessara stjórnvalda, svona verkefni, til að koma okkur af stað, svo við setjum okkur inn í andrúmsloftið á þessum tíma. Þarna var kjörið tækifæri, Orkuveitan er með þetta lánstraust og Orkuveitan getur farið í þetta, við teljum að með rétttri fjármögnun að þá eigum við alveg að geta þetta, enda benti ekkert til neins annars. Við áttum eigið fé, við áttum lánalínur útistandandi, við höfðum fengið lánað fyrir þessu og þetta var til 20 ára. Það er algjört lyklatríði ef þú ferð í þetta, að ríkisstjórnin sé með þér. Og þegar þú færð svona sterk skilaboð, í öllum lífandis bænum, haldið þessu áfram, þó ég sé framsóknarmaður, og þetta sé ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem ég þarna á við, þá er það ekki málið í mínum huga. Málið í mínum huga er að koma Íslandi á koppinn og aftur af stað. Og mér finnst alveg sjálfsagt að Orkuveitan, sem er í eigu allra þessara íbúa hérna, geti átt þátt í því, vegna þess að við vorum þó með eigið fé eftir hrúnið. Við vorum í stöðu, við gátum. Og ég segi nú stundum svona í gríni, að við skildum nú eftir framsóknarmenn, Búðarháls á lager eftir handa Landsvirkjun. Það er eina verkefnið sem býið er að fara í, fyrir utan Hellisheiði 5, sem opnuð var í skjóli myrkurs.“

Svandís Svavarsdóttir: „En stóri feillinn finnst mér alltaf vera stjórnarfundurinn milli jóla og nýárs 2008, eftir hrún. Þegar viljafyrirlysingin gagnvart Norðurláti er runnin út, sem var í raun og veru forsenda byggingar Hverahlíðarvirkjunar. Og sá samningur er framlengdur með nýjum samningi milli jóla og nýárs 2008. Og með atkvæðum allra stjórnarmanna nema mínu, og mín afstaða var: „Að þetta væri óverjandi í þessu óstabíla ástandi að setja fyrirtækið í þennan lás, að þurfa að uppfylla það að ljúka við Hverahlíðarvirkjun á meðan við vitum ekkert á hvaða leið fyrirtækið væri. Það hefði verið óverjandi að láta stóriðjustefnuna ráða för við þessar kringumstæður.“ Þar sem að ábyrgðin er ekkert takmörkuð á nokkurn hátt, heldur bara fer beint á almenning. Ja, ég hafði á tilfinningunni að þetta væri líka spurning um lífróður ríkisstjórnarinnar á þessum tíma. Þetta snerist um Helguvík.“

Vék Svandís Svavarsdóttir því næst af fundi meðan upplýst var um verð í gildandi samningum Orkuveitu Reykjavíkur tengt álverði og samkvæmt verðskrá á almennum markaði, miðað við forsendur 28. desember 2008 og var tillaga um samþykkt samningsins samþykkt. Við afgreiðsluna greiddi stjórnarmaðurinn Svandís Svavarsdóttir atkvæði á móti og óskaði jafnframt eftir að bókað yrði:

„Gildandi samningur milli Orkuveitunnar og Norðurláts Helguvíkur ehf. rennur út nú um áramót og hefði því verið um að ræða einstakt tækifæri til að endurmeta alla orkusölu frá Orkuveitu Reykjavíkur til langrar framtíðar í þágu sjálfbærrar þróunar og fjölbreytts atvinnulífs á svæðinu. Í stað þess er nú eina ferðina enn lagt upp í þá vegferð að selja alla orku sem Orkuveitan á og meira en það til álvers. Svo kann að vera að álverðið geti þróast með þeim hætti að um verði að ræða mjög alvarlegar afleiðingar af samningnum. Blíkur eru á lofti að því er varðar álverð og þróun orkuverðs því tengdu. Rætt er um endurmat á arðsemi Kárahnjúkavirkjunar í ljósi breyttra forsendna svo ljóst er að allt þetta umhverfi er breytingum undirorpið. Einnig hefur komið fram í fjölmiðlum að Norðurlát Helguvík ehf. geti vænst sérstakra ívilnana ríkisstjórnarinnar, verið undanþegið opinberum gjöldum auk annarra tillíðrana. Þótt það síðastnefnda sé óstaðfest er ljóst að ríkisstjórnin hefur engin fyrirheit uppi um að snúa af braut stóriðjustefnunnar. Margítreakað hefur verið mikilvægi þess að dreifa áhættunni, setja ekki öll eggin í sömu körfuna og nýta orkuauðlindirnar í þágu fjölbreytni og vistvænnar framleiðslu. Það er því engu líkara en að meirihlutinn í stjórn Orkuveitunnar skelli skollaeyrnum við öllum þeim varnadarorðum og ákveði eina ferðina enn að beina allri orkunni í sama einsleita farveginn. Á stjórnarfundum Orkuveitunnar 13. mars bókuðu fulltrúar þáverandi meirihluta: „Meirihluti stjórnar OR telur tímabært að huga að fjölbreyttari kostum í heildsölu á raforku til stórkaupenda, ekki síst á grundvelli áhættudreifingar í rekstri og með tilliti til umhverfissjónarmiða.“ Hér er því um að ræða skýran viðsnúning á afstöðu sjálfstæðismanna frá því í mars og ber að harma. Loks er átalíð sérstaklega að samningurinn skuli koma til afgreiðslu með stuttum fyrirvara, að leyndin skuli enn sem áður hvíla yfir orkuverðinu og að kunnuglegt pukur skuli umlykja umræðuna alla. Hér er um að ræða verðmæti sem almenningur á í félagi og er óverjandi með öllu að ráðstafa henni með þessum hætti án þess að fram fari upplýst og heiðarleg umræða um þann gjörning sem hér hefur farið fram og þá forgangsroðun sem þar endurspeglast.“²⁶⁹

Við afgreiðslu málsins sat stjórnarmaðurinn Sigrún Elsa Smáradóttir einnig hjá og óskaði eftir að bókað yrði:

„Endurnýtanleg jarðvarmaorka er ein af okkar dýrmætustu auðlindum og sala á raforku er og verður mikilvæg til gjaldþyrifisöflunar. Mikilvægt er að áhættunni sé dreift við gerð langtímasamninga og að arðsemi fyrirtækja í almannaeygu eins og OR sé hámarkuð. Stjórn OR hefur lýst vilja sínum til að dreifa áhættu með því að huga

268 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 29. desember 2008.

269 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 29. desember 2008.

að sölu til fjölbreyttari orkukaupenda en álframleiðanda, sem ekki tækju mið af heimsmarkaðsverði á áli, sbr. bókun meirihluta stjórnar 13.03.2008. Ef aðilar gefa sig ekki fram í Ölfusi fyrir 1. júlí 2009 hefur OR, með samþykkt á fyrirliggjandi samningi, bundið alla orku sem hugsanlega fæst við 5. og 6. áfanga á Hellisheiði, virkjun í Hverahlíð og Gráuhnjúkum, auk þess sem samningurinn felur í sér viljayfirlýsingu um 75 MW til viðbótar sem óvíst er um hvaðan eiga að koma. Samningnum fylgir því binding á nánast allri fyrirsjáanlegri orku næstu áratugi. Í því ljósi getur fulltrúi Samfylkingar ekki staðið að samþykkt samningsins.

Júlíus Vífill Ingvarsson og Kjartan Magnússon óskuðu þá eftir að bókað yrði:

„Fulltrúar sjálfstæðismanna í stjórn OR hafa í engu breytt þeirri skoðun sinni að æskilegt sé að huga að fjölbreyttari kostum í orkusölu til stórkaupenda en gert hefur verið til þessa. Fjölmargir slíkir kostir hafa verið skoðaðir, eins og fram kemur á upplýsingablaði forstjóra til stjórnar frá 23. desember 2008, en viðræður við þá aðila, sem þar eru nefndir, hafa ekki skilað árangri enn sem komið er. Drátt fyrir samþykkt fyrirliggjandi orkusölusamnings verður enn um sinn haldið frá orku fyrir umhverfissvæna starfsemi í Ölfusi og er það von okkar að slík starfsemi verði að veruleika sem fyrst.“²⁷⁰

Orkusölusamningurinn var undirritaður af formanni stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóra fyrirtækisins þann 30. desember 2008, og því næst sendur eigendum, þ. á m. borgarstjóra f.h. Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 5. janúar 2009 þar sem óskað var eftir að borgarstjórn Reykjavíkur myndi samþykkja samninginn. Í bréfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til borgarstjóra kom fram að samningurinn byggði á fyrri samningi sömu aðila frá 7. júní 2007 sem staðfestur hafi verið af eigendum í júní 2007, en að nauðsynlegt hafi verið að mati aðila að uppfæra samninginn til samræmis við breyttar aðstæður, en fyrirséð hafi verið að samningurinn myndi falla úr gildi vegna ýmissa fyrirvara sem fyrri samningur hafði haft að geyma en sem ljóst var að yrðu ekki uppfylltir. Fram kom í bréfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur að helstu breytingar frá fyrri samningi væru:

1. Samningurinn kveður á um sölu á 175 MW, en fyrri samningur 100 MW, ásamt fyrirheita um 75 MW til viðbótar („First Right“), 50 MW frá Hellisheiði, 85 MW frá Hverahlíðarvirkjun og 40 MW frá fyrirhugaðri virkjun háhitans undir Gráuhnjúkum.
2. Norðurál skuldbindur sig til að kaupa fyrirvaralaust, orku úr vélum 5 og 6 á Hellisheiði á árinu 2011 (50 MW). Samkvæmt eldri samningi um orkusölu til Grundartanga, tekur OR við sölu á 35 MW af HS á árinu 2011. Frestist álver í Helguvík mun orkan (85MW) verða nýtt í álver Norðuráls á Grundartanga. Orkuveita Reykjavíkur getur því hafist handa við framkvæmdir á Hellisheiði um leið og fjármögnun er tryggð.
3. Raforkukaupendur í Ölfusi hafa forgang að orku frá Hverahlíðarvirkjun til 1. júlí 2009, allt að 85 MW.
4. Samningurinn endurspeglar breytt áform Norðuráls Helguvíkur ehf. um tímasetningar á áföngum álvers í Helguvík.

Samningurinn var undirritaður með ýmsum fyrirvörum af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur, s.s. um samþykki eigenda, fjármögnun

Guðlaugur G. Sverrisson: „Skömmu áður höfðum við farið á fund hluta ríkisstjórnarinnar, með þá Geir Haarde forsætisráðherra, Árna Mathiesen fjármálaráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra. Og þar kemur skýrt fram að þeir geta ekki boðið okkur ríkisábyrgð, þetta er í nóvember 2008, á neitt. Hinsvegar geta þeir, og vilja láta okkur hafa „letter of comfort“. Og það er lagt mjög hart að okkur á þessum fundi, og ég er bara að segja eins og er, ég hef aldrei séð eins þreytt fólk eins og þessa ráðherra þetta álag hefur verið óstjórnlegt. Og þeir bara biðja okkur lengstra orða með það að það megi ekki hætta við Helguvíkurverkefnið, það sé leiðin út úr þessum ógöngum, þetta eru skilaboðin við okkur frá þáverandi stjórnvöldum. Þetta förum við með og við fáum loforð fyrir því að við fáum „letter of comfort“ frá þeim til þess að senda þessum bönkum, til þess að fá þessa fjármögnun. Við gátum ekki séð fyrir byltingu í janúar eða slíkt. En það sem gerist er það að í desember þá uppfyllum við samning frá því 7. júní 2007 um sölu á 90 megawöttum sem eiga að fara í Helguvík, en við segjum: „Við vitum ekki hvort að Helguvík rís þannig að þið verðið að kaupa þessa orku „no matter what“. Og þá segja þeir: „Já það gerum við, þá setjum við „spennuhækkun“ sem kallað er í Hvalfjörðinn, nýttum þessi 90 megawött þar, þannig að það er staðan þegar við skrifum undir.“

einstakra virkjanaf framkvæmda, arðsemi virkjunar Hverahlíðar og Gráuhnjúka, að boranir í Hverahlíð og Gráuhnjúka staðfesti tilvist nýtanlegrar auðlindar, umhverfismat, samþykkt skipulags og leyfisveitingar þar sem slíku er ólokið. ²⁷¹

Við afgreiðslu málsins hjá borgarráði Reykjavíkurborgar var m.a. óskað eftir álit borgarhagfræðings á arðsemi verkefnisins og áhrifum á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur, m.a. á eiginfjárstöðu fyrirtækisins og möguleg áhrif á lánskjör Reykjavíkurborgar í því sambandi. Að auki var óskað eftir mati á áhættu vegna verkefnisins og m.a. út frá næmni vegna breytinga í fjárfestingakostnaði, breytinga á álverði og gengisbreytinga. Þá var þess óskað að áhrifin yrðu metin með tilliti til efnahags Orkuveitu Reykjavíkur og þess framkvæmdahraða sem samningurinn gerði ráð fyrir, auk annarra atriða. Í kjölfar þess lagði borgarhagfræðingur fram bréf dags. 28. janúar 2009 þar sem lagt hafði verið mat á framangreind atriði. Fram kom að fyrir lægi mat Orkuveitu Reykjavíkur á arðsemi verkefnisins og eftir yfirferð yfir arðsemislíkan Orkuveitu Reykjavíkur yrði ekki annað séð en aðferðafræði og forsendur þess væru trúverðugar, en arðsemin hefði verið metin miðað við rekstur í næstu 40 ár og hins vegar næstu 50 ár, en miðað var við það árábil við mat borgarhagfræðings [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... Það var því mat borgarhagfræðings að:

„Hér er um ágætlega arðsamt verkefni að ræða t.d. í samanburði við aðrar virkjanir hér á landi sem selja orku til álframleiðslu.“²⁷²

Að mati borgarhagfræðings væri fjárhagsleg áhætta verkefnisins tengd nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi væri áhætta tengd álverði þar sem Orkuveita Reykjavíkur notaðist við skráð álverð í framtíðarsamningum (10 ára samningum), þ.e. væntingar markaðarins um framtíðarþróun álverðsins. Ekki væri um verðspá að ræða heldur skráð verð sem væri byggt á miklum viðskiptum á markaði, auk þess sem að nokkru væri stuðst við mat CRU á langtímahorfum um verð á áli. Fram kom að álverð væri sveiflum undirorpið og mjög háð almennu efnahagsástandi. Í öðru lagi væri áhætta tengd vöxtum, þar sem orkuframleiðsla væri mjög fjármagnsfræk og því skipti vaxtaþróun sköpum um arðsemi verkefnisins. Að auki væru vextir líkt og álverð mjög háðir hagsveiflum og rannsóknir hefðu sýnt verulega fylgni milli vaxta og álverðs. Við gerð samningsins væri álverð í sögulegu lágmarki og hið sama ætti við um vexti, en arðsemisútreikningar Orkuveitu Reykjavíkur byggðu á að arðsemin væri hin sama miðað við 10% fram-búðarlækkun álverðs og hækkun vaxta um ¼%. Í þriðja lagi væri áhætta tengd gengi, en fram kom að:

„Raforkusölusamningar og skuldir eru í erlendri mynt, en rekstrar-kostnaður er lítill og er því afkoma verkefnisins lítt háð gengi ís-lensku krónunnar. Raforkusölusamningar eru í Dollurum en lán eru aðallega í evrum. Gengisáhættan felst þannig fyrst og fremst í gengi dollara gagnvart evru. Þessari áhættu má hins vegar eyða að miklu leyti með fjármálagjörmum þegar verkefnið er komið í gang, þ.e. eftir byggingartímann, með því að færa skuldir í sama gjaldmiðil og tekjur. Reynslan sýnir að skýr fylgni er milli gengis Dollara og álverðs.“²⁷³

271 Guðmundur Þóroddsson: Bréf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 5. janúar 2009.

272 Bréf borgarhagfræðings til borgarráðs Reykjavíkurborgar, dags. 28. janúar 2009.

273 Bréf borgarhagfræðings til borgarráðs Reykjavíkurborgar, dags. 28. janúar 2009.

Í fjórða lagi gæti verið um mótaðilaáhættu að ræða, þ.e. ef orkukaupandi yrði gjaldþrota eða fyrir verulegum skakkaföllum. Við því væri brugðist í samningi Orkuveitu Reykjavíkur, annars vegar með skuldbindingu um lágmarkskaup á tilteknu magni orku og hins vegar ákvæði um lágmarks eigið fé kaupanda. Í fimmta lagi gæti áhættan verið tengd fjárfestingar-kostnaði, en um það kom fram að:

„Fjárfesting vegna sammingsins er um ... [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ...“²⁷⁴

Um áhrif á lánskjör Reykjavíkurborgar tók borgarhagfræðingur fram að alþjóðlegir lánamarkaðir hafi verið afar erfiðir og vandséð hvenær úr rættist, og vegna efnahagskreppu og bankahruns væri aðgengi Íslands að alþjóðlegum fjármálamörkuðum nær ekkert og í bráð hefði lántaka Orkuveitu Reykjavíkur jákvæð áhrif á erfiða stöðu Íslands á lánamörkuðum og væri til þess fallin að bæta traust til landsins. Til frambúðar mætti gera ráð fyrir því að framboð lánsfjár myndi minnka og að lánveitingar myndu einkennast af mikilli varfærni. Reykjavíkurborg ábyrgðist skuldir Orkuveitu Reykjavíkur og að lánshæfi Orkuveitunnar sem metið væri af Moody's réðist ekki síst af mati á fjárhagslegum styrk Reykjavíkurborgar og vilja og getu borgarinnar til að standa á bak við fyrirtækið.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. febrúar 2009 var rædd staða uppbyggingar í Helguvík í ljósi tilkynningar um afkomu Century Aluminium 2008, og óskuðu stjórnarmennirnir Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir eftir að bókað yrði:

„Fram hefur komið að staða Century Aluminium er verulega erfið og jafnframt að fyrirtækið tapaði um 700 milljónum bandaríkjadala á síðasta ársfjórðungi nýliðins árs. Í upphafi mánaðarins tilkynnti Century lokun á álveri með 170 þúsund tonna ársframleiðslugetu í Vestur-Virginínufylki í bandaríkjunum til að bregðast við efnahags-ástandi í heiminum og hríðfallandi heimsmarkaðsverðs á áli. Þar misstu 679 manns vinnuna. Einnig hefur komið fram í fjölmíðlum að Helguvíkurverkefnið sé í endurskoðun frá grunni hjá fyrirtækinu og frekari framkvæmdum þar frestað í bili. Af þessum sökum er verulega brýnt að hugað verði að öðrum möguleikum til að ráðstafa þeirri orku sem Orkuveita Reykjavíkur hefur bundið í samningi við Century Norðurál og fara yfir alla aðra kosti sem mögulegir eru til annarra stórnotenda en álvera samanber fyrirliggjandi tillögu.“²⁷⁵

Á fundi stjórnar þann 3. júlí 2009 var lagt fram bréf Norðuráls dags. 30. júní 2009 vegna orkusölusamnings frá 30. desember 2008, ásamt íslenskri þýðingu bréfsins. Gerði forstjóri Orkuveitunnar grein fyrir efni bréfsins og þeim viðfangsefnum sem viðræður aðila næstu þrjú mánuði myndu snúast um. Voru efnisatriði bréfsins borin undir stjórn og þau samþykkt, en stjórnarmennirnir Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorleifur Gunnlaugsson sátu hjá. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. október 2009 var lagt fram á ný bréf Norðuráls dags. 30. júní 2009 vegna orkusölusamnings frá 30. desember 2008 og gerði forstjóri grein fyrir efni bréfsins. Voru efnisatriði bréfsins borin undir stjórn og þau samþykkt, en stjórnarmennirnir Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorleifur Gunnlaugsson sátu hjá.

274 Bréf borgarhagfræðings til borgarráðs Reykjavíkurborgar, dags. 28. janúar 2009.

275 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 20. febrúar 2009.

Guðlaugur G. Sverrisson: „*Þetta kemur í ljós, að Norræni fjárfestingabankinn ætlar þá að koma og taka þessa 15 milljarða sem upp á vantar í Hellið og jafnvel 15 milljarða inn í Hverahlíðina sem EIB var kominn með hinn helminginn. Það sem gerist svo eftir kosningar er, að þeir segja: „Við afgreiðum þetta með vorinu, þetta verður bara þannig, þetta fer þarna fyrir stjórn og svo afgreiðum við þetta með vorinu“. Það dregst eitthvað. En þegar að, og þetta hef ég bara eftir fjármálastjóra Orkuveitunnar háverandi, að þegar núverandi borgarstjóri lýsir því yfir að Orkuveita Reykjavíkur sé komin á hausinn, þá bara tala þeir ekki við okkur meira. Enda kannski skiljanlegt ef ég segi við NIB, eða þeir bara fá þá tilkynningu frá eigandanum að Orkuveitan sé á hausnum. Ég efast um að nokkur maður hefði komið nokkeru einasta láni í gegn neins staðar með þessa yfirlýsingu. Og þar með deyr þessi fjármögnun.“*

Guðlaugur G. Sverrisson: „*Nei, það var bara Geir sem lét okkur hafa það 2008, þegar við tókum heim 6-7 milljarða frá CIB. Þannig að það er komið fordæmi fyrir því hvernig átti að vinna þetta. Og við ætlum bara að fara að sækja þetta „letter of comfort“ af því að bankinn segir: „Um leið og það kemur þá fáid þið þetta afgreitt“. Og það stendur líka skýrt frá bankanum um það að þetta þýði ekki ríkisábyrgð, það er bankinn sem segir það og lýsir því yfir. Þetta er bara staðfesting, þannig að þið getið afgreitt lánið í ótryggu ástandi til Íslands. Og í sjálfu sér ekki flókið, alls ekki. En þetta flæktist verulega fyrir þá nýrri stjórn sem var komin, minnihluta stjórn, síðan meirihluta stjórn Vinstri grænna og Samfylkingar. Og við fengum bréfið mjög seint, miklu seinna heldur en ég tel eðlilegt á haustmánuðum 2009.“*

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 27. nóvember 2009 gerði forstjóri grein fyrir stöðu viðræðna við Norðurál vegna Helguvíkurverkefnis og lagði fram minnisblað framkvæmdastjóra framleiðslu og sölu dags. 25. nóvember 2009 um málið. Var af hálfu stjórnar óskað eftir minnisblaði um möguleika Orkuveitu Reykjavíkur til að útvega orku til uppbyggingar orkufreks iðnaðar í Helguvík. Þann 4. desember 2009 var svo lögð fram yfirlýsing dagsett 30. nóvember 2009 milli Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls vegna ákvörðunar um breytingar á samningi þeirra frá 7. júní 2007, en afgreiðslu hans var frestað að beiðni stjórnarmannsins Þorleifs Gunnarssonar og tekin fyrir að nýju á stjórnarfundi þann 7. desember 2009. Á fundinum var einnig lögð fram svohjóðandi tillaga dags. 4. desember 2009 um orkusölusamning við Norðurál:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að framlengja orkusölusamning fyrirtækisins við Norðurál Helguvík ehf., upphaflega undirritaðan 7. júní 2007, til 14. desember 2009, sbr. bréf Norðuráls Helguvíkur sem staðfest er af forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur og lagt var fram á fundi stjórnar 4. desember s.l.“²⁷⁶

Við afgreiðslu tillögunnar lagði stjórnarmaðurinn Þorleifur Gunnlaugsson fram eftirfarandi tillögu:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að framlengja ekki orkusölusamning fyrirtækisins við Norðurál Helguvík ehf., upphaflega undirritaðan 7. júní 2007, til 14. desember 2009, sbr. bréf Norðuráls Helguvíkur sem staðfest er af forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur og lagt var fram á fundi stjórnar 4. desember s.l.“²⁷⁷

Samþykkti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fyrri tillögu um framlengingu samningsins, með fjórum atkvæðum, en stjórnarmaðurinn Þorleifur Gunnlaugsson greiddi atkvæði á móti og Sigrún Elsa Smáradóttir sat hjá við afgreiðslu málsins, auk þess sem hún óskaði eftir að bókað yrði:

„Fulltrúar Samfylkingar í stjórn OR hafa aldrei staðið að samningum við álver í Helguvík, því vil ég til áréttingar leggja fram að nýju bókun sem ég lagði fram í stjórn OR í júní 2006 en hún er enn í fullu gildi ... Undirrituð telur nauðsynlegt að sú umræða fari fram áður en stjórn staðfestir viljayfirlýsingu milli Hitaveitu Sudurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um áhrif hugsanlegra virkjanafarmkvæmda á efnahag Orkuveitu Reykjavíkur, sérstaklega eiginfjárhlutfall fyrirtækisins til lengri tíma og meðan á framkvæmdum stendur. Þessi áhrif verði skoðuð í samhengi við önnur fjárfestingaráform fyrirtækisins svo sem lagningu ljósleiðara. Hvar liggja þolmörk fyrirtækisins í fjárfestingu? Huga verður að því að fjárfestingar fyrirtækisins á ýmsum sviðum, þó arðsamar séu til lengri tíma, leiði ekki til þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða til að auka eigið fé fyrirtækisins.“²⁷⁸

Stjórnarmaðurinn Þorleifur Gunnlaugsson óskaði jafnframt eftir að bóka:

„Lögð var fram tillaga á þessum fundi um að Orkuveitan framlengi ekki orkusölusamning fyrirtækisins við Norðurál Helguvík

276 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. desember 2009.

277 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. desember 2009.

278 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. desember 2009.

ehf. en hún var ekki tekin á dagskrá heldur ákvað meirihlutinn að halda uppteknum hætti í þjónkun sinni við þungaiðnaðinn á Íslandi. Gildandi samningur milli Orkuveitunnar og Norður-áls Helguvíkur ehf. er runninn út. Því er nú um að ræða einstakt tækjefari til að endurmeta alla orkusölu frá Orkuveitu Reykjavíkur til langrar framtíðar í þágu sjálfbærrar þróunar og fjölbreytts atvinnu- lífs á svæðinu. Á það hefur verið bent og nú síðast í greiningu frá ARION banka, að staða Orkuveitunnar er veik, eiginfjárstaðan um 13% og verulega varasamt er að fara í frekari fjárfestingar að sinni. Í stað þess að taka mark á ítrekuðum viðvörðunum ætla meiri- hluti OR að setja undir sig hausinn og halda áfram á þeirri vegferð að festa OR í samningum við álver sem ekki hefur verið fjármagnað, með virkjunum sem ekki hafa verið fjármagnaðar og með gjaldskrá til álvera sem sé helmingi lægri en öðrum bjóðist, þar á meðal garð- yrkjubændum.“

Í greinargerð stjórnenda með rekstrarúttekt frá ágúst 2010, er framan- greindu ferli lýst með eftirfarandi hætti:

„Í samningnum eru tilgreindir m.a. afhendingartímar orkunnar, verð, kaup- og afhendingarskylda orkunnar. Fyrir hvern virkjana- kost eru auk þess fyrirvarar í samningi, m.a. um að þeir séu arð- bærir, fjármögnun þeirra sé lokið og tilskilin leyfi liggja fyrir. Sam- svarandi fyrirvarar eru í samningnum af hálfu Norðuráls. Orkuveita Reykjavíkur og Norðurál hafa fallið frá fyrirvörum sínum vegna orku í 1. áfanga álversins og mun Norðurál greiða fyrir orkuna hvort sem álver rís í Helguvík eða ekki. Sá tími sem samningsaðilar höfðu til að falla frá fyrirvörum sínum vegna orku í 2. áfanga álversins, er liðinn og eru samningsskuldbindingar aðila því fallnar niður. Enn er í gildi fyrirvari vegna 3. áfanga og meðan svo er, er ekki kominn á bindandi orkusölusamningur til þess áfanga. Allt frá undirritun samningsins 30.12.2008, hafa aðilar verið að ræða saman um ýmsar breytingar og frekari útfærslur á samningnum. Viðræður hafa verið í góðri trú en það hefur tekið Norðurál mun lengri tíma að semja um fjármögnun álversins í Helguvík en OR var tjáð í upphafi og eftir hrúnið. Frá síðasta hausti komst skriður á að ljúka breyt- ingum á samningnum til að aflétta mætti fyrirvörum hans. Mest ber í milli aðila um orkuverðið, því taka þarf tillit til endurskoðaðra talna í kjölfar efnahagshruns og nýlegra reynslutalna OR um fjár- festingu í virkjun og rekstrarkostnað hennar ásamt því að uppfylla arðsemismarkmið stjórnar OR. Einnig hefur aðilum verið tíðrætt um framlengingu á samningsbundnum forgangi Sveitarfélagsins Ölf- uss að orku frá Hverahlíðarvirkjun. OR hefur unnið að fjármögnun 5. áfanga Hellsheiðarvirkjunar sem tekinn verður í notkun haustið 2011. Hverahlíðarvirkjun er hvorki á yfirstandandi fjárhagsáætlun OR né í þriggja ára áætlun. Ákvörðun um að ráðast í þá virkjun verður fyrst tekin þegar fjármögnun lokaáfanga Hellsheiðarvirkj- unar er lokið og tekist hefur að fjármagna Hverahlíðarvirkjun að fullu. Ekki hefur tekist að ljúka samningum, helst strandar á orku- verði og munar töluverðu á milli OR og Norðuráls. OR hefur staðið fast á kröfum sínum um að virkjunin skili ásætlanlegri arð- semi. Til þess að svo megi verða þarf orkuverðið að hækka frá því sem um hefur verið samið frá eldri virkjunum. OR hefur fengið á síðustu mánuðum nokkur bréf frá Norðráli þar sem kveður við nýjan tón og er fyrirtækið sakað um óheilindi í viðræðum. Þessu hefur OR svarað og vísað ásökunum á bug. Það síðasta sem gerðist var að Norðurál afhenti OR bréf þar sem tilkynnt var um að Norð-

„Ný rafstöð Orkuveitu Reykjavíkur á Hellsheiði, Sleggjan, var ræst í byrjun október, en Norður- ál hafði skuldbundið sig til að kaupa orkuna. Hana átti að nota til að knýja álver fyrirtækisins í Helguvík, en það er hins vegar ekki tilbúið. Norðurál brást við þessari stöðu með því að notfæra sér ákvæði samninga við Landsvirkjun, OR og HS Orku og dró þannig úr orkukaupum. Orku- fyrirtækin voru ekki sátta við þessa aðgerð og nú hefur HS Orka ákveðið að stefna Norðráli fyrir gerðardóm í Svíþjóð. Deilan snýst því um það orkumagn sem Norðráli ber að kaupa frá HS samkvæmt orkusölusamningnum til notkunar í álverinu á Grundartanga, með hliðsjón af orku- kaupum Norðráls frá öðrum aðilum.“ Frétt á mbl.is dags. 21. desember 2011 http://www.mbl.is/frettit/innlent/2011/12/21/engin_deila_milli_hs_orku_og_or/

urál vísaði ágreiningi um orkuverð og orkuafhendingu til gerðardóms í Stokkhólmi í samræmi við grein 6.9 í orkusölusamningnum. Samningar við Norðurál hafa nú tekið óvænta stefnu og fyrir liggur að undirbúa viðbrögð og andsvör OR í gerðardómsferlinu. Leiða má að því líkur að ferlið sé tímafrekt og taki 6-12 mánuði og bendir margt til þess að uppbygging álversins í Helguvík frestist í það minnsta um sama tíma.²⁷⁹

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 12. maí 2010 var lagt fram bréf forstjóra dags. 10 maí 2010 um stöðu viðræðna við stórnotendur um orkusölu, auk þess sem Jakob S. Friðriksson framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu kynnti minnisblaðið. Var afgreiðslu málsins frestað. Á fundinum var þó, í kjölfar bréfs Reykjavíkurborgar dags. 29. apríl 2010 um orkuverð, samþykkt að beina því til forstjóra að leita eftir samþykkt Norðuráls fyrir því að orkuverð yrði gert opinbert.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 12. júlí 2010 var til umræðu minnisblað forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur dags. 1. júlí 2010, sem lagt hafði áður verið fram á fundi stjórnar þann 5. júlí 2010, um stöðu samninga við Norðurál Helguvík, en umræðu um dagskrárliðinn var frestað þar sem ekki lá þá fyrir lögfræðilít Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl., en það var svo lagt fram á fundi stjórnar þann 16. ágúst 2010. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur var enn til umræðu tillaga Sóleyjar Tómasdóttur, frá 27. ágúst 2010 þar sem lagt var til að Orkuveita Reykjavíkur samþykkti að fela stjórnarformanni og forstjóra að leita eftir viðræðum við Norðurál um þær viljayfirlýsingar og raforkusamninga sem fyrirleggjandi væru, með verðhækkun í huga. Auk þess var óskað eftir skýringum á afdrifum samþykktar stjórnar frá 12. maí 2010 um samþykki Norðuráls um að orkuverð yrði gert opinbert. Á fundinum var jafnframt lögð fram lögfræðileg greinargerð Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl. um orkusölusamning Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls Helguvíkur ehf. Gerði stjórnarformaður grein fyrir stöðu mála um raforkusölu til stóriðju. Þá kynnti hann beiðni rýnihóps vegna rekstrarúttektar um áhættugreiningu á mögulegum samningsaðilum og að hann hefði falið innri endurskoðanda afgreiðslu málsins. Var umræðu frestað og óskað eftir frekari upplýsingum frá forstjóra um stöðu málsins og mögulegar sviðsmyndir svo fljótt sem verða mætti. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 19. nóvember 2010 var svo enn rætt um stöðu samninga við Norðurál Helguvík ehf. ásamt Jakobi S. Friðrikssyni og Jóhannesi Karli Sveinssyni hrl. Var samþykkt samhljóða að fela þeirri samninganefnd sem hefði unnið að málinu, sem skipuð var Jakobi S. Friðrikssyni, Jóhannesi Karli Sveinssyni, Önnu Skúladóttur, Elínu Smáradóttur og Ingólfi Hrólfsyni að halda samningaviðræðum áfram.

Guðlaugur G. Sverrisson: „Og núna vill Norðurál kaupa minni orku af öllum, af því að þeir fóru ekki í spennuhækkunina. Þannig að þeir eru búnir að segja við HS Orku og Landsvirkjun: Við ætlum bara að kaupa núna 85% af samningnum.“

Deilur héldu áfram um skuldbindingar Orkuveitu Reykjavíkur til þess að afhenda Norðuráli raforku í ljósi þeirra tafa sem orðið höfðu á framkvæmd samninga og stöðu umsaminna skilyrða fyrir afhendingu. Meðal annars var leitað lögfræðilíts Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl. um stöðu samninganna svo sem að framan greinir, en álit hans er dagsett 14. október 2010. Í álitinu var vísað til þess að við endurgerð orkusölusamningsins í árslok 2008 hafi orðalagi gr. 6.17.3. verið breytt, en fyrrgreint orðalag vísar til forsendna samningsins. Fyrri gerð samningsins hafi miðað við að allar forsendur hafi þurft að vera uppfylltar á árunum 2007 og 2008, en nýrri gerð samningsins hafi flutt þær dagsetningar til og auk þess hafi verið tekið fram að skuldbindingargildi einstakra hluta samningsins (phases) væri háð því að öll skilyrði viðkomandi hluta samnings væru uppfyllt. Eins og

279 Greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 45.

fram kom í lögfræðiálitinu væri kjarni orkusölusamningsins fólgin í því að Orkuveita Reykjavíkur hefði veitt loforð um afhendingu orku með þeim skilyrðum sem rakin væru í grein 6.17.1. samningsins, m.a. um að arðsemi virkjanakosta lægi fyrir, að teknu tilliti til kostnaðar við fjárfestingu, rekstrarkostnað, flutning og í ljósi þeirra tekna sem fengjust af orkusölu. Þá kom fram að aðilar deildu um hvaða þýðingu skilyrðið um arðbærni virkjunarinnar hefði og hvort Orkuveita Reykjavíkur hefði borið það fyrir sig á málefnalegan hátt. Var það niðurstaðan að orkusölusamningurinn frá 30. desember 2008 hefði að geyma veigamikla fyrirvara af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur, bæði vegna utanaðkomandi atriða sem og vegna rekstrarumhverfis virkjana. Fram kom jafnframt að vegna utanaðkomandi aðstæðna hafi ekki enn reynst unnt að fjármagna orkuverið við Hverahlíð auk þess sem það mat Orkuveitu Reykjavíkur lægi fyrir að miðað við óbreytt orkuverð myndi rekstur orkuversins ekki reynast arðbær. Ljóst væri að erfitt yrði að láta reyna til fulls á fjármögnun verkefnisins fyrr en ljóst væri hvort Norðurál léti verða af byggingu álversins og þau kjör yrðu endanlega umsamin. Um verulega mikla hagsmuni væri að ræða og óvissa fylgdi alltaf málaferlum. Því skipti máli hvernig Orkuveita Reykjavíkur hefði á hverjum tíma kynnt forsendur sínar um arðbærni verkefnisins og hvort þær forsendur yrðu metnar málefnalegar og sannfærandi. Þá þyrfti Orkuveita Reykjavíkur að sýna fram á að fyrirtækið hefði sýnt Norðuráli ásettanlega tillitssemi með hliðsjón af því trausti sem Norðurál lagði á að orka yrði tiltæk vegna Helguvíkurálvers.²⁸⁰

Deila aðila stendur því m.a. um skuldbindingar Orkuveitu Reykjavíkur til að afhenda 85 MW orku til Norðuráls Helguvíkur frá Hverahlíðarvirkjun. Upplýst hefur verið í viðtölum við úttektarnefndina að það verð sem um var samið við Norðurál Helguvík muni ekki skila fyrirtækinu nægri arðsemi, m.a. þar sem kostnaður vegna umhverfisáhrifa muni reynast mun hærri en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir við mat á arðsemi virkjunarinnar. Í lok árs 2011 lá fyrir niðurstaða sænsks gerðardóms um gildi sambærilegs orkusölusamnings Hitaveitu Suðurnesja og Norðuráls, og var HS Orka talin skuldbundin til að afhenda Norðuráli þá orku sem samningurinn kvað á um, en þó voru skilyrði fyrir afhendingu orkunnar samkvæmt niðurstöðu gerðardómsins, ekki talin uppfyllt, en kröfu um skaðabætur var hafnað.²⁸¹ Í viðtölum úttektarnefndarinnar kom fram að Orkuveita Reykjavíkur hefði kosið að reyna að leysa upp kominn ágreining með viðræðum við Norðurál, og að fyrirtækið hefði því ekki leitað til gerðardóms. Þær viðræður standa enn yfir, en af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur hefur því verið borið við að umsamið verð sé of lágt, og ekki arðbært fyrir Orkuveituna, auk þess sem mikil óvissa er um fjármögnun og byggingu Hverahlíðarvirkjunar sem er veigamikil forsenda fyrir orkuafhendingu til samræmis við samninginn. Enn hefur ekki fengist niðurstaða í þær viðræður, og óvíst hvort og þá til hve mikilla bótagreiðslna kunni að koma af hálfu fyrirtækisins verði ekki af byggingu Hverahlíðarvirkjunar.

11.6.4 Sala á orku til iðjuvers í Ölfusi

Á árinu 2008 var hugað enn frekar að áframhaldandi sölu til stórnotenda. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 13. mars 2008 var lögð fram viljayfirlýsing um sölu á 90-100 MW raforku til iðjuvers með fyrirhugaða

280 Lögfræðileg greinargerð, um orkusölusamning við Norðurál Helguvík ehf., dags. 14. ágúst 2010.

281 Sjá m.a. umfjallanir á: <http://eyjan.is/2011/12/19/nidurstada-gerdardoms-fengin-orkusolusamningur-nordurals-og-hs-orku-er-i-gildi/> og http://mbl.is/frettir/innlent/2011/12/19/verda_ad_afhenda_orku/

umhverfissvæna framleiðslu í Ölfusi. Yfirlýsingin hafði verið undirrituð þann 5. mars 2008 með fyrirvara um samþykki stjórnar, og var hún samþykkt á fundinum, en stjórnarmennirnir Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir sátu hjá við afgreiðslu erindisins og óskuðu eftir að bókað yrði:

„Í fyrirbyggjandi yfirlýsingu er gert ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur útvegi 90- 100 MW til fyrsta áfanga en síðan 85 MW til viðbótar síðar, en gert er ráð fyrir alls 350 MW til starfseminnar. Ekki hefur verið upplýst hvernig á að afla þessarar raforku eða hvar. Fyrir liggur samningur um sölu á rafmagni upp á 100 MW til fyrsta áfanga Helguvíkur. Hins vegar er einungis viljayfirlýsing fyrir 2. og 3. áfanga upp á samtals 150 MW. Umhverfissráðherra hefur kynnt umtalsverðar efasemdir um álver í Helguvík og gagnrýnt sveitarstjórnir í Reykjanesbæ og í Garði fyrir að rasa um ráð fram þar sem ýmsar forsendur skortir til framkvæmdarinnar. Bitra er nú í umhverfismati en áætlað afl hennar er 135 MW. Engum blöðum er um það að fletta að sá virkjanakostur er verulega umdeildur og mikil andstaða gegn því að hrófla við Ölkelduhálsi og umhverfi hans sem er einstök náttúruperla. Þessa andstöðu er jafnt að finna meðal almennings, borgarfulltrúa í Reykjavík og þingmanna og jafnvel óljóst hvort núverandi meirihluti muni standa að virkjun þar. Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðsluna með fyrirvara um endanlega afstöðu til samninga og leggja áherslu á mikilvægi þess að skoða allt málið í samhengi bæði að því er varðar umhverfis- og náttúruverndarsjónarmið, virkjanir og atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Fulltrúarnir telja almennt áhugavert að huga að öðrum valkostum en áli og því vert að skoða þennan valkost betur.“²⁸²

Af hálfu Gunnars Sigurðssonar var bókað:

„Ég er fylgjandi þessari hugmynd og finnst hún góð og stjórnarformaður og forstjóri ásamt öðru starfsfólki Orkuveitu Reykjavíkur hafa unnið vel að undirbúningi málsins.“²⁸³

Kjartan Magnússon, Ásta Þorleifsdóttir og Gunnar Hjálmarsson óskuðu einnig eftir að bókað yrði:

„Meirihluti stjórnar OR telur tímabært að huga að fjölbreyttari kostum í heildsölu á raforku til stórkaupenda, ekki síst á grundvelli áhættudreifingar í rekstri og með tilliti til umhverfissjónarmiða.“²⁸⁴

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. júní 2008 var lögð fram og samþykkt tillaga forstjóra dags. 11. júní 2008 um að stjórnin veitti forstjóra fyrirtækisins heimild til að framlengja gildistíma viljayfirlýsingar um rafkusölu við kísilhreinsunarfyrirtæki í Þorlákshöfn til loka septembermánaðar 2008. Var tillagan rökstudd með þeim hætti að:

„Þann 5. mars síðastliðinn var undirrituð viljayfirlýsing um sölu á 90-100 MW af raforku til REC Silicon hf. Inc. Gildistíma hennar lauk 1. janúar 2008, en fyrir þann tíma átti að liggja fyrir staðarval

282 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 13. mars 2008.

283 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 13. mars 2008.

284 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 13. mars 2008.

*kísilfyrirtækisins og drög að samningi um orkukaup færi svo að staðsetningin yrði á Íslandi, nánar tiltekið í nágrenni Þorlákshafnar. Ósk hefur borist frá REC Silicon Inc. um að gildistími viljayfirlýsingarinnar verði framlengdur til 30. september næstkomandi. Vinna við staðarval hefur dregist á langinn og óskar fyrirtækið eftir framlengingu. Lagt er til að vel verði tekið undir málaleitan REC Silicon Inc. og tíminn til loka september verði nýttur til vinnu við samningsdrög um hugsanleg orkukaup.*²⁸⁵

Við afgreiðslu erindisins sátu stjórnarmennirnir Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir hjá og vísuðu jafnframt til bókarinnar sinnar á stjórnarfundum þann 13. mars 2008. Við afgreiðslu tillögunnar var jafnframt bókað að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur væri hlynnt því að orka frá Hengilssvæðinu gæti nýst til atvinnuuppbyggingar í héraði eftir því sem kostur væri og tækifæri gæfust. Með bréfi dags. 23. október 2008, sem kynnt var á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, þann 21. nóvember 2008 var hins vegar kynnt um ákvörðun félagsins REC group um að fyrirtækið hefði ákveðið að falla frá viljayfirlýsingu um orkukaup af Orkuveitu Reykjavíkur.

11.7 Ályktanir og niðurstöður

Að framan hefur verið fjallað um rafmagnsveitu Orkuveitu Reykjavíkur sem er stærsti miðill Orkuveitunnar, hvort sem litið er til tekna eða fjárfestinga. Hér að framan hefur verið fjallað um heildartekjur af miðlinum og heildarkostnað, en honum hefur ekki verið skipt upp í annars vegar sölu og framleiðslu rafmagns annars vegar og dreifingu (sérleyfishluta) hins vegar. Er það gert m.a. í ljósi þess hlutverks úttektarnefndarinnar sem er að greina ástæður fyrir núverandi fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur

Heildartekjur Orkuveitunnar af rafmagnsveitu hafa vaxið nokkuð stöðugt á tímabilinu og nema 108.201 millj.kr. samtals á öllu tímabilinu á meðalverðlagi ársins 2010. Aukning tekna á tímabilinu hefur numið 54% ef tekjur ársins 2003 eru fluttar á meðalverðlag ársins 2010. Nafnvöxtur tekna á tímabilinu nemur 145% sem er töluvert umfram hækkun verðlags á sama tíma, sem nam 59%, en langt undir aukningu fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum sem nam 437% á tímabilinu. Af þessu er ljóst að tekjur hafa á engan hátt vaxið í samræmi við fjárfestingar. Tvennt er helst til skýringar á þessu og ber þá fyrst að nefna að gjaldskrá hefur ekki fylgt verðlagi og kostnaðaraukningu og eins hefur verið lagt í fjárfestingar sem ekki eru farnar að skila tekjum svo sem dæmin í umfjölluninni sýna.

Heildarrekgjöld tengd rafmagnsstarfsemi voru nokkuð stöðug fyrri hluta tímabilsins, en tóku svo stökk árið 2007 og hafa haldist nokkuð stöðug frá þeim tíma og nema samtals 96.323 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Rekgjöld í hlutfalli af tekjum voru mjög há fyrstu tvö árin sem eru til skoðunar eða 98% og 93%, en lækkuðu svo árið 2005 í 83,4% árið 2005 og hafa haldist nokkuð stöðug síðan. Það vekur athygli úttektarnefndarinnar hversu hár rekstrarkostnaðurinn er í samanburði við Landsvirkjun, sem nam að meðaltali 43,6% á sama tíma.

Þar sem rekstrartekjur eru hærri en rekgjöld allt tímabilið er rekstrarafkoman að sama skapi jákvæð allt tímabilið, sem sýnir fram á stöðugan og traustan rekstur miðilsins. Rekstrarafkoman samtals á tímabilinu nemur 13.687 millj. kr. á meðalverðlagi ársins 2010 sem þýðir að Orkuveitan hefur haft þá afkomu af miðlinum án tillits til fjármagnsliða og tekjuskatts.

„Við vorum í viðræðum við aðila sem ætlaði sér að setja upp orkufrekan iðnað í Þorlákshöfn, kísilverksmiðju sem framleiðir sólarflögur. Við höfum verið í viðræðum við hann um kaup á raforku og hann hafði hug á að setjast niður í Þorlákshöfn. En miðað við þessa stöðu sem nú er komin upp þá sýnist mér að það sé útaf borðinu því við höfum enga orku fyrir hann. Við höfum 80 MW til ráðstöfunar og eitthvað af því verðum við að nota til að mæta aukinni orkuþörf á okkar veituvæði,” segir Hjörleifur og bætir við að aukningin sé um 5 MW á ári. „Ég sé ekki fram á það að við gerum frekari orkusölusamninga á næstunni,” segir Hjörleifur. “ Viðtal við Hjörleif Kvaran. Morgunblaðið 20. maí 2008, http://www.mbl.is/frettit/innlent/2008/05/20/engir_orkusamningar_a_naestunni/

285 Tillaga til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 11. júní 2008.

Fjárfestingar á tímabilinu í miðlinum hafa eins og kom fram í umfjölluninni hér að ofan, verið gríðarlegar og nema samtals 94.081 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og hefur arðsemi þeirra farið stöðugt lækkandi eftir árið 2005 þegar arðsemi eigna var 6,2%. Það vekur athygli að arðsemi eigna fyrir 2006 var mjög lág eða frá 1% í 3%. Eftir árið 2005 er arðsemin frá 3,3% til 6,2% og meðalarðsemi tímabilsins er 3,9%.

Orkuveita Reykjavíkur hefur sett sér þau markmið að arðsemi af framleiðslu og sölu rafmagns eigi að vera 7%, arðsemi af dreifingu sé í samræmi við heimildir raforkulaga, arðsemi af raforku til stórnotenda sé 15% og arðsemi af raforku á almennan markað sé 10%. Ef einungis er litið til arðsemismarkmiða sem fyrirtækið hefur sett sér við framleiðslu og sölu rafmagns, þ.e. sem eru 7%, er ljóst að það markmið næst ekki og hið sama á við ef litið er til vegins fjármagnskostnaðar. Kann hluta af skýringunni að vera að finna í því sem fram kom í viðtölum úttektarnefndarinnar að verð á raforku í smásölu hafi ekki tekið nægjanlegum breytingum til hækkunar og eins hafi það verð sem samið var um í heildsölu ekki verið nægjanlega hátt til að standa undir kostnaði við byggingu virkjana.

Ljóst er að þrátt fyrir að 7% markmiðið næðist, dugir það ekki til að standa undir fjármagnskostnaði eins og hann hefur verið sögulega, þar sem kostnaður við lánsfé hefur verið 7,83% og kostnaður við eigið fé frá 2,4% til 3,8%. Við samanburð á arðsemi og fjármagnskostnaði þarf eins og áður að hafa í huga að stór hluti þess gengismunar sem færður hefur verið til gjalda er óinnleystur og getur snúist við að hluta ef íslenska krónan styrkist aftur. Það vakti þó eins og áður athygli úttektarnefndarinnar að bæði virðist ekki hafa verið horft til raunverulegs fjármagnskostnaðar og áhættu tengdri fjármögnun í erlendri mynt við mat á fjárfestingum og einnig að svo virðist sem ekki hafi farið fram mat á arðsemi eftir á.

Orkusölusamningar Orkuveitu Reykjavíkur til stóriðju færa fyrirtækinu miklar tekjur. Í viðtölum úttektarnefndarinnar hefur verið bent á að ekki liggi fyrir nægjanleg vitneskja um líftíma jarðvarmavirkjunarinnar á Helligshéið og að hann kunni að vera styttri en 40 ár. Úttektarnefndin hefur ekki forsendur til að meta það, en telur þó rétt að það komi fram enda um verulega forsendu að ræða við ákvörðun söluverðs í raforkusölusamningum til stóriðju.

Viðmælendur úttektarnefndarinnar hafa einnig bent á að skuldbindingar sem er að finna í framlengingu orkusölusamnings við Norðurál, sem staðfestur var milli jóla og nýárs 2008 sé ein ástæða núverandi fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Að framan hefur því verið lýst hvernig stjórnendur fyrirtækisins voru boðaðir á fund þáverandi ríkisstjórnar og þeim kynnt sú þjóðfélagslega nauðsyn að halda áfram með hið svokallaða Helguvíkurverkefni. Hefur það verið staðfest í viðtölum við úttektarnefndina að ein ástæða þess að ákveðið var að aflétta fyrirvörum orkusölusamningsins og þar með halda áfram framkvæmdum við orkuöflun, hafi verið þau skilaboð sem bárust fyrirtækinu frá fulltrúum ríkisstjórnarinnar, þrátt fyrir óvissu um fjármögnun verkefnisins. Fram hjá því verður þó ekki heldur litið að fyrirtækið hafði þá skuldbundið sig, m.a. með kaupum á fimm vélasamstæðum (túrbínunum) og með samningi um nokkuð umfangsmiklar jarðboranir og framkvæmdir á svæðinu eins og fjallað verður um hér á eftir. Að mati úttektarnefndarinnar verður að skoða þessi atriði í samhengi. Fyrirtækið átti því óhægt um vik með hætta við framkvæmdir á þessum tíma. Hins vegar er þetta að mati úttektarnefndarinnar ein ástæða fyrir núverandi fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur.


Þá vísast einnig til umfjöllunar hér að framan um ástæður þess að gjaldskrár fyrirtækisins voru ekki hækkaðar, en sömu atriði og þar komu fram eiga við

um rekstur þessa miðils, þar með talin áhrif þeirra fyrirmæla sem bárust í október 2008 um að hækka ekki gjaldskrár fyrirtækisins.

12. Framkvæmdir við orkuöflun

12.1 Almennt

Bygging virkjana er kostnaðarsöm og fjárfrek framkvæmd. Á meðfylgjandi yfirliti gefur að líta heildarkostnað Orkuveitu Reykjavíkur af byggingu virkjana, en mestur hluti þess kostnaðar er vegna byggingar Hellsheiðarvirkjunar.



Á ofangreindri mynd hefur kostnaði vegna virkjana verið skipt upp miðað við þann kostnað sem snýr annars vegar að rafmagni og hins vegar að heitu vatni, líkt og gert hefur verið í bókhaldi fyrirtækisins. Samtals nema fjárfestingar er varða heita vatnið 18.894 millj.kr. og 84.072 millj.kr. vegna rafmagns. Hellsheiðarvirkjun hefur að meginstefnu til verið fjármögnuð með lántökum í erlendri mynt, en almennt verður gerð grein fyrir lántökum Orkuveitu Reykjavíkur í sérstökum kafla hér á eftir.

Hellsheiðarvirkjun er jarðvarmavirkjun á Hengilssvæðinu. Þar hafa um 50 borholur verið borðar og virkjaðar, og eru þær að jafnaði 2000 m djúpar. Úr þeim streymir gufa og vatn í formi jarðhitavökva, sem er safnað í skiljustöðvum. Afraksturinn er tvískiptur, þar sem stöðin framleiðir annars vegar rafmagn og hins vegar varma. Gufan knýr túrbínur til raforkuframleiðslu og fer rafmagnið inn á dreifikerfi Landsnets, á 220 kV spennu inn á háspennulínu sem liggur um framkvæmdasvæðið. Framleiðsla rafmagns í Hellsheiðarvirkjun hófst 1. október 2006 þegar 90 MW rafstöð var gangsett, og síðar var 33 MW lágþrýstivél gangsett í nóvember 2007 og tvær 45 MW rafstöðvar teknar í notkun síðla árs 2008. Núverandi framleiðslugeta virkjunarinnar er því 303 MW.

Heitt vatn er framleitt með því að nýta jarðvarmann til þess að hita upp kalt vatn sem leitt er í varmastöð og þaðan leitt í leiðslum til notenda á höfuðborgarsvæðinu og framleiðir virkjunin um 130 MW af heitu vatni (varmaafli).²⁸⁶ Virkjunin er því næst aflmesta virkjun landsins og ein af aflmestu jarðhitavirkjunum heims.²⁸⁷ Enn er rúm fyrir frekari stækkun virkjunarinnar, þar sem áætlanir gera ráð fyrir að heildarafl fullbyggðrar virkjunar verði 303 MW auk 400 MW varmaafli.²⁸⁸

286 Orkuveita Reykjavíkur sf. „Hellsheiðarvirkjun“. Ódagsett.

287 Virkjunin er opin almenningi en samkvæmt ákvörðun stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur á fundi hennar, dags. 1. júní 2007 er innheimtur aðgangseyrir að gestamóttöku Hellsheiðarvirkjunar.

288 Mannvit: „90 MW tekin í notkun í Hellsheiðarvirkjun“. 17. október 2011.

Helgi Hjörvar: „Stærsta fjárfestingin sem að við á tímabilinu 1994 til 2002 fór um í, það er náttúrulega raforkuverið á Nesjavöllum. Það held ég að sé alveg óhætt að segja að hafi verið mjög mikilvægt lóð á vogarskálina til þess að ljúka litlu kreppunni 1992-1995. Framkvæmd sem að tryggði að það var hægt að fara í Grundartanga, sem var svona skynsamleg uppbygging á stóriðju í áföngum sem að hentaði Orkuveitunni mjög vel. ...En það var svo sem ekki bara fyrirtækinu að þakka. Það var líka kúmanum að þakka því að hann var að fara í svona hérna, minni áfanga, þannig að það var hægt að fara í eina túrbínu hérna, koma henni í rekstur og fá reynsluna af því og taka þá næsta skref.“

Guðmundur Þóroddsson: „Hellisheiðarvirkjun, eins og við köllum hana, á sér rætur alveg aftur til 1956, minnir mig, þegar landið er keypt af því að menn ætla að ráðast þarna í virkjun. Ástæða þess að farið er af stað árið 2001 var heitavattsframleiðsla. Veturinn árið 2000 er komin upp sú staða að Nesjavallavirkjun og borholurnar í bænum ráða ekki við notkunina. Um veturinn var það talið klukkutíma spursmál að við þyrftum að kveikja á kyndistöðvum. Einnig var horft til byggingar nýrra hverfa í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ og svo framvegis. Vöxturinn á ári var nokkur prósent þannig að það var ljóst að við yrðum að styrkja hitakerfið. Það varð að gerast, hvort sem það var á Nesjavöllum, sem raunar var gert, eða með öðrum hætti. Við jukum afköst Nesjavalla um 100 MW sem gaf okkur nokkurn frest, en 100 MW eru þó bara 10% af aflri hitaveitunnar. Að sækja nýtt afl í hitaveituna eingöngu upp á Hellisheiði hefði leitt til mikilla kostnaðarhækkana og raunhækkunar á heitu vatni.“

Áður en fyrirtækið tók til starfa hafði verið byggð upp virkjun á Nesjavöllum, sem hafði verið reist á lengri tíma en Hellisheiðarvirkjun. Í nóvember 1986 var samþykkt að hefja byggingu Nesjavallavirkjunar (varmaorkuver) og hófst vinna við virkjunina snemma árs 1987. Þá lágu fyrir rannsóknarniðurstöður úr 18 borholum sem höfðu verið borðar á árunum 1965-1986. Í kjölfar byggingar varmaorkuversins var svo ákveðið að byggja raforkuverið við Nesjavelli.²⁸⁹ Auk þess hefur fyrirtækið lagt út í kostnað vegna undirbúnings virkjana í Hverahlíð og Bitru.

Á árinu 1995 var skipaður sérstakur stýrihópur virkjana, sem tók til starfa árið 1996. Árið 1995 var til hans stofnað af stjórn veitustofnana og var hlutverk hans að stýra virkjunaruppbyggingu á Nesjavöllum. Í upphaflegan stýrihóp voru skipaðir aðilar frá Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur ásamt ytri ráðgjöfum. Stýrihópnum var falið það verkefni að nýta þekkingu hitaveitunnar og vatnsveitunnar til verkefnisins og til samræmingar milli fyrirtækjanna. Stýrihópurinn hélt áfram störfum eftir stofnun Orkuveitu Reykjavíkur, en hlutverk hans þróaðist úr því hlutverki að vera vettvangur samráðs fyrirtækja Reykjavíkurborgar yfir í að vera samráðsvettvangur innan Orkuveitu Reykjavíkur og vettvangur til ákvarðanatöku um þá þætti verkefnisins sem væru tæknilegs eðlis. Á það var þó bent af hálfu forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur í tillögu til stjórnar þann 19. nóvember 2008 að:

„Hins vegar hefur stjórnskipulagi stýrihópsins ekki verið breytt til samræmis við þá þróun. Ennþá er það svo að einstaklingar eru skipaðir af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur í hópinn og þá sem einstaklingar (nöfn) í stað stöðu innan fyrirtækisins. Þannig á t.d. fyrrverandi forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur sæti í hópnum en ekki núverandi forstjóri. Í úttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar segir að starfsemi OR sé ekki nægjanlega gagnsæ hvað varðar starfandi ráð/nefndir og starfshópa innan fyrirtækisins. Greina þurfi vægi núverandi ráða/nefnda innan OR, hvort þau gegni stefnumarkandi hlutverki í umbodi stjórnar eða séu í eðli sínu hefðbundnir vinnuhópar sem starfi í umbodi næsta yfirmanns eða forstjóra. Í ljósi þess að hin tæknilegu úrlausnarverkefni hópsins eiga sér skýra ábyrgð í skipuriti Orkuveitu Reykjavíkur og ofangreindra ábendinga í úttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar, þykir rétt að leggja stýrihópinn niður, sem stýrihóp á vegum stjórnar.“²⁹⁰

Ákvörðun um að reisa Hellisheiðarvirkjun var tekin á árinu 2001. Á fundi stjórnar veitustofnana þann 24. apríl 2001 þar sem m.a. voru bókuð mót-mæli stjórnar við þau drög að raforkulögum sem kynnt höfðu verið í fjölmiðlum, var stjórn jafnframt gerð grein fyrir stöðu rannsóknarleyfa á Hengilssvæðinu og Hellisheiði, en Orkuveita Reykjavíkur fékk formlega heimild til rannsókna á svæðinu með leyfi iðnaðarráðherra sem veitt var þann 7. maí 2001 og gildi frá 1. júní 2001 til 1. júní 2016. Það var svo á fundi stjórnar veitustofnana þann 5. júní 2001 sem samþykkt var að hefja byggingu nýrrar 120 MW virkjunar á Hellisheiði, þar með talið að útvega tilskilin leyfi, láta fara fram mat á umhverfisáhrifum og flýta þeim rannsóknum og hönnun sem til þurfti. Tillögunni, sem var samþykkt einróma, fylgdi svohljóðandi greinargerð:

289 Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur: Endurskoðun. Bygging nýrra virkjana. Maí 2010.

290 Tillaga forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 19. nóvember 2008.

„Fram er komið á Alþingi frumvarp til nýrra raforkulaga. Samkvæmt því er ráðgert að opna smásölumarkað raforku fyrir samkeppni í tveimur áföngum, fyrir viðskiptavini stærri en 5 GWh 1. júlí 2002 og að fullu 31. desember 2003. Rétt er að taka það fram að frumvarpið gerir ráð fyrir mun hraðari breytingum en gerð er krafa um í tilskipun ESB 96/92. Með frumvarpinu er Landsvirkjun, sem selur Orkuveitunni raforku í heildsölu, einnig heimilað að hefja beina sölu til viðskiptavina hennar í smásölu. Landsvirkjun er eini aðilinn sem getur séð Orkuveitunni fyrir rafmagni vegna stærðar hennar. Til að styrkja stöðu Orkuveitunnar er mikilvægt að Orkuveitan auki sína eigin framleiðslu. Það verður best gert með nýrri 120 MW virkjun á Hellsheiði. Þá er einnig mikilvægt að ekki verði sett meira af afli heldur en nú er orðið til stjóriðju fyrr en framboð til almenns markaðar viðskiptavina Orkuveitunnar á höfuðborgarsvæðinu er tryggt.“²⁹¹

Ekki fylgdu önnur gögn framangreindri tillögu, sem samþykkt var einróma á fundinum. Hófst í kjölfarið undirbúningur að byggingu virkjunarinnar. Í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2001 kemur til að mynda fram að á árinu hefði verið lokið við borun tveggja tilraunaborhola á Hellsheiði, en að verið væri að undirbúa jarðvarmavirkjun sem yrði í stakk búin til að skila heitu vatni til Reykjavíkur árið 2007 og mögulega hefja rafmagnsframleiðslu árið 2005. Fram kom að á Hellsheiði væri fyrirhuguð næsta meginvirkjun Orkuveitunnar og var talið að varmaframleiðsla þar myndi duga til að sjá fyrir hitaþörf höfuðborgarsvæðisins fram til 2020. Þá var tekið fram í ársskýrslu ársins 2002 að á árinu hefði verið haldið áfram rannsóknnum og tilraunaborunum á Hellsheiði og væri reiknað með að rafmagn fengist úr fyrsta áfanga 2006, 40 MW, en um 100 MW í varma yrði til reiðu veturinn 2007-8.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 8. janúar 2002 var lögð fram og samþykkt tillaga forstjóra dags. 7. janúar 2002 um skipun stýrihóps virkjana fyrir Nesjavelli og framkvæmdir á Hellsheiði. Hópin skipuðu Valdimar K. Jónsson, Einar Gunnlaugsson, Hreinn Frímannsson, Haukur Pálmason og Guðmundur Þóroddsson. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. febrúar 2006 var svo samþykkt tillaga forstjóra um að stýrihóp virkjana skipuðu Guðmundur Þóroddsson formaður, Ásgeir Margeirsson, Valdimar K. Jónsson, Einar Gunnlaugsson og Hreinn Frímannsson. Stýrihópurinn var svo lagður niður á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 21. nóvember 2008 samkvæmt áður nefndri tillögu forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur dags. 19. nóvember 2008.

Í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2002 kom fram að kostnaður við nýju virkjunina á Hellsheiði væri:

„... áætlaður um 20 milljarðar króna. Því er ljóst að mikil fjárfesting verður hjá Orkuveitunni á næstu árum og áratugum í nýfrankvæmdum sem bætast við allar þær fjárfestingar sem eru í endurnýjun eldri kerfa. Ljóst er að sú mikla uppbygging sem verið hefur á dreifikerfum og orkuöflun á undanförunum árum mun halda áfram með tilheyrandi fjárfestingum. Því mun endurgreiðsla lána ekki hefjast að ráði fyrr en upp úr 2010 ... Orkuveitan hefur verið að hasla sér völl sem raforkuframleiðandi á undanförunum árum og er nú næststærsti raforkuframleiðandi landsins með rúmlega 100 MW í afli. Áframhald verður á þessari uppbyggingu og eru allar líkur á að

291 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 5. júní 2001.

á næstu einum til tveimur áratugum verði Orkuveitan komin með 3-400 MW í rafmagnsframleiðslu í virkjunum sínum og verði þar með farin að framleiða 15 til 20% af heildarframleiðslu landsins. Fram undan eru mikil verkefni við að fóta sig í nýju umhverfi með nýjum lögum um raforku. Þar eigum við eftir að njóta þess að hafa byggt Orkuveituna upp með það í huga að umhverfið kynni að breytast. Það eru töluverðar ógnir fólgnar í því að umhverfi orku-fyrirtækjanna breytist skyndilega og samkeppni sé innleidd á hluta starfseminnar. Hins vegar er Orkuveita Reykjavíkur sannfærð um að ekki séu síður tækifæri í stöðunni og við göngum fram með það í huga. Við trúum að þegar fram í sækir verði breytingarnar okkur til góðs. ²⁹²

Í tengslum við umræður um drög að orkusölusamningi við Norður-ál á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. september 2003, var lagt fram bréf forstjóra dags. 14. september 2003 um stöðu mála varðandi Helligheiðarvirkjun. Þar kom fram að samningar við Norðurál gengju vel og að góðar horfur væru á að saman gæti náðst milli aðila, en til þess að af samningi við Norðurál gæti orðið þyrfti að flýta þriðja áfanga Helligheiðarvirkjunar til að geta útvegað rafmagnið. Þar kom jafnframt fram að:

„OR þarf að flýta þriðja áfanga Helligheiðarvirkjunar til að geta útvegað þetta rafmagn. Þriðji áfanginn verður þá byggður samhliða fyrsta áfanga og hefst framleiðsla á rafmagni í báðum áföngum þá í september 2006. Hins vegar verður 30 MW stækkun Nesjavalla þá í staðinn nýtt inn á almennan markað OR í stað 1. áfanga Helligheiðarvirkjunar eins og áður var áætlað. 30 MW á NV hefja framleiðslu eftir sem áður 1. nóv. 2005. Þetta eru helstu stærðir fyrir 80 MW á Helligheiði sem eingöngu væri nýtt í stóriðju:

Afl 80 MW

Orkuframleiðsla út á net 77 MW, 670 Gwh

... [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar]
... %

Af framansögðu er ljóst að frá hendi OR er væntanlega fátt til að hindra það að ganga frá samningi á þessum nótum. Ekkert hefur komið fram sem bendir til að Hitaveita Suðurnesja muni einnig telja þetta ásættanlegt svo allar líkur eru á að af þessu geti orðið ef stjórn er sammála því að auka hlut OR í þessum áfanga Norðuráls. ²⁹³

Ákvað stjórnin að fela forstjóra að vinna að málinu á grundvelli framlagðs bréfs, og á fundi stjórnar þann 21. október 2003 voru lögð fram drög að viljayfirlýsingu um orkusölu til Norðuráls eins og rakið var að framan, og á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 11. nóvember 2003 var lögð fram og samþykkt viljayfirlýsing um orkusölu til Norðuráls dags. 31. október 2003. Þá voru lögð fram drög að samkomulagi við Hitaveitu Suðurnesja um orkusölu til Norðuráls á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 9. desember 2003. ²⁹⁴

Með bréfi til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis þann 9. desember 2005 var sótt um stækkun staðarmarkna á rannsóknarleyfi á Helligheiðar- og Hengils-svæðinu. Var í bréfinu vísað til fyrra leyfis sem veitt hafði verið þann 7.

292 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2002.

293 Bréf forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 14. september 2003. Minnisblaðinu fylgdi yfirlit yfir arðsemi virkjunarinnar, merkt „OR Helligheiði. Arðsemi 2“, dags. 14. september 2003.

294 Á sama fundi var tilkynnt um fyrirhugaða heimsókn stjórnarmanna til Norðuráls.

maí 2001. Kom fram um áform fyrirtækisins, að Orkuveita Reykjavíkur ynni nú að virkjun háhita á Hellisheiðar- og Hengilssvæðinu, og hefði virkjunarleyfi fyrir 120 MW raforkuveri á Nesjavöllum, virkjunarleyfi fyrir 80MW raforkuveri á Hellisheiði og hefði sótt um leyfi til stækkunar orkuversins á Hellisheiði í 160MW auk þess sem fyrirtækið áformaði að sækja um leyfi til frekari vinnslu til raforkuframleiðslu á Hellisheiðar- og Hengilssvæðinu. Auk þess væri ráð fyrir því gert að Hellisheiðarvirkjunin framleiddi 400 MW í varma. Mikil eftirspurn væri eftir raforku á Íslandi og hygðist Orkuveita Reykjavíkur auka umsvif sín á sviði raforkuvinnslu til að mæta þeirri eftirspurn, annars vegar með raforkusölu til stóriðju og hins vegar til sölu á almennum markaði. Auk þess hefði fyrirtækið í hyggju að stuðla að aukinni nýtingu jarðvarma til iðnaðarvinnslu og framleiðslu sem gæti verið hagkvæmt samhliða raforkuvinnslu. Í bréfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur kom einnig fram að:

„Orkuveita Reykjavíkur hefur ásamt Hitaveitu Suðurnesja samið við Norðurál um raforkusölu vegna stækkunar verksmiðjunnar á Grundartanga og geta þeir samningar ráð fyrir að hlutur Orkuveitu Reykjavíkur verði um 180 MW. Ráðgert er að raforka Orkuveitunnar vegna samninga við Norðurál komi frá Nesjavallavirkjun og Skarðsmýrarfalli í Ölfusi. Þá hefur Orkuveita Reykjavíkur átt viðræður við Alcan á Íslandi um raforkusölu vegna stækkunar verksmiðjunnar í Straumsvík og hefur Alcan óskað eftir að kaupa um 200 MW af Orkuveitu Reykjavíkur. Til að mæta þessum óskum hefur ný rannsóknarhola verið boruð á Ölkelduhálsi og á næstu vikum verður borað í svokallaðri Hverahlíð. Leyfi Skiplagsstofnunar hefur fengist fyrir þessum borunum. Skili þessar boranir tilætluðum árangri verða fleiri holur boraðar á næsta ári og kemur þá til álitu að reisa ný orkuver, annars vegar á Ölkelduhálsi, sem yrði rekið með Nesjavallavirkjun og hins vegar í Hverahlíð sem yrði rekið með Hellisheiðarvirkjun. Framleiðslugeta hvors orkuvers en nú áætluð um 100 MW.“²⁹⁵

Á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 26. apríl 2006 voru lögð fram drög að samkomulagi milli Orkuveitu Reykjavíkur og sveitarfélagsins Ölfuss um ýmis mál sem tengjast virkjun á Hellisheiði. Fram kom í samkomulaginu að Orkuveita Reykjavíkur væri að reisa fyrsta áfanga Hellisheiðarvirkjunar og stefndi að frekari uppbyggingu virkjana og framkvæmda á svæðinu og var samningurinn gerður í tilefni þess. Helstu efnisákvæði samningsins voru svohljóðandi:

„2. gr. Bæjarstjórn Ölfuss veitir framkvæmdaleyfi og greiðir fyrir skipulagsmálum eins hratt og unnt er vegna umræddra framkvæmda enda byggi þær á lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrir hvern áfanga og viðkomandi verkþætti. Orkuveita Reykjavíkur greiðir Sveitarfélaginu Ölfuss skv. 11. gr. fyrir aukið álag og vinnu sem framkvæmdirnar kalla á hjá sveitarfélaginu. Þetta gerir sveitarfélaginu kleift að hraða öllum umsögnum og leyfisveitingum sem þörf er á.

3. gr. Orkuveita Reykjavíkur sér um og ber allan kostnað af hugsanlegum málaferlum og skaðabótakröfum sem rekstur og framkvæmdir tengdar Orkuveitu Reykjavíkur leiða til, sama hvaða nafni þær nefnast. Þetta á einnig við um hugsanleg skaðabótamál á hendur

295 Orkuveita Reykjavíkur: Bréf til iðnaðarráðuneytisins. Umsókn, dags. 9. desember 2005.

Sveitarfélaginu Ölfuss sem rekja má til virkjunarframkvæmda og orkuvera á Hellisheiði.

4. gr. Aðilar eru sammála um að sérstök ráðgjafarnefnd sem skipuð verði um uppgræðsluverkefni skili tillögum til beggja aðila um uppgræðslu í Sveitarfélaginu Ölfusi ... Um er að ræða uppgræðsluverkefni í sveitarfélaginu, til að mæta bæði því raski sem verður vegna virkjana og til almennra landbóta. Miðað er við að Orkuveita Reykjavíkur verji til þessa verkefnis 12,5 milljónum á ári fram til 2012 ...

5. gr. Vegna framkvæmda Orkuveitu Reykjavíkur tekur hún að sér að byggja upp nýja fjárrétt og hesthús við Húsmúla sem notuð er til smölunar á afrétti Ölfussinga skv. fyrirbyggjandi teikningum. Orkuveita Reykjavíkur mun annast viðhald þessara mannvirkja ... Þá sér Orkuveita Reykjavíkur um að byggja upp og lagfæra það sem snýr að smöln og afréttarmálum sem virkjunarframkvæmdirnar hafa áhrif á. Miðað skal að 1. áfanga verksins, þ.e.a.s. bygging fjárréttar, verði lokið fyrir göngur haustið 2006.

6. gr. Orkuveita Reykjavíkur gerir Sveitarfélaginu Ölfuss tilboð í lýsingu vegarins um Þrengsli, frá Suðurlandsvegi í Þorlákshöfn fyrir 14 milljónir á ári (verðtryggt með neysluvísitölu, janúar 2007). Innifalið er lýsing á veginum með ljósum sem eru með 50 m millibili, allur fjármagnskostnaður, orka og viðhald er innifalið í tilboðinu ... Verkinu verði lokið á árinu 2006 að því tilskildu að öll leyfi liggja tímanlega fyrir.

7. gr. Orkuveita Reykjavíkur mun greiða Sveitarfélaginu Ölfuss fyrir jarðhitaréttindi í afréttinum á Hellisheiði samkvæmt sömu reglum og notaðar voru við önnur landa- og réttindakaup af landeigendum í Ölfusi. Þetta verður gert ef og þegar óbyggðanefnd eða eftir atvikum dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að afrétturinn sé fullkomið eignarland sveitarfélagsins, allur eða að hluta ...

9. gr. Á árinu 2008 hafi Orkuveita Reykjavíkur lokið lagningu ljósleiðara um þéttbýli í Þorlákshöfn og fyrir árið 2012 verði lagningu ljósleiðara lokið um aðgengilegan hluta dreifbýlis Ölfuss skv. nánar samkomulagi er liggja fyrir áramót 2006/2007.

10. gr. Kannað verði til hlítar hvort aðkoma Orkuveitu Reykjavíkur að Sunnan 3 sé áhugaverður kostur fyrir verkefnið og þá aðila sem að verkefninu standa. Markmið verkefnisins er að nota rafrænar lausnir til að efla búsetuskilyrði á svæðinu.

11. gr. Aðilar eru sammála um að bæjarstjórn Ölfuss þurfi að fylgjast með reglubundnum hætti með virkjunarframkvæmdum innan sveitarfélagsins, m.a. til að geta svarað spurningum sem upp kunna að koma og beint verður til bæjarstjórnar. Í þessu skyni koma aðilar sér saman um að halda reglulega fundi á framkvæmdatíma, allt að 4 fundum á ári, þar sem m.a. verður farið í skoðunarferðir um vinnusvæðið. Aðilum er enn fremur ljóst að umsvif og álag á bæjarstjórn og bæjarstjóra Ölfuss mun fyrirsjáanlega aukast meðan framkvæmdir við virkjanir á Hengilsvæðinu standa yfir í sveitarfélaginu. Samkomulag er um að Orkuveita Reykjavíkur greiði Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir þann kostnað sem af þessu hlýst með fastri heildargreiðslu, kr. 7,5 milljónir á ári árin 2006 til 2012, 1. september ár hvert. Þessar greiðslur verða notaðar til að kappkosta að afgreiðsla umsagna og leyfa verði eins hröð og hægt er.²⁹⁶

296 Samningsdrög (óundirrituð) sem samþykkt voru af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur á fundi hennar, dags. 26. apríl 2006. Í yfirliti yfir greidda styrki má m.a. sjá greiðslu upp í framangreindan samning að fjárhæð 50. millj.kr.

Voru samningsdrögin samþykkt með 5 atkvæðum, en stjórnarmaðurinn Tryggvi Friðjónsson sat hjá við afgreiðslu þeirra. Stjórnarmennirnir Guðlaugur Þór Þórðarson og Gísli Marteinn Baldursson óskuðu eftir að bókað yrði að þeir samþykktu samkomulagið, en þó með fyrirvara um 9. gr. þess.

Rétt er að geta þess að nágrennasveitarfélagið Hveragerðisbær, mótmælti síðar harðlega skipulagsdrögum vegna fyrirhugaðrar Bitruvirkjunar. Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar þann 13. maí 2008 var samþykkt bókun þar sem bæjarstjórnin mótmælti harðlega öllum áformum um virkjun við Bitru þar sem það teldi að með þeim væri verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Var í samþykktinni skorað á Sveitarfélagið Ölfuss að hætta við þá breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem gerði ráð fyrir virkjun á svæðinu. Var á það bent að borholur vegna Bitruvirkjunar yrðu staðsettar í um fjögurra kílómetra fjarlægð frá byggðinni í Hveragerði. Kom þar jafnframt fram að:

„Orkuveita Reykjavíkur hefur sýnt það og sannað í gegnum tíðina að fyrirtækið og forverar þess hafa haft umhverfismál að leiðarljósi og við trúum því að á því verði ekki breyting nú. Bæjarstjórn Hveragerðis treystir því að stjórn og stjórnendur OR sjái að sér í þessu máli og láti náttúruna og íbúa Hveragerðisbæjar njóta vafans og hætti við öll áform um virkjanir á Bitrusvæðinu og í næsta nágrenni þess. Bæjarstjórn gerir verulegar athugasemdir við framgöngu Sveitarfélagsins Ölfuss í málinu. Ekki er ásettannlegt að sveitarfélag geti gengið fram með þessum hætti sem hér er gert og skipulagt starfsemi í túnfæti nágrennasveitarfélags sem getur haft áhrif á framtíð og uppbyggingu þess.“²⁹⁷

Við meðferð framangreindrar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árin 2002–2014 staðfesti settur umhverfisráðherra það, en þó með þeim fyrirvara að frestað var staðfestingu á breytingu skipulagsins vegna iðnaðarsvæðis þar sem áformað hafði verið að reisa Bitruvirkjun. Var það til samræmis við álit Skipulagsstofnunar frá 19. maí 2008 sem m.a. hafði byggst á því að áhrif Bitruvirkjunar á aðra umhverfisþætti væru óviss. Fyrir lægi að mikil óvissa væri um áhrif á jarðhitaauðlindina, áhrif á loftgæði réðust alfarið af virkni hreinsibúnaðar fyrir brennisteinsvetni sem fyrirhugað væri að koma upp og áhrif á grunnvatn myndu ráðast af því að skiljuvatni yrði veitt um fódraðar niðurrennslisholur niður fyrir grunnvatnsborð. Var tekið fram í ákvörðun ráðherra að í breytingu Sveitarfélagsins Ölfuss á aðalskipulagi, dags. 11. mars 2010, kæmi fram allnákvæm ákvörðun um þá landnotkun sem fyrirhuguð væri á svæðinu, þ.e. byggingu og rekstur Bitruvirkjunar, ef virkjunarleyfi fengist og framkvæmdaraðilar héldu við fyrirætlanir um byggingu hennar. Var á því byggt að af þessu leiddi að gera yrði allríkr kröfur um þær upplýsingar sem fram kæmu í skipulagstillögunni, um aðstæður á svæðinu við upphaf áætlunarinnar, sbr. 3. og 5. mgr. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, sbr. einnig 3. gr. skipulagsreglugerðar, nr. 400/1998. Fram kom jafnframt í fréttatilkynningu ráðherra að:

„Niðurstaða ráðherra er sú að ákvörðun sveitarstjórnar hafi verið tekin án þess að fyrir lægju upplýsingar um áhrif framkvæmdarinnar á jarðhita á svæðinu. Þeir sem gerðu athugasemdir við skipulagstillögunna höfðu því ekki heldur aðgang að slíkum upplýsingum. Upplýsingar um áhrif 135 MW virkjunar að Bitru á jarðhita á

297 Bréf bæjarstjórnans í Hveragerði, dags. 13. maí 2008, sent í afriti til Orkuveitu Reykjavíkur.

svæðinu eru mikilvægur grundvöllur þess að þeir sem taka þátt í gerð skipulags geti metið hvort ráðstöfun landsins stuðli að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða og hvort komið sé í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, sbr. 1. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skortur á upplýsingum um þessi áhrif felur í sér efnislegan ágalla á skipulaginu og er ákvörðun ráðherra um að fresta gildistöku þess hluta skipulagsins sem tekur til iðnaðarsvæðis Bitruvirkjunar byggð á því.²⁹⁸

Haraldur Flosi Tryggvason: „Það virðast vera mjög litlar upplýsingar til um þetta í húsinu. Bara svona einhver riss nánast bara, af því hvernig að það ætti að láta þetta allt saman gerast. Það virðist vera að það hafi bara verið ákveðið að það ætti að hámarka orkuvinnslu á Hengilssvæðinu og þar um kring, jafnvel gegn betri ráðum jarðfræðinga hérna í húsinu. Mér hefur stundum virst sem að það hafi bara verið ákveðið að kýla á þetta og láta þetta ganga án mikillar fyrirhyggju.“

Til viðbótar má svo nefna að Orkuveita Reykjavíkur tók þátt í stofnun félagsins Hrafnabjargavirkjun ehf., sem var verkefnisfélag um virkjun í Skjálfandafljóti. Fjárfest var í félaginu fyrir 24 millj.kr. á árinu 2004 sem er um 37,6 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og selt fyrir 18 millj.kr. á árinu 2008 sem eru 22 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Samanlagt hefur verið fært til tekna vegna félagsins um 3 millj.kr., en frekari umfjöllun um fyrirtækið er að finna síðar í skýrslunni.

12.2 Framkvæmdir við Hellisheiðarvirkjun

Umfangsmesta virkjunarframkvæmd Orkuveitu Reykjavíkur, á því tímabili sem úttektin tekur til, er sem fyrr greinir bygging Hellisheiðarvirkjunar (fimm áfangar). Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda frá ágúst 2010 kemur eftirfarandi fram um tilhögun virkjana:

„Ákvarðanir um nýjar virkjanaf framkvæmdir hafa verið teknar í tengslum við orkusölusamninga til stóriðju. Gerður var orkusölusamningur við Alcan 11. maí 2006 um sölu á 200 MW til stækkunar álvers í Straumsvík. Gerður var orkusölusamningur við Norðurál Helguvík 7. júní 2007 um sölu á 100 MW. Til þess að mæta þessum sölusamningum var ákveðið að stækka Hellisheiðarvirkjun um 90 MW og unnið var mat á umhverfisáhrifum fyrir Hverahlíð (90MW) og Bitru (135 MW). Þá var auglýst eftir tilboðum í sjö 45 MW vélasamstæður. Stækkun álversins í Straumsvík var felld í íbúakosningu í Hafnarfirði, og féll orkusölusamningurinn við Alcan þar með úr gildi. Gerður var nýr orkusölusamningur við Norðurál Helguvík 30. desember 2008 og var umsamið orkumagn aukið úr 100 MW í 175MW. Gert er ráð fyrir að orkan komi frá stækkun Hellisheiðarvirkjunar, 5. áfanga, Hverahlíð og Gráuhnúkum. Samningurinn er með ýmsum fyrirvörum s.s. um fjármögnun, arðsemi virkjana og árangri borana.“²⁹⁹

Á neðangreindri mynd má sjá heildarkostnað sem Orkuveita Reykjavíkur hefur greitt vegna byggingar Hellisheiðarvirkjunar. Ekki reyndist möguleiki að fá fjárfestingar í Hellisheiðarvirkjun sundurliðaða eftir árum, einungis eftir áföngum. Þegar farið var af stað með fjárfestingar í Hellisheiði var ekki búíð að fullmóta það skipulag sem bóka átti eftir. Þegar skipulagið var komið þá voru fjárfestingar færðar á milli áfanga Hellisheiðar eins og við átti. Því eru framangreindar fjárhæðir settar fram eins og þær hafa verið bókaðar inn á hvern áfanga virkjunarinnar, á verðlagi hvers árs fyrir sig. Ef framreikna ætti kostnaðinn til verðlags 2010 yrði hann hins vegar nokkuð hærri.

298 Velferðarráðuneytið: „Ákvörðun setts umhverfisráðherra um aðalskipulag Ölfuss. 25. nóvember 2011“. <http://www.velferðarraduneyti.is/hbr/frettir/nr/32449>,

299 Greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 26.

Fjárfesting í Hellisheiðavirkjun		Áfangar gangsetninga á Hellisheiði			
Áfangi	Raun verðlag	Áfangi	Miðill	Afköst	Gangsetning
1	5.862.336.127	1.	Raforka	90 MW	Árið 2006
2	5.855.668.987	2.	Raforka	33 MW	Árið 2007
3	21.397.065.226	3.	Raforka	90 MW	Árið 2008
4	5.578.948.014	4.	Hitaveita	133 MW	Árið 2010
5	19.860.241.783	5.	Raforka	90 MW	Árið 2011
Sameiginl.	14.255.338.422				
	72.809.598.559				

Verður hér á eftir fjallað um tilhögun framkvæmda og ákvörðun stjórnar um byggingu Hellisheiðarvirkjunar, en svo virðist sem framkvæmdum við virkjunina hafi undið nokkuð hratt fram. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 7. febrúar 2002 kynnti forstjóri tilboð í boranir á Hellisheiði. Þar kom fram eftirfarandi tillaga forstjóra, þar sem hann lagði til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að hún samþykkti eftirfarandi tillögu um háhitaboranir:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að ganga til samninga við Jarðboranir hf. um háhitaboranir fram til ársins 2005 á grundvelli nýlegs samnings í framhaldi af alþjóðlegu útboði á borverkum. Ráðgert er að umfang borframkvæmda á tímabilinu verði sem hér segir:

Árið 2003: Ein djúp hola á Hellisheiði, skv. núgildandi verksamningi, ein grynri hola á Nesjavöllum.

Árið 2004: Ein djúp hola á Nesjavöllum. Ein djúp hola á Hellisheiði.

Árið 2005: Tvær djúpar holur á Hellisheiði.

Fyrirvari er gerður um þessa framkvæmdaáætlun m.t.t. samninga um orkusölu og einnig er holufjöldi háður árangri borunar. Í alþjóðlegu útboði háhitaborunar s.l. vetur bárust tvö aðaltilboð. Tilboð Jarðborana hf. var um 94% af kostnaðaráætlun en tilboð Ístaks var 169% af kostnaðaráætlun. Auk þess lögðu Jarðboranir fram frávíkstilboð, en samið var við þá skv. aðaltilboði. Samningurinn nær til borunar á alls 4 holum, 3 á þessu ári og 1 á því næsta. Þegar hafa verið boraðar 3 holur á þessu ári. Í ljósi reynslu frá fyrra útboði teljum við hagstæðast að semja við Jarðboranir hf. um þau verkefni sem að ofan greinir. Verði viðbótarverkefnið boðin út má búast við herra verði, með hliðsjón af fyrra útboði, og ennfremur er umfang viðbótarverkanna ekki nægjanlega mikið til að virka hvetjandi á hagstæð tilboð frá öðrum aðilum. Áætlað umfang viðbótarverkefnanna skv. verði gildandi samnings við Jarðboranir hf. er um 560 mkr. Auk þessa má nefna að líkur eru á að umfang háhitaborana á landinu verði mjög mikið á næstu árum og er því mjög mikilvægt að semja sem fyrst við verktaka svo tryggjt sé að unnt verði að framkvæma verkin á tilsettum tíma.⁶³⁰⁰

Var framangreind tillaga forstjóra samþykkt og þann 8. mars 2002 gerð forstjóri stjórn fyrirtækisins svo grein fyrir borunum á Hellisheiði. Á sama

300 Bréf forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. október 2002.

Haukur Leósson: „Svo man ég vel eftir því, þegar ég var að gera athugasemdir við hradann uppi á Hellisheiði. Þá var mér sagt að, og það er önnuglega rétt, að Nesjavallavirkjunin væri uppurin 2010, það er að segja heita vatnið. Af því að það væri verið að byggja svo mikið og þá yrði að gera eitthvað. Annað hvort að bora uppi á Nesjavöllum, sem þótti óhagstæðara, eða auka boranir uppi á Hellisheiði. Ég skildi það vel, án þess að fara ofan í það, að heita vatnið væri bara búið á Nesjavöllum. Það var nú ekkert smáræði sem var byggt hérna.“

fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur var jafnframt lagt fram minnisblað um sölu á raforku til Landsvirkjunar vegna Norðuráls, en með því fylgdi minnisblað um samninga á raforku til Landsvirkjunar vegna Norðuráls. Var þar jafnframt lagt til að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á grundvelli minnisblaðsins að framkvæmdum við 4. vél á Nesjavöllum og fyrsta áfanga Hellisheiðarvirkjunar yrði hraðað eftir föngum, og var tillaga forstjóra samþykkt samhljóða.

Áfram var haldið við undirbúning þess að reisa virkjun á Hellisheiði. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 17. febrúar 2004 var lagt fram bréf VSK verkfræðistofu frá 2. febrúar 2004 um mat á hæfni vegna borana á Hellisheiði 2004–2005 og á fundi stjórnar þann 12. mars 2004 var lagt fram bréf verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. dags. 11. mars 2004 um tilboð í borun á Hellisheiði og var samþykkt sú tillaga sem fram kom í bréfinu um að ganga til samninga við Jarðboranir hf. um borun á svæðinu. Þann 15. desember 2004 var síðan lagður fram úrskurður kærunefndar útboðsmála í máli 22/2004, þar sem Toshiba International (Europe) Ltd. hafði lagt fram kæru gegn Orkuveitu Reykjavíkur vegna kaupa á túrbínunum í tengslum við byggingu Hellisheiðarvirkjunar. Á fundinum lagði stjórnarmaðurinn Guðlaugur Þór Þórðarson fram svofelldar fyrirspurnir:

„Spurningar vegna Mitsubishi málsins

1. Hverjir voru í stýriningfnd sem vitnað er til í úrskurði kærunefndar?
2. Hvaða sérfræðinga var leitað til vegna kaupanna sem vitnað er til í úrskurði kærunefndar?
3. Vinsamlegast sendið stjórnarmönnum fyrri úrskurð vegna fyrra útboðs?
4. Hvaða fyrirtæki tóku þátt í fyrra útboði?
5. Hvaða fyrirtæki tóku þátt í seinna útboði?
6. Hverjir fóru frá Orkuveitu Reykjavíkur, stjórnarmenn eða starfsmenn í ferð til Japan, fyrir nokkrum misserum síðan. Ferð sem nefnd var Mitsubishi ferðin?
7. Hafa verið farnar fleiri ferðir til Japans eða til að heimsækja fulltrúa Mitsubishi?³⁰¹

Í úrskurði kærunefndar útboðsmála frá 4. desember 2004 var kveðið á um að Orkuveita Reykjavíkur væri skaðabótaskyld gagnvart Toshiba International (Europe) Ltd. og á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. febrúar 2005 var lagt fram bréf Lögmanna Mörkinni frá 1. febrúar 2004 um tilboð Toshiba International (Europe) Ltd. í raforkuhverfla Hellisheiðarvirkjunar og lýsing á samskiptum lögmanna þess og fulltrúa Orkuveitu Reykjavíkur í kjölfarið, svo og bréf Hjörleifs B. Kvaran varðandi sama mál dags. 2. febrúar 2004 til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Af því tilefni lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram þá tillögu að þeim spurningum, sem settar eru fram í bréfi lögmanna Toshiba frá 1. febrúar 2005 til stjórnarmanna Orkuveitu Reykjavíkur yrði svarað og að svörin yrðu lögð fyrir stjórn á næsta stjórnarfundi. Á fundi stjórnar þann 1. júní 2005 var lagt fram bréf Gunnars Jónssonar hrl. frá 18. maí 2005 þar sem fyrirspurn Toshiba International var ítrekuð, m.a. hvort stjórn Orkuveitu Reykjavíkur teldi sér heimilt að líta til þess við mat á útboðum í framtíðinni að Toshiba hafi látið reyna á rétt sinn vegna þess útboðs sem hafi verið ástæða kvartana félagsins.

301 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 15. desember 2004. Sjá einnig aðsenda grein Alfreds Þorsteinssonar um kaup á hverflum frá Mitsubishi frá 11. mars 1999 <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/454534/> og frétt <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/322982/> um útboð hverflanna, dags. 27. mars 1999.

Á sama fundi stjórnar, þann 16. febrúar 2005, var lögð fram tillaga forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur dags. 14. febrúar þar sem hann lagði til að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur heimilaði forstjóra að hefja framkvæmdir við hönnun, útbod og uppsetningu lágþrýstítúrbínu á Hellsheiði og við-eigandi tækjabúnaði. Lagði hann til að túrbínan yrði komin í gagnið um mitt ár 2007. Í greinargerð með tillögunni kom fram að:

„Hönnunarhópur Hellsheiðarvirkjunar hefur að beiðni forstjóra OR gert úttekt á möguleikum á frekari nýtingu á skiljuvatni frá borholum til raforkuframleiðslu. Eins og fram kemur í minnisblaði framkvæmdastjóra virkjanaf framkvæmda þá skoðaði hönnunarhópurinn þrjá mismunandi valkosti og kom lágþrýstítúrbína best út og er stofnkostnaður við hana um 100 milljónir á MW sem er heldur lægra en á orkuverinu að öðru leyti. Heildarkostnaðurinn við þessa aðgerð yrði því um 2500 milljónir. Þar sem ljóst er að raforkuframleiðslan á Hellsheiði fer mikið hraðar af stað en áætlanir gerðu ráð fyrir í upphafi meðan hitavatnsframleiðslan fer heldur hægar af stað er full ástæða til að skoða möguleika á að nýta skiljuvatn til raforkuframleiðslu ... Eins og sjá má í minnisblaði þá gefur það um 25 MW aukalega að nota skiljuvatnið frá fyrstu 90 MW á þennan hátt. Þar sem allar líkur eru á því að virkjun Skarðsmýrarfjalls og annarra svæða á Hengilssvæðinu verði hraðari til raforkuframleiðslu en varmaframleiðslu verður eftir sem áður nægt framboð af heitu vatni. Þessi aðgerð mun auka orkunýtni virkjunarinnar verulega og auðvelda niðurdælingu borholuvökvans.“³⁰²

Framangreind tillaga forstjóra var samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. febrúar 2005 og héldu framkvæmdir við virkjunina áfram. Á fundi stjórnar þann 19. október 2005 voru lögð fram tilboð Ístaks hf. og Íslenskra aðalverktaka hf. annars vegar og Jarðborana hf. hins vegar í boranir á Hellsheiði og Hengilssvæðinu. Var samþykkt að ganga til samninga, á grunni tillögu VGK, við lægstbjóðanda, Jarðboranir hf. á grundvelli tilboðs fyrirtækisins, samkvæmt erindi aðstoðarforstjóra Orkuveitu Reykjavíkur dags. 17. september 2005. Í ársskýrslu 2005 er gerð frekari grein fyrir framkvæmdum við Hellsheiði, en þar kom fram að:

„Fram undan eru miklar framkvæmdir á Hengilssvæðinu við frekari orkuöflun með jarðvarma. Mesta borunarverkefni í sögu fyrirtækisins er hafið en á næstu árum verða borðar tæplega 60 rannsóknar- og vinnsluholur á Stóra Skarðsmýrarfjalli, í Hverahlíð á Ölkelduhálsi og víðar. Ný gufuafslsvirkjun ris hratt við Kolgrafarhól og er áformað að hefja þar raforkuframleiðslu á haustmánuðum 2006. Á næstu þrem árum munum við auka raforkuvinnslu á svæðinu jafnt og þétt. Að meðtalinni raforkuframleiðslu á Nesjavöllum sem nú er fullbyggð, Elliðaárvirkjun, Andakílsárvirkjun og raforkuframleiðslu í Álfsnesi, verður raforkuframleiðsla Orkuveitu Reykjavíkur orðin 342 MW árið 2008. Þá hefst framleiðsla á heitu vatni árið 2009 en ráðgert er að Hellsheiðarvirkjun verði 400 MW varmavirkjun, eða þriðjungi stærri en Nesjavöllum. Það er til marks um mikilvægi þessara framkvæmda, að af um 17 milljörðum króna sem varið verður til framkvæmda OR 2006, fara um tíu og hálfur milljarður til framkvæmda við Hellsheiðarvirkjun.“³⁰³

302 Bréf forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 14. febrúar 2005.

303 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2005.

Á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 26. apríl 2006 var lagt fram og samþykkt bréf deildarstjóra hönnunar nýrra virkjana dags. 24. apríl 2006 um kaup á 3. og 4. vélasamstæðu fyrir Hellsheiðavirkjun af Mitsubishi Corporation og Balcke Dürr, að tillögu stýrihóps virkjana, (2 x 40 MW) á grundvelli samnings fyrir samtals 31 millj. EUR. Í yfirlýsingu viðsemjenda Orkuveitu Reykjavíkur kom fram að samningsfjárhæðin væri 2.339 millj. YEN, 193 millj.kr. og 14,7 millj.EUR. Fram kom í minnisblaðinu að:

„Í júlí 2004 var undirritaður samningur milli Orkuveitu Reykjavíkur annars vegar og Mitsubishi Heavy Industries Ltd., Mitsubishi Corporation (UK) PLC og Balcke Dürr hins vegar, um kaup á vélasamstæðum fyrir 1. áfanga Hellsheiðavirkjunar. Í útboðsgögnunum var gert ráð fyrir að OR hefði heimild til að semja um frekari kaup á grundvelli samningsins. Nú liggur fyrir niðurstaða viðræðna og tillaga að samningi um kaup á vélasamstæðum fyrir stækkun Hellsheiðavirkjunar um tvær samskonar vélasamstæður og í 1. áfanga. Á þeim tíma sem liðinn er frá útboði 1. áfanga hafa orðið umtalsverðar hækkunar á kopar, ryðfríu stáli og titan. Einnig hefur verið umtalsvert launaskrið innanlands og óvissa er um launaþróun á þessu ári. Fyrirliggjandi samningsdrög taka á þessum málum: Verð á rafala var endurskodað, en er samt sem áður talsvert lægra en verð í rafala, sem bárust í útboði á lágþrýstivélasamstæðu Hellsheiðavirkjunar. Verð á uppsetningu verður tengt launavísitölu í desember 2005 annars vegar og október 2007 hins vegar, enda náði Mitsubishi ekki samningum við undirverktaka um fast verð. Uppsetning fer fram vor og sumar 2008. Samkomulag varð um að breyta samningsmynt Mitsubishi hluta samnings úr evrum í japönsk yen. Verð á eimsvala hjá Balcke Dürr hækkar vegna gríðarlegrar hækkunar á titan og verulegrar hækkunar á ryðfríu stáli. Er tekið mið af hækkun hraefnisverði á heimsmarkaði. Aðrar hækkunar í hluta Balcke Dürr eru í samræmi við verðbreytingar á heimsmarkaði. Þeir hækkun verð einnig um 4,5% vegna heimsverðbólgu (2 ára hækkun), en verðið er fast frá samningsdegi. Heildarhækkun frá fyrri samningi er 12,85% og skýrist af hækkun hraefnisverði á heimsmarkaði og áætlun um verðbólgu næstu tveggja ára sem reiknuð er inn í verðið. Lagt er til að samið verði við Mitsubishi Heavy Industries Ltd., Mitsubishi Corporation (UK) PLC og Balcke Dürr á grundvelli fyrirliggjandi tillögu.“³⁰⁴

Enn var á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. ágúst 2006 fjallað um boranir vegna Hellsheiðavirkjunar. Var á fundinum lagt fram minnisblað deildarstjóra virkjana vegna borverka dags. 23. júní 2006 um viðbótarsamning við Jarðboranir hf. um 15 háhitaholur og sambærilega aukningu í öðrum borverkum. Samningsfjárhæð með vsk. en án verðbóta var 3.715 millj.kr. Í minnisblaðinu kom fram að:

„Vegna virkjunarframkvæmda á Hengilssvæðinu þarf að bora allt að 87 vinnsluholur og 48 niðurrenslis holur fram til ársins 2010, sjá meðfylgjandi yfirlitsblað. Hér er miðað við að fá megi 5 MW í rafmagn úr hverri vinnsluholu og að eina niðurrenslis holu þurfi fyrir hverjar tvær vinnsluholur. Þetta kann að breytast með frekari þekkingu á jarðhitasvæðunum. Í nóvember 2005 var undirritaður samningur við Jarðboranir hf. um borun 30 háhitahola, 10 niður-

304 Minnisblað vegna samkomulags um kaup á vélasamstæðum 3 og 4 fyrir Hellsheiðavirkjun, dags. 24. apríl 2006 ásamt samningsdrögum og yfirlýsingu, dags. 5. apríl 2006.

rennslishola, 5 ferskvatnshola og 13 svelghola. Miðað var við að 9 háhitaholur yrðu boraðar á þessu ári 11 holur 2007 og 5 holur 2008 og 2009. Í útbodsgögnum áskilur verkkaupi sér rétt til að semja um viðbótarverk á grundvelli samnings. Til að ná markmiðum um boranir er lagt til að semja við Jarðboranir hf. um breyttar tíma-setningar og viðbót við núverandi samning um 15 háhitaholur og sambærilega aukningu í öðrum borverkum og jafnframt bjóða út allt að 45 háhitaholur og hlutfallslega sambærilegan fjölda í öðrum holum. Viðbótarsamningur við Jarðboranir hf. er 50% af upprunalegum samningi og er með VSK, en án verðbóta, 3.715.260.700 kr.³⁰⁵

Var tillagan samþykkt samhljóða. Af því tilefni óskaði stjórnarmaðurinn Ólafur F. Magnússon að bókað yrði:

„Fyrirverandi stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur þegar tekið ákvörðun, sem felur í sér skuldbindingu um þær viðbótarboranir sem hér eru til afgreiðslu. Ég legg hins vegar áherslu á andstöðu borgarstjórnarflokks F-listans við hugsanlega orkusölu til álvers í Helgvík, ef af því verður. Ekki er tímabært að taka ákvörðun um fjölgun álvera á næstu árum og fara þarf varlega í frekari orkusölu til stóriðju. Vanda þarf mun betur til allrar undirbúningsvinnu og rannsókna er nýleg dæmi frá Kárahnjúkum sanna. Slíkt á ekki að viðgangast af hálfu fyrirtækja í eigu almennings og vera okkur stjórnarmönnum í Orkuveitu Reykjavíkur víti til varnaðar.“³⁰⁶

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur var síðan upplýst um stöðu framkvæmda og undirbúnings á Hellsheiði. Var minnisblað forstjóra vegna matsáætlana á Hellsheiði lagt fyrir fund stjórnar þann 6. október 2006 og á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 28. nóvember 2006 var lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra virkjana og sölu dags. 26. nóvember 2006 um framangreind málefni virkjunarinnar. Í minnisblaðinu var fjallað almennt um stöðu framkvæmda og undirbúning þeirra á þeim tíma. Kom þar fram að 1. áfangi Hellsheiðarvirkjunar tæki til 90 MW í Hellsheiðarvirkjun (vélar 1 og 2). Fyrstu tvær vélasamstæðurnar væru komnar í fullan rekstur og gengi hann vel. Nægjanleg gufa væri til staðar og væri virkjunin rekin með gufu frá 6 borholum og væri frágangur við mannvirki á lokastigi. Yfir stæði uppgjör við verktaka. Annar áfangi tæki til 33 MW með lágþrýstivél í Hellsheiðarvirkjun (vél 11), en unnið væri að stækkun stöðvarhússins sem væri um það bil að verða fokhelt. Vélasamstæðan myndi koma til landsins í mars 2007. Þá yrði gufuveitan boðin út í desember. Um þriðja áfanga var tekið fram:

„3. áfangi: 90 MW í Hellsheiðarvirkjun, vélar 3 og 4. Stækkun stöðvarhússins verður boðin út í desember. Framleiðsla véla gengi skv. áætlun. Boranir til frekari gufuöflunar standa yfir á Skarðsmýrarfjalli og er verið að ljúka fjórðu holunni þar. Boranir munu liggja niðri á fjallinu yfir háveturinn. Safnæðar verða boðnar út í janúar.“³⁰⁷

Á töflunni á blaðsíðu 266 hefur verið gerð grein fyrir helstu verkþáttum sem bornir voru undir stjórn fram til 2007 í tengslum við byggingu Hells-

305 Minnisblað deildarstjóra virkjana, dags. 23. júní 2006.

306 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 30. ágúst 2006.

307 Minnisblað framkvæmdastjóra virkjana og sölu dags. 26. nóvember 2006.

heiðarvirkjunar. Á árunum 2004–2008 voru að auki eftirfarandi verkliðir og þættir vegna Hellisheiðarvirkjunar bornir undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og samþykktir þar, en á þeim tíma vatt framkvæmdum afar hratt fram eins og sjá má af yfirlitinu:

Dags. fundar	Hver leggur fram	Verkliður	Fjárhæð kr.
15. des. 2004		Tilboð í aðveitulagnir. Lægstbjóðandi Ístak.	365.318.477
16. febr. 2005	Innkauparáð	Tilboð í byggingamannvirki Hellish.v. frá Þ.G. verktökum samþykkt, lægstbj.	1.963.603.963
1. júní 2005		Safnæðar og safnæðastofnar, Klæðning	645.342.857
30. ágúst 2006	Deildarstj. virkjana	Viðbótarsamningur við Jarðboranir hf. um 15 háhitaholur og sambærilega aukningu í borverkum (ekki útboð)	3.715.260.700
16. nóv. 2006	Innkauparáð	Kaup á vél- og rafbúnaði fyrir lágþrýstingufúvirkjun, Toshiba Co, Toshiba Int. og Balcke Dürr lægstbj. ³⁰⁸	1.268.000.000
20. mars 2006	Innkauparáð	Tilboð Þ.G. verktaka, byggingamannvirki vegna lágþrýstivélar í Hellisheiðarvirkjun	1.311.022.232
25. janúar 2007	Innkauparáð	Tilboð VGK hópsins í ráðgjafarþjónustu vegna nýrra virkjana á Hengils svæði	1.857.673.646
25. janúar 2007	Innkauparáð	Tilboð lægstbjóðanda, Ístaks, í stækkun vélasala Hellisheiðarvirkjunar (aðaltilboð)	1.457.968.407
7. mars 2007	Forstjóri	Útilistaverk við Hellisheiðarvirkjun, á grundvelli samkeppni	45.000.000
27. apríl 2007	Innkauparáð	Safnæðar og safnæðastofnar, vegna 3. áfanga Hellish.v. Lægstbjóðandi Klæðning	1.040.000.000
8. júní 2007	Innkauparáð	Ryðfríar pípur og efni, skv. útboði Ath. fallið var frá þessu tilboði	640.000.000
29. júní 2007	Innkauparáð	Tilboð í einangraðar pípur Logstor	815.300.000
16. júlí 2007	Innkauparáð	Ryðfríar pípur, nýtt tilboð	666.400.000
30. ágúst 2007	Sviðsstjóri Nýrra virkjana	OR 2997/29 Skiljur og gufuháfar. Tilboð Héðins EUR8.692.894 (96,63% af k.áætl)	726.291.290
1. febrúar 2008	Nýjar virkjanir	4. áfangi Hellisheiðaræðar og Engidalsæðar Tilboð Klæðningar (85,47% af k.áætl.)	1.111.111.111
15. febr. 2008	Nýjar virkjanir	Varmastöð IV áfangi Hellish.v. Ístak Samkvæmt útboði	1.560.290.835
15. febr. 2008	Innkauparáð	Svart pípu efni vegna Hellisheiðarvirkjunar	563.089.380
15. maí 2008	Innkauparáð	Kaup og uppsetning á vélasamstæðum Balcke Dürr, Mitsubishi Heavy Industries og Mitsubishi Corporation, viðaukasamni	1.118.745.000
20. maí 2008	Innkauparáð	Vélbúnaður og virkjanir Hellisheiðarvirkj. Mitsubishi Corb, Balcke Dürr, útboð Útboð m.v. 7 vélastsamnt., samið um 5	13.632.140.043
15. ágúst 2008	Sviðsstjóri Nýrra virkjana	Boranir á Hengils svæðinu, tilboð Jarðborana (fjárhæð með vsk.)	13.348.944.460
3. október 2008		Kaupsamningur og afsal 297.930 m ² spilldu úr landi Geitháls, vegna Hellisheiðarlínu (frávíksboð og breyttar forsendur vegna Bitruvirkjunar)	29.800.000
15. maí 2009	Sviðsstjóri Nýrra virkjana	Stöðvarhús yfir vélar 5 og 6. Tilboð Jáverks ehf. (63,72% af k.áætl.)	2.730.630.257

308 Útboð vegna lágþrýstivélar og jarðborana hafði áður verið kynnt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 21. september 2005.

Rétt er að geta þess að með síðastgreindum samningi, þ.e. samningi Orkuveitu Reykjavíkur við Jarðboranir fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Samningurinn kveður á um borun 35 háhitahola og 15 niðurrennslishola. 20 háhitaholur og 12 niðurrennslisholur verða boraðar á árunum 2009 og 2010. Kostnaður vegna þessa verður skv. samningum 6.452.722.617 kr. án vsk. Eftirstöðvar samningsins koma til framkvæmda árið 2011 og síðar ...“³⁰⁹

Þá var að auki lagt fram og samþykkt erindi forstjóra dags. 19. maí 2008 á fundi stjórnar þann 20. maí 2008, um tilboð í vélbúnað fyrir virkjanir á Hellisheiði að áætlaðri fjárhæð 13,6 milljarðar kr. Í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur árið 2008 kom fram að uppbygging jarðhitanýtingar á Hengilssvæðinu hafi verið kostnaðarsamasta en um leið arðsamasta verkefni Orkuveitunnar. Fram kom að:

„Haustið 2008 voru gangsettar tvær nýjar aflvélar við Hellisheiðarvirkjun, nokkru á undan áætlun. Orkan frá þeim var þegar seld Norðurláti á Grundartanga og tekjustraumur því tryggður þegar frá gangsetningu. Þessi tímasetning reyndist heppileg í því tilliti, að nokkrum vikum eftir gangsetningu urðu þau veðrabrigði í íslensku atvinnulífi, sem áður er lýst. Frekari framkvæmdir hafa verið nokkurri óvissu undirorpnar síðan og skiptir það því miklu að gangsetningu var lokið áður en í harðbakkann sló.“³¹⁰

Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda í ágúst 2010, var hins vegar bent á að samningar við Jarðboranir um kaup á túrbínunum hafi verið fyrirtækinu kostnaðarsamir og hefði þurft að semja við framangreinda aðila til þess að fresta afhendingu túrbína og framkvæmdum við boranir, en hvoru tveggja hafi verið fyrirtækinu afar kostnaðarsamt, svo sem frá er greint hér á eftir.

Þá ber þess einnig að geta að á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 7. mars 2007 var samþykkt tillaga forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur um að Orkuveitan myndi auka þekkingu á Hengilssvæðinu enn frekar með því að bora eina djúpa holu sem uppfyllti kröfur sem gerðar eru til djúpbórunarhola um þrýstipól og efnisgæði. Síðar sótti Orkuveita Reykjavíkur um virkjunarleyfi til Orkustofnunar um stækkun Hellisheiðarvirkjunar í 202 MW þann 28. júní 2010 og var virkjunarleyfið útgefið þann 3. júní 2011. Stækkun virkjunarinnar var síðan formlega gangsett þann 1. október 2011.³¹¹

Á fundi stjórnar þann 20. febrúar 2009 var kynnt samkomulag Orkuveitu Reykjavíkur og Jarðborana hf. um breytingu á framkvæmdahraða og fjármögnun frá 9. febrúar 2009. Var samkomulagið samþykkt af stjórn með ábendingu um orðalag í lok 2. gr. samningsins. Með samkomulaginu var hægt á framkvæmdum miðað við upprunalegar áætlanir, þannig að í stað þess að boraðar yrðu 15 holur á árinu 2009, þ.e. 10 vinnsluholur og 5 niðurrennslisholur, yrðu boraðar 6 holur árið 2009 í tengslum við Hellisheiðarvirkjun og stækkun hennar (2 vinnsluholur og 4 niðurrennslisholur). Þá yrðu boraðar 3 vinnsluholur í Hverahlíð, auk einnar viðbótarholu við Gráuhnjúka eða á þeim verkstað sem síðar kynni að henta Orkuveitu Reykjavíkur. Fram kom að tækist Orkuveitu Reykjavíkur að tryggja fjármögnun Hverahlíðarvirkjunar með láni frá EIB eða öðrum aðila á árinu 2009 yrði Jarðborunum

309 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 15. ágúst 2008.

310 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2008.

311 Orkustofnun: Smáskjálftar og niðurdæling. <http://www.os.is/jardhiti/skjalftar/hellisheidarvirkjun/>.

Guðlaugur G. Sverrisson: „Við sitjum uppi með það náttúrulega 2008 líka, það er búið að panta, byrjað að smíða, þetta er svona eins og að panta þotu. Þannig að það kemur krafá frá Mitsubishi, „Þið verðið að taka túrbínurnar“. Þannig að það er líka pressa á okkur að því leyttinu til að við erum búin að gera samning líka við Jarðboranir að bora holur þarna uppi á Hellisheiði. Ég á í raun engar samningaviðræður við Jarðboranir, það er framkvæmdastjórn félagsins. Ég kem aldrei að því. Ég hittir Bent held ég einu sinni á fundi þar sem hann lagði ríka áherslu á það að ef að það gengi ekki að semja á milli Orkuveitunnar og Jarðborana á þessum tíma þá þyrfi hann að fara í mál.“

greitt fyrir borverkið þegar dregið hefði verið á lánið eða önnur fjármögnun fengist innborguð til Orkuveitunnar. Ef slík fjármögnun tækist ekki myndi Orkuveita Reykjavíkur gefa út skuldabréf fyrir borkostnaðinum eigi síðar en 30. janúar 2010. Fram kom jafnframt að Jarðboranir myndu ekki hafa uppi bótakröfur vegna þeirra breytinga sem af samkomulaginu leiddu.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. febrúar 2009 greindi forstjóri frá væntanlegu útboði á smíði stöðvarhúss fyrir vélar 5 og 6 við Hellisheiðarvirkjun og þá voru niðurstöður dómnefndar í samkeppni um frágang á niðurrennslið Hellisheiðarvirkjunar kynntar á fundi stjórnar þann 27. febrúar 2009 og var forstjóra falið að láta vinna kostnaðaráætlun um útfærslu verðlaunatillagna 1 og 2. Þann 3. júlí 2009 var á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur lagður fram og samþykktur verksamningur milli Orkuveitu Reykjavíkur og Suðurverks um lok lagningar Hellisheiðaræðar og Engidalsæðar og þann 4. desember 2009 var lagt fram á fundi stjórnar Orkuveitunnar bréf forstjóra til Mitsubishi og Balcke Dürr dags. 30. nóvember 2009 um afhendingu vélasamstæða í Hellisheiðarvirkjun.

Í kjölfar efnahagshrunsins sem varð á haustmánuðum 2008 þurfti Orkuveita Reykjavíkur að endurskoða fjárfestingar sínar. Í greinargerð með rekstrarúttekt frá því í ágúst 2010 er því lýst þannig:

„OR var í miðju stærsta fjárfestingartímabili í sögu félagsins, sem er bygging Hellisheiðarvirkjunar. Virkjunin er byggð í áföngum og er áætluð gangsetning þannig:

1. áfangi var gangsettur haustið 2006 (90 MW rafmagn)
2. áfangi var gangsettur haustið 2007 (33 MW rafmagn)
3. áfangi var gangsettur í árslok 2008 (90 MW rafmagn)
4. áfangi áætluð gangsetning haust 2010 (133 MW heita vatns framleiðsla)

5. áfangi áætluð gangsetning haust 2011 (90 MW rafmagn)

Jafnframt voru áform um að byggja virkjun í Hverahlíð samtals 90 MW raforkuframleiðslu ... Núverandi áætlanir gera hvorki ráð fyrir að farið sé í Hverahlíð né óstaðsettu vélasamstæðuna. Í september 2008 var gengið frá samningi við Jarðboranir um boranir til að tryggja gufu fyrir framleiðsluna og vegna niðurdælingar. Einnig lá fyrir samningur við Mitsubishi um kaup á 5 vélasamstæðum (45 MW hver) þ.e. tvær fyrir 5. áfanga Hellisheiðarvirkjunar, tvær fyrir Hverahlíðarvirkjun og eina óstaðsetta. Fyrirliggjandi var samningur við EIB um fjármögnun á helmingi fjárfestingar vegna 5. áfanga Hellisheiðarvirkjunar og Hverahlíðarvirkjunar. Lánasamningurinn var tilbúinn til undirritunar, hann hafði verið samþykktur í bankastjórn EIB, í stjórn OR og af eignum OR þegar hrúnið varð. Jafnframt lá fyrir mikill áhugi hjá CEB um að halda áfram að fjármagna virkjanir OR á móti EIB en 3. og 4. áfangi Hellisheiðarvirkjunar voru fjármagnaðir af EIB og CEB. Fyrstu tveir áfangarnir voru fjármagnaðir af NIB og EIB til helminga hvor, líkt og fjármögnun Nesjavallavirkjunar á sínum tíma. Á þessum tímamarki átti OR ódregið á lánasamning vegna 3. áfanga samtals rúma 5 milljarða króna og um 2,5 milljarða króna vegna 4. áfanga frá CEB. OR var með lánalínu hjá Fortis samtals 100 milljónir evra með gildistíma til ársloka 2011 sem var fulldregin á þessum tímamarki. Við hrúnið fór allt í frost og lánardrottinnar lokuðu fyrir allar útborganir til Íslands, þrátt fyrir gildandi lánasamninga. Mikil tortryggni erlendrar lánardrottinna til íslenskra stjórnvalda fylgdi í kjölfar hrunsins og nýrra lagasetninga vegna þess. OR átti tíða fundi með lánardrottnum allt frá bankahrúninu til að upplýsa um

stöðu og framvindu einstakra verkefna hjá fyrirtækinu. Jafnframt var unnið með stjórnvöldum til að auka traust lánardrottna á Íslandi og þoka málum OR áfram hjá EIB og CEB. Í kjölfar hrunsins voru allar fjárfestingaáætlanir teknar til endurskoðunar og endursamið við verktaka og birgja og öllu frestað sem mögulegt var. Jafnframt var farið í átaksverkefni til lækkunar á rekstrarkostnaði, bæði launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði.³¹²

Í kjölfarið hefur Orkuveita Reykjavíkur þurft að semja á ný við stærstu birgja við byggingu Helligheiðarvirkjunar. Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda kemur þannig fram:

„OR og Jarðboranir hf. gerðu með sér samning um borun á Hengilssvæðinu 16. september 2008. Samningurinn var gerður til að standa við samningsákvæði um orkusölu til stóriðju. Í samningnum er kveðið á um borun á 50 holum, 15 á árinu 2009, 17 á árinu 2010 en 18 árið 2011 og síðar. Samningsfjárhæð var 13,3 milljarðar króna. Í októbermánuði 2008 hrundi íslenskt efnahagslíf sem kunnugt er til grunna og eru afleiðingar þess enn að koma fram. Þegar þann 14. nóvember 2008, eða aðeins 2 mánuðum eftir gerð samningsins, tilkynnti OR Jarðborunum hf. um þörf á breytingum á verksamningi aðila vegna breyttra forsendna. Jarðboranir hf. sýndu breyttri stöðu fullan skilning og skrifuðu aðilar undir samkomulag um breytingu á framkvæmdahraða og fjármögnun vegna aðstæðna á fjármálamarkaði þann 9. febrúar 2009. Í samkomulagi þessu var borun hola á árinu 2009 fækkað úr 15 í 10. Tekið var fram að frekari breytingar á verksamningi um borun á Hengilssvæðinu skyldu ákveðnar í fullu samráði milli OR og Jarðborana hf. Þann 6. nóvember 2009 ritaði OR Jarðborunum hf. bréf, þar sem fram kemur að framkvæmdir OR á Hengilssvæðinu skerðist verulega á árinu 2010 og það muni óhjákvæmilega hafa áhrif á verksamning Orkuveitunnar og Jarðborana. Í bréfinu er þess óskað að samningnum við Jarðboranir hf. vegna borverks á árinu 2010 verði breytt í samræmi við fyrirlugaðar framkvæmdir OR. Með bréfi OR til Jarðborana hf. þann 15. desember 2009 var Jarðborunum hf. tilkynnt að í fjárhagsáætlun ársins 2010 væri aðeins gert ráð fyrir borun tveggja niðurrennslishola á Helligheiði. Þá er bent á að í samningi OR og Jarðborana sé gert ráð fyrir heimild verkkaupa til skerðingar borverks um allt að 40%. OR tilkynnti að fyrirtækið nýtti sér rétt sinn til skerðingar borverksins um þessi 40%. Upphaflegur borsamningur gerði eins og áður er fram komið ráð fyrir 32 holum 2009 og 2010. Aðrar holur komi síðar, en ekki er tiltekið hvenær. 40% skerðing gerir 13 holur og standa þá eftir 19. Árið 2009 voru boraðar 10 holur og 2 verða boraðar í ár. Eftir standa því 7 borholur, en segja má að OR vanefni samning aðila sem þeim nemur. Jarðboranir hafa ekki fallist á sjónarmið OR. Aðilar hafa orðið ásáttir um að skipa viðræðunefnd til að yfirfara ágreining félaganna og er unnið að tímaáætlun viðræðna þessa dagana. Óvíst er hversu háar bætur OR verði að inna af hendi vegna vanefnda á samningum ... Þann 30. maí 2008 skrifaði OR undir samning við Mitsubishi Heavy Industries, Ltd., Mitsubishi Corporation og Balcke-Dürr GmbH um kaup á fimm vélasamstæðum. Vélar 5 og 6 á Helligheiði átti að afhenda 1. okt. 2010 og 1. nóv. 2010, vélar 1 og 2 í Hverahlíð átti að afhenda 1. júní 2011 og 15. júlí 2011 og 5. vélina átti að afhenda 1. feb. 2012. Þann 20. júní 2009 var

312 Greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 40.

Guðlaugur G. Sverrisson: „Fyrst voru pantaðar 7, en í millitíðinni hafði verið hætt við að fara í Bitru í stjórn Kjartans, þannig að það þurfti ekki alla vega þessar tvær. Það var fækkað um tvær og skrifað undir við Mitsubishi um kaup á 5 túrbínnum. Þetta var mjög eftitt, að eiga þennan mikla samning yfir sér. Þetta er svona svipað og Icelandair væri búð að kaupa 5 þotur og svo væru þær bara að koma og það er bara ykkar mál að redda þessu. Þannig að þetta var svona en það gekk að lokum að koma því í þennan farveg.“

Guðlaugur G. Sverrisson: „Þegar ég kem hérna þá er nýbúð að setja á stofn innri endurskoðun. Ég lét hann fara á virkjunarstaði, vegna þess að mér fannst við vera að borga ótrúlega mikið til verkfræðistofa. Mér fannst þessar upphæðir miklar og auðvitað voru skýringar á reikningum, þau voru að vinna að eftirliti og öðru slíku. En það sem gerir mig eiginlega svona, hvað á ég að segja, sem að vekur mig alvarlega til umhugsunar er þegar Klæðning fellur frá verkeinu við að leggja hitaveitu, tveimur dögum áður en við ætlum að segja þeim upp. Þá kemur í ljós að það er búð að borga þeim nokkur hundruð milljónir umfram framkvæmdir, s.s. við erum með verkfræðistofu sem á að taka út hlutlaust hvar verkið er stöð og hvernig við erum að borga. Það voru ekkert litlir peningar sem menn tóku á tímann við það að segja að þeir ættu að borga 600 milljónum meira heldur en voru komnir í, eða 400 milljónir, ég man ekki hvor talan það var, í þessu verki. Þannig að hann fór af stað og kannaði á verkstað, hvernig framkvæmdin var, hvernig eftirlitið var. Niðurstaðan var sú að þarna var víða pottur brotinn, samskipti starfsmanna við verkfræðistofuna voru bara gjörsamlega ekki í lagi.“

gerður viðauki við samninginn (2nd Amendment Agreement) í kjölfar seinkana á virkjanaáætlunum OR. Vélar 5 og 6 á Hellisheiði áttu að afhendast 1. júlí 2011 og 1. okt. 2011, vélar 1 og 2 í Hverahlíð áttu að afhendast 1. október 2012 og 15. nóvember 2012 og að lokum átti að afhenda 5. vélina 1. október 2013. Samkvæmt skilmálum samningsins átti OR að senda „Notice to Proceed“ fyrir 30. nóv. 2009 til að staðfesta dagsetningar samningsins. Þar sem OR sá ekki fram á að dagsetningar fyrir Hverahlíð og 5. vélina gætu staðist var samið um enn frekari seinkun. Þann 20. janúar 2010 var gerður viðauki við samninginn (3rd Amendment Agreement) þar sem vélum 1 og 2 í Hverahlíð var seinkað til 1. okt. 2013 og 15. nóv. 2013 og 5. vélinni frestað til 1. okt. 2014. Samkvæmt skilmálum samningsins verður OR að senda „Notice to Proceed“ fyrir 30. nóv. 2010 um hvort dagsetningar samnings eigi að standa eða semja eigi um frekari frestun. Verktakinn áskilur sér rétt til að binda endi á samning fyrir vélar 1 og 2 í Hverahlíð og 5. vélina samkvæmt skilyrðum í grein II-46 í „Conditions of Contract for Electrical and Mechanical Works“, 3. útgáfa 1987. Þegar hefur verið greitt vegna vélanna 11,1 milljarður króna. Eftirstöðvar kaupanna eru því 14 milljarðar króna. Miðað við heildarverðið er verð hverrar vélar um 4,64 milljarðar króna.³¹³

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 19. mars 2010 var lagt fram minnisblað forstjóra um verksamning Orkuveitu Reykjavíkur og Jarðborana hf. um borun á Hengilssvæðinu. Á fundinum var einnig lagt fram minnisblað stjórnarformanns dags. 15. mars 2010 um samskipti og hugsanlegt samstarf Mitsubishi Heavy Industries og Orkuveitu Reykjavíkur og var samþykkt að veita stjórnarformanni og forstjóra umboð til að vinna áfram að málinu á grundvelli minnisblaðsins. Á fundi stjórnar þann 26. mars 2010 var svo lagt fram óundirritað „Memorandum of Understanding“ milli Orkuveitu Reykjavíkur og Mitsubishi Heavy Industries ásamt íslenskri þýðingu viljayfirlýsingarinnar, og var hún samþykkt og formanni veitt umboð til undirritunar hennar.

Almennt verður ekki fjallað um framkvæmdir og eftirlit með framkvæmdum við bygginguna í þessari skýrslu, en af hálfu innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur var m.a. fjallað um framkvæmdina við byggingu virkjana og sérstaklega um framkvæmd greiðslna til verktaka í tengslum við Hellisheiðarvirkjun. Í álitinu innri endurskoðanda kom fram að markmið með innri endurskoðun á byggingu nýrra virkjana hjá Orkuveitu Reykjavíkur hefði verið að kanna hvort og hvernig innra eftirliti væri háttáð við undirbúning virkjanaframkvæmda, hönnun mannvirkja og framkvæmdir við byggingu virkjana á vegum Orkuveitu Reykjavíkur. Þó var tekið fram í álitinu að ekki hefðu allir þættir við byggingu nýrra virkjana verið kannaðir með fullnægjandi hætti. Var niðurstaða innri endurskoðanda m.a. sú að almennt hefðu starfsmenn sem kæmu að byggingu nýrra virkjana mjög góða blöndu af reynslu og menntun en jafnframt að of umfangsmikil og/eða mörg verkefni hvíldu á of fáum herðum. Mannauður fyrirtækisins væri mesti styrkleiki þess við byggingu nýrra virkjana en þó kæmu fram ákveðnir veikleikar hjá starfsmönnum og stjórnendum sem sneru að menntun, þekkingu og reynslu á verkefnastjórnun. Þá taldi hann að mikið og gott starf hefði verið unnið við að skýra verklag og verklagsferla, m.a. þar sem samdar hefðu verið verklagsreglur fyrir byggingu nýrra virkjana á síðastliðnum misserum. Enn fremur hefði æ betur verið haldið utan um verk-samninga, verkstöðu og framvindu verka, ásamt því að áritunarferli reikn-

313 Greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 43-44.

inga hefði verið endurbætt. Þrátt fyrir þetta væru að álitum innri endurskoðanda enn nokkrir hnökrar á því að verklagsreglum væri fylgt sem skyldi. Þá kom fram í álitum innri endurskoðanda að:

„Áhættumat: Það er álitum að áhætta við byggingu nýrra virkjana sé þekkt að mörgu leyti en þó vantar áhættugreiningu fyrir verklag og verklagsferla sem snúa að stjórnun og rekstri byggingu nýrra virkjana. Enn fremur er ekki til staðar heildstætt yfirlit yfir áhættu sem fylgir því að byggja virkjun ...

Skilgreiningar á verkaskiptingu og ábyrgð: Það er álitum að skilgreiningar og sýn starfsmanna og ráðgjafa á verkaskiptingu og ábyrgð aðila hafi skýrt til muna sl. mánuði en þó sé verkefninu ekki lokið þar sem skýrt skipulag með fullnægjandi skipuriti liggur ekki fyrir ...

Innra skipulag: Það er álitum að aðgreining starfa og verkaskipting starfsmanna OR sé ekki nægjanlega skýr ...

Stjórnun verkefna: Það er álitum að yfirsýn stjórnenda yfir verkefni, viðhorf og sýn þeirra á innra eftirlit og forysta í að leiða breytingar og hafa frumkvæði að þeim breytingum hafi verið ábótavant. Enn fremur er það álitum að samskipti einstakra aðila séu ekki nægjanlega markviss ...

Fram kom við skoðunina að töluverð áhætta (en jafnframt hagræði) er fylgin í því að ráðgjafar sinni bæði hönnun og eftirliti við byggingu nýrra virkjana.

Samtímaeftirlit stjórnenda: Það er álitum að stjórnendur sinni ekki samtímaeftirliti á nægjanlega formlegan og skipulegan hátt ...

Ábyrgð stjórnar og forstjóra OR: Við skoðunina kom fram að innra eftirlit við byggingu nýrra virkjana hjá OR hefur þróast með verkefnum sem að ráðist hefur verið í á því sviði sl. áratugi. Það er álitum að stjórn fyrirtækisins og æðstu stjórnendur hafi ekki með nægjanlega afgerandi hætti haft frumkvæði að því að skipuleggja og byggja upp innra eftirlit við byggingu virkjana hjá OR, fremur hafa þeir brugðist við aðstæðum á hverjum tíma. Rétt er að geta þess að nú er hafin vinna við að greina innra eftirlit og núverandi stjórnendur hafa ákveðið að fara yfir þá þætti sem mynda innra eftirlit á yfirgripsmikinn en jafnframt nákvæman hátt fyrir byggingu nýrra virkjana hjá OR.³¹⁴

12.3 Bitruvirkjun

Hellisheiðarvirkjun er ekki eina virkjunarframkvæmdin sem hafist hefur verið handa við, eða unnið hefur verið að, á vegum Orkuveitu Reykjavíkur á því tímabili sem úttektarnefndin hefur skoðað. Fyrirtækið hófst einnig handa við undirbúning Bitruvirkjunar og Hverahlíðarvirkjunar, auk þess sem haldið var áfram með stækkun Nesjavallavirkjunar. Í minnisblaði til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 26. nóvember 2006 segir þannig að hafist hafi verið handa við undirbúning virkjana við Hverahlíð og Bitru og að kapp væri lagt á að staðsetja mannvirki þannig að þau færi sem best í umhverfinu og að sýnileiki þeirra væri sem minnstur samfara heppilegu skipulagi. Þá hefðu þegar verið boraðar fjórar holur á þessum tveimur svæðum.

Eins og rakið var að framan leit Orkuveita Reykjavíkur til fyrirhugaðrar Bitruvirkjunar sem virkjunarkosts, en frá því var fallið eftir að Skipulags-

314 Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur: Endurskoðun. Bygging nýrra virkjana. Maí 2010.

„Framkvæmdir vegna jarðgufuvirkjunar Orkuveitu Reykjavíkur við Hverahlíð á Hellisheiði munu frestast vegna óvissu um fjármögnun, að sögn Guðlaugs Gylfa Sverrissonar, stjórnarformanns Orkuveitunnar. Evrópski fjárfestingarbankinn neitaði hinn 15. júlí sl. að ganga frá 170 milljónum lána til Orkuveitunnar vegna óvissuþátta í íslensku efnahagslífi, en áður hafði bankinn teit vilýrði fyrir láninu og ganga átti frá því sama dag.“ Morgunblaðið 18. júlí 2009 http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/07/18/hverahlidarvirkjun_frestast_vegna_ovissu_i_fjarmogn/ birt.

„Þetta er sáraeinfalt mál að því leyti að Hverahlíðarvirkjun er í biðstöðu hvað okkur varðar vegna fjölmarga óvissuþátta en breytist forsendur er lítið mál að endurskoða það,“ segir Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur. Við skoðun á fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur kemur í ljós að Hverahlíðarvirkjun, sem er ein meginforsenda þess að álver í Helguvík fái tilskilið magn rafmagns, er ekki á dagskrá. Guðlaugur þvertækur fyrir að eitthvað eigi að koma þarna á óvart. Fjölmargir óvissuþættir séu hvað álverid í Helguvík varði og meðan svo sé er ekkert annað í stöðunni fyrir Orkuveituna en biða átekt. „Það hangir margo á þessari spýtu. Norðurál þarf að tryggja sér fjármagn og niðurstaða þarf að nást um línulagninu og annað. Að því gefnu að ekkert er fast í hendi þá erum við ekki með þessa virkjun í forgangi enda leyfir efnahagsástandið ekkert brudl með peninga. Það er hins vegar afskaplega auðvelt að endurskoða þessa ákvörðun með litlum fyrirvara þegar og ef staðan breytist. Þá þurfa öll púslin að falla á réttan stað og meginatriðið kannski að Norðurál tryggi sína fjármögnun.“ <http://eyjan.pressan.is/frettir/2009/11/28/hverahlidarvirkjun-ekki-a-fjarhagsaetlun-or-i-bidstodu-segir-stjornarformadurinn/> frétt birt 28. nóvember 2009.

stofnun birti mat á umhverfisáhrifum allt að 135 MW Bitruvirkjunar, þar sem fram kom um Bitruvirkjun að bygging hennar væri ekki ásættanleg m.a. vegna verulegra neikvæðra og óafturkræfra áhrifa á landslag, útivist og ferðaþjónustu. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. maí 2008 var lögð fram og samþykkt tillaga um að hætta undirbúningi Bitruvirkjunar og að fresta öllum frekari framkvæmdum á svæðinu. Kom jafnframt fram í tillögunni, sem samþykkt var á fundinum, að ákvörðun um framhald verkefnisins yrði tekin að höfðu samráði við sveitarstjórnir eigenda Orkuveitu Reykjavíkur og Sveitarfélagsins Ölfuss, sem hefði skipulag svæðisins með höndum.

Fjárfesting í Bitru		
Ár	Raun verðlag	Verðlag 2010
2007	463.670.497	601.389.520
2008	139.181.227	155.141.014
2009	10.340.054	10.610.022
2010	6.460.968	6.460.968
	619.652.746	773.601.523

Í framangreindu yfirliti má sjá að heildarkostnaður Orkuveitu Reykjavíkur vegna Bitruvirkjunar nemur 774 millj.kr. á verðlagi ársins 2010

12.4 Hverahlíðarvirkjun

Til viðbótar má nefna að á fundi Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. maí 2008 var ákveðið að halda áfram með fyrirhuguð áform um að reisa 90 MW Hverahlíðarvirkjun, en frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum hafði verið gerð í ágúst 2007, þar sem fram kom að markmið með Hverahlíðarvirkjun væri að mæta aukinni eftirspurn atvinnuvega eftir raforku, en fyrirbyggjandi væru samningar við Norðurál og Alcan. Auk þess stæðu yfir viðræður við aðila sem langt væru komnir með undirbúning netþjónabús sem og væntanlegan rekstraraðila kísilmálmverksmiðju. Ljóst væri því að til að tryggja viðskiptavinum Orkuveitunnar fullnægjandi öryggi og til að anna vaxandi eftirspurn á næstu árum þá yrði fyrirtækið að auka framleiðslugetu sína á raforku. Væru frekari rannsóknir á jarðhitakerfinu við Hengilinn og bygging Hverahlíðar- og Bitruvirkjunar hluti af aðgerðum Orkuveitunnar í því skyni.

Þar sem aðgengi að lánsfé minnkaði haustið 2008 og vegna fjárhagslegrar stöðu Orkuveitu Reykjavíkur voru þau áform lögð til hliðar, en þá hafði verið stofnað til verulegs undirbúningskostnaðar vegna virkjunarinnar. Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur hefur síðar stöðugt verið leitað leiða til þess að kanna hvort hægt sé að fjármagna byggingu Hverahlíðarvirkjunar með öðrum hætti, enda er framkvæmdin afar kostnaðarsöm og hefur m.a. verið leitað til lífeyrissjóða um að koma að verkefninu eða hugsanlega með stofnun sérstaks félags utan um framkvæmdina. Þá hafa komið fram nýjar upplýsingar um að forsenda þess að farið verði út í virkjunina, sé m.a. sú að fundin verði lausn til að draga úr styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Hefur komið fram að slíkar lausnir kunni að vera nokkuð kostnaðarsamar.

Óljóst er því um framtíð virkjunarinnar, en eins og hér greinir á eftir, er kostnaður Orkuveitu Reykjavíkur vegna virkjunarinnar sem hér segir:

Fjárfesting í Hverahlið		
Ár	Raun verðlag	Á verðlagi 2010
2007	848.268.053	1.100.219.919
2008	1.768.564.823	1.971.364.571
2009	1.823.787.294	1.871.404.424
2010	470.444.456	470.444.456
	4.911.064.625	5.413.433.370

Eins og að framan er getið var virkjuninni m.a. ætlað að framleiða rafmagn til afhendingar samkvæmt samningi við Norðurál Helguvík, og óvíst er hvort Orkuveita Reykjavíkur kunní að bera kostnað af meintum vanefndum á afhendingu þess rafmagns. Um það stendur deila milli aðilanna, en Orkuveita Reykjavíkur hefur ekki talið að um vanefndir á samningnum sé að ræða enda hafi hvorugur aðila aflétt þeim fyrirvörum sem samningurinn hefur að geyma. Þá hefur komið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að viðræður aðila, sem standi yfir vegna málsins, séu án skuldbindingar þar sem það er skýr afstaða Orkuveitunnar að samningurinn sé í reynd fallinn niður.³¹⁵ Um þetta atriði er fjallað í yfirstandandi viðræðum aðila.

12.5 Nesjavallavirkjun

Til viðbótar ber að geta þess að fjárfest var í stækkun Nesjavallavirkjunar á upphafsárum Orkuveitu Reykjavíkur, en samþykkt var á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 2. júlí 2002 að hefjast handa við umhverfismat og verkhönnun á stækkun Nesjavallavirkjunar í 120 MW raforkuframleiðslu, að tillögu stýrihóps um virkjanir en virkjunin framleiðir bæði heitt vatn og rafmagn, líkt og Hellisheiðarvirkjun. Stækkun Nesjavallavirkjunar var rædd á fundi stjórnar þann 26. nóvember 2002, og enn aftur á fundi stjórnar þann 10. desember 2002. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur var samþykkt að flýta eftir föngum framkvæmdum við 4. vél Nesjavallavirkjunar og fyrsta áfanga Hellisheiðarvirkjunar. Sá kostnaður sem Orkuveita Reykjavíkur hefur haft vegna Nesjavallavirkjunar á úttektartímabilinu, er sem hér segir:

Fjárfesting í Nesjavöllum		
Ár	Raun verðlag	Á verðlagi 2010
2002	474.087.277	773.912.014
2003	1.031.116.630	1.638.578.819
2004	516.204.287	789.425.384
2005	1.573.935.726	2.311.263.592
2006	69.929.450	96.015.079
2007	164.951.016	213.944.629
2008	700.482.015	780.805.662
2009	81.454.091	83.580.769
2010	22.029.547	22.029.547
	4.634.190.039	6.709.555.494

315 Athugasemdir lögmans Orkuveitu Reykjavíkur til úttektarnefndinar dags. 22. júlí 2012.

12.6 Tryggingar virkjana

Á árinu 2007 var á vegum stjórnar hugað að tryggingamálum virkjana. Með erindi til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 21. desember 2007 var óskað heimildar stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur til að ganga til samninga við tryggingamiðlara um kaup á þjónustu vegna undirbúnings og framkvæmdar á útboði trygginga. Fram kom að:

„Undanfarið ár hefur verið unnið að undirbúningi trygginga hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið kaupir tryggingar sínar af VÍS á grundvelli samnings í kjölfar útboðs hjá Reykjavíkurborg sem OR er aðili að. Þessir samningar renna út í lok næsta árs. Frá því að samið var um þessar tryggingar hafa orðið miklar breytingar hjá OR sem kalla meðal annars á nýja áhættugreiningu eigna og reksturs. Má í því sambandi nefna byggingu orkuvera og gerð stórra langtímasamninga um raforkusölu með skuldbindingarákvæðum um afhendingu rafmagns. Í ljósi þessa hefur verið unnin áhættugreining á virkjununum á Nesjavöllum og Hellisheiði sem lögð verður til grundvallar tryggingaútboðsins ... Áformað er að bjóða út fyrsta áfanga trygginganna í mars/apríl 2008. Fyrsti áfangi nær til trygginga á virkjunum félagsins auk rekstrarstöðvunartryggingar vegna þeirra.“³¹⁶

Meirihluti stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum í dag að ganga til könnunarviðræðna við Landsamband lífeyrisjóða um fjármögnun og/eða eignarhald á Hverahlíðarvirkjun. Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi, segir að tillaga fulltrúa Vinstri grænna í stjórninni um að málinu yrði frestað og það tekið til umfjöllunar af hálfu eigenda var felld og málið samþykkt með mótatkvæði hans. Sóley gagnrýnir þessa ákvörðun harðlega í pistli á heimasíðu sinni, og segir að þótt þegar hafi verið lagðir u.þ.b. 4 milljarðar króna í undirbúning Hverahlíðarvirkjunar sé ljóst að hátt á þriðja tug milljarða þurfi til að hún verði að veruleika. Orkuveita Reykjavíkur hafi enga burði til að bæta slíkum upphæðum í lánasafni sitt og ekki verði séð að ríkir almannahagsmunir krefjist þess. Þvert á móti sé nauðsynlegt að fyrirtækið sýni aukna ábyrgð í meðferð fjármuna nú þegar borgarþúar hafi hlaupið undir bagga til að koma því aftur á réttan kjöl eftir gassagang og áhættusækni undanfarinna ára. Morgunblaðið 15. apríl 2011, http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/04/15/or_raedir_vid_lifeyris-sjodi_um_hverahlidarvirkjun/

Á fundi stjórnar þann 15. ágúst 2008 var lagt fram og samþykkt erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 12. ágúst 2008 um tryggingar virkjana þar sem óskað var heimildar stjórnar til samninga um kaup á eignatryggingum fyrir Nesjavallavirkjun, Hellisheiðarvirkjun og aðveitustöðina við Korpu í samræmi við þá skilmála sem um gat í erindinu fyrir iðgjald að fjárhæð um það bil 140 millj.kr. Fram kom í erindinu að fram til þess hefði Orkuveita Reykjavíkur verið með viðlagatryggingu (skyldutryggingu) vegna mannvirkja, þar sem greitt væri 0,2% iðgjald miðað við váttryggingaverðmæti, og eigin áhætta í hverju tjóni væri 5%. Hámarksbótaábyrgð Viðlagasjóðs væri að auki takmörkuð og næmi hámarksbótafjárhæð 60 millj kr. Verðmæti virkjana Orkuveitu Reykjavíkur að Hellisheiði og Nesjavöllum næmi um 64 milljörðum og væru þær tryggðar að takmörkuðu leyti.

Þá hefði Orkuveitan ekki verið með rekstrarstöðvunartryggingu, sem myndi bæta það tjón sem viðskiptavinur fyrirtækisins yrði fyrir ef það gæti ekki staðið við skuldbindingar um afhendingu rafmagns. Með tilkomu stórra raforkusölusamninga til stóriðju „Take & Pay“ samninga þar sem Orkuveita Reykjavíkur skuldbatt sig til að afhenda ákveðið magn af raforku og kaupandinn skuldbatt sig til að kaupa ákveðið magn af raforku hefði orðið til nýr áhættuþáttur í rekstri fyrirtækisins. Að auki var framkvæmdastjóra fjármála veitt heimild til að undirbúa frekari samning um rekstrarstöðvunartryggingu, sem lagður yrði fyrir stjórn. Á fundi stjórnar þann 21. nóvember 2008 var lagt fram og samþykkt erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 18. nóvember 2008 þar sem óskað var heimildar stjórnar að ganga til samninga við VÍS um kaup á tryggingum í samræmi við niðurstöðu tilboðs VÍS frá 12. nóvember 2008.

316 Erindi til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21. desember 2007.

12.7 Verðbætur á verksamninga

Á haustmánuðum ársins 2008 fóru að berast kröfur frá verktökum að verðbæta þá verksamninga sem ekki höfðu að geyma verðbótaákvæði. Á fundi stjórnar þann 19. september 2008 var lagt fram erindi verktakafyrirtækisins Ístaks frá 5. september 2008 um breytingar á verðlagi vegna gengisbreytinga. Á fund stjórnar kom framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu og greindi frá viðræðum við verktaka og viðbrögðum annarra verkkaupa við erindum sama efnis og var ákveðið að halda áfram viðræðum við verktaka og fara yfir viðbrögð eigenda Orkuveitu Reykjavíkur við samskonar erindum. Á fundi stjórnar þann 29. desember 2008 var lögð fram til kynningar tillaga og greinargerð forstjóra dags. 23. desember 2008 um óverðtryggðra verksamninga, þar sem m.a. kom fram að raunveruleg hætta væri á að verktakar segðu sig frá verkum, sem kynni að kosta tafir. Var lagt til að ekki yrðu verðbættir verksamningar til styttri tíma en þriggja mánaða, en að áætlaður heildarkostnaður vegna verðbóta yrði 380 millj.kr. vegna Helligheidarvirkjunar og 120 millj.kr. vegna annarra verkefna, eða samtals 500 millj.kr. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 23. janúar 2009 var lögð fram til kynningar tillaga forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21. janúar 2009 um verðbætur óverðtryggðra verksamninga ásamt greinargerð.

Þann 20. febrúar 2009 var lagt fram á fundi stjórnar erindi, dags. 18. febrúar 2009 um verðbætur óverðtryggðra verksamninga ásamt minnisblaði LEX lögmannsstofu dags. 2. febrúar 2009 um skuldbindingargildi óverðtryggðra verksamninga í ljósi þróunar verðlags og óstöðugs gengis íslensku krónunnar, þar sem sjónarmið með og á móti breytingu samninga vegna gengis- og verðlagsbreytinga voru reifuð. Ekki þótti loku fyrir það skotið að til greina gæti komið að dómstólar myndu telja að um forsendubrest væri að ræða og ósanngjarnt væri að verktakar bæru einir það tjón sem rakið yrði til ófyrirsjáanlegra verðhækkana. Tillaga í málinu dags. 21. janúar 2009 var einnig lögð fram á ný til kynningar. Á fund stjórnar kom einnig Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri mannvirkjaskrifstofu framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar, og gerði grein fyrir samkomulagi Reykjavíkurborgar og Samtaka iðnaðarins dags. 23. desember 2008 og samkomulagi sömu aðila um útreikning verðbóta dags. 20. janúar 2009.

Eftirfarandi tillaga forstjóra um verðbætur óverðtryggðra verksamninga, var lögð fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 27. febrúar 2009, og var hún samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur (atkvæði formanns vó tvöfalt við atkvæðagreiðsluna):

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að verðbæta greiðslur til verktaka fyrir verkframvindu frá 1. mars 2008 skv. óverðtryggðum verksamningum til lengri tíma en þriggja mánaða, sbr. samkomulag Reykjavíkurborgar og Samtaka iðnaðarins. Greiðslur fyrir verkframvindu sem unnin var fyrir 1. mars 2008 verðbætist ekki. Óverðtryggðir verksamningar til lengri tíma en þriggja mánaða, sem gerðir voru á grundvelli tilboða sem opnuð voru fyrir 1. mars 2008, verðbætast miðað við mismun á byggingavistölu febrúarmánaðar 2008 (381,0) og gildandi vísitölu þegar verkþátturinn var framkvæmdur, að frádregnum 0,33% á mánuði frá 1. mars 2008. Óverðtryggðir verksamningar til lengri tíma en þriggja mánaða, sem gerðir voru á grundvelli tilboða sem opnuð voru eftir 1. mars 2008, verðbætast miðað við mismun á grunnvísitölu opnunarmánaðar og gildandi vísitölu þegar verkþátturinn var framkvæmdur, með frádregnum skv. neðangreindri töflu.“³¹⁷

Guðlaugur G. Sverrisson: „Það er þannig að eigandinn tekur þessa ákvörðun hjá sér, að verðbæta verksamninga, þ.e. Reykjavíkurborg. Og ákveður það að Orkuveitan fylgdi bara sama prógrammi. Á einum stjórnarfundinum kemur maður frá framkvæmdasviðinu og útskýrir hvernig þeir hefðu verðbætt samninga. Þetta er á þeim tíma þegar menn segja að það sé bara „force majeure“, það séu svo miklar hækkanir á öllum aðföngum og allt eftir hrúnið, að samningar sem voru gerðir, standast ekki. Og þeir hótuðu að segja upp og annað slíkt. Ég ætla ekkert að standa og falla með þeirri aðgerð, en hún var farin, vegna þess að menn töldu það að með því þá mundum við jú vera góður verkkaupi og menn vildu eiga við okkur viðskipti, svona hlutir koma inn í, og þá eru allir búnir að hóta að segja upp og annað slíkt.“

Miðað var við eftirfarandi töflu:³¹⁸

Tilboð opnuð fyrir	1.mar	1.apr	1.maí	1.jún	1.júl	1.ágú	1.sep	1.okt
Mánaðarlegt frádrag	0,33%	0,42%	0,50%	0,67%	0,75%	0,75%	0,83%	1,00%
Frádrag á ársgrundvelli	4,00%	5,00%	6,00%	8,00%	9,00%	9,00%	10,00%	12,00%

Stjórnarmennirnir Dagur B. Eggertsson, Gunnar Sigurðsson og Dofri Hermannsson greiddu atkvæði á móti og óskaðu eftir að bókað yrði:

„Hér er fylgt fordæmi meirihlutans í Reykjavík og gengið lengra í að taka á sig áhættu vegna verksamninga en lagaleg rök og sanngírni standa til. Þetta er miður og getum við því ekki stutt tillöguna.“³¹⁹

Á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 3. júlí 2009 varð umræða um framangreinda verðtryggingu í tengslum við umræðu um verksamning milli Orkuveitu Reykjavíkur og Suðurverks um lok á lagningu Helliðaræðar og Engidalsæðar, undirritaður 30. júní 2009. Af því tilefni óskuðu stjórnarmennirnir Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorleifur Gunnlaugsson eftir því að bóka:

„Fyrir á árinu samþykktu meirihlutafultrúar Reykvíkinga verðbætur til verktaka umfram samninga í andstöðu við minnihlutafultrúa Reykvíkinga og fulltrúa Akraness. Verðbæturnar námu um 800 milljónum sem hvergi var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlunum OR. Réttlætning meirihlutans fyrir gjörningnum var ekki hvað síst að hætta væri á að verktakar myndu rifta samningum og að ný tilboð yrðu hærri og það að skipta um verktaka væri mjög kostnaðarsamt. Sú niðurstaða sem hér liggur fyrir, þar sem fyrirtæki er fengið inn í mitt verk virðist vera mjög hagfellt fyrir OR svo nemur tugum milljóna. Í þessu ljósi og í ljósi annarra tilboða í verk svo sem stöðvarhúsi við Helliðarvirkjun fæst ekki séð að rök meirihlutans haldi.“³²⁰

Guðlaugur G. Sverrisson og Kjartan Magnússon óskuðu eftir að bóka:

„Ekki er enn fullljóst hver endanlegur kostnaður OR verður við skipta um verktaka í umræddu verki, en ljóst er að hann verður umtalsverður. Gerð verður krafa að sá verktaki sem sagði sig frá verkinu beri þann kostnað sem af því hlýst. Staða margra verktaka-fyrirtækja hefur versnað mjög á undanförunum mánuðum og skýrir m.a. lækkun á verðtilboðum í greininni, enda verktakar reiðubúnir að leggja ýmislegt á sig til að ná verkefnum.“³²¹

Af því tilefni óskuðu stjórnarmennirnir Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorleifur Gunnlaugsson eftir að bóka:

„Það er rétt að staða verktaka hefur versnað sem leitt hefur til lægri tilboða. Það var fyrirséð í lok febrúar þegar verðbætur umfram samninga voru samþykktar, eins og fulltrúar minnihlutans bentu þá þegar á og betur hefði verið hlustað á.“³²²

318 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. febrúar 2009.

319 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. febrúar 2009.

320 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. júlí 2009.

321 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. júlí 2009.

322 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. júlí 2009.

Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda frá ágúst 2010 kemur fram að heildarútgjöld vegna verðbóta á verksamninga hafi verið 850 milljónir króna.³²³

12.8 Almennt um arðsemi virkjana

Eftir því sem líða tók á framkvæmdatíma virkjunarinnar að Hellisheiði fóru stjórnarmenn að kalla eftir skýrslum um arðsemi virkjunarinnar. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 20. júní 2008 var lagt fram minnisblað forstjóra og framkvæmdastjóra framleiðslu og sölu um stöðu virkjanamála og raforkuframleiðslu á Hengilsvæðinu dagsett 11. júní 2008, þar sem gerð var grein fyrir almennum atriðum um orkuframleiðslu fyrirtækisins. Þar kom fram að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefði samþykkt að halda áfram undirbúningi virkjunar í Hverahlíð í samræmi við álit Skip-lagsstofnunar og í samkomulagi við Sveitarfélagið Ölfuss og að í áætlunum Orkuveitu Reykjavíkur væri ráð fyrir því gert að Hverahlíðarvirkjun framleiddi 90 MW sem tekin yrði í notkun 2011. Hins vegar hefði stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ákveðið að hætta undirbúningi Bitruvirkjunar og að fresta öllum frekari framkvæmdum á svæðinu. Í áætlunum Orkuveitu Reykjavíkur hefði verið gert ráð fyrir því að Bitruvirkjun framleiddi 90 MW í fyrri áfanga árið 2012 og stækkaði síðar í 135 MW. Þá hefði stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkt að kaupa fimm vélasamstæður, 45 MW hver, eða samtals 225 MW. Fjórar vélanna færu til framleiðslu í Hverahlíð og til stækkunar á Hellisheiðarvirkjun. Fimmstu vélinni væri óráðstafað, en nokkrir staðir væru til skoðunar, þ.e. Hellisheiðarvirkjun, Gráuhnjúkar og Nesjavellir, og gæti fimmta vélin hafið framleiðslu árin 2011 eða 2012.

Í minnisblaðinu kom ennfremur fram að af þeim 225 MW sem áætlanir Orkuveitu Reykjavíkur gerðu ráð fyrir hafi rafmagn verið ráðstafað með samningum og öðrum hætti með þeim hætti að eigin notkun virkjana væri 15 MW, Norðurál Helguvík 100 MW, Norðurál Grundartanga 35 MW, eða samtals 150 MW. Þá væri verið að kanna möguleika á því að auka framleiðslugetu Hellisheiðarvirkjunar með háþrýstihverflum, en fyrstu athuganir hefðu bent til þess að ná mætti allt að 100 MW framleiðsluaukningu með slíkum búnaði. Auk þess hefði reynslan sýnt að framleiðslugeta vélasamstæða væri meiri en upp er gefið. Gera mætti því ráð fyrir að hver vélasamstæða gæfi um 2 MW til viðbótar, og gengi þetta eftir væri um 10 MW viðbót að ræða. Um væntanlega raforkukaupendur var eftirfarandi tekið fram:

„Í viðræðum við sveitarstjóra Sveitarfélagsins Ölfus hefur verið rætt um að Orkuveita Reykjavíkur stuðli að uppbyggingu orkufrekrar starfsemi í Ölfusi og að þeirri orkugetu sem er umfram núverandi samninga verði beint þangað. Samkvæmt því sem rakið hefur verið er það nú um 95MW. Í viðræðum Orkuveitu Reykjavíkur og REC-Silicon um raforkusamning vegna kísilhreinsunar í Ölfusi hefur verið undirrituð viljayfirlýsing um að Orkuveita Reykjavíkur afhendi 90-100 MW af raforku til fyrsta áfanga verksmiðjunnar árið 2011. Taki REC-Silicon ákvörðun um að velja Ölfus til byggingar á nýrri kísilhreinsun, getur Orkuveita Reykjavíkur afhent orku til verksmiðjunnar í samræmi við ádurnefnda viljayfirlýsingu. Í samningi við Norðurál Helguvík frá 7. júní 2007 eru viljayfirlýsingar um orku til 2. og 3. áfanga álversins. Um annan áfanga

Guðlaugur G. Sverrisson: „Nesjavallarvirkjun hafði verið með um 10%, þannig að þetta var ekkert fjarríki því, og hún var að klára að borga sig upp. Þannig að þetta er það sem ég gat miðað við.“

Guðlaugur G. Sverrisson: „Við fengum í arf Sleggjuna, eða Hellisheiði 5 sem kölluð er. Og við þá ákvörðun er búið að selja meira og minna rafmagnnið. Nema þar kom í ljós að ef ég notaðist við innri vexti á framkvæmdinni, sem var eitthvað sem hjálpaði mér, því að auðvitað er þetta álverð og afleiður og annað slíkt og þar voru, innri vextirnir einhver núm 9%, það sagði mér að á 14 – 15 árum mundi þetta borga sig upp, sem var eðlilegt, en við erum með lán til 20 ára á móti. En að öðru leyti er arðsemi, s.s. það var ekki neitt sem er þá fast í hendi við hvað þú miðar. Hinsvegar var til arðsemismódel sem var notað, að sjálfsgöðu og það er til ákveðin leið til að reikna út verðið til okkar, með álfæti og öllu slíku, þannig að ég gat alveg slegið það inn, en það er það sem að Vinstri græmir vilja aldrei sjá, það er þetta hvornig við fáum út per kílóvattstund/verð, miðað við álfót og miða við allt það. Hinsvegar er það að þegar maður fær út innri vexti af framkvæmdinni, þá með öllu sem henni fylgir, þá er það mitt mat, að nota innri vexti, ég tel það svona vænlegra. Og þetta er á vefnum. Ef einhver vill semja við okkur, þá sér hann bara hvað við viljum fá. Og þetta veit Norðurál. Og þetta varð til þess að Norðurál gat ekki skrifað undir samninga sem áttu að tryggja áframhaldandi vinnslu við að klára Hellisheiði fimm og sex, og nýta túrbínurnar þar. Og í framhaldinu er þetta komið inn sem krafa. Og þá náttúrliga þarf forstjóri félagsins að fara að sinna henni og þ.a.l. hækkar greiðslukrafan fyrir hverja selda kílóvattstund á Norðurál, það er bara eðlilegt, við vildum bara fá meira út úr þessu. Þannig að við erum búin að segja eigandanum og íbúunum hvað við ætlum að fá út úr stóriðju, við ætlum að fá meira út úr henni heldur en þegar við seljum þér orkuna, það stendur þarna alveg skýrt.“

323 Greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 44. Sjá til hliðsjónar dóm Hæstaréttar nr. 542/2010 frá 11. júní 2011 þar sem fallist var á hluta af kröfu verktaka um bygginu sundlaugar og íþróttahúss um hækkun verklauna umfram það sem samið var um í verksamningi vegna ófyrirséðra hækkana.

segir í samningnum: OR skal hafa „first right“ til samninga um orku til 2. áfanga með skilyrðum í samræmi við samninginn. Um þriðja áfanga segir í samningnum: OR mun ganga til samninga í góðri trú „good faith“ til að afhenda orku til 3. áfanga. Um er að ræða 75 MW í hvorn áfanga um sig. Allar viljayfirlýsingarnar gera ráð fyrir því að aðilar gangi til samninga á grundvelli þeirra með öllum þeim fyrirvörum sem um getur.³²⁴

Á sama fundi lögðu Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir fram fyrirspurnir um arðsemi Nesjavallavirkjunar, arðsemi Hellsheiðarvirkjunar og dótturfélaga um virkjanir ásamt greinargerð. Skriflegt svar Önnu Skúladóttur framkvæmdastjóra fjármála, ásamt glærुकynningu, var svo lagt fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 19. september 2008 og var samþykkt á fundinum að gera ítarlegri grein fyrir svarinu á næsta fundi. Í svarinu kom fram að arðsemisgreiningin beindist fyrst og fremst að raforku-sölusamningum til stjóridju, en einnig hafi verið gerð arðsemisgreining á virkjuninni með 300 MW raforkuframleiðslu og 133 MW varmaorku. Fyrsti áfangi heita vatns framleiðslunnar hafi verið mjög óarðbær einn og sér þar sem hann bæri umtalsverðan kostnað sem nýttist í síðari áföngum. Fram kom að:

„Stofnfrankvæmdir bæði á Nesjavöllum og Hellsheiði hafa verið fjármagnaðar af fjárfestingarbönkum EIB (European Investment Bank), NIB (Norræni fjárfestingabankinn) og CEB (Council of Europe Development Bank). Allir þessir bankar hafa list yfir áhuga á að koma að frekari fjárfestingaverkefnum hjá OR á sviði jarðgufuvirkjana. Vaxtakjör þessara banka eru afar hagstæð. Fleiri bankar hafa einnig lýst áhuga á að fjármagna svona verkefni hjá OR. Framleiðsla á svokallaðri grænni orku hefur fengið mikla athygli um allan heim og nýtur OR góðs af þeirri umræðu þegar kemur að verðlagningu fjármögnunar. OR greiðir eigendum 0,25% af höfuðstól lána í ábyrgðargjald. Ofangreindir fjárfestingabankar myndu fjármagna þessi verkefni þó ábyrgð eigenda væri ekki fyrir hendi. Samkvæmt upplýsingum frá EIB myndi verðlagning þeirra hækka um ca. 0,25% ef ábyrgð eigenda félli niður. Í arðsemisútreikningum sem lagðir voru fram við undirbúning Hellsheiðarvirkjunar var gert ráð fyrir 35% eiginfjárlutfalli. Eiginfjárlutfall virkjunar sem komin er í rekstur eins og Nesjavallavirkjun getur verið 25% en þetta hlutfall þarf að vera mun hærra ef félag er stofnað við upphaf byggingartíma eða 35-40% og enn hærra ef félag er stofnað á rannsóknarstigi mögulegs virkjunarsvæðis. Þetta á við um stofnun félaga um byggingu og rekstur með takmarkaða ábyrgð eigenda. Ábyrgð eigenda vegna þeirra fjárfestingalána sem tekin voru vegna þessara mannvirkja munu fylgja lánunum út líftíma þeirra þrátt fyrir breytt rekstrarform. Í lánasamningunum eru ákvæði um að gera þurfi lánveitanda grein fyrir og/eða leita samþykkis hans ef eignir félagsins eru rýrðar verulega. Jafnframt er dýrara og flóknara að halda utan um margar lánakörfur hjá dótturfélögum þannig að tryggt sé að hvert félag njóti ávallt hagkvæmustu vaxtakjara innan skilgreindrar áhættu. Það er því besti kosturinn að lánin verði staðsett hjá móðurfélaginu móðurfélaginu en gerðir sérstakir lánasamningar milli dótturfélags og móðurfélags ...“³²⁵

324 Minnisblað um stöðu virkjanamála og raforkuframleiðslu á Hengilsvæðinu til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur merkt HKK/JSF, dags. 11. júní 2008.

325 Minnisblað framkvæmdastjóra fjármála til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 19. september 2008.

Í svari fjármálastjóra kom fram að ekki hefði fundist arðsemisútreikningar fyrir varmavirkjunina á Nesjavöllum, en hins vegar hefði fundist forathugun á raforkuframleiðslu í 200 MW varmaorkuveri frá VGK árið 1995 þar sem gert hafði verið ráð fyrir ávöxtunarkröfu 7%. Fram kom jafnframt að upphaflegir útreikningar um arðsemi Hellisheiðarvirkjunar frá 2004 hefðu verið frá ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... afkastavexti.

Dá kom fram að arðsemisútreikningar vegna Hellisheiðarvirkjunar í september 2008, miðað við ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... arðsemi.

Kynning á minnisblaði framkvæmdastjóra fjármála fór fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur sem fram fór þann 29. desember 2008. Þar flutti framkvæmdastjóri fjármála kynningu um efnið og lagði auk þess fram minnisblað Elínar Smáradóttur hdl. varðandi fyrirkomulag reksturs m.t.t. samkeppnislaga dags. 19. september 2008 ásamt yfirlitstöflum yfir kostnaðarverð raforku fyrir almenna notkun á höfuðborgarsvæðinu og tilvika-greiningu raforkuverð til álvers. Í svari Elínar Smáradóttur hdl. kom fram að:

„Virkanir Orkuveitu Reykjavíkur eru reknar innan félagsins, en skv. raforkulögum nr. 65/2003 er gerð krafa um bókhaldslegan aðskilnað milli samkeppnisrekstrar, þ.e. framleiðslu og sölu og sérleyfisrekstrarsérleyfisrekstrar, þ.e. dreifingar (og hitaveitu). Orkuveita Reykjavíkur uppfyllir kröfur raforkulaga um bókhaldslegan aðskilnað milli þessara þátta. Samkvæmt 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrir-tækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila ... Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur haft til skoðunar mál sem varðar ábyrgðir ríkis og sveitarfélaga á lánnum orkufyrirtækja ... Í samræmi við ákvæði laga nr. 139/2001 um Orkuveitu Reykjavíkur hefur fyrirtækið notið ábyrgðar eigenda þess á lánnum, sem tekin hafa verið til að fjármagna framkvæmdir, þ. á m. virkjanaframkvæmdir, sem teljast til samkeppnisrekstrar, og þar með notið góðra lánskjara. Tekið skal fram að fyrir ábyrgðirnar hefur verið greitt ábyrgðargjald í samræmi við ákvæði laga nr. 121/1997 um ríkis-ábyrgðir ... Í lögum nr. 58/2008 um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði er gerð krafa um fyrirtækjaaðskilnað og stjórnunarlegt sjálfstæði orkufyrirtækja, þannig að samkeppnisrekstur verði í einu félagi en sérleyfisrekstur í öðru. Lög nr. 58/2008 koma til framkvæmda 1. júlí 2009 og er þá gert ráð fyrir að lokið verði við uppskiptingu orkufyrirtækja. Ekki er gerð krafa um tiltekið félagsform umfram önnur ... Vera kann að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) geri athugasemdir við opinberar ábyrgðir á fjármögnun framkvæmda Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem slíkt brjóti gegn samkeppnisákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, þrátt fyrir greiðslu ábyrgðargjalds. Bregðast mætti við slíkri niðurstöðu með endurskoðun ábyrgðargjalds sem gerði fyrirtækið eins sett og aðra, sem keppa við fyrirtækið á samkeppnismarkaði með raforku ... Þegar uppskipting Orkuveitu Reykjavíkur í fyrirtæki sem annast sérleyfishlutann annars vegar og samkeppnishluta (framleiðslu og sölu) hins vegar verður lokið, verður að telja að uppfyllt hafi verið skilyrði samkeppnislaga ... ekki verður talið að til

Helgi Hjörvar: „Ef að opinberir aðilar eiga á annað borð að vera að fjárfesta í raforkuframleiðslu fyrir stóriðju, sem að mér hefur aldrei fundist neitt svona sérstaklega góð hugmynd, þá á að gera það í sérstökum félögum.“

*Þess þurfi að stofna sérstök félög um hverja virkjun. Rekstur virkjana getur allt eins verið í einu félagi ...*³²⁶

Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda frá ágúst 2010 kemur svo fram að:

*„Rekstur Hellisheiðarvirkjunar hófst síðla árs 2006 þegar tvær vélasamstæður voru teknar í gagnid. Frá þeim tíma hafa þrjár vélasamstæður verið gangsettar og eins og áður hefur verið gerð grein fyrir, bætist varmastöð við í vetur og síðan tvær vélasamstæður árið 2011. Skoðun á þróun tekna og gjalda Hellisheiðarvirkjunar segir því ekki mikið enn sem komið er, því viðbætur eru stöðugar og sam-
anburður marklaus og að auki er í upphafi reksturs virkjana verið að glíma við alls kyns barnasjúkdóma ef svo má kalla. Samanburður við Nesjavallavirkjun er einnig flókinn þar sem rekstur varmastöðvar á Hellisheiði er ekki hafinn, en hluti rekstrarkostnaðar Hellisheiðarvirkjunar mun deilast á varmastöðina þegar hún verður gangsett með tilsvarendi bata fyrir raforkuframleiðsluna.“*³²⁷

Svo sem rakið var hér að framan voru upplýsingar um arðsemi sem kynntar voru stjórn, að meginstefnu til byggðar á uppfærslu á upphaflegum forsendum arðsemisútreikninga framangreindra virkjana. Í viðtölum úttektarnefndarinnar hefur komið fram að almennt hafi arðsemi virkjana ekki verið metin eftir á. Af hálfu úttektarnefndarinnar hefur verið kallað eftir upplýsingum um arðsemi Hellisheiðarvirkjunar og hvernig hún hafi verið reiknuð út og fylgt eftir.

Í svörum til úttektarnefndarinnar kom fram að arðsemi Hellisheiðarvirkjunar hafi verið metin, bæði áður en að framkvæmdir hófust og síðan á líf-tíma virkjunarinnar í tengslum við uppgjör fyrirtækisins, en úttektarnefndin hefur ekki fengið slíka uppfærða arðsemisútreikninga og er það í reynd í andstöðu við þær upplýsingar sem nefndin fékk í viðtölum. Í svörum til úttektarnefndarinnar var þó tekið fram að hins vegar væru fáir orðnir eftir til frásagnar um arðsemislíkön sem lögð voru til grundvallar ákvörðun um byggingu Hellisheiðarvirkjunar og stækkunar hennar. Þó kynnu gögn um hagkvæmni virkjunarinnar að hafa verið send lánveitendum, auk þess sem gögn voru send ESA eftirlitsstofnun með samningi um Evrópska efnahags-svæðið um fyrstu áfanga Hellisheiðarvirkjunar og virkjanir á Hengilsvæðinu og fékk úttektarnefndin afrit þeirra.

Kom fram að í flestum arðsemisútreikningum hafi verið einblínt á raforkuframleiðslu, en varmaframleiðsla í virkjuninni fyrir hitaveituna skipti þó ekki minna máli og eftir því sem næst yrði komist lágu ekki arðsemisútreikningar fyrir þegar ákvörðun um byggingu varmastöðvar var tekin. Mið hafi verið tekið af þörfum markaðarins fyrir heitt vatn, en framkvæmdir við virkjunina hafi m.a. hafist á grundvelli þess að fyrirsjáanlegur var skortur á varma til hitaveitunnar. Þegar virkjunin var á teikniborðinu var gert ráð fyrir því að varmastöðin yrði tekin í notkun árið 2007, því var hins vegar hægt að fresta vegna ýmissa ástæðna til ársins 2010.³²⁸ Þá hefur verið upplýst, m.a. í bréfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 23. ágúst 2004 að arðsemisútreikningar vegna orkusölu til stóriðju, sem giltu í 20 ár og gerðir hafi verið á þeim tíma, hafi ekki gert ráð fyrir greiðslu tekju- og eignar-

326 Minnisblað Elínar Smáradóttur hdl., dags. 19. september 2008.

327 Greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 27.

328 Jakob S. Friðrikssonar: Tölvupóstur, dags. 14. febrúar 2012.

skatta. Til viðbótar er vísað til umfjöllunar í kafla um áhættustýringu, en við mat á arðsemi virkjunarinnar var miðað við fjármögnun framkvæmda við þau vaxtakjör sem buðust á markaði við öflun lánsfjárins, þ.m.t. lágra vaxta erlendra lána.

12.9 Ályktanir og niðurstöður

Heildarkostnaður Orkuveitu Reykjavíkur við byggingu virkjana á árunum 2002 til 2010 er 102.965 millj.kr. Orkuveita Reykjavíkur hefur markað sér sérstöðu í framleiðslu og nýtingu jarðvarma, með umfangsmiklum virkjunum á Nesjavöllum og á Hellisheiði. Hér að framan hefur verið fjallað um byggingu Hellisheiðarvirkjunar, en virkjunin er afar dýr og fjármagnsfrek framkvæmd og var nær eingöngu fjármögnuð með erlendu fjármagni, á þeim tíma þegar fyrirtækið hafði greiðan aðgang að erlendu fjármagni. Eftir hrun íslenska efnahagskerfisins þar sem allir lánamarkaðir lokuðust hafði Orkuveitan tekist á hendur miklar skuldbindingar til kaupa á véla-samstæðum sem erfitt reyndist að fjármagna og hafði það án efa mikil áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækisins, en um það hefur verið fjallað í fyrri köflum.

Uppbygging virkjunar Orkuveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum hafa viðmælendur úttektarnefndarinnar nefnt sem gott dæmi um vel heppnaða byggingu jarðvarmavirkjunar. Framkvæmdir við Nesjavallavirkjun hófust snemma árs 1987. Þá lágu fyrir rannsóknarniðurstöður umfangsmikilla rannsókna, sem m.a. byggðu á niðurstöðum borana 18 borhola á árunum 1965–1986. Má segja að þeim framkvæmdum hafi í reynd lokið á árinu 2003, þegar lokið var við stækkun Nesjavallavirkjunar. Til samanburðar var tekin ákvörðun um að reisa Hellisheiðarvirkjun á árinu 2001, en rannsóknarleyfi var gefið út á því ári. Framkvæmdir hófust árið 2002 og lauk árið 2011, þegar fimmti og síðasti áfangi virkjunarinnar var tekinn í notkun. Hins vegar hafa nú þegar komið upp athugasemdir um að arðsemmat virkjunarinnar hafi ekki verið nægilega ítarlegt og að í því hafi ekki nægilega verið tekið tillit til ýmissa forsendna, svo sem ef gengi íslensku krónunnar myndi veikjast og jafnframt hvernig meta ætti þær forsendur inn í raforkusölusamninga til stóriðju.

Í viðtölum úttektarnefndarinnar hefur verið bent á að afar hratt hafi verið farið í byggingu Hellisheiðarvirkjunar og erfitt hafi verið að áætla kostnað vegna hennar, vegna margra óvissuþátta og því hafi kostnaður reynst hærri en lagt var upp með. Má sem dæmi nefna að upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að hún myndi kosta 20 milljarða kr. Hafa nokkrir viðmælenda vakið athygli á því að ekki hafi verið lagt út í nægar rannsóknir á svæðinu. Til að mynda hafi verið stórlega vanmetinn kostnaður af umhverfisþáttum, svo sem vegna losunar brennisteinvetnis í andrúmsloft. Þá hafa viðmælendur úttektarnefndarinnar bent á að ekki hafi verið fullrannsakað þol svæðisins og það hversu lengi virkjunin muni geta framleitt orku. Um það álitæfni getur úttektarnefndin ekki fjallað frekar, enda býr hún ekki yfir nauðsynlegri sérþekkingu á því sviði. Hins vegar vekur þetta upp áleitnar spurningar um líftíma virkjunarinnar, þar sem það er lykiltríði við útreikning á arðsemi hennar. Þeirri spurningu er ekki hægt að svara hér. Til hliðsjónar má þó benda á að samþykki skipulags vegna Bitruvirkjunar var frestað, þar sem talið var að ekki hefðu farið fram nægilegar rannsóknir á jarðhita svæðisins. Eins og fram hefur komið hafði Orkuveitan kostað til 775 millj. kr. á verðlagi ársins 2010 vegna þeirrar framkvæmdar.

Úttektarnefndin telur í ljósi stærðar framkvæmdarinnar og hinum miklu breytingum sem urðu á henni, að framkvæmdir við Hellisheiðarvirkjun hafi ekki fengið næga athygli stjórnar fyrirtækisins á framkvæmdatímanum.

Sýnist sem stýrihópi virkjana hafi verið falið að stýra verkefnum, án þess að einstaka breytingar hafi komið á borð stjórnar fyrirtækisins að öðru leyti en greinir í fjárhagsáætlunum fyrirtækisins. Eins og að framan er rakið hefur stýrihópur virkjana nú verið lagður niður, en athugasemdir höfðu verið gerðar við stjórnsýslulega stöðu hans í stjórnsýsluúttekt innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar. Til viðbótar var einnig á framkvæmdaáætlun Hverahlíðarvirkjun, sem nú hefur verið frestað og sem stjórn fyrirtækisins hefur leitað leiða við að fjármagna. Er kostnaður vegna hennar nú þegar tæpir fimm milljarðar króna.

Þá hefur vakið sérstaka athygli úttektarnefndarinnar samningur sem gerður var við Sveitarfélagið Ölfuss og kynntur á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 26. apríl 2006, þar sem Orkuveita Reykjavíkur lofar að greiða skipulagsyfirvöldum svæðisins ýmsan kostnað, bæði með beinum fjármunum og með annars konar aukaskyldum, svo sem með veglýsingu og fleiru. Er í samningnum vísað beint til þess að það sé gert vegna þeirrar umfangsmiklu vinnu sem hafi fylgt virkjunarframkvæmdum fyrirtækisins á skipulagssvæði sveitarfélagsins, en í samningnum kom fram að um væri að ræða greiðslu vegna þess aukna álags og vinnu sem framkvæmdir Orkuveitunnar kölluðu á hjá sveitarfélaginu og sem gerði sveitarfélaginu kleift að hraða öllum umsögnum og leyfisveitingum sem þörf væri á.

Í viðtölum úttektarnefndar hafa viðmælendur bent á að slíkt þurfi ekki að vera óvenjulegt og hafa m.a. vísað til dóms Hæstaréttar nr. 579/2010 frá 10. febrúar 2011 þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að Flóahreppi hefði verið heimilt að heimta viðbótargreiðslu frá Landsvirkjun í tengslum við gerð aðalskipulags. Þótt ekki verði tekin endanleg afstaða til þess af hálfu úttektarnefndarinnar er á það bent að í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar var á því byggt að viðbótarkostnaðurinn, 6,5 millj.kr., hlyti að teljast óverulegur enda hefði áður verið unnið að skipulagi þeirrar virkjunar sem þar um ræddi á vegum sveitarfélagsins og annarra nærliggjandi sveitarfélaga. Í samningi Sveitarfélagsins Ölfuss við Orkuveitu Reykjavíkur er hins vegar samið um, auk annarra aukaskyldna, greiðslu að fjárhæð 52,5 millj.kr. sem greiðast átti á sjö árum, til þess stjórnvalds sem fór með skipulag svæðisins og fóru greiðslurnar fram á skipulagstíma, m.a. fyrirhugaðrar Bitruvirkjunar. Auk þess var samið um árlegt framlag Orkuveitunnar til uppgræðslu fram til ársins 2012, að fjárhæð 75 millj.kr. auk annarra greiðslna og fram- laga.

Í harðorðri bókun sveitarstjórnar Hveragerðisbæjar var breytingu á aðalskipulagi Ölfuss vegna fyrirhugaðrar Bitruvirkjunar mótmælt, enda hefði virkjuninni verið fundinn staður í 4 km fjarlægð frá Hveragerðisbæ. Þá hlaut tillaga um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Bitruvirkjunar ekki staðfestingu ráðherra, þar sem talið var að ekki hefðu legið fyrir nægar upplýsingar um jarðhita á svæðinu við gerð skipulagstillagnanna. Að mati úttektarnefndarinnar þarfnast þessi samningur því frekari skoðunar við.

Hér að framan var einnig fjallað um tryggingar virkjana. Í ljósi þeirra umfangsmiklu framkvæmda sem farið var út í við byggingu virkjana og þeirra samninga sem gerðir voru til langs tíma um sölu rafmagns til stórnotenda, bendir úttektarnefndin á að það hafi verið mikil og óútskýrð óvarkárni stjórnenda fyrirtækisins að tryggja ekki framangreindar eignir og rekstur þeirra með fullnægjandi hætti fyrir en í árslok 2008.

13. Fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur

13.1 Almenn

Orkuveita Reykjavíkur á dótturfélagið Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. sem rekur m.a. ljósleiðarakerfi. Eftirlit með starfsemi er á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar á grundvelli laga nr. 69/2003 með síðari breytingum um Póst og fjarskiptastofnun og lögum nr. 81/2003 um fjarskipti, en starfsemi á sviði fjarskipta fer fram á samkeppnismarkaði. Eins og rakið verður hér á eftir hefur Póst- og fjarskiptastofnun fylgst með virkum hætti með fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur allt frá árinu 2003. Leiddi það meðal annars til þess að gerð var krafa af hálfu stofnunarinnar árið 2006 um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi félagsins frá annarri starfsemi Orkuveitunnar. Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur var brugðist við því með gerð sérstaks stofnefnahagsreiknings á árinu 2006, en síðar var ákveðið að koma fjarskiptarekstri Orkuveitunnar fyrir í nýju félagi, Gagnaveitu Reykjavíkur, árið 2007. Það var þó ekki fyrr en í desember 2009, með sérstakri stefnumörkun stjórnar, sem rekstur gagnaveitu var skilgreindur sem hluti af kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur.

Hér á eftir verður fjallað um fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur. Segja má að henni megi skipta upp í nokkra aðskilda kafla. Starfsemin hófst á árinu 1999, m.a. með stofnun Línu.Nets hf. og síðar stofnun félagsins Rafmagnslína ehf. Á árinu 2002 varð svo nokkur breyting á fyrirkomulagi rekstrarins, þegar Orkuveita Reykjavíkur keypti ljósleiðaranet Línu.Nets hf. á árinu 2002. Síðar seldi Orkuveita Reykjavíkur Og Fjarskiptum hf. (nú Vodafone) Línu.Net hf., en keypti af fyrirtækinu þá ljósleiðarastrengi sem Og Fjarskipti hf. áttu en voru hluti af því ljósleiðaraneti sem Línu.Net hf. hafði lagt. Þar með var áhersla Orkuveitu Reykjavíkur lögð á þá veitustarfsemi sem fólst í uppbyggingu og rekstri ljósleiðaranets. Þá varð aftur breyting á stefnumörkun Orkuveitu Reykjavíkur í fjarskiptastarfsemi þegar fyrirtækið tók ákvörðun um að ljósleiðaravæða heimili á veitusvæðinu.

Ljósleiðarakerfið var í upphafi rekið sem hluti af starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og þjónaði nær eingöngu fyrirtækjum og stofnunum, en á árinu 2004 varð nokkur breyting þar á, og er m.a. getið um skyldu Orkuveitu Reykjavíkur til ljósleiðaravæðingar í samningum við sveitarfélög, eins og fjallað hefur verið um að framan. Er það þá ýmist svo að gerður er sérstakur samningur um lagningu ljósleiðara, svo sem á við um Seltjarnarnes, eða þá að skylduna til lagningu ljósleiðara er að finna sem aukaskyldu í samningum um annað efni, og má hér til dæmis nefna að skyldu til lagningar ljósleiðara er að finna í samningi um kaup á hitaveitu Hveragerðis, Hellu og Hvolsvallar og í samningi við Sveitarfélagið Ölfus í tengslum við byggingu Hellsheiðarvirkjunar. Eins og fram kemur hér á eftir voru gerðir samningar um lagningu ljósleiðara við Akranes, Seltjarnarnes og Hveragerði árið 2004, Reykjavíkurborg, Hellu og Hvolsvöll árið 2005 og Þorlákshöfn 2006. Þá hafa viljayfirlýsingar verið gerðar um lagningu ljósleiðara við Mosfellsbæ, Álftanes og Borgarbyggð. Til viðbótar tók Orkuveita Reykjavíkur einnig þátt í fjárfestingu við uppbyggingu svokallaðs Tetra kerfis hér á landi og átti til skamms tíma hlut í félagi sem sá um og rak Tetra kerfið, og lagði til þess nokkra fjármuni, en um þá starfsemi er fjallað í sérstökum kafla skýrslunnar hér á eftir.

Verður hér á eftir gerð grein fyrir þessari starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og jafnframt hvernig fjallað hefur verið um hana á vettvangi stjórnar fyrirtækisins. Það er sérstök ástæða að áliti úttektarnefndarinnar til að fjalla um þær ákvarðanir sem snúa að fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og

Guðmundur Þóroddsson: „Ég er á þeirri skoðun að opinberir aðilar séu ekki endilega betri til að reka samfélagsleg mál heldur eigi að gæta að verðlagningu og þjónustustigi þeirra sem veita þjónustuna. En ég tel ekki að samkeppni á ljósleiðaramarkaðnum sé endilega rétt frekar en á öðrum veitukerfum sem byggja á mikilli fjárfestingu. Þannig tel ég heppilegra að nota sama módel og hjá Gagnaveitunni þar sem grunnkerfið er opið og eigandi grunnkerfisins keppir ekki í veitingu þjónustu yfir grunnkerfið.“

Alfred Þorsteinsson: „Málið er að þetta er gamla Lína.Net sem var sett á laggirnar þegar Síminn var búinn að vera með einokun hér á sinni starfsemi og var með óheyrilega dýra verðskrá. Þá kom Lína.Net þarna inn og lækkaði verð á gagnaflutningum alveg um 50-60%. Í dag er Lína.Net sem sé Gagnaveita Reykjavíkur og er í raun og veru sá angi Orkuveitunnar sem hefur mesta vaxtamöguleika.“ Bylgjan, Sprengisandur, 3. apríl 2011.

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Já það hefur lengi verið ríft um þetta, en það er skoðun borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og hefur lengið verið að almannaafyrirtæki eins og OR eigi ekki að reka gagnaveitu. Við vorum mjög mikið á móti opinberum rekstri á fyrirtækinu þegar það hét Lína.Net og höfum alltaf talað gegn því. Hins vegar hefur aldrei verið meirihluti fyrir þeirri skoðun okkar á vettvangi borgarstjórnar, en það breytir ekki þeirri grunnafstöðu flokksins að allt sem tengist ekki beint kjarnastarfsemi fyrirtækisins skuli ekki vera hlutverk fyrirtækisins.“

Guðlaugur Þór Þórðarson: „Tíðarandinn hefur mikil áhrif. Þannig að þau flugu mjög hátt og komust upp með þetta. Aðhald fjölmiðla var mjög lítið. Ekkert af því sem upp var lagt með gekk eftir og þá breyttist þetta bara í fjórðu veituna. Sjálfstæðismenn á móti, og þeir reyndu að draga upp þá mynd að við værum eins bændurnir sem riðu á móti símanum. Vilja menn ekki nýta þessa kosti sem eru hér. Hvaða durgar eru þetta?“

Alfreð Þorsteinsson: „Allar veitur kosta mikla peninga. Það kostar að leggja leiðslur út og suður. Þetta eru langtímafjárfestingar sem skila sér á löngum tíma. En Gagnaveita Reykjavíkur er komin yfir mesta þröskuldinn og er núna talin af eigendum Orkuveitunnar það fyrirtæki sem væri hugsanlega hægt að selja og fá töluverða peninga fyrir.“ Bylgjan, Sprengisandur, 3. apríl 2011.

fjárfestingum í henni. Má hér benda á að málefnið var mjög umfangsmikið og var ítrekað til umræðu á stjórnarfundum, og lögðu stjórnarmenn á sumum fundum fram ítarlegar og langar bókanir um þessa starfsemi fyrirtækisins. Gefa þær skýra mynd af þeim ágreiningi sem staðið hefur um þessa starfsemi innan stjórnar fyrirtækisins frá upphafi. Auk þess sýna þær hvernig rekstur fyrirtækisins breyttist í nokkrum grundvallaratriðum, eftir að Orkuveita Reykjavíkur hóf rekstur á fjarskiptasviði. Fyrst verður þó gerð grein fyrir fjárhagslegri afkomu þessa rekstrar innan fyrirtækisins.

13.2 Fjárhagslegt yfirlit


Hér á eftir fer fjárhagslegt yfirlit yfir starfsemi Orkuveitunnar sem er skilgreind sem gagnaveita í reikningskilum fyrirtækisins. Fram til ársins 2007 þegar Gagnaveita Reykjavíkur ehf. var stofnuð var starfsemi á sviði gagnaveitu rekin undir merkjum Orkuveitunnar, en einnig í öðrum félögum svo sem Línu.Net hf. og í Rafmagnslínu ehf. Upplýsingarnar sem fram koma í töflum og myndum byggja á miðlauppgjörum þar sem starfsemi Orkuveitunnar er brotin niður í þá starfsemi sem fyrirtækið starfar við. Ekki eru tiltækar upplýsingar vegna ársins 2002 og ekki heldur sundurgreining á samstæðureikningi fyrirtækisins.

Megnið af starfseminni er hins vegar í móðurfélaginu sjálfu og upplýsingarnar því ekki verulega frábrugðnar því sem út kæmi ef samstæðan í heild sinni væri sundurgreind. Frá og með árinu 2007 eru fjárhæðirnar eingöngu úr ársreikningum Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. þar sem engin starfsemi á sviðið gagnaveitu fer eftir það fram í Orkuveitunni sjálfri.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld gagnaveitunnar, allar fjárhæðir eru á meðalverðlagi ársins 2010.


	Gagnaveita								Samtals
	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	
Rekstrartekjur	392	351	565	563	738	807	849	1.000	5.265
Rekstrargjöld	271	260	214	300	387	393	336	364	2.525
EBITDA	121	91	351	263	351	414	514	636	2.740
Afskriftir	123	153	233	302	416	441	337	362	2.367
Rekstrarafkoma (EBIT)	(2)	(62)	117	(39)	(65)	(28)	177	274	373

Rekstur gagnaveitunnar er eins og fram kom í samantektinni hér að fram- an minnsta svið Orkuveitunnar og eru tekjur gagnaveitunnar einungis 3% af heildartekjum fyrirtækisins.




Á myndinni hér að ofan er samanburður á tekjum gagnaveitunnar í milljónum króna. Tekjurnar samtals yfir tímabilið nema 4.277 millj.kr. en 5.265 millj.kr. séu tekjur hvers árs færðar til meðalverðlags ársins 2010. Tekjur ársins 2003 á meðalverðlagi ársins 2010 nema 392 millj.kr., þær lækka niður í 351 millj.kr. á árinu 2004 en vaxa síðan í rúmar 560 millj.kr. næstu tvö ár þar á eftir. Stöðugur vöxtur er í tekjum frá árinu 2006 fram til ársins 2010 þegar þær náðu 1.000 millj.kr. Vöxtur í tekjum á tímabilinu nemur 155%. Í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2011 kemur fram að tekjur af gagnaveitu nema rúmum 1.170 millj.kr. þannig að vöxtur í tekjum hefur haldið áfram.

Samanburður á tekjum við aukningu í fjárfestingum og neysluverðsvísitölu




Á myndinni hér að ofan má sjá samanburð á vexti í tekjum annars vegar við almennar verðlagsbreytingar sem mældar eru með vísitölu neysluverðs og hins vegar við aukningu í fjárfestingum frá árinu 2003 til 2010. Ástæðan fyrir þessum samanburði er sú að með nokkurri einföldun mætti ætla að tekjur þyrftu að vaxa í takt við almennar verðlagsbreytingar m.v. óbreyttar eignir en að vöxturinn ætti að aukast hraðar ef viðbótarfjárfestingum er bætt við. Hafa þer í huga að um einfaldan samanburð er að ræða og ekki er sjálfgefið að tekjur á samkeppnismarkaði aukist í takt við verðlagsbreytingar. Fyrst um sinn er samdráttur í tekjum gagnaveitunnar en eftir það aukast tekjur hratt í takt við meiri fjárfestingu. Á árinu 2010 hafa tekjur aukist mun meira en neysluverðsvísitala og fjárfesting. Hafa þarf í huga við þennan samanburð að starfsemi Orkuveitunnar er fjárfestingarfrek og fjárfestingar skila tekjum um langan tíma og í viðtölum úttektarnefndarinnar við stjórnendur kom einnig fram að ekki eru allar fjárfestingar farnar að skila tekjum en munu væntanlega gera það síðar. Aukning fjárfestinga á tímabilinu nema 230%, hækkun á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 59% og aukning í tekjum nemur 307%.


Gagnaveita




Á myndinni hér að ofan gefur að líta samanburð á rekstrargjöldum gagnaveitunnar í millj.kr. Rekstrargjöldin (að meðtöldum afskriftum) samtals yfir tímabilið nema 3.899 millj.kr. en 4.891 millj.kr. séu gjöld hvers árs færð til meðalverðlags ársins 2010. Rekstrargjöld ársins 2003 á meðalverðlagi ársins 2010 nema 393 millj.kr. og helst sú fjárhæð nokkuð stöðug fram til ársins 2006 þegar rekstrargjöld nema 602 millj.kr. Rekstrargjöldin lækka svo að raunverðlagi á árinu 2009 og hækka svo aftur í 726 millj.kr. á árinu 2010. Aukning á rekstrargjöldum á tímabilinu nemur 84,6%.




Á myndinni hér að ofan eru rekstrargjöld borin saman við rekstrartekjur og eru allar fjárhæðir á meðalverðlagi ársins 2010. Á tímabilinu nema rekstrargjöldin hærri fjárhæð en rekstrartekjurnar fimm af þeim átta árum sem eru til skoðunar. Á árunum 2003 og 2004 námu rekstrargjöldin hærri fjárhæð en rekstrartekjurnar. Árið 2005 var hlutfall rekstrargjalda 79,2% en næstu þrjú ár þar á eftir er hlutfallið yfir 100%. Á árunum 2009 og 2010 er hlutfallið 79,2% og 72,6%. Meðalhlutfall rekstrargjalda af rekstrartekjum á tímabilinu er 96% samanborið við 83,3% fyrir fyrirtækið í heild sinni.




Á myndinni hér að ofan er samanburður á afskriftum varanlegra rekstrarfjármuna og tekjum, báðar stærðir eru á meðalverðlagi ársins 2010. Hlutfall afskrifta af tekjum er vísbending um þróun þess sem fjárbinding í varanlegum rekstrarfjármunum skilar í tekjur. Eins og sjá má hefur hlutfall afskrifta verið breytilegt á tímabilinu. Hlutfallið á árinu 2003 er 31,3% og fer smám saman hækkanandi fram til ársins 2007 þegar það er 56,4%. Eftir það fer hlutfallið lækkandi og er 36,2% á árinu 2010.



Rekstrarafkoma er afkoma miðilsins án fjármögnunarkostnaðar og tekju-skatts. Eins og fram kom hér að ofan er fjárhæð rekstrargjalda hærri en tekjur fimm af þeim níu árum sem eru til skoðunar. Þar af leiðir er rekstrarafkoman neikvæð fyrir þau ár. Ekki er um verulegar fjárhæðir að ræða og er rekstrarafkoman samtals fyrir árin 2003 til 2010, 378 millj.kr. eða 372 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Töluverður bati er í rekstrarafkomunni seinustu tvö árin þegar afkoman fer úr að vera neikvæð í þrjú ár í að vera jákvæð um 274 millj.kr. á árinu 2010. Meðalhluftfall rekstrarafkomu af tekjum á tímabilinu er 4% samanborið við 16,7% fyrir Orkuveituna í heild sinni.




Á myndinni að ofan má sjá fjárfestingu gagnaveitu í varanlegum rekstrarfjármunum á tímabilinu 2002 – 2010. Fjárhæðir eru bæði á verðlagi hvers árs og árslokaverðlagi 2010. Fjárfestingar á tímabilinu námu samtals 10.710 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010. Á árunum 2002 til 2003 er fjárfesting óveruleg. Eftir þann tíma eykst fjárfesting fram til ársins 2006 þegar hún er orðin 2.440 millj.kr. á verðlagi 2010. Árið 2007 er fjárfesting 1.568 millj. kr. og 1.708 millj.kr. árið 2008. Eftir það dregur heldur úr fjárfestingu og er hún komin í 1.088 millj.kr. á árinu 2010.



Á myndinni hér að ofan má sjá fjárbindingu fyrirtækisins í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindir eru undir gagnaveitu. Fjárbinding er það sama og bókfært verð eða fjárfestingar að frádregnum afskriftum og að viðbættu endurmati sem framkvæmt var á árinu 2010 og nam þá 1.032 millj.kr. Eins og kom fram í yfirlitskaflanum um miðla Orkuveitunnar fyrir í skýrslunni hefur fjárbinding vegna gagnaveitunnar verið að meðaltali 3,8% af heildarfjárbindingu Orkuveitunnar á tímabilinu sem er til skoðunar.


Fjárbindingin í árslok 2002 nam 1.700 millj.kr. á verðlagi þess árs sem er 2.775 millj.kr. á verðlagi ársins 2010 og hefur vaxið í það að nema 9.702 millj.kr. á árinu 2010 sem er 249,6% aukning til samanburðar við 155% aukningu tekna á tímabilinu.



Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi þess fjármagns sem bundið er í gagnaveitu fyrir árin 2003 til ársins 2010 m.v. bókhald fyrirtækisins þar sem beitt er endurmatsaðferð við mat á varanlegum rekstrarfjármunum. Útreikningur á arðseminni byggir á rekstrarafkomu og meðal fjárbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindar eru sem eignir vegna gagnaveitu. Má segja að útreikningurinn sé nálgun á raunarðsemi, en þetta er sú útreikningsaðferð sem Orkuveitan beitir. Á árunum 2003 og 2004 er ávöxtunin neikvæð en er síðan jákvæð um 3,4% á árinu 2005. Eftir það er ávöxtunin neikvæð í næstu þrjú ár þar á eftir, en nær svo að vera jákvæð aftur á árinu 2009 og er þá 2,3%. Ávöxtunin á árinu 2010 er síðan 3,1%. Meðalarðsemi tímabilsins er 0,5% samanborið við meðalarðsemi fyrirtækisins í heild sinni sem er 2,3%. Til samanburðar kemur fram í drögum að heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur að stefnt sé að 7% gagnaveitustarfssemi.³²⁹

329 Orkuveita Reykjavíkur: Heildarstefna Orkuveitu Reykjavíkur. Ódags.
http://www.or.is/media/PDF/Heildarstefna_Orkuveitu_Reykjavikur.pdf

Arðsemi eigna m.v. fjárbindingu án endurmats



Á myndinni hér að ofan má sjá arðsemi þess fjármagns sem bundið er í gagnaveitu fyrir árin 2003 til 2010 þar sem leiðrétt hefur verið fyrir endurmati varanlegra rekstrarfjármuna á árinu 2010. Útreikningur á arðseminni byggir á rekstrarafkomu að viðbættum afskriftum af endurmati og meðal fjárbindingu í varanlegum rekstrarfjármunum sem skilgreindar eru sem eignir til gagnaveitustarfsemi að frádregnu bókfærðu verði endurmats. Þar sem eina endurmatið er á árinu 2010 eru áhrifin eingöngu á því ári og nemur 3,4% í stað 3,1%. Áhrifin á meðalarðsemi tímabilsins eru engin og arðsemin er áfram 0,5% samanborið við meðalarðsemi fyrirtækisins í heild sinni sem er 3%.

Skuldum fyrirtækisins og þar með fjármagnskostnaði vegna þeirra er ekki skipt niður á miðla í Orkuveitunni og því er ekki hægt að fá upplýsingar um endanlega arðsemi miðilsins áður en hann var lagður inn í sérstakt fyrirtæki. Frá stofnun Gagnaveitu Reykjavíkur sundurliðast vaxtagjöld og gengismunur eins og hér segir þar sem fjárhæðir eru á meðalverðlagi ársins 2010 og allar fjárhæðir í millj.kr.

Vaxtagjöld og gengismunu Gagnaveitu Reykjavíkur 2007-2010

	2007	2008	2009	2010
Vaxtagjöld	- 198	- 408	- 278	- 168
Gengismunur	283	- 3.606	385	382
	85	- 4.014	108	213
Hlutfall af meðalstöðu langtímaskulda		70%	-2%	-3%

Þar sem um stutt tímabil er að ræða og miklar gengissveiflur á tímanum gefur ofangreint yfirlit ekki miklar upplýsingar um kostnað við lánsfé og óinnleyst gengistap skulda getur snúist við styrkist krónan á ný en uppistaðan í langtímalánum félagsins er í erlendum myntum.

Afkoma Gagnaveitunnar frá stofnun félagsins til ársins 2010 er sem hér segir þar sem allar fjárhæðir eru á meðal verðlagi ársins 2010.

Afkoma Gagnaveitu Reykjavíkur 2007-2010

	2007	2008	2009	2010
Afkoma	119	- 3.003	- 250	472
Afkoma á meðalverðlagi ársins 2010 ...	159	- 3.621	- 266	472
	278	- 6.624	- 516	943

Afkoma Gagnaveitu Reykjavíkur samtals á meðalverðlagi ársins 2010 er neikvæð sem nemur 3.257 millj.kr. og skiptir þar mestu tap ársins 2008 en það ár nam gengistap félagsins 3.606 millj.kr. eins og fram kom hér að framan.

Guðlaugur Þór Þórðarson: „Þegar í óefni var komið var farið að spinna. Síminn var óvinsæll risi og skyndilega gekk allt út á að Orkuveitan þyrfti að fara í samkeppni við hann. Ýmsir fengust til að taka undir mikilvægi þess.“

Guðlaugur Þór Þórðarson: „Þetta var árið 2000, minnir mig. Þá bara kenur tillaga fyrir borgarstjórn og þarna heldur borgarfulltrúi Samfylkingar brilliant ræðu, sem bara fer yfir það að framtíðin snúist um rafren samskipti og tölvur. Og nú er komin ný byltingakennd tækni sem geri það að verkum að hægt er að fara með tölvubod í gegnum rafmagnslínu. Og þetta bara mundi breyta öllu. Reykjavíkurborg myndi græða svakalega á að taka þátt í þessu. Það átti að setja að hámarki 200 milljónir í félag, Línu.Net sem átti að fara á markað ekki seinna en ári eftir stofnun.“

13.3 Fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur 1999-2001

Forsögu Gagnaveitu Reykjavíkur má rekja til stofnunar Línu.Nets hf. á árinu 1999. Tækniframfarir á sviði fjarskipta hafa verið hraðar og samkvæmt upplýsingum Póst- og Fjarskiptastofnunar hófst gagnaflutningur með svokölluðu ISDN kerfi upp úr 1980, gagnaflutningar með ADSL hófust hér á landi í kringum 1990, NMT kerfið var innleitt hér á landi 1981 og GSM kerfið á árinu 1991.³³⁰

Á fundi veitustofnana þann 28. janúar 1998 er fyrst fjallað um hugsanlega starfsemi á sviði fjarskipta, en á fundinum greindu rafmagnsstjóri ásamt starfsmanni Rafmagnsveitu Reykjavíkur stjórn frá vinnu vegna forathugunar og möguleikum á gagnaflutningskerfi á vegum veitunnar og hugsanlegu samstarfi við aðra aðila í því sambandi. Samþykkti stjórnin að haldið yrði áfram að vinna á þeim grundvelli sem lýst hafði verið. Meðal annars var ákveðið að fara í kynnisferð til útlanda, og að henni lokinni yrði lögð fram skýrsla fyrir stjórn um stöðu forathugunarinnar. Sú skýrsla var afhent og kynnt á fundi stjórnar veitustofnana þann 10. mars 1999, þar sem greint var frá ferðum til Þýskalands, Svíþjóðar, Englands og Japans til athugunar á merkjamiðlun. Á fundi 15. júlí 1998 skýrði rafmagnsstjóri stjórn veitustofnana frá stöðu athugunar á möguleikum til merkjamiðlunar eftir rafdreifikerfinu og fól stjórn að láta fara fram nákvæma markaðsúttekt og frekari úttekt á tæknilegum atriðum sem lutu að merkjamiðluninni. Það var svo á fundi stjórnar þann 28. apríl 1999 að lögð var fram eftirfarandi tillaga verkefnisstjórnar vegna merkjamiðlunar:

„Stjórn veitustofnana samþykkir að stofna einkahlutafélag í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Starfssvið félagsins verði gagnaflutningur og fjarskiptabjónusta. Hlutfé verði allt að 200 milljónum króna auk þess sem metið verði inn í félagið það sem þegar hefur verið lagt í verkefnið. Félagið verði fyrst um sinn í eigu Orkuveitunnar en stefnt verði að breytingu í almenningshlutafélag með dreifri eignaradild þegar nokkur reynsla verður komin á reksturinn.“³³¹

Tillagan hlaut ekki afgreiðslu og var lögð fram að nýju á fundi stjórnar veitustofnana þann 18. maí 1999. Auk tillögunnar var lögð fram á fundinum greinargerð stýrihóps um merkjamiðlun, sem staðið hafði að undirbúningi verksins, um hlutafélag um fjarskipti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks lögðu fram aðra tillögu sem þeir óskuðu að fengi afgreiðslu á fundinum, en tillagan var svohljóðandi:

„Stjórn veitustofnana samþykkir að láta vinna drög að útboðslýsingu með það að markmiði að bjóða út þá aðstöðu og möguleika sem felast í lagnakerfi veitustofnana borgarinnar til gagnaflutnings og fjarskiptabjónustu. Þegar stjórn veitustofnana hefur samþykkt útboðsskilmála verði tekin ákvörðun um útboð og fyrirkomulag þess.“³³²

Voru tillögurnar bornar undir atkvæði, og var tillaga sjálfstæðismanna felld með þremur atkvæðum gegn tveimur. Tillaga verkefnisstjórnarinnar var svo samþykkt með þremur greiddum atkvæðum, en fulltrúar Sjálfstæðisflokks sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Af því tilefni óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks eftir að bókað yrði að þeim þætti undirbúningi málsins að

330 Póst- og fjarskiptastofnun: Forsíða. <http://www.pfs.is>

331 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 28. apríl 1999.

332 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 18. maí 1999.

mörgu leyti ábótavant og að staða ýmissa mikilvægra þátta, sem vörðudu starf hins nýja einkahlutafélags væri afar óljós. Var meðal annars á það bent að ekki hefði verið gerð grein fyrir því hvort rekstur nýs einkahlutafélags samrýmdist samkeppnislögum.³³³ Fulltrúar Reykjavíkurlistans létu hins vegar bóka að:

„Aðra stundina leggur minnihlutinn til að verkefni þetta verði boðið út, hina stundina bókar hann að allt of margt sé óljóst um verkefnið til að hægt sé að taka ákvörðun um að ráðast í það. Slíkur málflytningur dæmir sig sjálfur. Athygli hefur vakið hvernig minnihlutinn hefur ýmist verið með eða á móti málinu ófær um að mynda sér eina skoðun á því. Aðstaða Orkuveitu Reykjavíkur til þjónustu í gagnaflutningum við Internetnotendur og á sviði fjarskiptaþjónustu er einstök. Fjöldi orkufyrirtækja um heim allan hafa enda haslað sér völl á sviði fjarskipta. Áhugaleysi minnihlutans um aukna samkeppni, bættu þjónustu og lægri gjöld vekur því athygli.“³³⁴

Þessu mótmæltu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, og tóku fram að framangreind bókun meirihlutans væri byggð á algjörum misskilningi, þar sem í henni hefði falist að fyrst yrðu unnin drög að útboðslýsingu og í framhaldi af samþykkt útboðsskilmála yrði tekin sérstök ákvörðun um útboð.³³⁵ Á fundi stjórnar veitustofnana þann 16. júní 1999 voru svo lögð fram drög að samþykktum fyrir einkahlutafélag um fjarskipta- og gagnaflutningskerfi, ásamt stofngerð og stofnskrá fyrir félagið og þann 7. júlí 1999 var lagt fram bréf borgarstjóra frá 22. júní 1999 um einkahlutafélag um rekstur fjarskipta- og gagnaflutnings. Þann 9. febrúar 2000 voru lögð fram og kynnt drög að samningi milli Orkuveitu Reykjavíkur og Línu.Nets hf. og á sama fundi var ákveðið að gefa starfsmönnum Orkuveitu Reykjavíkur og Línu.Nets hf. tækifæri á að gerast hluthafar í Línu.Neti hf. Var lagt til að tíu milljónir að nafnvirði af hlut Orkuveitunnar yrðu boðnar fastráðnum starfsmönnum á genginu 3, og að þak á kaupum einstakra starfsmanna yrði 150 þús.kr. að nafnvirði. Þessi breyting var þó háð því að samþykktum Línu.Nets hf. yrði breytt, og var á fundi þann 7. mars 2000 lagt fram bréf borgarstjóra dags. 15. febrúar 2000 þar sem tilkynnt var um samþykki borgarráðs á bókun stjórnar veitustofnana frá 9. febrúar. Kemur fram í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2000, að á þriðja hundrað starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur hefði nýtt sér það boð að kaupa hluta af hlutabréfum Línu.Nets hf.

Drög að samningi um samvinnu Orkuveitu Reykjavíkur og Línu.Nets hf. voru lögð fram á fundi stjórnar veitustofnana þann 9. febrúar 2000 og á fundi stjórnarinnar þann 12. apríl 2000 var lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. mars 2000 um samþykkt borgarráðs sama dag. Viðaukar við samninginn dags. 21. febrúar 2000 og 19. september 2000 voru svo lagðir fram og samþykktir á fundi stjórnar veitustofnana þann 20. september 2000. Rætt var um hugsanlega sölu Línu.Nets hf. á fundi stjórnar veitustofnana þann 3. maí 2000, þar sem samþykkt var tillaga forstjóra að fela honum að selja hlutabréf í Línu.Neti hf. fyrir 10 millj.kr. að nafnvirði ef viðunandi verð fengist fyrir.

Á fundi stjórnar veitustofnana þann 21. nóvember 2000 var lagt fram bréf forstjóra Orkuveitunnar frá 20. nóvember 2000 um stofnun félags í eigu Orkuveitunnar, Línu.Nets hf. og Íslandsbanka FBA, og var það samþykkt.

333 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 18. maí 1999.

334 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 18. maí 1999.

335 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 18. maí 1999.

Guðmundur Þóroddsson: „Það var hugsunin að gera félagið sterkara í þessa veru. En þetta var hins vegar ekkert nýtt. Ef þú tekur til að mynda gagnaflutningsmálið þá er það gamalt rafmagnsveitumál. Það var mörg ár í gangi. Ég get sagt ykkur hver var ástæðan fyrir því að Lína.Net varð að veruleika á sínum tíma. Hún var reiddi stjórnarmanna OR yfir því að Póstur og Sími hækkaði verð á fastlínu. Verð á fastlínu tvöfaldaðist um leið og samkeppni kom í gagna- og símaflutningum. Síminn hækkaði þá starfsemi sem hann gat einn sinnt um leið og fyrirtækið Íslandssími var stofnað og stjórnarmönnum í stjórn OR misbauð. Í nokkur ár hafði verið verkefni í gangi í gagnaflutningi yfir rafmagnslínu. Það var ákveðið að fara af meiri krafti í þetta af því að mönnum misbauð.“

Ólafur Jónsson: „Ég veit að þetta kostaði meira en reikningar sýna, því Lína.Net var ekkert rukkuð fyrir húsaleigu þótt vinnuflokkar væru sendir í eitthvað í eitthvað á þeirra vegum og annað eftir því. Hver var hugsunin á bak við þetta? Hver var t.d. hugsunin á bakvið að bjóða Landbúnaðaháskólanum á Hvanneyri háhraða nettengingu, þ.e. í bæinn?“

Aftur voru málefni Línu.Nets hf. til umræðu á fundum stjórnar veitustofnana þann 5. desember 2000, þar sem forstjóri lagði fram tillögu um að Orkuveita Reykjavíkur nýtti sér forkaupsrétt vegna hlutafjár aukningar hjá Línu.Nets hf. að 9,5 millj.kr. hlut að nafnvirði á genginu 10,5 eða fyrir 99,75 millj.kr. Eftir þessa hlutafjár aukningu færi hlutur Orkuveitunnar úr 67,67% í 51,51%. Var tillagan samþykkt með þremur greiddum atkvæðum, en fulltrúar Sjálfstæðisflokks greiddu ekki atkvæði. Af því tilefni óskuðu þeir eftir upplýsingum um rekstur og fjárfestingar Línu.Nets hf. fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2000. Þann 10. apríl 2001 var á ný lögð fram tillaga forstjóra til stjórnar, sem var eftirfarandi:

„Stjórn veitustofnana samþykkir að Orkuveita Reykjavíkur hefji að bjóða gagnaflutninga með raflínu til sinna viðskiptavina með hefðbundinni orkusölu. Stjórnin samþykkir einnig að Orkuveita Reykjavíkur taki þátt í fyrirtækinu Raflína ehf., sem stjórn Línu. Net hf. hefur ákveðið að stofna um markaðssetningu og uppbyggingu gagnaflutninga eftir raflinum. Samþykkt er að leggja 20 til 40 milljónir í verkefnið og jafnframt að OR eigi allt að 50% í verkefninu.“³³⁶

Var afgreiðslu tillögunnar frestað, en hún var lögð fram að nýju á fundi stjórnar þann 17. apríl 2001. Áður en tillagan var borin upp komu á fund stjórnar Eiríkur Bragason frá Línu.Net hf. og ræddi um fyrirtækið og gagnaflutninga. Var tillagan því næst borin upp og samþykkt með þremur atkvæðum með þeirri breytingu að síðasta setningin væri orðuð með þeim hætti að samþykkt væri að leggja allt að 40 millj.kr. í verkefnið og að Orkuveitan ætti allt að 50% í fyrirtækinu. Af því tilefni óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitunnar að bókað yrði að þeir sætu hjá við atkvæðagreiðsluna, en að þeir legðu áherslu á að rekstrar- og framkvæmda-áætlun fyrir Rafnagnslínu ehf. yrði kynnt fyrir borgarráði þegar málið kæmi til afgreiðslu þar.

Í töflunni hér að neðan má sjá hreyfingar úr bókhaldi Orkuveitunnar á eignarhlutunum í Rafnagnslínu ehf. Um tvenn kaup er að ræða á árunum 2001 og 2002 að fjárhæð samtals 81 millj.kr. sem eru 138 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Félagið var sameinað Orkuveitunni á árinu 2004 en til þess tíma höfðu verið gjaldfærðar um 21 millj.kr. eða 34 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010 vegna hlutdeildar í rekstri þess.

336 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 10. apríl 2001.

Hreyfingar í bókhaldi vegna Rafmagnslínu ehf.

	Rauntölur	Verðlag 2010
Kaup á árinu 2001.....	40.000.000	69.692.335
Endurmat á árinu 2001	1.908.186	
Hlutdeild í tapi ársins 2001.....	-999.329	-1.741.139
Kaup á árinu 2002.....	41.453.070	68.427.988
Endurmat á árinu 2002	1.006.012	
Hlutdeild í tapi ársins 2002.....	-10.230.195	-16.887.331
Endurmat ársins 2003.....	1.992.587	
Hlutdeild í tapi ársins 2003.....	-9.843.836	-15.891.882
	65.286.495	
Samtals kaupverð.....	81.453.070	138.120.324
Samtals fært á rekstur.....	-21.073.361	-34.520.352
Samtals fært í rekstur á meðalverðlagi ársins 2010.....		-34.047.724

Á fundi stjórnar þann 5. júní 2001 voru málefni Línu.Nets hf. aftur til umræðu. Á fundinum lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svofellda bókun:

„Við erum algjörlega mótfallin því að Orkuveitan leggi fram meira hlutafé í Línu.Net hf. enda engin rök færð fyrir þeirri ákvörðun meirihluta stjórnar veitustofnana hér á fundinum. Orkuveitan hefur þegar lagt fram hlutafé að upphæð tæplega 300 Mkr að kaupverði. Engin gögn liggja fyrir fundinum er grundvalla það áskrifarverð sem boðið er.“³³⁷

Af því tilefni var bókað af hálfu fulltrúa Reykjavíkurlistans að:

„Með sókn inn á fjarskiptamarkaðinn er Orkuveitan ásamt Línu. Net hf. að fylgja þróun sem orðið hefur í nágrennalöndunum. Þar hafa orkuveitur sveitarfélaga eða bæjarfélög stofnað dótturfyrirtæki, lagt ljósleiðara og boðið snemma upp á viðtæka fjarskiptaþjónustu og átt þar með möguleika á að nýta sér nýja tækni til fulls í námi og til nýsköpunar í atvinnu. Góð fjarskipti eru jafnmikilvæg upplýsingasamfélaginu og góðar samgöngur voru fyrir iðnhjóðfélagið. Á þeim stutta tíma sem Línu.Net hf. hefur starfað og boðið ljósleiðaratengingar hafa þjónustugjöld fyrir gagnaflutninga lækkað um helming og öðrum fjarskiptaþjónustum og þjónustuaðilum hefur boðist nýr valkostur í því að koma á framfæri sinni þjónustu.“³³⁸

Vegna fyrrgreindrar bókunar, lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram fyrirspurn um hvort uppi væru fyrirætlanir um að fresta hlutafjárútbóði Línu. Net hf. sem fyrirhugað var á almennum markaði og til stóð að færi fram í maí, og ef svo væri hverjar væru ástæður þeirrar frestunar. Auk þess óskuðu þeir upplýsinga um hverjar afleiðingar það hefði haft fyrir rekstur Línu. Nets hf., ef stjórn veitustofnana hefði hafnað þátttöku Orkuveitu Reykjavíkur í kaupum á aukningarhlutum í félaginu, sem hluthöfum hafði verið gefinn kostur á og var í þeim efnun vísad til bréfs Línu.Nets hf. dags. 31. febrúar 2001 til Orkuveitu Reykjavíkur.³³⁹

337 Fundur stjórnar Orkuveitunnar, dags. 5. júní 2001.

338 Fundur stjórnar Orkuveitunnar, dags. 5. júní 2001.

339 Fundur stjórnar Orkuveitunnar, dags. 5. júní 2001.

Í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2001 var tekið fram að á árinu 2000 hefði hafist sala á fjarskiptatengingum í sölukerfi Orkuveitunnar. Um væri að ræða internettengingu í gegnum rafkerfið, þ.e. að þeir sem hafa rafmagn gætu líka fengið gagnasamband í gegnum kerfið. Var jafnframt tekið fram að „hafin var sala á þessum tengingum og lofar góðu um að í framtíðinni verði gagnaflutningsþjónusta ein af afurðum Orkuveitunnar.“³⁴⁰

13.4 Lína.Net hf. og fjarskiptastarfsemi á starfstíma Orkuveitu Reykjavíkur

Við stofnun sameignarfyritækisins Orkuveita Reykjavíkur hafði fyrirtækið því hafid starfsemi á sviði gagnaflutninga. Var haldið áfram á þeirri braut eftir stofnun Orkuveitu Reykjavíkur og verður hér á eftir fjallað um þá starfsemi. Í þeirri umfjöllun verður greint á milli fjárfestinga í Línu.Neti hf. og ljósleiðurum, sem síðar runnu inn í nýtt félag, Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., og fjárfestinga í Tetra tækninni m.a. með þátttöku í stofnun fyrirtækisins Tetra Ísland ehf. en um bæði framangreind félög verður fjallað í sérstökum köflum hér á eftir.

Á yfirlitinu hér að neðan má sjá hreyfingar úr bókhaldi Orkuveitunnar á eignarhlutunum í Línu.Net hf. Eins og fram kemur á yfirlitinu námu fjárfestingar Orkuveitunnar í félaginu rúmum 2.261 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Samtals hafa verið færðar til gjalda rúmar 1.151 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 vegna viðskipta með eignarhlutinn.

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Línu.Neti hf.		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Kaup á árinu 1999.....	214.000.000	415.706.978
Endurmat á árinu 1999	3.511.865	
Endurmat á árinu 2000	8.679.004	
Kaup á árinu 2000.....	366.070.561	676.591.509
Hlutdeild í tapi ársins 2000.....	-309.387.303	-571.826.431
Hlutdeild í tapi ársins 2001.....	-189.348.078	-329.902.743
Kaup á árinu 2001.....	670.802.592	1.168.744.977
Endurmat á árinu 2001	41.975.450	
Greiðsla á árinu 2002 fyrir ljósleiðarnet	-408.348.656	-674.074.974
Endurmat á árinu 2002	14.330.834	
Hlutdeild í tapi ársins 2002.....	-63.565.181	-104.929.200
Endurmat ársins 2003.....	9.500.664	
Hlutdeild í tapi ársins 2003.....	-88.559.515	-142.970.418
Söluverð eignarhluta 2004	-258.498.969	-405.086.546
Hlutdeild í tapi 2004	-52.041.189	-81.552.300
Söluþap 2004.....	40.877.921	64.058.654
	0	
Samtals kaupverð.....	1.250.873.153	2.261.043.464
Samtals söluverð.....	-666.847.625	-1.079.161.520
Samtals fært á rekstur.....		-1.167.122.438
Samtals fært á rekstur á meðalverðlagi ársins 2010		-1.151.143.026

340 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2001.

13.4.1 Kaup á ljósleiðarakerfi Línu.Nets hf.

Frá árinu 2002 voru umræður um málefni fjarskipta og gagnaveitu mjög áberandi í störfum stjórnar fyrirtækisins, og jafnframt í fjölmiðlaumræðu. Má segja að ágreiningur hafi staðið annars vegar um hvort gagnaveita og fjarskipti ættu yfir höfuð að vera á starfssviði fyrirtækisins og hins vegar um kostnað og arðsemi þjónustunnar. Til viðbótar bættust við fjárfestingar í ljósleiðarakerfi, sem töluverður ágreiningur var um innan stjórnarinnar. Verður hér á eftir gerð grein fyrir þessum atriðum.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 8. október 2002 var lagður fram samningur frá 7. október 2002 milli Línu.Nets hf. og Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á ljósleiðaraneti Línu.Nets hf. Umræðu um samninginn var frestað til fundar sem fram fór þann 10. október 2002, þar sem samningurinn var lagður fram að nýju, ásamt samningi um leigu fyrir gagnaflutningstengingar í ljósleiðaraneti Orkuveitu Reykjavíkur til 20 ára.

[Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.]

Var kaupsamningurinn samþykktur með 4 atkvæðum, en fulltrúar Sjálfstæðisflokks greiddu ekki atkvæði. Af því tilefni var á það bent af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokks að í 7. gr. sameignarsamnings sveitarfélagana sem ættu Orkuveitu Reykjavíkur kæmi fram að fyrirtækinu væri heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni, en að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir færu fram úr 5% af höfuðstól á ári hverju þyrfti Orkuveita Reykjavíkur að fá fyrirfram samþykki allra eignaraðila. Þar sem eigið fé Orkuveitunnar hefði verið 34.935 millj.kr. um næstliðin áramót og umsamið kaupverð næmi 1.759 millj.kr., væri það 5.3% af eigin fé, og því yrði ekki séð annað en að Orkuveita Reykjavíkur hefði þurft að fá fyrirfram samþykki allra eignaraðila. Var af hálfu þeirra einnig bókað að:

„... Mikilvægt er að fá úr þessu skorid og í öllu falli er það edlilegt að kynna fyrir eignaraðilum þessar fyrirætlanir áður en farið er í þær. Athygli vekur að stjórnarformaður OR sem er líka stjórnarformaður LN sem og forstjóri OR sem einnig er stjórnarmaður í LN sitja fundi þegar að þessir samningar eru ræddir. Einnig kemur forstjóri OR og stjórnarmaður LN að samningum við LN með beinum hætti. Edlilegra væri að viðkomandi stjórnarmenn LN kæmu ekki að þessu máli enda augljóslega beggja vegna borðsins. Á síðasta fundi OR vék forstjóri af fundi þegar rétt var um tilboð Jarðborana í verk hjá OR enda stjórnarmaður í því fyrirtæki. Það sama hlýtur að eiga við í þessu máli. Eftirfarandi gögn og upplýsingar verða að liggja fyrir áður en að hægt er að taka afstöðu til þessara samninga ...“³⁴¹

Á það var jafnframt bent að árshlutareikningur Línu.Nets hf., hefði ekki verið lagður fyrir stjórn þótt upplýsingar úr honum hefðu birst í fjölmiðlum. Að auki lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram sundurliðaðar fyrirspurnir um viðskiptaáætlun fyrir ljósleiðara, m.a. um hverjar tekjur fyrirtækið myndi hafa af honum og kostnað þess að leggja ljósleiðarann og búnað honum tengdum, sem og heildarkostnað Orkuveitu Reykjavíkur af þeim framkvæmdum. Einnig var þess óskað að veittar yrðu upplýsingar um hver væri rekstrarkostnaður ljósleiðarakerfa. Þá var á það bent af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að í formála að samningi um leigu á gagnaflutningstengingum í ljósleiðaraneti Orkuveitu

341 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 10. október 2002.

Reykjavíkur segði að aðilar væru sammála um nauðsyn þess að frekari uppbygging ljósleiðarakerfisins ætti sér stað og að þeir myndu vinna í sameiningu að því að skipuleggja hvernig frekari uppbygging netsins gæti sem best þjónað því upphaflega markmiði með lagningu ljósleiðaranets í Reykjavík og nágrenni að sem flestir íbúar höfuðborgarsvæðisins gætu nýtt sér þjónustu í gegnum netið. Því hefði ekki verið svarað hvaða skuldbinding fælist í þessari yfirlýsingu sem og því sem fram kæmi í annarri grein samningsins þar sem segði að Orkuveita Reykjavíkur sæi um að „tengja og reka“ ljósleiðarasambönd fyrir leigutaka (dark fiber) og IP sambönd, sem og kostnað af umsaminni bilanavakt allan sólarhringinn.

Miklar umræður urðu á fundinum. Lýsti formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þeirri skoðun sinni að lagning ljósleiðarakerfis í Reykjavík væri eitt mesta framfaraspor í þróun fjarskipta sem stigið hefði verið á undanförunum árum, enda væri nútímaþjóðfélögum lífsnauðsyn að hafa aðgang að öflugu gagna- og upplýsingakerfi. Með tilkomu ljósleiðarakerfisins kæmist Reykjavík í fremstu röð í heiminum ef litið væri til gæða upplýsingaveitu og sæjust þess þá þegar merki í skólastarfi, þjónustu banka og í heilbrigðiskerfinu þar sem stórstígar framfarir hefðu orðið á sviði gagnaflutninga og upplýsingatækni á síðustu árum. Hins vegar var því andmælt að samþykki eigenda Orkuveitu Reykjavíkur hefði þurft til kaupanna, þar sem nýjar skuldbindingar vegna kaupanna væru í mesta lagi 1.350 millj. kr. þar sem ákveðinn hluti kaupverðsins, u.þ.b. 400 millj. kr., væri greiddur með hlutabréfum í Línu.Neti hf. Samkvæmt því væru þessar skuldbindingar langt undir þeim viðmiðunarmörkum sem kveðið væri á um í sameignarsamningi sveitarfélagana. Eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur væri 37 milljarðar samkvæmt 6 mánaða uppgjöri ársins 2002 og væru þessar skuldbindingar því einungis 3,6% af eigin fé. Ef miðað væri við eignir Orkuveitunnar væri skuldbindingin vegna ljósleiðarakerfisins 2,3% af eignum Orkuveitunnar.³⁴²

Um meint vanhæfi stjórnarformanns til þess að taka þátt í atkvæðagreiðslu á fundinum lét formaður stjórnar bóka að í 2. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 segði að um sérstakt hæfi sveitarstjórnarmanna og annarra þeirra sem starfa við stjórnarsýslu sveitarfélaga, færi eftir sveitarstjórnarlögum og því ætti 3. grein laganna þar af leiðandi ekki við þegar fjallað væri um hæfi sveitarstjórnarmanna til meðferðar máls. Um hæfi sveitarstjórnarmanna væri fjallað í 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, en í skýringum sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefði gefið út um setu sveitarstjórnarmanns í stjórn fyrirtækis, segði að stjórnarstaða eða seta í stjórn fyrirtækis eða félags geti einnig leitt til vanhæfis þegar sveitarstjórnin fjallar um mál sem varða fyrirtækið eða félagið sérstaklega. Þetta ætti þó ekki við ef viðkomandi sveitarstjórnarmaður sæti í stjórn viðkomandi fyrirtækis eða félags sem fulltrúi sveitarfélagsins, þ.e. hefur verið kjörinn til þess af sveitarstjórninni eða situr t.d. í stjórn hlutafélags eingöngu í krafti hlutafáreignar sveitarfélagsins.

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir endanlegar fjárhæðir vegna kaupa Orkuveitunnar á ljósleiðarakerfi o.fl. frá Línu.Net hf. Eins og sést á yfirlitinu er greiðslan í formi yfirtekinnna skulda að fjárhæð um 1,3 millj.kr. annars vegar og hins vegar í formi hlutabréfa í Línu.Neti hf. að fjárhæð um 408 millj. kr. Kaupverðið á öllum eignunum nemur um 2.903 millj.kr. framreiknað til árslokaverðlags 2010.

342 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 10. október 2002.

Yfirlit yfir kaup Orkuveitunnar á ljósleiðaraneti o.fl.

	Verðlag 2002	Árslokaverðlag 2010
Kaupverð ljósleiðaranets	1.661.284.947	2.742.339.397
Kaupverð hlutabréfa í Rafmagnslínu ehf.	41.453.070	68.427.988
Víkjandi lán, Rafmagnslína ehf.	56.073.882	92.563.059
	1.758.811.899	2.903.330.444
Greiðsla:		
Hlutabréf í Línu.Net hf.	408.348.656	674.074.974
Yfirtekin langtímalán	817.387.120	1.349.288.637
Yfirtekin skammtímalán	533.076.123	879.966.833
	1.758.811.899	2.903.330.444

Umræður á fundinum þann 10. október 2002 héldu áfram og létu fulltrúar Sjálfstæðisflokks bóka að :

„Saga Línu.Nets hf. og tengdra fyrirtækja er að öllum líkindum mesta pólitíska klúður seinni ára. Ekkert af þeim markmiðum sem að sett voru í upphafi hafa gengið eftir og eftir þennan síðasta gjörningstjórnar Orkuveitunnar eru fjárútlát hennar vegna Línu.Net hf. og tengdra fyrirtækja orðin 3200 milljónir króna. Það var sérstaklega tekið fram við stofnun fyrirtækisins að hlutafé yrði að hámarki 200 milljónir ... Engar viðskiptaáætlanir voru lagðar fram þegar að meirihluti stjórnar lagði til að gengið yrði frá kaupum á ljósleiðara Línu.Nets hf. og tengdum kerfum og var það athyglisvert að á sama fundi voru uppi hugmyndir um að setja 4 milljónir í lítið fyrirtæki. Í því tilfelli lágu fyrir viðskiptaáætlanir sem að hagdeild Orkuveitunnar hafði farið yfir og gefið samþykki sitt fyrir. En í tilfelli fjárfestingar í ljósleiðara Línu.Nets hf. sem hljóðaði upp á litlar 1800 milljónir króna voru engar áætlanir, engar upplýsingar um kostnað vegna reksturs kerfisins eða skuldbindinga vegna samninga sem að gerðir voru í tengslum við þessi kaup. Slíkur var hamagangurinn að samningur sem sendur var stjórnarmönnum í gærkvöldi var samþykktur í dag, og beiðnum sjálfstæðismanna um frestun var hafnað. Það er augljóst að Línu.Net hf. er á barmi gjaldþrots og það þurfti að losa það fyrirtæki við skuldir og rekstrarkostnað hið snarasta. Þeim kostnaði var velt yfir á borgarbúa. Það að kaupa kerfi Línu.Net hf. fyrir tæplega 1800 milljónir króna er björgunaraðgerð sem hefur það eina markmið að forða félaginu frá gjaldþroti. Einnig er þetta staðfesting á því að ekki er hægt að selja fyrirtækið á frjálsum markaði eins og stefnt var að í upphafi. Vinnubrögðin við kaupin bera þessa merki. Kaupverðið er 5,3% af eigin fé Orkuveitunnar um síðustu áramót en þrátt fyrir það er allt reynt til að sleppa við að kynna þessar fyrirætlanir fyrir eigendum félagsins. Ef að forsvarsmenn R-listans tryðu því sjálfir að verið væri að fara út í þessar aðgerðir til að stofna „fjórðu“ veituna þá myndu þeir væntanlega gladdir kynna þessa „ánægjulegu“ aðgerðir fyrir eigendum Orkuveitunnar, en sú er ekki raunin. Þeir sem standa að þessum samningum eru beggja vegna borðsins eins og áður hefur verið nefnt. Alfred Þorsteinsson er bæði stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur og Línu.Nets hf., en þrátt fyrir það taldi hann engin tormerki á að taka þátt í meðferð málsins. Hér er um að ræða augljósan hagsmunaárekstur þar sem að stjórnarformaðurinn lætur lönd og leið sjónarmið um vandaða og eðlilega stjórnsýsluhætti ...“³⁴³

Framangreindu var mótmælt af hálfu formanns stjórnar og bókað að ástæðulaust væri að elta ólar við þráhyggju Guðlaugs Þórs Þórðarsonar stjórnarmanns í Orkuveitu Reykjavíkur. Vinnubrögð hans gagnvart dótturfyrirtækinu Línu.Neti hf. hefðu frá upphafi einkennst af innantómum upphrópunum, en lítið farið fyrir málefnalegri gagnrýni. Teldi stjórnarmaðurinn að fjármunum Orkuveitunnar hefði verið illa varið með uppbyggingu ljósleiðarakerfis, sem m.a. þjónaði skóla- og heilbrigðisstofnunum, bankakerfinu, ráðuneytum og rannsóknarstofnunum, auk smærri fyrirtækja og fjölda einstaklinga, yrði hann að eiga það við sjálfan sig. Hins vegar mætti benda stjórnarmanninum á hörmulega fjárfestingu á árum áður undir stjórn flokksbræðra hans, þegar Perlan var byggð fyrir 2,5 milljarða króna og 100 milljón króna meðgjöf á ári s.l. 10-12 ár, en Perlan hefði verið óseljanleg um nokkurt skeið og hafi alla tíð verið baggi á skattgreiðendum og yrði það sjálfsgagt áfram, ef ekki tækist að losna við hana. Á þessum tveimur fjárfestingum, þ.e. Línu.Net hf. annars vegar og Perlunni hins vegar væri því reginmunur Línu.Neti hf. ótvírætt í hag. Þessu var mótmælt af hálfu fulltrúa sjálfstæðismanna í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og bent á að verð á gagnaflutningum hafi lækkað um allan heim án þess að sveitarfélög hafi farið í áhætturekstur í fjarskiptafyrirtækjum, og þótt upplýst hafi verið af hálfu formanns stjórnar að félagið Lína.Net hf. stefndi á 400 milljóna króna veltu hefðu engin gögn um fyrirtækið verið lögð fram í stjórninni, en hins vegar hafi komið fram í fjölmiðlum að tapið af rekstri Línu.Net hf. fyrstu 8 mánuði ársins hafi verið rúmlega 90 milljónir króna.

Á næsta fundi stjórnar þann 5. nóvember 2002 var lagt fram bréf frá einum þáverandi eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, Garðabæ, þar sem fjallað var um heimild stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur til þess að skuldbinda félagið, þ.e. svokallaða 5% reglu. Í bréfi bæjarstjóra Garðabæjar dags. 18. október 2002 kom m.a. fram að:

„... fjárhagslegar skuldbindingar og ábyrgðir Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2002 ... Ef lítið er svo á að fjárhagslegar skuldbindingar vegna kaupa á ljósleiðaraneti Línu.Nets hf., sem nema um 1760 m.kr. (5% af eigin fé) sé að hluta til eldri skuldbinding, sem ekki falli innan reikningsársins, óskar bæjarstjórn Garðabæjar eftir því að OR sýni fram á að skuldbindingin hafi formlega verið stofnuð á fyrra reikningsári og verið skuldbindandi frá þeim tíma. Mikilvægt er að eigendur Orkuveitu Reykjavíkur séu vel upplýstir um starfsemi fyrirtækisins og er stjórn OR hvött til að veita eigendum upplýsingar um veigamiklar ákvarðanir fyrirtækisins.“³⁴⁴

Af því tilefni lagði formaður stjórnar fram eftirfarandi tillögu, sem var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn tveimur:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur telur að ekki hafi verið gengið út fyrir heimildir stjórnar við skuldsetningar á fyrirtækinu. Eðlilegt er að leggja sama skilning í 1. grein laga og 7. grein sameignarsamnings um Orkuveitu Reykjavíkur og í 14. grein laga um Landsvirkjun en þessar greinar eru samkynja. Löng hefð er fyrir því að Landsvirkjun ber einungis lántökur sem eigendur bera ábyrgð á til langs tíma undir

344 Bréf bæjarstjórans í Garðabæ til Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 18. október 2002. Upp úr því spunnust deilur milli eigenda sem lauk með því að Orkuveita Reykjavíkur keypti hluta Garðabæjar í Orkuveitu Reykjavíkur, en fram á það var farið með bréfi Garðabæjar, dags. 4. nóvember 2002. Sjá einnig <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/694191/> frétt, dags. 23. október 2002, þar sem bæjarstjórnin í Garðabæ lýsir þeirri skoðun bæjarins að 5% reglan taki til heildarskuldbindinga Orkuveitu Reykjavíkur á hverju starfsári, en ekki einnar einstakrar skuldbindingar.

eigendur en skammtíma fjármögnun og einstakar ákvarðanir stjórnar eru ekki bornar undir eigendur sérstaklega. ... Benda má á að rafmagnskaup Orkuveitunnar af Landsvirkjun nema um 3 milljörðum á ári og þurfa því samkvæmt víðasta skilningi að berast undir alla eigendur og þá væntanlega sala orkunnar einnig frá Landsvirkjun
...³⁴⁵

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfðu óskað eftir því að málinu yrði frestað, en við því var ekki orðið af hálfu formanns stjórnar. Létu þeir þá bóka að þeir „mótmæltu harðlega þeim vinnubrögðum“ meirihluta stjórnarinnar, þar sem þær aðferðir sem valdar voru með þessari tillögu og óeðlilegri afgreiðslu hennar stuðluðu ekki að sátt meðal stjórnarinnar. Á sama fundi óskuðu fulltrúar sjálfstæðismanna eftir upplýsingum um auglýsingakostnað Orkuveitu Reykjavíkur og Línu.Nets hf. frá byrjun árs 2002, auk þess sem þeir óskuðu þess að árshlutareikningar Línu.Nets hf. yrðu kynntir formlega fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sem allra fyrst. Þessari gagnabeiðni var svarað með framlagningu gagna á fundi þann 26. nóvember 2002.

Enn var óskað eftir upplýsingum um reikninga Línu.Nets hf. af hálfu fulltrúa sjálfstæðismanna á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 21. janúar 2003. Í tengslum við umræður um flýtiframkvæmdir á vegum Orkuveitu Reykjavíkur á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 4. mars 2003, óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks eftir því, að fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur yrði lögð áætlun um framkvæmdir við dreifikerfi ljósleiðara eins og fyrir rafmagn, heitt og kalt vatn og að stjórn yrði upplýst um hvaða lagaheimild væri að baki umsvifa fyrirtækisins á þessu sviði. Á fundinum kvörtuðu fulltrúar sjálfstæðismanna jafnframt undan skorti á upplýsingum til stjórnarmanna Orkuveitu Reykjavíkur og vísuðu í því efni til minnisblaðs um stöðu stjórnarmanna sem borgarlögmaður hafði lagt fram og kynnt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Var til þess vísað af hálfu minnihluta stjórnar að í lögum um hlutafélag væri gert ráð fyrir ríkri skyldu til að upplýsa stjórnarmenn um alla þætti í starfsemi viðkomandi fyrirtækis, og sérstaklega tekið fram að stjórn dótturfélags skyldi gefa móðurfélagi allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar væru um mat á fjárhagsstöðu samstæðunnar og starfsemi hennar. Bentu þeir á að þrátt fyrir ítrekaðar óskir hefðu reikningar dótturfyrirtækja Orkuveitu Reykjavíkur, til að mynda Línu.Nets hf., ekki verið lagðir fyrir stjórn Orkuveitunnar. Var á það bent að Orkuveita Reykjavíkur stæði frammi fyrir stórum, nýjum og brýnum verkefnum, sem mikilvægt væri að framkvæma á skipulegan hátt og í samráði við samhenta stjórn fyrirtækisins. Þar til upplýst yrði um þá þætti, sem að ofan greindi, ríkti trúnaðarbrestur innan stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur sem ekki myndi hverfa nema brugðist væri við óskum stjórnarmanna um upplýsingar.³⁴⁶

Þessu var mótmælt af hálfu stjórnarformanns og tekið fram að stjórnarmenn Orkuveitu Reykjavíkur hefðu aðgang að þeim upplýsingum um dótturfyrirtæki Orkuveitunnar, sem þeir óskuðu eftir og því væri bókun sjálfstæðismanna ekki á rökum reist. Var jafnframt lagður fram árshlutareikningur Línu.Nets hf. fyrir janúar – september 2002. Af tilefni framangreindrar bókunar var á fundi Orkuveitu Reykjavíkur þann 11. apríl 2003 lögð fram umsögn borgarlögmanns dags. 10. apríl 2003 um bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um dreifikerfi ljósleiðara. Fram kom í umsögn borgarlögmanns að lög um stofnun Orkuveitu Reykjavíkur hefðu að geyma víð-

345 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 5. nóvember 2002.

346 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 4. mars 2003.

1. gr. laga nr. 139/2001 „Tilgangur Orkuveitu Reykjavíkur er vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsókni, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að reka dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum.“

Guðlaugur Þór Þórðarson: „Þetta var endalaus eltingaleikur. Það var ekki uppýst um kostnað og fyrirætlunir eins og eðlilegt er að gera með opinbert fyrirtæki í eigu og á ábyrgð skattgreiðenda. Ég og fleiri reyndum með fyrirspurnum að ná fram upplýsingum en það gekk ekki vel að fá skýr svör, það var alltaf verið að fela hluti. Ég var ásakaður um þráhyggju í ræðu og riti í mörg ár og ýmsar leiðir farnar til að reyna að gera mig tortryggilegan og til að fá mig til að hætta. Traust á milli meiri- og minnihluta var í algeru lágmarki.“

tæka heimild til umsvifa og starfa á samkeppnismarkaði, en að gæta þyrfti þess að sá rekstur væri ekki niðurgreiddur af einkaréttar- eða verndaðri starfsemi. Vísaði borgarlögmaður í umsögn sinni til 2. gr. laga nr. 139/2001 og 5. gr. reglugerðar um Orkuveitu Reykjavíkur, nánar til tekið til 3. og 4. mgr. þar sem fram kemur að rekstur deilda Orkuveitunnar skyldi aðgreindur reikningslega og fjárhagslega, auk þess sem þess skyldi gæta að samkeppnisrekstur væri ekki niðurgreiddur. Á fundi stjórnarinnar urðu umræður um umsögnina og var ákveðið að fá borgarlögmann á fund stjórnar til að skýra umsögn hans nánar. Borgarlögmaður kom á næsta fund stjórnarinnar sem fram fór þann 16. maí 2003, og gerði þar grein fyrir umsögninni. Taldi hann lagaheimild vera til rekstrar ljósleiðarakerfis á vegum Orkuveitunnar. Að auki var á fundinum lagður fram ársreikningur Línu. Nets hf. fyrir árið 2002 auk þess sem framkvæmdastjóri félagsins kom á fund stjórnarinnar og gerði grein fyrir ársreikningnum.

Í kjölfar framangreinds var þess óskað af hálfu stjórnarmanna Sjálfstæðisflokksins í Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi yrði bókað:

„Orkuveitu Reykjavíkur er ætlað það hlutverk lögum samkvæmt, að vinna og framleiða raforku, varma og vatn auk þess að dreifa og selja afurðir fyrirtækisins. Fyrirtækið stóð að Línu.Neti hf. á þeirri forsendu, að um væri að ræða nýtingu raforku og dreifikerfis vegna hennar. Rekstur Línu.Nets hf. þróaðist á þann veg að fyrirtækið tók að leggja ljósleiðara, dreifikerfi, sem tengist, hvorki raforku, varma né vatni. Í reikningum Línu.Nets hf. fyrir árið 2002 kemur fram, að rekstrartap fyrirtækisins var tæpar 37 milljónir króna, tap fyrir fjármagnsliði 235 milljónir króna, tap fyrir skatta 184 milljónir króna. Tap samkvæmt rekstrarreikningi var 157 milljónir króna 2002 en 172 milljónir króna 2001 eða samtals: 329 milljónir króna þessi tvö ár. Árið 2001 varð að greiða 300 milljónir króna með rekstri Línu. Nets hf. og 101 milljón króna árið 2002 eða samtals 401 milljón króna. Stjórnarmenn Sjálfstæðisflokksins í Orkuveitu Reykjavíkur mótmæla því eindregið, að fjármunum fyrirtækisins sé ráðstafað í slíkan taprekstur. Þá láta þeir í ljós efasemdir um lögmæti þess, að Orkuveita Reykjavíkur standi að rekstri ljósleiðarakerfis. Umsögn borgarlögmanns dags. 10. apríl 2003 vegna bókonar stjórnarmanna Sjálfstæðisflokksins frá 4. mars 2003 tekur ekki af tvímæli um það efni efni“³⁴⁷

Til viðbótar lagði stjórnarmaðurinn Guðlaugur Þór Þórðarson fram fyrirspurnir um tiltekin atriði varðandi ársreikning Línu.Nets hf. fyrir árið 2002, þar á meðal hvort forsvarsmenn félagsins teldu að bókfært verð eigin fjár félagsins endurspegladi raunverulegt verðmæti þess. Í kjölfar framangreindrar fyrirspurnar óskaði formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þess að bókað yrði að í framangreindri fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur kæmi fram ótrúleg vanþekking á uppbyggingu veitufyrirtækja almennt. Eðli málsins samkvæmt tæki það mörg ár fyrir fjárfestingar í veitum að skila sér til baka og sannleikurinn væri sá, að ljósleiðarakerfi Línu.Nets hf., sem nú væri í eigu Orkuveitunnar og væri rekin sem fjórða veitan í fyrirtækinu, myndi skila eigendum sínum hagnaði þegar fram liðu stundir. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 3. júní 2003 voru lögð fram svör við fyrirspurnum stjórnarmanna Sjálfstæðisflokksins frá fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 16. maí 2003 og á fundi þann 9. desember 2003 var lagt fram bréf aðstoðarforstjóra Orkuveitu Reykjavíkur frá 4. desember um sameiningu dótturfélaga við Orkuveitu

Reykjavík og slit á félögum þar sem m.a. var lagt til að einkahlutafélagið Rafmagnslína yrði sameinað Orkuveitu Reykjavíkur og var tillagan samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur. Af því tilefni óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks eftir að bókað yrði:

„Staðfesting á skipbroti. Í júnímánuði árið 1999 flutti borgarfulltrúi Samfylkingarinnar tillögu um að stofna fyrirtækið Línu.Net hf. Hugmyndin var að flytja tölvuboð í gegnum rafmagnslínur. Stórvörðin voru ekki spöruð og fullyrt var í ræðu í borgarstjórn að tæknin myndi „margfalda þann hraða sem Reykvíkingar munu fara inn í upplýsingaöldina“. Staðhæft var að málið hafi verið „þaulkannað“ markaðslega og tæknilega og hér yrði á ferðinni „ágætlega arðbært fyrirtæki“ eins og það var orðað. Í borgarstjórninni var það kynnt að kostnaðurinn væri ekki umtalsverður þar sem að ekki yrði sett nema allt að 200 milljónum í fyrirtækið sem að seinna átti að verða almenningshlutafélag með dreifðri eignaraðild. Það er skemmt frá því að segja að ekkert af þessu gekk eftir og Línu.Net hf. ávintýrið er búið að kosta eigendur OR þúsundir milljónir króna. ... Fulltrúar sjálfstæðismanna telja það ekki hlutverk Orkuveitunnar að standa í slíkum rekstri.“³⁴⁸

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 6. júlí 2004 óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur enn eftir tilteknum gögnum, þar á meðal skýrslu endurskoðanda vegna ársreikninga Línu.Nets hf. og Rafmagnslínu ehf. frá upphafi og skýringar á einstökum liðum ársreikninga, svo sem um rekstrartekjur, sölu símkerfis, afföll af skuldabréfi o.fl.

Á fundi stjórnar 24. ágúst 2004 voru viðskipti við Og Fjarskipti hf. til umræðu, en á fundi stjórnarinnar var lögð fram viljayfirlýsing dags. 23. ágúst 2004 milli Orkuveitu Reykjavíkur og Og Fjarskipta hf. (Vodafone). Eftir umræður á fundi stjórnarinnar var ákveðið að fresta frekari meðferð hennar og jafnframt ákveðið að halda sérstakan fund um viljayfirlýsinguna. Á fundinum var einnig lagt fram minnisblað frá Birgi Finnbogasyni löggiltum endurskoðanda dags. 17. ágúst 2004 þar sem svar var gefið við hluta spurninga Guðlaugs Þórs Þórðarsonar frá fyrri stjórnarfundum um Rafmagnslínu ehf., auk þess sem forstjóri Línu.Nets hf. kom á fundinn og svaraði fyrirspurnum frá síðasta stjórnarfundum. Í minnisblaði Birgis Finnbogasonar kom m.a. fram að í stjórn Rafmagnslínu ehf. sætu Guðmundur Þóroddsson stjórnarmaður og Eiríkur Bragason varamaður. Jafnframt kom fram að uppsafnað tap Rafmagnslínu ehf. um 57 millj.kr. myndi ekki nýta Orkuveitunni þar sem fyrirtækið væri ekki skattskyld. Afföll skuldabréfs voru skýrð með því að Lína.Net hf. hefði skuldað Rafmagnslínu ehf. kúlulán sem greiða átti 15. janúar 2008, en bréfið var hins vegar greitt upp að fullu í lok árs og því hafi myndast afföll upp á tæpar fimmtán millj.kr.

13.4.2 Samningur við Og Fjarskipti hf.

Á árinu 2004 var kynntur fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samningur við Og Fjarskipti hf.³⁴⁹

[Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.]

„Gagnaflutningar um rafdreifikerfi Orkuveitu Reykjavíkur var eitt af upphaflegum markmiðum Línu.Nets en með þeirri tækni er mögulegt að vera í stöðugu netsambandi í gegnum rafmagnsinnstungu. Rafslínur milli spennistöðva og heimila tengja þannig heimilin við ljósleiðaranetið sem liggur milli spennistöðva. Tengingin er einföld, móttakari í húsinu sendir boð í spennistöðina og með henni er hægt að fá síma- og netþjónustu en ekki sjónvarpsefni og fleira sem ljósleiðaratenging býður upp á. Tilraunir Línu.Nets til slíkra tenginga áttu að hefjast í september 1999 í samstarfi við fyrirtækið Nor.Web Ltd., sem hafði unnið að þróun slíkrar tækni. Ekki vildi betur til en svo að þegar stutt var í að prófanir hæfust í Reykjavík, var tilkynnt um að rekstri Nor.Web, sem var í eigu breska raforkufyrirtækisins United Utilities, og kanadíska fjarskiptafyrirtækisins Nortel Networks, yrði hætt og samningum fyrirtækisins rift. Ákvörðunin var sögð tekin í ljósi slæmrar samkeppnisstöðu gagnaflutninga um rafdreifikerfi gagnvart gagnaflutningi um breiðband. Samningsliit Nor.Web seinkuðu þessu verkefni Línu.Nets umtalsvert en þær 30 milljónir króna sem fyrirtækið hafði lagt til tilraunaverkefnisins fengust síðar endurgreiddar að fullu. Gengið var til samninga við tvö önnur fyrirtæki í ársbyrjun 2000, það voru svissneska fyrirtækið Ascom og þýska fyrirtækið Siemens. Töku þeir samningar ekki aðeins til gagnaflutninga heldur einnig til talflutnings um rafslínur. Í kjölfar prófana var ákveðið sl. vor að kaupa búnað Ascom enda þóttu þeir standa Siemens framar. Jafnframt var ráðist í stofnun sérstaks fyrirtækis, Rafmagnslínu, um markaðssetningu og uppbyggingu tenginganna frá spennistöðvum í hús. Orkuveitan keypti helmingshlut í hinu nýja fyrirtæki fyrir 40 milljónir króna til verkefnisins en ákveðið var að bjóða þjónustuna fyrst á nokkrum takmörkuðum svæðum og auka þjónustusvæðið í áföngum. Í dag eru um 30 spennistöðvar með búnað til gagnaflutninga og notendum fer fjölgandi.“ Morgunblaðið 8. nóvember 2001 http://www.mbl.is/greinasafn/grein/635838/?item_num=231&dags=2001-11-08

348 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 9. desember 2003.

349 Hér eftir vísað til þess sem Og Fjarskipti hf., en fyrirtækið er nú rekið undir nafninu Vodafone (Fjarskipti ehf.).

Samningurinn var þó kynntur stjórn með nokkuð skömmum fyrirvara. Fundur stjórnar um samning Orkuveitu Reykjavíkur við Og Fjarskipti hf. fór fram 26. ágúst 2004. Fyrir fundinn höfðu stjórnarmenn Sjálfstæðisflokks boðað að þeir myndu senda forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur skriflegar spurningar, og var á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 26. ágúst 2004 lagður fram tölvupóstur Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur, sem voru fjarverandi á fundinum, til Guðmundar Þór-oddssonar dagsettur 26. ágúst 2004, svohljóðandi:

„Á stjórnarfundum þann 24. ágúst féllust fulltrúar Sjálfstæðisflokksins á að mæta á fund þann 26. ágúst kl. 8.00 til að afgreiða viljayfirlýsingu við Og Vodafone gegn því fá skrifleg svör við spurningum á miðvikudeginum þann 25. ágúst og aðrar þær upplýsingar sem beðið var um bæði skriflega og á fundi stjórnar. Um er að ræða flóknar samningaviðræður sem stjórn hafði fengið mjög lítinn tíma til að greina og fela í sér fjárhæðir sem nema milljörðum króna. Komid hefur fram að stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur Alfred Þorsteinsson ætla ekki standa við það sem um var samið á síðasta stjórnarfundum. Á þessu kjörtímabili hefur það reynst ótrúlega erfitt fyrir fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í stjórn Orkuveitunnar að fá upplýsingar um málefni er snúa að Línu.Net hf. og tengdum fyrirtækjum. Það hefur jafnvel tekið marga mánuði að fá slíkar upplýsingar ef að þær hafa þá yfir höfuð fengist. Þessi vinnubrögð eru í algærru andstöðu við þá stjórnsýslu sem viðhöfð er hjá öðrum ráðum og nefndum borgarinnar og þá meginreglu sem viðhöfð er í stjórnunum fyrirtækja að stjórnarmenn fái fljótt og örugglega þær upplýsingar sem óskað er eftir. Það liggur fyrir að ábyrgð stjórnarmanna í Orkuveitu Reykjavíkur er mikil og er sambærileg við ábyrgð stjórnarmanna í hlutafélögum samkvæmt mati fyrrverandi borgarlögmans og núverandi lögmans Orkuveitu Reykjavíkur. Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir borgarbúa og hrein vanvirða við íbúa borgarinnar og eigendur Orkuveitunnar að láta stjórnarmönnum ekki í té umbeðnar upplýsingar sérstaklega þegar um er að ræða milljarða hagsmuni. Við sættum okkur ekki við þessi vinnubrögð og undir fyrrgreindum kringumstæðum er útilokað fyrir undirrituð að mæta á boðaðan stjórnarfund.“³⁵⁰

Af framangreindu tilefni lét meirihluta stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur bóka um undrun sína á fjarveru fulltrúa sjálfstæðismanna á stjórnarfundum sem haldinn var sérstaklega að þeirra beiðni til að gefa frekari upplýsingar um viljayfirlýsingu Orkuveitunnar og Og Fjarskipta hf. Var tekið fram í fundargerðinni að svör við skriflegum fyrirspurnum sjálfstæðismanna hefðu verið send út fyrir fundinn auk þess sem 6 mánaða uppgjör Línu.Nets hf. hafi verið lagt fram. Stjórnarmenn Orkuveitunnar hefðu því fengið upplýsingar um málefni Línu.Nets hf. langt umfram það sem stjórnarmenn í fyrirtæki ættu kröfu á um önnur fyrirtæki, jafnvel þótt um dótturfyrirtæki væri að ræða. Þá var því einnig mótmælt að óeðlilegur dráttur væri á afhendingu upplýsinga, enda hefðu stjórnarmenn fengið afhent uppgjör og milliuppgjör Línu.Nets hf. jafnvel þótt milliuppgjör væru ekki opin gögn hjá því fyrirtæki. Þá hefðu stjórnarmenn einnig fengið afhentar viðskiptaáætlanir og viðskiptamannalista Línu.Nets hf., sem væri vel umfram þá upplýsingaskyldu sem hvíldi á fyrirtækinu. Réttara væri því að segja að upplýsingar til stjórnarmanna Orkuveitu Reykjavíkur um innri málefni Línu.Nets hf. hefði verið langt um fram það sem tíðkast, en einu upplýsingarnar sem um hefði verið beðið og fulltrúar Sjálfstæðisflokks hefðu ekki

350 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 26. ágúst 2004.

fengið væru skýrslur endurskoðanda til stjórnar Línu.Nets hf. frá upphafi sem að mati endurskoðanda Línu.Nets hf. væri óeðlilegt að afhenda öðrum en stjórnarmönnum Línu.Nets hf.

Fundi var síðan haldið áfram og lögð fram drög að árshlutareikningi Línu.Nets hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2004 sem og svör við spurningum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 24. ágúst 2004. Þá var að nýju lögð fram viljayfirlýsing dags. 23. ágúst 2004 milli Orkuveitu Reykjavíkur og Og Fjarskipta hf. um samstarf við ljósleiðaravæðingu og var hún samþykkt. Að því loknu var lagt fram bréf Samkeppnisstofnunar dags. 24. ágúst 2004 vegna viljayfirlýsingar Orkuveitu Reykjavíkur og Og Fjarskipta hf. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 21. september 2004 var lagt fram samkomulag milli Orkuveitu Reykjavíkur, Og Fjarskipta hf., Norðurljósa hf. og 24. tíma ehf. um að kanna kosti ljósleiðaralagna á þjónustuvæði Orkuveitu Reykjavíkur,³⁵¹ auk draga að samningi milli Orkuveitu Reykjavíkur og Og Fjarskipta hf. ásamt þremur fylgiskjölum dagsettum í september 2004.

[Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.]

Ennfremur var lögð fram arðsemisgreining á samningsdrögunum.

[Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.]

Fram kom í samningnum að Samkeppnisstofnun hefði fyrirhugað samstarf fyrirtækjanna til skoðunar og hefði beðið um frekari gögn og skýringar, en niðurstaða skoðunar samkeppnisyfirvalda ætti þó ekki að leiða til krafna aðilanna á hendur hvor öðrum samkvæmt samkomulaginu.

Var gengið til atkvæðagreiðslu um fyrirleggjandi samningsdrög og voru þau samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum, en fulltrúar Sjálfstæðisflokks sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Við framangreinda sölu og afgreiðslu málsins á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 21. september 2004 létu fulltrúar Sjálfstæðisflokks bóka að:

„Línu.Net hf. leggur upp laupana.

Samningur OR við Og Vöðafone kemur ekki á óvart, öllum hefur verið ljóst um langan tíma að fyrirtækið hefur ekki rekstrargrundvöll. Drátt fyrir ítrekaðar björgunaraðgerðir með almannafé án árangurs hefur meira að segja R-listinn áttað sig á því að þetta er búið spil. Síðasti ársreikningur sýndi svo ekki var um villst að dæmið var vonlaust. Eftir að Línu.Net hf. heyrir sögunni til er Orkuveitan ekki með neitt fjarskiptafyrirtæki á sínum vegum. Þegar að umsvifin voru mest voru sveitarstjórnarmenn R-listans að reka þrjú fyrirtæki á samkeppnismarkaði, Línu.Net hf., TETRA-Ísland og Rafmagnslínu. Öll fyrirtækin eiga upptök sín í Línu.Net hf. sem var upphaflega stofnað til að flytja tölvubod í gegnum rafllínur og í fyrirtækið átti að setja að hámarki 200 milljónir. Fyrirtækið átti að fara á markað ekki seinna en árið 2001. Nú tekur Og Vöðafone fyrirtækið yfir með gríðarlegum kostnaði fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. ... Það er í sjálfu sér gleðilegt að R-listinn hafi séð að sér og hafi endanlega gefist upp á að reka fyrirtæki á þessu sviði enn gallinn er sá að reikningur fyrir stórveldisdrauma borgarfulltrúa R-listans var sendur til skattgreiðenda í Reykjavík.“³⁵²

351 Samkomulag, dags. 15. september 2004.

352 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21. september 2004.

Af framangreindu tilefni létu stjórnarmennirnir Alfreð Þorsteinsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Tryggvi Friðjónsson og Guðmundur Páll Jónsson bóka að:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur staðfest í dag samning við OgVodafone þar sem Orkuveita Reykjavíkur tryggir til framtíðar tekjur af fjárfestingu í ljósleiðaraneti sínu. Arðsemi verkefnisins er mjög ásettannleg. Með þessum samningi hefur Orkuveita Reykjavíkur tryggt framgang fjórðu veitunnar. Öllum gífurðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur vegna þessara samninga er vísað til föðurhúsanna.“³⁵³

Að því búnu var lagt fram bréf Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur um ítrekun á fyrirspurnum, og einnig lagt fram svarbréf Alfreðs Þorsteinssonar og Guðmundar Þóroddssonar frá 21. september 2004 við fyrirspurnum Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur frá 30. ágúst 2004. Í framangreindu svari kom m.a. fram vegna fyrirspurnar um viðskiptaáætlun vegna lagningar ljósleiðara til Hveragerðis að ekki hefði verið áætlað að leggja ljósleiðara sérstaklega til Hveragerðis, en ljósleiðari Orkuveitunnar lægi hins vegar um Hveragerði á leið sinni til Vestmannaeyja, en til væri viðskiptaáætlun um tekjur og kostnað af tengingu aðila í Hveragerði. Þá var upplýst að áætlaður kostnaður af lagningu ljósleiðara í þremur áföngum í Hveragerði yrði samtals 40,5 milljónir. Að auki var lögð fram endurskoðunarskýrsla dagsett 12. febrúar 2004 við ársreikning Línu.Nets hf. fyrir árið 2003. Af því tilefni lögðu Guðlaugur Þór Þórðarson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir fram fyrirspurn til forstjóra, m.a. um hver væri kostnaður Orkuveitunnar vegna Digital Reykjavík, hvort einhver stjórnarmanna meirihlutans eða lykilstarfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur ættu hluti eða kauprétti í Og Vodafone, auk ítarlegra fyrirspurna um samning Orkuveitu Reykjavíkur við fyrirtækið Sensa, sem hafði lýst yfir vilja til að taka að sér að leggja ljósleiðara á um 80 þúsund heimili til samræmis við þær áætlanir fyrirtækisins um lagningu ljósleiðara sem stjórnarmönnum höfðu þá verið kynntar. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um hvers vegna ekki hefði farið fram umræða um þessa fjárfestingu á vettvangi stjórnar fyrirtækisins. Að auki óskuðu stjórnarmennirnir eftir því að endurskoðendur Orkuveitu Reykjavíkur upplýstu um hver væri heildarfjárfesting Orkuveitu Reykjavíkur í ljósleiðurum og tengdum kerfum, sundurliðað eftir því hvort um hefði verið að ræða fjárfestingu á vegum fyrirtækisins eða kaup af öðrum, sem og upplýsinga um heildarrekstrargjöld og tekjur Orkuveitunnar og dótturfyrirtækja við rekstur ljósleiðarakerfisins til dagsins í dag.

Samningur við Sensa var til umræðu á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. október 2004 þar sem lögð var fyrir stjórn tillaga dags. 19. október 2004 um að forstjóra yrði veitt heimild til þess að ganga til viðræðna við Akraneskaupstað um lagningu ljósleiðaranets á Akranesi, og að stefnt skyldi að því að samningsgerð vegna verksins yrði lokið eigi síðar en 20. nóvember 2004 auk þess sem samþykkt var að heimila forstjóra að taka þátt í útboði sem Seltjarnarnesbær hafði auglýst um lagningu ljósleiðaranets í samstarfi við Seltjarnarnesbæ. Á fundinum var einnig lögð fram tillaga dags. 18. október 2004 þar sem lagt var til að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti að heimila forstjóra að ganga frá samningi við Sensa á grundvelli viljayfirlýsingar sem þegar hafði verið kynnt fyrir stjórn. Var tekið fram að frá samningi yrði fyrst gengið þegar samningur um lagningu ljósleiðara á Akranesi hefði verið undirritaður og/eða við Seltjarnarnesbæ. Var tillagan

353 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21. september 2004.

samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum, en fulltrúar Sjálfstæðisflokks greiddu ekki atkvæði. Í greinargerð með tillöguinni kom fram að lagning ljósleiðara í Akranesi og hugsanlega Seltjarnaresbæ fæli í sér að nauðsynlegt væri að ganga frá samningi við Sensa um búnað og netstýrikerfi fyrir fyrsta áfanga, um 5.000 viðskiptavini. Fram kom að:

[Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.]

Loks voru lögð fram á fundinum svör við fyrirspurnum Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur frá 21. ágúst 2004 um samninga við Sensa o.fl. dags. 16. september 2004. Í minnisblaði ytri endurskoðanda dags. 16. október 2004 var frá því greint að heildarfjárfestingar í ljósleiðurum og tengdum kerfum væru annars vegar ljósleiðarakerfi keypt frá Línu.Net hf. árið 2002 fyrir 1.746 millj.kr. og hins vegar eigin fjárfestingar í ljósleiðarakerfi til 30. júní 2004, samtals 174 millj.kr. Þá kom fram í ódagsettu svari um Sensa samninginn að á stjórnarfundi þann 20. apríl 2003 hefði farið fram sérstök kynning og umræður um samstarfsverkefni með 24 tímum og sagt frá útboði á búnaði til að reka TITH kerfi á ljósleiðaranum og að viljayfirlýsing byggð á niðurstöðu þess útboðs hafi verið lögð fyrir stjórnarfund þann 21. september 2003, en að ekki væri enn búið að taka ákvörðun um hvort gengið yrði að tilboðinu. Til þessa hafi einnig verið vísað í samningi Og Fjarskipta hf. sem lagður hafi verið fyrir stjórn þann 26. ágúst 2004, en einn af megin liðum þess samkomulags hafi verið sameiginlegur vilji fyrirtækjanna um samstarf um innleiðingu FITH (ljósleiðara) til heimila. Ekki hefði verið reiknaður nákvæmlega kostnaður við lagningu ljósleiðara á 45 þúsund heimili í Reykjavík, en miðað við núverandi tækni væri hann 4.185 millj.kr. Þótt forval á bjóðendum hefði verið kært til kærunefndar útboðsmála sem hafi úrskurðað um að tækni- legur galli hefði verið á útboðinu, hafi forvalið verið endurtekið, en niðurstaðan hefði verið óbreytt.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 17. nóvember 2004 var lagt fram bréf borgarstjóra frá 29. október 2004 um áætlanir Orkuveitu Reykjavíkur um ljósleiðaratengingar. Þar kom fram að Orkuveita Reykjavíkur hefði til skoðunar ljósleiðaratengingar heimila á orkuveitusvæði sínu, en í bréfinu kom m.a. fram:

„Af því tilefni beinir borgarráð því til stjórnar Orkuveitunnar, að sérstök áhersla verði lögð á að hefja tengingar í þeim hverfum Reykjavíkur, sem hagkvæmast er að koma þeim við þegar endanleg ákvörðun verður tekin um verkefnið. Borgarráð óskar eftir því að fá að fylgjast með áætlanagerð Orkuveitunnar, áður en frekari ákvarðanir verða teknar.“³⁵⁴

Á fundi stjórnar þann 15. desember 2004 var lagður fram samningur milli Akraneskaupstaðar og Orkuveitu Reykjavíkur um lagningu ljósleiðaranets á Akranesi og rekstur opins nets dags. 8. desember 2004 ásamt 3 fylgiskjölum auk rekstraráætlunar, en umræðum um það var frestað. Í tengslum við framangreint lagði Guðlaugur Þór Þórðarson fram fyrirspurnir um hvert væri í reynd markmið, þ.m.t. tekjumarkmið, með ljósleiðaravæðingu Orkuveitu Reykjavíkur og hver væri kostnaður við að leggja ljósleiðarann til Akraness. Auk þess var óskað eftir upplýsingum og sundurliðun á kostnaði við lagningu hans, og um hversu mikill kostnaður af áætluðum fjárfestingum vegna ljósleiðara færi til Sensa. Þá óskaði hann einnig eftir upp-

354 Bréf borgarstjórnans í Reykjavík til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 29. október 2004.

lýsingum frá stjórn um hver væri í reynd skilgreining á opnu neti, hvernig ætti að fjármagna framkvæmdir við opið net og hver ætti að reka það.

Um framangreint var tekið fram í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2004 að samningur Orkuveitu Reykjavíkur og Og Fjarskipta hf. markaði nokkur tímamót um en nánara samstarf á sviði fjarskipta:

„... Þar með er OR búin að marka sér skýra stefnu sem netrekandi með ljósleiðaraneti. Þá var einnig ákveðið á síðasta ári að hefja tengingar heimila við ljósleiðarakerfið þar sem heimilin munu fá eina allhliða tengingu sem sér um að flytja hvort sem er gögn eða fjölmiðla til og frá viðskiptavininum. Miklar vonir eru bundnar við þetta samstarf við Og Vöðafone. Orkuveitan gerði samninga við Akranes og Seltjarnarnes um að ljósleiðaravæða bæina og verður hafist handa við það strax á árinu 2005. Þá samþykkti borgarráð einnig ályktun um að hraða ljósleiðaravæðingu Reykjavíkur sem unnt er.“³⁵⁵

Á árinu 2005 hélt Orkuveita Reykjavíkur áfram á þeirri braut að leggja ljósleiðara bæði í Reykjavík og í nágrennasveitarfélögum. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. febrúar 2005 var lagt fram bréf borgarstjóra frá 11. febrúar 2005 um lagningu ljósleiðaranets í Reykjavík. Þar kom fram að:

„Borgarráð samþykkir að fela borgarstjóra að ganga til viðræðna við Orkuveitu Reykjavíkur um það á hvern hátt sé unnt að hraða ljósleiðaravæðingu heimila í Reykjavíkurborg. Í því sambandi verði athugað hvernig borgin getur komið að markaðssetningu ljósleiðarans. Niðurstada þeirra viðræðna verði kynnt í borgarráði til samþykktar.“³⁵⁶

Á fundinum var jafnframt lögð fram fyrirspurn frá stjórnarmönnum Guðlaugi Þór Þórðarsyni og Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur um stöðu þeirra starfsmanna sem fjárfest höfðu í hlutabréfum í Línu.Neti hf. Var tilaga þeirra svohljóðandi:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að Orkuveitan bæti þeim starfsmönnum Orkuveitunnar sem keyptu bréf í Línu.Net hf. það tap sem að þeir verða fyrir ef þeir selja bréfin nú. Bréfin voru seld á genginu þrem til starfsmanna á sínum tíma en nú er þeim boðið gengið einn. Starfsmenn keyptu þessi bréf á sínum tíma í góðri trú en það er orðið ljóst að yfirlýsingar borgarfulltrúa R-listans á þessum tíma um fyrirtækið og framtíðarvonir þess voru markleysa. Eigendur og viðskiptavinir Orkuveitunnar hafa tapað gríðarlegum fjármunum á þessu ævintýri og ekki sér fyrir endann á því. Ekki er ástæða til að láta þá starfsmenn Orkuveitunnar gjalda fyrir að trúa forystumönnum Reykjavíkurborgar.“³⁵⁷

Var afgreiðslu tillögunnar frestað, en hún var svo lögð fram að nýju á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 23. mars 2005. Við meðferð tillögunnar lagði formaður stjórnar fram svohljóðandi frávísunartillögu, sem samþykkt var með fjórum atkvæðum gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

355 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2004.

356 Bréf borgarstjóra til Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 11. febrúar 2004.

357 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. febrúar 2005.

„Að mati lögmanns Orkuveitunnar er óheimilt fyrir Orkuveitu Reykjavíkur að taka einn hóp af hluthöfum í Línu.Net hf. út úr og bæta þeim þá lækkun sem orðið hefur á hlutabréfum þeirra. Hafa ber í huga að enginn var hvattur til að kaupa bréfin og einnig að á þeim tíma sem starfsmenn keyptu þau voru gerð tilboð í bréfin af aðilum utan Orkuveitunnar sem buðust til að kaupa þau á genginu sex og þaðan af hærra. Mjög margir starfsmenn Orkuveitunnar nýttu sér þann möguleika og högnuðust á viðskiptum með bréf í Línu.Net hf.“³⁵⁸

Þann 21. september 2005 var lögð fram tillaga aðstoðarforstjóra dags. 19. september um að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti að leggja ljósleiðara frá Hvalfjarðargöngum um Grundartanga og Borgarnes að Hvanneyri og Bifrost. Var áætluð fjárfesting vegna framkvæmdanna um [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.], en áætlaðar tekjur í upphafi um [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.] á mánuði og var því reiknað með að verkefnið bæri um [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.] arðsemiskröfu. Helstu viðskiptavinir og kaupendur þjónustu ljósleiðarans væru háskólar, stofnanir og fyrirtæki á svæðinu. Að auki væri ráðgerð frekari notkun á kerfinu til heimila og annarra smærri fyrirtækja. Tillögunni fylgdi minnisblað og var hún samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum.

Á fyrrgreindum fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. desember 2005 óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir upplýsingum um rekstur fjarskiptastarfsemi fyrirtækisins, og var sú fyrirspurn ítrekuð á fundi stjórnar þann 11. janúar 2006. Laut fyrirspurn þeirra m.a. að muni á upphaflegum áætlunum um fjárfestingar sundurliðaðar eftir árum og samanburði við núverandi fjárfestingar, auk upplýsinga um skýringar á þeim mismun sem kynni að vera til staðar. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um þær forsendur sem notaðar hefðu verið til að gera fyrrgreindar áætlanir um fjárfestingu á þessu sviði. Í svari dags. 20. febrúar 2006 sem lagt var fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur kom fram að áætlanir vegna fjárfestinga hefðu breyst nokkuð frá því þær voru upphaflega settar fram af hálfu fyrirtækisins við kaupin árið 2002. Samandregið hefðu áætlanir vegna fjárfestinga breyst með eftirgreindum hætti, fjárhæðir í millj.kr:

Áætlun	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
2002	1.758	100	105	111	117		
2003		155	105	111	117		
2005				500	500	500	
2006				650	1.410	2.000	2.000

Til nánari skýringar kom fram að upphafleg áætlun frá árinu 2002 hefði verið miðuð við að reka ljósleiðarakerfið með þeim viðskiptum sem þar voru fyrir við kaup Orkuveitu Reykjavíkur á fyrirtækinu ásamt uppbyggingu í samræmi við þarfir nýrra viðskiptavina. Á árinu 2003 hafi verið tekin sérstök ákvörðun um að tengja Akranes og fyrirtæki þar og hafi fjárfestingaráætlun ársins 2003 því hækkað um 55 milljónir króna (hluti svokallaðra flýtiframkvæmda Reykjavíkurborgar).³⁵⁹ Árið 2004 hefði verið

358 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 23. mars 2005.

359 Meðal flýtiframkvæmda sem samþykktar voru með atkvæðum annarra en sjálfstæðismanna (sem sátu hjá) á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 4. mars 2003 var „flýting á útbreiðslu ljósleiðaranets OR til Akraness“ sem talið var að myndi nema um 50 milljónum króna, sjá bréf forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. febrúar 2003 um flýtiframkvæmdir.

gerður samningur við Og Fjarskipti hf. um sölu á hlut Orkuveitu Reykjavíkur í Línu.Net hf. og kaup Orkuveitu Reykjavíkur á ljósleiðurum Og Fjarskipta hf. Jafnframt kom fram í svarinu að:

„Með því að OR tekur yfir rekstur og uppbyggingu nets OgVodafone eykst fjárfestingarþörf vegna nýrra tenginga og viðhalds netsins og því að OR tekur yfir hlut LN í Raflínu og hún sameinuð OR. Þá er sett fram ný fjárfestingaráætlun þar sem reiknað er með áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækjanetsins ásamt hægfarena uppbyggingu á heimilisneti ljósleiðarans.“³⁶⁰

Skýring á þeirri aukningu í áætlunum fyrirtækisins var með eftirtöldum hætti:

„Auknar fjárfestingar, samkvæmt sex mánaða fjárfestingaráætlun 2005, byggja á samningum við sveitarfélögin Akranes og Seltjarnarnes ofl. um hraðari ljósleiðaravæðingu sveitarfélagana. Í júlí 2005 var skrifað undir viljayfirlýsingu við Reykjavíkurborg um að hraða tengingum í Reykjavík og þar með ákveðið að hefjast handa í Fossvogi og fleiri hverfum. Munur á áætlunum felst í þeirri viðbótar fjárfestingu sem þarf til að uppfylla samninginn.“³⁶¹

[Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.] Þá var tekið fram að gerðir hefðu verið eftirfarandi samningar um ljósleiðaravæðingu sveitarfélaga, en í þeim fælist skuldbinding um ljósleiðaravæðingu heimila sem væri metin á 8.200 millj.kr.:

1. Samningur við Akraneskaupstað dagsettur 8. desember 2004, lagður fyrir stjórn 15. desember 2004.
2. Samningur við Seltjarnarneskaupstað dagsettur 30. desember 2004, lagður fyrir stjórn 3. janúar 2005.
3. Samningur um ljósleiðaravæðingu á Hellu og Hvolsvelli dags. 25. janúar 2005 (í tengslum við kaup á veitu)
4. Samningur við Reykjavíkurborg dags. 7. júlí 2005.
5. Viljayfirlýsing um samstarf við mótun og þróun þekkingarsamfélags í Borgarfjarðarsveit og Borgarbyggð dags. 30. september 2009
6. Samningur við Hveragerðisbæ dags. 8. desember 2005 (í tengslum við kaup á veitu.)

[Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.]

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 17. maí 2006 var síðan lögð fram og samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum viljayfirlýsing Orkuveitu Reykjavíkur og Sveitarfélagsins Álftaness dags. 10. maí 2006 og viljayfirlýsing Orkuveitu Reykjavíkur og Mosfellsbæjar dags. 16. maí 2006 um lagningu ljósleiðara. Lýsti Orkuveita Reykjavíkur því yfir í fyrrgreindum viljayfirlýsingum að bæði sveitarfélögin yrðu „inni í áætlunum Orkuveitu Reykjavíkur um ljósleiðaravæðingu.“ Þannig yrðu hverfi þar sem ljósleiðararör hefðu verið lögð samhliða nýframkvæmdum eða endurnýjunum virkjuð, ásamt þeim nýju hverfum sem væru í uppbyggingu og á áætlunum

360 „Svör við fyrirspurnum lögðum fram á stjórnarfundi 16.12.2005“, dags. 20. febrúar 2006, lögð fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 20. febrúar 2006.

361 „Svör við fyrirspurnum lögðum fram á stjórnarfundi 16.12.2005“, dags. 20. febrúar 2006, lögð fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 20. febrúar 2006.

sveitarfélagsins. Myndi hagkvæmni ráða forgangsroðun ljósleiðaravæðingu annarra hverfa, m.a. út frá þéttleika svæða.³⁶²

13.4.3 Hugsanleg kaup á lagna- og ljósleiðaraneti Símans

Í tengslum við framangreinda umfjöllun hafa viðmælendur úttektarnefndarinnar einnig bent á að til umræðu hafi verið að kaupa lagna- og fjarskiptakerfi Símans. Má einnig sjá það af fundargerðum stjórnar, en á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. febrúar 2006 gerði forstjóri stjórn fyrirtækisins grein fyrir viðræðum við Símann um hugsanleg kaup Orkuveitu Reykjavíkur á lagna- og fjarskiptakerfi Símans. Enn gerði forstjóri grein fyrir stöðu viðræðna um hugsanleg kaup Orkuveitu Reykjavíkur á grunnneti Símans á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. mars 2006, og á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 26. apríl 2006 var enn bókað um að framkvæmdastjóri framkvæmda hafi gert stjórn grein fyrir viðræðum við Símann um hugsanleg kaup Orkuveitu Reykjavíkur á fjarskiptaneti Símans.

Í tengslum við umræður um framangreindan lið, og vegna umræðna í fjölmiðlum, óskaði stjórnarmaðurinn Tryggvi Friðjónsson að bókað yrði:

„Ekki verður við það unað athugasemdalaust að farið sé svo geyst sem raun ber vitni í viðræðum við Símann án þess að eigendur fyrirtækisins, þ.e. borgarstjórn Reykjavíkur fyrir hönd borgarbúa, hafi fjallað um málið. Svo virðist sem að þessu sinni þurfi að minna á þá staðreynd að Orkuveita Reykjavíkur er í samfélagslegri eigu en ekki fyrirtæki í hefðbundnum skilningi. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs benti ítrekað á það á sínum tíma að Síminn ætti að vera í eigu þjóðarinnar áfram en ekki aðila með hámarks-hagnað að leiðarljósi. Nú þegar ljóst er að eigendur Símans vilja greina grunnnetið frá, sem áður var talið ógerlegt, teljum við Vinstri græn vænlegt að sýna áhuga þeim möguleika að endurheimta grunnnetið í þágu almennings. Hins vegar er umfangið, pólitísk þýðing og ekki síður þess vegna verður að taka málið upp á vettvangi borgarstjórnar. Að ofansögðu leggur fulltrúi VG í stjórn OR til að viðræðum verði frestað þar til málin hafa verið kynnt og rædd í borgarstjórn Reykjavíkur.“³⁶³

Enn var af hálfu formanns stjórnar á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. ágúst 2006 gerð grein fyrir viðræðum um grunnnet Símans. Ekkert varð síðan af þeim fyrirætlunum.

13.5 Gagnaveita Reykjavíkur ehf.

Gagnaveita Reykjavíkur ehf. tók til starfa árið 2007, eins og grein verður gerð fyrir hér á eftir. Í töflunni hér að neðan má sjá hreyfingar úr bókhaldi Orkuveitunnar á eignarhlutunum í Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. Fjárhæðir eru bæði fjárhæðir á verðlagi hvers árs auk þess sem fjárhæðir eru færðar á árslokaverðlag ársins 2010. Samtals nam greitt hlutafé tæpum 4.737 millj.kr. sem eru um 6.236 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010. Fram til ársloka 2010 hefðu verið færðar til gjalda í rekstrarreikningi á meðalverðlagi ársins 2010 3.257 millj.kr. eins og að neðan greinir.

Ólafur Jónsson: „Ég á kjallarátbúð á Skólavörðuhæð og einhvern tímann hringdi Síminn í mig og spurði hvort þeir mættu leggja ljósleiðara inn í húsið. Ég sagði að ef það kostaði mig ekkert mættu þeir svo sem gera það mín vegna. Ég vildi ekki bera neinn kostnað af þessu. Nökkru síðar hringir einn af þessum Gagnaveitukörðum í mig og fór fram á það sama og fékk svipuð viðbrögð. Þeir fóru sitt hvoru megin að húsinu mínu. Sukkið var alveg hrikalegt í sambandi við Línu Net.“

362 Viljayfirlýsingar, dags. 10. maí 2006 við sveitarfélagið Álftanes og dags., 16. maí 2006 við Mosfellsbæ.

363 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 26. apríl 2006.

Hreyfingar á eignarhluta Orkuveitunnar í Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Stofnun fyrirtækisins á árinu 2006	500.000	708.230
Hlutfjárhækkun á árinu 2007	3.536.341.003	4.768.833.230
Hlutdeild í afkomu ársins 2007	119.258.032	160.822.066
Hlutfjárhækkun á árinu 2008	1.200.000.000	1.466.930.516
Hlutdeild í afkomu ársins 2008	-3.003.185.000	-3.671.219.769
Hlutdeild í afkomu ársins 2009	-249.849.123	-269.974.071
Sérstakt endurmat á árinu 2010	826.372.338	826.372.338
Hlutdeild í afkomu ársins 2010	471.685.911	478.233.545
Bókfært verð eignarhlutarins í árslok 2010	2.901.123.161	
Kaupverð samtals.....	4.736.841.003	6.236.471.977
Fært á rekstur samtals.....		-3.302.138.229
Samtals fært í rekstur á meðalverðlagi ársins 2010.....		-3.256.927.695

Guðlaugur G. Sverrisson: „Þegar ég kem að stjórn Orkuveitunnar þá eru 1.000 einstaklingar í viðskiptum við Gagnaveitu Reykjavíkur. Þegar ég fer í burtu, þá eru komnir um 11.000 viðskiptavinir, og eru núna 16.000. Það sem þarna þurfti var bara styrk leiðbeining til að menn mættu fara í það að vinna þetta. Og í dag er þetta orðið það verðmæti sem menn vilja horfa á. En mitt mat er það að það á náttúrulega ekki að horfa á það fyrr en 2014 í fyrsta lagi, að selja þessa eign.“

13.5.1 Stofnun Gagnaveitu Reykjavíkur

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 11. janúar 2006 skýrði forstjóri frá erindi Póst- og fjarskiptastofnunar um fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur, og þann 30. ágúst 2006 var á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur lagður fram stofnefnahagsreikningur Gagnaveitu Orkuveitu Reykjavíkur dags. 1. júlí 2006 og var sá reikningur borinn upp, samþykktur og áritaður af stjórn, forstjóra og endurskoðendum. Á fundi stjórnar þann 28. nóvember 2006 var lagt fram bréf Póst- og fjarskiptastofnunar dags. 13. nóvember 2006 og ákvörðun stofnunarinnar frá 13. nóvember 2006 um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur.

Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar var gerð grein fyrir afskiptum stofnunarinnar af gagnaveitustarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur. Kom þar fram að stofnunin hefði þegar árið 2003 sent fyrirspurn til Orkuveitu Reykjavíkur þar sem fyrirtækið var beðið um að upplýsa um hvernig aðskilnaði yrði háttað með tilliti til 36. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, sem tóku gildi þann 25. júlí 2003, en í bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar frá 13. október 2003 hafi Orkuveitu Reykjavíkur verið tilkynnt um þá afstöðu stofnunarinnar að svo virtist sem fjárhagslegur aðskilnaður væri ekki fullnægjandi og var boðað að hugsanlega kæmi til þess að Póst- og fjarskiptastofnun myndi taka ákvörðun um tilhögun fjárhagslegs aðskilnaðar fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur (gagnaveitunnar) frá annarri starfsemi fyrirtækisins.

Með bréfi Orkuveitu Reykjavíkur dags. 28. nóvember 2003 hafi verið svarað hvernig fyrirtækið hygðist haga fjárhagslegum aðskilnaði, en enn var ítrekuð fyrirspurn Póst- og fjarskiptastofnunar með bréfi dags. 28. janúar 2004 til Orkuveitu Reykjavíkur um að skila tillögum að fjárhagslegum aðskilnaði starfseminnar frá annarri starfsemi. Póst- og fjarskiptastofnun sendi Orkuveitu Reykjavíkur bréf 7. janúar 2005 þar sem fram kom sú afstaða stofnunarinnar að tillögur Orkuveitu Reykjavíkur um fjárhagslegan aðskilnað væru ekki fullnægjandi. Þann 31. janúar 2005 barst svar frá Orkuveitu Reykjavíkur þar sem svarað var spurningum Póst- og fjarskiptastofnunar frá 7. janúar 2005, en í bréfinu komu ekki fram svör um hvort fyrirtækið hefði athugasemdir við skilning Póst- og fjarskiptastofnunar á

inntaki fjárhagslegs aðskilnaðar. Póst- og fjarskiptastofnun sendi Orkuveitu Reykjavíkur því næst bréf þann 8. mars 2005 þar sem krafist var upplýsinga sem stofnunin taldi skorta í svari fyrirtækisins frá 31. janúar 2005. Í bréfinu var jafnframt tilkynnt að litið yrði svo á að Orkuveita Reykjavíkur hefði fallist á túlkun Póst- og fjarskiptastofnunar á 36. gr. laga um fjarskipti um fjárhagslegan aðskilnað ef engar athugasemdir bærust innan tilskilins frests. Viðbótarupplýsingar bárust með bréfi Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 9. mars 2005.

Þá bárust enn frekari upplýsingar með bréfi, dags. 8. apríl 2005, en í því bréfi kom jafnframt fram að Orkuveita Reykjavíkur teldi aðgreiningu sína á fjarskiptarekstri frá öðrum rekstri vera fullnægjandi og í samræmi við lög og venjur og að sú aðgreining væri í samræmi við það sem fram hefði komið í bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar frá 7. janúar 2005. Hins vegar gæti Orkuveita Reykjavíkur ekki fallist á framsetningu Póst- og fjarskiptastofnunar á því hvernig meðhöndla skyldi skuldir vegna fjarskiptastarfsemi.

Málið var rannsakað sérstaklega af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar, sem m.a. kallaði eftir skýrslu frá Rafhönnun hf. um mat á verðmæti ljósleiðarakerfis Orkuveitu Reykjavíkur og fól jafnframt KPMG að gera skýrslu um tiltekna þætti um fjárhagslegan aðskilnað og ýmis málefni sem honum tengdust. Að lokinni skoðun á fram komnum gögnum frá Orkuveitu Reykjavíkur tók stofnunin saman skýrslu, dags. 9. janúar 2006, um niðurstöður rannsóknarinnar og hafði þá fyrirnefndar sérfræðiskýrslur til hliðsjónar. Með bréfi dags. 10. janúar 2006 var Orkuveitu Reykjavíkur svo kynnt skýrsla Póst- og fjarskiptastofnunar og fyrirtækinu gefinn kostur á því að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun stofnunarinnar um fjárhagslegan aðskilnað á grundvelli hennar.

Með bréfi, dags. 18. ágúst 2006 bárust athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur. Jafnframt því sem einstökum liðum í fyrirhuguðum fyrirætlum var mótmælt, setti Orkuveita Reykjavíkur fram sína eigin tillögu um tilhögun fjárhagslegs aðskilnaðar. Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar kom m.a. fram að í tengslum við rannsókn málsins hafi verið ákveðið að kanna fyrirkomulag á bókhaldi hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Í ljós kom að fyrirtækið réði yfir öflugu upplýsingakerfi/verkbókhaldi þar sem haldið væri utan um verksölu milli deilda, rekstrarkostnaði fyrir hverja deild og millideildarsölu með þjónustusamningum. Við athugun á því hvernig aðgreining í bókhaldi væri, þ.e. hvort um fjárhagslega aðgreiningu væri að ræða á milli Gagnaveitunnar og annarrar starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur hefði komið í ljós að einungis rekstrarliðir Gagnaveitunnar voru aðskildir frá annarri starfsemi fyrirtækisins, en að efnahagsliðir hefðu ekki verið sérstaklega aðgreindir.

Fram kom að Orkuveita Reykjavíkur hefði keypt ljósleiðaranetið á árinu 2002. Til að athuga hvort eðlilega hefði verið staðið að þeim viðskiptum óskaði stofnunin eftir upplýsingum um kaupverð ljósleiðaranetsins. Einnig var óskað eftir upplýsingum um verð á kerfinu og forsendur. Samkvæmt svari Orkuveitu Reykjavíkur byggðist kaupverðið á bókfærðu verði. Póst- og fjarskiptastofnun fól bæði Rafhönnun og KPMG að meta kaupverð Orkuveitu Reykjavíkur á ljósleiðaranetinu og var niðurstaða þeirra sú að ekkert benti til þess að kaupverðið væri óeðlilegt. Póst- og fjarskiptastofnun óskaði jafnframt eftir upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur um hvaða arðsemiskröfu fyrirtækið gerði til fjárfestinga í fjarskiptarekstri sínum.

[Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.]

1. mgr. 36. gr. laga nr. 81/2003 „, Fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérvéttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi.“

Þegar um væri að ræða fjárhagslega aðgreiningu í rekstri þyrfti að lágmarki að tilgreina sérstaklega eignir og skuldir hins aðskilda sviðs. Var því leitað eftir því hvort gerður hefði verið stofnefnahagsreikningur fyrir Gagnaveituna. Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur hafði ekki verið gerður stofnefnahagsreikningur fyrir Gagnaveituna.³⁶⁴ Var það að lokum niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að Orkuveitu Reykjavíkur bæri að skilja fjarskiptastarfsemi sína frá einkaleyfisverndaðri starfsemi. Var það jafnframt niðurstaða stofnunarinnar að:

Guðlaugur G. Sverrisson: „Fortíð þessa félags hún er ægilega pólitísk. Hún er eiginlega bara vörðu-pólitík. Helgi Hjörvar og Alfred Þorsteinsson kynntu þetta og ætluðu að leggja þetta með rafmagnsvírunum fyrst, það var alveg kjörið. Síðan var því breytt og alltaf sagt að það vantaði samkeppni við Símanum um dreifingu gagna. Svo breyttust alltaf forsendurnar. Svo hét þetta Lína.Net og ég held að Sjálfstæðismenn kalli þetta bara einþá Lína.Net, taki sér varla í munn Gagnaveitan. En það var af því að þessir aðilar komu þessu af stað og það var s.s. Reykjavíkurborg sem stóð fyrir þessu en ekki einkaaðili, þetta var svona bara pólitísk hugsjón á því hvort að almenningur og almenningsfyrirtæki eigi að standa í þessu eða einkafyrirtæki. En eftir það þá hefur þetta alltaf verið svolítið olnbogabarn í íslenskeri borgarpólitík, sem sýnir sig að hugmyndin er alveg rétt, en hún er búin að breytast.“

Guðlaugur G. Sverrisson: „Það voru miklar kærur alltaf frá Símanum þá, Mílu núna. Að sjálfsgöðu, því það er bara samkeppnisaðili og mikið stríð þar á milli. Póst- og fjarskiptastofnun hefur verið mjög hörð að fylgjast með, sem ég er ánægður með, mér finnst það bara gott. Ég verð að segja alveg eins og er, það er bara mjög gott að vita af því að þarna var virkt eftirlit með þessu. Og auðvitað voru menn ekkert alltaf sátir.“

„Orkuveitu Reykjavíkur ber að gera eftirfarandi ráðstafanir, til viðbótar þeim sem þegar hafa verið framkvæmdar, í þeim tilgangi að aðskilja fjarskiptastarfsemi sína fjárhagslega frá öðrum rekstri: Stofna sérstaka einingu um rekstur fjarskiptastarfseminnar ... Lán vegna yfirtöku eigna í upphafi skulu bera markaðsvexti. Ný lán Gagnaveitunnar skulu vera tekin frá þriðja aðila. Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að hafa milligöngu um lántökur Gagnaveitunnar í þeim tilgangi. Slíkt lánsfé skal endurlánað Gagnaveitunni á sömu vaxtakjörum og ætla má að óskyldur aðili fengi á lánamarkaði ... Orkuveitu Reykjavíkur er óheimilt að setja aðrar eignir að veði fyrir lánnum sem tekin verða vegna fjarskiptastarfsemi en þær sem tilheyra þeirri starfsemi ... Orkuveita Reykjavíkur skal taka sérstaka ákvörðun um arðsemiskröfu Gagnaveitunnar með tilliti til samkeppnissjónarmiða og þess sem almennt tíðkast á fjarskiptamarkaði. Ber Orkuveitu Reykjavíkur að tiltaka hvenær ráðgert er að arðsemiskröfunni verði náð og gera Póst- og fjarskiptastofnun skriflega grein fyrir forsendum hennar að öðru leyti eigi síðar en 31. desember 2006.“³⁶⁵

Framangreind ákvörðun dags. 13. nóvember 2006 var lögð fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 28. nóvember 2006, ásamt svohljóðandi tillögu forstjóra sem samþykkt var á fundinum:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að gagnaveita Orkuveitu Reykjavíkur verði sett í sérstakt einkahlutafélag frá næstu áramótum. Félagið verði að öllu leyti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og taki yfir eignir og rekstur ljósleiðarakerfis OR og þá samninga sem OR hefur gert við fyrirtæki og sveitarfélög.“³⁶⁶

Í greinargerð með tillögunni kom fram að Póst- og fjarskiptastofnun hefði haft gagnaveitustarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur til skoðunar undanfarin misseri. Hafi það að hluta til verið frumkvæðisathugun stofnunarinnar, en einnig á grundvelli kvartana frá Símanum.³⁶⁷ Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar lægi fyrir með ákvörðun frá 13. nóvember 2006 þar sem kveðið var á um fjárhagslegan aðskilnað stofnunarinnar. Orkuveita Reykjavíkur hefði þegar brugðist við ýmsum athugasemdum, m.a. aðskilið rekstur gagnaveitunnar fjárhagslega með sérstökum stofnefnahagsreikningi. Fram kom jafnframt í greinargerð forstjóra að:

364 Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 13. nóvember 2006.

365 Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 13. nóvember 2006.

366 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. nóvember 2006.

367 Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 11. desember 2006 var m.a. fjallað um aðgang Símans að málgögnum vegna máls Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 13. nóvember 2006.

„Ljóst er að klögumálum mun ekki linna meðan OR og eigendur hennar ábyrgjast allar skuldbindingar gagnaveitunnar sem starfar á samkeppnismarkaði. Mikilvægt er að losa gagnaveituna undan því að þurfa að eyða sínum kröftum í að verjast kærnum og þurfa sífellt að vera að sýna fram á lögmeiti aðgerða sinna. Með stofnun einkahlutafélags um gagnaveitustarfsemina munu allar eignir sem henni tilheyra flytjast til félagsins, svo sem ljósleiðari, stjórnbúnaður ljósleiðara og annar búnaður. Gerður verði þjónustusamningur milli félagsins og OR um framkvæmdir, bókhald, starfsmannamál, landupplýsingakerfi og fleira tengt rekstri félagsins. Reiknað er með að allar eignir tengdar gagnaveitu ásamt því fé sem áætlað var til framkvæmda á næsta ári renni inn í hið nýja félag og framlag sem hlutafé verði helmingur af eignum en helmingur verði lánsfé. Þau lán verði beint við OR og þannig verði slitið á tengsl gagnaveitunnar við ábyrgðir sveitarfélaga. Vaxtakjör verði markaðsvextir í samræmi við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Til framtíðar verði framkvæmdir gagnaveitunnar svo fjármagnaðar með lánnum á almennum markaði og með hlutafé. Drög að stofnefnahagsreikningi og samþykktum verða lögð fyrir stjórnarfund í desember en endanlegur reikningur ásamt sérfræðiskýrslu frá Deloitte mun liggja fyrir í byrjun janúar 2007 þegar uppgjör ársins 2006 liggur fyrir.“³⁶⁸

Voru samþykktir fyrir einkahlutafélagið Gagnaveita Reykjavíkur og önnur stofnskjöl síðar lögð fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 25. janúar 2007, og á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 7. mars 2007 var svo lögð fram og samþykkt svohljóðandi tillaga forstjóra dags. 26. febrúar 2007:

„Lagt er til að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykki að samþykktum Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. verði breytt til samræmis við meðfylgjandi stofnefnahagsreikning í samræmi við samþykkt stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 26. nóvember s.l. Eignir verði 7.073.682 þús., eigið fé 3.536.841 þús. og skuldir 3.536.841 þús.“³⁶⁹

Í greinargerð með tillögunni kom fram að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefði samþykkt á fundi sínum þann 28. nóvember 2006 að allar eignir tengdar gagnaveitu ásamt því fé sem áætlað hefði verið til framkvæmda á árinu 2007 rynni inn í hið nýja félag og að framlag sem hlutafé yrði helmingur af eignum en helmingur yrði lánsfé. Þau lán yrðu beint við Orkuveitu Reykjavíkur og að þannig yrði slitið á tengsl gagnaveitunnar við ábyrgðir sveitarfélaga. Í tengslum við stofnun félagsins áttu sér einnig stað viðskipti þar sem Orkuveitan seldi gagnaveitukerfi og viðskiptakröfur sbr. sundurlíðun hér að neðan:

368 Tillaga forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 26. nóvember 2006.

369 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. mars 2007.

Viðskipti í tengslum við hlutafjánhækkun

Gagnaveitukerfi keypt frá OR	5.521.349.000
Yfirteknar viðskiptakröfur frá OR	-52.333.000
Yfirtekin langtímalán frá OR	3.471.675.000
Yfirteknar viðskiptaskuldir frá OR	65.166.000
Hlutfé greitt með öðru en handbæru fé	2.036.841.000
	0

Hlutafjánhækkunin sem átti sér stað á árinu 2007 sundurliðaðist þannig:

Sundurliðun á hlutafjánhækkun

Hlutfé greitt með peningum	1.499.500.003
hlutfé greitt með öðru en peningum	2.036.841.000
	3.536.341.003

Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda kemur fram um stofnun Gagnaveitu Reykjavíkur að:

„Að kröfu Póst- og fjarskiptastofnunar var starfsemin skilin frá OR í upphafi árs 2007 þegar stofnuð var Gagnaveita Reykjavíkur ehf. OR yfirfærði eignir að fjárhæð 7.073 mkr. (9.409 mkr. á verðlagi júní 2010) til Gagnaveitu Reykjavíkur gegn 3.536 mkr. hlutfé (4.704 mkr. á verðlagi júní 2010) og lánasamningi upp á sömu fjárhæð. Hluti af yfirfærðum eignum var 1.500 mkr. handbært fé sem fyrst og fremst var ætlað að brúa fjárfestingu ársins í ljósleiðarauppbyggingu til heimila en einnig í heimtaugar til fyrirtækja. Fyrir lá að frekari fjárfesting myndi kalla á að fyrirtækið yrði fjármagnað með auknu hlutfé og lánsfé, eftir því sem ljósleiðaraverkefnum miðaði.“³⁷⁰

13.5.2 Fyrirætlanir um sölu Gagnaveitu Reykjavíkur

Fljótlega eftir stofnun Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. virðist stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hafa ákveðið að setja félagið í söluferli. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 1. júní 2007 var lögð fram tillaga formanns stjórnar dags. 29. maí 2007 um að fela fyrirtækjasviði Glitnis hf. að verðmeta Gagnaveitu Reykjavíkur og að leita eftir tilboðum í hlutfé félagsins, allt eða meirihluta þess. Var jafnframt lagt til að forstjóra yrði falin meðferð málsins og að kynna verðmatið fyrir stjórn áður en sölumæðferð hæfist. Tillagan var rökstudd með þeim hætti að megintilgangur Orkuveitu Reykjavíkur væri að framleiða, dreifa og selja orku til íbúa á veitusvæði fyrirtækisins. Þá starfsemi hefði fyrirtækið rekið um áratugaskeið án árekstra við önnur fyrirtæki. Ennfremur kom fram að:

„Gagnaveita Reykjavíkur ehf. tók til starfa um síðustu áramót og er að öllu leyti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið á og rekur fjarskiptanet á samkeppnismarkaði en áður hafði starfsemin verið rekin innan Orkuveitunnar. Samkeppni á fjarskiptamarkaði er nokkur og gera má ráð fyrir að hún verði enn meiri á komandi árum. Bæði Míla félag Símans hf. og Gagnaveita Reykjavíkur eru að leggja ljósleiðara og önnur fyrirtæki reka fjarskipti með sendum eða hyggjast byggja upp slíka þjónustu. Segja má að uppbygging Orkuveitunnar á ljósleiðaranetinu hafi tryggt samkeppni á þessum markaði og því eðlilegt að einkaaðilar yfirtaki þennan samkeppnisrekstur.“

370 Greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 24.

*Það er og hefur verið skoðun núverandi meirihluta stjórnarinnar að Orkuveitan eigi ekki að stunda þessa starfsemi í samkeppni við önnur fyrirtæki. Því vill stjórnin leita leiða til að losa Orkuveituna út úr þessum rekstri og selja fyrirtækið, eignir þess og rekstur ...*³⁷¹

Tillagan var ekki afgreidd á fundinum, og því lögð fram að nýju á fundi stjórnar þann 4. júní 2007, þar sem hún var samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum, gegn tveimur. Af því tilefni óskuðu þrír stjórnarmanna að bókað yrði um afstöðu þeirra til tillögunnar. Svandís Svavarsdóttir óskaði eftir að bókað yrði:

*„Fyrirliggjandi tillaga felur augljóslega í sér að hefja einkavæðingu á Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. sem er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Vinstri græn greiða hér atkvæði gegn því að gefa ádrátt um slík áform líkt og í tillögunni felst. Það er að okkar mati brýnt að veitan sé í eigu almennings líkt og aðrar veitur OR og kemur á óvart að áform sem þessi skuli kynnt hér í ljósi fyrri yfirlýsingar meirihlutans í borgarstjórn.“*³⁷²

Stjórnarmaðurinn Dagur B. Eggertsson kom þeim sjónarmiðum á framfæri á fundinum þann 4. júní 2007 að það gæti verið skynsamlegt að verðmeta Gagnaveitu Orkuveitu Reykjavíkur, en flest benti þó til þess að sá tímapunktur kynni að vera illa valinn. Stjórnarmaðurinn Björn Ingi Hrafnsson óskaði hins vegar bókonar um þá afstöðu sína að hann samþykkti tillöguna með fyrirvara um endanlega afstöðu til sölu á fyrirtækinu, þegar verðmat lægi fyrir. Af framangreindu tilefni var það tekið fram af hálfu Guðlaugs Þórs Þórðarson stjórnarformanns og bókað að það hafi verið stefna R-listans að selja gagnaveitustarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur.

Verðmöt Glitnis og Landsbanka á Gagnaveitu Reykjavíkur voru lögð fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. september 2007. Fram kom að Glitnir mat virði eigin fjár Gagnaveitu Reykjavíkur samtals [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.] millj.kr. eða um [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.] en bókfært virði eigin fjár félagsins, en að næmisgreining leiddi í ljós að verkefnið væri tiltölulega áhættusamt. Sala á hlutafé yrði alltaf mjög háð kjörum á lánsfé og annarri aðkomu lánastofnana auk þess sem það væri skoðun bankans að verðmæti Gagnaveitu Reykjavíkur í höndum Orkuveitu Reykjavíkur væri sambærilegt og annarra fjárfesta.³⁷³ Verðmat Landsbankans var byggt á tvennum forsendum, annars vegar á forsendum Gagnaveitu Reykjavíkur og hins vegar á forsendum bankans. Voru niðurstöðurnar þær að verðmæti eigin fjár væri [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.] millj.kr. miðað við forsendur Gagnaveitu Reykjavíkur, en [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.] millj.kr. ef miðað væri við forsendur bankans. Einnig var lagt mat á hvert verðmæti eigin fjár fyrirtækisins yrði árið 2011. Kom þar fram að miðað við forsendur Gagnaveitu Reykjavíkur yrði eigið fé fyrirtækisins [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.] millj.kr. árið 2011, en miðað við forsendur Landsbankans [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.] millj.kr. árið 2011.³⁷⁴

Haukur Leósson: „Ég sagði það, að það kaupir enginn þetta á herra verði en því sem hann vill kaupa það á, það skiptir engu máli hvernig matið verður. Þá var öll þessi vitleysa í gangi hjá bönkunum. Það kostaði stórfé að fara með þetta í mat. Ekki milljónir, heldur tugi milljóna. Ég sagði líka við þessa aðila sem komu frá bankanum að þessar forsendur hjá ykkur geta aldrei staðist, þið komið þessu aldrei inn í öll þessi hús á þessum tíma með þessum hætti. Þær var alveg út úr kortinu, þessar áætlanir.“

371 Tillaga formanns stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 29. maí 2007.

372 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 4. júní 2007.

373 Glitnir banki: Gagnaveita Reykjavíkur. Verðmat. September 2007.

374 Project Elektra. Landsbanki Íslands Corporate Finance (6dags.).

Á fundi stjórnar Orkuveitunnar þar sem framangreind mót voru kynnt, gerðu Páll Erland og Anna Skúladóttir grein fyrir verðmötunum og eftir að þau höfðu verið lögð fram og kynnt, óskaði fulltrúi Samfylkingar Sigrún Elsa Smáradóttir eftir því að bókað yrði:

„Verðmat sem lagt er fram frá tveimur bönkum sýnir glögglega að skynsamlegt var á sínum tíma að ráðast í ljósleiðaravæðingu og uppbyggingu á Gagnaveitu Reykjavíkur. Þó teygni verðmats á Gagnaveitu Reykjavíkur sé mikið bæði milli banka og innan verðmats hvors banka um sig, er ljóst að verðmæti fyrirtækisins umfram skuldir er mikið. Fyrri meirihluti stóð einarðlega að þeirri uppbyggingu sem í dag er Gagnaveita Reykjavíkur. En fulltrúar Sjálfstæðisflokksins börðust hatramlega gegn ljósleiðaravæðingunni bæði á sínum tíma í stjórn Línu.Net hf., OR og borgarstjórn. Þar gengu fulltrúar flokksins mjög hart fram í yfirlýsingum um að peningum væri kastað á glæ í þessu verkefni sem í dag er verðmetið á kr. [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.] Raunar telur greiningardeild Landsbanka Íslands að fyrirtækið getið aukið verðgildi sitt verulega fram til ársins 2011, en samkvæmt forsendum Landsbanka Íslands nemur spád heildarvirði Gagnaveitu Reykjavíkur árið 2011 rúmum [Efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.]. Ljósleiðaravæðingin hefur tryggt samkeppni á gagnaf lutningamarkaði og þar með lægri verð til neytenda og skapað íslenskum fyrirtækjum samkeppnislega yfirburði. Nú er einnig ljóst að um mjög verðmæta eign er að ræða sem auka mun mjög verðgildi sitt á komandi árum, borgarþúum og öðrum eigendum og notendum Gagnaveitu Reykjavíkur til heilla.“³⁷⁵

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 27. nóvember 2007 var svo lögð fram tillaga formanns stjórnar um að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti að falla frá ákvörðun um að leita eftir tilboðum í hlutafé Gagnaveitu Reykjavíkur, en tillögunni fylgdi greinargerð þar sem fram kom að á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 4. júní sl. hafi verið samþykkt að fela fyrirtækjasviði Glitnis hf. að verðmeta Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og leita eftir tilboðum í hlutafé félagsins, allt eða meirihluta þess. Verðmat hafi verið fengið frá Glitni og Landsbanka Íslands en sölumæðferð hefði ekki hafist. Ekki hafi verið einhugur í fyrri stjórn um þá stefnu að breyta eignarhaldi Gagnaveitunnar, en núverandi meirihluti væri andvígur sölu fyrirtækisins. Nauðsynlegt væri að taka ákvörðun um að hætta undirbúningi sölu til þess að eyða þeirri óvissu sem ríkt hefur um fyrirtækið, jafnt meðal starfsmanna, viðskiptavina sem og þjónustuaðila. Fyrirtækið Gagnaveita Reykjavíkur væri alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, hefði sjálfstæða stjórn og ynni eftir áætlunum sem byggðust á samningum og viljayfirlýsingum við sveitarfélög. Það væri skoðun nýs meirihluta að starfsemi Gagnaveitunnar væri grunnþjónusta og félli afar vel að annarri veitustarfsemi Orkuveitunnar. Áætlanir sýndu að rekstrarhorfur væru góðar og verðmöt á fyrirtækinu gæfu til kynna að verðmæti fyrirtækisins myndi aukast til muna á næstu árum og verulega umfram þá fjárfestingu sem framundan væri.³⁷⁶ Var afgreiðslu erindisins frestað, en hún var svo lögð fram að nýju á fundi stjórnar þann 21. desember 2007 og samþykkt á fundinum, en við afgreiðslu málsins sátu stjórnarmennirnir Kjartan Magnússon og Júlíus Vífill Ingvarsson hjá og lögðu fram svohljóðandi bókun:

375 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 20. september 2007.

376 Bréf formanns stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. nóvember 2007.

„Gagnaveita Reykjavíkur ehf. er framsækið fyrirtæki, sem veitir góða þjónustu og hefur afar hæfu starfsfólki á að skipa. Í fyrirtækinu eru veruleg verðmæti enda hefur ekkert verið til sparad við uppbyggingu þess. Við stofnun Línu.Nets hf. forvera Gagnaveitunnar, stóð til að leggja að hámarki 200 milljónir króna í fyrirtækið. Nú nemur kostnaður Orkuveitunnar vegna Gagnaveitunnar og tengdra fyrirtækja hins vegar um 7.000 milljónum króna. Gagnaveita Reykjavíkur á í harðri samkeppni á fjálsum markaði við önnur fjarskiptafyrirtæki. Vel kemur til greina að losa fyrirtækið úr opinberri eigu og leitast þar með við að auka heilbrigða samkeppni á fjarskiptamarkaði enda er starfsemi þess ekki hluti af kjarnastarfsemi Orkuveitunnar. Besta leiðin til að finna raunverulegt markaðsverðmæti er að leita eftir tilboðum í hlutafé hennar á opnum markaði. Með slíku útbóði kæmi í ljós hvaða trú fjárfestar hafa á viðskiptaáætlunum þeim, sem auka eiga verðmæti fyrirtækisins til framtíðar, samkvæmt nýbirtu verðmati. Að því loknu væri síðan hægt að taka afstöðu til þess hvort selja ætti fyrirtækið og þá hvenær.“³⁷⁷

Samkvæmt framsögðu er félagið Gagnaveita Reykjavíkur enn í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Um væntanlegt verðmæti Gagnaveitunnar í hugsanlegri sölu í framtíðinni er ómögulegt að segja en samkvæmt ársreikningi Gagnaveitunnar í árslok 2010 voru heildareignir félagsins 10.106 millj.kr., heildarskuldir 7.205 millj.kr. og bókfært eigið fé þar af leiðandi 2.901 millj. kr. sem er það sama og bókfært verð eignarhlutarins í bókum Orkuveitu Reykjavíkur. Varanlegir rekstrarfjármunir eru meirihluti eigna félagsins og eru þeir metnir á gangvirði. Rekstrarhagnaður félagsins nam 274.614 millj. kr. og hagnaður ársins 471.686 millj.kr. á árinu 2010.

13.5.3 Lán og hlutafjárframlög til Gagnaveitu Reykjavíkur

Frá því að Gagnaveita Reykjavíkur tók til starfa hefur félagið þurft að leita til Orkuveitunnar eftir fjárframlagi og nýju hlutafé vegna rekstrarins. Hefur það orðið tilefni til sérstakrar rannsóknar Póst- og fjarskiptastofnunar, eins og rakið verður hér á eftir.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 21. nóvember 2008 var lagt fram erindi stjórnar Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., dags. 11. nóvember 2008, þar sem óskað var heimildar hluthafa til útgáfu nýs hlutafjár í Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., allt að 1.200 milljónir króna. Var hlutafjárukningin rökstudd með eftirfarandi hætti:

„Í áætlunum Gagnaveitu Reykjavíkur stóð til lántaka að upphæð kr. 1.200 milljónir á árinu 2008. Áform félagsins um lántöku hafa brugðist vegna aðstæðna á lánsfjármarkaði og óhagstæðrar gengisþróunar sem orsakað hefur mikla hækkun á skuldum félagsins og að sama skapi dregið verulega niður hlutfall eigin fjár af heildareignum. Gagnaveita Reykjavíkur hefur því á árinu 2008 safnað skuld við Orkuveitu Reykjavíkur sem stefnir í að verða um kr. 1.200 milljónir í árslok. Nú er útséð að lán fæst ekki við þær aðstæður sem eru á markaði í dag og er því leitað til eiganda félagsins um aukningu hlutafjár sem nemur þessari upphæð og að skuldinni verði þannig breytt í hlutafé. Í kjölfar 1.200 milljón króna hlutafjárukningar mun heildar hlutafé Orkuveitu Reykjavíkur í Gagnaveitu Reykjavíkur nema 4.736.841 þúsund kr. og eigið fé verður 2.847.629

377 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21. desember 2007.

*Þúsund kr. að teknu tilliti til ójafnaðs taps vegna gengistaps miðað við óstaðfest 9 mánaða uppgjör félagsins.*³⁷⁸

Á framangreindum fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 21. nóvember 2008 var tillaga um hlutafjárukningu samþykkt, auk þess sem Orkuveita Reykjavíkur samþykkti að auka hlutafé sitt um sömu fjárhæð. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 3. júlí 2009 var lagt fram erindi framkvæmdastjóra Gagnaveitu Reykjavíkur dags. 23. júní 2009, um fjármögnun Gagnaveitu Reykjavíkur 2009, auk þess sem lögð var fram rekstrar- og fjárfestingaáætlun félagsins árið 2009, endurskoðuð í maí 2009 og minnisblað framkvæmdastjóra Gagnaveitu Reykjavíkur til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 3. júlí 2009 í tilefni bókonar á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 5. júní 2009 auk þess sem framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur kom á fundinn og flutti kynningu um starfsemi og áform félagsins. Á fundinum var svo lögð fram og samþykkt eftirfarandi tillaga, en stjórnarmaðurinn Þorleifur Gunnlaugsson sat hjá við afgreiðslu málsins:

*„Stjórn OR samþykkir beiðni Gagnaveitu Reykjavíkur um 390 mkr. lán sem komi til útborgunar á árinu 2009. Samþykktin er gerð með fyrirvara um að lántökur OR gangi eftir í samræmi við fjárhagsáætlun.*³⁷⁹

Við afgreiðslu málsins óskuðu stjórnarmennirnir Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorleifur Gunnlaugsson eftir að bókað yrði að á stjórnarfundum 5. júní 2008 hefði verið spurst fyrir um aðdraganda skýrslugerðar sem unnin var fyrir Gagnaveitu Reykjavíkur þar sem fram hefðu komið tillögur um stöðu Gagnaveitunnar. Það minnisblað sem nú hefði verið lagt fyrir stjórn svaraði því ekki hvers vegna slíkar tillögur um sölu félagsins hefðu ratað inn í skýrsluna. Sætti það furðu þar sem það væri þvert á yfirlýsta og ítrekaða stefnu, um að ekki stæði til að selja Gagnaveituna.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. október 2009 var lagt fram erindi framkvæmdastjóra Gagnaveitu Reykjavíkur dags. 14. október 2009 um fjármögnun Gagnaveitu Reykjavíkur, og samþykkti stjórnin erindið ásamt yfirlýsingu sem því fylgdi, en tveir stjórnarmanna þau Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorleifur Gunnlaugsson sátu hjá við afgreiðslu málsins og óskuðu að bókað yrði:

*„5. júní var lögð fram tillaga í stjórn Orkuveitunnar þess efnis að fulltrúar minnihlutans fengju fulltrúa í stjórn Gagnaveitu Reykjavíkur. Því hefur verið lofað margsinnis að tillagan yrði tekin á dagskrá stjórnar en ekkert bólar á því. Nú er okkur sagt að tillagan bíði umsagnar borgarstjóra sem veur furðu. Andstaða meirihlutans við aðkomu minnihlutans í stjórn Gagnaveitunnar veur tortryggni og spurningar um það hvort meirihlutinn hafi eitthvað að fela.*³⁸⁰

Af því tilefni tóku stjórnarmennirnir Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon og Júlíus Vífill Ingvarsson fram að framangreind tillaga væri til skoðunar og yrði tekin til afgreiðslu á vettvangi stjórnar innan skamms. Á fundi stjórnar þann 30. október 2009 óskaði Finnbofi Rögnvaldsson svo

378 Tillaga stjórnar Gagnaveitu Reykjavíkur til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 11. nóvember 2008.

379 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. júlí 2008.

380 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. október 2009.

eftir minnisblaði um rekstraráætlanir Gagnaveitu Reykjavíkur þar sem m.a. kæmi fram þróun hlutafjár félagsins frá stofnun þess, áætlaðar arðgreiðslur og áætlaðar afborganir af lánum Orkuveitu Reykjavíkur til dótturfélagsins. Á fundi þann 27. nóvember 2009 var lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra Gagnaveitu Reykjavíkur dags. 26.11.2009, sbr. ósk Finnboga Rögnvaldssonar á fundi stjórnar 30. október 2009, auk þess sem lagðar voru fram fundargerðir stjórnar Gagnaveitu Reykjavíkur dags. 27. október og 29. október 2009.

Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda kemur fram um Gagnaveitu Reykjavíkur að:

„Pólítískur ágreiningur var lengi um ljósleiðarastarfsemi OR og er það ekki fyrir en í árslok 2009 sem gagnaveita er skilgreind af stjórn sem hluti af kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Þá hafði OR lagt a.m.k. 5 milljarða króna til verkefnisins.“³⁸¹

Jafnframt kom eftirfarandi fram um fjárhagsleg málefni Gagnaveitu Reykjavíkur að:

„Gagnaveitan fór ekki varhluta af fjármálahruginu 2008, en gert hafði verið ráð fyrir að fjármagna fjárfestingu ársins um 1.200 mkr. með lántöku. Allir markaðir voru lokaðir á þessum tíma og tók eigandinn ákvörðun um að auka hlutafé. Lán Gagnaveitunnar hjá OR eru í erlendri myntkölfu. Við gengisfall krónunnar 2008 hækkuðu þessi lán umtalsvert og eigið fé rýrnaði að sama skapi. Árið 2008 lagði OR því fram 1.200 mkr. í nýtt hlutafé (1.420 mkr. á verðlagi júní 2010). Hlutafé OR í GR nemur því í dag samtals 4.736 mkr.Markvisst hefur verið fjárfest í styrkingu fyrirtækjanetsins og ljósleiðaravæðingu heimila frá því OR eignaðist ljósleiðaranetið árið 2004. Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna nam 7.943 mkr. í árslok 2009.“³⁸²

Ennfremur var rakið í minnisblaði að stefnt væri að því að ljúka ljósleiðaravæðingu heimila 2010 til 2014 og hvenær vænta mætti þess að Gagnaveitan myndi skila arði af rekstri sínum til Orkuveitu Reykjavíkur. Að auki var gerð grein fyrir viðræðum Gagnaveitunnar við lánadrottna félagsins.³⁸³

Framangreindar lánveitingar og hlutafjárukningar Orkuveitu Reykjavíkur til Gagnaveitu Reykjavíkur leiddu til þess að málefni fyrirtækjanna hlutu frekari skoðun hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2010 frá 21. maí 2010, kom fram að Gagnaveita Reykjavíkur ehf. þyrfti að fá fyrirfram samþykki stofnunarinnar fyrir hlutafjárukningu sem Orkuveita Reykjavíkur eða annað fyrirtæki innan fyrirtækjasamstæðunnar væri greiðandi að. Var sú skylda lögð á Gagnaveituna að leggja slíka umsókn fyrir Póst- og fjarskiptastofnun með nauðsynlegum gögnum, t.d. nýrri viðskiptaáætlun og útreikningi á arðsemiskröfu og að Póst- og fjarskiptastofnun myndi því aðeins samþykkja slíka hlutafjárukningu að hún rúmaðist innan eðlilegs fjárhagslegs aðskilnaðar og fæli ekki í sér að samkeppnisrekstur væri niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi. Þar til slíkt samþykki stofnunarinnar lægi fyrir, væri Gagnaveitu Reykjavíkur óheimilt að samþykkja hlutafjárukningu á hluthafafundi eða tilkynna um

381 Greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 10.

382 Greinargerð með rekstrarúttekt, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 24.

383 Greinargerð með rekstrarúttekt, dags. 14. ágúst 2010. Bls. 47.

slíka hækkun til hlutafélagaskrár. Þá mættu skammtímaskuldir Gagnaveitu Reykjavíkur við Orkuveitu Reykjavíkur, eða önnur félög innan samstæðunnar, aldrei nema hærrí fjárhæð en sem næmi tveggja mánaða eðlilegum viðskiptum milli aðilanna á hverjum tíma, eins og um ótengda aðila væri að ræða. Í rökstuðningi fyrir ákvörðuninni kom fram að:

„Eftirlit með fjárhagslegum aðskilnaði GR/OR, og öðrum samþærilegum aðilum, er viðvarandi verkefni PFS. Sú ákvörðun sem hér er tekin er sú þriðja í röðinni sem snýr að fjarskiptastarfsemi OR. Hinar tvær voru teknar á árunum 2006 og 2008.³⁸⁴ ... Framkvæmd hlutafjárútkningar í GR OR hefur til margra ára staðið að umfangsmikilli uppbyggingu á ljósleiðaraneti á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágranni við það. Fjarskiptastarfsemi félagsins felst í því að veita heildsöluáðgang að gagnaflytninguleiðum, þ.e. á leigulínunum, hvort sem um er að ræða stofnlínuhluta eða lúkningarluta (aðgangsneta). Frá 1. janúar 2007 hefur fjarskiptastarfsemin verið rekin í sérstöku dótturfyrirtæki, þ.e. Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR), sem er að fullu í eigu OR. Þegar horft er til þess hve GR er skipulags- og fjárhagslega háð OR er ekki hægt að líta öðruvísi á en að ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga taki til fjarskiptareksturs OR óháð því hvort starfsemin fari fram undir merkjum dótturfyrirtækis, enda mynda félögin eina efnahagslega einingu í skilningi samkeppnisréttar ... Til að tryggja skilvirka og árangursríka framkvæmd hins fjárhagslega aðskilnaðar fjarskiptastarfseminnar frá sérleyfisstarfseminni þykir því nauðsynlegt að fyrirfram samþykki PFS þurfi til að koma svo OR eða annað félag innan samstæðunnar geti verið greiddandi að hlutafjárútkningu í GR.

Samandregin niðurstaða: Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða PFS að framkvæmd á fjárhagslegum aðskilnaði á fjarskiptastarfsemi OR, sem rekin er í dótturfélaginu GR, frá annarri og sérleyfisbundinni starfsemi fyrirtækjasamstæðunnar, sé ófullnægjandi varðandi ofangreind tvö atriði. Í ákvörðun PFS frá 13. nóvember 2006 um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi OR voru ýmsar kvæðir lagðar á Gagnaveitu OR, sem þá var rekin sem sérstök deild innan OR. ... Sá háttur sem viðhafður hefur verið, þ.e. að GR safni upp verulegum viðskiptaskuldum við OR án þess að sérstakir lánasamningar séu gerðir og hlutafé sé hækkað reglulega sem þessari skuld nemur, fer að mati PFS gegn ofangreindri kvæð. PFS lítur það alvarlegum augum að fjarskiptafyrirtæki víki sér undan þeim fyrir-mælum sem stofnunin hefur beint til þeirra. PFS telur því nauðsynlegt á þessu stigi að leggja frekari kvæðir á GR, sbr. ákvörðunarorð hér að neðan. Ekki síst til að koma í veg fyrir að frekari hlutafjárútkningar, sem OR eða önnur félög innan samstæðunnar eru greiddendur að, séu notaðar til að greiða niður uppsafnaða viðskiptaskuld. Eins og fram hefur komið hér að framan mun PFS í sérstöku máli fjalla um lögmati hlutafjárhækkunar þeirrar sem fram fór í desember 2008 og hvort uppfærð arðsemiskrafa GR sé eðlileg og byggist á samkeppnislegum forsendum. Samkvæmt öllu ofangreindu verður GR því að fara að ofangreindum tilmælum, auk þeirra tilmæla sem

384 Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 32/2008, dags. 30. desember 2008 um fjárhagslegan aðskilnað Orkuveitu Reykjavíkur og Gagnaveitu Reykjavíkur.

áður hefur verið beint að félaginu, til að auka gagnsæi og áhrif hins fjárhagslega aðskilnaðar.³⁸⁵

Ofangreind ákvörðun var kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sem staðfesti hina kærðu ákvörðun með úrskurði dags. 13. september 2010, í máli nr. 3/2010.³⁸⁶

13.6 Tetra fjarskipti

Hér á eftir verður fjallað sérstaklega um svokölluð Tetra fjarskipti, en við stofnun sameignarfyrirtækisins Orkuveitu Reykjavíkur þann 1. janúar 2002 var Tetra samskiptatæknin hluti af starfsemi þess. Ástæða þess var sú að árið 1999 var veitunum í Reykjavík boðið að vera með í sameiginlegu útboði ríkisins, Reykjavíkurborgar og Landsvirkjunar á nýju sameiginlegu fjarskiptakerfi fyrir viðbragðs- og neyðaraðila sem jafnframt myndu nýttast til almennra fjarskipta. Skömmu áður en útboðið var auglýst dró Landsvirkjun sig út úr samstarfinu og tilkynnti að fyrirtækið myndi bjóða í rekstur kerfisins ásamt Landssímanum og Tölvumyndum.

Útboðið fór svo fram og var fyrirtækið Irja ehf. lægstbjóðandi. Eigendur Irju lentu svo í erfiðleikum með að setja fram þá tryggingu sem farið var fram á í útboðinu. Í framhaldi var félagið boðið til sölu og keypti Lína.Net hf. það, m.a. með þær fyrirætlanir að nýta eiginleika kerfisins til gagnaflutninga á almennum markaði undir nafni Tetralínu ehf. Jafnframt hófst uppbygging Tetra kerfis af hálfu Landsvirkjunar og tengdra aðila undir nafninu Stikla ehf., þannig að í reynd var hafist handa við uppbyggingu tvöfalds Tetra kerfis hér á landi.³⁸⁷

Á yfirlitinu hér að neðan má sjá hreyfingar á eignarhlutum í þeim félögum sem urðu að Tetra Ísland ehf.

Guðlaugur Þór Þórðarson: „Upphafið var að ríkið býður út öryggiskerfi fyrir lögreglu og fleiri aðila. Vóðafone bauð 112 milljónir. Stikla, sem mig minnir að hafi verið verið í tengslum við Símann 70-80 milljónir. Svo kemur bara einhver sem vann hjá símanum. Hann bara stofnaði eitthvað félag með fimm hundruð þúsund kall í eigið fé og biður 36 milljónir, og fær verkefnið. Svo getur hann náttúrulega ekkert staðið við skuldbindinguna. Þá gerist það óskiljanlega að Lína.Net kaupir fyrirtæki sem er miklu verr stutt en að vera verðlaust á 250 milljónir.“

Guðmundur Þóroddsson: „Þetta er sorgarsaga. Þetta merkilega framtak fól í sér sameiginlegt útboð lögreglu, veitna, almanna- og annarra. Þessir varnaraðilar sameinuðust um að bjóða út eitt fjarskiptakerfi. Tveir bjóða í það, annars vegar eitthvað fyrirtæki, ég man ekki lengur hvað það hét, sem vann útboðið og svo Póstur og Sími og Landsvirkjun sem var einn aðilinn í útboðinu. Svo gerist það að aðilinn sem er búinn að ná útboðinu kemur og selur fyrirtæki sitt inn í Línu.Net. Á sama tíma ákveða Póstur og Sími og Landsvirkjun að drepa hann og segja: „Við ætlum að setja upp eigið kerfi, þú skalt bara hætta við.“ Þarna voru allt í einu komnir tveir aðilar á markaðinn sem ætluðu að setja upp sitt hvort kerfið og settu upp tvö Tetra kerfi. Flestir notendurnir voru í Tetra Íslandi ehf., sem var útboðsverkið, og síðan voru Landsvirkjun og Póstur og Sími með sitt eigið kerfi. Þetta varð náttúrulega til þess að uppbyggingu þessara kerfa seinkaði mjög. Bæði voru rekin með miklu tapi en virkuðu hins vegar vel þannig að það varð stórmál að slökkeva á þeim. Þar var allt lögreglukerfið og slökkeviliðskerfið. Þetta endaði með því að menn kyngdu stolti sínu báðum megin og sameinuðu kerfin. En þetta var sorgarsaga.“

385 Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2010, dags. 21. maí 2010.

386 Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála: Úrskurður í máli 3/2010 Gagnaveita Reykjavíkur gegn Póst- og fjarskiptastofnun. Reykjavík, 13. desember 2010. http://www.pfs.is/upload/files/Úrskurður_úrskurðarnefnd_nr.3_2010.pdf

387 Sögulegt yfirlit yfir tilurð Tetra Íslands ehf. Minnisblað: Reykjavík, dags. 9. febrúar 2004.

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í félögum sem urðu að Tetra Ísland ehf.		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Stikla ehf.		
Kaup á árinu 2001	71.500.000	124.575.049
Endurmat á árinu 2001	1.057.790	
Tetralína ehf.		
Kaup á árinu 2001	225.000.000	392.019.385
Endurmat á árinu 2001	4.816.194	
Tetra Ísland ehf.		
Hlutdeild í tapi ársins 2001	-170.518.513	-297.095.834
Kaup á árinu 2002	131.667.312	217.347.697
Endurmat á árinu 2002	5.282.461	
Hlutdeild í tapi ársins 2002	-81.396.130	-134.363.353
Endurmat á árinu 2003	5.105.831	
Niðurfærsla á árinu 2003	-76.954.945	-124.236.009
Kaup á árinu 2004	50.000.000	78.353.610
Niðurfærsla á árinu 2004	-115.560.000	-181.090.862
Kaup á árinu 2005	12.533.463	18.895.837
Söluverð á árinu 2005	-45.000.000	-67.843.393
Sölutap 2005	-17.533.463	-26.433.992
	0	
	490.700.775	831.191.578
Samtals kaupverð		
	-45.000.000	-67.843.393
Samtals söluverð		
		-763.220.050
Samtals fært í rekstrarreikning		
		-752.770.582
Samtals fært í rekstur á meðalverðlagi 2010		

Eins og sést á yfirlitinu námu fjárfestingar í félögum rúmum 831 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og samtals hafa verið færðar til gjalda 752,8 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 vegna kaupanna.

Á árinu 2001 var orðið ljóst að ekki myndi ganga vel að byggja upp Tetra þjónustu á almennum markaði. Uppbygging Tetra kerfisins var talin of mikið verkefni, þar sem engin samlegð hefði komið fram og gagnaflutningar voru minni en reiknað hafði verið með í upphafi. Því voru teknar upp viðræður milli Línu.Nets hf. og Stiklu um að sameina kerfin. Náðist síðar samkomulag milli Línu.Nets hf. og eigenda Stiklu um að sameina Tetra kerfin, en áður en af því varð kom í ljós að Samkeppnisstofnun myndi væntanlega ekki samþykkja sameininguna. Við svo búið var ákveðið að leysa fjarskiptafyrirtækin út úr þessum rekstri, og að Orkuveita Reykjavíkur keypti bæði kerfi Línu.Nets hf. og hlut Landssímans í Stiklu ehf. eins og fjallað verður um hér á eftir.³⁸⁸

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 25. september 2001 var lögð fram viljayfirlýsing Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar frá 20. september 2001 um sameiningu félaganna Tetralínu ehf. og Stiklu ehf., auk þess sem samþykkt var tillaga um að samþykkja kaupsamninga um kaup Orkuveitunnar á hlut Landssíma Íslands hf. í Stiklu ehf. fyrir 71,5 millj. kr. og í Tetralínu ehf. fyrir 225 millj.kr. Var tillagan m.a. rökstudd með þeim hætti að Orkuveitan og Landsvirkjun hefðu náð samkomulagi um að vera burðarásar í fyrirtækinu og að Landssími Íslands og Lína.Net hf. myndu draga sig út úr rekstri Tetra kerfis. Auk þess var vísað til þess að endurskoðunarfyrtækið KPMG hefði útbúið rekstraráætlanir fyrir sam-

388 Minnisblað, sögulegt yfirlit yfir tilurð Tetra Íslands ehf., Reykjavík, dags. 9. febrúar 2004.

einað Tetra kerfi þar sem áætlað heildarvirði þess væri á bilinu 1.100 til 1.400 millj.kr. og virði eigin fjár um 500 til 835 millj.kr. Var jafnframt vísað til þess að á sviðinu væru rekin tvö Tetra kerfi á sömu neyðartíðni (810 mhz), þ.e. á vegum Stiklu ehf. annars vegar og Tetralínu ehf. hins vegar. Tetra kerfin gætu ekki unnið saman, nema að mjög takmörkuðu leyti og það væri afar óheppilegt að hafa neyðaraðilana á sitt hvoru kerfinu þar sem kostir kerfanna nýttust ekki að fullu ef þeir aðilar sem nýttu sér þjónustuna (lögregla og slökkvilið) nýttu sér sitt hvort kerfið.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 8. janúar 2002 var lagt fram og samþykkt bréf forstjóra frá 7. janúar 2002 um sameiningu Tetra fyrirtækjanna Stiklu ehf. og Tetralínu ehf., en meginforsenda tillögunnar var sú ákvörðun að nota Nokia kerfið til frekari uppbyggingar Tetra kerfisins (byggt á mati KPMG um fjárhagslega hagkvæmni kerfanna) og að unnið yrði að því að selja Motorola kerfið í frjálsri sölu. Áður hafði tillagan verið lögð fram og rædd á fundi stjórnar þann 25. september 2001. Kom fram í greinargerð forstjóra til stjórnar samhliða tillögunni að:

„Athuganir KPMG benda til þess að sameinað fyrirtæki eigi sér nokkuð bjarta framtíð þrátt fyrir mikla skuldsetningu og varfærna tekjuspá ef inngreiðslur á hlutafé frá OR og LV verða nokkeru hraðari en áður var ráð fyrir gert ...“³⁸⁹

Málið kom aftur á borð stjórnar fyrirtækisins þann 23. ágúst 2002, þegar stjórnarmaðurinn Guðlaugur Þór Þórðarson bar fram fyrirspurn um málefni félaganna Stiklu og Tetralínu ehf. Spurðist hann fyrir um hvort fyrirtækin Stikla ehf. og Tetralína ehf. hefðu verið sameinuð formlega, og þá hvenær. Jafnframt óskaði hann upplýsinga um hver væri eignarhlutur Orkuveitu Reykjavíkur í sameinuðu félagi Tetra Ísland ehf. og hvort þessi sameining hefði kostnað eða skuldbindingar í för með sér fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Jafnframt óskaði hann eftir upplýsingum um þau markmið sem fram komu í ársreikningum ársins 2001, þ.e. að ákveðnum markmiðum yrði náð um rekstur Tetra kerfisins og því að annað af tveimur Tetra kerfum yrðu seld, og óskaði hann upplýsinga um hvort það hefði gengið eftir. Að lokum óskaði hann upplýsinga um hvort sú framlegð sem ráð hefði verið gerð fyrir í ársreikningi fyrirtækisins 2001 hefði náðst. Fyrirspurninni var svarað með bréfi Tetra Ísland ehf. dags. 5. september 2002, þar sem fram kom að félögin Stikla ehf. og Tetralína ehf. hefðu verið sameinuð og að Orkuveita Reykjavíkur ætti um 57,7% í hinu sameinaða félagi. Við sameininguna hafi Orkuveita Reykjavíkur jafnframt skuldbundið sig til að leggja fram nýtt hlutafé, samtals 130 millj.kr. Allt benti jafnframt til þess að markmið um rekstur Tetra kerfisins næðu fram að ganga, en samruni félaganna hefði tekið lengri tíma en áætlað hafi verið og því hefði það einhver áhrif á tekjuöflun félagsins til lækkunar. Hins vegar hefði annað Tetra kerfið ekki verið selt, og bæði kerfin væru því í rekstri. Þó hefði tekist að tengja þau saman þannig að hægt væri nú að bjóða viðskiptavinum þjónustu á öllu dreifisvæðinu.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 5. nóvember 2002 var svo óskað eftir því að árshlutareikningar Tetra Íslands ehf. yrðu kynntir formlega fyrir stjórn Orkuveitunnar sem allra fyrst. Þessari gagnabeiðni var svarað með framlagningu gagna á fundi þann 26. nóvember 2002. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 4. mars 2003, létu fulltrúar minnihluta í stjórn bóka að þeir hefðu ekki haft nægilegan aðgang að gögnum. Af þeim sökum létu þeir bóka að þrátt fyrir ítrekaðar óskir hafa reikningar

LÍNA.Net hefur keypt fjarskiptafyrirtækið Irju ehf. og eignast fyrrverandi eigendur þess 8% hlut í Línu.Neti við kaupin. Irja hefur samning við Ríkiskaup um uppsetningu á Tetra farsímakerfi fyrir lögreglu, slökkvilið og fleiri aðila, að því er fram kemur í fréttatilkynningu, og mun Lína.Net taka við uppsetningu kerfisins. Gengið hefur verið frá pöntun á búnaði frá Motorola og má búast við að kerfið nái yfir suðvesturhluta landsins í vor og hefur Lína.Net í hyggju að bjóða almennum aðgang að farsímakerfinu frá og með júlí í ár. Eiríkur Bragason, framkvæmdastjóri Línu.Nets, segir stefnt á að setja aukinn kraft í að koma kerfinu upp sem fyrst í maí. Aðspurður segir Eiríkur Tetra mjög öflugt farsímakerfi og muni koma í stað NMT-kerfisins. “Talgæði og öryggi eru mun meiri, auk þess sem mögulegt er að nota Tetra-síma eins og talstöðvar.” Aðaleigandi Irju ehf. var Jón Þóroddur Jónsson og nú hefur verið gengið frá ráðningu Jóns Þórodds sem forstöðumanns farsímasviðs hjá Línu.Neti. Með kaupunum hyggst Lína.Net útvíkka starfsemi sína og reka farsímakerfið frá sömu sendistöðum og örbylgjukerfi fyrirtækisins. “Með kaupunum opnast fyrir Línu.Net margs konar önnur sóknarfæri á landsvísi,” segir í tilkynningu. Lína.Net hefur starfsemi úti á landi og segir Eiríkur að kaup Línu.Nets og Irju gefi aukna möguleika á hagræðingu úti á landi þar sem mögulegt verður að setja upp Tetra-stöðvar á sama stað og örbylgjustöðvar. Stefnt er að því að koma upp öflugum kerfi á Eyjafjarðarsvæðinu og á Suðurlandsundirlendinu sem fyrst, að sögn Eiríks.” Morgunblaðið 8. mars 2000 <http://mbl.is/greinasafn/grein/522805/>

389 Erindi forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. janúar 2002.

dótturfyrirtækja Orkuveitunnar, svo sem Tetra Ísland ehf. ekki verið lagðir fyrir stjórn fyrirtækisins.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur sem fram fór þann 4. mars 2003 var lagður fram árshlutareikningur Tetra Ísland ehf. dags. 31. ágúst 2002. Ársreikningur Rafmagnslínu ehf. fyrir árið 2002 var síðar lagður fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. maí 2003 og kom Þorleifur Finnsson á fund stjórnarinnar til að skýra reikninginn. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. mars 2003 var fjarskiptastarfsemi fyrirtækisins aftur til sérstakrar umræðu, en á fundinn hafði komið borgarlögmaður og gert grein fyrir því álit hans að fjarskiptastarfsemi félli undir tilgangssákvæði laga nr. 139/2001 um Orkuveitu Reykjavíkur. Í kjölfar þeirrar umræðu sem spannst þar á fundinum, óskuðu stjórnarmenn Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eftir því að bókað yrði um fyrirtækið Tetra Ísland ehf. að:

„Í rekstrarreikningi kemur fram, að fyrirtækið hafði 57 milljónir króna í þjónustutekjur á árinu 2002. Tap ársins var hins vegar 214 milljónir króna. Á árinu 2001 hafði fyrirtækið 19 milljónir króna í þjónustutekjur en tapið var 132 milljónir króna. Undanfarin tvö ár hefur fyrirtækið tapað 346 milljónum króna en haft 76 milljónir króna í þjónustutekjur. Árið 2002 varð að greiða 175 milljónir króna með rekstrinum og tæpar 39 milljónir árið 2001 eða samtals 214 milljónir króna. Ástæða er til að draga í efa það mat, að viðskiptavild félagsins sé 162 milljónir króna og verðmæti TETRAkerfisins 891 milljón króna. Stjórnarmenn Sjálfstæðisflokksins efast um lögmæti þess, að Orkuveita Reykjavíkur sé eignaraðili að þessu fyrirtæki með vísan til tilgangs OR og lögheimilda. Greinilegt er, að fjárhagslegar forsendur fyrir rekstri Tetra Íslands ehf. eru brostnar. Spurt er, hve mikla fjármuni Orkuveita Reykjavíkur hefur lagt til Tetra Íslands ehf. og annarra fyrirtækja, sem tengjast eignaraðildinni að Tetra Ísland ehf.“³⁹⁰

Auk þess voru á fundinum lagðar fram ýmsar fyrirspurnir um ársreikninga Tetra Íslands ehf. árið 2002:

- 1. Er eðlilegt að eignfæra viðskiptavild félagsins miðað við rekstrarafkomuna? Bókfært verð viðskiptavildar nemur 162 mkr. í árslok 2002.*
- 2. Veltufé til rekstrar nam á sl. ári 175,3 mkr. Það er því ekkert afgang frá rekstri til að greiða niður langtímalán, standa undir fjárfestingum eða til að laga greiðslustöðuna? Heildarvelta félagsins var aðeins 93,8 mkr. á sl. ári. Árlegar tekjur félagsins ná varla áætluðum afborgunum langtímalána. Er einhver von til þess að reksturinn skili eigendum arði?*
- 3. Er gert ráð fyrir bata í rekstrinum? Hvejar eru helstu niðurstöður rekstraráætlunar fyrir árið 2003? Áform félagsins um sölu á öðru af TETRAkerfum félagsins hafa brugðist. Er líklegt að slík áform muni ganga eftir?*
- 4. Hversu mikið viðbótarhlutafé setti OR í TETRA Línu á árinu 2002? Er gert ráð fyrir að OR setji viðbótarfjármagn inn í félagið á árinu 2003?*

390 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. maí 2003.

5. Telja forsvarsmenn félagsins að bókfært verð eigin fjár félagsins endurspegli raunverulegt verðmæti þess?³⁹¹

Á fundinum óskaði formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, í kjölfar framangreindrar bókuar, eftir að bókað yrði að hann teldi gagnrýni fulltrúa Sjálfstæðisflokksins á rekstur fyrirtækisins Tetra Ísland ehf. sérkennilega, þar sem Tetra Ísland ehf. væri að hasla sér völl sem aðal fjarskiptakerfi lögreglu, slökkviliðs, sjúkrabifreiða og annarra björgunaraðila og myndi tengjast almannavörnum landsins. Ljóst væri að það myndi taka nokkurn tíma að byggja þetta fyrirtæki upp og væri það ekki á færi annarra en fjársterkra fyrirtækja á borð við OR, Landsvirkjun og Motorola að koma að slíkri uppbyggingu.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 3. júní 2003 voru lögð fram svör við fyrirspurnum stjórnarmanna Sjálfstæðisflokksins frá 16. maí 2003 og á fundi þann 9. desember 2003 óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks eftir því að fá skýrslu um Tetra Ísland ehf. Af framangreindu tilefni óskaði formaður stjórnar að bókað yrði:

„Fulltrúar sjálfstæðismanna í stjórn OR eru því miður haldnir þráhyggju varðandi fjarskiptastarfsemi OR og virðast ekki átta sig á þeim sóknarmöguleikum sem felast í slíkri starfsemi. Reykvíkingar hafa farið mun hraðar inn í upplýsingaöldina vegna tilkomu fjórðu veitu OR og hefur aðgangur höfuðborgarbúa að gagnaflutningum stóráukist með tilkomu hennar. Einnig hafa verð lækkað verulega eftir að fjórða veitan kom til. Fjórða veitan er einn grundvöllurinn að samkeppni á sínamarkaði hér á landi ... Það væri sérkennilegt ef OR nýtti ekki þá möguleika sem í því felst líkt og veitur gera í öðrum löndum.“³⁹²

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 13. janúar 2004 voru lagðir fram minnisþingpunktar Þorleifs Finnssonar stjórnarformanns Tetra Íslands ehf. um félagið. Í þeim kom fram að frá samruna Tetra fyrirtækjanna á Íslandi í lok ársins 2001 hafi meginverkefni stjórnar fyrirtækisins verið þrjúþætt, þ.e. að sameina rekstrarþætti þeirra og samhæfa Tetra kerfin, að endurfjármagna félagið með nýjum eigendum sem og að treysta tekjugrunn félagsins með endurskoðun samninga við ríkið, stærsta verkkaupa félagsins. Fyrri tvö atriðin hefðu gengið eftir, en það hafi ekki verið fyrr en í september 2003 að undirrituð hafi verið viljayfirlýsing við dómsmálaráðuneyti um að Tetra fjarskiptakerfið yrði framtíðarkerfi fyrir öryggis- og viðbragðsaðila á Íslandi. Í þeirri viljayfirlýsingu hafi jafnframt verið staðfestur vilji aðila til að finna sem fyrst langtímalausn á þörfum verkkaupa (ríkisins) og fjárhagsvanda félagsins, en að því verki þyrftu framangreindir aðilar auk lánardrottna félagsins að koma. Fyrir lægi að tekjur félagsins af samningi við ríkið og öðrum notendum hefðu ekki staðið undir kostnaði og því væri greiðslustaða félagsins mjög erfið. Unnið væri að því að koma á verulegri hækkun þjónustugjalda, stækkun þjónustusvæðisins með aðkomu ríkisins, með breytingu skulda í hlutafé, niðurfærslu hluta almennra skulda og nýs hlutafjár. Á fundi stjórnar Orkuveitunnar fór fram umræða um málefni félagsins, og lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram ósk um upplýsingar um heildarfjárframlög Orkuveitunnar m.a. til Tetra Íslands ehf. og fyrirrennara þess, Irju ehf. og Rafnagnslínu ehf.

391 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. maí 2003.

392 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. maí 2003.

Framangreindri fyrirspurn var svarað með bréfi forstjóra dags. 15. febrúar 2004, sem lagt var fram á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 17. febrúar 2004. Þar kom fram að heildarfjárfesting í Línu.Net hf., Tetra Íslandi ehf. og Rafmagnslínu ehf. næmi samtals 2.792.333.261 kr., en tekið var fram að framangreind fjárhæð væri vegna hlutafjárframlaga o.fl. Á sama fundi var einnig lagt fram bréf forstjóra dags. 15. febrúar 2004 um stöðu mála hjá Tetra Ísland ehf., auk þess sem til fundarins kom Jón Pálsson framkvæmdastjóri Tetra Íslands ehf. og greindi frá stöðu mála hjá félaginu. Fram kom í bréfinu að:

„Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur stjórn TÍ samþykkt að leita eftir formlegum nauðasamningum hjá dómstólum. Þessi niðurstaða fékkst eftir að ljóst var að skilyrðum dómsmálaráðuneytisins fyrir viðbættum við samning ríkiskaupa og TÍ yrðu ekki uppfyllt með frjálsum samningum ... Lagt verður fram frumvarp til nauðasamninga og eru forsendur þess frumvarps að vedkröfuhafar breyti 48% af vedkröfum í hlutafé en almennir kröfuhafar fái 1 milljón greidda og 53% á skuldabréfi til fimm ára eða 40% af því sem er umfram 1 milljón greitt strax. Önnur forsenda frumvarpsins verður að núverandi hlutafé verði skrifað niður um 55% og að inn í félagið komi 100 milljónir af nýju hlutafé, 50 frá LV og 50 frá OR. Stjórn LV hefur þegar samþykkt þá aukningu en [það] á eftir að gera það formlega í stjórn OR. Þriðja forsenda frumvarpsins er að það náist samningar við dómsmálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið um greiðslur fyrir þá þjónustu sem veitt er ásamt frekari útbýggingu á kerfinu á landsvísu. ... lagt er til að stjórn OR samþykki að leggja fram 50 milljónir króna í nýtt hlutafé ef ofantaldir samningar nást.“³⁹³

Á fundinum lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram tillögu um að óháður fagaðili yrði fenginn til að gera úttekt á rekstri, viðskiptaáætlunum og fjárhagslegri stöðu fyrirtækisins Tetra Ísland ehf. auk þess sem áreiðanleiki þeirra upplýsinga sem stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefði fengið um fyrirtækið yrði kannaður og jafnframt hvort stjórnin hafi vísitandi verið leynd upplýsingum, og að leggja svo niðurstöður sínar fyrir stjórn Orkuveitunnar hið fyrsta. Fulltrúar meirihluta í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur lögðu hins vegar fram frávísunartillögu, sem samþykkt var með fjórum greiddum atkvæðum gegn tveimur, svohljóðandi:

„Á fundi stjórnar OR kom í dag framkvæmdastjóri TETRA – Ísland og gerði grein fyrir stöðu fyrirtækisins. Stjórn hefur jafnframt verið upplýst reglulega um stöðu fjármála. Nú liggur fyrir samþykki LV og OR um endurfjármögnun sem er forsenda að samningi við dómsmálaráðuneytið. Stjórn OR mun væntanlega fljótlega fá upplýsingar um stöðu fyrirtækisins frá löglega kjörnum endurskoðenda fyrirtækisins, KPMG. Fráleitt er einnig að ýja að því eins og gert er í tillögunni að forstjóri hafi veitt rangar upplýsingar til stjórnarinnar. Tillagan er því óþörf og er vísað frá.“³⁹⁴

Af því tilefni óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks að bókað yrði vegna Tetra Íslands ehf.

393 Bréf forstjóra til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 15. febrúar 2004.

394 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 17. febrúar 2004.

„Ljóst er að fjármunum almennings hefur verið sólundað með kaupum Línu.Net hf., dótturfyrirtækis Orkuveitu Reykjavíkur á fyrirtækinu Irju, sem OR síðar keypti af Línu.Net hf. til að bjarga því fyrirtæki frá því að fara í þrot. Nafni Irju var við kaupin breytt í TETRA.lína og var lagt fram sem hlutur OR við stofnun TETRA-Ísland. OR er nú 44,7% eignaradili að TETRA-Ísland. Minnisblað vegna TETRA-Ísland staðfestir að kaup Línu.Nets hf. á fyrirtækinu Irju ehf. fyrir 250 milljónir árið 1999 var í senn óskiljanlegur og ábyrgðarlaus gjörningur. Irju var nær eignarlaus fyrirtæki sem átti langlægsta tilboðið í útboði Ríkiskaupa um rekstur á TETRA fjarskiptaþjónustu fyrir öryggisaðila á Reykjavíkursvæðinu ... Eru kaupin sérstaklega athyglisverð í því ljósi að nú fara forystumenn TETRA-Íslands fram á að verkkaupinn þrefaldi framlag sitt þar sem að ekki er rekstrargrundvöllur fyrir fyrirtækið að öðrum kosti. Miklar deilur urðu vegna kaupanna á sínum tíma og nefndi Viðskiptablaðið þetta m.a. verstu kaup á fyrirtæki þess árs. Ýmsir þeir, sem vel þekktu til fjárhagslegrar stöðu Irju, töldu að fyrirtækið væri að hámarki virði 30 milljóna króna. Í tilfni kaupanna sagði Helgi Hjörvar þáverandi varaformaður stjórnar OR í borgarstjórn: „Þá mun koma ljós að fyrirtækið Irju var gott fyrirtæki með öfluga viðskiptaáætlun sem skynsamlegast var að fjárfesta í og mun skila arði.“ Aðrir forystumenn R-listans með borgarstjóra í broddi fylkingar voru einnig kaupin. Sama var upp á teningnum hjá forystumönnum Línu.Nets hf. og Orkuveitunnar. Þáverandi framkvæmdastjóri Línu.Nets hf. og núverandi stjórnarmaður í TETRA-Íslandi skrifaði í Morgunblaðið 4. maí 2001: „Til dæmis hefur því verið slegið upp að Lína.Net hf. hafi kastað 250 milljónum út um gluggann með kaupum sínum á fyrirtækinu Irju. Í ljósi áætlaðrar ársveltu er ótvírætt, að hafi 200 milljónum verið kastað út um glugga, eins og fullyrt er, þá er ljóst að ríflegt hlutfall af 700 milljón króna árstekjum mun kom árléga inn um glugga með tilheyrandi ábata fyrir félagið.“ Í sama streng tók forstjóri OR sem að hafi skrifað nokkrum vikum áður: „Þvert á móti hef ég fulla trú á að Lína.Net hf. muni hagnast á því að hafa farið út í rekstur á TETRA-kerfi.“ Núna eftir að búið er að leggja nær 500 milljónir að núvirði í fyrirtækið af fjármunum Orkuveitunnar liggur fyrir tillaga að nauðsamningi. Í nauðsamningnum felst að OR leggi 50 milljónir til viðbótar í fyrirtækið. Ekkert hefur breyst varðandi forsendur að rekstri frá því sem áður var og því allar líkur á að verið sé að sóa 50 milljónum króna til viðbótar af fé Reykvíkinga í gjaldþrota félag. Það er ljóst að pólitísk ábyrgð R-listans í þessu máli er mikil, allt frá því að Lína.Net hf. keypti Irju á ótrúlegu yfirverði og Orkuveitan keypti Irju (TETRA.lína) af Línu.Net hf. á sama verði til að bjarga því að Lína.Net hf. færi í þrot.

Alvarlegur upplýsingaskortur

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa frá upphafi lýst andstöðu sinni við að OR stæði í samkeppnisrekstri á fjarskiptamarkaði með stofnun Línu.Net hf. Eftir að OR keypti Irju af Línu.Net hf., sem varð hluti af TETRA-Ísland hafa þeir hvað eftir annað lýst yfir áhyggjum vegna stöðu mála hjá TETRA-Ísland. Spurningar vegna stöðu fyrirtækisins voru fyrst lagðar fram þann 23. ágúst 2002 og reglulega fram til dagsins í dag. Það er skemmst frá því að segja að meirihluti stjórnar hefur ekki tekið undir áhyggjur okkar og látið að því liggja bæði í stjórn Orkuveitunnar og í borgarstjórn að ekki þurfi að hafa áhyggjur af fyrirtækinu. Annað hefur komið að daginn og lýsti forstjóri fyrirtækisins því yfir í fréttum Sjónvarps

föstudaginn 13. febrúar sl. að staða fyrirtækisins væri „grafalvarleg“. Upplýsingum um stöðu fyrirtækisins hefur verið haldið frá stjórn fyrirtækisins og spurningum fulltrúa sjálfstæðismanna hefur verið svarað seint og illa. Einnig verður ekki annað séð en að í skriflegum svörum hafi vísitandi verið greint rangt frá. Þannig kemur t.d. fram í svörum við spurningum sem lagðar voru fyrir stjórnarfund í maí s.l. og var dreift í ágúst að; „Engin ástæða er til annars en að ætla að félagið (TETRA-Ísland) muni rétta við nú þegar friður hefur komist á um starfsemina og stjórnendur félagsins geta einbeitt sér að uppbyggingu þess markaðslega.“ Á þessum tíma var fyrirtækið í gríðarlegum fjárhagsefiðleikum og fyrsta fjárnámsbeiðni hafði borist sýslumanni þann 28. apríl, eða fjórum mánuðum áður en svör berast til stjórnarinnar. Í svörum er ekki vikið að því að staða fyrirtækisins sé erfið og þvert á móti talað um að „mikill bati“ hafi náðst í rekstrinum.³⁹⁵

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 12. mars 2004 var lagt fram og samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum samkomulag dags. 5. mars 2004 um fjárhagslega endurskipulagningu Tetra Ísland ehf. Þar kom fram að Landsbanki Íslands myndi koma að fjárhagslegri endurskipulagningu Tetra Ísland ehf. en í samkomulaginu skuldbatt Orkuveita Reykjavíkur sig til þess að kaupa þjónustu af Tetra Ísland ehf. næstu sjö árin á grundvelli áður fram kominna upplýsinga, auk þess sem Orkuveita Reykjavíkur greiddi hlutafjárframlag sitt 50 millj.kr. í peningum til félagsins á genginu 1. Auk þess voru ákvæði um útgreiðslu arðs, en til hans áttu þeir hluthafar forgang sem jafnframt voru veðhafar. Við framlagningu samkomulagsins óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir að bókað yrði:

„... Nú er enn ein niðurlægingin að líta dagsins ljós. Fyrirtækið Tetra Ísland ehf. hefur verið í fjálsam nauðasamningum og nú er svo komið að samkomulag hefur náðst um að lánardrottinn taki yfir fyrirtækið að mestu leyti og OR fari út úr því en leggi fram 50 milljónir króna og skuldbindi sig til að eiga viðskipti við fyrirtækið til næstu 7 ár. Almennir kröfuhafar munu tapa miklum fjármunum og eiga samkvæmt því samkomulagi sem liggur fyrir að fá 40% af sínum kröfum greiddar. Það þýðir með öðrum orðum að einstaklingar og fyrirtæki sem að hafa í góðri trú verið í viðskiptum við fyrirtæki í helmingi eiga OR eru að tapa miklum fjármunum á þeim viðskiptum, slíkt er óviðunandi og ekki Reykjavíkurborg sæmandi. Ljóst er að þær upplýsingar sem að stjórnarmenn OR hafa fengið um fyrirtækið eru rangar og þær yfirlýsingar pólitískra fulltrúa vinstri manna í stjórn fyrirtækisins hafa verið langt frá raunveruleikanum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa fullri ábyrgð á þessu máli yfir á fulltrúa R-listans og Samfylkingarinnar á Akranesi. Af þessu tilefni er rétt að minna þá fulltrúa á skyldur sínar sem stjórnarmenn samkvæmt lögum um hlutafélög og pólitíska ábyrgð gagnvart eigendum og viðskiptavinum fyrirtækisins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins munu halda áfram að reyna að upplýsa málið og fara fram á að neðangreindum fyrirspurnum verði svarað.

Fyrirspurnir

1. Samkvæmt ársreikningi TETRA-Ísland 2001 er eignarhlutur OR 67,3%. Samkvæmt ársreikningi TETRA- Ísland 2002 er eignarhlutur OR kominn niður í 44,7%. Fulltrúar Sjálfstæðis-

395 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 17. febrúar 2004.

flokksins í stjórn OR vilja fá ítarlegar skýringar frá endurskoðanda hvernig þessi breyting á eignarhlutföllum átti sér stað.

2. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá forstjóra OR kemur fram í óendurskoðuðu hálfársuppgjöri að verulega neikvæð afkoma er af rekstrinum fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatt (EBITDA). Engar upplýsingar eru gefnar upp um sjóðstreymi en handbært fé er skv. efnahagsreikningi 0 kr. í lok júní 2003. Handbært var fjórar milljónir í lok árs 2002 og því ljóst að sjóðstreymi hefur aldrei staðið undir fjárförf félagsins. Hefur OR lagt fjármagn til rekstrarins með beinum eða óbeinum hætti árið 2003 og/eða 2004? Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja fá tölulegar upplýsingar um öll viðskipti milli TETRA-Íslands og OR frá óháðum löggiltum endurskoðanda.

3. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja að þeim sé látið í té endurskoðendaskýrsla sem fylgdi ársreikningi TÍ 2002 auk svokallaðrar skýrslu eftir Jón Atla Kristjánsson sem nefnd er „Fjárhagsleg endurskipulagning“.³⁹⁶

Af framangreindu tilefni óskaði formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur bókað:

„Bókun stjórnarmanna Sjálfstæðisflokksins varðandi málefni Tetra Íslands ehf. ber vott um tvískinnung. Á sama tíma og þetta mál er notað til árása á meirihluta stjórnar OR er ekki minnst á hlut Landsvirkjunar í TETRA – Íslandi. Í stjórn Landsvirkjunar sitja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og bera nákvæmlega sömu ábyrgð á TETRA – Íslandi og stjórnarmenn OR. Þessi afstaða sjálfstæðismanna mótast sjálfsagt af því, að oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn situr í stjórn Landsvirkjunar og hefur tekið fullan þátt í ákvörðunum stjórnar Landsvirkjunar á málefnum TETRA – Íslands. Ef eitthvað er að marka árásir stjórnarmanna Sjálfstæðisflokksins á meirihluta stjórnar OR hljóta þær einnig að beinast að oddvita þeirra eigin flokks og er það miður, því að oddviti Sjálfstæðisflokksins hefur í stjórn Landsvirkjunar sýnt mikla ábyrgð í málefnum TETRA – Íslands. TETRA - kerfið hefur reynst afar vel fyrir höfuðborgarsvæðið og bjargað mörgum mannslífum vegna þess, að viðbragðsflýtir hefur aukist verulega frá því sem var. Fjárfestingar OR í fjarskiptamálum hafa skilað sér vel. Ljósleiðarakerfi OR er metið hátt á þriðja milljarð króna og skilar yfir hálf milljarða tekjum á ári.“³⁹⁷

Í kjölfar framangreindrar bókunar óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bókað:

„Stjórnarformaður Orkuveitunnar reynir hvað hann getur til að koma eigin ábyrgð yfir á aðra ... Varðandi málefni Tetru þá er upphafið það að við útboð Ríkiskaupa komu þrjú tilboð 112 milljónir frá Tal hf., rúmlega 70 milljónir frá Landsímanum/Landsvirkjun og 36 milljónir frá fyrirtæki sem hét Irja. Irja gat ekki uppfyllt samninginn og þá af einhverjum óskiljanlegum ástæðum kaupir Lína. Net hf. fyrirtækið sem var ljóst þá og er enn ljósara nú hafði engan rekstrargrundvöll. Kaupverðið var 250 milljónir króna! Enginn hefur getað útskýrt af hverju 250 milljónum var eytt af opinberu fé til

396 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 12. mars 2004.

397 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 12. mars 2004.

að kaupa þetta fyrirtæki. Það liggur hins vegar hvar ábyrgðin liggur. R-listinn ber ábyrgð á þessum gjörningi og á þessum tíma var nær helmingur borgarfulltrúa R-listans í stjórn Línu.Nets hf. Það liggur alveg fyrir að þetta vandamál væri ekki til staðar ef ekki hefði orðið af þessum kaupum. Einnig er rétt að taka fram að TETRA kerfið hefði komið til hvort sem Lína.Net hf. hefði sjárfest í Irju eða ekki. Það liggur einnig fyrir að ef að tekið hefði verið af ábyrgð á mál-efnum Tétu-Íslands á þessu kjörtímabili af stjórn Orkuveitunnar þá hefði skellurinn ekki verið jafn stór og raun ber vitni en eignarhluti Orkuveitunnar hefur verið frá 48-67%.“³⁹⁸

Eins og á fyrri fundum svaraði formaður stjórnar með bókun af sinni hálfu, og tók fram að það væri greinilegt að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins væru „blýfastir í fortíðinni“ og kæmst ekki lengra áfram. Fulltrúi bæjarstjórnar Akraness, Sveinn Kristinsson, sá jafnframt ástæðu til þess að leggja fram svohljóðandi bókun:

„Undirritaður tók sæti í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þá er Akraneskaupstaður varð einn af eigendum fyrirtækisins. Frá þeim tíma hefur hann fylgst vel með störfum þess og tekið þátt í ákvörðunum er varðað hafa mikilvæga hagsmuni þess. Þær ákvarðanir sem meirihluti stjórnar hefur tekið hafa m.a. miðað að eftirfarandi:

- 1. Að stuðla að tryggum og öruggum rekstri fyrirtækisins, þar sem hagsmunir þess séu tvinnadír saman við hagsmuni viðskiptavina.*
- 2. Að stuðla að vexti fyrirtækisins með það að markmiði að fjárhagur þess verði ávallt traustur og reksturinn eigendum sínum arðbær.*
- 3. Að fyrirtækið sé framsækið og stuðli að nýjungum í starfsemi sinni, bæði hvað varðar starfssvið og starfsvettvang.*
- 4. Að fyrirtækið sýni starfsfólki sínu traust og ýti undir frumkvæði þess.*
- 5. Að starfsskilyrði og umgjörð starfsemínnar sé með því besta sem þekkist í fyrirtækjarekstri í landinu.*
- 6. Að fyrirtækið sé góður og gegn þjóðfélagsþegn sem axlar rekstrarlegar skyldur sínar og styrkir jafnframt ýmis konar þjóðþrifamál í samfélaginu.*
- 7. Að fyrirtækið bíi sig undir samkeppni á orkumarkaði og geti boðið bestu kjör jafnt til smærri sem stærri viðskiptavina.*

Umræður í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hafa í flestum tilvikum verið málefnalegar og niðurstöður samhljóða. Þó hafa verið á þessu veigamiklar undantekningar. Hafa þær einkum varðað afstöðu fulltrúa sjálfstæðismanna úr borgarstjórn Reykjavíkur til málefna Línu.Nets hf. og eðlistengdra fyrirtækja sem Orkuveitan hefur átt hlut í. Þar hafa stjórnarmenn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík farið offari. Æ ofan í æ hafa aðrir stjórnarmenn og starfsmenn fyrirtækisins mátt sitja undir klögumálum, aðdróttunum og dylgjum um rangar eða villandi upplýsingar og ábyrgðarlausar ákvarðanir. Fundir hafa dagað uppi með síendurteknum bókunum frá stjórnarmönnum Sjálfstæðisflokksins um löngu teknar ákvarðanir og í sögulegum yfirlitum um liðna tíð. Þessu hafa svo fylgt hlaup þessara sömu stjórnarmanna út og suður í fjölmíðla með bókanir af lokudum fundum þar sem reynt er að slá sig til riddara með gifuryrðum og gaspri. Undirritaður hefur langa reynslu af sveitarstjórnarmálum og setu í stjórnnum fyrirtækja sem ætlað er að efla almannahag og treysta samfélagið. Á þeim langa

398 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 12. mars 2004.

*tíma hefur hann aldrei kynnst svona vinnubrögðum. Slík vinnubrögð þjóna ekki þeim miklu hagsmunum sem stjórnarmönnum er ætlað að gæta fyrir hönd umþjóðenda sinna. Þau gefa hins vegar freklega til kynna að umræddir stjórnarmenn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík séu tilbúnir að fórna þessum hagsmunum í pólitískri baráttu við meirihlutann í borgarstjórn Reykjavíkur. Undirritaður telur það ríkasta skyldu stjórnarmanna að gæta hagsmuna fyrirtækisins og eigenda þess í hvívetna. Sífelld og endurtekin neikvæð umræða er einungis til þess fallin að skaða álit almennings á fyrirtækinu, varpa rýrð á starfsfólk þess og valda tjóni í nýju samkeppnisumhverfi. Í því ljósi átelur hann harðlega ábyrgðarleysi eða vísvitandi skemmdarstarfsemi stjórnarmanna Sjálfstæðisflokksins og gerir þá kröfu að umræddir stjórnarmenn láti af því að flytja deilumál af vettvangi stjórnar út í almenna pólitíska umræðu.*³⁹⁹

Þessari bókun var svarað með ítarlegri bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem þeir tóku fram að þeir hefðu í störfum sínum gætt hagsmuna eigenda sem að stærstum hluta væru Reykvíkingar og viðskiptavinir fyrirtækisins. Öllum væri ljóst að miklar deilur væru um pólitíska stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, en þar hefðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gagnrýnt harðlega hvernig vinstri meirihlutinn hefði haldið á málum. Ekkert væri við því að segja ef fulltrúi Samfylkingarinnar á Akranesi væri ósáttur við að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sinntu skyldum sínum, en verra væri að hann blandaði starfsmönnum Orkuveitunnar inn í sína bókun. Orkuveita Reykjavíkur væri með gott starfsfólk sem að sinnti sínum störfum vel og ekki væri maklegt að væna fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að gagnrýna þeirra störf.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins óskaði eftir því á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. apríl 2004 að tekið yrði á dagskrá næsta stjórnarfundar málefni sem lutu að Tetra Ísland ehf., sem og staða mála og svör þeirra fyrirspurnar sem óskað hafði verið eftir um fyrirtækið á fyrri stjórnarfundum. Á fundinum var lögð fram skýrsla um fjárhagsendurskipulagningu Tetra Ísland ehf. sem og svör framkvæmdastjóra við fyrirspurnum sjálfstæðismanna á fyrri fundum, sem höfðu leitt m.a. til ítarlegra bókana einstakra stjórnarmanna. Í svörum hans kom m.a. fram að á árinu 2002 var hlutfélagans aukið um 374,5 millj.kr., m.a. með framlagi Orkuveitu Reykjavíkur að upphæð 130 millj.kr. Þá hafi við sameiningu félaganna Stiklu ehf. og Tetralínu ehf. orðið til félagið Tetra Ísland ehf. sem hafði yfir að ráða tveimur Tetra fjarskiptakerfum. Við sameiningu félaganna hafi verið vitneskja um að rekstur hins sameinaða félags væri háður því að þjónustusamningur við ríki og borg yrði endurskoðaður. Hafi forsvarsmenn félagsins talið eðlilegt að þjónustutekjur frá ríki og borg yrðu rúmlega tvöfaldadar enda væri þjónustusvæðið mun stærra og þéttleiki þess meiri. Af því hafi þó ekki orðið og væri félagið því nær gjaldþrota, með neikvætt sjóðsstreymi. Þá hefði Tetra Ísland ehf. haft tekjur frá Orkuveitu Reykjavíkur samtals 12,3 millj.kr. árið 2003 vegna notkunar Orkuveitunnar á Tetra fjarskiptakerfinu við neyðarstjórn.

Á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 11. maí 2004 var lögð fram skýrsla Orkustefnufndar Reykjavíkur og tillaga að orkustefnu Reykjavíkurborgar frá mars 2004 og var hún rædd á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Eftir framangreindar umræður kom Þorleifur Finnsson á fund stjórnar og greindi frá stöðu mála hjá fyrirtækinu Tetra Ísland ehf. Eftir að þeim umræðum var lokið, tóku fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram að þeir hörmuðu að

399 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 12. mars 2004.

Orkuveita Reykjavíkur hefði tapað öllum þeim fjármunum sem fyrirtækið hefði lagt í Tetra Ísland ehf., eða um 428,2 millj.kr. Uppstokkun fyrirtækisins veki hins vegar bjartsýni og að vonandi væru betri tímar í hönd. Það væri hins vegar skoðun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að huga ætti að sölu á hlut Orkuveitunnar í Tetra Ísland ehf. þegar tækifæri gæfist til, til samræmis við niðurstöður höfunda skýrslu orkustefnufndar Reykjavíkurborgar.⁴⁰⁰

Þann 16. desember 2005 var lagt fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur bréf Neyðarlínunnar hf. frá 15. nóvember 2005 þar sem kauptilboð var gert í eignarhlut Orkuveitunnar í Tetra Ísland ehf., auk bréfs Þorleifs Finnssonar frá 15. desember 2005 til forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur um kauptilboð Neyðarlínunnar hf. í eignarhlut Orkuveitu Reykjavíkur í Tetra Íslandi ehf. Í bréfinu kom fram að undanfarin misseri hefði verið lögð töluverð vinna í að ná almennri samstöðu um að Tetra fjarskiptakerfið yrði hið almenna neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi landsmanna sem sinnti öryggisþjónustu á nánast öllu landinu og sem gæti veitt fyrirtækjum og almenningi þjónustu eftir þörfum ef almenn símakerfi dygðu ekki til. Fram kom jafnframt að:

„Með kaupum Neyðarlínunnar á Tetra Ísland ehf. opnast leið til þess að koma þessu verkefni í ákjósanlegri farveg jafnframt því að reyna að tryggja að hægt verði að byggja upp það neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi, sem nú þjónar einungis hluta landsins, til að þjóna öllu landinu. Neyðarlínan hefur þegar keypt hlut Landsbankans og Lýsingar í Tetra Ísland ehf. og óskar nú eftir að kaupa hlut Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar í félaginu og býður greiðslu með hlutabréfum í Neyðarlínunni. Landsvirkjun hefur þegar samþykkt tilboðið fyrir sitt leyti. Meðfylgjandi er greinargerð Birgis Finnbogasonar, endurskoðanda, um kauptilboð Neyðarlínunnar. Í niðurstöðum segir: „Að teknu tilliti til framangreindra forsendna er það mitt mat að Orkuveitan sé að fá sanngjarnt verð fyrir eignarhlut sinn í Tetra Ísland ehf. með því að skipta á honum og eignarhlut í Neyðarlínunni hf.“⁴⁰¹

Samþykkti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að taka tilboðinu, þar sem allt hlutafé fyrirtækisins í Tetra um 22,3%, var selt fyrir 45 millj.kr. og greitt fyrir með nýju hlutafé í Neyðarlínunni samtals að nafnverði 1,4 millj.kr. eða sem samsvaraði 7,5% af heildarhlutafé Neyðarlínunnar.

13.7 Samandregnar fjárfestingar í hlutabréfum og yfirtaka lána tengd fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur

Hér að framan hefur verið töluvert fjallað um fjárfestingar í hlutabréfum á sviði fjarskiptastarfsemi og ástæða er til að draga áhrif þeirra saman á einn stað og hefur það verið gert í yfirlitinu hér að neðan. Gæta þarf að því við lestur á töflunni, að sömu fjárhæðir koma einnig fram í kaflanum um fjár-

400 Í tengslum við umræður um gjaldskrárhækkun Orkuveitu Reykjavíkur á fundi stjórnar þann 1. júní 2004 tóku fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram að „augljóst væri að millifærsla skulda borgarsjóðs yfir í Orkuveituna og glæfralegar fjárfestingar í óskyldum rekstri er farið að hafa áhrif á rekstur fyrirtækisins en þess má geta að á síðasta stjórnarfundinum var endanlega allt framlag OR í TETRA – Ísland afskrifað eða um 430 milljónir króna“. Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 1. júní 2004. Á sama fundi var lagður fram ársreikningur Rafmagnslínu ehf. fyrir árið 2003.

401 Þorleifur Finnsson: Bréf til forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur. Reykjavík, dags. 15. desember 2005.

festingar fyrir í skýrslunni, en eru hér flokkaðar á annan hátt og því hafa meðangreind rekstraráhrif þegar verið talin þar.

	Fjárfestingar í hlutabréfum er varða fjarskiptastarfsemi		Rekstraráhrif
	Rauntölur	Verðlag 2010	Verðlag 2010
Rafmagnslína - hlutafé	81.453.070	138.120.324	-34.047.724
Stikla ehf.	71.500.000	124.575.049	0
Tetralína ehf.	225.000.000	392.019.385	0
Tetra Ísland ehf.	194.200.775	314.597.143	-752.770.582
Lína net	1.250.873.153	2.261.043.464	-1.151.143.026
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	4.736.841.003	6.236.471.977	-3.256.927.695
	6.559.868.001	9.466.827.343	-5.194.889.027

Eins og kemur fram á yfirlitinu hér að ofan nema fjárfestingar í hlutabréfum á sviði fjarskiptastarfsemi samtals 6.560 millj.kr. á verðlagi hvers árs, sem nemur 9.467 millj.kr. á verðlagi ársins 2010 og samtals hefur verið fært til gjalda í rekstrarreikningi 5.194 millj.kr. Til viðbótar þessum kaupum yfirtók Orkuveitan lán vegna Rafmagnslínu ehf. að fjárhæð 56 millj.kr sem er 92,3 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Gæta þarf þess að ekki var öll fjárfestingin í Gagnaveitu Reykjavíkur greidd með peningum, heldur voru 2.037 millj.kr. sem er 2.747 millj.kr. greidd með gagnaveitukerfum.

13.8 Ályktanir og niðurstöður

Að framan hefur verið fjallað um fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur. Bæði hefur verið fjallað um þá starfsemi sem starfrækt var í Orkuveitunni sjálfri og einnig um fjárfestingar í félögum sem tengjast fjarskiptastarfsemi. Við lestur á niðurstöðum þarf að gæta þess að fjárhæðir vegna fjárfestinga í félögum, eru innifaldar í fjárhæðum í þeim kafla skýrslunnar sem fjallar um fjárfestingar í hlutabréfum.

Heildartekjur Orkuveitunnar af fjarskiptastarfsemi á tímabilinu hafa vaxið stöðugt og nema samtals 5.265 millj.kr. á öllu tímabilinu á meðalverðlagi ársins 2010. Vöxtur tekna á tímabilinu hefur numið 155% ef tekjur ársins 2003 eru fluttar á meðalverðlag ársins 2010. Nafnvöxtur tekna á tímabilinu nemur 307% sem er töluvert umfram hækkun verðlags á sama tíma, sem nam 59%, og einnig umfram aukningu í fjárbindingu varanlegra rekstrarfjármuna sem nam 230%. Af þessu er ljóst að aukning tekna er umfram aukningu í fjárfestingum og hækkun verðlags.

Heildarrekstrargjöld tengd fjarskiptastarfsemi hafa aukist nokkuð jafnt á tímabilinu þar til þau lækkuðu árið 2009 og hækkðu síðan lítilliga árið 2010 og nema samtals 4.891 millj.kr. á öllu tímabilinu á meðalverðlagi ársins 2010. Rekstrargjöld í hlutfalli af tekjum hafa einnig sveiflast nokkuð og nema frá því að vera umfram tekjur sum árin, í að vera lægst 72,6%. Að meðaltali hafa rekstrargjöld numið 96% af tekjum, samanborið við 83,3% fyrir fyrirtækið í heild sinni.

Þar sem rekstrargjöld eru sum árin hærri en rekstrartekjur, er rekstrarafkoman að sama skapi neikvæð þau ár. Rekstrarafkoman samtals á tímabilinu nemur 372 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 sem þýðir að Orkuveitan hefur haft þá afkomu af miðlinum án tillits til fjármagnsliða og tekjuskatts.

Fjárfestingar í miðlinum innifela eins og áður hefur komið fram fjárfestingar í Gagnaveitunni ehf. og nema þær samtals 10.710 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Fjárfestingarnar hafa skilað sveiflukennðri arðsemi á tímabilinu sem er að meðaltali 0,5% á tímabilinu samanborið við meðalarðsemi fyrir-

tækisins í heild, sem er 3%, og er þetta jafnframt lægsta arðsemi einstaks miðils fyrirtækisins.

Eins og fram kom í umfjölluninni hér að ofan var um að ræða töluverðar fjárfestingar í félögum tengdum fjarskiptastarfsemi og nema þær 6.560 millj.kr. frá árinu 2000 og tap sem hefur verið fært í rekstrarreikning vegna þeirra nemur samtals 5.195 millj.kr.

Hér að framan hefur verið fjallað með nokkuð ítarlegum hætti um bókanir stjórnarmanna Orkuveitu Reykjavíkur um gagnaveitu- og fjarskiptastarfsemi fyrirtækisins, en þessi miðill hefur verið umfangsmikill á stjórnarborði fyrirtækisins. Fyrirspurnir og umræður tengdar miðlinum hafa verði lýsandi um þá tortryggni sem ríkti af hálfu minnihluta stjórnar í garð meirihlutans, og einnig urðu viðskipti á þessu sviði tilefni til mikilla umræðna um þá starfsemi sem fyrirtækið ætti að sinna. Hugsanlega kann ástæðuna að vera að rekja til þess að hugmyndafræðilegur ágreiningur hefur staðið milli þeirra flokka sem skipa stjórn Orkuveitu Reykjavíkur um þessa starfsemi nánast frá upphafi. Þá voru umfangsmiklir samningar, svo sem samningur við Og Fjarskipti hf., kynntir stjórn í nokkuð endanlegum búningi og með skömmum fyrirvara. Má sjá af bókunum í fundargerðum að mikil umræða og tortryggni skapaðist um afgreiðslu þessa tiltekna samnings, og sakaði minnihluti stjórnar þáverandi meirihluta um að leyna stjórnarmenn veigamiklum upplýsingum.

Þá má rekja hluta þess kostnaðar sem af þessum miðli hefur hlotist til stefnuleysis í upphafi og tilrauna til nýsköpunar, svo sem með að flytja gagnaboð yfir raflínur eins og upphaflegar hugmyndir stóðu til. Samt sem áður hefur sú skýring komið fram að með þessari starfsemi hafi Orkuveitan lækkað og bætt aðgengi almennings og fyrirtækja að gagnaflutningum, en úttektarnefndina skortir þó forsendur til að geta lagt mat á það.

14. Fjárfestingar í hlutabréfum

Meginstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur fer fram í félaginu sjálfu. Allt frá því að fyrirtækið tók til starfa hefur það einnig rekið starfsemi í sérstökum félögum, sem hafa ýmist verið keypt eða stofnuð í sérstökum tilgangi. Um er að ræða bæði dótturfélög og hlutdeildarfélög og eins hefur Orkuveitan fjárfest í öðrum félögum. Hér á eftir verður sett fram heildaryfirlit yfir þau félög sem hefur verið fjárfest í. Er ýmist vísað til umfjöllunar í öðrum köflum um tilurð og afkomu fjárfestingarinnar eða þá að fjallað er um hana í þessum kafla.

Umfjöllunin er á móðurfélagsgrunni og eru áhrifin innifalin í þeim fjárhæðum sem fram komu í fjárhagslega yfirlitinu fyrir í skýrslunni. Til að gefa gleggri mynd af afkomu af hlutabréfum ná yfirlitin aftur til ársins 2000 þegar það á við og einnig eru heildaryfirlit yfir afkomu af hlutabréfaeign fyrir árin frá 2000 til 2010. Yfirlitin eru þannig unnin að allar fjárhæðir er varða kaup, sölu og afkomu eru færðar til árslokaverðlags ársins 2010 og þær fjárhæðir sem hafa áhrif á rekstur eru síðan umreiknaðar til meðalverðlags ársins 2010. Á fyrri hluta þess tímabils sem er til skoðunar voru í gildi verðbólguþreikningsskil þar sem fjárfestingar í félögum voru hækkaðar um verðlagsbreytingar og hækkunin færð á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Ekki er tekið tillit til þess endurmats við útreikningana.

14.1 Samþykktarferlar Orkuveitunnar vegna kaupa og sölu á hlutabréfum í félögum

Í innkaupareglum Orkuveitunnar er ekki tilgreint sérstaklega hvaða reglur gilda um samþykki á kaupum og sölum á hlutabréfum. Í viðtölum úttektarnefndarinnar við núverandi innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur kom fram sú skoðun hans að kaup á hlutabréfum falli yfirleitt undir ákvörðun sem er óvenjuleg og/eða mikilsháttar þar sem slíkar fjárfestingar séu að öllu jöfnu stefnumarkandi og því hafi á hverjum tíma átt að fjalla um slík viðskipti af stjórn. Reglur um sölu eigna voru ekki útbúnar fyrir en á árinu 2011 í Orkuveitunni, en í þeim eru hlutabréfaviðskipti ekki tekin fyrir sérstaklega. Í umfjölluninni hér á eftir er tilgreint hvort stjórn hafi fjallað um kaup og sölu á tímabilinu frá stofnun Orkuveitunnar á árinu 2002, en ekki skoðað hvernig ákvörðun fyrir þann tíma var tekin. Greint er milli fjárfestinga í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum og að lokum öðrum félögum.

14.2 Fjárfestingar í dótturfélögum

Að neðan má sjá yfirlit yfir hvaða félög hafa verið hluti af samstæðunni á hverjum tíma á því tímabili sem er til skoðunar.

Félög innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2002 -2010										
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar.	x	x	x	x	x	x	x			
Hitaveita Þorlákshafnar	x	x								
Lína.Net hf.....	x	x	x							
NCI-fjarskipti og orka ehf.....	x	x	x	x	x	x				
Rafnagnslína ehf.....	x	x								
Hrafnabjargavirkjun hf.....			x	x	x	x	x	x	x	
Hitaveita Rangæinga				x	x					
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.....					x	x	x	x	x	
Úlfjótuvatn frítímabyggð ehf.....					x	x	x	x	x	
Reykjavík Energy Invest ehf.....						x	x	x	x	
Orkuskólinn Reyst hf.....							x			

14.2.1 Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar

Á yfirlitinu hér að neðan má sjá hreyfingar úr bókhaldi Orkuveitunnar á eignarhlutum fyrirtækisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, en við stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur lögðu sveitarfélögin á Vesturlandi veitur sínar inn í Orkuveitu Reykjavíkur, þar á meðal Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í HAB		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Hlutdeild í neikvæðu eigið fé	-33.563.468	-58.477.912
Endurmat 2002	-672.798	
Hlutdeild í afkomu 2002	120.812.375	199.429.084
Endurmat 2003	2.358.706	
Hlutdeild í afkomu 2003	53.028.781	85.609.627
Hlutdeild í afkomu 2004	76.061.151	119.193.314
Hlutdeild í afkomu 2005	44.550.780	67.166.136
Hlutdeild í afkomu 2006	119.339.860	169.040.232
Hlutdeild í afkomu 2007	24.837.657	33.494.124
Hlutdeild í afkomu 2008	-296.846.614	-362.877.797
Hlutdeild í afkomu 2009	87.543.720	94.595.227
Kaup á eignarhlut ríkisins	150.000.000	152.082.202
Bókfært verð eignarhluta við sameiningu.....	347.450.151	
Samtals fært á rekstrarreikning á árslokaverðlagi 2010.....		405.649.947
Samtals fært á rekstrarreikning á meðalverðlagi 2010.....		400.096.076

Á árinu 2002 þegar gengið var frá sameiningu fyrirtækisins í bókhaldi Orkuveitu Reykjavíkur var eigið fé þess neikvætt um 42,3 millj.kr. og 79,3% hlutur Orkuveitunnar, eða 33,6 millj.kr. var skráður neikvæður í bækur Orkuveitunnar við samrunann. Fram til upphafs árs 2010 var hlutdeild Orkuveitunnar í afkomu HAB 400 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Þegar HAB var sameinað Orkuveitunni í upphafi árs 2010 var eigið fé fyrirtækisins jákvætt um 347.450 millj.kr. Um nánari umfjöllun um Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar vísast til kaflans um hitaveitustarfsemi Orkuveitunnar.

14.2.2 Hitaveita Þorlákshafnar

Á yfirlitinu hér að neðan má sjá hreyfingar úr bókhaldi Orkuveitunnar á eignarhlutunum í Hitaveitu Þorlákshafnar. Fyrirtækið hafði verið keypt áður en Orkuveita Reykjavíkur tók til starfa á árinu 2001, og markaði í reynd upphaf síðari kaupa á jaðarveitum fyrirtækisins.

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Hitaveitu Þorlákshafnar

	Rauntölur	Verðlag 2010
Kaup á árinu 2000.....	339.109.207	626.760.069
Endurmat á árinu 2000	11.815.857	
Endurmat á árinu 2001	30.213.242	
Hlutdeild í hagnaði ársins 2001.....	9.898.828	17.246.811
Endurmat á árinu 2002	7.838.558	
Hlutdeild í tapi ársins 2002.....	-10.685.264	-17.638.528
Endurmat á árinu 2003	54.878.219	
Hlutdeild í hagnaði ársins 2003.....	2.131.368	3.440.879
	<u>445.200.015</u>	
Kaupverð á árslokaverðlagi 2010.....		<u>626.760.069</u>
Samtals fært í rekstur á árslokaverðlagi ársins 2010		<u>3.049.162</u>
Samtals fært í rekstur á meðalverðlagi ársins 2010.....		<u>3.007.415</u>

Eins fram kemur á yfirlitinu hér að ofan nam kaupverð Orkuveitunnar í hitaveitunni tæpum 626,8 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Fyrirtækið var sameinað Orkuveitunni í ársbyrjun 2004 og nam þá bókfært verð eignarhlutarins rúmum 445 millj.kr. Fram að sameiningu höfðu verið færðar rúmar 3 millj.kr. til tekna í rekstri vegna félagsins á meðalverðlagi ársins 2010.

14.2.3 Lína.Net hf.

Á yfirlitinu hér að neðan má sjá hreyfingar úr bókhaldi Orkuveitunnar á eignarhlutunum í Línu.Net hf.

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Línu.Net hf.

	Rauntölur	Verðlag 2010
Kaup á árinu 1999.....	214.000.000	415.706.978
Endurmat á árinu 1999	3.511.865	
Endurmat á árinu 2000	8.679.004	
Kaup á árinu 2000.....	366.070.561	676.591.509
Hlutdeild í tapi ársins 2000.....	-309.387.303	-571.826.431
Hlutdeild í tapi ársins 2001.....	-189.348.078	-329.902.743
Kaup á árinu 2001.....	670.802.592	1.168.744.977
Endurmat á árinu 2001	41.975.450	
Greiðsla á árinu 2002 fyrir ljósleiðarnet	-408.348.656	-674.074.974
Endurmat á árinu 2002	14.330.834	
Hlutdeild í tapi ársins 2002.....	-63.565.181	-104.929.200
Endurmat ársins 2003.....	9.500.664	
Hlutdeild í tapi ársins 2003.....	-88.559.515	-142.970.418
Söluverð eignarhluta 2004.....	-258.498.969	-405.086.546
Hlutdeild í tapi 2004	-52.041.189	-81.552.300
Söluverð 2004	40.877.921	64.058.654
	<u>0</u>	
Samtals kaupverð.....	<u>1.250.873.153</u>	<u>2.261.043.464</u>
Samtals söluverð.....	<u>-666.847.625</u>	<u>-1.079.161.520</u>
Samtals fært á rekstur.....		<u>-1.167.122.438</u>
Samtals fært á rekstur á meðalverðlagi ársins 2010.....		<u>-1.151.143.026</u>

Eins og fram kemur á yfirlitinu hér að ofan námu fjárfestingar Orkuveitunnar í félaginu rúmum 2.261 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Samtals hafa verið færðar til gjalda rúmar 1.151 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 vegna viðskipta með eignarhlutinn. Önnur félög tengd viðskiptum með Línu.Net hf. eru Gagnaveita Reykjavíkur ehf. og Rafmagnslína ehf. og um nánari umfjöllun um þau ásamt Línu.Net hf. vísast til kaflans um fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur.

14.2.4 NCI-fjarskipti og Orka ehf.

Fjárfest var í félaginu fyrir 3 millj.kr. á árinu 2000 sem er rúmlega 5,5 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Samanlögð afkoma félagsins á tímabilinu sem það var hluti af samstæðu Orkuveitunnar var neikvæð um 4,4 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010.

14.2.5 Rafmagnslína ehf.

Á yfirlitinu hér að neðan má sjá hreyfingar úr bókhaldi Orkuveitunnar á eignarhlutunum í Rafmagnslínu ehf.

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Rafmagnslínu ehf.		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Kaup á árinu 2001	40.000.000	69.692.335
Endurmat á árinu 2001	1.908.186	
Hlutdeild í tapi ársins 2001	-999.329	-1.741.139
Kaup á árinu 2002.....	41.453.070	68.427.988
Endurmat á árinu 2002	1.006.012	
Hlutdeild í tapi ársins 2002.....	-10.230.195	-16.887.331
Endurmat ársins 2003.....	1.992.587	
Hlutdeild í tapi ársins 2003.....	-9.843.836	-15.891.882
	<u>65.286.495</u>	
Samtals kaupverð.....	<u>81.453.070</u>	<u>138.120.324</u>
Samtals fært á rekstur.....	<u>-21.073.361</u>	<u>-34.520.352</u>
Samtals fært í rekstur á meðalverðlagi ársins 2010.....		<u>-34.047.724</u>

Eins og fram kemur í yfirlitinu hér að ofan er um tvenn kaup að ræða á árunum 2001 og 2002 að fjárhæð samtals rúmlega 138 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Félagið var sameinað Orkuveitunni á árinu 2004 en fram til þess tíma höfðu verið gjaldfærðar um 34 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 vegna hlutdeildar í rekstri þess.

Um nánari umfjöllun um eignarhlutinn í Rafmagnslínu ehf. vísast til kaflans um fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur.

14.2.6 Hrafnabjörg ehf.

Hrafnabjargarvirkjun er verkefnisfélag um virkjun í Skjálfandafljóti. Fjárfest var í félaginu fyrir 24 millj.kr. á árinu 2004 sem er um 37,6 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og selt fyrir 18 millj.kr. á árinu 2008 sem eru 22 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Samanlagt hefur verið fært til tekna vegna félagsins um 3 millj.kr.

Af fundargerðum Orkuveitu Reykjavíkur má sjá að þann 12. mars 2004 hafi verkfræðingar frá Hönnun kynnt stjórn Orkuveitunnar á fundi hennar hugsanlega virkjun við Hrafnabjörg. Var samþykkt á fundi stjórnarinnar að sækja um rannsóknarleyfi og fyrirheit um forgang vegna vatnsaflsvirkjunar

í Skjálfandafljóti. Var í greinargerð með tillögunni tekið fram að það væri mjög hagkvæmt fyrir Orkuveitu Reykjavíkur að hafa stóra vatnsaflsvirkjun meðal virkjana sinna þar sem með því væri auðveldara að geyma rafmagn vegna dægur- og árstíðasveiflna.

Á fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 20. apríl 2004 var lagt fram minnisblað frá aðstoðarforstjóra um virkjun í Skjálfandafljóti og var forstjóra og aðstoðarforstjóra falið að vinna áfram að málinu, og m.a. að vinna að stofnun félags með þátttöku Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og fleirum. Á fundi stjórnar þann 6. júlí 2004 voru lögð fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir einkahlutafélagið Hrafnabjörg ehf. en tilgangur félagsins var sagður vera að nýta vatnsafl (fallorku) í Skjálfandafljóti í Suður-Þingeyjarsýslu til raforkuframleiðslu með sérstaka áherslu á Hrafnbjargavirkjun. Var samþykkt á fundinum að Orkuveitan legði félaginu til allt að 35 milljónir króna.

14.2.7 Hitaveita Rangæinga

Fjárfest var í félaginu fyrir 121 millj.kr. á árinu 2005 sem er um 182 millj. kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og selt fyrir 133 millj.kr. á árinu 2007 sem er 180 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Samanlögð afkoma félagsins á tímabilinu sem það var hluti af samstæðu Orkuveitunnar, var jákvæð um 13,8 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Fjárfestingin var hluti af kaupum Orkuveitu á jaðarveitum. Kaupin voru til umræðu og samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. febrúar 2005 þar sem lagður var fram og samþykktur samningur Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Ásahrepps annars vegar og Orkuveitu hins vegar um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á Hitaveitu Rangæinga dags. 25. janúar 2005. Nánari umfjöllun um kaupin er að finna í kafla um hitaveitustarfsemi Orkuveitunnar.

14.2.8 Gagnaveita Reykjavíkur ehf.

Í yfirlitinu hér að neðan má sjá hreyfingar úr bókhaldi Orkuveitunnar á eignarhlutunum í Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.

Hreyfingar á eignarhluta Orkuveitunnar í Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.

	Rauntölur	Verðlag 2010
Stofnun fyrirtækisins á árinu 2006	500.000	708.230
Hlutfjárhækkun á árinu 2007	3.536.341.003	4.768.833.230
Hlutdeild í afkomu ársins 2007	119.258.032	160.822.066
Hlutfjárhækkun á árinu 2008	1.200.000.000	1.466.930.516
Hlutdeild í afkomu ársins 2008	-3.003.185.000	-3.671.219.769
Hlutdeild í afkomu ársins 2009	-249.849.123	-269.974.071
Sérstakt endurmat á árinu 2010	826.372.338	826.372.338
Hlutdeild í afkomu ársins 2010	471.685.911	478.233.545
Bókfært verð eignarhlutarins í árslok 2010.....	2.901.123.161	
Kaupverð samtals.....	4.736.841.003	6.236.471.977
Fært á rekstur samtals.....		-3.302.138.229
Samtals fært í rekstur á meðalverðlagi ársins 2010.....		-3.256.927.695

Eins og fram kemur á yfirlitinu hér að ofan námu fjárfestingar Orkuveitunnar í Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. rúmum 6.236 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Fram til ársloka 2010 hafa tæplega 3.257 millj.kr. verið færðar til gjalda vegna hlutdeildar í afkomu félagsins. Gagnaveita er einn af miðlum Orkuveitunnar sem fjallað er um hér að framan og frekari umfjöllun um félagið er að finna í kafla um fjarskiptastarfsemi Orkuveitunnar.

14.2.9 Úlfljótsvatn frítímabyggð ehf.

Úlfljótsvatn frítímabyggð er verkefnisfélag um nýtingu landareigna undir frístundabyggð. Fjárfest var í félaginu fyrir 100 millj.kr. á árinu 2005 og 125 millj.kr. á árinu 2006 sem gerir um 327 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Samanlögð afkoma félagsins á tímabilinu sem það var hluti af samstæðu Orkuveitunnar var neikvæð um 26,5 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Í fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 1. júní 2005 var bókað:

„Lögð fram að nýju drög að hlutahafasamningi dags. 24. apríl s.l. milli Orkuveitu Reykjavíkur og Klasa hf., sem lagt var fram og frestað á síðasta fundi. Jafnframt var lögð fram viðskiptaáætlun og verðmat jarðarinnar Úlfljótsvatns. Hluthafasamningurinn samþykktur með 4 atkvæðum, GÐ og ÞHV greiddu ekki atkvæði.“⁴⁰²

Drögin að hluthafasamningnum höfðu fyrst verið lögð fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 12. maí 2005, en afgreiðslu þeirra hafði verið frestað. Árið 2005 voru þau aftur lögð fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 1. júní, ásamt viðskiptaáætlun og verðmati jarðarinnar Úlfljótsvatns. Í viðskiptaáætluninni sem dagsett var í maí 2005 kom fram að gert væri ráð fyrir sölu 600 sumarbústaðarlóða, en áætlaður kostnaður við verkefnið næmi um 503,6 millj.kr. Í tilefni af samþykkt hluthafasamkomulagsins komu fram mótmæli fulltrúa Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sem létu bóka að:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa yfir furðu sinni á því að fulltrúar R-listans hafi ákveðið að orkufyrirtæki borgarinnar fari að: „byggja upp og reka sérstaka frístundabyggð“. Slík starfsemi er ekki í neinu samræmi við hefðbundna starfsemi orkufyrirtækja og gengur þvert á niðurstöður orkunefndar borgarinnar sem að R-listinn setti á laggirnar og skilaði álit fyrir ári síðan. Þar segir: „Mikilvægt er hins vegar að fjárfesting Orkuveitunnar tengist fyrst og fremst þeim sviðum sem fyrirtækið hefur sérþekkingu á og tengjast verkefnum þess sem orkuframleiðanda og allhliða veitufyrirtækis“. Fulltrúar Vinstri grænna hafa mikið vitnað í niðurstöðu þessarar nefndar að undanfögnu og kemur því afstaða þeirra mjög á óvart og er væntanlega niðurstaða baktjaldamakks R-listans. Það er ljóst að með þessu er Orkuveitan að fara í beina samkeppni við fjölda viðskiptavina sinna sem eru að vinna að sambærilegum verkefnum. Þess ber að geta að ekkert útbod var viðhaft vegna vals á þessum samstarfsaðila. Sjálfstæðismenn gera það að tillögu sinni að þessi starfsemi verði boðin út eða selja landið með þeim skilyrðum að OR haldi sínum orkuréttindum.“⁴⁰³

Af því lét meirihluti stjórnarinnar bóka að:

„Orkuveita Reykjavíkur hefur átt töluverðar landareignir víða í nágrenni höfuðborgarsvæðisins í marga áratugi. Eignirnar hafa yfirleitt verið keyptar vegna orkuréttinda sem þeim fylgja, bæði jarðhiti og vatnsréttindi. Hingað til hefur OR fyrst og fremst haft kostnað af eignarhaldi á landinu en litlar tekjur nema af orkusölu. Nú er verið að gera tilraun til að skapa tekjur af landinu með því að skipuleggja frístundabyggð þar ásamt því að skapa innviði slíkrar

402 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 1. júní 2005.

403 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 1. júní 2005.

byggðar með vegalagningu, veitum, bryggjum, golfaðstöðu o.fl. sem gerir svæðið aðlaðandi. Þá er mikil áhersla lögð á að frístunda- byggðin uppfylli umhverfisstefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta er gert með því að OR leggur fram landið á matsverði sem hlutfé en Klasi ehf., dótturfélag Íslandsbanka leggur fram 150 milljónir í hlutfé. Tekjur af sölu lóða eftir að kostnaður við lóðagerð og aðstöðu hefur verið dreginn frá lóðaverði skiptist milli eigenda. Með þessu móti er leitað til sérfræðinga í uppbyggingu þróunarverkefna á þessu sviði og þannig nýtur OR þess að verðmæti landsins eykst. OR stóð þannig að verkefninu að skoðaðar voru samskonar útfærslur í bandaríkjunum og eftir það var auglýst eftir arkitektum til að frumhanna frístundabyggðir á þessum svæðum. Þrjár arkitektastofur voru fengnar til að gera tillögur, ein um Úlfjótuvatn, ein um Nesjavelli, ein um Hvammsvík og Þurárhraun. Eftir að tillögur arkitektanna lágu fyrir var auglýst eftir samstarfsaðilum til að þróa hugmyndir arkitektanna í viðskiptahugmyndir. Váldir voru þrír samstarfsaðilar til áframhaldandi þróunar, þar á meðal Klasi ehf. á Úlfjótuvatn.⁴⁰⁴

Þann 30. ágúst 2006 var síðan lögð fram tillaga að samningi við Klasi ehf. um kaup á hlutfé í félaginu, en ekki eru bókaðar neinar frekari umræður eða samþykktir í fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

14.2.10 Reykjavík Energy Invest ehf. (REI)

Reykjavík Energy Invest er fjárfestinga- og þróunarfélag í jarðvarma erlendis. Félagið hefur verið til mikillar umfjöllunar í tengslum við Orkuveitu Reykjavíkur. Þótt hlutverk og saga REI spanni yfir fimm ár allt til dagsins í dag, eru umsvif fyrirtækisins í dag nær engin og eignir þess í lágmarki. Í grundvallaratriðum var REI ætlað það hlutverk að vera eignarhaldsfélag í kringum erlenda starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur en fljótlega eftir stofnun þess urðu töluverðar eðlisbreytingar á starfsemi, eignarhaldi, tilgangi og stefnumótun félagsins, og breyttist það úr því að vera eignarhaldsfélag í útrásarfyrirtæki Orkuveitunnar á sviði jarðhitaverkefna.

Á yfirlitinu hér að neðan má sjá hreyfingar úr bókhaldi Orkuveitunnar á eignarhlutunum í félaginu.

Hreyfingar á eignarhluta Orkuveitunnar í Reykjavík Energy Invest ehf.

	Rauntölur	Verðlag 2010
Kaup á árinu 2007.....	3.135.420.236	4.228.182.802
Niðurfærsla 2007.....	-472.825.577	-637.615.637
Hlutdeildartekjur 2007.....	23.088.348	31.135.143
Hlutdeildargjöld 2008.....	-670.237.946	-819.327.080
Hlutdeildartekjur 2009.....	8.433.123	9.112.398
Hlutdeildargjöld 2010.....	-391.319.909	-396.751.955
Bókfært verð eignarhlutarins í árslok 2010.....	<u>1.632.558.275</u>	
Kaup á verðlagi ársins 2010.....		<u>4.228.182.802</u>
Samtals fært í rekstrarreikning.....		<u>-1.813.447.133</u>
Samtals fært í rekstrarreikning á meðalverðlagi ársins 2010.....		<u>-1.788.618.701</u>

Samtals námu hlutfjárframlög og kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlutfé í REI á árinu 2007 4.228 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Hlutdeildargjöld og niðurfærslur frá kaupum til ársloka 2010 sem færðar hafa verið til

gjalda í rekstrarreikningi Orkuveitunnar nema 1.789 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Bókfært verð eignarhlutarins í árslok 2010 nemur 1.633 millj.kr.

Á árinu 2011 var hlutafjárlekkun í félaginu sem nam 2.494 millj.kr. og fór lækkunin annars vegar til skuldajöfnunar kröfu sem REI átti á Orkuveituna og hins vegar til jöfnunar taps. Við það lækkaði bókfært verð eignarhlutarins úr 1.632 millj.kr. í 428 millj.kr. í árslok 2011. Eignir REI í árslok 2010 námu um 1.551 millj.kr. og voru skuldir nánast engar. Meðal eigna var áður nefnd krafa á Orkuveituna um 1.041 millj.kr. Aðrar eignir félagsins námu því um 510 millj.kr. og þar af var eignarhlutur félagsins í Enex-Kína ehf. færður á 275 millj.kr. og var hann seldur á árinu 2011 fyrir 328 millj.kr. Eftir það eru eignir REI orðnar óverulegar og hægt að leiða líkum að því að tap Orkuveitunnar af fjárfestingunni í REI sé að mestu komið fram á árinu 2010 og nemi eins og áður segir 1.789 millj.kr.

Eins og grein verður gerð fyrir hér á eftir, hefur REI ýmist fjárfest beint í verkefnum eða haldið utan um þau í sérstökum félögum sem hafa þá verið stofnuð í þeim tilgangi. Kaupverð, söluverð, rekstraráhrif og bókfært verð eignarhluta REI í félögum sundurliðast þannig:

Fjárfestingar Reykjavík Energy Invest í félögum				
	Kaupverð	Söluverð	Áhrif á rekstur	Bókfært verð
Enex hf.	1.597.074.197	833.467.989	-579.205.677	
PNOC-EDC	663.386.693	607.398.294	59.909.416	
Enex-Kína ehf.	591.475.306	400.419.799	69.032.690	174.946.090
Iceland American Energy ..	508.495.821		-472.465.852	
EnVent Holding ehf.	134.418.497	210.707	-79.122.805	45.000.000
Biliran Geothermal Inc.	45.665.203	41.395.744		
Metan hf.	29.695.357		-8.297.000	13.729.675
Galanatam.	17.641.967		0	13.082.448
	3.587.853.041	1.882.892.532	-1.010.149.228	246.758.212

Fjárhæðir vegna kaupa og sölu og bókfært verð í árslok 2010 eru á árslokaverðlagi ársins 2010 og áhrif á rekstur eru á meðalverðlagi ársins 2010. Samtals hefur REI fjárfest í félögum fyrir rúmar 3.588 millj.kr. á tímabilinu og rekstraráhrif nema samtals 1.010 millj.kr. til gjalda. Gæta þarf að því að ofangreind rekstraráhrif eru innifalin í rekstraráhrifum af REI í umfjölluninni hér að ofan.

Þó vissulega séu merkjanleg kaflaskil í þróun og eðli útrásarverkefna Orkuveitu Reykjavíkur með stofnun REI eiga erlend umsvif Orkuveitu Reykjavíkur í gegnum dótturfélög sér lengri sögu með eignarhaldi Orkuveitu Reykjavíkur í Enex hf. sem og í Enex Kína ehf. Þó höfðu veitustofnanir Reykjavíkurborgar, þ.e. hitaveita, tekið þátt í erlendum verkefnum áður en Orkuveita Reykjavíkur tók til starfa 1. janúar 2002. Viss kaflaskil verða þó í ársbyrjun 2007, er stjórn Orkuveitunnar samþykkir tillögu þáverandi stjórnarformanns, sem var á þessa leið:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að eignarhluti Orkuveitu Reykjavíkur í Enex hf. verði settur í sérstakt hlutafélag, eignarhaldsfélag, sem Orkuveita Reykjavíkur eigi ásamt Landsvirkjun, Nýsköpunarsjóði og Íslenskum orkurannsóknunum.“⁴⁰⁵

Í greinargerð sem fylgdi tillögunni kemur fram að ofangreind fyrirtæki eigi samtals 52,078% hlutafjár í Enex hf. en þar ber hlutur Orkuveitu Reykja-

405 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 25. janúar 2007.

víkur og Landsvirkjunar hæst, en fyrirtækin áttu 24,286% hvort um sig. Þar kemur einnig fram að það sé mat forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar að mikilvægt væri að fyrirtækin stæðu saman og tækju sameiginlegar ákvarðanir um framtíð Enex hf.⁴⁰⁶ Áður en að stofnun umrædds eignarhaldsfélags varð, hafði Landsvirkjun dregið sig út úr væntanlegu samstarfi og stofnað eigið félag í samvinnu við Landsbanka Íslands í febrúar 2007.⁴⁰⁷ Á næsta stjórnarfundum Orkuveitu Reykjavíkur sem haldinn var 7. mars 2007 var rædd tillaga forstjóra og aðstoðarforstjóra um stofnun hlutafélags

„... utan um útrásarstarfsemi OR. Félagið hafi sérstakan fjárhag og stjórn.“⁴⁰⁸

Í þessari sömu tillögu er lagt til að hlutafé Orkuveitu Reykjavíkur í Enex hf. og Enex Kína ehf. auk annarra verkefna sem Orkuveita Reykjavíkur stóð að á erlendri grund færu þar inn. Auk framangreinds myndi Orkuveitan leggja félaginu til tvo milljarða króna sem nota ætti til þátttöku í félögum og verkefnum sem tengdust útflutningi á íslenski tæknipækkingu, auk fjárfestinga í vistvænum orkutækifærum erlendis.⁴⁰⁹ Í meðfylgjandi greinargerð forstjóra var einnig komið inn á leiðandi stöðu Orkuveitu Reykjavíkur í erlendri starfsemi fyrirtækisins á sviði vistvænna orkumála auk góðs orðstírs sem ætti að gera fyrirtækið að eftirsóknarverðum kosti í framtíðarsamstarfi við erlenda aðila. Einnig voru færð rök fyrir því í tillögunum að stofna um þá starfsemi sérstakt hlutafélag, en fram kom að:

„Rétt þykir þar sem starfsemi þessi verður sífellt umfangsmeiri að hafa hana í sérstöku hlutafélagi þar sem ábyrgð er takmörkuð og eigendur OR því ekki í ábyrgð fyrir félagið. Þá er hugsanlegt að taka samstarfsaðila inn í félagið.“⁴¹⁰

Möguleikanum á aðkomu annarra aðila að REI var frá upphafi haldið opnum, því í lok tillögunnar var minnst á áhuga Geysis Green Energy hf., Atorku hf. og Enex hf. og þar tekið fram að tvö fyrr nefndu félögin hefðu óskað eftir samstarfi um útrás.⁴¹¹ Formlegur stofnfundur hins nýja félags, sem fékk heitið Reykjavík Energy Invest, var haldinn þann 11. júní 2007. Í stjórn félagsins voru kjörnir þeir Björn Ársæll Pétursson, Haukur Leósson og Björn Ingi Hrafnsson. Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur fékk launalaust leyfi frá störfum sem forstjóri Orkuveitunnar og var ráðinn framkvæmdastjóri REI til sex mánaða.⁴¹² Hlutafé félagsins var ákveðið einn milljarður króna. Fyrsti stjórnarfundur félagsins var svo haldinn í kjölfar stofnfundar. Þar var m.a. ákveðið að kaupa 7% hlut í Iceland America Energy of Feanaro, LLC fyrir 75 millj.kr. Þar mætti einnig Ásgeir Margeirsson, framkvæmdastjóri Geysis Green Energy (GGE) og gerði grein fyrir félaginu. Í kjölfarið ræddi stjórn REI um kaup á hlutum í GGE fyrir 400 milljónir króna.

406 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 25. janúar 2007.

407 Viðskiptablaðið: „Landsvirkjun og Landsbankinn stofna félag um orkuútrás“. 16. febrúar 2007.

408 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. mars 2007.

409 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. mars 2007.

410 Greinargerð með tillögu um stofnun hlutafélags, dags. 5. mars 2007, lögð fyrir stjórnarfund Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. mars 2007.

411 Greinargerð með tillögu um stofnun hlutafélags, dags. 5. mars 2007, lögð fyrir stjórnarfund Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. mars 2007.

412 Stofnfundur REI, dags. 11. júní 2007.

Guðmundur Þóroddsson: „Ef þú ætlar að fara í áhættufjárfestingar erlendis þá á ekki að gera það í ábyrgð Reykjavíkur eða Borgarfrjðarsveitar.“

Björn Ingi Hrafnsson: „[Tilgangur REI] Svona sem sameiginlegur vettvangur íslenskra orkurannsóknna og orkufyrirtækjanna. Og það kemur auðvitað til að við eigum á að skipa mjög hæfum vísindamönnum og sérfræðingum á þessu sviði sem voru eftirsóttir annars staðar. Síðan auðvitað fara menn að hugsa, bíðu er það hlutverk Orkuveitunnar eða Landsvirkjunar eða eitthvað slíkt, að standa fyrir einhverjum áhættusömum verkefnum á Filippseyjum eða Kína eða hvar sem er og þá fara menn að hugsa, er ekki sniðugt að stofna um það eitthvað félag sem er fyrir utan þennan hefðbundna almannahjónustuhlutverk veitukerfa og halda áhættummi um slíkar fjárfestingar frá lögbundinni kjarnastarfsemi.“

Þann 11. júlí 2007, eða mánuði eftir stofnun REI var haldinn hluthafafundur í hinu nýstofnaða félagi. Aðeins eitt mál var á dagskrá en það var 100% aukning hlutfjár í REI, eða úr einum milljarði króna í tvo milljarða, sem var í samræmi við samþykkt stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur fyrr á árinu.⁴¹³ Í kjölfarið á hluthafafundinum þann 11. júlí 2007 var haldinn annar stjórnarfundur REI. Á þessum fundi eru fyrstu formlegu skrefin stigin til frekara samstarfs með GGE þegar stjórn REI samþykkti að taka þátt í kaupum með GGE á 0,8% eignarhlut í Energy Development Corporation [EDC] að jöfnu, þannig að hvort félagið reiddi fram um 500 millj.kr. fyrir 0,4% eignarhlut hvors félags. Á sama fundi var enn fremur tekin ákvörðun um þátttöku í hlutfjárukningu í Enex Kína ehf. upp á 64,68 millj.kr.⁴¹⁴

Á þriðja stjórnarfundu REI í ágústbyrjun 2007 eru frekari fjárfestingar reifaðar. Þá var tekin ákvörðun um kaup á hlutum í Enex hf. á genginu 2,6, en fjárhæðar var ekki getið, auk þess var ekki tekið fram hvert væri nafnverð hlutanna eða heildarfjárfesting félagsins í fundargerð stjórnarinnar. Einnig voru ræddar breytingar á samþykktum félagsins, hugsanleg þátttaka í útboði á sölu 40% hlutar í filippseyska orkufyrirtækinu PNOC-EDC og væntanlegu verðmati af hálfu KPMG á REI, sem von var á síðar í þeim mánuði.⁴¹⁵ Þann 23. ágúst 2007 var fjórði fundur stjórnar REI haldinn. Á fundinum lá fyrir ósk þáverandi stjórnarformanns REI Björns Ársæls Péturssonar, um lausn frá störfum og boðun hluthafafundar vegna þess. Ekki voru samþykktar fjárfestingar af neinu tagi en kynning á stefnumótun fyrirtækisins fór þar fram, og er þar fyrst nefndur á nafn einkaréttur REI á hugverkum Orkuveitu Reykjavíkur án þess að skýrt væri frekar frá því í fundargerð. Að lokum virðist sem undirbúningur þátttöku í útboði í 40% hlut í PNOC-EDC hafi verið kominn á fullt skrið og var framkvæmdastjóra fjármála Orkuveitu Reykjavíkur gert að „leita hófanna“ með fjármögnun þessara kaupa sem metin voru á u.þ.b. 800 milljónir bandaríkjadala.⁴¹⁶

Segja má að fyrstu þrjú mánuðir í starfsemi REI hafi, svo sem að framan var rakið, einkennst af hraðri mótun félagsins og nokkuð stöðugri en kappsfullri fjárfestingarstefnu í erlendum orkufyrirtækjum á sviði jarðvarma. Nokkur breyting varð þó á rekstri REI í haustbyrjun 2007, með breytingum samþykktu, heimildar til handa stjórn til stórfelldrar hlutfjárukningar í REI og sölu hluta í félaginu. Má rekja hið svokallaða REI-mál til þeirra breytinga sem þá urðu á starfsemi fyrirtækisins í kjölfar framangreindra breytinga á samþykktum þess.

Hluthafafundur í REI var haldinn þann 11. september 2007, en ástæða fyrir boðun hans virðist í meginatriðum hafa verið þriðja. Í fyrsta lagi kjör nýs stjórnarmanns, Bjarna Ármannssonar í stað Björns Ársæls Péturssonar, sem hafði áður beðist lausnar. Í annan stað til að breyta félaginu úr einkahlutafélagi í hlutafélag og í þriðja og síðasta lagi að samþykkja að veita stjórn félagsins heimild til að auka hlutfé félagsins um 20.000 millj.kr. án samþykkis hluthafafundar. Þar var einnig kveðið á um að forkaupsréttur hluthafa gilti ekki um það viðbótarhlutfé, en rétt er að geta þess að samkvæmt undirritaðri fundargerð hluthafafundar gilti aukningarheimildin til 1. september 2007.⁴¹⁷

413 Hluthafafundur REI, dags. 11. júlí 2007.

414 Fundur stjórnar REI, dags. 11. júlí 2007.

415 Fundur stjórnar REI, dags. 7. ágúst.

416 Fundur stjórnar REI, dags. 23. ágúst 2007.

417 Hluthafafundur REI, dags. 11. september 2007.

Á stjórnarfundum sem haldinn var í kjölfar hluthafafundarins þann 11. september 2007, var m.a. ákveðið að bjóða Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut sinn í REI um 2.600 millj.kr. á genginu 1. Einnig var samþykkt að selja Sjávarsýn ehf., félagi í eigu Bjarna Ármannssonar, nýkjörins stjórnarmanns um 7% hlut í félaginu á genginu 1,278 eða samtals fyrir 500 millj.kr. Á sama fundi var auk þess kynnt hluthafasamkomulag á milli Orkuveitu Reykjavíkur og Sjávarsýnar ehf.⁴¹⁸

Þann 17. september 2007, eða sex dögum síðar er næsti stjórnarfundur REI haldinn í Lundúnum. Í fundargerð þess fundar kemur m.a. fram að vinna við að afla fleiri fjárfesta að félaginu hafi verið komin á fullt skrið og þau sjónarmið uppi hjá stjórn félagsins að fá inn nýtt hlutafé: „...án þess að láta frá sér stóran hluta af fyrirtækinu“.⁴¹⁹ Á sama fundi var jafnframt lagður grunnur að skipulags- og stefnumótunarvinnu REI, auk þess sem stjórnarmenn virðast hafa verið samhljóða um að vinna hratt að uppbyggingu fyrirtækisins m.a. með því að hraða ráðningum starfsmanna. Þar var mikilvægi þess að hagsmunir starfsmanna og fyrirtækisins færu saman en m.a. var ákveðið á fundinum að fá:

„Jón Diðrik Jónsson, sem ráðgjafa til félagsins um málefni er lúta að stefnumótum, skipulagi og fleira. Stjórnarformanni heimilað að ganga frá samningi við hann. JDJ verði heimilt að kaupa hluti í REI f. að kaupverði 30 millj.kr. á sama gengi og stjórnarformaður keypti hlutabréf á fyrr í mánuðinum.“⁴²⁰

Í kjölfarið var samþykkt að auka hlutafé félagsins til að mæta þessum viðskiptum.

Eins og að framan var rakið hófst samstarf REI og GGE fljótlega eftir stofnun REI, m.a. í gegnum sameiginlega eignarhluti REI og GGE í Enex, Enex Kína og fleiri verkefnum. Samhliða þeirri stefnu stjórnar REI að vinna hratt að vexti fyrirtækisins hefst nýr þáttur í sögu félagsins um miðjan september 2007. Hefur það verið gagnrýnt m.a. af eigendum Orkuveitunnar, en í grófum dráttum snerist gagnrýnin um all nokkur atriði. Þar bar einna hæst sameiningu GGE og REI, þjónustusamning á milli REI og Orkuveitu Reykjavíkur, hlutabréfa-kaup lykilstarfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur og REI, lögmæti og almenn vinnubrögð ýmissa aðila í kringum boðun hluthafafunda og að lokum upplýsingagjöf og samráð við eigendur, en um þessi atriði verður fjallað hér á eftir.

Þann 20. september 2007 var haldinn fundur framkvæmdastjóra og stjórnar REI annars vegar og fulltrúa Geysis Green Energy og FL-Group hins vegar um hugsanlega sameiningu félaganna.⁴²¹ Tveimur dögum síðar eða þann 22. september hittust stjórnarformenn REI og GGE þar sem komist var að samkomulagi um öll helstu megin atriði fyrirhugaðs samruna.⁴²² Segja má að þessi fundahrina seinni hluta septembermánaðar marki upphafið á þriggja vikna ferli sem á endanum felldi sitjandi meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur ásamt ýmsum öðrum afleiðingum fyrir Orkuveituna jafnt sem Reykjavíkurborg og aðra aðila er komu að þessu máli.

Sigrún Elsa Smáradóttir: „Á kynningunni var spurt hvað hver starfsmaður mætti kaupa fyrir háa upphæð og þá var okkur sagt að það væru einhverjar 300.000 en þá gekk þetta ekkert upp, tölurnar þóssuðu ekki. Og ég fór að spyrja út í þetta. „Bíddu, hvað. Það passar ekkert, þá geta starfsmennirnir ekki átt sama prósentuhlut og Bjarni.“ Þá fór smám saman að koma upp úr dúrnum að útvaldir, starfsmenn REI og yfirstjórn OR fengju að kaupa fyrir mun hærri upphæðir.“

418 Fundur stjórnar REI, dags. 11. september 2007.

419 Fundur stjórnar REI, dags. 17. september 2007.

420 Fundur stjórnar REI, dags. 17. september 2007.

421 Stýrihópur borgarráðs: Lokaskýrsla stýrihóps borgarráðs um málefni REI og Orkuveitu Reykjavíkur. Febrúar 2008. Bls. 17.

422 Stýrihópur borgarráðs: Lokaskýrsla stýrihóps borgarráðs um málefni REI og Orkuveituy Reykjavíkur. Febrúar 2008. Bls. 17.

Björn Ingi Hrafnsson: „Síðan höfðu menn líka mjög miklar áhyggjur af því, sem var ekki ástæðulaust, að það væri verið að reyna að sækja í helstu vísindamenn fyrirtækjanna og bjóða þeim miklu hærri laun á vegum einkafyrirtækja. Og af því að þetta er nú ekki einkaleyfisskyld starfsemi, að þá væri það náttúrulega þannig að ef að allir bestu sérfræðingarnir færu, þá væri enginn eftir og þá væri margna áratuga þekking sem væri búin að byggjast upp innan fyrirtækisins, bara að engu orðin.“

Svandís Svavarsdóttir: „Já, og ég held, það er í raun og veru dálítið merkilegt, af því að menn gengu klárlega of langt. Og þegar menn voru farnir að skiptast á um það að koma sjálfum sér á blöð yfir kaupréttarsamninga þar sem að gengið var ákveðið bara sisvona við eitthvert skrifborð. Þar sem þeir ætluðu persónulega að hagnast á einhverjum business, í krafti trúnaðarstarfa sem þeir höfðu í umbodi almennings. Þá er alveg augljóst að menn eru löngu búnir að missa sjónar á því [almanna-hlutverki Orkuveitu Reykjavíkur].“

Þann 23. september 2007 var haldinn fundur á heimili þáverandi borgarstjóra Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar þar sem kynntar voru helstu niðurstöður fundar Bjarna Ármannssonar og stjórnarformanns GGE, um helstu efnisatriði samkomulagsins frá deginum áður. Þann 26. september lágu fyrir drög að þjónustusamningi á milli Orkuveitu Reykjavíkur og REI, sem í grófum dráttum kvað á um einkarétt REI á ráðgjöf og aðgengi að hugverkum Orkuveitu Reykjavíkur á sviði jarðvarmaverkefna erlendis. Til þessa einkaréttar frá Orkuveitu Reykjavíkur taldist meðal annars sérfræðikunnátta og þjónusta á sviði jarðhita, starfsemi og umsvif erlendis, rannsóknir og markaðsmál og var samningnum ætlað að gilda til tuttugu ára.⁴²³ Um þremur vikum síðar átti samningurinn eftir að vekja mikla athygli og birtist m.a. frétt um gerð samningsins í Morgunblaðinu þann 13. október 2007 þar sem efni hans var útlistað.⁴²⁴

Eigendur og hlutur hvers og eins í Geysi Green Energy þegar samruni fyrirtækisins við REI var borin undir eigenda- og stjórnarfund Orkuveitunnar var sem hér segir: FL Group 39,5%, Jarðboranir hf. 29,3%, Glitnir 14,7%, Ólafur Jóhann Ólafsson 8,5%, Mannvit verkfræðistofa 5,3%, Starfsmenn GGE 1,8% og lokum Reykjanesbær með 0,9%. Formaður stjórnar GGE var þá Hannes Smáráson. Eftir fyrirhugaðan samruna GGE og REI hefðu eigendur og hlutir hvers og eins verið sem hér segir: Orkuveita Reykjavíkur 68,2%, Geysir Green Energy 29,2% en aðrir hluthafar með samtals 2,6%.⁴²⁵

Annað mál sem olli miklum deilum voru hlutabréfakaup lykilstarfsmanna REI og Orkuveitu Reykjavíkur á hlutum í félaginu. Eins og getið var hér að framan hafði kaupréttarákvæðum verið beitt í tveimur tilvikum hjá REI eins og ráða má af fundargerðum stjórnar félagsins í septembermánuði 2007. Á stjórnarfundi í REI þann 1. október 2007 var svo aðeins eitt mál á dagskrá, en það var tillaga um að selja 17 einstaklingum auk eins félags, STOR (Starfsmannafélags Orkuveitu Reykjavíkur) hluti í REI. Gengi hlutanna var hið sama og hafði verið ákveðið í viðskiptum í september 2007, eða 1,278 á hvern hlut.⁴²⁶ Kjarninn í þeirri gagnrýni sem þessir kaupréttarsamningar fengu var það mat að virði REI á þessum tímamarki var áætlað rúmlega tvöfalt meira.⁴²⁷ Þessir kaupréttarsamningar urðu strax umdeildir, og voru þeir fljótlega dregnir til baka en til þess þurfti tvo stjórnafundi. Tveimur dögum eftir stjórnarfund Orkuveitu Reykjavíkur þann 1. október 2007, var haldinn stjórnarfundur hjá REI þar sem fyrri ákvörðun stjórnarinnar var afturkölluð. Þar var lögð fram og samþykkt tillaga um verulega skerðingu á hlutabréfakaupum fyrrgreindra lykilstarfsmanna. Einstaklingum sem boðin skyldi að kaupa hlutabréf var þá fækkað í 11, auk starfsmannafélags Orkuveitu Reykjavíkur.⁴²⁸ Heildarsala hluta í gegnum þessa sölu hlutabréfa var þá komin niður í tæplega 213 millj. kr. í stað þeirra 338 millj. kr. sem staðið hafði til að selja tveimur dögum áður. Einungis þremur dögum síðar eða þann 6. október var svo ákveðið að:

423 Stýrihópur borgarráðs: Lokaskýrsla stýrihóps borgarráðs um málefni REI og Orkuveituy Reykjavíkur. Febrúar 2008. Bls. 17.

424 Morgunblaðið: „Viðtækar skyldur Orkuveitunnar við REI í 20 ár“, dags. 13. október 2007. Bls. 1

425 Óbirt minnisblað vegna samruna REI og Geysi Green Energy. Reykjavík, október 2007.

426 Fundur stjórnar REI, dags. 1. október 2007.

427 Stýrihópur borgarráðs. Lokaskýrsla stýrihóps borgarráðs um málefni REI og Orkuveitu Reykjavíkur. Febrúar 2008. Bls. 18.

428 Fundur stjórnar REI, dags. 3. október 2007.

„Draga til baka fyrri samninga og að þessum starfsmönnum [þeim 11 sem eftir stóðu] standi til boða að kaupa sama magn hlutabréfa á sömu kjörum og aðrir starfsmenn Orkuveitunnar.“⁴²⁹

Fram kemur í fundargerð að þessar breytingar á áðurnefndum hlutabréfaviðskiptum séu að ósk borgarstjóra, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, sem stjórnarformanni REI hafði borist símleiðis.⁴³⁰

Eitt þeirra atriða í REI-málinu sem mikil gagnrýni kom fram á til viðbótar við framangreind atriði, var upplýsingagjöf, samráð og almennur frestur sitjandi fulltrúa í stjórn fyrirtækisins til að kynna sér þau atriði sem vörðuðu sameiningu REI og GGE. Fjöldmörg lögfræðileg álitaefni komu upp strax við boðun fundarins 3. október 2007, sem m.a. vörðuðu boðun eigendafundar í bæði Orkuveitu Reykjavíkur og REI, en þar var skýrt kveðið á um 7 daga fyrirvara í samþykktum og sameignarsamningi, og fleira sem nánar verður fjallað um hér á eftir. Þann 3. október 2007 var haldinn eigenda- og stjórnarfundur Orkuveitu Reykjavíkur þar sem á dagskrá voru mál tengd REI að undangengnum undirbúningsfundi, sem haldinn hafði verið fyrir hádegi þann sama dag. Á dagskrá eigendafundarins voru nokkur atriði, og ber fyrst að nefna tillögu um sameiningu REI og GGE, kaup Orkuveitu Reykjavíkur á nýju hlutafé í REI að fjárhæð 2,6 milljarða króna, en jafnframt tillögur um innlagningu hlutar Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja sem hlutafé í REI og tillaga um að þjónustusamningur á milli Orkuveitu Reykjavíkur og REI yrði staðfestur af stjórn Orkuveitunnar. Óhætt er að segja að þessi fundur hafi verið þungamiðjan í REI-málinu. Strax í upphafi eigendafundarins lagði Svandís Svavarsdóttir, stjórnarmaður í Orkuveitu Reykjavíkur fram bókun um efasemdir hennar um lögmæti fundarins, sem var svohljóðandi:

„Boðun eigendafundar 3. október 2007 stenst ekki með tilvísun í 11. grein sameignarsamnings Orkuveitunnar. Þar segir að eigendafundi skuli halda eftir ákvörðun stjórnar eða kröfu sameigenda sem ráða yfir að minnsta kosti 5% eignarhluta. Slíkar kröfur skuli gerðar skriflega til stjórnar og til eigendafundar boðað með 7 daga fyrirvara á grundvelli kröfunnar. Þar sem fundarboðið stenst ekki getur fundurinn ekki skodast lögmætur og þar með heldur ekki þær ákvarðanir er á honum kunna að verða teknar. Fulltrúi Vinstri grænna áskilur sér rétt til að láta reyna á lögmæti fundarins.“⁴³¹

Í svörum fundarstjóra, sem einnig voru færð til bókar, voru þau sjónarmið hins vegar lögð til grundvallar að þar sem fulltrúar allra eigenda væru viðstaddir væri ekki hægt að efast um lögmæti fundarins.⁴³²

Mjög mikill hraði virðist hafa einkennt allt ferli REI málsins, eins og sjá má á umfjöllun um atburðarásina frá stofnun REI fram til októberbyrjunar. Öll vinna og undirbúningur í kringum sameiningu GGE og REI ber þar hæst. Auk gagnrýni Svandísar varð opinber mikil óánægja í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins, flokki Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra og stjórnarmanns í Orkuveitu Reykjavíkur. Samflokksmenn Vilhjálms í

429 Fundur stjórnar REI, dags. 3. október 2007.

430 Fundur stjórnar REI, dags. 6. október 2007.

431 Sameiginlegur stjórnar- og eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. október 2007.

432 Sameiginlegur stjórnar- og eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. október 2007.

borgarstjórn töldu framhjá sér gengið við upplýsingagjöf í málinu og lýstu efasemdum sínum um samruna REI og GGE.⁴³³ Þann 11. október 2007 féll þáverandi meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, og við tók svokallaður 100 daga meirihluti Samfylkingar, Vinstri grænna, Framsóknarflokks og F- lista.

Þann 18 október 2007, viku eftir myndun nýs meirihluta í Reykjavíkurborg var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að skipa stýrihóp til að gera úttekt á aðdraganda, málsmeðferð og ákvarðanatöku í kringum REI-málið sem slíkt, svohljóðandi:

*Borgarráð samþykkir að stofnaður verði starfshópur undir stjórn Svandísar Svavarsdóttur með fulltrúum þeirra lista sem sæti eiga í Borgarstjórn Reykjavíkur. Hópurinn hafi það hlutverk að kanna allar hliðar samruna Reykjavík Energy Invest og Geysir Green Energy með það að markmiði að hagsmunum almennings og borgar verði gætt, löglega verði að verki staðið og öllum spurningum svarað sem þegar hafa komið upp og upp kunna að koma við sköðum málsins, m.a. með tilliti til athugasemda og spurninga Umbodsmanns Alþingis. Jafnframt vinni starfshópurinn og leggi fram stefnu Reykjavíkurborgar í orkumálum, sem taki m.a. til stefnumótunar OR til framtíðar með hagsmuni almennings og náttúru að leiðarljósi. Drög að erindisbréfi hópsins liggur frammi sem greinargerð með tillöggunni. Lagt er til að starfshópurinn hefji störf nú þegar og ráði sér starfsmann.*⁴³⁴

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson: „Ég hafði umboð til að taka þessa ákvörðun enda um áralanga venju hjá Reykjavíkurborg að borgarstjóri hafi stöðuumboð til að taka ákvarðanir fyrir hönd Reykjavíkurborgar á aðalfundum og eigendafundum. Samkomulagið um stofnun félagsins gekk út á að færa jarðvama verkefni OR erlendis í sérstakt hlutafélag þar sem OR væri meirihluta-eigandi, uþ.b. 68%, ásamt með GGE, sem sinnti svipuðum verkefnum erlendis og takmarka þannig áhættu OR af slíkum verkefnum. Benda má á að á stjórnarfundum OR sem haldinn var samhliða eigendafundinum þar sem málið var afgreitt, greiddu allir fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Samfylkingar tillöggunni atkvæði. Enginn var á móti. Fulltrúi VG sat hjá. Allar fullyrðingar um að „verði væri að afsala auðlindum OR“ eða „selja hluta af eignum OR“ voru uppspuni og hrein ósannindi. Nokkrir borgarfulltrúar, þ.m.t. Sjálfstæðisflokks, tóku þátt í þessum ógeðfella málflutningi.“

Í skýrslu stýrihóps borgarráðs Reykjavíkur kom fram að mikill hraði hafi einkennt málið og að endanlegt eintak af umræddum þjónustusamningi á milli Orkuveitu Reykjavíkur og REI hafi til að mynda ekki verið tilbúið fyrr en í hádeginu þann 3. október 2007, sama dag og eigenda- og stjórnarfundur Orkuveitu Reykjavíkur var haldinn þar sem samningurinn var borinn upp til staðfestingar. Margar spurningar og efasemdir vöknudu strax í kjölfar eigenda- og stjórnarfundar Orkuveitu Reykjavíkur þann 3. október 2007, m.a. um lögmæti hans og þeirra skuldbindinga sem þar höfðu verið staðfestar. Einn meginilgangur stýrihóps borgarráðs var að kanna lögmæti þessa fundar og þeirra ákvarðana sem teknar voru á þeim fundi. Þann 23. október sama ár var leitað til tveggja lögfræðinga, þeirra Andra Árnasonar hrl. og Láru V. Júlíusdóttur hrl. og þeim sendar fimm spurningar þessu tengdu. Spurningarnar og svör þeirra voru ítarlega rökstudd.

Eins og sjá má á svörum lögmannanna tveggja á næstu síðu er það eingöngu í spurningu 2 þar sem þau eru samstíga þó niðurstaða þeirra beggja sé að samningurinn um samruna REI og GGE standist ekki er það á ólíkum forsendum. Í svörum við spurningum 1 og 3 virðast álit þeirra vera andstæð auk þess sem annar þeirra treystir sér ekki til að svara spurningu 4 til hlítar án frekari rannsókna. Það sem lögmennirnir báðir koma reglulega inn á í álitum sínum er að almennt hafi þetta ferli tengt samruna REI og GGE einkennst af hröðum og óvönduðum vinnubrögðum og jafnvel þó afgreiðsla sumra atriðanna hafi verið lögleg, veki það nokkra undrun hversu málsmeðferðin hafi verið óvönduð á mörgum stigum málsins.

433 Morgunblaðið: „Átti að vada yfir okkur“, dags. 8. október 2007.

434 Fundur borgarráðs Reykjavíkurborgar, dags. 18. október 2007.

Drátt fyrir þær deilur sem vöknudu í kringum eigenda- og stjórnarfund Orkuveitu Reykjavíkur þann 3. október 2007 hélt stjórn REI áfram störfum og þann 8. október 2007 var haldinn 10. stjórnarfundur félagsins, þar sem samþykkt var aukning hlutfjár í félaginu um 10.308 millj.kr.⁴³⁵ Kaupendur bréfa, fjárhæð og gengi má sjá á samnefndri töflun síðar í kaflanum.

**Spurningar stýrihóps borgarráðs og svör Andra Árnasonar hrl.⁴³⁶
og Láru V. Júlíusdóttur hrl.⁴³⁷**

Spurningar	Álit Andra Árnasonar hrl.	Álit Láru V. Júlíusdóttur hrl.
1. Var eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur 3. október löglegur?	Já, hann var löglegur „að forminu til“.	Nei, hann var ekki löglegur, hins vegar var stjórnarfundurinn löglegur.
2. Voru skuldbindingar þær sem eigendafundurinn gerði meira en sem nemur 5% af eigin fé í árslok 2006 og hvaða afleiðingar hefur það ef svo er?	Já og þ.a.l. er Reykjavíkurborg ekki bundin af ákvörðunum fundarins.	Já, þær „... falla augljóslega undir þau tilvik sem 7. gr. sameignarsamningsins [milli eigenda OR] tekur til.“
3. Hafði borgarstjórnin þáverandi umboð til að taka þær ákvarðanir sem hann tók á nefndum fundi?	Nei, umboðið skorti í umræddum ákvarðanatökum.	Já. Engar skýrar reglur eru hjá Reykjavíkurborg sem skerða heimildir borgarstjóra. Dörf er á skýrari ákvæðum í sveitarstjórnar- og stjórnissýslulögum.
4. Stenst það lög að Orkuveita Reykjavíkur geri samning á einkarétt REI á verkefnum frá OR til tuttugu ára?	Þó umræddur samningur sé aðfinnsluverður, þá treystir svarandi sér þó ekki til að fullyrða án frekari rannsóknar.	Ekkert er í lögum sem takmarkar formlegt samningafrelsi OR. Hins vegar fer það eftir verðmæti samningsins hvort ákvarðanirnar falli undir 7. gr. sameignarsamningsins.
5. Er samningur REI og Geysis Green óhagganlegur vegna þess að það var enginn fyrirvari í samkomulaginu um að það þyrfti samþykki eigenda OR/REI við samrunanum sbr. yfirlýsingu forstjóra Geysis Green Energy?	Nei. ... langsótt að líta svo á að samningur REI og Geysis Green Energy frá 3. október sé óhagganlegur.	Út frá forsendum svars við spurningu 1. var fundurinn ólögmaður og því höfðu ákvarðanir sem teknar voru þar ekkert gildi.

Næsti stjórnarfundur félagsins var haldinn þann 18. október 2007, en þá höfðu átt sér stað meirihlutaskipti í Reykjavíkurborg. Á þeim fundi báðust Björn Ingi Hrafnsson og Haukur Leósson lausnar úr stjórn REI. Fyrir utan boðun hluthafafundar virðist sem áherslan á fjárfestingar og útrásarverkefni hafi verið framhaldið, en umræður fóru fram um mörg slík áform á fundinum. Einnig voru samrunaáætlanir ræddar og er ekki að sjá að REI-málið

Kjartan Magnússon: „Til skoðunar voru verkefni í mörgum löndum í fjórum heimsálfum. Við töldum óviðunandi að tugmilljarður króna af almannafé yrði lagður að veði í slíkum útrásarverkefnum. Í borgarstjórn líkti Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi afstöðu okkar sjálfstæðismanna við menntaskólahagfræði og sagði að vegna hennar gætu borgarbíur orðið af 50 milljarða króna útrásargróða.“

435 Hluthafafundur REI, dags. 8. október 2007.

436 Andri Árnason hrl.: Minnisblað. Reykjavík, dags. 10. desember. Bls. 1-28.

437 Láru V. Júlíusdóttir hrl.: Svör við spurningum stýrihóps borgarstjórnar um málefni Orkuveitu Reykjavíkur. Reykjavík, dags. 26. október 2007. Bls. 1-6.

hafi haft áhrif á þær áætlanir félagsins.⁴³⁸ Þann 31. október 2007 var haldinn hluthafafundur í REI þar sem kynntar voru tvær tillögur FL-Group og Atorka-Group. Á sama fundi var ákveðið að boða til framhalds-hluthafafundar þar sem tillögurnar yrðu teknar til efnislegrar umfjöllunar.

Kaupendur bréfa í hlutafjárukningu þann 8. október 2007

Kaupandi	Fjárhæð	Gengi bréfa
Orkuveita Reykjavíkur	2.600.000.000	1,00
FL Group hf.	2.409.942.381	2,7696
Orkuveita Reykjavíkur	3.132.064.656	2,7696
Atorka Group hf.	1.805.305.494	2,7696
Sjávarsýn ehf.	361.061.099	2,7696

Auk þess var bókað í tillögunni að stjórnendur REI skyldu:

„ ...halda áfram rekstri og undirbúningi uppbyggingar félagsins án meiriháttar fjárskuldbindinga eða annarra meiriháttar ráðstafana.“⁴³⁹

Umræddur framhaldshluthafafundur REI var haldinn þann 18. nóvember 2007 og var ljóst að eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur hafði fallið frá fyrri samþykkt sinni frá 3. október 2007 um samruna REI og GGE, hlutafjárkaup, innlagningu hlutarins í HS Orku og undirritun þjónustusamningsins. Þessar ákvarðanir eigenda Orkuveitu Reykjavíkur ollu töluverðum forsendubreytingum og var því ákveðið þann 23. nóvember 2007 að haldinn yrði nýr hluthafafundur REI. Á þeim fundi, var svo upplýst að hlutir Sjávarsýnar ehf. (í eigu Bjarna Ármannssonar) og Draupnis ehf. (í eigu Jóns Diðriks Jónsson) hefðu verið keyptir af Orkuveitu Reykjavíkur með fyrirvara um staðfestingu stjórnar Orkuveitunnar.⁴⁴⁰ Með höfnun á samruna REI og GGE og uppkaupum Orkuveitu Reykjavíkur á hlut félaga í eigu Bjarna Ármannssonar og Jóns Diðriks Jónssonar, má því segja að svo kölluðu REI-máli hafi lokið þó málið ætti eftir að setja mark sitt á reykvísk stjórnarmál enn um sinn. Þrátt fyrir að á hluthafafundinum 23. nóvember 2007 hafi verið samþykkt að halda annan hluthafafund fljótlega virðist það hafa dregist, en á stjórnarfundi Orkuveitu Reykjavíkur þann 10. desember 2007 ítrekaði formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri mikilvægi þess að fá starfhæfa stjórn að félaginu, enda kölluðu breytingar í eigendahópi á slíka ráðstöfun.⁴⁴¹ Svo virðist sem boðun umrædds hluthafafundar hafi dregist fram til 28. febrúar 2008 miðað við fyrirbyggjandi gögn, en hugsanlegt er að meirihlutaskiptin í Reykjavíkurborg í ársbyrjun 2008 hafi átt sinn þátt í því.

Þann 3. nóvember 2007 eða um þremur vikum eftir myndun nýs meirihluta í Reykjavíkurborg spruttu aftur upp deilur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur í tengslum við málefni REI. Snerust deilurnar að þessu sinni um þátttöku REI í opnu útboði á filippseyska orkufyrirtækinu PNOC-EDC. Tengsl Orkuveitu Reykjavíkur við filippseyska orkufyrirtækið má rekja til stjórnarfundar 7. mars 2007 þegar stjórn Orkuveitunnar samþykkti

438 Fundur stjórnar REI, dags. 18. október 2007.

439 Hluthafafundur REI, dags. 31. október 2007.

440 Hluthafafundur REI, dags. 23. nóvember 2007.

441 Fundur stjórnar REI, dags. 10. desember 2007.

samstarfssamning á milli GGE og Orkuveitu Reykjavíkur.⁴⁴² Framkvæmd samningsins var þó fljótlega flutt yfir til REI, en í samningnum var skilgreind vinna aðila samningsins, s.s. forathuganir, kannanir og almenn vinna til undirbúnings ákvarðana um fjárfestingar í einstökum verkefnum á Filippseyjum.⁴⁴³ Um sumarið hafði REI áður keypt hlut í þessu fyrirtæki fyrir u.þ.b. 500.000 millj.kr., en bókað var um þá ákvörðun stjórnar REI þann 11. júlí 2007. Frá því í ágúst 2007 höfðu stjórnendur REI unnið að undirbúningi að þátttöku í ofangreindu útboði, en þar var til sölu 40% hlutfjár í hinu erlenda félagi. Undirbúningur fyrir þátttöku í þessu útboði hafði þá staðið yfir um nokkurt skeið og var hluti af samstarfi REI og GGE.⁴⁴⁴ Á stjórnarfundum REI þann 31. október 2007 var svo samþykkt, með fyrirvara um samþykki stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, að taka þátt í útboðinu. Einum sólarhring síðar eða þann 1. nóvember 2007 var samþykkt á fundi stjórnar REI að leggja fram 102.000 bandaríkjadala í hlutfé á móti samsvarandi upphæð frá GGE til að stofna félagið Envent Holding Philippenes vegna aðkomu félaganna tveggja að einkavæðingu og útboði [PNOC]-EDC.⁴⁴⁵

Þann 2. nóvember 2007 afgreiddi stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fjölmörg mál er tengdust REI. Þar var m.a. fallið var frá að leggja hluta Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja inn í REI, samruna við GGE og fleiri ákvörðunum, auk þess sem stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti að beina því til stjórnarmanna REI að taka ekki bindandi ákvarðanir á grundvelli fundarsamþykkt frá 3. október 2007. Á þessum fundi var lögð fyrir tillaga stjórnar REI sem var svohljóðandi:

„Stjórn OR samþykkir að styðja REI við áframhaldandi þátttöku í einkavæðingarferli filippseyska fyrirtækisins PNOC-EDC, jafnframt því að tryggja fjármögnun hluta REI í verkefninu.“⁴⁴⁶

Erindinu var frestað, en degi síðar, eða laugardaginn 3. nóvember 2007, var haldinn nýr stjórnarfundur í Orkuveitu Reykjavíkur þar sem þátttaka REI í filippseyska útboðinu var eini dagskrárliðurinn. Á þeim fundi var svohljóðandi tillaga samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum:

„Stjórn OR samþykkir erindi REI dags. 3. nóvember 2007, um að styðja félagið við áframhaldandi þátttöku í einkavæðingarferli filippseyska fyrirtækisins PNOC-EDC og heimilar REI jafnframt að leita eftir þeirri lánaþyrirgreiðslu sem til þarf vegna verkefnisins. Stjórn OR samþykkir erindið í ljósi þess að nauðsyn ber til að tryggja áfram trúverðuleika og stöðu REI og í trausti þess að fulltrúar félagsins muni gæta þess að verkefnið standist þær kröfur sem gera verður til verkefna sem tengjast OR m.a. með tilliti til samfélagslegrar ábyrgðar.“⁴⁴⁷

Stjórnarmennirnir Kjartan Magnússon og Júlíus Vífill Ingvarsson sátu hjá og bókuðu eftirfarandi:

Kjartan Magnússon: „Það kom mér á óvart hvað 100 daga meirihlutinn var tilbúinn að hætta miklu fé í áhættusöm útrásarverkefni. Fulltrúar meirihlutans lögðu fram tillögu í byrjun nóvember 2007 um að Orkuveitan myndi styðja REI til kaupa á hlutfé í ríkisfyrirtæki á Filippseyjum, PNOC-EDC og ábyrgjast fjármögnun hluta REI í kaupunum, sem gat numið 12-13 milljörðum króna. Flýttirinn í þessu máli var ótrúlegur en við fulltrúar sjálfstæðismanna vildum fá að skoða málið áður en nokkur ákvörðun væri tekin enda mikið fé í húfi. Við fengum aðeins sólarhringsfrest til þeirrar skoðunar því annar fundur var boðaður strax daginn eftir, á laugardegi. Á þeim fundi var lögð fram breytt tillaga, sem fól þó áfram í sér stuðning Orkuveitunnar til kaupanna. Við mótmæltum vinnubrögðunum en stjórnarmenn meirihlutans samþykktu tillöguna eigi að síður á þessum fundi enda voru þeir greinilega undir miklum þrýstingi að klára málið. Sem betur fer varð ekkert af kaupunum ytra þar sem tilboði OR var ekki tekið. Þetta sýnir þó hvað 100 daga meirihlutinn var tilbúinn að ganga langt í fjármögnun útrásarverkefna.“

442 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. mars 2007.

443 Samstarfssamningur um jarðhitaverkefni á Filippseyjum, dags. 16. mars 2007.

444 Verkefnisstaða REI, GGE og Enex: Yfirlit. Lagt fram á stjórnarfundum, dags. 18. október 2007. Bls. 5.

445 Fundur stjórnar REI, dags. 1. nóvember 2007.

446 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 2. nóvember 2007.

447 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. nóvember 2007.

„Eftir allar þær umræður sem verið hafa um ófullnægjandi upplýsingagjöf og óskiljanlegan hraða er lögð fram tillaga í gær af stjórnarmönnum Framsóknarflokks, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna sem varðar fjármögnun Reykjavík Energy Invest. Svo mikið liggur við að aukafundur er haldinn í dag, á laugardegi, til þess [að] afgreiða málið og þar er ætlast til að stjórnarmenn taki afstöðu til máls, sem þeir hafa haft til skoðunar í einn sólarhring. Heildarfjármögnun umrædds einkavæðingarverkefnis REI í Filippseyjum nemur 15 milljörðum króna. Stýrihópur borgarráðs er nú að störfum sem hefur það verkefni að móta stefnu Orkuveitu Reykjavíkur, þ. á m. varðandi útrásarverkefni. Á meðan sú vinna stendur yfir er full ástæða fyrir Orkuveituna og dótturfyrirtæki hennar að halda að sér höndum varðandi skuldbindingar í áhættusömum stórverkefnum í fjarlægum löndum. Ljóst er að hér er lagt til að fyrirtækið leggi allar eigur sínar að veði í eitt verkefni. REI býr yfir miklum möguleikum en mikilvægt er að fyrirtækið sníði sér stakk eftir vexti.“⁴⁴⁸

Í fréttatilkynningu frá Bryndísi Hlöðversdóttur, þáverandi formanni stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, sem send var til fjölmiðla eftir fundinn, kom m.a. fram:

„... að með ákvörðuninni sé verið að standa vörð um hagsmuni almennings þar sem þegar hafi talsverðum fjármunum verið varið í verkefnið og verulegir hagsmunir séu í húfi. Þá þurfi að standa vörð um trúverðugleika REI.“⁴⁴⁹

Með ákvörðun stjórnar þann 3. nóvember 2007 var REI gefin heimild til að ráðstafa allt að 12,8 milljörðum króna í umræddu útboði til kaupa á 8% hlut í PNOC-EDC, og var samhliða gefin heimild til veðsetningar eigna REI. Þegar uppi var staðið reyndi þó aldrei á umrædda heimild, þar sem tilboði REI var ekki tekið í umræddan hlut PNOC-EDC heldur féll hann öðrum í skaut.

Fram kemur í svari innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar og birt var 5. október 2009, að vinnubrögðum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og REI hafi verið ábótavant í þessu ferli í tengslum við hlutinn í PNOC-EDC. Um upplýsingagjöf til stjórnar Orkuveitunnar segir meðal annars í svari innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar:

„Að mati innri endurskoðunar eru það ámælisverð vinnubrögð af hálfu starfsmanna að leggja ekki fyrir stjórn skjöl sem gagnert höfðu verið tekin saman vegna fyrirhugaðrar þátttöku REI í einkavæðingarferli PNOC-EDC sem og undirritaða samninga. Slík vinnubrögð hindra stjórnarmenn í að sinna því lykilhlutverki sínu að vakta og greina mikilvæga áhættuþætti í rekstri.“⁴⁵⁰

Einnig er bent á þá staðreynd í svari innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar, að hlutfall fjárbindingarinnar sem REI hafði verið gefin heimild fyrir með ábyrgð Orkuveitu Reykjavíkur, hafi verið 6,05% af eigin fé Orkuveitu Reykjavíkur, og hafi þar með verið yfir þeim 5% viðmiðunar-

448 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. nóvember 2007.

449 Visir: „Orkuveitan styður fjárfestingar REI á Filippseyjum“, dags. 3. nóvember 2007.

450 Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar: Svar við fyrirspurn um samþykkt stjórnar OR frá 3.11. '07 varðandi PNOC-EDC, dags. 5 október 2009. Bls. 3.

mörkum sem stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þarf að bera undir eigendur fyrir fram. Þar segir einnig:

„Í því ljósi að ekki er óeðlilegt að telja að dótturfyrirtækið REI sé veigamikil eign OR og í samræmi við svar borgarlögmanns hefði það verið rétt og a.m.k. góð stjórnýsla stjórnar OR að leita fyrirfram samþykkis eigenda fyrir ákvörðun sinni. Við skoðun á fundargerðum borgarráðs og borgarstjórnar má sjá að ákvörðun stjórnar OR var ekki kynnt eða send borgarráði eða borgarstjórn til staðfestingar enda bar samþykkt stjórnar OR ekki með sér fyrirvara um slíkt.“⁴⁵¹

Að lokum bendir innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar á þörfina á að vanda betur undirbúning stjórnarfundar Orkuveitunnar, takmarka heimild stjórnar á þann hátt að hún beri meiriháttar eða óvenjulegar ákvarðanir undir eigendur og jafnframt að marka þurfi skýrari stefnu um heimild stjórnar.⁴⁵²

Í febrúarbyrjun 2008 skilaði áður nefndur stýrihópur til borgarráðs 20 blaðsíðna lokaskýrslu auk viðauka. Áður, eða þann 1. nóvember 2007, hafði komið út áfangaskýrsla þar sem mælt var til að fallið yrði frá helstu lykil-ákvörðunum eigendafundarins 3. október 2007, en einnig að gerð yrði stjórnýsluúttekt af hálfu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur. Að mati stýrihópsins var vinnubrögðum Orkuveitu Reykjavíkur ábótavant á fjölmörgum sviðum. Í niðurstöðum sínum tilgreindi hópurinn einkum sjö atriði þar sem vinnubrögð og/eða ferlar málsins voru talin aðfinnsluverð. Þessi atriði voru:⁴⁵³

Haukur Leósson: „Þetta[REI] var frábær viðskiptahugmynd en fékk pólitískt áhlaup og var stjórnað af utanaðkomandi sjálfstæðismönnum.“

Á fundi stjórnar REI sem var haldinn 12. febrúar 2008 var samþykkt að taka þátt í 1/3 af 160 millj.kr. hlutafjárukningu í Enex Kína. Einnig var samþykkt að ráðstafa 700.000 bandaríkjadöllum til þátttöku í hlutafjárukningu í Iceland America Energy, sem REI átti fyrir 7% hluta í. Þess ber að geta að undir liðnum „önnur mál“ var jafnframt lagt fram tilboð um kaup á 350.000 hlutum í IAE samtals að andvirði 2,1 milljóna bandaríkjadala. Auk fyrrgreindra fjárfestingamála var lagt fram bréf frá GGE um ósk félagsins um að sameinast Enex hf. auk samskonar beiðni um Enex Kína ehf. Þann 28. febrúar 2008 var svo haldinn hluthafafundur í REI, en á þeim tíma var Orkuveita Reykjavíkur á ný orðinn eini hluthafi í REI. Helstu mál á dagskrá fundarins voru kjör nýrrar stjórnar undir formennsku Kjartans Magnússonar, sem þá var stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, fækkun stjórnarmanna í þrjá og afturköllun heimildar stjórnarinnar til hækkunar hlutafjár án samþykkis hluthafafundar. Einnig var rekstrarformi félagsins breytt og var það gert að einkahlutafélagi að nýju.⁴⁵⁴

451 Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar: Svar við fyrirspurn um samþykkt stjórnar OR frá 3.11.'07 varðandi PNOC-EDC, dags. 5 október 2009. Bls. 4.

452 Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar: Svar við fyrirspurn um samþykkt stjórnar OR frá 3.11.'07 varðandi PNOC-EDC, dags. 5 október 2009. Bls. 4.

453 Stýrihópur Borgarráðs: Lokaskýrsla stýrihóps Borgarráðs um málefni REI og Orkuveitu Reykjavíkur. Febrúar 2008. Bls. 5–10.

454 Hluthafafundur REI, dags. 28. febrúar 2008.

Niðurstöður lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni REI og Orkuveitu Reykjavíkur

1. Umboð

„Kynningarferlinu [á samrunanum] var ábótavant og ákvörðun tekin í stjórninni án þess að nauðsynleg gögn væru nægjanlega kynnt.“

„Að mati stýrihópsins hefði, eftir á að hyggja að ræða málið í borgarstjórn og leita samþykkis þeirra sveitarstjórna sem aðild eiga að OR áður en málin voru lögð fyrir stjórnar- og eigendafundinn þann 3. október.“

Umboð stjórnar REI á reiki. Það hafi orkað tvímæli að taka stórar ákvarðanir án umbod stjórnar OR.

„Umboð stjórnenda fyrirtækisins og valdmörk eru einnig óljós...“

„Við vinnu stýrihópsins kom í ljós að aðkoma utanaðkomandi hagsmunaaðila að samningi milli REI og OR (FL-group) var mikil og jafnvel ráðandi í samningagerðinni. Óljóst var hver gætti hagsmuna Orkuveitu Reykjavíkur við samningsgerðina.“

2. Hraði/boðun

„Allt ferlið var drifið áfram á óvenjulegum hraða, allt frá gerð þjónustusamnings og aðdraganda og framkvæmd fundarins 3. október.“

„Í samþykktum REI var skýrt kveðið á um að hluthafafundi í REI skuli boða með 7 daga fyrirvara. Engin undanþáguákvæði eru frá þessari reglu í samþykktunum. Þessu ákvæði í samþykktum var ekki fylgt á hluthafafundi REI 11. september 2007 og ekki heldur á hluthafafundi REI þann 3. október 2007.“

„... með því að boða eigendafund með minna en eins sólarhrings fyrirvara hafi borgarfulltrúum í Reykjavík og sveitarstjórnarmönnum á Akranesi og Borgarbyggð ekki verið gefið tækifæri, tími eða svigrúm til að sinna sínum skyldum.“

3. Upplýsingagjöf og samráð

„... var tíminn í aðdragandum ófullnægjandi fyrir þá fulltrúa sem ætlað var að taka afstöðu til tillagnanna. Jafnframt var upplýsingagjöf og kynningu ábótavant ...“

„Borgarfulltrúum þáverandi meirihluta var kynnt málið í fyrsta sinn á fundi kvöldið fyrir stjórnarfund OR.“

„Borgarfulltrúum minnihlutans var líka gert næsta ókleift að kynna sér málið til hlítar þar sem þeir voru ekki upplýstir um málið fyrr en sama dag og afgreiða skyldi málið.“

4. Kaupréttir

„... ákvörðun um kaupréttasamninga til lykilstarfsmanna vekur spurningar um hvort almannahagsmunir hafi vikið fyrir einkahagsmunum í ferlinu.“

„Stýrihópurinn telur að samningar um kaup starfsmanna á hlutabréfum í REI á verði á genginu 1,28 sem var u.þ.b. helmingur af því sem var áætlað að raunvirði við sameiningu REI og GGE sé mjög alvarlegt mál.“

5. Borgarkerfið

Svör borgarlögmans [við spurningum umboðsmanns Alþingis] voru aldrei borin undir borgarstjórn Reykjavíkur. Stýrihópurinn telur að þau vinnubrögð sýni að fara þurfi yfir verkferla víðar í borgarkerfinu en að því leyti sem varðar málefni REI og Orkuveitunnar sérstaklega. Svör borgarlögmans voru því ekki svör kjörinna aðila í borgarstjórn Reykjavíkur á þeim tíma.

6. Pólitíkin

„Því þarf að skerpa á þeim skilningi að borgarstjóri Reykjavíkur þurfi framvegis skýrt umboð meirihluta borgarstjórnar við meiriháttar ákvarðanir.“

„Öll verkefni og viðfangsefni borgarstjórnar eiga að þola opna og gagnrýna umræðu og einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum.“

„Stjórn REI var aðeins skipuð fulltrúum meirihluta borgarstjórnar og því hafði minnihlutinn ekki aðkomu að ákvörðunum eða umræðum sem þar fóru fram auk þess sem stór hópur borgarfulltrúa meirihlutans var lítið upplýstur um málið.“

7. Almennir lærdómar

„Stýrihópurinn telur afar mikilvægt að lærdómurinn af REI málnu nái til sambærilegra fyrirtækja sem eru í eigu hins opinbera, sveitarfélaga og ríkisins.“

Á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar var m.a. staðfest sú ákvörðun að taka þátt í hlutfjárukningu IAE en fallið frá aukningu hlutar í fyrirtækinu umfram 7%. Auk þess var staðfest ákvörðun frá síðasta fundi stjórnarinnar, um að taka þátt í þriðjungi 160 millj.kr. hlutfjárukningu í Enex Kína.⁴⁵⁵ Næstu þrjú stjórnarfundir REI einkenndust einna helst af kynningu þróunarverkefna í Djibouti og Eþíópíu, auk þess sem áfram var unnið með erindi GGE vegna hugsanlegrar sameiningar við Enex. Á fundi þann 26. maí 2008, lagði stjórnarformaður REI, Kjartan Magnússon fram eftirfarandi tillögu um stöðu REI og framtíðarstefnu þess:

„Meginhlutverk Orkuveitu Reykjavíkur er að tryggja Reykvíkum og öðrum notendum á heimamarkaði góða þjónustu á sem bestu verði. Dótturfélagið REI var stofnað til þess að sinna fjárfestingar-, þróunar- og ráðgjafarverkefnum erlendis. Með því að finna útrásinni farveg í REI, skapað möguleiki á að nýta þau verðmæti sem felast í orðspori Orkuveitunnar, þekkingu og reynslu starfsmanna um leið og áhætta OR af útrásarverkefnum er takmörkuð. REI hefur fjölmörg jarðhitaverkefni til skoðunar í ýmsum löndum og á fjölþættum sviðum. Til að undirbúa framtíðarstefnumótun REI, beinir stjórn OR því til stjórnar REI að unnin verði úttekt á eftirfarnadi verkefnum REI, sem ná til áfallins kostnaðar, eðlis og umfangs, fjárfestingarþarfur, mögulegra trygginga og annarra leiða til að lágmarka áhættu einstakra verkefna. Einnig verði gerð grein fyrir mögulegri aðkomu fjárfesta og lánastofnana að einstökum verkefnum.“⁴⁵⁶

Framangreind tillaga var samþykkt og var framkvæmdastjóra REI falið að vinna að verkefniinu. Við þetta má bæta að á fundi þann 4. apríl 2008, var Þorsteinn Siglaugsson ráðinn til félagsins „...til að aðstoða stjórn við mat á stöðu REI“.⁴⁵⁷

Sumarið 2008 voru haldnir samtals 16 stjórnarfundir í REI. Þann 4. júní 2008, er greint frá starfslokum Guðmundar Þóroddssonar hjá bæði REI og Orkuveitu Reykjavíkur. Þann 22. september 2008 gerði stjórnarformaður REI, Kjartan Magnússon, stjórninni grein fyrir grunsemdum um að fyrrum starfsmenn REI, sem flestir höfðu látið af störfum í kjölfar uppsagnar Guðmundar Þóroddssonar, hefðu hafið störf hjá nýju félagi „í trássi við ráðningarsamninga sína“.⁴⁵⁸ Óhætt er að álykta að bankahrunið í október-byrjun 2008 hafi reynst vendipunkturinn í starfsemi REI. Sökum erfiðara aðgengis á erlendum fjármálamörkuðum og hruns íslensku krónunnar einkenndust störf stjórnar REI því fyrst og fremst af stöðumati og þreifingum um sölu eigna félagsins á því ári. Má nefna að þann 6. nóvember 2008 var samþykkt af stjórn félagsins að fela forstjóra að ganga frá sölu á öllum hlutum REI í PNOOC-EDC á lágmarksgenginu 3,2. Á sama fundi samþykkti stjórn REI „... að lána OR fé úr sjóðum félagsins allt eftir getu REI og fjárþörf OR.“⁴⁵⁹ Haustið 2010 óskaði Helgi Þór Ingason þáverandi forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur eftir því við Hálfðan Gunnarsson, starfandi framkvæmdastjóra REI að selja alla hluti sem eftir væru í REI, með það að markmiði að leggja niður félagið.

455 Fundur stjórnar REI, dags. 28. febrúar 2008.

456 Fundur stjórnar REI, dags. 26. maí 2008.

457 Fundur stjórnar REI, dags. 4. apríl 2008.

458 Fundur stjórnar REI, dags. 22. september 2008.

459 Fundur stjórnar REI, dags. 6. nóvember 2008.

Úttekt Innri endurskoðanda OR: „Í þessum hluta stefnumótunarstarfsins hafi eigendur, stjórn og stjórnendur unnið gott starf við erfiðar aðstæður, sérstaklega frá því í maí 2008.“

Guðmundur Þóroddsson: „Það voru margar borgastjórnir og skipt var um stjórn í OR annan hvern mánuð. Allt fór þetta í upplausn og vitleysu. Ég yfirgef félagið á vormánuðum og var þá alveg búinn að fá nóg ásamt flestum mínum félögum sem hættu með mér. Við stofnuðum okkar eigið fyrirtæki og förunum út í sviðan rekstur erlendis. OR tókst síðan ekki að halda vel á sínum spílum og erlendu verkefnið urðu meina og minna verðlital, nema Enex-Kína sem skilaði töluverðu til baka. Það voru fjölmörg góð verkefni í REI sem var hægt að halda áfram með en þau hins vegar urðu „for-eldralaus“ eftir allar þessar hræringar innan OR og eiginlega vesludust upp og dóu. Það gekk ágætlega að koma verkefnum á, vinnan á gólfinu góð, en hin íslenska pólitík varð mjög skertin.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Líkt og ítrekað hefur komið fram vissu borgarfulltrúar ekki af þessum áformum fyrr en á lokastigi, við í meirihlutanum fengum að vita það eftir að það var blíðið var að taka ákvörðun og þetta er nokkrum vikum fyrir REI málið. Það er þá sem byrjar umræða í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokkins og borgarstjórn allri, hvernig geti staðið á því að fyrirtækið lifi líkt og sjálfstæðu lifi með eigin ákvarðanir en krefjist svo ábyrgðar frá kjörnum fulltrúum eigenda. Allt REI málið var því ákveðinn endapunktur en um leið upphaf að auknum kröfum um vitneskju, upplýsingar og eftirlit með fyrirtækinu. Ég er þeirrar skoðunar að OR hafi þá fyrir löngu misst sjónar á hlutverki sínu, tilgangi og stöðu sem fyrirtæki í eigu Reykvíkinga. Það þurfti að grípa í taumanna og það var gert á þessum tíma, þrátt fyrir að það hafi ekki verið auðvelt fyrir neim sem að því kom. REI-málið allt var ákveðið uppgjör við vinnubrögð og menningu í kringum fyrirtækið.“

14.2.11 Orkuskólinn Reyst hf.

Orkuskólinn Reyst er rekstrarfélag Orkuveitunnar, Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur um námslínur í orkuvísindum. Fjárfest var í félaginu á árinu 2008 fyrir tæpar 13 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Samanlögð hlutdeild í afkomu félagsins á tímabilinu er neikvæð um 7,3 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Félagið fór frá því að vera dótturfélag í það að vera hlutdeildarfélag á árinu 2009. Á stjórnarfundi þann 22. október 2007 var samþykkt að leggja 25 millj.kr. í Orkuskólann Reyst og vísað til samkomulags á milli Orkuveitunnar, Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur þar um. Einnig var samþykkt árlegt rekstrarframlag að fjárhæð allt að 20 millj.kr. í fjögur til fimm ár.⁴⁶⁰

14.2.12 Dótturfélög samantekt

Hér að framan hefur verið fjallað um hvert og eitt neðangreindra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur. Í töflunni hér að neðan gefur að líta heildarfyrirlit yfir kaupverð, söluverð, rekstraráhrif og bókfært verð eignarhluta Orkuveitu Reykjavíkur í dótturfélögum, sem sundurliðast þannig:

	Kaupverð	Söluverð	Áhrif á rekstur	Bókfært verð
Hitaveita Akraness og Borgarfj.....	152.082.202		400.096.076	
Hitaveita Þorlákshafnar.....	626.760.069		3.007.415	
Lína.Net hf.....	2.261.043.464	1.079.161.519	-1.151.143.026	
NCI-fjarskipti og Orka ehf.....	5.544.763		-4.395.932	
Rafmagnslína ehf.....	138.120.324		-34.047.723	
Hrafnabjargavirkjun hf.....	37.609.733	22.003.958	2.835.204	7.055.685
Hitaveita Rangæinga.....	182.423.347	179.836.767	13.780.966	
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.....	6.236.471.977		-3.256.927.695	2.901.123.161
Úlfjótsvatn,frístundabyggð ehf....	327.820.695		-26.501.734	205.009.667
Reykjavík Energy Invest ehf.....	4.228.182.802		-1.788.618.702	1.632.558.275
Orkuskólinn Reyst hf.....	12.835.642		-7.328.899	
	14.208.895.017	1.281.002.244	-5.849.244.050	4.745.746.788

Fjárhæðir vegna kaupa og sölu og bókfært verð í árslok 2010 eru á árslokaverðlagi ársins 2010 og árif á rekstur eru á meðalverðlagi ársins 2010. Samtals hefur því verið fjárfest í dótturfélögum fyrir 14.209 millj.kr. á tímabilinu og rekstraráhrif nema samtals 5.849 millj.kr. til gjalda. Rekstraráhrif eru bæði söluhagnaður og tap auk hlutdeildartekna og gjalda og annarra niðurfærsla.

14.3 Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir hvaða félög hafa verið hlutdeildarfélag í samstæðunni á hverjum tíma á því tímabili sem er til skoðunar, að frátöldum þeim félögum sem eru innan REI og fjallað var um hér að framan. Félag er flokkað sem hlutdeildarfélag í þessari töflu, bæði ef eignarhluturinn í því er á bilinu 20-50% og jafnframt ef félagið hefur verið flokkað sem hlutdeildarfélag í reikningskilum Orkuveitunnar.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Jarðboranir hf.	x	x							
Vélamiðstöðin hf.	x	x	x						
Tetra Ísland ehf.	x	x	x						
Aflvaki hf.	x	x	x	x					
Feyging hf.	x	x	x	x					
Vistorka hf.						x	x	x	x
Netorka hf.				x	x	x	x	x	x
Orkuskólinn Reyst hf.								x	x

14.3.1 Jarðboranir hf.

Í upphafi ársins 2000 stóð eignarhlutur Orkuveitunnar í félaginu í 289,5 millj.kr. og var hann seldur á árinu 2006 fyrir 1.298 millj.kr. sem er 1.839 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Söluhagnaður sem færður var til tekna í rekstrarreikningi við sölu nam 954,7 millj.kr. sem er 1.334 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Móttekinn arður á árunum 2002 til 2005 nam samtals um 82,5 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 og heildarrekstraráhrif eru því 1.416 millj.kr.

Þann 16. desember 2005 var lagt fyrir stjórn bréf frá Atorku Group hf. ásamt yfirtökutilboði í hlut Orkuveitunnar í Jarðborunum.⁴⁶¹ Enn fremur var lögð fram eftirfarandi tillaga frá forstjóra:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að auglýsa hlutabréf Orkuveitu Reykjavíkur í Jarðborunum hf. að nafnvirði, kr. 51.920.000.- til sölu. Óskað skal eftir tilboðum í öll hlutabréfin. Tilboðum skal skilað eigi síðar en þriðjudaginn 10. janúar n.k. kl. 15:00.“⁴⁶²

Tillagan var samþykkt og auk þess var samþykkt að fela forstjóra og Hjörleifi B. Kvaran að láta verðmeta hlutabréfin. Á stjórnarfundi þann 11. janúar 2006 var yfirtökutilboðið frá Atorku Group hf. lagt fram aftur auk verðmeta á félaginu frá KB banka frá nóvember 2005, frá Deloitte, dags. 9. janúar 2006 og frá Landsbankanum dags. 10. janúar 2006 og fór fram kynning á verðmótunum á fundi stjórnar af hálfu Deloitte. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti að taka yfirtökutilboðinu sem fól í sér sölu á bréfunum á genginu 25 sem fékkst greitt með hlutabréfum í Atorku Group á genginu 6.⁴⁶³ Atorka var skráð félag á markaði þegar viðskiptin áttu sér stað.

14.3.2 Vélamiðstöðin hf.

Vélamiðstöðin er félag sem stofnað var með Reykjavíkurborg um rekstur bifreiða og vinnuvéla. Í upphafi ársins 2000 stóð eignarhlutur Orkuveitunnar í félaginu í 33 millj.kr. Eignarhluturinn var síðan seldur á árinu 2005 á 243 millj.kr. sem er 366 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Söluhagnaður sem færður var til tekna í rekstrarreikningi við sölu nam 203,5 millj.kr. sem er 302,6 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Móttekinn arður á árinu 2002 nam 25 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 og heildarrekstraráhrif eru því 327,8 millj.kr. Fjallað var um sölu á hlutnum í Vélamiðstöðinni á stjórnarfundi þann 20. október 2004 og var þar samþykkt að fylgja Reykjavíkurborg í sölnni.⁴⁶⁴ Á stjórnarfundi þann 17. ágúst 2005 var salan samþykkt.⁴⁶⁵

14.3.3 Tetra Ísland ehf.

Á yfirlitinu hér á eftir má sjá hreyfingar úr bókhaldi Orkuveitunnar á eignarhlutunum í þeim félögum sem urðu að Tetra Ísland ehf. Starfsemi félaganna var uppbygging og rekstur fjarskiptakerfis.

461 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. desember 2005.

462 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. desember 2005.

463 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 11. janúar 2006.

464 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 20. október 2004.

465 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 17. ágúst 2005.

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í félögum sem urðu að Tetra Ísland ehf.		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Stikla ehf.		
Kaup á árinu 2001.....	71.500.000	124.575.049
Endurmat á árinu 2001	1.057.790	
Tetralína ehf.		
Kaup á árinu 2001.....	225.000.000	392.019.385
Endurmat á árinu 2001	4.816.194	
Tetra Ísland ehf.		
Hlutdeild í tapi ársins 2001.....	-170.518.513	-297.095.834
Kaup á árinu 2002.....	131.667.312	217.347.697
Endurmat á árinu 2002	5.282.461	
Hlutdeild í tapi ársins 2002.....	-81.396.130	-134.363.353
Endurmat á árinu 2003	5.105.831	
Niðurfærsla á árinu 2003	-76.954.945	-124.236.009
Kaup á árinu 2004.....	50.000.000	78.353.610
Niðurfærsla á árinu 2004	-115.560.000	-181.090.862
Kaup á árinu 2005.....	12.533.463	18.895.837
Söluverð á árinu 2005	-45.000.000	-67.843.393
Sölutap 2005	-17.533.463	-26.433.992
	0	
Samtals kaupverð.....	490.700.775	831.191.578
Samtals söluverð	-45.000.000	-67.843.393
Samtals fært í rekstrarreikning.....		-763.220.050
Samtals fært í rekstur á meðalverðlagi 2010.....		-752.770.582

Eins og sést á yfirlitinu námu fjárfestingar í félögum rúmum 831 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og samtals hefur verið fært til gjalda 752,8 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 vegna kaupanna. Félögin teljast hluti af fjarskiptastarfsemi Orkuveitunnar og vísast til kaflans um þá starfsemi til nánari umfjöllunar.

14.3.4 Aflvaki hf.

Aflvaki er atvinnuþróunarfélag Reykjavíkurborgar, með þátttöku fleiri sveitarfélaga um tíma. Í upphafi ársins 2000 stóð eignarhlutur Orkuveitunnar í félaginu í 36,8 millj.kr. Keypt var til viðbótar 1,3 millj.kr. á árinu 2001 sem er 2,3 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Á árinu 2000 var selt í félaginu fyrir 34,8 millj.kr. sem eru 64,3 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010. Eignarhluturinn var að fullu færður til gjalda á árinu 2006 við upp-töku alþjóðlegra reikningsskilastaðla og nam gjaldfærslan 5,3 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010.

14.3.5 Vistorka hf.

Vistorka er þróunarfélag um nýtingu vetnis í samgöngum. Í upphafi ársins 2000 stóð eignarhlutur Orkuveitunnar í félaginu í 1 millj.kr. Eftir það þróaðist eignarhluturinn þannig:

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Vistorku hf.

	Rauntölur	Verðlag 2010
Bókfært verð í upphafi ársins 2000.....	1.046.386	1.933.987
Kaup á árinu 2000.....	10.200.000	18.852.194
Endurmat á árinu 2000	176.622	
Endurmat á árinu 2001	983.475	
Endurmat á árinu 2002	248.695	
Endurmat á árinu 2003	344.782	
Kaup á árinu 2004.....	4.550.000	7.130.178
Kaup á árinu 2005.....	5.600.000	8.442.733
Niðurfærsla á árinu 2006.....	-17.069.409	-24.178.148
Kaup á árinu 2007.....	24.625.854	33.208.503
Hlutdeildargjöld á árinu 2007.....	-1.080.971	-1.457.713
Hlutdeildargjöld á árinu 2008.....	-19.093.624	-23.340.850
Hlutdeildartekjur á árinu 2009	13.522.841	14.612.084
Hlutdeildartekjur á árinu 2010	18.536.330	18.793.639
	<u>42.590.981</u>	
Kaup samtals án upphafstöðu.....	<u>44.975.854</u>	<u>67.633.609</u>
Fært í rekstur samtals á árslokaverðlagi 2010	<u>-5.184.833</u>	<u>-15.570.988</u>
Fært í rekstrar samtals á meðalverðlagi ársins 2010 ..		<u>-15.357.801</u>

Eins og fram kemur á yfirlitinu námu kaup Orkuveitunnar á hlutafé í félaginu samtals 67,6 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og samtals hefur verið fært til gjalda í rekstrarreikningi 15,4 millj.kr., á meðalverðlagi ársins 2010. Þann 11. maí 2004 samþykkti stjórn að auka hlutafé í félaginu um 15 millj.kr. á næstu þremur árum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem komu fram í bréfi frá Vistorku.⁴⁶⁶ Þann 27. nóvember 2007 var síðan samþykkt að neyta forkaupsréttar á hlutabréfum í félaginu allt að 38,2 millj.kr.⁴⁶⁷

14.3.6 Feyging hf.

Starfsemi Feygingar felst í hörvinnslu með nýtingu jarðvarma. Í upphafi ársins 2000 stóð eignarhlutur Orkuveitunnar í félaginu í 3,5 millj.kr. Eftir það þróaðist eignarhluturinn þannig:

466 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 11. maí 2004.

467 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. nóvember 2007.

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Feygingu hf.		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Bókfært verð í upphafi ársins 2000.....	3.512.675	6.492.317
Endurmat á árinu 2000	146.663	
Kaup á árinu 2001	3.500.000	6.098.079
Endurmat á árinu 2001	603.269	
Kaup á árinu 2002.....	12.000.000	19.808.807
Endurmat á árinu 2002	204.036	
Kaup á árinu 2003.....	16.000.000	25.830.389
Endurmat á árinu 2003	691.410	
Kaup á árinu 2005.....	18.936.000	28.548.500
Kaup á árinu 2006.....	39.800.000	56.375.139
Niðurfærsla á árinu 2006.....	-95.394.053	-135.121.935
Kaup á árinu 2007.....	15.000.000	20.227.828
Niðurfærsla á árinu 2007	-15.000.000	-20.227.828
	0	
Samtals kaup án upphafsstöðu 2000	105.236.000	156.888.742
Samtals fært til gjalda.....		-155.349.764
Samtals fært til gjalda á meðalverðlagi ársins 2010 ..		-153.222.825

Eins og fram kemur á yfirlitinu að ofan námu kaup Orkuveitunnar á hlutafé í félaginu samtals 156,9 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 sem hefur allt verið fært til gjalda í rekstrarreikningi og nemur gjaldfærslan á meðalverðlagi ársins 2010 samtals 153 millj.kr.

Þann 29. maí 2002 samþykkti stjórn Orkuveitunnar að taka þátt í hlutfjár- aukningu í félaginu að fjárhæð 15 millj.kr.⁴⁶⁸ Þann 21. október 2003 samþykkti stjórn síðan tillögu um að Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Þorlákshafnar legðu fram aukið hlutafé að fjárhæð 10 millj.kr. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks greiddu ekki atkvæði.⁴⁶⁹ Þann 17. nóvember 2004 samþykkti stjórn síðan hlutfjár- aukningu að fjárhæð 18,9 millj.kr., en stjórnarmennirnir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Kristján Guðmundsson sátu hjá við afgreiðsluna.⁴⁷⁰ Þann 30. mars 2005 var lögð fram tillaga forstjóra um að auka hlut Orkuveitunnar um allt að 15 millj.kr. Tillögunni fylgdi greinargerð frá stjórnarformanni Feygingar. Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum, en Guðlaugur Þór Þórðarson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir sátu hjá við afgreiðslu málsins.⁴⁷¹ Þann 25. janúar 2007 voru málefni Feygingar enn á ný til umræðu stjórnar, og fól stjórn Orkuveitu Reykjavíkur forstjóra og Hauki Leóssyni stjórnarformanni að „yfirfara stöðu fyrirtækisins og hvernig hagsmunir Orkuveitu Reykjavíkur verði best tryggðir“⁴⁷² Á stjórnarfundum þann 7. mars 2007 var lögð fram tillaga forstjóra og Hauks Leóssonar um að auka hlutafé Orkuveitunnar í félaginu um 15 millj.kr., tillögunni fylgdi greinargerð. Tillagan var samþykkt með fimm atkvæðum en Svandís Svavarsdóttir sat hjá.⁴⁷³ Þann 20. september 2007 greindi forstjóri stjórn frá fyrirhugaðri sölu á fasteign félagsins í Þorlákshöfn og lagði til að félaginu yrði slitið sem var samþykkt.⁴⁷⁴

Haukur Leósson: „Orkuveitan tapaði engu nema hlutafénu. Hún lagði ekkert í það nema peninga. Það var komið upp helvíti flott hús. Í framhaldinu vorum við Guðmundur svo skipaðir af stjórninni til að fara ofan í þetta mál og að athuga hvort ástæða væri til að setja meiri peninga í þetta. Ég lagði fyrir stjórnina að hætta þessu, var það samþykkt einróma. Þeir voru að biðja um meiri peninga. Þess vegna fórum við að skoða málið. Gleyma þessu, afskrifa það sem var bíúið að leggja í þetta.“

468 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 29. maí 2002.

469 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 29. maí 2002.

470 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 17. nóvember 2004.

471 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 30. mars 2005.

472 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 25. janúar 2007.

473 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. mars 2007.

474 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 20. september 2007.

Ef hlutafjárhækkarnir eru bornar saman við stjórnarsamþykktir ber fjárhæðum ekki alveg saman. Stjórn hefur samþykkt kaup að fjárhæð 73,9 millj.kr. frá árinu 2002 og á sama tíma var fjárfest í félaginu fyrir 101,7 millj.kr. Ekki verður því séð að allar hlutafjárhækkarnir hafi verið bornar undir stjórn til samþykktar.

14.3.7 Netorka hf.

Netorka er félag um sameiginlegan gagnagrunn dreifiveitna rafmagns á Íslandi. Að neðan má sjá hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Netorku hf.

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Netorku hf.		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Kaup á árinu 2000.....	5.000.000	9.241.272
Endurmat á árinu 2000	113.866	
Kaup á árinu 2001.....	2.500.000	4.355.771
Endurmat á árinu 2001	597.668	
Endurmat á árinu 2002	164.605	
Endurmat á árinu 2003	228.202	
Kaup á árinu 2005.....	15.403.640	23.223.005
Niðurfærsla á árinu 2005.....	-5.069.400	-7.642.784
Niðurfærsla á árinu 2006.....	-7.740.097	-10.963.544
Kaup á árinu 2007.....	9.337.500	12.591.823
Hlutdeildartekjur á árinu 2007	820.186	1.106.039
Hlutdeildartekjur á árinu 2008	3.870.600	4.731.584
Hlutdeildartekjur á árinu 2009	3.738.998	4.040.168
Sala á árinu 2010.....	-4.707.824	-4.773.175
Hlutdeildartekjur á árinu 2010	6.157.879	6.243.359
	<u>30.415.823</u>	
	<u>18.195.816</u>	<u>44.638.696</u>
	<u>1.778.166</u>	<u>-2.485.178</u>
		<u>-2.451.153</u>

Eins og sést á yfirlitinu námu kaup og sala nettó rúmum 44,6 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og tap sem fært hefur verið í rekstur nemur 2,5 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010.

Arður sem færður hefur verið til tekna nemur um 4,8 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 og rekstraráhrif samtals eru því jákvæð um 2,4 millj.kr.

Á stjórnarfundum þann 23. mars 2005 var samþykkt að taka þátt í hlutafjáraukningu að nafnvirði rúmar 4 millj.kr. á genginu 3,75 eða um 15 millj.kr.⁴⁷⁵ Á yfirlitinu hér að ofan má sjá að þau kaup gengu eftir en ekki verður séð viðbótarkaup í félaginu á árinu 2007 hafi verið borin undir stjórn.

14.3.8 Hlutdeildarfélög samantekt

Hér að framan hafa einstök viðskipti með hlutdeildarfélög verið tekin til skoðunar. Hér á eftir verður gerð samandregin grein fyrir kaupverði, söluverði, rekstraráhrifum og bókfærðu verði eignarhluta Orkuveitu Reykjavíkur í hlutdeildarfélögum. Sundurliðast það með eftirtöldum hætti:

Haukur Leósson: „Það var nú til dæmis rækjueldið. Þá allt í einu sé ég reikning, sem var út úr kú miðað við Orkuveituna. Og segi „bíddu, tvær og hálf milljón á mánuði alltaf, hvað er þetta?“ Þetta er fastur kostnaður á rækjueldinu. Það var gjaldfært sem aðkeypt þjónusta og ég sagði: „Þetta er rangt fært. Þetta er ekkert aðkeypt þjónusta. Þú verður að búa til sérstakan lið undir rækjueldið, bara hafa það sér í bókhaldinu.“ Það var alltaf verið að rifast um þetta rækjueldi, og það sér enginn hvað þetta kostar.“

475 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 23. mars 2005.

	Kaupverð	Söluverð	Áhrif á rekstur	Bókfært verð
Jarðboranir hf.....		1.838.566.100	1.416.414.552	
Vélamiðstöðin hf.....		366.008.323	327.760.900	
Stikla, Tetralína og Tetra-Ísland ehf. ...	831.191.578	67.843.393	-752.770.582	
Aflvaki hf.....	2.290.261	64.286.865	-2.436.267	
Vistorka.....	67.633.609		-15.357.801	42.590.980
Feyging.....	156.888.742		-153.222.828	
Netorka hf.....	49.411.870	4.773.175	2.368.188	30.415.823
Orkuskólinn Reyst hf.....				6.681.000
	1.107.416.061	2.341.477.856	822.756.162	79.687.803

Haukur Leósson: „Deir, borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins bölvuðu rækjueldinu í mörg ár, skömmuðust út í rækjueldið. Það er ekki fyrr en ég kem að ég legg fyrir stjórnina að leggja rækjueldið niður og var það samþykkt. Þetta var mitt fyrsta verke. Bara lagði þetta fyrir stjórnina og fékk það samþykkt.“

Guðlaugur Þór Þórðarson: „Það var fjárfest í ótrúlegustu verkefnum og fyrirtækjum, risarækjueldi, ljósmýndbanka, hörverksmiðju og ýmsu fleiru. Rökin fyrir þessum ævintýrum var að þetta væri hlutverk fyrirtækisins. Vegna þess að lögin heimila í raun allt eftir að þau fóru þannig í gegn um þingið. Mér hefur ekki tekist að breyta lögunum þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Síðast í vetur en þá var tillaga þess efnis felld af ríkisstjórnarflokkunum. En það átti líka að ganga miklu lengra. Það átti að kaupa grunnet Símans á yfir 20 milljarða, það átti að byggja 600 sumarhústaði í kringum Úlfjótuvatn. Við komum í veg fyrir þessar fyrirtælanir eftir að við tókum við og tókum út úr fyrirtækinu óskyldan rekstur en hann var þar inni á ábyrgð skattgreiðenda. Nú getur hver og einn gert sér í hugalund hvaða áhrif það hefði haft á fyrirtækið ef þessar fyrirtælanir hefðu gengið eftir. Við lögðum áherslu á að fyrirtækið einbeitti sér að kjarnastarfsemi; umhverfisvænni orkuframleiðslu sem er mjög mikilvægt og merkilegt verkefni. Í fyrirtækinu, háskólanum og þjónustufyrirtækjum eins og verkfræðifyrirtækjum býr mikil þekking. Við eigum að hlúa að henni. Það er engin tilviljun að Jarðhitaskóli SD er á Íslandi. Þessi þekking er verðmæti og í henni felast miklir möguleikar.“

Fjárhæðir vegna kaupa og sölu og bókfært verð í árslok 2010 eru eins og áður segir á árslokaverðlagi ársins 2010 og áhrif á rekstur eru á meðalverðlagi ársins 2010. Samtals hefur verið fjárfest í hlutdeildarfélögum fyrir 1.107 millj.kr. á tímabilinu og rekstraráhrif nema samtals 822 millj.kr. til tekna.

14.4 Fjárfestingar í öðrum félögum

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir hvaða önnur félög hafa verið í samstæðunni á hverjum tíma á því tímabili sem er til skoðunar fyrir utan þau félög sem eru innan REI og fjallað var um hér að framan. Í þessum flokki eru öll félög sem ekki eru dótturfélög eða hlutdeildarfélög. Félag er tekið út í yfirlitinu á því ári sem bókfært verð er fært niður að fullu, þrátt fyrir að félagið hafi í einhverjum tilvikum verið til eftir það.⁴⁷⁶

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Hitaveita Suðurnesja / HS veitur						x	x	x	x
Atorka		x							
Eignarhaldsfélagið Farice						x	x	x	x
Landsnet						x	x	x	x
Neyðarlínan					x	x	x	x	x
Keilir						x	x	x	x
Netskil	x	x							
DMM Lausnir									x
IM á Íslandi		x	x	x	x	x			
Próaktín							x	x	x
Span	x	x	x	x					
Varmaraf	x	x	x	x	x				
Hús myndanna	x	x	x	x	x	x			
Fiskeldi Eyjafjarðar			x	x	x				
Íslensk nýsköpun	x	x	x	x	x	x	x	x	
Tan Delta	x								
Íslenska Lífmassafélagið	x	x	x	x	x				
Norðlenska	x	x							
Stoðir								x	x
Stáltak									x

Um fjöllun um þau félög þar sem fjárfestingin er umfram 100 millj.kr. fylgir hér á eftir.

476 Í stjórnsýsluúttekt innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar, ágúst 2008, á bls. 47 er til viðbótar getið tveggja félaga sem samkvæmt upplýsingum fyrirtækjaskrár Ríkisskattsjóra eru í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, en ekki bókfærð þar, þ.e. félaganna Þurárhraun og Þróunarfélagsins Hvamms.

14.4.1 Hitaveita Suðurnesja

Að neðan má sjá hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Hitaveitu Suðurnesja.

Hreyfingar í bókhaldi vegna Hitaveitu Suðurnesja		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Kaupverð 2007.....	8.674.611.216	11.697.903.056
Kaupverð 2008.....	7.107.980.000	8.689.093.977
Söluverð 2008.....	-7.107.980.000	-8.689.093.977
Kaupverð 2009.....	6.273.082.461	6.778.369.243
Söluverð 2009.....	-11.052.192.680	-11.942.429.163
Sölutap 2009.....	-2.328.869.781	-2.516.456.525
	<u>1.566.631.216</u>	
Samtals kaup.....	<u>22.055.673.677</u>	<u>27.165.366.275</u>
Samtals sala.....	<u>-18.160.172.680</u>	<u>-20.631.523.140</u>
Samtals fært til gjalda á árslokaverðlagi ársins 2010 ...		<u>-2.516.456.525</u>
Samtals fært til gjalda á meðalverðlagi ársins 2010		<u>-2.482.002.988</u>

Eins og sést á yfirlitinu námu kaup á eignarhlut í félaginu 27.165 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Í kaupverðinu eru innifaldir vextir að fjárhæð 805 millj.kr. á verðlagi hvers árs sem eignfærðir voru með bréfunum. Söluverð hluta hlutabréfanna nam síðan 20.631 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og sölutap sem fært hefur verið í rekstur nemur 2.482 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Móttekinn arður sem færður hefur verið til tekna nemur um 200 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 og heildarrekstraráhrif eru því neikvæð um 2.282 millj.kr. Bókfært verð í árslok er eignarhluturinn í HS Veitum en samkvæmt endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2009 var félaginu í júlí 2008 skipt upp í HS Orku hf. og HS Veitur hf. og voru eignarhlutar í hvoru félagi fyrir sig færðir í samræmi við skiptiefnahagsreikning félagsins og námu samtals kaupverði eignarhlutarins í Hitaveitu Suðurnesja.⁴⁷⁷

Eins og fram kemur í umfjöllun hér á eftir var söluverðið við sölna á hlutabréfunum í desember 2009 til Magma Energy Sweden greitt að hluta með peningum og að hluta með skuldabréfi. Skuldabréfið er samkvæmt endurskoðunarskýrslu ársins 2009 í bandaríkjadöllum og ber 5% vexti og er eingreiðslulán á gjalddaga árið 2016. Í endurskoðunarskýrslunni kemur einnig fram að skuldabréfið er að hluta tengt álverði og tryggt með veði í hlutabréfum í HS Orku hf.⁴⁷⁸ Heimilt er að fresta greiðslu vaxta allt að þrisvar sinnum og bætast áfallnir vextir þá við höfuðstól bréfsins. Skuldabréfið er fært til eignar í reikningsskilum Orkuveitunnar á gangvirði og sundurliðast hreyfingar á því þannig:

477 Endurskoðunarskýrsla KPMG vegna 2009, mars 2010. Bls. 10

478 Endurskoðunarskýrsla KPMG vegna 2009, mars 2010. Bls. 15

Hreyfingar á Magma skuldabréfi		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Upphafleg skuldabréfakrafa	7.561.407.217	8.170.466.502
Fært á gangvirði 2009	-164.706.264	-177.973.091
Fært á gangvirði 2010	-212.173.838	-215.119.096
	7.184.527.115	7.777.374.315
Gangvirðisbreytingar á árslokaverðlagi 2010		-393.092.187
Gangvirðisbreytingar á meðalverðlagi 2010		-387.710.247

Eins og sést á yfirlitinu lækkaði matið á skuldabréfinu bæði á árinu 2009 og 2010, og nemur lækkunin sem búið er að færa til gjalda samtals 387.710 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Um er að ræða óinnleyst tap sem getur snúist við breytist forsendur matsins. Í ársreikningi vegna ársins 2011 var matið síðan hækkað um 683.807 millj.kr. á verðlagi þess árs. Töluverð áhöld hafa verið um verðmæti skuldabréfsins og þá áhættu sem er fólgin í því og hafa innri og ytri endurskoðandi auk H.F. Verðbréfa yfirfarið verðmætið. Viðauki 1, við áfangaskýrslu sem unnin var af H.F. Verðbréfum og Orkuveitu Reykjavíkur dags. 28. janúar 2011, er minnisblað um skuldabréfið sem unnið var af H.F. Verðbréfum hf. Í minnisblaðinu var farið yfir verðmætið og kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Til tryggingar greiðslu bréfsins eru hlutir í HS Orku sem svara til 27,5% hlutafjár. Ekki er um aðrar tryggingar að ræða. Skuldara er skylt að framkvæma árlegt verðmat á veðinu og þegar minnisblaðið er skrifað er verðmatsins beðið. Eigið fé HS Orku skv. árshluta-reikningi 30. september 2010 er 17,5 millj.kr. Um 6 millj.kr. af eigin fé HS Orku þann 30. september 2010, eða um þriðjungur eru eignfærðir afleiðusamningar vegna framtíðarorkusölu. Vegna ákvæða skuldabréfsins um veð og tryggingar er fólgin ákveðinn valréttur fyrir skuldara þannig að hann standi í skilum ef veðið heldur verðgildi sínu eða hækkar en greiðir ekki af bréfinu ef virði bréfsins lækkar. Upp getur komið sú staða að Orkuveitan fái ekki greiðslur af skuldabréfinu og taki verðlitol hlutabréf upp í skuldina. Telja verður líklegt að kaupandi hefði ekki greitt eins hátt verð fyrir hlutabréfin í HS Orku ef um staðgreiðslu hefði verið að ræða. Vegna skorts á öðrum tryggingum er áhætta bréfsins frekar hlutabréfaáhætta en hefðbundin skuldabréfaáhætta þar sem Orkuveitan nýtur þess ekki ef vel gengur en ber alla áhættuna ef illa gengur. Fáir ef einhverjir kaupendur eru til staðar og ef svo væri er gert ráð fyrir verðmati að fjárhæð 36-46 millj. USD. Dregin er sú ályktun að kaupandi sé að fjárfesta til langs tíma og muni standa með fjárfestingu sinni í HS Orku. Niðurstaða verðmats H.F. Verðbréfa er 47 millj. USD. Dregin er ályktun á grundvelli árshlutauppgjörs skuldara dags. 30. september 2010 að skuldabréfið sé fært á 56 millj. USD.“⁴⁷⁹

Miðað við gengi bandaríkjadals í janúar 2010 þegar skýrslan er skrifuð er verðmæti skuldabréfsins tæpir 6 milljarðar kr. (miðað við gengi bandaríkjadals 126 kr.) samanborið við bókfært verð í lok þess árs um 7,2 milljarðar kr. Innri endurskoðandi Orkuveitunnar hefur skrifað tvö minnisblöð um málið dags. 3. og 25. febrúar 2011. Fyrri minnisblaðið er unnið að beiðni stjórnarformanns og beint til stjórnar og markmiðið að kanna misræmi á milli bókfærðs verð skuldabréfsins og ofangreinds verðmats H.F. Verðbréfa.

479 H.F. Verðbréfi. Minnisblað um skuldabréf útgefið af Magma Energy Sweden AB á gjalddaga 14. desember 2016.

Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að verðmat H.F. Verðbréfa sé 46,7 millj. bandaríkjadala sem gerir um 5,4 milljarða kr. og að í könnuðum árs hlut-areikningi þann 30. september 2010 hafi bréfið verið metið á 8 milljarða kr. Mismunur á mati H.F. Verðbréfa og mati stjórnenda hafi því verið 2,6 milljarðar kr. Fram kemur að mismunurinn á mötunum sé vegna mismunandi viðmiðana við mat á ákvæðum skuldabréfsins, þar sem mestu skiptir að H.F. Verðbréf meta bréfið m.v. hlutabréfaáhættu en stjórnendur Orkuveitunnar meta bréfið m.v. skuldabréfaáhættu. Einnig kemur fram að bréfið hafi orðið til við þær aðstæður að Orkuveitan hafi orðið að selja hlutabréfin í Hitaveitu Suðurnesja og því hafi samningsstaða fyrirtækisins verið slæm, en um ástæður þess verður fjallað hér á eftir.⁴⁸⁰ Innri endurskoðandi lagði ekki sjálfstætt mat á verðmötin en lagði eftirfarandi til:

„1. Munurinn á mati stjórnenda OR og mati H.F. Verðbréfa á verðmæti skuldabréfs Magma verði kannadur frekar. Í því tilliti þarf til dæmis að kanna hvort að skuldabréf fyrirtækja með sk. BB álag og starfa í „US industrial“ og „US utility“ séu með sambærilegum ákvæðum og skuldabréf Magma.

2. Fengið verði nýtt mat löggilts endurskoðanda á skuldabréfinu og hvernig beri að meta það í bókum Orkuveitunnar með tilliti til endurskoðunarstaðla sem fyrirtækið er endurskoðað eftir.

3. Stjórn Orkuveitunnar beiti sér fyrir skoðun á tilurð kaupa á hlutafé í Hitaveitu Suðurnesja hf. Ástæðurnar eru að greina þarf ábyrgð og vinnulag við kaupin en þáttur þáverandi stjórnenda og stjórnar í kaupunum er óljós þar sem staðfest er að framkvæmdastjóri fjármála hjá Orkuveitunni hafi ekki komið að borði þegar hlutabréfin voru keypt á sínum tíma. Enn fremur er bent á að í þessari skoðun þarf einnig að gera grein fyrir heildarkostnaði Orkuveitunnar vegna viðskiptanna.“⁴⁸¹

Einnig kemur eftirfarandi fram í minnisblaðinu:

„Þáverandi fjármálastjóri Orkuveitunnar hefur bent á að: Skuldabréfið er metið og fært í bækur OR í samræmi við alþjóðareikningsskilastaðla IFRS. Verðmatið er unnið af starfsmönnum OR (fjár- og áhættustýringu) en aðferðafræði, forsendur og niðurstaða eru endurskoðuð og staðfest af KPMG sem eru endurskoðendur OR. Vinna er að hefjast við endurskoðun ársreiknings OR vegna 2010. Eitt af því sem farið verður yfir er bóksfært virði Magma skuldabréfsins í bókum OR. Gert er ráð fyrir að byrjað verði á að fara yfir verðmatið frá IFS Greiningu með IFS og KPMG til að fullvissa sig um að veðandlagið sé ásættanlegt og í samræmi við ákvæði þar um í skuldabréfinu. Verði niðurstaðan sú að veðandlagið sé í lagi þá er gert ráð fyrir að útreikningar verði byggðir á sömu reglum og verið hefur að teknu tilliti til forsendubreytinga milli uppgjöra. Ekki þurfi að vera óeðlilegt að munur sé á bóksfærðu virði eignar sem þessarar og væntu söluverði.“⁴⁸²

Í seinna minnisblaði innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur dags. 25. febrúar 2011 sem einnig er unnið að beiðni stjórnarformanns, kemur

480 Minnisblað innri endurskoðanda, dags. 3. febrúar 2011, Skuldabréf Magma Energy Sweden AB – stöðuskýrsla.

481 Minnisblað innri endurskoðanda, dags. 3. febrúar 2011, Skuldabréf Magma Energy Sweden AB – stöðuskýrsla.

482 Minnisblað innri endurskoðanda, dags. 3. febrúar 2011, Skuldabréf Magma Energy Sweden AB – stöðuskýrsla.

Guðlaugur G. Sverrisson: „*Þetta er pólitíkin, þar sem sagt er: „Þið takið kúlubréf, og þið lánið þeim og þið gerið þetta og gerið hitt“, en við erum að losa samt Hafnarfjörð út, það var enginn að tala um það sem var aðalmálið, það var áhættan sem að við vorum að losa. Þetta bréf, svo ég útskýri það bara aðeins nánar, er bundið, ef ég man, það eru 1,5% vextir á því, það er bundið álverði, með gólfu upp á 1.750 dollara tonnið og þakið upp á 3.200 dollara tonnið. Svo sveiflast það til. Síðasta og fyrsta mat endurskoðandanna sem varð mjög umdeilt, það þurfti að fara með það fyrir borgarráð meira að segja, því það trylltist allt þarna í stjórninni út af því að einhver úti í bæ hafði reiknað bréfið til helvítis. Og við fáum þá niðurstöðu hjá endurskoðendum, að það sem við töldum vera 6,31, það er 5,54.“*

fram að óskað hafi verið eftir því að innri endurskoðandi yfirfæri drög að verðmati á skuldabréfinu sem unnið hefði verið af sérfræðingum Orkuveitunnar. Fram kom að ávöxtunarkrafan sem við væri miðað við útreikningana hafi verið hækkuð úr 5,43% í 7,21% eða um 33%. Einnig kom fram að vísbendingar væru um að verð hlutabréfanna sem væru að veði, væri hugsanlega lægra en uppreiknað verðmæti skuldabréfsins, en að Orkuveitan gæti ekki krafist aukinna trygginga fyrr en 14. desember 2011. Einnig kemur fram að vegna þessa hafi H.F. Verðbréf mælt með að nota ávöxtunarkröfuna 12,52% við núvirðinguna. Niðurstaða innri endurskoðanda er sú að taka þyrfti mati stjórnenda með varúð þar sem verðmat þeirra miðaði við ávöxtunarkröfu á skuldabréf í tilteknum flokki þrátt fyrir að raunverulegt andlag skuldabréfsins væri hlutabréfin í HS Orku og að huglægt mat hans væri að lágmarks ávöxtunarkrafa hlyti að vera 7,21%.⁴⁸³

Ytri endurskoðendur Orkuveitunnar fjalla ekki um matið í endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2009 öðruvísi en að taka fram að það sé fært á gangvirði yfir rekstur.⁴⁸⁴ Í endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2010 er umfjöllun um að stjórnendur fyrirtækisins geri ráð fyrir að halda bréfinu til gjalddaga og því sé það ekki viðeigandi að horfa til mögulegs söluverðs á markaði. Einnig kemur fram að KPMG hafi yfirfarið matið ásamt forsendum þess og hafi ekki gert athugasemd við það.⁴⁸⁵ Í endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2011 kemur eftirfarandi fram:

„Aðrar fjáreignir meðal fastafjármuna nema 7.886 milljónum kr. og er þar að langstærstum hluta um að ræða skuldabréf útgefið af Magma Sweden í tengslum við sölu Orkuveitunnar á hlutabréfum í HS Orku hf. á árinu 2009. Bókfært verð skuldabréfsins var 7.185 milljónir kr. í árslok 2010. Skuldabréfið er gefið út í USD og ber 1,5% vexti. Um er að ræða eingreiðslulán með gjalddaga árið 2016. Skuldabréfið er tengt álverði að ákveðnu marki og er tryggt með veði í hlutabréfum í HS Orku hf. Skuldabréfið er fært á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og eru afleiður ekki aðskildar frá skuldabréfinu. Stjórnendur OR taka tillit til áætlaðrar veðþekju bréfsins við ákvörðun álags við mat á ávöxtunarkröfu við núvirðingu skuldabréfsins. Miðað er við þær forsendur að skuldabréfinu verði haldið til lokagjalddaga árið 2016 eins og áður, enda liggur ekki fyrir formleg ákvörðun um annað. Það er því ekki talið viðeigandi að horfa til mögulegs söluverðs skuldabréfsins á markaði við mat á því í ársreikningi 2011. Verði hins vegar breytingar á þessari forsendu stjórnenda og eigenda, t.a.m. ef ákveðið verður að selja skuldabréfið, þá kann það að hafa áhrif á mat og flokkun skuldabréfsins í reikningsskilum Orkuveitunnar. Við útreikninga á virði bréfsins er gert ráð fyrir að Magma Sweden nýti sér heimildir til frestunar vaxtagjalddaga, enda hefur heimildin þegar verið nýtt vegna vaxtagjalddaga 2010 og 2011. Sömu tryggingar eru fyrir greiðslu skuldabréfsins og áður og hefur ekki verið aflað frekari trygginga. Það er mat stjórnenda að Orkuveitan hafi ekki heimild til að gjaldfella skuldabréfið á grundvelli tryggingavöntunar. Fyrir liggur verðmat á HS Orku sem IFS ráðgjöf vann og fékk Orkuveitan Landsbankann til að yfirfara það. Niðurstaða þeirrar yfirferðar liggur ekki fyrir. Þá liggja jafnframt fyrir upplýsingar um viðskipti

483 Minnisblað innri endurskoðanda, dags. 25. febrúar 2011, Mat stjórnenda á skuldabréfi Magna Energy Sweden AB.

484 KPMG, Endurskoðunarskýrsla, mars 2010. Bls. 15.

485 KPMG, Endurskoðunarskýrsla, mars 2011. Bls. 13.

*með hlutabréf í HS Orku frá febrúar 2012 sem er á herra gengi en verðmat IFS kveður á um. Sérfræðingar KPMG hafa yfirfarið mat og forsendur stjórnenda Orkuveitunnar og eru ekki gerðar athugasemdir. Við viljum eins og áður hvetja stjórnendur fyrirtækisins að vakta þróun verðmætra trygginga vegna skuldabréfsins og kalla eftir frekari tryggingum í samræmi við ákvæði skuldabréfsins komi til þess að tryggingar rýrni umfram þau mörk sem samið var um.*⁴⁸⁶

Auk þess að rita ofanrituð minnisblöð um matið á skuldabréfinu ritaði innri endurskoðandi Orkuveitunnar bréf þann 25. janúar 2011 til endurskoðanda Reykjavíkurborgar, PricewaterhouseCoopers og óskaði eftir upplýsingum um hvort þeir hefðu gert athugasemd við verðmat stjórnenda Orkuveitunnar á skuldabréfinu í ljósi hins mikla munar sem er á því mati og mati H.F. Verðbréfa og tekið fram að matið samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi vegna ársins 2009 væri 7,4 milljarðar kr. og að nýlegt mat frá H.F. Verðbréfum væri 5,4 milljarða kr. og jafnframt var óskað upplýsinga um athugasemdir, væru þær einhverjar, og einnig hvernig þeim hefði verið komið á framfæri.⁴⁸⁷ PricewaterhouseCoopers svaraði með ódagsettu bréfi sem móttakið var þann 22. febrúar 2011 og rakti í því skyldur sínar sem endurskoðandi samstæðu Reykjavíkurborgar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og samskipti við KPMG sem endurskoðanda Orkuveitunnar. Í bréfinu fóru þeir yfir samskipti sem félagið hafði átt við KPMG vegna endurskoðunar ársreiknings 2009, bæði skrifleg og munnleg, og tóku fram að ekkert hafi komið fram í þeim samskiptum um að skuldabréfin hafi sætt sérstöku verðmati umfram það sem fram kom í endurskoðunarskýrslu KPMG vegna ársins 2009.⁴⁸⁸

Eins og á ofanrituðu má sjá eru skiptar skoðanir um hvernig meta á skuldabréfið, þ.e. hvort miða eigi við ávöxtunarkröfu skuldabréfa eða áhættuna sem fylgin er í veðinu. Mat stjórnenda Orkuveitunnar virðist vera, að miða eigi við ávöxtunarkröfu skuldabréfa þar sem ekki standi til að selja skuldabréfið og ytri endurskoðendur styðja þá skoðun og gera ekki athugasemd við hana. Ekki verður heldur séð að endurskoðendur Reykjavíkurborgar geri athugasemd við það. Einnig hefur KPMG sem ytri endurskoðandi lagt árlegt mat á virði veðsins frá og með árinu 2010 og í tölvupósti frá Hlyni Sigurðarsyni endurskoðanda Orkuveitunnar sem svar við fyrirspurn úttektaarnefndarinnar um málið segir að:

*„KPMG og OR eru sammála um að gangvirði bréfsins geti aldrei verið herra en sem nemur virði veðandlagsins enda er virði veðandlagsins sú fjárhæð sem OR myndi leysa til sín færi svo að mótaðilinn kysir að efna ekki skilmála skuldabréfsins. Sú staða hefur ekki komið upp, að vitund KPMG, að verðmat á veðandlaginu hafi verið lægra heldur en gangvirðismat skuldabréfsins í þeim uppgjörum sem KPMG hefur endurskoðað.*⁴⁸⁹

Eins og áður hefur komið fram er um mat í reikningsskilum að ræða og hefur það ekki bein áhrif á fjárhagsstöðu Orkuveitunnar. Áhættan sem

486 KPMG, Endurskoðunarskýrsla, mars 2012. Bls. 13.

487 Bréf frá innri endurskoðanda Orkuveitunnar, dags. 25. janúar 2011 til PricewaterhouseCoopers, Fyrirspurn vegna mats á skuldabréfi Magma Energy Sweden AB í reikningsskilum Orkuveitunnar.

488 PWC, ódagsett bréf til innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur, svar við fyrirspurn innri endurskoðanda Orkuveitunnar vegna mats á skuldabréfi Magma Energy Sweden AB í reikningum Orkuveitunnar.

489 Hlynur Sigurðsson (KPMG): Tölvupóstur til úttektaarnefndar. Dags. 16. maí 2012.

„... Loks mega íslensk orkufyrirtæki í opinberri eigu, þ.e. þau félög sem stunda starfsemi sem fellur undir raforkulög nr. 65/2003, ekki bjóða í eignarhlut íslenska ríkisins. Sama gildir um dótturfélög framangreindra fyrirtækja og önnur félög þar sem þau fara með yfirráð í skilningi samkeppnislaga.“ Fréttatilkynning frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu. Sjá umfjöllun Morgunblaðsins 30. júní 2007 <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1153036/>.

Svandís Svavarsdóttir: „Þetta var bara náttúrulega undarlegt mál í sjálfu sér. Það gerðist eiginlega bara undir radar í kosningabaráttunni 2007. Allir voru á kafi í kosningabaráttunni og þá allt í einu gerist það að hlutur ríkisins fer sí svona á markað. Og opinberir aðilar mega ekki kaupa og svo var þetta bara farið af stað, það rúllaði allt í gang. Og við vorum náttúrulega trú okkar vinstra græna hjarta og vorum að leggja áherslu á að halda þessu í almannaeygu. Undirleggiandi er svo, þegar maður hófir á það eftir á, þá sér maður, já, þarna er upptakturinn að REI að verða til. En okkur fannst rosalega mikilvægt að halda þessu í almannaeygu. Svo kemur á daginn þegar að verið er að klára dýlinn 3 október að HS bréfin voru partur af þeim pakka í REI. Þá átti að leggja þau inn sem hlutabréf í REI. Þannig að það var þá orðinn í raun og veru aðgöngumiði REI að virkjanasvæði HS Orku.“

Haukur Leósson: „HS var náttúrulega í minni tíð og ég skrifaði á alla pappírana og ég kom sáralítið nálægt því að öðru leyti, vegna þess að stjórnin var svo ánægð, öll með tölu. Mér var af stjórninni veitt fullt umbod. Það stendur í fundargerðinni bókanir um það, að þetta skuli fara í opinbera eigu og allt það. Svo sátum við þar á meðan fundurinn var og þeir voru stöðugt að hringja í sitt fólk, í þeim sveitarfélögum sem að málinu komu, og við biðum meira að segja. Þeir voru svo lengi að taka ákvörðun. Þeir komu og þeir höfðu forkaupsrétt. Opinberni aðilinn pretaði opinbera aðilann.“

Orkuveitan býr við er sú að gengi HS Orku verði þannig að verðmæti félagsins verði lægra en skuldabréfið og því muni Orkuveitan þurfa að leysa til sín veðin og innleysa þá hugsanlegt tap sem nemur muninum á bókfærðu verði skuldabréfsins og því mati sem yrði á HS Orku á þeim tíma. Ljóst er því að um verulegar fjárhæðir er að ræða fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, og því verður hér fjallað nánar um aðdraganda þess að fyrirtækið keypti eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja.

Fyrst er bókað um hugsanleg kaup á hluta í Hitaveitu Suðurnesja á stjórnarfundum Orkuveitu Reykjavíkur þann 29. júní 2007. Á fundinum var lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra framleiðslu og sölu, varðandi tilboð sveitarfélaga til Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á hlutum þeirra í Hitaveitu Suðurnesja. Þess ber þó að geta að í fundargerð fundar innri endurskoðanda með framkvæmdastjóra virkjana og sölu þann 28. janúar 2011 kom fram að framangreint minnisblað sem lagt var fyrir fund stjórnar þann 29. júní 2007 hefði stafað frá framkvæmdastjóranum, en að gerð þess hefðu einnig komið Guðmundur Þóroddsson og Hjörleifur Kvaran. Í minnisblaðinu kom eftirfarandi fram um aðdraganda kaupanna:

„Í mars síðastliðnum hóf einkavæðingarnefnd söluferli á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf., 15,20% af hlutafé fyrirtækisins.⁴⁹⁰ Í söluskilmálum var kvæð þess efnis að veitur í opinberri eigu mættu ekki bjóða í hlut ríkisins. Útbodsfæri fór af stað og í stuttu máli þá lauk því þannig að ríkissjóður tók tilboði Geysis Green Energy sem hljóðaði upp á gengið 6,72. Í samþykktum Hitaveitu Suðurnesja er ákvæði um forkaupsrétt fyrirtækisins og að því frágengnu hafa hluthafar forkaupsréttinn. Þann 3. júlí næstkomandi rennur út sá frestur sem aðilar hafa til að nýta sér forkaupsréttarákvæðið. Grindavíkurbær leitaði til Orkuveitu Reykjavíkur og bauð til kaups hlut þann sem forkaupsréttarákvæðið nær yfir vegna hlutar ríkisins og megnið af hlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja hf. Tilboðið hljóðar upp á gengið 7,0. Grindavíkingar lýstu sig einnig reiðubúna til að vera milligöngumenn milli Orkuveitu Reykjavíkur og annarra hluthafa Hitaveitu Suðurnesja um samskonar kaup, þannig að tryggja mætti hlut stærri en 33,3% svo ekki yrði hægt að breyta samþykktum Hitaveitu Suðurnesja hf. öðruvísi en með samningum við Orkuveitu Reykjavíkur. Ljóst er að minni hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja hafa áhyggjur af innkomu Geysir Green Energy og óttast að saman við eignarhlut Reykjaneshæjar muni þeir ráða litlu um framtíðarform og stefnu Hitaveitu Suðurnesja ... Orkuveita Reykjavíkur hefur skoðað virði Hitaveitu Suðurnesja út frá þeim upplýsingum sem lágu fyrir í einkavæðingarferlinu. Ljóst er að tilboð Grindavíkurbæjar er arðsamt fyrir Orkuveitu Reykjavíkur þrátt fyrir að ekki er búið að taka með í reikninginn þá hagræðingu sem felst í sameiningu og/eða samrekstri félaganna. Að mati Orkuveitu Reykjavíkur eru veruleg sóknarfæri í kaupum Orkuveitu Reykjavíkur á hlut í Hitaveitu Suðurnesja hf. Fyrir utan það að vera vænlegur fjárfestingarkostur þá er margt annað sem til má taka. Með kaupunum verða stigin fyrstu skref í átt að sameiningu Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. Sameiningin mun hafa í för með sér veruleg samlegðaráhrif í rekstri fyrirtækjanna. Fyrirtækin starfa á sama markaði, innan sama atvinnusvæðis og hafa jafnvel

490 Geysir Green Energy hafði einnig keypt 28,5% hlut í Hitaveitu Suðurnesja af Vestmannaeyjum, Grindavíkurbæ, Vogum, Garði, Árborg, Kópavogsbæ og Sandgerðisbæ á genginu 7,1 á hvern hlut. Hafði félagið einnig óskað eftir kaupum á hlut Hafnafjarðarbæjar.

sömu viðskiptavinina ... Það hefur sýnt sig frá upphafsárum Orkuveitu Reykjavíkur að sameiningar hafa haft jákvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins. Verklag og vinnubrögð við sameiningar eru í föstum skordum og rekstrarnidurstöður Orkuveitu Reykjavíkur sýna svo um munar áhrif sameininganna ... Það er ekki síst mikilvægt í þessu sambandi að nýta það svigrúm sem skapast við sameininguna í útrás, við uppbyggingu, rekstur og ráðgjöf við umhverfisvæna nýtingu auðlinda ... Orkuveitan féllst á tilboð Grindavíkurbæjar eftir að hafa virðismetið Hitaveitu Suðurnesja hf. Grindvíkingar hafa í gær og munu í dag ræða við aðra hluthafa Hitaveitu Suðurnesja hf. utan Reykjanesbæjar. Samningar hluthafa verða undirritaðir með fyrirvara um samþykki stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur náist tilskilinn eignarhluti. Gangi þetta eftir er framundan flókið ferli þar sem spilað verður á forkaupsréttarheimildir. Því mun sennilega ljúka með samningum aðila, sem þá væntanlega verða Reykjanesbær og Orkuveita Reykjavíkur, um niðurfellingu á forkaupsréttarákvæði eða sameiningu félaganna.⁴⁹¹

Í framangreindu minnisblaði er að finna tilvísun til þess að kaupverðið hefði verið skoðað út frá tilteknum forsendum út frá þeim upplýsingum sem lágu fyrir í einkavæðingarferlinu, og var það mat höfunda minnisblaðsins að tilboð Grindavíkurbæjar væri arðsamt fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, þótt ekki væri búið að taka með í reikninginn þá hagræðingu sem fælist í sameiningu og/ eða samrekstri félaganna. Því væri um vænlegan fjárfestingarkost að ræða.

Í fundargerð innri endurskoðanda með framkvæmdastjóra virkjana og sölu dags. 28. janúar 2011 kom fram að stuðst hefði verið við greiningar sem vísað er til í fundargerðinni um mat á kaupverðinu á tilteknum forsendum, og að ekki hefðu farið fram frekari greiningar á kaupverðinu en þar komu fram. Að mati innri endurskoðana Orkuveitunnar voru vísbendingar um að framlagðar greiningar og forsendur væru ekki fullnægjandi fyrir ákvörðunartöku af þeirri stærðargráðu sem um ræddi og af þeim sökum beindi hann því stjórnar Orkuveitunnar að hún beitti sér fyrir skoðun á tilurð kaupa á hlutafé í Hitaveitu Suðurnesja hf. og að greind yrði ábyrgð og vinnulag við kaupin eins og áður hefur komið fram.

Á fyrrgreindum fundi stjórnar Orkuveitunnar þann 29. júní 2007 voru einnig lögð fram drög að samkomulagi við Hafnarfjarðarbæ og um samstarf í veitumálum auk þess sem samkomulagið hafði að geyma ákvæði um meðferð atkvæðisréttar í tengslum við meðferð forkaupsréttarákvæðis á hluthafafundi Hitaveitu Suðurnesja. Að auki var lagður fram samningur við Grindavíkurkaupstað dags. 28. júní 2007 um sama mál samhljóða samningsdrögum sem eigendasveitarfélög Hitaveitu Suðurnesja voru að taka afstöðu til. Í samningi við Grindavíkurkaupstað kom m.a. fram að Orkuveita Reykjavíkur myndi kaupa allt það hlutafé sem Grindavíkurkaupstaður myndi fá við beitingu forkaupsréttar, en hlutur Grindavíkurkaupstaðar í heildarhlutafé félagsins var 8,51% og sá hlutur sem um ræddi var að heildarnafnvirði 1.133 millj.kr. (15,203% af heildarhlutafé félagsins). Að auki myndi Orkuveita Reykjavíkur kaupa 8% af hlut Grindavíkurkaupstaðar, og yrði miðað við gengið 7,0 í viðskiptunum. Kaupverð hinna seldu hluta ætti að staðgreiða þann 10. júlí 2007. Var kaupsamningurinn gerður með fyrirvara um samþykki stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur sem liggja ætti fyrir

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson: „Það átti sér stað vegna þess að Orkuveitan hafði áhuga á því að taka þátt í þessu ferli en ríkisstjórnin, þáverandi, kom í veg fyrir að Orkuveitan gæti tekið þátt í opinberu útboðsferli. Hugsunin með kaupum OR í hluta Hitaveitu Suðurnesja var sú að talið var að í slíkum kaupum fælust ákveðin arðsemi og samlegðaráhrif til langs tíma. Það staðfestu gögn sem kynnt voru vegna þessa máls. Í langan tíma hafði verið mikið og gott samstarf við Hitaveitu Suðurnesja. Um þessi kaup var algjör samstaða meðal borgarfulltrúa.“

491 Minnisblað til stjórnarmanna Orkuveitu Reykjavíkur, um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlut í Hitaveitu Suðurnesja, dags. 28. júní 2007.

þann 2. júlí 2007. Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda frá ágúst 2010 kemur fram að:

*„Stjórn Orkuveitunnar sá framtíðar sóknarfæri við HS og að lok-
inni greiningu á hagkvæmni kaupanna ákvað stjórnin að ganga til
samninga. Stjórnin bókaði með ákvörðun sinni að fyrirtækið legði
sitt af mörkum til að tryggja opinbera meirihlutaeign HS.“⁴⁹²*

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 2. júlí 2007 var kynntur og lagður fram til samþykktar samningur Orkuveitu Reykjavíkur og Grindavíkurkaupstaðar dags. 28. júní 2007 um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlutafé Grindavíkurkaupstaðar í Hitaveitu Suðurnesja hf. og samningur gerður í tengslum við kaupsamninginn sem dagsettur var sama dag. Í samningnum kom fram að Orkuveita Reykjavíkur myndi kaupa hlut Grindavíkurkaupstaðar í Hitaveitu Suðurnesja sem hann fengi á grundvelli forkaupsréttarboðs, á genginu 7 og staðgreitt þann 10. júlí 2007, og að auki 8% eignarhlut Grindavíkurkaupstaðar í Hitaveitu Suðurnesja (Grindavíkurkaupstaður hélt eftir 0,51%). Þá var gerður samningur dags. 28. júní 2007 um uppgjör milli Orkuveitu Reykjavíkur og Grindavíkurkaupstaðar ef aðrir hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja myndu neyta forkaupsréttar á hinum seldu hlutum. Var þar samið um 5% ársvexti á endurgreitt kaupverð.

Guðmundur Þóroddsson: „Af hverju var verið að kaupa Hitaveitu Suðurnesja? Ástæðan hlýtur að vera að sú að ná einhverri hagkvæmni í veitureksturinn, sérstaklega í Hafnarfirði og Garðabæ þar sem bæði HS og OR reka mismunandi veitur í sama skurðinum. Svo er almennt hagkvæmt að reka þessar veitur í stórum einingum og taka svo sérstaklega samkeppnishlutann, virkjanirnar og annað, í aðrar einingar sem þá eru að vinna saman líka. Þó að oft hafi verið rétt að sameina þessi fyrirtæki af hagkvæmnisástæðum, þá var það ekki með beinum kaupum. En ég get mjög lítið tjáð mig um þetta, ég var bara í þessum umræðum í einn til tvo mánuði.“

Á fundi stjórnar þann 29. júní 2007 voru að auki lögð fram drög að samkomulagi, samningi og viljayfirlýsingu Hafnarfjarðarbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á hlutafé Hafnarfjarðarbæjar í Hitaveitu Suðurnesja dags. 2. júlí 2007. Fólst í samkomulagi við Hafnarfjarðarbæ að Orkuveita Reykjavíkur myndi kaupa allan hlut sem Hafnarfjarðarbær hugðist leysa til sín á grundvelli forkaupsréttar, en fyrir átti Hafnarfjarðarbær 15,21% í félaginu. Að auki var gerður samningur við Hafnarfjarðarbæ þess efnis að Orkuveita Reykjavíkur myndi kaupa allt eða hluta hlutafjár Hafnarfjarðarbæjar í Hitaveitu Suðurnesja, ef Hafnarfjörður myndi setja fram kröfu um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á næstu sex mánuðum frá gerð samningsins. Var um að ræða hlut Hafnarfjarðar eins og hann var skráður þann 1. júlí 2007, að nafnverði 1.149 millj.kr. á genginu 7. Um þetta var fjallað í 5. gr. samningsins, en þar var ekki getið neinna fyrirvara eða annarra takmarkana, og einnig var samið um sölurétt Hafnarfjarðar:

„Orkuveita Reykjavíkur skuldbindur sig til að kaupa allt eða hluta hlutafjár Hafnarfjarðarbæjar í Hitaveitu Suðurnesja hf., eins og það er skráð 1. júlí 2007 að nafnverði 1.149.368.544 kr., á genginu 7,0 kr. fyrir hvern hlut, hvenær sem er innan 6 mánaða frá undirritun samnings þessa, skv. ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.“⁴⁹³

Samhliða samkomulaginu var jafnframt gerður samningur dags. 2. júlí 2007 um uppgjör milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, ef aðrir hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja myndu neyta forkaupsréttar á hinum seldu hlutum. Var samið um 5% ársvexti á endurgreitt kaupverð. Í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur árið 2007 er tekið fram að á árinu 2007 hafi orðið:

„miklar breytingar á eignarhaldi í Hitaveitu Suðurnesja hf. þegar ríkissjóður, Grindavíkurbær og Hafnarfjarðarbær seldu tæpan helming hlutabréfa í fyrirtækinu. Við söluna eignaðist Geysir Green Energy tæpan þriðjungshlut í HS en Orkuveita Reykjavíkur (OR)

492 Greinargerð með rekstrarúttekt. Reykjavík. 14. ágúst 2010. Bls. 29.

493 Samkomulag um kaup á hluta Hafnarfjarðarbæjar í Hitaveitu Suðurnesja hf., dags. 2. júlí 2007.

keypti 16,58% hlut. Er um nokkur tímamót að ræða því fram að þessu hafa einkaaðilar ekki átt hlut í svo stóru orkufyrirtæki hér-
lendis.“⁴⁹⁴

Í ávarpi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur í ársskýrslu 2007 kom fram að eftir:

„... umskipti í eigendahópi Hitaveitu Suðurnesja á árinu komst almenn skipan orku- og auðlindamála einnig í deiglu. Almenn sátt virðist vera um að tryggt verði í lögum að eignarhald á orkuauð-
lindum og dreifiveitum verði í höndum opinberra aðila.“⁴⁹⁵

Samhliða gerð samkomulagsins var gerð viljayfirlýsing milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbæjar sem m.a. fjallaði um samstarf milli aðil-
anna, þar sem þeir m.a. lýstu yfir áhuga á að kanna til fullnustu innan sex mánaða frá undirritun viljayfirlýsingarinnar möguleika á auknu samstarfi um vatnsveitu- og fráveiturekstur, sem m.a. gæti leitt til þess að Vatnsveita og Fráveita Hafnarfjarðar myndu renna saman við Orkuveitu Reykjavíkur, enda myndi samlegð og hagræðing vera jákvæð fyrir báða aðila yfirlýs-
ingarinnar. Auk þess lýstu aðilar yfir að hvor um sig, sem hluthafi í Hita-
veitu Suðurnesja, myndi ekki beita atkvæðavægi sínu á hluthafafundi til að breyta samþykktum félagsins gagnvart forkaupsréttarákvæði, nema með samþykki beggja aðila.

Voru framangreindir samningar samþykktir samhljóða af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og aðstoðarforstjóra veitt umboð til að undirrita skjöl vegna kaupanna. Samhliða þessu gerði stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eftirfarandi sameiginlega bókun:

„Orkuveita Reykjavíkur rekur nú veitustarfsemi í 20 sveitar-
félögum og frá stofnun félagsins hafa um 30 veitur í eigu sveitar-
félaga sameinast Orkuveitunni. Frumkvæði að sameiningu veitn-
anna hefur komið frá sveitarstjórnnum sem talið hafa að þekking og reynsla Orkuveitunnar á veitustarfsemi leiði til hagkvæmni í rekstri, rekstraröryggis og ódýrrar þjónustu. Kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlutafé Grindavíkurkaupstaðar og Hafnarfjarðarbæjar í Hitaveitu Suðurnesja eiga sér stað að frumkvæði umræddra sveitarstjórna sem telja veitustarfsemi á Suðurnesjum betur komna á vegum Orkuveitunnar en annarra sem gert hafa tilboð í hlutafé félagsins. Orkuveita Reykjavíkur hefur átt farsælt samstarf við Hitaveitu Suðurnesja hf. um árabíl og saman hafa fyrirtækin samið um orkusölu til stóriðju. Þá selur Orkuveitan heitt vatn í Hafnarfirði en Hitaveita Suðurnesja rafmagn og saman standa fyrirtækin að útbodum á þessu veitusvæði. Kaupin á hlutafé sveitarfélagana eru í samræmi við hlut-
verk og tilgang Orkuveitunnar.“⁴⁹⁶

Kaupin voru mikið fréttæfni þegar þau voru tilkynnt. Var m.a. haft eftir Hauki Leóssyni formanni stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur í fréttatilkynningu að hann væri:

Ólöf S. Pálsdóttir: „Á þessum tíma, þegar áætlun ársins 2007 var gerð í árslok 2006, lá ekki fyrir að við myndum ætla að fjárfesta í Hitaveitu Suðurnesja. Ég man vel eftir því sumarið 2007 þegar spurt var hvort við gætum fjármagnað kaupin á HS. Það gátum við gert með mjög skömmum fyrirvara, af því við höfðum það mikið lánstraust í erlendum bankastofnunum. Þá var tekið lán fyrir þessum kaupum sem er á gjalddaga 2013.“

„Nú fyrir helgi dró síðan til tíðinda þegar fram kom að nokkur sveitarfélögunum hefðu óskað eftir því við Orkuveitu Reykjavíkur að hún keypti þeirra hlut í Hitaveitu Suðurnesja. Stjórnendur Geysis brugðust fljótt við og keyptu rúmlega 28% hlut sem sjö sveitarfélög áttu hvert um sig í hitaveitunni. Eftir stóðu því Reykjanesbær með tæplega 40% hlut og Hafnarfjarðarbær með rúmlega 15% hlut auk 1,25% hlutar sem sveitarfélög á Suðurnesjum héldu eftir. Hefðu allar þessar sölu náð fram að ganga hefði Geysis Green Energy átt um 44% hlut í Hitaveitu Suðurnesja. Í gær ákváðu hins vegar Hafnarfjarðarbær og Grindavíkurkaupstaður að nota forkaupsrétt sinn í hlut ríkisins sem seldur var til Geysis í upphafi maí. Gangu sveitarstjórnirnar því inn í tilboð Geysis og bæta við sig sama hlutfalli af eignarhlut ríkisins og sveitarfélögin eiga í Hitaveitu Suðurnesja. Í gær var síðan jafnframt tilkynnt að Orkuveita Reykjavíkur hefði samið við sveitarfélögin bæði um að þau seldu Orkuveitunni þá eignarhluti sem þau keyptu með forkaupsréttinum. Jafnframt að Grindavíkurkaupstaður seldi Orkuveitunni 8% af þeim 8,51% sem kaupstaðurinn á í Hitaveitu Suðurnesja.“
Morgunblaðið 3. júlí 2007 http://www.mbl.is/frettir/inlent/2007/07/03/osammala_um_samstarfsadila_i_hitaveitu_sudurnesja/

494 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2007.

495 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2007.

496 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 2. júlí 2007. Sjá frétt af vef mbl.is þann 2. júlí 2007 http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2007/07/02/or_kaupir_af_hafnarfjardabae_og_grindavik_i_hitavei/

„... ánægður með samkomulagið og tel að það sé byrjunin á góðu samstarfi fyrirtækjanna þriggja í framtíðinni hvort sem er hér heima eða erlendis. Þá er gott að áform ríkisstjórnarinnar gerðu meira en að ganga eftir. Þar sem nú eru rúm 30% komin í hendur einkaaðila í stað þeirra 15% sem áætluð voru.“⁴⁹⁷

Haukur Leósson: „Það hefur aldrei gengið svona fyrir sig hérna. Þú tekur einhverja ákvörðun og eigendurnir þurfa ekki alltaf að koma inn í allar ákvarðanir. En það eru ákveðnar ákvarðanir sem þeir þurfa að koma inn í, eins og þetta. Það var alltaf gert með fyrirvara um samþykki eigenda. Þú ferð ekki í fyrstu skrefin og segir „heyrðu, við erum að hugsa um að kaupa Hitaveitu Suðurnesja.“ Þá er þetta komið í blöðin daginn eftir. Fyrst gerir þú kannski eitthvað, formaðurinn og það þarf ekki að tala við eigandann. Þá gerir hann ekkert nema með fyrirvara og þá samþykki stjórnar. Eins gerir stjórnin. Hún gerir enga svona samninga, nema með fyrirvara um samþykki eigenda.“

Haukur Leósson: „Ég ætlaði ekki, var ákveðinn í því að það væri ekki talað við þá. Sagði alltaf bara Bæjarhálsinn, passaði mig á því að segja ekki Orkuveitan, þetta er bara Bæjarhálsinn. Reikningaútskrift, öll stjórnun og allt saman, hún flýst öll á Bæjarháls.“

Kjartan Magnússon: „Sem borgarstjóri vann Dagur B. Eggertsson að því að tryggja REI á annan tug milljarða í hlutafé til útrásar og á tímabili var stefnt að því að hlutabréf Orkuveitunnar í HS yrðu hluti af því framlagi. Kaupin á HS-hlutabréfunum höfðu á sínum tíma verið fjármögnuð með lánum og því hefði þetta svo sannarlega orðið skuldsett hlutafjárframlag eins og tíðkaðist víða í viðskiptalífinu á þessum tíma. Hugmyndin var sú að umrætt hlutafjárframlag gæfi REI lánshæfni upp á 50-60 milljarða, sem síðan áttu að renna til fjármögnunar útrásarverkefna erlendis. Sem betur fer tókst að stöðva þessar fyrirætlanir þar sem sá meirihluti, sem tók við í janúar 2008, féllst ekki á þær.“

Kaupin voru ekki borin áður undir eigendur Orkuveitu Reykjavíkur til staðfestingar. Eftir kaupin, þegar Orkuveita Reykjavíkur var orðin eigandi 16,5822% hlutar í Hitaveitu Suðurnesja, var töluverð umfjöllun um breytingu á eignarhluta í Hitaveitu Suðurnesja og deildu Reykjanesbær og Geysis Green Energy annars vegar og svo Hafnarfjarðarbær, Grindavíkurkaupstaður og Orkuveita Reykjavíkur hins vegar.

Til að skapa frið um rekstur félagsins ákváðu fyrrgreindir aðilar að gera með sér viljayfirlýsingu, m.a. um stjórn og gagnkvæman forkaupsrétt og samstarf eigenda m.a. um rannsóknar- og þróunarverkefni og samfélagslegan stuðning. Fram kom í viljayfirlýsingunni að þótt eignarhlutur Orkuveitu Reykjavíkur væri 16,5822% eftir viðskiptin, ætti Hafnarfjörður söluarétt á hlut sínum í félaginu til Orkuveitu Reykjavíkur, eða samtals 15,4178%. Kæmi til þess yrði eignarhlutur Orkuveitunnar þar með 32%, en í viljayfirlýsingu aðilanna kom fram að kæmi til þess að Hafnarfjarðarbær myndi selja Orkuveitu Reykjavíkur hlut sinn, myndu Reykjanesbær og Geysis Green Energy ekki nýta forkaupsréttarheimild sína að þeim hlut. Viljayfirlýsingin hafði auk þess að geyma sérákvæði, svohljóðandi:

„Viljayfirlýsing þessi er gerð á þeim grunni að lög um OR heimili fyrirtækinu að eiga hlut í HS hf. og að önnur lög, m.a. samkeppnislög, standi þar ekki í vegi. Komi til takmarkana eða hindrana af hálfu samkeppnisyfyrvalda eða dómstóla munu aðilar sameiginlega leita leiða varðandi eignarhlut HS hf. svo sem að fá nýja eignaraðila að félaginu. OR áskilur sér rétt til þess að selja eignarhlut sinn komi til takmarkana af hálfu samkeppnisyfyrvalda eða dómstóla.“⁴⁹⁸

Í viljayfirlýsingunni lýsti Orkuveita Reykjavíkur því einnig yfir að fyrirtækið myndi koma til móts við samfélagið á Suðurnesjum með stuðningi við rannsóknar- og þróunarstarf sem fram færi á vegum Keilis ACE og gerast hluthafi í félaginu með sama hætti og Hitaveita Suðurnesja. Ennfremur myndi Orkuveita Reykjavíkur hlutast til um að ýmis rannsóknarverkefni á sviði umhverfis- og orkuvísinda yrðu unnin á vegum Keilis í samstarfi við háskóla og atvinnulíf. Auk þess myndi Orkuveita Reykjavíkur veita fjárhagslegan og félagslegan stuðning við menningar-, íþrótt- og áhugafélög á starfssvæði Hitaveitu Suðurnesja hf.

Á stjórnarfundi þann 16. júlí 2007 var svo lögð fram og samþykkt með fimm atkvæðum framangreind viljayfirlýsing Reykjanesbæjar, Orkuveitu Reykjavíkur, Hafnarfjarðarbæjar og Geysis Green Energy ehf. um samstarf innan Hitaveitu Suðurnesja dags. 11. júlí 2007. Auk þess var samþykkt að senda viljayfirlýsinguna til staðfestingar eigenda.⁴⁹⁹ Málefni Hitaveitu Suðurnesja voru einnig rædd á fundi eigenda Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. nóvember 2007. Þar var kynnt og bókað um eftirfarandi tillögu borgarráðs frá 15. nóvember 2007 um að borgarstjóra væri falið að:

497 Sjá frétt um kaupin af vef mbl.is þann 12. júlí 2007 http://www.mbl.is/frettir/innlent/2007/07/12/nyta_ekki_forkaupsrett_i_hitaveitu_sudurnesja/

498 Viljayfirlýsing um samstarf í Hitaveitu Suðurnesja hf., dags. 11. júlí 2007.

499 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 16. júlí 2007.

„... beita sér fyrir viðræðum ríkis, sveitarfélaga og meðeigenda í Hitaveitu Suðurnesja um framtíð fyrirtækisins í því skyni að tryggja að auðlindir og almenningsveitur verði í eigu almennings.“⁵⁰⁰

Framangreind bókun tengdist miklum umræðum um málefni REI sem voru þá í til skoðunar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Hið sama má ráða af bókun í fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur á fundi hennar þann 27. nóvember 2007 þar sem rætt var um framtíð REI. Þar kom eftirfarandi fram:

„Formaður greindi frá viðræðum sem hafa átt sér stað um framtíð REI og greindi frá því að sterk tengsl væru milli þess og málefna HS, sem væru á borði borgarstjóra.“⁵⁰¹

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 18. desember 2007 var samþykkt með átta atkvæðum gegn þremur að selja Orkuveitu Reykjavíkur allt að 95% af þeim eignarhlut sem bærinn átti þá í Hitaveitu Suðurnesja, eða 14,65%, til samræmis við samkomulag aðila frá 2. júlí 2007 og var tilkynning um kaupin send Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. desember 2007. Í bréfi Hafnarfjarðar kom einnig fram að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefði samþykkt að teknar yrðu upp formlegar viðræður við Orkuveitu Reykjavíkur um möguleg kaup bæjarfélagsins á hlut í Orkuveitu Reykjavíkur, auk þess sem athugað yrði hvort hægt væri að gera samkomulag um hugsanleg „hlutafjárskipti“ sem væri gert í síðasta lagi fyrir lok febrúar 2008, en forsendur þeirra kaupa yrðu að ráðast af því verðmati sem lægi fyrir á Orkuveitunni og sameiginlegri afstöðu til framtíðarskipan dreifikerfis rafmagns innan lögsögu Hafnarfjarðar.

Framangreint varð tilefni umræðna á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. desember 2007, en á fundinum var bókað að aflað yrði minnisblads forstjóra um verðmæti eignarhluta Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja. Á fundinum var jafnframt tilkynnt um að Hafnarfjarðarbær hefði samþykkt að nýta ákvæði viljayfirlýsingar milli Hafnarfjarðarbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur frá 2. júlí 2007 um að selja allt að 95% eignarhluta bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja, og var lögmönnum Orkuveitu Reykjavíkur falið að hefja viðræður við Hafnarfjarðarbæ. Tilkynning um að Hafnarfjarðarbær hefði ákveðið að fara fram á sölu hlutarins var svo send Hitaveitu Suðurnesja af hálfu Hafnarfjarðarbæjar með bréfi dags. 10. janúar 2008, þar sem Hafnarfjarðarbær tilkynnti að hann hygðist selja 95% af hluta sínum í Hitaveitu Suðurnesja, en bréf þessa efnis var einnig sent Orkuveitu Reykjavíkur og tekið fram að samkvæmt því myndi Orkuveita Reykjavíkur kaupa hlut í Hitaveitu Suðurnesja að nafnverði 1.091.900.117 á genginu 7. Samkvæmt því væri söluverðið 7.643 millj.kr. sem staðgreiða ætti sjö dögum eftir að afstaða allra forkaupsréttarhafa lægi fyrir eða frestur til að nýta forkaupsrétt rynni út. Í tilkynningunni var þess farið á leit við stjórn Hitaveitu Suðurnesja að hún tæki afstöðu til þess hvort Hitaveita Suðurnesja myndi beita forkaupsrétti að hlutnum og þess jafnframt óskað að öðrum eigendum Hitaveitu Suðurnesja yrði gert kunnugt um sölu þannig að þeir gætu með sama hætti beitt forkaupsrétti sínum, en á þeim tíma lá fyrir yfirlýsing Reykjanesbæjar og Geysis Green Energy að þau myndu ekki nýta sér forkaupsréttarheimildir.

„Krafa Hafnifirðinga byggir á samningi sem málsaðilar gerðu sín á milli í júlí síðastliðnum. Hafnifirðingar höfðu tíma fram að áramótum til að ákveða hvort þeir ætluðu að nýta söluverð og gerðu slíkt um miðbik desember. Samkvæmt samkomulaginu átti OR að kaupa hvern hlut á genginu 7,0. Áður en Hafnifirðingar tóku ákvörðun um sölu létu þeir Askar Capital vinna verðmat á hlut sínum, en samkvæmt því mati var raunverði hlutar í HS 4,7. Þeir 7,7 milljarðar sem OR á að greiða eru því rúmlega 2,5 milljörðum yfir raunverði.“ 24 stundir, 24. apríl 2008 <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1209340/>

500 Fundur eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 15. nóvember 2007.

501 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. nóvember 2007.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 1. febrúar 2008 var gerð grein fyrir viðræðum við Hafnarfjarðarbæ sem og bréfi bæjarins til Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. desember 2007. Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur var því borið við að skuldbindingin í fyrrgreindu samkomulagi hefði verið niður fallin þar sem hún hefði haft að geyma fyrirvara um að ekki kæmu fram athugasemdir frá samkeppnisyfirvöldum. Þar sem Samkeppniseftirlitið hafi árið 2007 talið að kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlut í Hitaveitu Suðurnesja hömluðu samkeppni, hefði skuldbindingin í samkomulaginu því fallið niður. Á fundinum þann 1. febrúar 2008 var því óskað eftir minnisblaði um málið og var minnisblað Andra Árnasonar hrl. afhent á fundi stjórnar sem fram fór þann 15. febrúar 2008, og fóru jafnframt fram umræður um málið á vettvangi stjórnar fyrirtækisins. Í minnisblaðinu var m.a. fjallað um verðlagningu bréfa í Hitaveitu Suðurnesja.

Komst lögmaðurinn m.a. að þeirri niðurstöðu að það virtist hafa verið sameiginlegur skilningur Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, að það væri forsenda kaupanna að staða Hitaveitu Suðurnesja og framtíðaráform stæðu óröskuð þrátt fyrir stofnun Suðurlinda ohf. í samræmi við samkomulag Hafnarfjarðar og Hitaveitu Suðurnesja frá mars 2006. Yrði því að telja rétt að þessi forsenda yrði tilgreind í kaupsamningi Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnarfjarðar þannig að hún yrði gerð að skilyrði fyrir kaupunum og var jafnframt lagt til að gengið yrði til viðræðna við Hafnarfjörð um tilgreiningu á þeirri forsendu í kaupsamningi með það að markmiði að ljúka kaupsamningsgerð við Hafnarfjörð. Auk þess var bent á að fyrirhuguð skipting Hitaveitu Suðurnesja í þrjú félög gæfi eigendum færi á að gera með sér samkomulag um breytingu á eignaraðild innan félaganna, þar sem tekið yrði tillit til hagsmuna hluthafanna, bæði beinna fjárhagslegra hagsmuna og annarra hagsmuna. Væri í því tilliti til athugunar að opinberir aðilar yrðu a.m.k. meirihlutaeigendur í auðlinda- og dreifingarfélögum, en jafnframt að einkaaðilum yrði gefinn kostur á að eignast stærri hlut í framleiðslufyrirtækinu. Slík uppskipting gæti samhliða gefið færi á því fyrir Orkuveitu Reykjavíkur að draga úr fjárfestingu sinni í félaginu, hvort tveggja með því að selja hlut sinn í framleiðslufyrirtækinu og eftir atvikum að draga úr fjárfestingu í auðlinda- og dreifingarfyrirtækinu, í samráði við meðhluthafa. Í því sambandi væri jafnframt æskilegt að Orkuveita Reykjavíkur markaði sér stefnu um eignarhald innan Hitaveitu Suðurnesja um framtíðarskipan mála innan félagsins og að taka bæri upp formlegar viðræður við meðhluthafa í félaginu um það.

Samkeppniseftirlitið gerði sem fyrr greinir athugasemdir við kaup Orkuveitunnar á hluta í Hitaveitu Suðurnesja með bréfi dags. 23. febrúar 2008, en sú rannsókn Samkeppniseftirlitsins hófst með tilkynningu þess dags. 6. júlí 2007. Voru athugasemdir Samkeppniseftirlitsins kynntar stjórn Orkuveitu Reykjavíkur á fundi hennar þann 6. mars 2008. Samhliða því var lagt fram minnisblað Andra Árnasonar hrl. og Þórunnar Guðmundsdóttur hrl. dags. 3. mars 2008 um málið og var forstjóra falið að gera Hafnarfirði grein fyrir afstöðu Orkuveitunnar til málsins.

Í minnisblaði lögmannanna var gerð grein fyrir þeirri afstöðu Samkeppniseftirlitsins, að það teldi framangreind viðskipti Orkuveitu Reykjavíkur með bréf í Hitaveitu Suðurnesja umfangsmeiri en svo að þau teldust vera í fjárfestingarskyni og að eignarhald Orkuveitu Reykjavíkur hefði óæskileg áhrif á samkeppni á raforkumarkaði, þar sem í hlutnum fælust veruleg áhrif á stjórnun Hitaveitu Suðurnesja, hættu á upplýsingaskiptum og samræmda háttsemi félaganna tveggja. Slíkt væri sérstaklega skaðlegt þegar litið væri til markaðsgerðar raforkumarkaðarins. Tóku lögmenirnir fram að af framan- greindum sjónarmiðum Samkeppniseftirlitsins mætti ráða að Orkuveitu

Haukur Leósson: „Svo förum við í lögfræðinga Orkuveitunnar, ég man ekki til hverra, þá kom álit þeirra um að þetta væri ekki brot á samkeppnislögum. Við Hjörleifur höfðum einhverjar áhyggjur af því.“

Guðmundur Þóroddsson: „Já, það er eins og mig minni að þeir hafi gefið eitthvað álit á þessum samkeppnissjónarmiðum. Svo var náttúrulega líka - hvort það var skriflegt eða munnlegt, ég man það nú ekki. Bæði þeirra lögfræðingar og lögfræðingar OR voru sammála um að svo væri ekki.“

Reykjavíkur yrði líklegast gert skylt að selja hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja, eða hluta hans. Þá kom fram:

„OR þarf nú að bregðast við andmælaskjalinu. Skjalið er það afdráttarlaust, enda þótt í andmælaskjali felist ekki stjórnvaldsákvörðun, að það verður að álykta sem svo að þetta verði niðurstaða SKE. Við getum því ekki mælt með því að OR láti kaupin við Hafnarfjarðarbæ ganga eftir athugasemdalaust og taki svo slaginn við SKE. Slíkt gæti haft í för með sér mikið tjón fyrir OR ef niðurstaðan verður síðan sú að OR þurfi að selja hlutinn frá sér aftur. ... Við teljum að andmælaskjal SKE leiði til þess að brostnar forsendur séu fyrir því að OR geti keypt umræddan hlut af HFJ ... Í samningi aðila er enginn fyrirvari um samþykki samkeppnisyfivalda. Í viljayfirlýsingu, sem OR, HFJ, Geysir Green Energy og Reykjanesbær gerðu með sér 11. júlí 2007, um samstarf samningsaðila í HS, segir aftur á móti að yfirlýsingin sé gerð á þeim grunni að m.a. samkeppnislög standi því ekki í vegi að OR eigi hlut í HS ... Viljayfirlýsingin er gerð eftir að samningur OR og Hafnarfjarðarbæjar var undirritaður 2. júlí 2007 ... Samkvæmt 7. gr. sameignarsamnings um OR skulu nýjar skuldbindingar og ábyrgðir sem eru umfram 5% af höfuðstól fyrirtækisins á hverju ári lagðar fyrir eigendur fyrirtækisins til samþykktar. Samningurinn við HFJ var ekki lagður fyrir eigendur OR til samþykktar, heldur var viljayfirlýsingin lögð fyrir eigendur og samþykkt af þeim. Með því var viljayfirlýsingunni fengið meira vægi en ella. Það er því ljóst að OR gekk til þessara samninga með þeim fyrirvara, meðal annars, að SKE myndi ekki gera athugasemdir við kaupin.“⁵⁰²

Lögðu lögmennirnir því til að Orkuveita Reykjavíkur sendi Hafnarfjarðarbæ formlega tilkynningu um riftun samningsins, enda væri nánast ómögulegt eins og málum væri komið að ganga til samninga við Hafnarfjarðarbæ um kaup á 95% hlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja. Þann 6. mars 2008 sendi forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur Hafnarfjarðarbæ bréf þar sem framangreind sjónarmið voru rakin, og þar sem lagt var til af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðilar viljayfirlýsingarinnar frá 11. júlí 2007 myndu í sameiningu fara yfir þá stöðu sem upp væri komin og leita leiða til að koma til móts við sjónarmið eigenda um eignarhald á Hitaveitu Suðurnesja hf., sem telja mætti að félli að kröfum Samkeppniseftirlits og tækju tillit til væntanlegra breytinga á lögum á orkusviði. Með bréfi Hafnarfjarðarbæjar til Orkuveitu Reykjavíkur dags. 13. mars 2008 var á hinn bóginn upplýst að enginn af þáverandi hluthöfum í Hitaveitu Suðurnesja hygðist nýta sér forkaupsrétt sinn, og var þess óskað að greiðsla færi fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur gegn afhendingu eignarhlutarins.

Samkeppniseftirlitið lauk málsmeðferð sinni með ákvörðun nr. 23/2008, dags. 17. apríl 2008. Beindi Samkeppniseftirlitið þeim tilmælum til Orkuveitu Reykjavíkur á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 að fyrirtækinu væri óheimilt að eiga meira en 3% eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja, og að Orkuveitu Reykjavíkur væri skylt að gera breytingar á eignarhaldi sínu í Hitaveitu Suðurnesja fyrir 1. október 2008. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins var kynnt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 18. apríl 2008. Málinu var vísað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála með kærðu dags. 14. maí 2008, en áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti síðar ákvörðun Samkeppniseftirlitsins með úrskurði þann 2. júlí 2008, í máli nr. 7/2008, þó

502 Minnisblað Andra Árnasonar hrl. og Þórunnar Guðmundsdóttur hrl., dags. 3. mars 2008.

„Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur (OR), segir úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála þýða að OR geti áfram átt 16% hlut sinn í uppskiptri Hitaveitu Suðurnesja (HS). Samkvæmt úrskurðinum getur OR átt 10% hlut í HS, en Samkeppnisefirlitið hafði áður miðað við 3% hlut. Samkvæmt orkulögnum nýju þarf að skipta HS upp í framleiðsluhluta og dreifihluta. „Við megum því eiga allt að 10% í framleiðslufyrirtækinu,“ segir Hjörleifur. Hin 6% verði hlutur OR í dreififyrirtækinu. Ljóst sé þó að OR geti ekki keypt hlut Hafnarfirðinga sem samið hefur verið um. Samkvæmt orkulögnum þarf að skipta HS upp fyrir 1. júlí. Hjörleifur segir eigendur þó stefna á að skipta því HS upp fyrir áramót. 24 stundir. 12. júlí 2008 <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1228424/>.

Þannig að Orkuveitu Reykjavíkur væri óheimilt að eiga hlut í Hitaveitu Suðurnesja hf. sem næmi 10% eða meira, og skyldi breyting á eignarhaldi í Hitaveitu Suðurnesja vera gerð fyrir 1. mars 2009. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur kynnti og gerði grein fyrir úrskurði áfrýjunarnefndarinnar á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 15. ágúst 2008.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 29. ágúst 2008 var bókað að umræður hafi átt sér stað um eignarhluta Orkuveitunnar í Hitaveitu Suðurnesja og á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 19. september 2008 gerði forstjóri munnlega grein fyrir viðræðum við meðeigendur fyrirtækisins. Það var svo á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 19. desember 2008 að lögð var fram tillaga forstjóra um sölu eignarhluta Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja. Tillaga forstjóra var svohljóðandi:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að selja eignarhlut fyrirtækisins í Hitaveitu Suðurnesja hf. (HS Orku hf. og HS Dreifingu hf.) og felur stjórnarformanni og forstjóra að leita eftir tilboðum í eignarhlutann. Samráð skal haft við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði með það fyrir augum að kanna hvort hagkvæmt kunni að vera að hafa samstarf um sölu eignarhluta beggja aðila.“⁵⁰³

Með tillögunni fylgdi greinargerð, þar sem fram kom:

„Allt frá því í febrúar 2008, þegar Orkuveitu Reykjavíkur barst andmælskjal Samkeppnisefirlitsins vegna kaupa OR á 16,58% hlut í Hitaveitu Suðurnesja á árinu 2007, hefur staða eignarhlutarins verið í uppnámi. Gildir það einnig um áður áformuð kaup á viðbótarhlut í HS af Hafnarfjarðarbæ. Þær hömlur á eign OR í HS, sem fram komu í ákvörðun Samkeppnisefirlitsins, voru að hluta staðfestar í úrskurði Áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Niðurstaða úrskurðarins kveður á um 10% hámarkshlut OR í HS. Af því leiðir að OR verður að selja a.m.k. 6,58% og er óheimilt að láta fyrirhuguð viðskipti við Hafnarfjarðarbæ ganga eftir. Á vorþingi 2008 var leiddur í lög fyrirtækjaaðskilnaður sérleyfis- og samkeppnisrekstrar orkufyrirtækja. Skal honum lokið fyrir 1. júlí 2009. Uppskipting Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku ehf. og HS Dreifingu hf. mun ganga í gildi í árslok 2008. Uppskipting hefur í för með sér að OR eignast 16,58% hlut í hvoru fyrirtæki. Eignarhluturinn í HS Orku ehf., sem annast mun samkeppnisþættina framleiðslu og sölu, er því sem fyrr í blóra við ádurnefnda niðurstöðu samkeppnisyrivalda. Hafnarfjarðarbær rekur mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem þess er krafist að OR greiði bænum umsamið kaupverð í áður áformuðum kaupum OR á hlut bæjarins í HS. Af hálfu OR er því haldið fram að fyrirtækinu sé óheimilt, lögum samkvæmt, með vísan til úrskurðar Áfrýjunarnefndar samkeppnismála, að láta kaupin ganga eftir. Ljóst er að vilji Hafnarfjarðarbæjar stendur enn til þess að selja hlutafé bæjarins í HS. Fara því hagsmunir bæjarins og OR saman og því edlilegt að samráð sé haft við bæjaryfirvöld um sölu eignarhluta beggja aðila Eignarhlutur Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja og úrlausn ofangreindra viðfangsefna hefur verið til umræðu á fundum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur 15. febrúar, 6. mars, 18. apríl, 15. ágúst, 29. ágúst og 19. september 2008. Í umræðum á þeim fundum hefur komið fram eindreginn vilji til að fara að niðurstöðu samkeppnisyrivalda jafnframt því að leysa ágreining við Hafnarfjarðarbæ og standa vörð um

503 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 29. ágúst 2008.

*hagsmuni Orkuveitu Reykjavíkur. Bókfært virði eignarhlutar OR í HS er 8,67 milljarðar króna. Sala eignarhlutarins nú, að hluta eða að öllu leyti, myndi auðvelda fjármögnun framkvæmda OR á árinu 2009, en fyrir liggur að aðgangur að lánsfé er torveldari en áður.*⁵⁰⁴

Tillagan var samþykkt, en við afgreiðslu hennar greiddi Svandís Svavarsdóttir atkvæði gegn tillögunni og lét bóka að:

*„Ljóst er ef marka má bókun stjórnar frá fundinum 2. júlí 2007 þá voru kaupin í Hitaveitu Suðurnesja á sínum tíma samþykkt með það að leiðarljósi að halda veitunni í eigu almennings eins og nokkurs er kostur. Hér er lagt til að undirbúa sölu á hlutnum án þess að nokkuð fari fyrir áherslum um samfélagslega hagsmuni og vilja til að halda auðlindum í eigu almennings. Fulltrúi Vinstri grænna getur ekki staðið að samþykkt slíkrar tillögu.*⁵⁰⁵

Sigrún Elsa Smáradóttir lét hins vegar bóka svofelldan fyrirvara við ákvörðun um sölu, að:

*„Eignarhald opinberra aðila á orkuauðlindum og vilji til að tryggja samfélagslega hagsmuni voru grunnforsendur fyrir kaupum Orkuveitunnar á hlutum í Hitaveitu Suðurnesja. Fulltrúi Samfylkingar setur þá fyrirvara um fyrirhugaða sölu að þessum markmiðum sé haldið til haga og að ásættanlegt verð fái fyrir hlutinn.*⁵⁰⁶

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 23. janúar 2009 var lögð fram tillaga framkvæmdastjórnar fjármála um heimild til þess að ganga til samninga við Arctica Finance ehf. og Arctica Law ehf. um að aðstoða við sölu á eignarhlut Orkuveitunnar í HS Orku. Var tillagan samþykkt á fundinum með fjórum atkvæðum gegn tveimur. Héraðsdómur í máli Orkuveitu Reykjavíkur gegn Hafnarfjarðarbæ féll svo þann 18. mars 2009 og var hann kynntur fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur á fundi hennar þann 20. mars 2009. Ákvað stjórn að fela forstjóra að taka ákvörðun um framhald málsins. Með dóminum var kveðið á um að Orkuveitu Reykjavíkur hefði verið skylt að efna kaupsamninginn frá 2. júlí 2007 og var Orkuveita Reykjavíkur dæmd til að greiða Hafnarfjarðarbæ 7.643 millj.kr. með dráttarvöxtum frá 28. apríl 2008 gegn afhendingu á 896.154.577 hlutum í HS Orku hf. og 195.745.540 hlutum í HS Veitum hf. Að auki var Orkuveitan dæmd til þess að greiða málskostnað að fjárhæð 1,5 millj.kr. Í forsendum dómsins kom m.a. fram að.

„Þegar á allt framangreint er litið er það niðurstaða dómsins að samningurinn frá 2. júlí 2007 sé gildur. Fyrirvari stefnda laut ekki að því að ef samkeppnisýfirvöld hefðu afskipti af málinu myndi samningurinn falla úr gildi, heldur að nýr aðili yrði fenginn að félaginu. Einnig að stefndi gæti selt sinn hlut. Tilgangur stefnda var alla tíð sá að selja eignarhluta sinn aftur til nýs eigenda, þ.e. Reykjavík Energy Invest. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins og Áfrýjunarnefndarinnar styður þessa ætlan stefnda þ.e. að samningurinn sé gildur og að stefndi selji eignarhlut sinn, yfir 10% eignarhlut. Samkvæmt gögnum málsins var stefndi mjög áfram um kaupin á eignarhlutanum í Hitaveitu Suðurnesja hf. Kemur það berlega

„Hérna hafa verið á ferðinni fjárfestar, bæði frá Ameríku og Evrópu, í kjölfar bankahrunsins. Þeir hafa komið og athugað hvort kaupþækifæri leymist hér, en það hefur ekki leitt til neinna sérstakra viðræðna eða neitt slíkt,“ segir Hjörleifur. Hjörleifur bætir við að jafnframt hafi verið samþykkt að hafa samráð við Hafnarfjörð um sölu. „En þeir hafa ekki viljað taka þátt í því að vera með sinn hlut til sölu með okkur þar sem þeir halda því fram að við höfum þegar keypt hann“ Viðtal við Hjörleif Kvaran. Morgunblaðið 10. mars 2009 <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1273117/>.

504 Tillaga til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 17. desember 2008.

505 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 29. ágúst 2008.

506 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 29. ágúst 2008.

Guðlaugur G. Sverrisson: „Þetta gerist allt saman 2007 og 2008. Þá hafði verið mikil ánægja í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur um að halda þessum veitum í almannaægi. Það var pólitísk ákvörðun, en ég veit ekki hver rekstrarlega, ég hef aldrei séð hana. En það er annað mál, ég gat aldrei séð að við hefðum mikið út úr þessum rekstri. Þannig að við sitjum með dóm á okkur. Og ég lét reikna út þennan dóm og þá er sagt að skuldbinding okkar til Hafnarfjarðar, sem við þurfum að borga, ef að dómur fellur í Hæstarétti okkur í óvil, sé 10,5 milljarðar plús dráttarvextir frá 2008.“

fram í hinum langa umbóttunartíma stefnanda í samningnum, svo og í orðalagi fyrirvarans. Einnig í því að stefndi hreyfði engum athugasemdum varðandi forsendubrest þegar fyrirspurnir fóru að berast frá Samkeppnisýfirvöldum. Viðbrögð stefnda við ákvörðun bæjarráðs í desember 2007, að selja hluti sína, var sú að hefja lokaundirbúninginn að samningnum. Það var ekki fyrr en í mars 2008 að stefndi fór að bera fyrir sig athugasemdir Samkeppniseftirlitsins og var það í kjölfar andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins. Eins og segir í bréfi stefnda til stefnanda frá 17. mars 2008 þá yrði það ekki fyrr en „að fenginni endanlegri niðurstöðu SKE, sem unnt verður að ákveða framhald málsins.“ Hún liggur nú fyrir og gefur ekki tilefni til annars en að samningurinn verði efndur. Í ljósi reynslu sinnar, aðstæðna við samningsgerðina, stærðar stefnda og sérfræðipækningar hans og umboðsmanna hans mátti stefnda vera ljóst að samningurinn frá 2. júlí 2007 gæti lent inn á borð Samkeppniseftirlitsins, svo sem raun varð á. Við fyrstu afskipti Samkeppniseftirlitsins af málinu urðu viðbrögð stefnda ekki þau að tilkynna stefnanda um að samningurinn myndi falla úr gildi, sem þó hefði verið eðlilegt miðað við málsástæður stefnda fyrir dómi. Þegar stefnandi hafði tilkynnt stefnda að bæjarstjórnin hefði samþykkt að af kaupunum yrði komu ekki fram nein mótmæli frá stefnda þar að lútandi, heldur var hafinn undirbúningur að gerð kaupsamnings. Stefnandi mátti því treysta því að full alvara væri hjá stefnda að efna samninginn. Eins og áður segir var það fyrst í mars 2008 að ávæningur kom um annað.⁵⁰⁷

Framangreindum dómi var ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Tilboð í eignarhluta Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku voru lögð fram og kynnt stjórn á fundi þann 14. ágúst 2009, en tilboðin bárust þann 7. ágúst 2009 að undangengnu sölufarli. Tilboðunum fylgdi minnisblað Arctica Finance, sem hafði annast sölufarlið og kynning framkvæmdastjóra fjármála. Var lögð fram eftirfarandi tillaga, sem samþykkt var með fjórum greiddum atkvæðum:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að fela stjórnarformanni og forstjóra að ganga til samninga við Magma Energy Sweden AB um kaup þess á eignarhluta Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku á grundvelli tilboðs fyrirtækisins auk þeirra breytinga sem fram koma í minnisblaði Arctica Finance. Jafnframt verði leitað samkomulags við Hafnarfjarðarbæ um sölu á hlut bæjarins í HS Orku til sama aðila. Verði niðurstöður lagðar fyrir stjórn til afgreiðslu.“⁵⁰⁸

Við afgreiðslu tillögunnar óskuðu stjórnarmennirnir Sigrún Elsa Smára-dóttir og Lilja Mósesdóttir eftir því að bókað yrði að:

„Ýmsir þættir hafa áhrif á það hversu hagfelld fyrirbyggjandi tilboð mun reynast OR. Gengi krónunnar og þróun álverðs eru þar helstu áhrifaþættir. Óskað er eftir greiningu á mögulegri niðurstöðu m.v. mismunandi þróun þessara þátta frá kaupum á hlutunum til fullnustu fyrirbyggjandi tilboðs. Einnig er óskað eftir minnisblaði um hvernig samfélagslegir hagsmunir eru tryggðir við sölu, bæði hvað varðar öryggi neytenda og stöðu auðlinda.“⁵⁰⁹

507 Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 18. mars 2009, mál nr. E-3120/2008.

508 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 14. ágúst 2009.

509 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 14. ágúst 2009. Á sama fundi var lagt fram svar við fyrirspurn Þorleifs Gunnlaugssonar frá stjórnarfundi, dags. 18. september 2009, um sölu hlutabréfa í HS Orku.

Á fundi stjórnar þann 20. ágúst 2009⁵¹⁰ var lagt fram erindi HS Orku dags. 7. ágúst 2009 um forkaupsrétt Orkuveitu Reykjavíkur vegna sölu Reykjanesbæjar á hlut í HS Orku til Geysis Green Energy og forkaupsrétt Orkuveitu Reykjavíkur vegna sölu Geysis Green Energy á hlut í HS Orku til Magma Energy. Gerði stjórnarformaður jafnframt grein fyrir viðræðum við fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands um hugsanlega aðkomu hennar að kaupum á hlut Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbæjar í HS Orku. Auk þess upplýsti hann að Magma Energy Sweden AS hefði fallist á að framlengja kautilboð sitt til 31. ágúst 2009. Var afgreiðslu erindis og tilboða frestað á fundinum.

Erindið var svo samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 18. september 2009, þar sem samþykkt var að falla frá forkaupsrétti. Við atkvæðagreiðsluna sat Sigrún Elsa Smáradóttir hjá en Þorleifur Gunnlaugsson greiddi atkvæði á móti. Af því tilefni lét Þorleifur Gunnlaugsson bóka að hér sé verið að:

„... falla frá forkaupsrétti sem fellur annars niður eftir viku. Bráðræði meirihlutans vekur upp spurningar um annarlegan tilgang.“⁵¹¹

Því var svarað af þeim Guðlaugi Sverrissyni, Kjartani Magnússyni og Jór- unni Frímansdóttur að þessum áskökunum yrði að hafna enda væri:

„... eðlilegt og sjálfsagt að Orkuveitan falli frá forkaupsrétti á hluta- bréfum í fyrirtæki, sem það hefur hvorki hug á að auka hlut sinn í né heimildir, sbr. fyrirmæli samkeppnisyfirvalda.“⁵¹²

Málið var enn til umræðu á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 31. ágúst 2009. Þar var lagt fyrir „samkomulag Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbæjar um uppgjör á samkomulagi frá 2. júlí 2007 dags. í dag ásamt skuldabréfi.“⁵¹³ Var það samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum gegn tveimur, og tillaga um að fresta afgreiðslu erindisins um einn dag felld með sama mun. Tillagan var samþykkt með svohljóðandi fyrirvara:

„Samþykkt með þeim fyrirvörum sem fram koma í 4. gr., m.a. varðandi samþykkt sveitarstjórna og að af kaupum Magma Energy Sweden A.B. verði á hlutum í HS Orku, sbr. tilboð félagsins dags. 6. ágúst 2009, fyrir 15. desember 2009.“⁵¹⁴

Við afgreiðslu erindisins létu stjórnarmennirnir Þorleifur Gunnlaugsson og Sigrún Elsa Smáradóttir, sem höfðu setið hjá við afgreiðsluna, bóka að:

„Fulltrúi Samfylkingarinnar situr hjá við afgreiðslu samningsins við Hafnarfjörð. Hringlandaháttur meirihlutans er með ólíkindum þegar kemur að samningnum við Hafnarfjörð. Eftir úrskurð sam- keppniseftirlitsins átti að hnekkja samningnum við Hafnarfjörð fyrir rétti og taldar góðar líkur á að vinna það mál fyrir hæstarétti. Ekki

Guðlaugur G. Sverrisson: „Þetta er að mínu mati, ekkert annað en ískalt hagsmunamat. Við það að reyna að selja og senja við Hafnarfjarðarbæ. Og þá kemur Magma inn í málið, eftir að við erum búin að vera með samþykkt frá því í desember 2008 um að selja þetta. Þannig að þeir koma inn í málið og segjast ætla að kaupa þetta, en það sé skilyrði að þeirra hálfu að Hafnarfjarðarluturinn sé með. En þá kemur Svandís í kvöldfréttir, þetta er búin að vera í sölu í marga mánuði, og segir: „Þetta er nú meira, það á að fara að einkavæða bara, Orkuveitan stendur bara fyrir einkavæðingu á HS Orku“. Við stóðum aldrei fyrir henni, það voru aðrir sem stóðu fyrir því. Og þá ákvað ég að panta tíma hjá fjármálaráðherra þessarar sömu ríkisstjórn- ar og bjóða þeim að kaupa þetta, úr því að þetta var svona mikið kappsmál ríkisstjórnarinnar að við einkavæddum ekki þessi bréf, þá skyldu þau bara kaupa þau. Við eigum fund með Steingrími J. og það er minnst á það þarna í fundargerðunum, þar sem var farið algjörlega yfir það að honum er boðið þetta til kaups. Og við segjum meira að segja líka; „ef þú kaupir Hafnarfjörð út“, af því að Hafnar- fjörður þurfti náttúrulega á þessum peningum að halda. Og honum er boðið þetta. Hann hafði í rauninni enga stöðu, þó menn létu svona. Hann gat ekkert keypt þetta, hann mátti ekkert skuldbinda. Hann var í aðgerðaráætlun með AGS. Svo var hann svona að spá og „spekulera“ hvort hann gæti fengið lífeyrissjóði til að kaupa þetta eða eitthvað slíkt. Þannig að við buðumst sannarlega, til þess að svara þessum pólitískum málum, ríkinu hlutabréfin til kaups. En til þess að gera langa sögu stutta, þá bara gat hann ekki keypt þetta.“

510 Minnisblað forstjóra um samfélagslega hagsmuni við sölu eignarhluta HS Orku, dags. 17. ágúst 2009, og minnisblað framkvæmdastjóra fjármála, dags. 18. ágúst 2009, um mat á tilboði í eignarhluta HS Orku miðað við mismunandi forsendur voru einnig lögð fram á fundinum.

511 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 18. september 2009.

512 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 18. september 2009.

513 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 31. ágúst 2009.

514 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 31. ágúst 2009.

*fæst séð hvaða forsendur hafi breyst frá því ákvörðun var tekin um að fara með málið fyrir hæstarétt, aðrar en þær að meirihlutanum í Reykjavík hafi hugsanlega tekist að veikja málstað OR með framgöngu sinni, ekki hvað síst varðandi söluferlið sem hluturinn hefur verið í. Ljóst er að OR mun samkvæmt samkomulaginu greiða Hafnarfjarðarbæ mun meira fyrir hlutinn en Magma greiðir OR. En framreiddar greiðslur OR samsvara genginu 7,9 auk þess sem greiðslukjörin eru óhagstæð í samanburði við greiðslukjörin sem OR býðst í tilboði Magma. Einnig er harmað að stjórnarmenn hafa ekki haft nema tæpa klukkustund til að yfirfara samningin og að tillaga fulltrúa minnihlutans um frestun hafi verið felld.*⁵¹⁵

Á sama fundi var lagður fram kaupsamningur Orkuveitu Reykjavíkur og Magma Energy Sweden A.B. (Share Sale and Purchase Agreement) dags. 30. ágúst 2009 ásamt fylgiskjölum, þ.e. skuldabréfi og vörslusamningi, auk yfirlýsingar Magma Energy Sweden A.B., dags. 24. ágúst, þar sem gildistími kauptilboðs þess var framlengdur til 31. ágúst 2009. Skjölunum fylgdi minnisblað KPMG dags. 30. ágúst vegna yfirferðar á reiknilíkani, bréf Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl. f.h. IREP dags. 20. ágúst sl. og svar forstjóra við því dags. sama dag. Var kaupsamningurinn því næst samþykktur með þeim fyrirvara að bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar staðfesti samkomulag um uppgjör á samkomulagi frá 2. júlí 2007 milli Orkuveitu Reykjavíkur og bæjarins og með fyrirvara um staðfestingu eigenda Orkuveitu Reykjavíkur. Við atkvæðagreiðsluna greiddu þau Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorleifur Gunnlaugsson atkvæði á móti.

Við afgreiðslu málsins fóru fram ítarlegar bókanir af hálfu stjórnarmanna, enda um ríka hagsmuni að ræða, sem m.a. höfðu verið teknir upp á vettvangi ríkisstjórnar. Samhengisins vegna þykir rétt að gera grein fyrir þeim hér á eftir, en bókanir stjórnarmanna sýna skýrt þann pólitíska ágreining sem var uppi um málið þegar það var til afgreiðslu hjá stjórn Orkuveitunnar. Þannig óskuðu stjórnarmennirnir Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson og Gunnar Sigurðsson bókað:

*„Sala á eignarhlut Orkuveitu Reykjavíkur (OR) í Hitaveitu Suðurnesja (HS) hefur hlotið afar vandaða umfjöllun hjá stjórn OR. Stjórnin samþykkti hinn 19. desember 2008 að setja hlutinn í opið söluferli og síðan hefur öllum verið heimilt að leggja fram tilboð í hann. Hinn 14. ágúst sl. var tilboð Magma Energy kynnt ítarlega á fundi stjórnar Orkuveitunnar og það álit sérfræðinga kynnt stjórnarmönnum að það tilboð væri hagstæðara en önnur. Á grundvelli þessa álits fól stjórnin formanni og forstjóra að ganga til samninga við Magma Energy á grundvelli tilboðs fyrirtækisins og leita jafnframt eftir samkomulagi við Hafnarfjarðarbæ um sölu á hlut bæjarins í HS til sama aðila. Á stjórnarfundi hinn 20. ágúst var málið rætt áfram þar sem fram kom skýr vilji meirihluta stjórnar til að ganga að hagstæðasta tilboði en afgreiðslu frestað um ellefu daga, ekki síst vegna hugmynda fjármálaráðherra um aðkomu ríkisvaldsins að kaupunum. Aðdragandi afgreiðslunnar er því langur, málsmeðferð vönduð og umræður ítarlegar. Stjórnarmönnum hefur því gefist nægur tími til að kynna sér umrætt tilboð en fyrirliggjandi samningur er gerður á grundvelli þess. Ekki er unnt að verða við ósk um lengri frest en til kl. fimm síðdegis þar sem tilboð Magma Energy rennur út kl. sex. Enn frekari frestur á afgreiðslu málsins gæti því valdið OR verulegum fjárhagslegum skaða.*⁵¹⁶

515 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 31. ágúst 2009.

516 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 31. ágúst 2009.

Sigrún Elsa Smáradóttir lét bóka að:

„Fulltrúi Samfylkingar greiðir atkvæði gegn tillöggunni. Forkastanlegt er að stjórnarmönnum sé aðeins gefin klukkustund til að kynna sér innihald samningsins og þá fjölmörgu fyrirvara sem þar er að finna. Tilboðið sem fyrir liggur er óhagstætt fyrir OR og áhættan sem því fylgir allt of mikil. 70% tilboðsins er greitt með skuldabréfi, sem greiðist upp með einni greiðslu eftir sjö ár. Þá er mikið áhyggju-efni að móðurfélagsábyrgð Magma er ekki á skuldabréfinu heldur einungis veð í bréfum í HS Orku. Samkvæmt umsögn fjármálastjóra Reykjavíkurborgar um útreikning á núvirðingu sem lögð var fram í borgarráði 26. ágúst sl. samsvarar tilboðið sem fyrir liggur genginu 4,93 sé miðað við 10% ávöxtunarkröfu. Í þeim útreikningum hefur verið tekið tillit til væntrar álverðshækkunar en skuldabréfið er tengt álverði að hluta. Sé ekki gengið út frá hækkun álverðs samsvarar tilboðið enn lægra gengi eða 4,4 m.v. 10% ávöxtunarkröfu. Miðað við þessar forsendur tapar því OR 5-6 milljörðum á viðskiptunum. Eðlilegra hefði verið að sækja um lengri frest til samkeppnisyfirvalda um fullnustu úrskurðar um hámarkseignarhluta OR í HS, til að freista þess að tryggja OR ásettanlegt endurgjald fyrir hlutinn. Fulltrúi Samfylkingar telur að í ljósi efnahagsástands á Íslandi, mikillar óvissu og varkárni fjárfesta þegar kemur að fjárfestingum hérlendis þá væri slíkur frestur auðsóttur. Enda getur varla verið markmið samkeppnisyfirvalda að vega að almannahagsmunum og knýja opinber fyrirtæki til að selja eigur sínar á brunaútsölu.“⁶¹⁷

Porleifur Gunnlaugsson lét bóka að:

„Á þessum fundi er verið að taka ákvarðanir um milljarðaviðskipti byggð á gögnum sem að mestu liggja fyrst fyrir nú á fundinum. Á kynningu sem fram fór á stjórnarfundi 14. ágúst var kynnt 3ja síðna tilboð en nú er lagður fram bunki af gögnum og 17 síðna samningur. Ofanritaður fulltrúi í stjórn OR telur þau vinnubrögð meirihlutans að keyra samningana í atkvæðagreiðslu nú vera ólýðræðisleg þar sem nægjanlegan tíma skortir til að taka upplýsta ákvörðun. Það er stjórnskipuleg skylda hvers kjörins fulltrúa að taka upplýsta ákvörðun. Til þess að svo megi verða þurfa öll gögn um viðkomandi mál að liggja fyrir, tími til þess að fara yfir þau og tækisfæri til að nálgast ráðgjöf. Um það er ekki að ræða nú, enda fundarhlé gefið í klukkutíma þrátt fyrir beiðni minnihlutans um lengri frest. Fram hefur komið að Magma Energy Sweden AB er nýstofnað fyrirtæki og móðurfyrirtækið Magma Energy Corp. í Kanada gangist ekki í ábyrgðir fyrir tilboð dótturfyrirtækisins. Þetta skapar því enn meiri áhættu OR þar sem 70% tilboðsupphæðarinnar verður með veði í bréfunum með gjalddaga eftir 7 ár. Tilboðið er lagt fram verulega breytt hér á fundinum sem kallar á nákvæma skoðun en málefnalegar ástæður eru fyrir því að þar sem verið er að einkavæða orkufyrirtæki í almannaeigu kalli það á almenna og opna umræðu áður en ákvörðun verður tekin. Það er því óhugnalegt að rekast á setningar sem þessar í samningnum „Aðilar eru sammála um að gera sitt besta til að halda tilveru og innihaldi þessa samnings í ströngum trúnaði.“ Samfélagslegt eignarhald á orkufyrirtækjum og auðlindum hefur aldrei verið mikilvægara því í því felst grunnforsenda þess að vel takist til við endurreisn Íslands. Hætt er við að með aðkomu einkaaðila að HS Orku sé verið að ryðja brautina fyrir einkavæðingu alls orkugeirans

og því óskiljanlegt að ósk ríkisstjórnarinnar um lengri frest til að fara yfir málið hafi verið hafnað.⁵¹⁸

Gunnar Sigurðsson lét bóka á fundinum að hann væri því samþykktur að orkufyrirtæki á Íslandi ættu að vera í eigu íslenskra aðila, en það væri ekki verkefni Orkuveitu Reykjavíkur að sjá til þess. Því væri sala Orkuveitunnar á hlut sínum í HS Orku bæði nauðsynleg lagalega og jafnframt góð fjárhagslega fyrir rekstur Orkuveitunnar.⁵¹⁹

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 27. nóvember 2009 var rætt um níu mánaða uppgjör stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Við það tilefni var tekin upp umræða um virði skuldabréfsins sem notað var til greiðslu við kaupin (svokallað Magma bréf) sem um var fjallað hér að framan. Þar var bókað að:

„Þorleifur Gunnlaugsson Reykjavíkurfulltrúi VG í stjórn OR vekur athygli á því að ekki liggur fyrir hvert endanlegt verð skuldabréfa vegna viðskipta OR vegna sölu viðskipta með eignarhluta OR í HS Orku. Það er þó ljóst að endurskoðendur félagsins hafa nú þegar fært niður verðmæti skuldabréfanna sem námu um 70% af söluverði. Eigi síðar en 15. desember verður þetta endanlega ljóst en líkurnar á því að verðmæti bréfanna verði mun minna en meirihluti stjórnar OR fullyrkti að hann yrði eru yfirgnæfandi en eigi síðar en 15. desember verður staðan endanlega ljós. Vegna þessa gerir undirritaður fyrirvara um undirritun.“⁵²⁰

Á sama fundi óskaði Þorleifur Gunnlaugsson jafnframt eftir minnisblaði um fyrirvara þá sem var að finna í samningi Orkuveitu Reykjavíkur og Magma Energy og þyrftu að vera uppfylltir fyrir 15. desember 2009, og var minnisblaðið var afhent á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 4. desember 2009. Á fyrrgreindum fundi óskað Sigrún Elsa Smáradóttir jafnframt eftir að bóka:

„Meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur sem einnig skipar meirihluta stjórnar OR hélt því fram fullum fetum að virði tilbods Magma væri 6,31 á hlut. Þetta gagnrýndi minnihlutinn harðlega og taldi einsýnt að virðið væri mun lægra enda 70% greiðslunnar kúlulán til sjö ára á 1% vöxtum í formi skuldabréfs sem Magma gefur út með veði í hinum seldu bréfum. Árshlutareikningurinn staðfestir að þessi gagnrýni var rétt og er bókfært virði því fært niður þannig að það samsvari genginu 5,4. Í skýringum með árshlutareikningnum kemur fram að gangi samningurinn við Magma eftir komi einnig til afskriftir upp á 2.272 milljónir vegna taps Orkuveitunnar á þeim hluta. Samkvæmt þessu er bókfært tap á viðskiptum með bréf í HS Orku, gangi samningurinn eftir, um 4 milljarðar. Þrátt fyrir verulega niðurfærslu sem er þvert á fyrri yfirlýsingar meirihlutans um virði tilbods Magma óttast fulltrúi Samfylkingar að niðurfærslan sé of lág og virði Magma bréfsins sé enn lægra en gengið er út frá við þessa niðurfærslu. Búast má við að málið verði skoðað aftur í lok árs þegar ársreikningur OR liggur fyrir.“⁵²¹

518 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 31. ágúst 2009.

519 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 31. ágúst 2009.

520 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. nóvember 2009.

521 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. nóvember 2009.

Á sama fundi bókuðu Guðlaugur G. Sveinsson, Kjartan Magnússon og Júlíus Vífill Ingvarsson að:

„Í 9 mánaða uppgjöri birtist niðurfærsla vegna hlutabréfa Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku í samræmi við alþjóðlega reiknings-skilastaðla upp á 932 milljónir. Einnig er gert ráð fyrir að verði samningur um kaup á Magma á hlutabréfum í HS Orku fullnu-staður geti komið til viðbótar gjaldfærslu upp á 2.272 milljónir króna. Innifalið í þeirri færslu er mat á virði hlutabréfa HS Orku á síðasta þekkta gangverði bréfa ásamt fullnaðaruppgjöri við Hafnar-fjörð þ.m.t. vaxtakostnaður. Þetta mat getur breyst eftir gengi HS Orku á markaði. Verði af viðskiptunum þá eignast Orkuveita Reykjavíkur skuldabréf í stað hlutabréfa. Skuldabréfin eru metin m.a. eftir verðmæti veðsins sem eru hlutabréf í HS Orku.“⁵²²

Framangreint skuldabréf er enn í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, en eins og rakið var ítarlega hér að framan hefur staðið nokkur ágreiningur um verðmat þess. Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda frá ágúst 2010 kemur fram að:

„Þann 31. ágúst 2009 var gengið frá samkomulagi milli Hafnar-fjarðarbæjar og OR til lausnar á ágreiningi vegna kaupa á hluta-bréfum í HS. Samkvæmt samkomulaginu gengu kaup OR á hlut Hafnarfjarðarbæjar í HS Veitum hf. til baka en OR greiddi Hafnar-fjarðarbæ um 7,1 milljarð króna fyrir hlut bæjarins í HS Orku hf. Helmingur kaupverðsins, 3,55 milljarðar króna, var greiddur þegar forkaupsréttarhafar höfðu fallið frá forkaupsrétti vegna kaup-samnings OR og Magma Energy Sweden A.B. og fyrirvarar í kaup-samningi OR og Magma Energy Sweden A.B. voru niður fallnir. Hinn helmingur kaupverðsins, 3,55 milljarðar króna, var greiddur með skuldabréfi, útgefnu af OR. Skuldabréfið er bundið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölunni 346,9 stig (ágúst 2009), sem ber 4,5% ársvexti. Höfuðstóll skuldabréfsins ásamt verðtryggingu endurgreiddist með einni greiðslu sjö árum eftir útgáfudag skulda-bréfsins.“⁵²³

Þar kemur ennfremur fram að:

„Dómur Héraðsdóms um kaupskyldu OR á hlut Hafnarfjarðar jók mjög á fjármágnunaráhættu fyrirtækisins, því á þessum tíma voru nær allir fjármálamarkaðir lokaðir fyrir Íslandi eða mjög dýrir. Ís-lenski skuldabréfamarkaðurinn gerði háa ávöxtunarkerfju á skulda-bréf. Það var því fyrirtækinu mjög mikilvægt að aflétta þeirri áhættu sem hvíldi á fyrirtækinu vegna þeirra samninga sem fyrir lágu um viðskipti með bréf í HS.“⁵²⁴

Framangreind kaup Orkuveitu Reykjavíkur á Hitaveitu Suðurnesja voru m.a. til skoðunar hjá innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur svo sem greint var frá að framan. Í fundargerð fundar innri endurskoðanda með framkvæmdastjóra virkjana og sölu sem fram fór þann 28. janúar 2011, kom fram að kaupin á Hitaveitu Suðurnesja hefðu að öllum líkindum verið gerð vegna frumkvæðis seljanda bréfanna, en Hitaveita Suðurnesja hafði áður

Sigrún Elsa Smáradóttir: „Ég fékk óháða aðila til að núvirða þetta. ALM-fjármálaráðgjöf núvirtri þetta fyrir mig. Þeir komust að sambærilegri niðurstöðu og ég, að núvirt samsvarandi þetta kúlulán einhverju mun lægra gengi en menn héldu fram að verið væri að selja á, nær gengi 4 en 7. En stjórnendur OR og þáverandi meirihluti fékkst ekki til að viðurkenna að nauðsynlegt væri að núvirða kúlulánið, sem átti að greiðast í einni greiðslu sjö árum síðar. Það gerði alla umræðu um þetta tilboð og samanburð óraunhæfan. Þú getur ekki verið að bera þetta tilboð saman við hugsanlega einhver önnur kauptilboð frá öðrum aðilum sem hafa þá áhuga á að leggja peninga strax inn í fyrirtækið án þess að núvirða það. Ef þetta var eina tilboðið og Orkuveitan var upp við vegg og varð að selja, þá gott og vel, reynum þá frekar að semja um að fá allt greitt út á genginu 5 eða 6, heldur en að taka þessu tilboði upp á von og óvon um að frá greitt eftir 7 ár, sérstaklega eins og greiðslustaðan á Orkuveitunni var á þessum tíma. En, stjórnendur OR og þáverandi meirihluti stjórnar, neitðu að horfast í augu við þetta.“

Guðlaugur G. Sveinsson: „Já en þá bara þýðir það að þá fáum við svo mikil afföll á bréfin, það er svo langt í gjaldþaga. Við tókum aldrei bréfið til að selja það, af því að við vissum af þessu öllu saman. Þarna erum við með dollara og það er bara jafngott og hvaða dollara sem er. Þannig að við reynum á þessum tíma, og tölum alltaf um það að við ætlum að eiga þetta bréf, það er ekkert annað sem kemur til greina hjá okkur, heldur bara að eiga þetta bréf, vegna þess að það mun styrkjast, og það er bara rétt ákvörðun eins og þið sjáið, eina sem að gerst hefur er að HS Orka hefur styrkt sig frá því í september, þannig að bréfið styrkist. Og þessi 5.54 sem að endurskoðandinn notar í fyrsta mati á bréfinu, er af því að hann tekur kaup sem að þeir eiga á milli Reykjanesbæjar og Magma, sem er á einhverjum fátánlegum prís og segir: „Ég verð að taka síðustu kaup, það er samkvæmt reglunum.“ Og þannig gerist það. Svo á næsta ári á eftir þá er bréfið strax búið að lagast. Þannig að þetta er bara ein afleiðan enn sem við vorum að glíma við í rekstrinum.“

522 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. nóvember 2009.

523 Greinargerð með rekstrarúttekt. Reykjavík. 14. ágúst 2010. Bls. 29.

524 Greinargerð með rekstrarúttekt. Reykjavík 14. ágúst 2010. Bls. 29.

verið skilgreind sem „utan seilingar“ í yfirlitsskjali sem unnið hefði verið í Orkuveitu Reykjavíkur um hugsanleg fyrirtæki sem hagkvæmt væri að sameinast eða taka yfir. Þá staðfesti hann jafnframt að forsenda hans fyrir kaupum á Hitaveitu Suðurnesja hafi verið sameining þessara tveggja orku-fyrirtækja. Hefði hún fyrirsjáanlega ekki gengið eftir, hefði hann ekki mælt með kaupunum.⁵²⁵

14.4.2 Atorka

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Atorku sundurliðast þannig:

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Atorku		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Kaupverð 2006	1.327.902.598	1.880.921.957
Söluverð 2006	-1.413.874.739	-2.002.698.124
Söluhagnaður	85.972.141	121.776.167
Á meðalverðlagi 2010		120.108.894

Eins og fram kemur á yfirlitinu var um að ræða kaup og sölu innan ársins 2006 með söluhagnaði að fjárhæð rúmar 120 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Arður sem færður hefur verið til tekna nemur um 84 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og heildarrekkstraráhrif eru því jákvæð um 204 millj.kr.

Kaupin voru eins og áður hefur komið fram endurgjald fyrir sölu á hlut Orkuveitunnar í Jarðborunum sem samþykkt var af stjórn. Ekki verður séð að fjallað hafi verið um sölu af stjórn Orkuveitunnar en við kaupin og sölu var Atorka skráð félag á hlutabréfamarkaði.

14.4.3 Eignarhaldsfélagið Farice

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Farice sundurliðast þannig:

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Farice		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Kaupverð 2007	123.800.000	166.947.009
Kaupverð 2008	371.532.244	454.176.655
Niðurfært 2009	-346.832.244	-374.769.028
Niðurfært 2010	-148.500.000	-150.561.380
	0	
Kaupverð samtals	495.332.244	621.123.665
Samtals niðurfært á árslokaverðlagi 2010		-525.330.407
Samtals niðurfært á meðalverðlagi 2010		-518.137.956

Eins og sést á yfirlitinu var um tvenn kaup að ræða á árunum 2007 og 2008, samtals um 621 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010. Kaupverðið hefur allt verið afskrifað og nemur afskriftin um 518 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á fundi þann 22. október 2007 tillögu forstjóra um að kaupa hlutafé í félaginu fyrir 500 millj.kr. Fyrir fundinum lá minnisblað forstjóra Orkuveitunnar, forstjóra Landsvirkjunar og forstjóra Hitaveitu Suðurnesja til samgönguráðherra dags. 27. september.⁵²⁶

525 Fundargerð innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. janúar 2011.

526 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 22. október 2007.

Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda í ágúst 2010 er fjallað um kaup Orkuveitunnar á hlutum í Farice og kemur þar fram að tilgangur aðkomu Orkuveitunnar væri fyrst og fremst þátttaka í lagningu Danice sem væri nýr sæstrengur á milli Íslands og meginlands Evrópu, þar sem lagning strengsins væri metin sem forsenda þess að gagnaver hæfu starfsemi sína á Íslandi, en litið væri til þeirra sem ákjósanlegra orkukaupenda. Í greinargerðinni er einnig rætt um að rekstur Farice hafi ekki gengið sem skyldi og ýmsar ástæður nefndar svo sem að tekjur hafi ekki skilað sér vegna þess að engin stór gagnaver hefðu hafið starfsemi hér á landi, viðskipti við innlend fjarskiptafyrirtæki hefðu ekki skilað þeim tekjum sem vænst var, heildarkostnaður við lagningu strengsins hafi orðið meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og óhagstætt gengi og hærri vaxtakostnaður hafi valdið því að ekki var hægt að fjármagna verkefnið með langtímalánnum eins og upphafleg áætlun hafi gert ráð fyrir. Þá kemur einnig fram að lagningu strengsins hafi lokið um mitt ár 2009 og að Orkuveita Reykjavíkur hafi tekið ákvörðun á fundi þann 9. júlí 2010 um að taka ekki þátt í hlutafjárukningu í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins sem hafði verið ákveðin til að koma í veg fyrir gjaldþrot þess.⁵²⁷

14.4.4 Landsnet

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Landsneti sundurliðast þannig:

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Landsnet		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Kaupverð 2007	400.000.000	539.408.753

Orkuveitan eignaðist 6,78% í félaginu á árinu 2007 í beinu framhaldi af kaupum Landsnets á flutningsvirkjunum í eigu Orkuveitunnar. Kaupverð Landsnets á flutningsvirkjununum var 1.300 millj.kr. og greiddi Landsnet með 900 millj.kr. í reiðufé og 400 millj.kr. í hlutafé, sem eru ofangreind kaup. Við kaupun eignaðist Orkuveitan 6,78% hlut í Landsneti og varð þriðji stærsti hluthafinn í félaginu. Landsvirkjun á stærsta hlutinn, eða tæp 65 % og Rafmagnsveitur ríkisins eiga 22,5 %.

Eins og aðrir eignarhlutir í öðrum félögum er hluturinn færður á gangverði og hefur hann staðið óbreyttur í bókum Orkuveitu Reykjavíkur frá kaupum. Samkvæmt minnisblaði frá starfsmanni á fjármálasviði Orkuveitunnar til ytri endurskoðanda félagsins dags. 25. febrúar 2011 var eigið fé félagsins 11.622 millj.kr. í árslok 2010.⁵²⁸ Af því leiðir að 6,78% hlutur Orkuveitunnar nemur 788 millj.kr. af bókfærðu eigin fé. Í sama minnisblaði kemur fram að arðsemi eigin fjár hafi verið 42,8% á árinu 2010 og 20,2% á árinu 2009. Ytri endurskoðandi fjallar um eignarhlutinn í endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2010 en gerir ekki athugasemd við bókfært verð hans.⁵²⁹

Um nánari umfjöllun um tilurð fjárfestingarinnar vísast til umfjöllunar um rafmagnsveitu Orkuveitunnar hér að framan, þar sem fjallað er um sölu flutningskerfis og flutningsvirkja Orkuveitu Reykjavíkur til samræmis við ákvæði nýrra raforkulaga nr. 65/2003. Var ítarlega fjallað um sölu á fundum fyrirtækisins, en endanleg tillaga um sölu háspennuvirkja Orkuveitu Reykjavíkur var lögð fram og samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. ágúst 2007. Var söluverðið ákveðið 1.304 millj.kr., en heimilað var að allt að 400 milljónir mættu vera í formi hlutafjár, ef

527 Greinargerð með rekstrarúttekt. Reykjavík. 14. ágúst 2010. Bls 30-31.

528 Minnisblað frá Rannveigu T. Kristinsdóttur til KPMG, dags. 25. febrúar 2011.

529 KPMG: Endurskoðunarskýrsla ársins 2009.

samningar næðust um gengi þess í viðskiptunum. Gekk það eftir eins og hér hefur komið fram.

14.4.5 Þórsbrunnur hf.

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Þórsbrunni sundurliðast þannig:

Hreyfingar á eignarhlut Orkuveitunnar í Þórsbrunni		
	Rauntölur	Verðlag 2010
Bókfært verð í ársbyrjun 2000	6.267.034	11.583.073
Kaupverð 2000	60.252.883	111.362.653
Endurmat 2000	734.107	
Kaupverð 2001	20.000.000	34.846.168
Endurmat 2001	6.439.408	
Afskrifað 2001	-93.693.432	-163.242.852
	0	
Kaupverð samtals	80.252.883	146.208.821
Afskrift á árslokaverðlagi 2010		-163.242.852
Afskrifað á meðalverðlagi 2010		-161.007.846

Eins og sést á yfirlitinu var um tvö kaup að ræða eftir 2000 samtals um 146 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010. Kaupverðið hefur allt verið afskrifað og nemur afskriftin rúmum 161 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010.

14.4.6 Önnur félög samantekt

Kaupverð, söluverð, rekstraráhrif og bókfært verð eignarhluta Orkuveitu Reykjavíkur í öðrum félögum sundurliðast þannig:

	Kaupverð	Söluverð	Áhrif á rekstur	Bókfært verð
Hitaveita Suðurn. / HS veitur	27.165.366.275	20.631.523.140	-2.282.206.679	1.566.631.216
Atorka	1.880.921.957	2.002.698.124	203.660.790	
Eignarhaldsfélagið Farice	621.123.665		-518.137.956	
Landsnet	539.408.753			400.000.000
Þórsbrunnur	146.208.821		-161.007.847	
Neyðarlínan	67.843.393		-52.538.266	7.393.899
Sprotasjóðurinn	64.286.865	54.672.139	-8.929.513	
Keilir	47.198.266			35.000.000
Netskil	32.857.196	30.250.444	-2.660.523	
DMM Lausnir	24.229.439			23.897.707
IM á Íslandi	20.703.228	1.988.223	-30.478.548	
Prókatín	20.048.050			16.400.000
Span	13.861.908	1.130.723	-11.742.185	
Varmaraf	13.205.871		-11.470.791	
Hús myndanna ehf.	7.428.303		-6.389.480	
Fiskeldi Eyjafjarðar	7.352.880		-6.555.199	
Íslensk nýsköpun hf.	4.620.636		-8.110.784	
Tan Delta	1.848.254	185.161	-1.694.763	
Íslenska Lífmassafélagið	1.789.561		-1.584.604	
Norðlenska ehf.	1.137.498		-1.097.229	
Stoðir	42.962			39.759
Stáltak	11.476	11.476		
	30.681.495.258	22.722.459.430	-2.900.943.576	2.049.362.581

Eins og fram kemur á yfirlitinu hér að ofan hefur Orkuveitan fjárfest í öðrum félögum fyrir 30.681 millj.kr. á tímabilinu og fært til gjalda 2.901

millj.kr. vegna þeirra. Fjárhæðir vegna kaupa og sölu eru eins og áður segir á árslokaverðlagi ársins 2010 og fjárhæðir vegna rekstrar á meðalverðlagi ársins 2010.

14.5 Samantekt öll félög

Hér að neðan má sjá samantekt á umfjölluninni hér á undan á kaupverði, söliverði, áhrifa á rekstur og bókfærðu verði allra félaga sem Orkuveitan hefur átt viðskipti með á tímabilinu sem er til skoðunar.

	Kaupverð	Söliverð	Áhrif á rekstur	Bókfært verð
Dótturfélög	14.208.895.017	1.281.002.244	-5.849.244.050	4.745.746.788
Hlutdeildarfélög	1.107.416.061	2.341.477.856	822.756.162	79.687.803
Önnur félög	30.681.495.258	22.722.459.430	-2.900.943.576	2.049.362.581
Magma skuldabréf			-387.710.247	7.184.527.115
	45.997.806.335	26.344.939.530	-8.315.141.711	14.059.324.287

Eins og sést í töflunni hefur Orkuveitan samtals fjárfest í félögum fyrir 45.998 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010, tap sem fært hefur verið í rekstur nemur 8.315 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010 og bókfært verð í árslok 2010 er 14.059 millj.kr. á árslokaverðlagi 2010 að meðtöldu Magma skuldabréfinu sem fékkst við söluna á eignarhlutunum í Hitaveitu Suðurnesja.

14.6 Ályktanir og niðurstöður

Hér að ofan hefur verið fjallað um fjárfestingar Orkuveitunnar í hlutabréfum en miklum fjármunum hefur verið varið til þess þáttar, án þess að séð verði að mótuð hafi verið heildstæð stefna um það af hálfu stjórnar fyrirtækisins eða almennt hvaða markmiði þeim kaupum hafi verið ætlað að mæta. Einnig er ekki að finna í starfsreglum fyrirtækisins lýsingu á því hvaða reglur eigi að gilda um samþykki á kaupum og sölum á hlutabréfum. Svo virðist samt sem stjórn hafi fjallað um meirihluta þeirra kaupa sem áttu sér stað, þó einstaka dæmi finnist um annað.

Sumar fjárfestingarnar hafa tengst meginstarfsemi fyrirtækisins en aðrar hafa verið um nýsköpunar- og útrásarstarfsemi Orkuveitunnar. Eins og fram kom í kaflanum hér að ofan hefur verið fjárfest í félögum fyrir 45.998 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og samtals hefur verið fært til gjalda vegna þeirra 8.315 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Orkuveitan á í lok árs 2010 hlutabréfaeign sem bókfærð er á 14.059 millj.kr. Einnig hefur Orkuveitan fært til gjalda sem nemur 388 millj.kr. vegna skuldabréfs tengt sölu á hlutabréfum í HS Orku þar sem óvissa ríkir um verðmæti þess.

Veigamestu kaupin á hlutabréfum eru án efa fjárfestingar Orkuveitunnar í Reykjavík Energy Invest (REI), Hitaveitu Suðurnesja og félögum tengdum fjarskiptastarfsemi svo sem Gagnaveitu Reykjavíkur, og Línu.Net hf. og nemur samanlögð fjárfesting vegna þessara félaga 40.860 millj.kr. og tap vegna þeirra nemur 9.266 millj.kr. Um ályktanir og niðurstöður um Gagnaveitu Reykjavíkur vísast til kaflans um fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur hér á undan.

Að mati úttektarnefndarinnar eru kaup Orkuveitu Reykjavíkur á Hitaveitu Suðurnesja og fjármögnun þeirra kaupa, ein af ástæðum fyrir núverandi fjárhagslegri stöðu fyrirtækisins. Kaupin áttu sér afar skamman aðdraganda og svo virðist sem ekki hafi verið leitað til sérfræðinga til að kanna áreiðanleika þeirra upplýsinga sem tiltækar voru við söluna t.d. með áreiðanleikakönnun sem verður að teljast eðlilegt að láta framkvæma við kaup af

Þessari stærðargráðu. Einnig geta þeir verðútreikningar á félaginu, sem lágu til grundvallar við kaupin, í besta falli talist vera takmarkaðir. Svo virðist sem ekki hafi heldur verið leitað til sérfræðinga til að skoða möguleika fyrirtækjanna á að sameinast, en bæði störfuðu á sama samkeppnismarkaði. Í viðtölum úttektarnefndarinnar hefur verið óskað eftir upplýsingum um, hvort aflað hafi verið álits lögmanna eða annarra sérfræðinga á því fyrir kaupin hvort samkeppnislög stæðu í vegi fyrir þeim. Viðmælendur úr röðum stjórnarmanna sem komu að kaupunum hafa fullyrt að svo hafi verið, en úttektarnefndin hefur í störfum sínum ekki getað staðfest þær fullyrðingar. Þá var fjármögnun kaupanna ekki frágengin við kaupin, og þaðan af síður fjármögnun á þeirri kaupskyldu sem samið var um gagnvart Hafnarfjarðarbæ og sem á reyndi í desember 2007. Hér virðist því hafa verið tekin ákvörðun um að kaupa hlut í félaginu án nægilegs undirbúnings og með því valdið fyrirtækinu verulegum fjárhagslegum skaða, sem hefði líklega verið hægt að komast hjá með betri undirbúningi ákvörðunarinnar. Tap vegna kaupanna nemur eins og áður kom fram 2.669 millj.kr.

Þá hefur hér að framan verið fjallað um málefni tengt REI, sem stofnað var sumarið 2007 og átti að vera útrásarfyrirtæki Orkuveitunnar á sviði jarðhitaverkefna. Eins og fram kom hafa ákvarðanir tengdar REI einkennst af miklum hraða, sem sjá má af því hversu miklar breytingar urðu á hlutverki og eignarhaldi fyrirtækisins á skömmum tíma, þ.e.a.s. á fyrstu sex mánuðum í rekstri félagsins. Ekki verður séð að upplýst eða mótuð afstaða hafi verið tekin til framangreindra atriða af hálfu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Ekki verður heldur séð að þessi atriði hafi verið borin undir eigendur. Þó hefur verið upplýst um það viðhorf stjórnenda fyrirtækisins í viðtölum úttektarnefndarinnar, að um væri að ræða rekstur sem koma hafi átt fyrir í sérstöku fyrirtæki, til þess að lágmarka áhættu Orkuveitunnar, og þar með bakábyrgðaraðila hennar þ.e.a.s. eigenda, af áhættusömum útrásarverkefnum.

Hluti af þeim verðmætum sem áttu að renna til REI var sú þekking sem safnast hafði upp við rannsóknir og störf sérfræðinga hjá Orkuveitu Reykjavíkur um áratugaskeið á sviði jarðvarmavirkjana. Var gerður um það sérstakur þjónustusamningur milli Orkuveitu Reykjavíkur og REI, sem í grófum dráttum kvað á um einkarétt REI til þess að selja ráðgjafarþjónustu Orkuveitu Reykjavíkur og önnur tengd réttindi erlendis. Til þessa einkaréttar frá Orkuveitu Reykjavíkur taldist meðal annars sérfræðikunnátta og þjónusta á sviði jarðhita, starfsemi og umsvif erlendis, rannsóknir og markaðsmál og var samningnum ætlað að gilda til tuttugu ára. Auk þess var upphaflega samið um að starfsmenn Orkuveitunnar og REI, fengu kauprétt á hlutum í félaginu.

Að áliti úttektarnefndarinnar sýna fyrrgreindar ákvarðanir og ráðstöfun verðmæta Orkuveitu Reykjavíkur, að verulega hafi skort á að eigendur hafi sett fyrirtækinu skýra stefnu um rekstur og hlutverk þess. Segja má jafnframt að með framangreindum samningum og ákvörðunum hafi Orkuveita Reykjavíkur verið komið nokkuð langt frá upphaflegum tilgangi fyrirtækisins, auk þess sem upplýst hefur verið í viðtölum við úttektarnefndina að í kjölfar REI málsins hafi eigendur fyrst áttað sig á þeim mikla mun sem var á afstöðu stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur annars vegar og eigenda hins vegar, til starfsemi fyrirtækisins og sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan. Í því samhengi hefur úttektarnefndin litið til þess að eins og lýst var hér að framan var REI stofnað í byrjun sumars 2007, ákvörðun um kaup á hlut forkaupsréttarhafa í Hitaveitu Suðurnesja var tekin í byrjun júlí 2007 og að lokum ákvörðun um að leggja hluti Orkuveitunnar í Hitaveitu Suðurnesja inn í REI í október 2007. Allt þetta gerðist með mjög skömm-

um fyrirvara og án þess að stjórn fyrirtækisins hafi í reynd tekið mótaða eða upplýsta afstöðu til þessara atriða í heild sinni. Svo sem að framan var rakið varð þó ekki af þessum viðskiptum og er Orkuveita Reykjavíkur nú ein eigandi REI, en starfsemi þess er nú nær engin.

Þá var ákveðið, eins og að framan var rakið, að gera tilboð um kaup á hlutafé í filippseyska orkufyrirtækinu PNOC-EDC í nóvember 2007, sem þó var ekki gengið að. Ef af þeim kaupum hefði orðið, hefði þurft að reiða fram 102.000 bandaríkjadala. Samtals var fjárfest í REI fyrir 4.228 millj.kr. og tap sem fært hefur verið til gjalda nemur sem áður segir 1.789 millj.kr.

Eins og fram hefur komið hefur umtalsverðum fjárhæðum verið varið til fjárfestingar í hlutafélögum. Að mati úttektarnefndarinnar skorti hins vegar verulega á skýrari stefnu og starfsreglur um kaup á hlutabréfum og fjárfestingum í félögum. Er þetta ein ástæðna núverandi fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur.

15. Úttektir eigenda

15.1 Almennt

Frá upphafi hefur Orkuveita Reykjavíkur greitt eigendum sínum árlegar greiðslur, sem ákveðnar hafa verið á aðalfundum fyrirtækisins og hefur oft verið vísað til þeirra sem arðgreiðslna. Slíkar greiðslur höfðu einnig tíðkast hjá þeim borgarfyrirtækjum sem síðar runnu inn í Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001, skal halda aðalfund fyrirtækisins í júnímánuði ár hvert. Eitt hlutverka aðalfundar er að taka ákvörðun um ráðstöfun arðs, samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 139/2001, en samkvæmt ákvæðinu skal við það miðað að Orkuveita Reykjavíkur skili eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu. Samkvæmt sameignarsamningi fyrirtækisins, er á aðalfundi meðal annars tekin ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, sem fer fram samkvæmt tillögum stjórnar fyrirtækisins. Í 12. gr. samningsins kemur fram að Orkuveitan á að greiða eigendum sínum arð í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags í sameignarfyrirtækinu og á að ákveða arðgreiðsluna með hliðsjón af þess.⁵³⁰

Frá árinu 2002 til ársins 2010 var samþykkt af aðalfundi fyrirtækisins að greiða eigendum fyrirtækisins samtals að 11.973 millj.kr., sem eru 16.334 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Fyrir stofnun sameignarfyrirtækisins, þ.e. á árunum 1999 til 2001, námu greiðslur til eigenda 8.265 millj.kr. sem eru 14.677 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Til viðbótar var samþykkt á árinu 2005 að greiða eigendum svokallað ábyrgðargjald vegna ábyrgðar eigenda á skuldbindingum fyrirtækisins, eins og fjallað verður um hér á eftir.

Ár	Arður		Skuldabréf	
	Verðlag hvers árs	Verðlag 2010	Verðlag hvers árs	Verðlag 2010
1999	1.371	2.583	992	1.869
2000	1.269	2.295	1.498	2.709
2001	1.300	2.165	1.835	3.056
	3.940	7.043	4.325	7.634

Á myndinni hér að ofan gefur að líta yfirlit yfir þær greiðslur sem runnu til eigenda fyrir stofnun sameignarfyrirtækisins um Orkuveitu Reykjavíkur, þ.e. árin 1999–2001. Taflan er tvískipt og er annars vegar um að ræða arð sem greiddur var árlega á árunum 1999 til 2001 og hins vegar er um að ræða greiðslur af skuldabréfi sem gefið var út á árinu 1999 þegar eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur var lækkað um 4.000 millj.kr.

Skuldabréfið sem þá var gefið út til Reykjavíkurborgar, var gefið út við sameiningu Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur. Endurgreiðslur vegna þess voru 4.325 millj.kr. á verðlagi hvers árs, sem eru 7.634 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010, og var það greitt til Reykjavíkurborgar á árunum 1999 til 2001. Hefur komið fram í viðtölum úttekta- nefndarinnar að skuldabréfið hafi verið einhliða greiðsluloforð og að það hafi verið gefið út í því skyni að lækka eigið fé fyrirtækisins og hafi í reynd

Helgi Hjörvar: „Þær pólitísku ákvarðanir sem að ég man eftir á þeim tíma voru auðvitað þær, að þessi fyrirtæki ættu að skila arði í borgarsjóð og við gerðum breytingar hvað því viðvíkur og það var tekið talsvert af arðgreiðslum þangað og notað til sameiginlegra verkefna borgarbúa. Ég held ekki að það hafi verið með neinum hætti óhæfilega mikið á þessu árabili 1994 til 2002, heldur bara eðlilegt endurgjald í því ljósi. Ég held kannski að eina raunverulega meginatriðið sem að átök voru um, það var sú ákvörðun að taka peninga út úr fyrirtækinu og flytja þá yfir í borgarsjóð. Veiturnar vildu ekkert láta taka af tékkareikningnum hjá sér, menn fóru frekar í það að byggja Perluna eða gera einhverja aðra hluti á vegum fyrirtækjanna sjálfra til þess að fela einhvers staðar hinn mikla arð af þessum fyrirtækjum.“

Guðmundur Þóroddsson: „Eign OR í Landsvirkjun var færð til Reykjavíkurborgar og skuldabréfið fór frá OR til borgarinnar. Það er alveg óskilyt og Landsvirkjun var miklu stærri pakki. Hvertveggja var lækkan á eigin fé OR, eins konar arðgreiðsla.“

Haukur Leósson: „En hvað kemur á móti? Ég vissi það að eigið fé hafi lækkað. Ég sagði mér það sjálfur en gat hvergi fengið það staðfest. Hvað fékk OR á móti? Fyrirtækið hefur ekki bara látið hlutinn og ekki fengið neitt á móti. Reykjavíkurborg seldi hlutinn til ríkisins 2. janúar 2007. Hefði Orkuveita Reykjavíkur selt hlutinn sjálf, sem Orkuveitan átti með réttu, má segja að lántökur hefðu lækkað samsvarandi, um 39,4 milljarða.“

Ólöf S. Pálsdóttir: „Þegar Rafmagnsveitan og Hitaveitan voru sameinaðar 1999 var strax tekið út úr efnahag fyrirtækisins eignahlutinn sem Rafmagnsveitan átti í Landsvirkjun. Rafmagnsveitan lagði á sínum tíma til grunninn að stofnun Landsvirkjunar, og átti því 44,525% eignarhluta í fyrirtækinu. Þessi eignarhluti var stór hluti eigna í efnahagsreiknings Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Á sama tíma tekur eigandinn, Reykjavíkurborg, einnig fjóra milljarða í peningum út úr fyrirtækinu. Gefið var út 4 milljarða króna skuldabréf þann 1. janúar 1999, sem Orkuveitan þurfti að greiða að fullu áður en eignarhald fyrirtækisins breyttist 2002. Þetta var ekki lán til borgarinnar, heldur var verið að lækka eigið fé félagsins. Reykjavíkurborg tók því út rúma 4 milljarða umfram arðgreiðslur á árunum 1999–2001 á verðlagi hvers árs, eða um 8,1 milljarð króna á verðlagi í mars 2011.“

530 Í minnisblaði rýnihóps OR dags. 22. október 2010 er tekið fram að arðs stefna eða arðgreiðslustefna eigenda Orkuveitu Reykjavíkur hafi þann tilgang að skilgreina kröfu eigenda til arðs eða arðgreiðslna fyrir þá fjármuni sem bundnir eru í fyrirtækinu, og því fjalli arðs stefnan um ávöxtunarkröfu á eigið fé, en arðs stefna eigenda taki mið af áhættulausum vöxtum. Rýnihópur OR: Minnisblað til eigendaneftar OR. Áhættustefna og arðs stefna eigenda OR. 22. október 2010.

verið eins konar arðgreiðsla til Reykjavíkurborgar, til viðbótar við þær arðgreiðslur sem fyrirtækið hafði greitt eiganda samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

Þá hafa viðmælendur úttektarnefndarinnar einnig tekið fram að með réttu hefði eignarhluti í Landsvirkjun átt að fylgja með eignum Rafmagnsveitu Reykjavíkur, við stofnun Orkuveitu Reykjavíkur en sá eignarhluti hafi flust yfir til Reykjavíkurborgar sem síðar seldi hann til ríkisins á árinu 2007.


Arðgreiðslurnar sem voru greiddar beint til eigenda árin 1999–2001 námu á tímabilinu 3.940 millj.kr. á verðlagi hvers árs sem eru 7.043 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og arðgreiðslurnar sem voru greiddar í formi skuldabréfs námu 4.325 millj.kr. á verðlagi hvers árs sem eru 7.634 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Samtals námu því greiðslur til eigenda á árunum 1999 til 2001 14.677 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010.

Á myndinni hér að neðan má sjá úttektir eigenda í formi arðs frá stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur árið 2002 og fram til ársins 2010 og eru þá greiðslur til eigenda vegna ábyrgðargjalds ekki meðtaldar. Á tímabilinu námu beinar úttektir eigenda í formi arðgreiðslna 11.973 millj.kr. samtals á verðlagi hvers árs, sem er 16.334 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Til samanburðar nam tap tímabilsins eins og áður hefur komið fram 50.059 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Á árunum frá 2002 til 2005 voru arðgreiðslur svipaðar og voru að meðaltali 2.142 millj.kr. á ári. Árið 2006 hækkar arðgreiðslan og nemur 2.411 millj.kr. það ár. Arðurinn lækkar síðan næstu tvö ár þar á eftir og nemur 1.984 millj.kr. á árinu 2007 og 1.748 millj.kr. á árinu 2008. Á árunum 2009 og 2010 lækkar arðgreiðslan enn frekar og er um 800 millj.kr. þau ár.

Guðmundur Þóroddsson: „Mín afstaða til þessa var alltaf sú að það væri ákvörðun eigenda hvornig þeir vildu hafa arðgreiðslum. Ég hafði aldrei neim afskipti af því önmur en að benda á að ef OR greiddi svo mikinn arð yrði að hækka gjaldskrár hennar. Stundum var hætt við hækkaun arðgreiðslu vegna þess að ekki var vilji til að hækka gjaldskrár. En ég tók aldrei persónulega afstöðu til þess hvort eigandinn vildi láta greiða sér út arð eður ei, hvort hann vildi byggja upp eigið fé í fyrirtækinu eða taka út arð til annarra nota. Það er eigandans að ákveða en þá getur hann þurft að auka við eigið fé þegar þess gerist þörf.“


3. mgr. 1. laga nr. 139/2001: „Orkuveita Reykjavíkur greiðir eigendum sínum árlegt ábyrgðargjald af þeim lánaskuldbindingum sem ábyrgð eigenda er á. Vegna lána til samkeppnisstarfsemi fyrirtækisins skal ábyrgðargjald svara að fullu til þeirrar ívilnunar sem fyrirtækið nýtur, á grunni ábyrgðar eigenda, í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ábyrgðar. Ábyrgðargjald það sem Orkuveita Reykjavíkur greiðir skal ákveðið á grundvelli mats óháðs aðila á lánakjörum með og án ábyrgðar eigenda og skal gjaldið reiknað af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga.“

Arður



Ákvörðun um greiðslu ábyrgðargjalds var fyrst tekin á árinu 2005, en frá þeim tíma hefur það verið æ hærri hluti af greiðslum til eigenda. Í samantekt fjármálastjóra Orkuveitu Reykjavíkur til stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur um arðgreiðslur dags. 18. nóvember 2008 kemur fram að ábyrgðargjald hafi verið greitt af langtímalánum frá árinu 2005, og hafi afgjaldið (arður) til eigenda verið lækkað sem því nam.

Nú hafa verið sett sérstök ákvæði um þá greiðslu með lögum nr. 144/2010, sem tóku gildi þann 1. janúar 2011, en forsögu þess má rekja til athugunar ESA á reglum og starfsumhverfi orkufyrirtækja í ríkiseigu á samkeppnismarkaði. Heildargreiðslur til eigenda vegna ábyrgðar þeirra á skuldum Orkuveitu Reykjavíkur koma fram á myndinni hér að neðan.



Eins og sjá má á myndinni hér að ofan hefur ábyrgðargjaldið hækkað nokkuð stöðugt á tímabilinu, sem er í samræmi við hækkun á skuldum fyrirtækisins. Á árinu 2005 nam ábyrgðargjaldið 71 millj.kr. sem eru 104 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010. Gjaldið hækkar síðan ár frá ári og nam á árinu 2010 samtals 716 millj.kr.

Samanteknar greiðslur til eigenda á tímabilinu frá 2002 til 2010 koma fram á yfirlitinu hér að neðan og skiptast eins og áður segir samtals í 16.334 millj.kr. í arð og samtals 2.005 millj.kr. í ábyrgðargjald, eða samtals 18.338 millj.kr.

Ár	Arður		Ábyrgðargjald	
	Verðlag hvers árs	Verðlag 2010	Verðlag hvers árs	Verðlag 2010
2002	1.299	2.121	0	0
2003	1.362	2.164	0	0
2004	1.441	2.204	0	0
2005	1.417	2.081	71	104
2006	1.756	2.411	121	166
2007	1.530	1.984	154	200
2008	1.568	1.748	300	334
2009	800	821	472	484
2010	800	800	716	716
	11.973	16.334	1.834	2.005

Greiðslur Orkuveitu Reykjavíkur til eigenda hafa verið nokkuð til skoðunar og sættu m.a. gagnrýni. Í viðtölum úttektaarnefndarinnar hafa einnig komið fram mismunandi sjónarmið um fjárhæð greiðslunnar, hvernig fjárhæð hennar er ákvörðuð og hvert eðli greiðslanna er. Má í þessu sambandi líta til bréfs forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur sem sent var fjármálaráðuneyti í tengslum við frumvarp sem unnið hafði verið af fjármálaráðuneytinu, þar sem gert var ráð fyrir að orkufyrirtæki greiddu framvegis tekju- og eignaskatt. Kom þar fram að Orkuveita Reykjavíkur lýsti sig andvíga þessum markmiðum frumvarpsins, m.a. annars þar sem:

„Orkuveita Reykjavíkur er í eigu fjögurra sveitarfélaga sem hafa haft af henni arð. Möguleikar Orkuveitunnar til arðgreiðslna til eigenda sinna skerðast verulega ef til skattgreiðslna kemur. Ljóst er að sveitarfélögin eru ekki undir þann tekjumissi búin.“⁵³¹

Hér á eftir verður fjallað um þessar greiðslur til eigenda og gerð grein fyrir ákvörðunum um greiðslu þeirra og um fjárhæð þeirra. Tekinn verður til skoðunar lagagrundvöllur greiðslna afgangis, sem jöfnun höndum verður nefndur arður í umfjölluninni, og jafnframt hvernig um efnið var fjallað

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson: „Arðgreiðslur frá orkufyrirtækjum borgarinnar í borgarsjóð námu á árunum 1987-1994, 6,1 milljarði króna á verðlagi í árslok 2001. Arðgreiðslur orkufyrirtækjanna í borgarsjóð og eftir sameiningu þeirra í OR, nema á árunum 1995-2002, eða fyrir jafnlangt tímabil, 12,9 milljörðum króna á sama verðlagi. Munurinn er 6,8 milljarðar króna. Þar fyrir utan var Orkuveitan látin afhenda borgarsjóði 4 milljarða króna til að styrkja stöðu borgarsjóðs ... Með auknum arðgreiðslum í borgarsjóð og sérstakri greiðslu upp á 4 milljarða króna í borgarsjóð hafa á valdatíma R-listans verið teknir um 10,8 milljarðar króna úr sjóðum Orkuveitunnar til að bæta og fegra stöðu borgarsjóðs. Orkuveitan þurfti að fjármagna auknar arðgreiðslur í borgarsjóð með lántökum.“ Aðsend grein Morgunblaðið 27. mars 2002. http://www.mbl.is/greinasafn/grein/659361/?item_num=1&searchid=0f3348650b6f04f1e9877ddead679a231b3e3a01

531 Bréf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til fjármálaráðuneytis, dags. 23. ágúst 2004.

á vettvangi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Vegna framangreindra at-
hugasemda sem upp voru bornar á árinu 2003 um umfang arðgreiðslna
fyrirtækisins á einu umfangsmesta fjárfestingatímabili þess, verða greiðslur
til eigenda jafnframt bornar saman við fjárhagslega getu fyrirtækisins til
arðgreiðslna hverju sinni.

15.2 Umfjöllun stjórnarfundar og aðalfundar um arðgreiðslur Orkuveitu Reykjavíkur

Ákvörðun um greiðslu arðs hefur verið tekin á aðalfundum fyrirtækisins
og samþykkt þar, en í fundargerðum er ekki að finna frekari upplýsingar
um forsendur fyrir ákvörðun fjárhæðarinnar, svo sem hvort miðað hafi
verið við afkomu fyrirtækisins eða eigið fé þess. Má segja að fundargerðir
stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og aðalfundar séu nokkuð samhljóma þegar
kemur að ákvörðunum um greiðslu arðs til eigenda. Fyrsti aðalfundur hins
nýja fyrirtækis, Orkuveitu Reykjavíkur, var haldinn þann 24. júní 2002. Þar
var lögð fram og samþykkt tillaga forstjóra, sem áður hafði verið lögð fram
á fundi stjórnar þann 29. maí 2002 og vísað til afgangsgreiðslna aðalfundar, um að:

*„... arðgreiðslur vegna síðastliðins árs verði 1300 milljónir. Jafn-
framt er veitt heimild til að greitt verði upp í arðgreiðslur ársins
2002 á vormánuðum 2003 miðað við sömu upphæð. Lagt er til að
tap verði jafnað á mótí óráðstöfuðu eigin fé.“⁵³²*

Á aðalfundi þann 11. júní 2003 var jafnframt samþykkt svohljóðandi tillaga
um arðgreiðslu til eigenda, sem áður hafði verið lögð fram á fundi stjórnar
þann 3. júní 2003:

*„Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 11. júní 2003
samþykkir að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs verði 1365 millj-
ónir. Jafnframt er veitt heimild til að greitt verði upp í arðgreiðslur
ársins 2003 á vormánuðum 2004. Samþykkt er að hagnaði verði
bætt við óráðstafað eigið fé.“⁵³³*

Umræður urðu um arðgreiðslur á stjórnarfundum þann 11. nóvember 2003,
þar sem fulltrúar Sjálfstæðisflokks lögðu fram tillögu um að stjórn Orku-
veitu Reykjavíkur myndi hefja viðræður við eigendur fyrirtækisins um
lækkun arðgreiðslna í ljósi stöðu fyrirtækisins. Þeirri tillögu var vísað frá
með tillögu formanns stjórnar fyrirtækisins, þar sem formaðurinn vísaði til
sterkrar stöðu fyrirtækisins og með hliðsjón af „... sterkri stöðu Orkuveitu
Reykjavíkur telur stjórnin ekki ástæður til að fara fram á lækkun arð-
greiðslna á þessum tímamarki.“⁵³⁴ Var frávísunartillagan samþykkt með
þremur greiddum atkvæðum, gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðis-
flokks. Á aðalfundi þann 10. júní 2004 var svo enn samþykkt að greiða arð
til eigenda, en tillagan hafði áður verið kynnt á fundi stjórnar þann 1. júní
2004. Var fallist á að greiða arð vegna ársins 2003, 1.441 millj.kr. og að greitt
yrði upp í arðgreiðslur ársins 2004 á vormánuðum 2005, en að hagnaði
yrði bætt við óráðstafað eigið fé.

Á aðalfundi þann 9. júní 2005 var lögð fram tillaga um arðgreiðslu til
eigenda, en það var í fyrsta sinn eftir að Garðabær og Hafnarfjörður seldu
Orkuveitu Reykjavíkur eignarhluta sinn í fyrirtækinu. Þá var þar í fyrsta
skipti lagt til að Orkuveita Reykjavíkur greiddi ábyrgðargjald til eigenda.

532 Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 24. júní 2002.

533 Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 11. júní 2003.

534 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 11. nóvember 2003.

Var gert ráð fyrir því að ábyrgðargjaldið skiptist eftir hlutfallslegri ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjald árið 2005 væri áætlað 70 millj.kr. og skiptist miðað við ábyrgðarhlutfall í árslok 2004 á milli sveitarfélaga. Þá var gert ráð fyrir því að skipting á ábyrgðum myndi breytast við nýjar lántökur og afborganir af eldri lánnum. Var tillagan, um greiðslu arðs og hins nýja ábyrgðargjalds, kynnt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 1. júní 2005, og svo lögð fram og samþykkt á aðalfundi fyrirtækisins þann 9. júní 2005. Í henni var miðað við eignarhluta eigenda Orkuveitu Reykjavíkur þann 31. desember 2004 og var lagt til að eigendum yrði greiddur arður vegna ársins 2004 að fjárhæð 1.417 millj.kr., miðað við eignarhlutföll þann 31. desember 2004, þannig:

Eignarhluti 31.12.2004		
	Eignarhluti	Fjárhæð
Reykjavíkurborg	93,539%	1.325.552
Akranesbær	5,528%	78.338
Borgarbyggð	0,761%	10.784
Borgarfjarðarsveit	0,172%	2.437
Samtals	100,000%	1.417.112

Þá var einnig samþykkt að þeim sveitarfélögum sem hefðu gengist undir ábyrgðir vegna skulda Orkuveitu Reykjavíkur yrði greitt sérstakt ábyrgðargjald sem næmi 0,0625% ársfjórðungslega af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga. Var gjaldið greitt til eigenda þannig:

Ársfjórðungslegt ábyrgðargjald		
	Eignarhluti	Ábyrgðargjald
Reykjavíkurborg	96,426%	67.498
Akranesbær	2,754%	1.928
Borgarbyggð	0,379%	265
Borgarfjarðarsveit	0,086%	60
Hafnarfjörður	0,299%	209
Garðabær	0,057%	40
Samtals	100,000%	70.000

Á næstu árum voru tillögur stjórnar til aðalfunda um greiðslu arðs samþykktar án sérstakrar umræðu á aðalfundum fyrirtækisins. Á aðalfundi fyrirtækisins þann 21. júní 2006 var samþykkt að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs yrðu 1.462 millj.kr. og jafnframt veitt heimild til að greiða upp í arðgreiðslur ársins 2006 á vormánuðum 2007. Aðalfundur sem haldinn var 8. júní 2007 samþykkti einnig að arðgreiðslur vegna ársins 2006 yrðu 1.530 millj.kr. og var veitt heimild til að greiða upp í arðgreiðslur ársins 2007 á vormánuðum 2008 og á aðalfundi sem fram fór þann 18. júní 2008 var samþykkt að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs yrðu 1.568 millj.kr. með heimild til að greiða upp í arðgreiðslur ársins 2008 á vormánuðum 2009.

Á aðalfundi sem fram fór þann 9. júní 2009 var gerð tillaga um greiðslu lægri arðs til eigenda. Þar var lögð fram svohljóðandi tillaga, sem áður hafði verið kynnt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 15. maí 2009. Á þeim stjórnarfundum hafði verið samþykkt tillaga um að leggja til við aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur að greiða arð, með svohljóðandi tillögu:

„Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn 9. júní 2009 samþykkir að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs verði 800 milljónir

„Hjörleifur segir að Orkuveitan hafi á undanförunum árum greitt eigendum um 1600 milljónir króna í arð árlega. Sú upphæð hafi hækkað með verðlagi. „Um síðustu áramót var séð hver útkoman yrði á þessu ári vegna þess hvernig gengið væri að leika okkur. Þá var samið um að lækka þessa upphæð um helming,” segir Hjörleifur. Hann bendir því á að arðurinn sem er greiddur núna sé helmingurinn af því sem hann hafi verið undanfárin ár. „Með því má segja að eigendurnir séu að taka á sig líka hluta af þeim erfiðleikum sem eru uppi,” segir Hjörleifur. Hann segir að þetta sé ekkert nýtt heldur hafi þessar upplýsingar legið fyrir frá síðustu áramótum. „Svo skulum við líka hafa það í huga að arðgreiðslurnar, sem eru að renna til eigendanna, að þær fara til samfélagsins. Þær eru ekki að fara í vasa neinna auðmanna,” bendir Hjörleifur á. Hann segir að greiðslurnar renni til sveitarfélagana, Reykjavíkurborgar, Akraness og Borgarbyggðar. Þær renni síðan til samfélagslegra verkefna og nýtist borgunum með beinum hætti. “Viðtal við Hjörleif Kvaran. Visir.is 14. maí 2009 . <http://www.visir.is/kannast-ekki-vid-oanaegju-starfsmanna-vegna-arðgreiðslna/article/2009823991812>.

*króna. Jafnframt er veitt heimild til að greitt verði upp í arðgreiðslur ársins 2009 á vormánuðum 2010.*⁵³⁵

Á aðalfundi fyrirtækisins þann 25. júní 2010 var einnig samþykkt að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs yrðu 800 milljónir króna og að heimilt væri að greiða upp í arðgreiðslur ársins 2010 á vormánuðum 2011. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 27. ágúst 2010 voru arðgreiðslur fyrirtækisins til umfjöllunar og var samþykkt að þess yrði farið á leit við eigendur fyrirtækisins að teknar yrðu upp viðræður um arðgreiðslustefnu, auk þess sem fallið yrði tímabundið frá arðskrófu á fyrirtækið. Var tillagan m.a. rökstudd sem einn liður þess að leysa fjármögnunarmála fyrirtækisins. Við afgreiðslu tillögunnar var ekki fallist á að fresta meðferð hennar, en um það hafði komið fram krafa frá einum stjórnarmanna. Var tillagan því næst samþykkt með fimm atkvæðum en fulltrúi sjálfstæðismanna sat hjá við afgreiðsluna.

Svandís Svavarsdóttir: „Merkilegt hvað við erum skammt á veg komin í að ræða nákvæmlega þetta. Hvaða leiðir höfum við til að tryggja það að arður eða hagnaður fari til sömu almannahagsmuna og eiga að gæta audlindanna.“

15.3 Grundvöllur afgjaldsgreiðslna til eigenda

Í 7. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 kom fram að sveitarfélög skyldu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og að þeim væri heimilt að ákveða sér eðlilegan afkastur af því fjármagni sem bundið væri í rekstri þeirra. Á þeim grundvelli hefur verið tekin ákvörðun um greiðslu arðs frá Orkuveitu Reykjavíkur til eigenda fyrirtækisins, á hverju ári frá stofnun þess árið 2002 fram til ársins 2010.

5. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1998 „Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afkastur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra.“

Í minnisblaði borgarlögmans til borgarstjóra dags. 8. maí 2001 um heimild sveitarstjórna til að áskilja sér afgjald af orkufyrirtækjum sem þau reka á eigin ábyrgð, kemur fram að við rekstur Hitaveitu Reykjavíkur hafi þess verið gætt að hún væri rekin með arðsemissjónarmið í huga og að eðlilegt væri og sjálfsagt að eigandi fyrirtækisins, Reykjavíkurborg, fengi greiddan arð af því fyrirtæki sem borgin hefði sett á laggirnar til þess að þjóna borgarbúum og síðar nágrannasveitarfélögum. Þá hafi það ævinlega verið talið réttlætanlegt að þetta fyrirtæki Reykjavíkurborgar greiddi eiganda sínum arð að mati borgarstjórnar, en Reykjavíkurborg bæri ein alla ábyrgð á fyrirtækinu þótt það þjónaði öðrum sveitarfélögum. Í minnisblaðinu kom einnig fram sú afstaða borgarlögmans að það væri almennt hlutverk fyrirtækja, jafnt í eigu einstaklinga sem opinberra aðila, að gæta arðsemissjónarmiða og standa þannig að rekstri að þau geti greitt eigendum sínum arð. Hitaveita Reykjavíkur væri rekin á ábyrgð borgarsjóðs en með því ábyrgðist Reykjavíkurborg allar þær skuldbindingar sem fyrirtækið undirgengist. Því hlyti að vera eðlilegt að eigandi fyrirtækisins áskildi sér arð frá því fyrirtæki sem hann bæri einn alla rekstraráhættu af og stæðu engin lagaákvæði því í vegi.⁵³⁶

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Það er í lögum að fyrirtækið skuli skila eðlilegu afgjaldi af sínum rekstri til eigandans, skattgreiðenda, þannig að það hefur aldrei verið umræða eða átök um það á vettvangi borgarstjórnar hvort það eigi að greiða þetta. Þetta er eðlilegt og sjálfsagt, en hefur verið fjóst tala í langan tíma. Það var algjörlega óverjandi að krefja öll svið borgarinnar og alla þjónustu við almenning að taka á sig verulega lækkun kostnaðar vegna kreppunnar en gera ekki slíkar kröfur til OR. Þetta afgjald sem fyrirtækið hefur greitt til borgarinnar hefur verið óháð afkomu hverju sinni og upphæðin hefur aldrei verið og er ekki þannig að hún ráði stærstu um endanlega niðurstöðu hjá fyrirtækinu. Þar veða aðrir þættir mun þyngra.“

Í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 139/2001 er að finna almennt ákvæði um greiðslu arðs til eigenda svo sem rakið var hér að framan. Í sameignarsamningi fyrirtækisins frá 29. janúar 2004 kemur fram í 9. gr. að við það skuli miðað að Orkuveita Reykjavíkur skili eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu og að ákvörðun um ráðstöfun arðsins skuli tekin af aðalfundi fyrirtækisins. Sambærilegt ákvæði var að finna í 10. gr. sameignarsamnings frá 12. desember 2001, sem í gildi var við stofnun fyrirtækisins. Samsvarandi ákvæði var einnig að finna í 10. gr. samþykktar fyrir hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, en þar segir í 10. gr. að á aðalfundi

535 Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 9. júní 2009.

536 Minnisblað borgarlögmans til borgarstjóra, dags. 8. maí 2001.

skyldi taka ákvörðun um hvernig fara skyldi með hagnað eða tap af rekstri félagsins og um arðgreiðslur til eigenda.

Samantekt fyrrverandi fjármálastjóra til stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur dags. 18. nóvember 2008 gefur nokkuð heildstæða mynd af því hvernig ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslu fyrirtækisins var ákveðin. Í samantektinni kemur fram að þegar Orkuveita Reykjavíkur var stofnuð með sameiningu Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur hafi farið fram greining á stofnefnahagsreikningi hins nýja félags. Niðurstaðan hafi orðið sú að Reykjavíkurborg hafi yfirtekið eignarhlut Rafmagnsveitna Reykjavíkur í Landsvirkjun (sem síðar var seldur). Þá hafi jafnframt verið gefið út skuldabréf til Reykjavíkurborgar að fjárhæð um 4 milljarðar króna sem hafi svo verið greitt til baka á árunum 1999–2001. Þar sem Rafmagnsveita Reykjavíkur og Hitaveita Reykjavíkur hafi greitt afgjald til borgarsjóðs sem reiknað hafi verið með ákveðnum hætti hafi þótt eðlilegt að hið nýja fyrirtæki, Orkuveita Reykjavíkur, greiddi eiganda sínum afgjald með áþekktum hætti. Fram kom í erindi fjármálastjórans að:

- „1. Fyrir stofnun OR 1999 var arðgreiðsla ársins 1999 áætluð í samræmi við það sem tíðkaðist hjá forverum hennar, þ.e. RR og HR. Arðurinn var reiknaður þannig fyrir fjárhagsáætlun ársins 1999, að miðað var við 2,44% arði af eignarhlut í Landsvirkjun og 5,0% af annarri eign í árslok 2006, sem svarar til 3,1% af hreinni eign í RR og HR í árslok 1997, samtals 1.287 mkr.
2. Sama aðferð var notuð fyrir árið 2000, þ.e. miða við hreina eign RR og HR í árslok 1998.
3. Fyrir árið 2001 var sama aðferð notuð af endurmetnum eignum OR (þ.m. VR sem var sameinuð OR 01.01.2000) í árslok 1000, þ.e. 1.300 mkr, eða 3,83%.
4. Fyrir árið 2002 var skv. ákvörðun stjórnarformanns og skv. tölvupósti frá fjármálastjóra Reykjavíkurborgar þann 20.10.2001 fallið frá þeim útreikningum og miðað við sömu tölu og árið áður. Þessi ákvörðun var tekin í ljósi þess að arðsemi eigin fjár stóð engan vegin undir þessum arðgreiðslum en arðsemi eigin fjár var árið 1999 1,4%, árið 2000 1,9% og neikvætt árið 2001 upp á 1,9% sbr. súlurit „Arðsemi eiginfjár“.
5. Fyrir árið 2003 var upphaflega gert ráð fyrir 3,83% arðgreiðslu af eigið fé skv. stofnefnahagsreikningi OR 01.01.2002, samtals 1.470 mkr, en fallið var frá þeim útreikningum skv. ákvörðun stjórnarformanns og borgaryfirvalda og miðað við hækkun skv. NVT. Þetta er fyrsta rekstrarár OR sem sameignarfyrirtækis.
6. Frá 2003–2008 hefur arðgreiðsla verið áætluð skv. breytingu á NVT.
7. Fyrir árið 2009 er arðgreiðsla áætluð u.þ.b 50% af arðgreiðslu 2008, eða 800 mkr.⁵³⁷

Í samantekt fjármálastjórans er einnig vikið að ástæðum þess að veitufyrirtækin og síðar Orkuveita Reykjavíkur hafi miðað grunn að útreikningi arðs við niðurstöðu ársreiknings næstliðins árs í stað síðasta árs, eins og almennt tíðkaðist. Kom fram um þetta að:

„... það þótti betra að arðgreiðslur frá fyrirtækjum borgarinnar lægju fyrir við áætlanagerð næsta árs. Ég tel tvímælaust eðlilegra fyrir OR að arðgreiðsla ársins 2009 taki mið af afkomu og stöðu

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Um mitt ár 2009 fer aðgerðarhópur borgarráðs og leitar ráðgjafar hjá samstarfsborgum á norðurlöndunum, Helsinki, Ósló, Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Og við leggjum á borðið það sem við erum búin að vera að gera, þeir yfirfara okkar gögn og segja að í ljósi reynslu sinnar, þá sé það mikilvægast að tryggja að fyrirtæki borganna axli sína ábyrgð líkt og grunnþjónustan þarf að gera. Það var skoðun margra sem við töluðum við að við værum með allt of lág afgjöld af þessum fyrirtækjum og í framhaldi af því var fjármálastjóra falið að skoða það. Fjármálastjóri taldi OR í stöðu til þess að greiða aukið afgjald en fyrirtækið mótmælti því og niðurstaðan eftir talsverða yfirlegu var að fyrirtækið greiddi helming af sammingsbundnu afgjaldi sínu, enda vildi borgarstjórn frekar gefa slíkan afslátt á afgjaldi en að hækka gjaldskrár á almenning. Þetta er nákvæmlega skilgreint og skýrt í fjárhagsáætlun ársins 2010.“

Guðlaugur G. Sverrisson: „Á ákveðnum tímamarki átti að hækka þetta upp í 2.400 milljónir minnir mig, sem að við ættum að greiða í arð fyrir árið 2008 sem ég taldi bara alveg fráleitt. Og það varð niðurstaðan að við borguðum 800 milljónir. Þetta gerist á milli stjórnarfunda og þetta er mitt hlutverk sem stjórnarformanns félagsins að gæta hagsmuna félagsins gagnvart eigandanum og ég taldi og við töldum að í rauminni ættum við ekki að borga neim arð en það voru ríkar ástæður til þess en úr því að við gátum það, að nýta þá til annarra samfélagslegra verkefna fyrir hönd eigandans.“

537 Samantekt fjármálastjóra til stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur um arðgreiðslur, dags. 18. nóvember 2008.

*eigin fjár í árslok 2008. Í útkomuspá ársins liggur vissulega óvissa um árslokagengi sem getur haft veruleg áhrif á eigið fé ...*⁵³⁸

„Árman Kr. Ólafsson, oddviti sjálfstæðismanna í Kópavogi segir að í raun sé nú ráðist í nýju gjaldskrárhækkningar til þess að ná þessum arðgreiðslum til baka. Íbúar nágrannasveitarfélaga Reykjavíkur séu í raun dæmdir til þess að greiða þrátt fyrir að arðgreiðslurnar hafi á sínum tíma eingöngu runnið í borgarsjóð Reykjavíkur. „Aðrir notendur fengu ekki notið þessara arðgreiðslna. Kópavogsbær óskaði eftir því að fá hlut í þessum arðgreiðslum en því var alfarið hafnað,“ segir Árman. „Á árinu 1998 voru greiðslurnar 1,4 milljarðar sem eru í dag 2,7-2,8 milljarðar. Það er hægt að segja að íbúar nágrannasveitarfélagana hafi verið að borga eins konar skatt til borgarsjóðs upp á tugi milljarða á núvirði og hlutur Kópavogsbúa er á milli 3,5 og 4 milljarðar.“ Nú hafi það verið upplýst að ekki voru innstæður fyrir þessum arðgreiðslum og því muni Kópavogsbúar jafnt sem aðrir fá á sig sömu hækkunar og íbúar Reykjavíkur. Þetta kallist að misnota einokunarstöðu sína. Árman segir að Orkuveitan hafi í raun verið rænd innanfrá. „Núna er verið að rukka til baka arðgreiðslurnar og íbúar nágrannasveitarfélagana erum skattlagðir í þeim tilgangi. Það var aldrei til innistæða fyrir þessu og því áttu menn aldrei að leyfa sér að dæla peningum út úr Orkuveitunni með þessum hætti.““ RUV 29. ágúst 2010 <http://www.ruv.is/node/128926>.

Dagur B. Eggertsson: „Kópavogsdæmið er ágætt, vegna þess að við erum að taka áhættu af því að byggja upp þetta fyrirtæki og vera í ábyrgðum fyrir það. Eins og hefur sýnt sig. Við þurftum að reida fram fé til að standa á bak við fyrirtækið. Við erum bakábyrgðaraðili. Burt séð frá því, jafnvel þó að það væri ekki jafnt, þá finnst mér eðlilegt að greiða arð en spurningin er, á hann að sveiflast með afkomu eða fela í sér jafnar greiðslur yfir lengri tíma.“

Var á það bent að afar villandi væri að taka ákvörðun um arðgreiðslu ársins 2009 byggða á afkomutölum 2007. Var tillaga um arðgreiðslu ársins 2009 því sett fram sem 2,9% af áætluðu óráðstöfuðu eigin fé Orkuveitu Reykjavíkur í árslok 2008 samkvæmt útkomuspá þar sem gengisvísitala var áætluð 200.

Á yfirlitinu hér að neðan eru arðgreiðslur hvers árs bornar saman við stöðu á óráðstöfuðu eigin fé í árslok árið á undan, auk samanburðar við arðsemi eigin fjár fyrra árs.

Samanburður á arðsemi, óráðstöfuðu eigin fé og arðgreiðslum

Ár	Staða ÓEF í upphafi árs	Arðgreiðsla ársins	% af ÓEF	Afkoma fyrra árs	Arðsemi eigin fjár fyrra árs
2000	33.423	1.269	3,8%		
2001	33.923	1.300	3,8%	389	
2002	34.935	1.299	3,7%	(533)	-1,5%
2003	37.836	1.362	3,6%	3.005	8,3%
2004	39.699	1.441	3,6%	1.279	3,3%
2005	41.929	1.417	3,4%	3.671	9,0%
2006	48.213	1.756	3,6%	4.359	9,7%
2007	60.511	1.530	2,5%	(613)	-3,1%
2008	65.491	1.568	2,4%	6.509	8,4%
2009	(7.518)	800	N/A	(72.960)	-106,4%
2010	(8.816)	800	N/A	(2.539)	-5,7%
		14.542		(57.433)	

Eins og sést á yfirlitinu hefur arðgreiðsla hvers árs numið frá því að vera 2,4% af stöðu á óráðstöfuðu eigið fé á árinu 2008 í það að nema 3,8% á árunum 2000 og 2001. Á árunum 2009 og 2010 var óráðstafað eigið fé neikvætt, en samt var greiddur arður til eigenda á þeim árum. Arðsemi eigin fjár kemur einnig fram á yfirlitinu og eins og sést er í reynd ekkert samræmi á milli þeirrar arðsemi sem þar greinir og arðgreiðslna fyrirtækisins.

Eins og fyrr segir hefur komið fram gagnrýni á arðgreiðslur Orkuveitu Reykjavíkur til eigenda fyrirtækisins. Í viðtali fjölmiðla við oddvita Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Kópavogs þann 29. ágúst 2010 kom meðal annars fram mjög harðorð gagnrýni í kjölfar hækkana á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur. Segja má að sú gagnrýni sem fram hafi komið á þessar arðgreiðslur komi þar skýrt fram, en þar er því haldið fram að innstæður fyrir arðgreiðslum fyrirtækisins hafi í reynd aldrei verið fyrir hendi.

Í greinargerð með rekstrarúttekt stjórnenda frá 14. ágúst 2010 er einnig að finna umfjöllun um arðgreiðslur til eigenda. Þar kemur m.a. fram að eigendur Orkuveitu Reykjavíkur hafi ekki sett sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið fyrirtækisins, og að lengst af hafi arðgreiðslan til eigenda verið ákveðin fjárhæð sem framreiknuð var með hækkun vísitölu óháð afkomu fyrirtækisins. Fram kemur í greinargerð með rekstrarúttektinni að:

„Á stjórnarfundum í nóvember 2003 var flutt tillaga um að stjórn OR hæfi viðræður við eigendur fyrirtækisins um lækkan arð-

538 Samantekt fjármálastjóra til stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur um arðgreiðslur, dags. 18. nóvember 2008.

greiðslna í ljósi stöðu fyrirtækisins. Árið 2003 var rekstrarhagnaður um 1.280 mkr., arðgreiðslur 1.360 mkr. og eiginfjárlutfall OR 57,1%. Tillagan var felld. Á aðalfundi 9. júní 2005 var ákveðið að greiða þeim sveitarfélögum sem hafa undirgengist ábyrgðir vegna lána OR sérstakt ábyrgðargjald sem nam 0,25% af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga. Ábyrgðargjaldið árið 2005 var áætlað 70 mkr., og var ákvörðun um arðgreiðslu ársins 2004 lækkuð sem því nam. Ábyrgðargjaldið var hækkað um 50% árið 2009 og er núna 0,375%. Árið 2008 var 73 milljarða króna tap á rekstri OR og eiginfjárlutfallið 18,6%. Greiddur var arður til eigenda að fjárhæð 1.568 mkr. Vegna fjárhagsáætlunar 2010 tilkynnti stærsti eigandinn, Reykjavíkurborg, OR í október 2009 að gera skyldi á árinu 2010 ráð fyrir 2.150 mkr. arðgreiðslu, þ.e. 1.350 mkr. viðbótararðgreiðslu, en greiddar höfðu verið 800 mkr. árið 2009. Við samþykkt fjárhagsáætlunarinnar var fallið frá viðbótararðgreiðslunni.⁵³⁹

Síðar kemur fram í rekstrarúttektinni að:

„Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur hafa ekki sett fram stefnu um arðgreiðslur frá fyrirtækinu eins og mælt er fyrir um í sveitarstjórnarlögum. Mikilvægt er að það sé gert til að auka trúverðugleika fyrirtækisins gagnvart lánardrottnum.“⁵⁴⁰

Eins og fram hefur komið var stuðst við almennt ákvæði 5. mgr. 7. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 við greiðslu arðs úr Orkuveitu Reykjavíkur. Í ákvæðinu kom fram að sveitarfélög skyldu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og að þeim væri heimilt að „ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra.“ Um þetta ákvæði var fjallað í minnisblaði borgarlögmanns til borgarstjóra dags. 8. maí 2001 um heimild Reykjavíkurborgar til að áskilja sér afgang af orkufyrirtækjum sem þau reka á eigin ábyrgð. Kom fram í minnisblaðinu að við meðferð frumvarps til hinna nýju sveitarstjórnarlaga á árinu 1998 hafi verið bætt við greinina nýmæli um stefnumótun sveitarfélaga um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið vegna rekstrar fyrirtækja og stofnana.

Í minnisblaðinu er vísað til álits félagsmálanefndar Alþingis sem hafi lagt til breytinguna, þar sem sagði að fjölmörg sveitarfélög rækju fyrirtæki á eigin ábyrgð og hafi fyrirtækin greitt sveitarsjóðum arð þegar rekstur þeirra hefði leyft slíkt. Þessi háttur hefði til að mynda verið viðhafður varðandi fyrirtæki Borgarsjóðs Reykjavíkur í a.m.k. 60 ár og hafi gjaldskrár fyrirtækjanna sem staðfestar hafi verið af viðkomandi ráðuneyti m.a. tekið mið af þessu. Ótvíráða heimild til þessa hafi hins vegar að mati þingnefndarinnar þótt skorta í löggjöf. Þá hafi það verið mat þingnefndarinnar að í framhaldi af þessari viðbót við sveitarstjórnarlögin þyrfti að gera breytingar á orkulögum um rafveitur og hitaveitur til þess að tryggja enn frekar heimildir sveitarfélaga til að ákveða arðgreiðslur frá slíkum fyrirtækjum sem alfarið væru í eigu þeirra.⁵⁴¹

Í nýjum sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er núgildandi ákvæði 2. mgr. 60. gr. laganna svohljóðandi:

539 Greinargerð með rekstrarúttekt. Reykjavík. 14. ágúst 2010. Bls. 9–10.

540 Greinargerð með rekstrarúttekt. Reykjavík. 14. ágúst 2010. Bls. 39.

541 Minnisblað borgarlögmanns til borgarstjóra, dags. 8. maí 2001.

„Sveitarfélögum er heimilt eftir því sem leiðir af viðkomandi laga-
reglum að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem er
bundið í rekstri stofnana þeirra og fyrirtækja.“

Í greinargerð með frumvarpi til laganna kom eftirfarandi fram um
fyrirhugað ákvæði 2. mgr. 60. gr. laganna að:

„Í 2. mgr. 60. gr. er að finna ákvæði sem á sér efnislega samsvörun
í 5. mgr. 7. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Í síðarnefnda ákvæðinu
er mælt fyrir um að sveitarfélög skuli setja sér stefnu um arðgjafar-
og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og sé
heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið
er í rekstri þeirra. Reynslan sýnir að misskilningur hefur í ákveðnum
tilvikum verið uppi um þýðingu þessa ákvæðis. Til nánari skýr-
ingar er rétt að taka fram að í 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar,
sbr. 2. mgr. 16. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, er mælt fyrir
um að tekjustofnar sveitarfélaga skuli ákveðnir með lögum svo og
réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. Af þessu
ákvæði, lögmatísreglu stjórnisýsluréttar, svo og til hlidsjónar 77. gr.
stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995,
leiðir að heimildir sveitarfélaga til ákvörðunar um arðgreiðslumark-
mið af rekstri stofnana sveitarfélaga geta ekki ráðist af almennum
stefnumörkunarákvæði eins og 5. mgr. 7. gr. gildandi sveitarstjórnar-
laga er. Hér þurfa almennt til að koma skýrari lögbundnar heimildir
um gjaldtöku og grundvöll hennar þó eftir atvikum kunni aðrar
heimildir að geta verið gildur lagalegur grundvöllur að gjaldtöku.
Ákvæði 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga ræður sem slíkt engu um
það hvaða sjónarmiðum sveitarfélög eða fyrirtæki þeirra geta byggt á
við töku gjalda fyrir þá þjónustu eða starfsemi sem fram fer á þeirra
vegum. Kemur þetta skýrlega fram í athugasemdum sem fylgdu því
frumvarpi sem síðan varð að gildandi sveitarstjórnarlögum. Engu að
síður getur umrædd regla falið í sér mikilvæga leiðbeiningu. Hér er
því lagt til að hún haldi gildi sínu og verði að 2. mgr. 60. gr., en þó
með lítilliga breyttu orðalagi, sem vísar til þess að sveitarfélögum sé
heimilt að taka sér arð úr fyrirtækjum og stofnunum ef heimild til
þess er fyrir hendi í sérlögum eða leiðir af rekstrarformi viðkomandi
fyrirtækis. Þessi breyting hefur engin áhrif á gjaldskrár fyrirtækja
eða stofnana sveitarfélaga en ætti hins vegar að minnka líkur á þeim
misskilningi að ákvarðanir um að hefðbundin þjónustugjöld, sem
að lögum er almennt aðeins heimilt að miða við þann kostnað sem
af veitingu þjónustu hlýst, megi ráðast af sjónarmiðum um greiðslu
arðs. Ef leyfa á slík sjónarmið á annað borð sem grundvöll við
ákvörðun um gjaldtöku verður til að koma mun skýrari lagaheimild
en 2. mgr. þessa ákvæðis felur í sér. Áréttað skal að í þessari tillögu
felst ekki að sveitarfélög geti ekki áskilið sér arð af rekstri fyrirtækja
sinna og stofnana. Í þessu felst einvörðungu árétting þess að slíkar
heimildir munu hér eftir sem hingað til einvörðungu ráðast af þeim
sérlögum sem um viðkomandi rekstur gilda á hverjum tíma. Ákvæði
5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga getur, að gættum ákvæðum stjórnar-
skrárinnar, ekki talist viðhlítandi heimild í því efni, og heldur ekki
sú tillaga sem hér er sett fram.“⁵⁴²

Samkvæmt framansögðu er því ljóst að heimild til greiðslu arðs eða af-
gjalds til eigenda opinberra fyrirtækja verður ekki einungis byggð á ákvæði

542 Alþingi: Greinargerð með frumvarpi til laga nr. 138/2011. Þskj. 270–258. mál. 140
löggjafarþing 2011–2012.

2. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, heldur verður sú heimild að vera skýr í þeim sérlögum sem um viðkomandi rekstur gilda. Í tilviki Orkuveitu Reykjavíkur er, svo sem að framan greinir, heimild til að greiða arð af því fjármagni sem bundið er í rekstri fyrirtækisins samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 139/2001. Þá er tekið fram í 3. mgr. 6. gr. laganna að Orkuveita Reykjavíkur hafi sjálfstætt reikningshald og taki sjálf við greiðslu fyrir selda orku og öðrum tekjum og að tekjunum skuli varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum, svo sem afborgunum áhvílandi skulda, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, sem og til fullnægjandi viðhalds og endurnýjunar mannvirkja og tækja.

Þegar könnuð er almennt geta fyrirtækisins til að greiða eigendum arð, er hún í fyrsta lagi háð því hvernig afkoma fyrirtækisins er, í öðru lagi hversu stór hluti afkomunnar skilar sér í handbæru fé frá rekstri, í þriðja lagi hversu miklu á að verja í fjárfestingar og í fjórða lagi hversu mikið af handbæru fé þarf að fara til greiðslu af lánnum.

Á yfirlitinu hér að neðan má sjá hversu stór hluti af handbæru fé hefur verið greiddur út sem arður til eigenda.

Arðgreiðslur sambornar við handbært fé frá rekstri									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Arðgreiðsla	1.299	1.362	1.441	1.417	1.756	1.530	1.568	800	800
Handbært fé frá rekstri árið áður	3.779	3.577	4.601	5.180	6.620	7.395	7.699	8.429	11.588
Hlutfall arðgreiðslu af handbæru fé frá rekstri	34,4%	38,1%	31,3%	27,4%	26,5%	20,7%	20,4%	9,5%	6,9%

Eins og sést á yfirlitinu hefur arðgreiðslan numið frá því að vera 6,9% af handbæru fé frá rekstri á árinu 2010 í að vera rúm 38% á árinu 2003. Hlutfallið er yfir 20% allt fram til ársins 2009 þegar það lækkar undir 10%.

Úr sjóðstreymisyfirlitum									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Handbært fé í upph.árs	303	176	557	126	628	253	3.751	1.244	2.943
Handbært fé frá rekstri	3.779	3.577	4.601	5.180	6.620	7.395	7.699	8.429	11.588
	4.082	3.753	5.158	5.306	7.248	7.648	11.450	9.673	14.531
Ráðstafað í:									
Fjárfestingahreyfingar	(6.834)	(5.724)	(7.821)	(11.660)	(18.669)	(29.947)	(32.373)	(20.470)	(14.542)
Afborganir lána	(476)	(1.202)	(770)	(2.726)	(2.987)	(4.330)	(3.637)	(5.723)	(4.593)
	(7.310)	(6.926)	(8.591)	(14.386)	(21.656)	(34.277)	(36.010)	(26.193)	(19.135)
Til ráðstöfunar	(3.228)	(3.173)	(3.433)	(9.080)	(14.408)	(26.629)	(24.560)	(16.520)	(4.604)
Arður	(1.299)	(1.362)	(1.441)	(1.417)	(1.756)	(1.530)	(1.568)	(800)	(800)

Á yfirlitinu hér að ofan er gerð tilraun til að skoða hvort starfsemin hafi í reynd staðið undir því að greiða arð til eigenda og eru allar fjárhæðir á verðlagi hvers árs. Ekki er um að ræða heildstætt sjóðstreymisyfirlit, en það er að finna í kaflanum hér að framan þar sem fjallað er um fjárhagslegt yfirlit Orkuveitu Reykjavíkur. Í ofangreindu yfirliti eru hins vegar dregnar fram helstu stærðir sem skipta máli til að setja arðgreiðslur í samhengi við handbært fé frá rekstri. Byrjað er með handbært fé í upphafi árs og við það lagt það sem reksturinn skilar af handbæru fé. Þannig er fengin fjárhæð sem segir til um hversu mikið er til ráðstöfunar á hverju ári í fjárfestingar, afborganir af lánnum og greiðslur til eigenda. Á yfirlitinu má sjá að þessi fjárhæð er frá því að vera lægst 3.753 millj.kr. á árinu 2003 í að vera hæst 14.531 millj.kr. á árinu 2010.

Ólöf S. Pálsdóttir: „Ég vek athygli á því að það sem greitt var til eigenda þessi fyrstu árin hafði líka áhrif á það að Orkuveitan þurfti að taka lán. Árið 1999 greiddi OR til eigenda meira en sem nam handbæru fé frá rekstri. Þá var handbært fé frá rekstri á verðlagi þess tíma, 2,1 milljarður króna, en greiðslurnar til eigenda samtals voru 2,3 milljarðar. Þannig fór 109,9% af handbæru fé frá rekstri beint til eigenda. Árið 2000 voru þessar greiðslur 80,7% af handbæru fé frá rekstri. Árið 2001, var skuldabréfið sem var gefið út í ársbyrjun 1999, gert upp, og voru greiddir 3,2 milljarðar á sama tíma og handbært fé frá rekstri var 2,7 milljarðar, eða 117,7%. Þannig að í raun er hægt að segja, að allt fjármagn til fjárfestinga og greiðslna afborgana lána á þessum tíma var fengið með lánsfé, af því að svo mikið af handbæru fé fór til eigenda.“

Því næst er dregið frá því sem varið er til fjárfestinga og afborgana af lánnum og þá fæst út sú fjárhæð sem er eftir til greiðslu til eigenda. Eins og sjá má á yfirlitinu er þessi fjárhæð neikvæð allt tímabilið sem skýrist af miklum fjárfestingum fyrirtækisins. Vegna þessarar neikvæðu stöðu hafa verið tekin lán til að fjármagna það sem upp á vantar og má halda því fram að arðgreiðslur til eigenda hafi allt tímabilið sem er til skoðunar verið fjármagnaðar með lántökum.

15.4 Ályktanir og niðurstöður

Fram hefur komið í viðtölum úttektarnefndarinnar að greiðslur til eigenda hafi ekki verið miðaðar við afkomu fyrirtækisins, heldur lengst af ákveðnar sem föst tala, uppfærð miðað við vísitölu neysluverðs. Endurspeglast þetta meðal annars í því að árið 2009, þegar óráðstafað eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur er neikvætt, var allt að einu tekin ákvörðun um arðgreiðslur út úr fyrirtækinu. Einnig sýnir samanburður á úttektum eigenda við arðsemi eigin fjár, skort á samhengi greiðslanna og ávöxtunar eigin fjár.

Þá er það athyglisvert að á sama tíma og fyrirtækið stendur í umfangsmiklum framkvæmdum sem fjármagnaðar eru með lánnum í erlendri mynt og því bundin gengisáhættu, hafa eigendur kosið að áskilja sér eins miklar greiðslur út úr fyrirtækinu og raun ber vitni. Það hefur í reynd valdið því að lántökur hafa þurft að vera hærri en ella, en lán fyrirtækisins í erlendri mynt hækkuðu verulega við gengishrun íslensku krónunnar. Því má velta fyrir sér hvort eigendur hafi verið meðvitaðir, eða þeim verið kynnt, sú áhætta sem úttektir þeirra sköpuðu fyrirtækinu, þar sem færa má rök fyrir því að þær hafi í reynd verið fjármagnaðar með lánnum í erlendri mynt.

Má því halda því fram að miklar arðgreiðslur, til viðbótar við fjárfrekar fjárfestingar, séu stór liður í skuldasöfnun fyrirtækisins og um leið ein ástæða núverandi fjárhagslegrar stöðu Orkuveitunnar. Samantekið hafa eigendur fengið greiðslur sem nema 16.334 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 á sama tíma og samanlögð afkoma fyrirtækisins frá árinu 2002 er neikvæð um 50.058 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Á það ber samt að líta að hin neikvæða afkoma skapaðist að mestu á árinu 2008 en afkoman hafði verið að mestu jákvæð fram að því.

Í kaflanum hefur verið rakið að ákvarðanir um hefðbundin þjónustugjöld opinberra aðila, megi almennt aðeins miða við þann kostnað sem er af veitingu þjónustunnar. Ef greiða á arð, dugi ekki almenn heimild sveitarstjórnarlaga til, heldur þurfi sú heimild að vera til staðar í þeim sérlögum sem um viðkomandi rekstur gilda, en almenna heimild til greiðslu arðs er að finna í lögum nr. 139/2001 um Orkuveitu Reykjavíkur auk þess sem í sameignarsamningi er tekið fram að hann eigi að miða við afkomu sameignarfyrirtækisins. Þá verður ekki heldur litið fram hjá því að gjaldskrár einstakra hluta af starfsemi fyrirtækisins, svo sem sala á heitu og köldu vatni, dreifing á rafmagni (þó ekki sölu þess sem fer fram á samkeppnismarkaði) sem og fráveitu, er háð samþykki yfirvalda og er fyrirtækinu í reynd sniðinn þröngur stakkur þegar kemur að því að áskilja fyrirtækinu hagnað af einstökum þáttum rekstrarins. Að áliti úttektarnefndar þarf að vera ljós grundvöllur slíkrar greiðslu til eigenda, og að óeðlilegt hljóti að teljast að taka ákvörðun um greiðslu arðs sem er ótengd afkomu rekstrarins og fjárhagslegri stöðu hvers árs eins og framkvæmd greiðslna til eigenda hefur verið á úttektartímabilinu.

Úttektarnefndin hefur kannað það sérstaklega hvaða stefna hafi verið mótuð um greiðslur fyrirtækisins til eigenda, og er umfjöllun um það að finna hér

að framan. Í ljós hefur komið að frá stofnun Orkuveitu Reykjavíkur hafa eigendur ekki mótað heildarstefnu um arðgreiðslur fyrirtækisins, og í reynd ekki fyrr en með eigendastefnu sem samþykkt var á fundi Orkuveitunnar þann 14. júní 2012. Í henni er nú fjallað nánar um hver er arðstefna fyrirtækisins, og tekið fram að fyrirtækið skuli skila eigendum ávöxtun á eigið fé í samræmi við þá áhættu sem fylgin er í rekstri og fjármögnun fyrirtækisins og að arðsemi eigin fjár skuli að lágmarki svara til áhættulausra vaxta á hverjum tíma að viðbættu álagi til eigenda til að mæta sveiflum og að arðgreiðslur til eigenda eigi að byggjast á afkomu fyrirtækisins. Er það til bóta að mati úttektarnefndarinnar.

16. Bygging nýrra höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur

Á árinu 1999 var ákveðið að hefjast handa við byggingu nýrra höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur og var byggingunni valinn staður við Bæjarháls í Reykjavík. Byggingin er stór og var ætlað að rúma alla starfsemi hins nýja sameinaða fyrirtækis, sem þá var um það bil að taka til starfa. Verður hér á eftir fjallað um þær ákvarðanir sem teknar voru við byggingu hússins og kostnað sem af byggingu þess hlaut.

16.1 Ákvörðun um byggingu nýrra höfuðstöðva og umfjöllun stjórnar

Á fundi stjórnar veitustofnana þann 10. nóvember 1999 voru lögð fram drög að skipulagi hins nýja fyrirtækis, Orkuveitu Reykjavíkur. Samhliða var lögð fram fundargerð fyrsta fundar byggingarnefndar Orkuveitu Reykjavíkur frá 3. nóvember 1999 og samþykkti stjórn veitustofnana að fela byggingarefnd Orkuveitu Reykjavíkur að leita fleiri valkosta fyrir höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur. Var sérstaklega tekið fram að skoðuð yrði lóð Orkuveitu Reykjavíkur á Réttarhálsi. Á fundi stjórnar veitustofnana þann 27. október 1999 var svo samþykkt svohljóðandi bókun:

„Stjórn veitustofnana samþykkir að hefja undirbúning vegna byggingar höfuðstöðva OR við Eirhöfða. Jafnframt samþykkir stjórnin að skipa þriggja manna byggingarnefnd til að annast undirbúning og framkvæmd verksins. Nefndina skipi formaður stjórnar veitustofnana, vatnsveitustjóri og forstjóri OR.“⁶⁴³

Þann 7. mars 2000 var svo samþykkt af stjórn veitustofnana að nýjar höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur yrðu reistar við Réttarháls. Var byggingarnefnd falið að vinna áfram að málinu og auk þess var samþykkt að skipa forvalsnefnd, þar sem tveir fulltrúar væru frá stjórn veitustofnana og einn frá Arkitektafélagi Íslands. Var jafnframt samþykkt að í dómnefnd væri skipaður formaður stjórnar veitustofnana, forstjóri og aðstoðarforstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, en að Arkitektafélag Íslands skipaði tvo fulltrúa. Á fundi stjórnar þann 12. apríl 2000 var svo lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. mars 2000 um samþykkt borgarráðs á samþykkt stjórnar veitustofnana um höfuðstöðvar Orkuveitunnar við Réttarháls. Niðurstaða dómnefndar í samkeppni um hönnun nýrra höfuðstöðva var svo lögð fyrir og samþykkt á fundi stjórnar veitustofnana þann 11. október 2000 og var byggingarnefnd Orkuveitu Reykjavíkur jafnframt falin framkvæmd og nánari útfærsla á vinningstillögunni.

Þá var lagt fram yfirlit um rýmisþörf í nýjum höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur ásamt kostnaðaráætlun á fundi stjórnar veitustofnana þann 24. október 2000. Í yfirliti og samanburði á flokkun rýmis samkvæmt forsögn annars vegar og tillögu arkitekta hins vegar dags. 20. október 2000 kom fram að nýja aðalbyggingin myndi hýsa fjölbreytta starfsemi og yrði reist á lóð þar sem áður var Réttarháls 3, en samkvæmt samþykktu deiliskipulagi hefðu lóðirnar að Réttarhálsi 1, 3 og 4 verið sameinaðar. Í vinningstillögu arkitekta hafði verið gert ráð fyrir 13.150 fermetra húsnaði, en í forsögn hafi verið gert ráð fyrir 11.300 fermetra byggingu fyrir starfsemi fyrirtækisins, án verkstæða og bílahúss sem væri tengt heildarlausn lóðarinnar. Til viðbótar væri á Réttarhálsi 4 tveggja hæða verkstæðishús um 4.600 fermetrar í eigu Orkuveitu Reykjavíkur sem myndi hýsa verkstæði, skrifstofur framkvæmdasviðs að hluta, vörumóttöku, vinnuflokkabíla og geymslur. Ennfremur gerði hönnunartillagan ráð fyrir sjálfstæðu bílahúsi fyrir viðskiptamenn, gesti og starfsmenn fyrirtækisins, sem væri um 2.700

Alfreð Þorsteinsson: „Á sínum tíma var Orkuveita Reykjavíkur með starfsemi á fimm stöðum í borginni. Það var náttúrulega alveg ljóst að eftir að fyrirtækið sameinaðist þá yrði það að vera undir einu þaki. Til þess að byggja þetta hús voru seldar eignir.“ *Bylgjan, Sprengisandur, 3. apríl 2011.*

543 Fundur stjórnar veitustofnana, dags. 27. október 1999.

fermetrar að grunnfleti. Þá aukningu sem fram kæmi í rými húsnæðis aðalstöðva (þ.e. 1.850 fermetrar) mætti hins vegar að mestu rekja til tengibygginga milli álma aðalbygginga og við verkstæðisbygginu. Í kostnaðarumsögn VSÓ fyrir tillögurnar sem lögð var fram á fundinum kom fram að miðað yrði við heildarkostnað samtals 2.022 millj.kr. fyrir vinningstillöguna (verð án virðisaukaskatts), eða 154 þús.kr. á hvern fermetra.

Í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2000 var tekið fram að öll veitufyrirtækin hefðu verið sameinuð, og að meðal þeirra áfanga sem orðið hefðu á árinu hefði verið sá að allar einingar samkvæmt nýju skipuriti fyrirtækisins hefðu verið fluttar undir sama þak. Tekið var fram að:

„Nánustu samstarfsmenn vinna nú á sama stað og hraðar það sameiningu fyrirtækjanna. Ákveðið var að ráðast í byggingu á nýjum höfuðstöðvum við Réttarháls og í framhaldi af því voru skrifstofubyggingar og aðstaða við Suðurlandsbraut, Ármúla og Grensásveg seldar. Fyrirhugað er að selja aðstöðuna við Eirhöfða á árinu 2001. Samkeppni var haldin um hönnun nýju höfuðstöðvanna og gert er ráð fyrir að flutt verði inn í júní árið 2002.“⁵⁴⁴

Í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2001 er frá því greint að haldið hafi verið áfram byggingu nýrra höfuðstöðva og var þar tekið fram að gert væri ráð fyrir því að þær yrðu teknar í notkun á haustmánuðum 2002. Málefni byggingar hússins voru enn til umræðu á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 8. mars 2002 þegar samþykkt var skipun forvaldsnefndar vegna listaverks í nýjar höfuðstöðvar og skipun í dómnefnd hússins. Á fundi þann 19. apríl 2002 létu fulltrúar Sjálfstæðisflokks bóka mótmæli sín við þær fyrirætlanir að reka líkamsræktarstöð í nýjum húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem:

„Í forsögn fyrir nýbygginguna var þess hvergi getið að starfrækja ætti slíkan rekstur í húsinu og stjórn Orkuveitunnar hefur hvorki fjallað um málið né samþykkt slíka ráðstöfun. Á hinn bóginn var gert ráð fyrir því að aðstaða yrði í húsinu fyrir líkamsrækt starfsmanna eins og tíðkast víða í atvinnuhúsnæði.“⁵⁴⁵

Var frestað afgreiðslu tillögu þeirra um að hverfa frá þessum fyrirætlunum og að koma í stað þess fyrir í húsinu líkamsræktarstöðu fyrir starfsmenn eins og gert hafi verið ráð fyrir í forsögn hússins, en hún var tekin fyrir að nýju á fundi stjórnar þann 29. maí 2002 og þar felld með fjórum greiddum atkvæðum gegn tveimur. Á þeim fundi óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks jafnframt eftir upplýsingum um fyrirhugaðan heildarkostnað vegna bygginga nýrra höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur.

Á þessum tíma var jafnframt fjallað um byggingu höfuðstöðvanna í fjölmiðlum. Í frétt sem birtist þann 1. ágúst 2002 var vitnað til formanns stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og tekið fram að:

„Alfred Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, segir að kostnaður við nýjar höfuðstöðvar Orkuveitunnar við Réttarháls hafi ekki farið mikið fram úr áætlun en upplýsingar um umframkostnað verði ekki veittar fjölmiðlum fyrr en eftir stjórnarfund hinn 23. ágúst nk. Skv. áætlun átti byggingin að

544 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2000.

545 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 19. apríl 2002.

kosta 2,3 milljarða króna en í Morgunblaðinu í gær var greint frá því að ljóst er að kostnaðurinn muni fara fram úr þessari upphæð. Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, segir að meginástæðan fyrir auknum kostnaði sé tafir vegna þess að danskt fyrirtæki, sem framleiðir utanhússklæðningu á annað húsið, afhenti ekki klæðninguna á réttum tíma. Aðspurður segir hann að dagsektir leggist á danska fyrirtækið en sektirnar dugi þó ekki fyrir kostnaði vegna tafanna. Fleira hefur orðið til þess að byggingarkostnaður fór fram úr áætlun en eðlilegt sé að stjórn fyrirtækisins fái nákvæmar upplýsingar um umframkostnað á undan fjölmiðlum.⁵⁴⁶

Á tilvitnuðum fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 23. ágúst 2002, var síðan lögð fram áætlun um raunkostnað nýrra höfuðstöðva, unnin af VSÓ ráðgjöf og gerði forstjóri grein fyrir málinu á fundi stjórnarinnar. Í áætluninni kom fram að kostnaður við byggingu hússins væri á þeim tíma sundurliðaður þannig:

Áætlaður kostnaður, millj.kr.	
Jarðvinna	19
Uppsteypa	574
Hvolfrými	91
Ytri frágangur	292
Innri frágangur	954
Samtals	1.930
Aðrar framkvæmdir, lóð, bílageymsla o.fl.	157
Byggingarkostnaður samtals	2.087
Almennur kostnaður	400
Heildarframkvæmdakostnaður	2.487

Í ársskýrslum Orkuveitu Reykjavíkur 2002 og 2003 var einnig fjallað um hinar nýju höfuðstöðvar sem þá var verið að taka í notkun. Í ársskýrslu ársins 2002 kom m.a. fram að:

„Ákveðið var að reisa nýjar höfuðstöðvar fyrir starfsemi og til að fjármagna þær framkvæmdir seldi Orkuveitan skrifstofubyggingar sínar og aðstöðu við Suðurlandsbraut, Ármúla og Grensásveg. Til stendur að selja húsnæðið að Eirhöfða. Nýjar höfuðstöðvar risu á skömmum tíma og var flutt inn í húsið um áramótin 2002/2003. Byggingin er svipmikil og glæsileg og þar verður öll starfsemi hýst í fyllingu tímans.“⁵⁴⁷

Þá var tekið fram í Ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2003, að:

„Ráðgert er að ljúka flutningi allrar meginstarfsemi fyrirtækisins í Reykjavík á sama stað á árinu 2004, með flutningi framkvæmda-sviðs af Eirhöfða 11 á Bæjarháls 1. Er þess vænst að þessi loka-áfangi flutninganna verði starfseminni og starfsmönnum til góðs. ... Árið 2003 var það fyrsta í nýjum höfuðstöðvum. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til og sannaðist strax hversu hagkvæmt er að hafa alla starfsemi undir einu þaki. Starfsmenn hafa tekið nýjum húsa-kynnum fagnandi og er almenn ánægja með hvernig til tókst. Hin róttæka breyting að flytja alla starfsemi í opin rými hefur tekist vel og flestir starfsmenn búinir að aðlagast nýju umhverfi. Miklar vænt-

546 Morgunblaðið: „Ekki mikið fram úr áætlun“. 1. ágúst 2002.

547 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2002.

Ólafur Jónsson. „Svo er það sem ég vil kalla hönnunarslys, í kjallaranum er skjalageymsla. Þegar maður kemur inn í þetta virðist það vera alveg drauma skjalageymsla. Þar varðveitast nauðsynlegir pappírar, alveg út í það óendanlega. Ég fékk nánast áfall einu sinni, vegna þess að hún fór að leka. Snjóbræðsluferfið úr bílastæðinu sem er vestan við húsið, stýrikerfið að því er inni í skjalageymslunni, og byrjaði að leka. Fullt af svona hlutum komu upp og þá var maður auðvitað kannski kominn að því spyrja hver andskotinn var að gerast á stýrifundum[byggingarstjórnar]?“

*ingar eru gerðar til þess þegar þessu ferli lýkur seinni hluta árs 2004 með flutningi framkvæmdasviðs af Eirhófa 11.*⁶⁵⁴⁸

Svo virðist sem hugmyndir hafi komið fram um að selja fasteignina. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 3. júní 2003 var lagt fram kauptilboð Íslenskra Fasteigna ehf. á fasteign Orkuveitunnar að Bæjarhálsi dags. 19. maí fyrir kr. 3.500 millj.kr., ásamt drögum að leigusamningi. Á sama fundi var einnig lagt fram kauptilboð í fasteignina frá Sætúni ehf. þar sem boðnar voru 4.000 millj.kr. fyrir fasteignina. Var samþykkt á fundinum að vísa málinu til forstjóra til frekari úrvinnslu, en ekki varð af sölu fasteignarinnar. Áður hafði verið lögð fyrir stjórn Orkuveitunnar á fundi hennar dags. 26. nóvember 2002 tillaga aðstoðarforstjóra Orkuveitunnar dags. 22. nóvember 2002 um að leggja fasteignir Orkuveitunnar inn í nýtt fasteignafélag. Var miðað við að fasteignin yrði lögð inn í félagið á 3.146,4 millj.kr., en verðmæti fasteignarinnar var byggt á viðhaldsmati sem unnið hafði verið af Eignamiðluninni ehf. og Teiknistofu Halldórs Guðmundssonar. Var afgreiðslu erindisins frestað á fundinum, en ekki varð af þessum fyrirætlunum.

16.2 Umfjöllun og fyrirspurnir vegna kostnaðar við byggingu höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur

Sjá má af fundargerðum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að nokkuð var fjallað um kostnað af byggingu höfuðstöðva fyrirtækisins, sem og hjá eigendum fyrirtækisins. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 10. desember 2002 var kynnt tillaga sem samþykkt hafði verið í borgarráði um skýrslu vegna kostnaðar við höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur, og var samþykkt með fjórum atkvæðum að fela endurskoðanda Orkuveitunnar að vinna að málinu. Tillagan var svohljóðandi:

„Borgarráð beinir því til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að hún láti gera úttekt á byggingarkostnaði nýrra höfuðstöðva fyrirtækisins og skili skýrslu um málið til borgarráðs. Það verði m.a. skoðað hvernig áætlanir hafi staðist og hver kostnaður er á fermetra í samanburði við aðrar byggingar sem reistar hafa verið til svipaðra nota s.s. Ráðhúsið, nýbyggðan þjónustuskála Alþingis, Náttúrufræðihús og hús Íslenskrar efdagreiningar.“

„Deilur hafa verið um kostnað við gerð þeirra og flutning OR í hið nýja húsnæði auk þess sem ekki er með öllu ljóst, hvernig fyrirtækið ætlar að nýta það. Reykviðingar eiga hér mikilla hagsmuna að gæta sem 92.22% eigendur Orkuveitu Reykjavíkur. Mikilvægt er, að allar staðreyndir um fjáruútlát vegna þessa mikla mannvirkis og um nýtingu þess liggi fyrir, svo að unnt sé að meta réttmæti fjárfestingarinnar á hlutlægum forsendum ... Samkvæmt „síðustu áætlun“ er kostnaður við OR-húsið 2,485 milljónir króna. Fleiri áætlanir eru væntanlega, því að ekki eru öll kurl enn komin til grafar ... Ekki hefur verið lokið við að innrétta húsnæðið að Réttarhálsi 4 eða tengja húsin, en kostnaður við þær framkvæmdir hefur að sögn forstjóra OR einungis verið gróflaga áætlaður um 150 milljónir króna. Séu þessar tölur, sem allar eru opinberar frá OR, lagðar saman kemur í ljós, að kostnaður við nýjar höfuðstöðvar er að minnsta kosti kominn í 3030 milljónir króna ... Umræður í borgarstjórn Reykjavíkur 21. nóvember 2002.

Sjá má af framangreindu að nokkur umræða hafði þá skapast í borgarráði um þann kostnað sem hlotist hafði af byggingu höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur. Mesta gagnrýni var að finna í röðum fulltrúa minni hluta borgarstjórnar, og í ræðu Björns Bjarnasonar borgarfulltrúa þar sem rætt var um kostnað við fyrrgreinda byggingu í borgarstjórn Reykjavíkur var kostnaður vegna byggingarinnar m.a. gagnrýndur. Af hálfu stjórnarmanna Orkuveitu Reykjavíkur var áfram óskað eftir upplýsingum um kostnað af byggingunni. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 29. maí 2002 var lögð fram fyrirspurn frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks um hvort fyrir lægi að Orkuveita Reykjavíkur hefði ekki þörf fyrir u.þ.b. 1.000 fermetra í nýjum höfuðstöðvum fyrirtækisins. Á fundi stjórnar þann 4. mars 2003 var bókað að það væri skoðun fulltrúa Sjálfstæðisflokks að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefði ekki verið gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaði við nýjar höfuðstöðvar Orkuveitunnar, við flutning í þær og um nýtingu húsnæðisins. Óhjákvæmilegt væri að greinargerð yrði lögð fram um málið þar sem lýst yrði hvernig komist hafi verið að þeirri niðurstöðu síðsumars árið 2000 að kostnaður yrði um tveir milljarðar, hvert hafi verið mat hönnuða

Þegar þeir komu að verkinu snemma árs 2001 og hver væri núverandi staða þess. Af því spunnust umræður í stjórn Orkuveitunnar og tók formaður stjórnar Orkuveitunnar fram að fulltrúum Sjálfstæðisflokks ætti að vera vel kunnugt um að í vinnslu væri könnun endurskoðunarskrifstofu á þeim kostnaði og samanburði við sambærilegar byggingar. Þann 17. nóvember 2004 óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks eftir skýrslu um heildarkostnað vegna byggingar höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur, og enn óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks eftir upplýsingum um kostnað vegna hlaðins veggjar á lóð við húsnaði Orkuveitu Reykjavíkur á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. febrúar 2005.

Að framan var vikið að því að óskað hafi verið eftir úttekt endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur á kostnaði við byggingu höfuðstöðva fyrirtækisins á árinu 2002. Í bréfi Birgis Finnbogasonar endurskoðanda frá 9. janúar 2005 kom fram að þeirri úttekt hefði ekki verið skilað af hans hálfu. Kom þar fram að endurskoðandinn hafi átt fundi með framkvæmdastjóra byggingarnefndar hússins og eftirlitsverkfræðingum frá VSÓ, sem höfðu umsjón með kostnaðaráætlunum og kostnaðargát á verk tíma, til að fá upplýsingar um kostnaðaráætlanir, kostnaðareftirlit og framgang verkefnisins. Hins vegar hefði ekki verið skilað skýrslu um kostnaðinn, eins og óskað hafði verið eftir, þar sem einungis hluti þeirra upplýsinga lægju fyrir sem óskað var að kæmu fram og hefði bæði formanni stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóra fyrirtækisins verið gerð munnlega grein fyrir þeirri afstöðu endurskoðandans. Fyrir lægju kostnaðarupplýsingar um byggingu hússins, eins og grein hafði verið gerð fyrir þeim af hálfu stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur, en ekki lægju fyrir upplýsingar um kostnað annarra bygginga en Ráðhússins, þar sem framreiknaður kostnaður á hvern fermetra m.v. verðlag árið 2004 væri um 520 þús.kr. án kostnaðar vegna búnaðar og lóðar. Þó var talin ástæða til að benda á að mismunandi skattaumhverfi við byggingu kynni að skekkja samanburð á milli fermetrakostnaðar Ráðhússins og húsnaðis Orkuveitu Reykjavíkur.

Bygging nýrra höfuðstöðva fyrirtækisins var einnig mikið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Sérstök ástæða er til að rekja þá umfjöllun hér, þar sem af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur var m.a. boðað til sérstaks fundar með blaðamönnum í janúar 2005 þar sem til umfjöllunar var heildarkostnaður vegna byggingar höfuðstöðva Orkuveitunnar. Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur mættu til fundar forstjóri fyrirtækisins og formaður stjórnar, þar sem þeir upplýstu um heildarkostnað vegna byggingarinnar. Í fréttatilkynninu Orkuveitu Reykjavíkur sem kynnt var á fundinum kom fram að aðalbyggingin hefði kostað 3.264 millj.kr. á verðlagi hvers árs en kostnaðaráætlun hafi hljóðað upp á 2.676 millj.kr. Þegar tekið hefði verið tillit til stækkunar á húsinu um 1.000 fermetra og kostnaðar vegna bílastæðahúss, hafi byggingarkostnaður farið 31,9% fram úr kostnaðaráætlun. Heildarkostnaðurinn hefði því að öllu meðtöldu verið um 4.200 millj.kr. Í fyrrgreindri frétt er haft eftir formanni stjórnar fyrirtækisins að kostnaðaráætlunin hefði ef til vill ekki verið nógu vönduð, til dæmis hefði ekki verið gert ráð fyrir loftræstikerfi í húsinu í þeirri áætlun. Kostnaðaráætlunin hefði miðað við nýbyggða byggingu Nýherja í Borgartúni og þar hefði ekki verið gert ráð fyrir loftræstingu, en loftræstikerfið hefði kostað á þriðja hundrað milljónir króna. Í fréttinni kom enn fremur fram að aðspurður fyrir ástæðum þess að bygging fasteignarinnar fór fram úr áætlunum, hafi forstjóri fyrirtækisins tekið fram að fyrir því hefðu verið „alls konar litlar ástæður“.⁵⁴⁹ Þar kom enn fremur fram að:

Ólafur Jónsson: „Kunningi minn rak fyrirtæki sem klippti til steypustyrktarjárn, batt í mottur og bjó til lykjur. Hann sagðist aldrei hafa fengið betri viðskipavin. Það var byrjað áður en hæðirnar voru fullhannaðar. Hann sagðist hafa þurft að útbúa tvö sett fyrir hverja einustu hæð í þessu húsi. Hann hefði lýsingu á því hvað vantaði og svo þegar búið var að útbúa það þá hafði komið breyting... Ég veit ekki hvort þið vitið að síðan var þannig að þegar átti að flytja inn á ákveðnum degi hafði parket verið lagt á gólfín hráblaut. Það mátti ekki fresta opnun hússins. Þannig að það þurfti að skipta um öll parket á öllum gólfum. Þetta voru eins og fjallgarðar, eins og Alþafjöll bara. Nema í mötuneytinu, þar var skipt tvisvar. Í annað skiptið var ekki nægilega vel gengið frá úðarakerfi.“

549 Morgunblaðið: „Kostnaður vegna nýrra höfuðstöðva um 4,2 milljarðar“. Dags. 6. janúar 2005. -

„Í tilkynningunni, sem Alfred og Guðmundur, dreifðu á fundinum, segir að kostnaður við bygginguna sé því um 225 þúsund kr. á fermetra” eða 3.264 milljónir á verðlagi hvers árs”. Alfred sagði að sá kostnaður væri ekki nema rétt rúmlega það sem gerðist í vandaðri grunnskólabyggingu í Reykjavík. Sagði hann í því sambandi að fermetraverð í vandaðri grunnskólabyggingu í Reykjavík væri 215 þúsund kr. Í fyrrgreindum tæplega 3,3 milljörðum er ekki gert ráð fyrir 2.900 fermetra bílastæðahúsi, sem einnig hefur verið byggt. Kostnaður við það er um 141 milljón króna, skv. upplýsingum Alfreds og Guðmundar. Þá er kostnaður við lóð um 178 milljónir. Norðan við höfuðstöðvarnar er svokallað Norðurhús. Það er um 4.900 fermetrar og á að hýsa skrifstofur framkvæmdasviðs ásamt verkstæðum, aðstöðu vinnuflokka, tækjageymslur, lager og fleira. Kostnaður við breytingar á Norðurhúsi er um 125 milljónir, en húsið var keypt fyrir 397 milljónir króna árið 1999. Ennfremur hefur verið byggt 695 fermetra tengibygging, sem tengir saman Norðurhús og höfuðstöðvarnar. Þar á einnig að vera aðstaða fyrir vinnuflokka og fleira. Kostnaður við tengibygginguna er um 151 milljón kr. Kostnaður vegna höfuðstöðvanna, annarra bygginga og lóðar er því samtals um 4,2 milljarðar króna.“⁵⁵⁰

Framangreint varð tilefni til frekari umfjöllunar í fjölmiðlum, einkum sú fullyrðing að byggingin hefði kostað ámóta mikið og vönduð grunnskólabygging. Í sérstakri fréttaskýringu sem birtist þann 11. janúar 2005 í Morgunblaðinu, var þetta atriði tekið til sérstakrar skoðunar og jafnframt hvort kostnaðurinn við byggingu höfuðstöðvanna væri í reynd álíkur þeim kostnaði sem væri af vandaðri grunnskólabyggingu í Reykjavík. Var því þar haldið fram að kostnaður við byggingu nýrra höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur væri í reynd miklu hærri, og að munurinn væri þar að minnsta kosti 40%. Þar kom fram að:

„Í fréttatilkynningu sem lögð var fram á blaðamannafundinum segir að kostnaður við aðalbyggingu OR sé um 225 þúsund kr. á fermetra. „Þess má geta að fermetraverð í vandaðri grunnskólabyggingu í Reykjavík er 215 þús. krónur á fermetra, eða litlu lægra en fermetraverð í aðalbyggingu Orkuveitunnar.“ Sveitarfélög fá ekki endurgreiddan virðisaukaskatt af skólabyggingum ef undan er skilinn virðisaukaskattur af vinnu hönnuða. Sighvatur Arnarsson, deildarstjóri hjá Fasteignastofu borgarinnar, segir að af þessum sökum sé kostnaður við skólabyggingar jafnan gefinn upp með virðisaukaskatti. Frá kostnaðinum sé þó dreginn endurgreiddur virðisaukaskattur af vinnu hönnuða, en hann sé aðeins lítill hlut af heildarkostnaði byggingarinnar. Sighvatur segir að inni í kostnaðartölunum sé einnig kostnaður við lóð og allur lausabúnaður í skólanum, þ.e. borð, stólar, tölvur, símakerfi og annar sá búnaður sem skólinn þarf á að halda. Á vef Fasteignastofu Reykjavíkurborgar er að finna upplýsingar um byggingarkostnað staðalbyggingar án búnaðar á hvern fermetra. Þar kemur fram að kostnaður við skólabyggingu af vönduðustu gerð á árinu 2004 er áætlaður 202 þúsund kr. á fm. Meðalkostnaður við skólabyggingu (byggingu af gerðinni B) er hins vegar áætlaður 185 þúsund kr. á fm. Þarna er um að ræða kostnað án búnaðar og án kostnaðar við lóð, en inn í kostnaðinn er hins vegar reiknaður virðisaukakostnaður því að hann fæst ekki endurgreiddur. Fermetraverð án virðisaukaskatts í skóla af vönduðustu gerð er þar

550 Morgunblaðið: „Kostnaður vegna nýrra höfuðstöðva um 4,2 milljarðar“. Dags. 6. janúar 2005.

af leiðandi um 160 þúsund krónum. Ef miðað er við kostnað við skóla af gerð sem Fasteignastofa kallar B-gæðum er kostnaðurinn innan við 150 þúsund kr. á fm. Kostnaðurinn við hús OR var hins vegar 225 þúsund krónur eins og áður segir. Byggingakostnaður við vandaða skólabyggingu í Reykjavík er því a.m.k. 40% lægri en kostnaður við byggingu aðalbyggingar OR. „Aðspurður sagði Guðmundur Þóroddsson, forstjóri OR, að kostnaðartölur Orkuveitunnar væru án virðisaukaskatts enda væri OR virðisaukaskattsfyrirtæki, þ.e. fengi skattinn endurgreiddan. Guðmundur staðfesti enn fremur að í tölum OR væri ekki kostnaður við húsgögn, tölvur eða annar skrifstofukostnaður. Hann sagði að ekki hefði verið fjárfest í nýjum tölum þegar starfsemin var flutt í nýja húsið. Hins vegar hefðu húsgögn verið keypt fyrir 50 milljónir, en þar væri um að ræða eðlilegan hluta af endurnýjun á skrifstofubúnaði fyrirtækisins.“⁵⁵¹

Í fréttaskýringunni kom fram að í umfjöllun fjölmiðla um kostnað við höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur hafi alltaf verið rætt að um að kostnaðaráætlun vegna byggingarinnar væri 2,3 milljarðar og var meðal annars vísað til fréttar í Morgunblaðinu í apríl 2003, nokkrum mánuðum eftir að flutt var í húsið, þar sem fram hafi komið að áætlaður kostnaður við húsið væri 2,9 milljarðar og að hann yrði um 600 milljónum meiri en kostnaðaráætlun gerði þá ráð fyrir. Í fréttinni var enn fremur vísað til þess að í fyrrgreindri fréttatilkynningu Orkuveitu Reykjavíkur sem afhent var á fundi með fjölmiðlum, hefði hins vegar komið fram að upphafleg kostnaðaráætlun hafi hljóðað upp á 2.676 milljónir. Kom þar fram að:

„Guðmundur var spurður um þennan mun. Hann svaraði því til að skýringin fælist í tvennu, annars vegar að húsið hefði verið stækkað um 1.000 fermetra og hins vegar hefði áætlunin verið reiknuð upp miðað við verðlag í janúar 2003. Hann sagði að búið væri að gera nokkrar áætlanir um kostnað við framkvæmdina eftir því sem henni hefði miðað áfram, en í fréttatilkynningunni væri miðað við upphaflegu áætlunina sem hefði verið notuð til að bera saman kostnað við tillögurnar sem bárust þegar samkeppni var haldin um hönnun hússins. Í umfjöllun fjölmiðla um kostnað við byggingu Orkuveituhússins á árunum 2002 og 2003 var alltaf haft eftir stjórnendum fyrirtækisins að áætlun gerði ráð fyrir að kostnaður við húsið yrði 2,3 milljarðar, án þess að þeir skilgreindu hann nánar. Ekki var hafður sá fyrirvari á að húsið hefði verið stækkað um 1.000 fermetra frá upphaflegri áætlun. Í fréttatilkynningu OR er búið að hækka kostnaðaráætlun upp í 2.676 milljónir og sagt að endanlegur kostnaður hafi verið 3.264 milljónir eða 31,9% hærri en kostnaðaráætlun.“⁵⁵²

Í júní 2005 var svo send ný tilkynning til fjölmiðla af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur þar sem upplýst var að ætlaður kostnaður við frágang lóðar hússins, og sem ekki hefði verið tekið tillit til nema að hluta í áður birtum kostnaðartölum, næmi um 300 milljónum króna.

16.3 Kostnaður vegna byggingar höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur

Úttektarnefndin hefur meðal annars tekið til skoðunar bókhald Orkuveitu Reykjavíkur með tilliti til þess kostnaðar sem af byggingu höfuðstöðva þess hlaust, og hefur verið miðað við upplýsingar um byggingarkostnað

551 Morgunblaðið: „Hús OR um 40% dýrara.“ Dags. 15. janúar 2005.

552 Morgunblaðið: „Hús OR um 40% dýrara.“ Dags. 15. janúar 2005.

„Orkuveita Reykjavíkur segir að ekki liggja fyrir hver endanlegur kostnaður verður við frágang á lóðum fyrirtækisins við Réttarháls og Bæjarháls, en endanleg kostnaðaráætlun við allar lóðirnar þjáar sé um 300 milljónir króna á núvirði ... Í tilkynningu sem Guðmundur sendi frá sér í dag segir að endanleg kostnaðaráætlun við allar lóðirnar þjáar við Réttarháls og Bæjarháls, þar á meðal norðurhúsið við Réttarháls 4 þar sem er aðstaða vinnuflokka og verkstæða, sé um 300 milljónir króna á núvirði. Framkvæmdir standi enn yfir við lóðirnar svo ekki liggja fyrir hver endanlegur kostnaður verði. „Þó að kostnaður kunni að fara eitthvað fram úr áætlun er ljóst að það er á miklum misskilningi byggt, að hann fari 150% fram úr áætlun eins og haldið hefur verið fram. Lóðirnar þjáar eru um 4,3 hektarar (43.000 fm) að stærð eða jafn stórar og 60 einbýlishúsálóðir. Gert er ráð fyrir á fimmta hundrad bilastæðum. Orkuveita Reykjavíkur hefur haft það sem stefnu að mannvirki hennar séu fyrirtækinu og íbúum höfuðborgarsvæðisins til sóma og lóðir séu snyrtilegar og vel hirtar. Þessi stefna hefur reynst vel og ekki ástæða til að breyta henni,” segir síðan í tilkynningu OR. “ Morgunblaðið 9. júní 2005 http://www.mbl.is/frettir/innlent/2005/06/09/kostnadaraetlun_or_vegna_loda_um_300_millj-onir/.

Ólöf S. Pálsdóttir: „Rekstrarkostnaðurinn af þessu húsi er ekki hár miðað við rekstrarkostnað þeirra bygginga sem fyrirtækið var í áður. Húsið á Bæjarhálsi er fremur viðhaldslítið. Til dæmis þarf ekki að mála marga veggja því þeir eru ekki til staðar, þar sem vinnurýmið eru opin. Þá hefur verið hægt að nýta hluta hússins til útleigu, svo sem fyrirlestrarsalinn á fyrstu hæð. Rekstrarkostnaður skrifstofuhúsnæðisins lækkaði verulega, frá því fyrirtækið var á þremur stöðum í höfuðstöðvum gömlu veitnanna í Reykjavík. Fyrir utan það að allar bodleiðir eru mun styttri, skilvirkara er fyrir fólk að ræða saman og leysa málin, og öll sameiginleg þjónusta á einum stað. Því fylgir margs konar hagkvæmni að vera á einum stað. Auk þess var verið að sameina ólíka fyrirtækjamenningu, þannig að ef húsið á Suðurlandsbraut hefði verið stækkað eða byggt hús á lóð Vatnsveitunnar, hefðum við áfram verið tengd Vatnsveituhúsinu eða Rafmagnsveituhúsinu. Með því að flytja öll á nýjan stað, flýtti það fyrir raunverulegum samruna í eitt fyrirtæki, og skapaði nýja fyrirtækjamenningu, þar sem allir litu á sig sem starfsmenn Orkuveitunnar.“

eins og hann er greindur í bókum Orkuveitu Reykjavíkur. Í þessum tölum hefur ekki verið tekið tillit til leigutekna, en hluti hússins hefur verið í útleigu um lengri eða skemmri tíma. Auk þess hefur ekki verið tekið tillit til kostnaðar af rekstri hússins eða þess hagræðis að flytja starfsemi fyrirtækisins á einn stað, en á það atriði hefur verið bent sérstaklega í viðtölum úttektaarnefndarinnar. Í meðfylgjandi töflu má sjá þann heildarkostnað sem hlaust af byggingu höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur, skipt eftir árum.

Samkvæmt bókum Orkuveitu Reykjavíkur var heildarkostnaður við bygginguna um 5.300 millj.kr. á verðlagi hvers árs, eða 8.466 millj.kr. á verðlagi 2010, og sundurliðast sem hér segir:

Fjárfesting í höfuðstöðvum OR		
Ár	Verðlag hvers árs	Verðlag 2010
2001	678	1.129
2002	2.787	4.549
2003	564	896
2004	567	867
2005	602	885
2006	103	142
Samtals	5.300	8.466

Rétt er að geta þess að þær upplýsingar sem hér koma fram eru heildarkostnaður við bygginguna sjálfa samkvæmt upplýsingum úr bókum Orkuveitunnar, auk innréttinga og búnaðar. Til þess ber þó að líta, eins og fram kemur í bókunum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, að áætlað var að verja söluandvirði eigna til greiðslu á hluta byggingarkostnaðar. Í umfjöllun fjölmiðla eftir fjölmiðlafund formanns stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóra í janúar 2005 var m.a. tekið fram að:

„Rétt er að hafa í huga að fyrri höfuðstöðvar allra fyrirtækjanna þriggja sem mynduðu Orkuveitu Reykjavíkur, sem voru á fjórum stöðum í borginni, voru seldar fyrir 1.840 milljónir,” segir í fyrrgreindri tilkynningu. Er jafnframt tekið fram að aðstaðan þar hafi víða verið orðin léleg. “Þannig var stór hluti af starfsemiinni í gömlum bröggum í mismunandi ásigkomulagi, sumum lekum. Ljóst var að byggja yrði yfir þá starfsemi sem í þeim var. Þá var ljóst að endurnýja yrði tölvulagnir og rafmagnslagnir á Grensásvegi, Suðurlandsbraut og Eirihöfða til að mæta nýjum kröfum í gagnaflutningi og auknu álagi á rafkerfi frá tölvum.“⁵⁵³

553 Morgunblaðið: „Kostnaður vegna nýrra höfuðstöðva um 4,2 milljarðar“. Dags. 6. janúar 2005.

Söluverð ofangreindra fasteigna sundurliðast þannig:

Sala á höfuðstöðvum Rafmagnsveitu-, Hitaveitu- og Vatnsveitu Reykjavíkur			
Ár	Eign	Raun fjárhæð	Verðlag 2010
2000	Suðurlandsbraut 34 og Ármúli 31	1.000.000.000	1.860.997.963
2000	Grensásvegur 1	404.000.000	751.843.177
2004	Eirhöfði 11	435.000.000	668.316.520
		1.839.000.000	3.281.157.660

Samtals nam söluverð fyrrgreindra fasteigna 1.839 millj.kr á verðlagi hvers árs, eða sem nemur 3.281 millj.kr. á verðlagi ársins 2010. Því nam kostnaður við byggingu húsnæðisins, umfram söluverð fasteigna Orkuveitu Reykjavíkur 5.185 millj.kr. sé miðað við verðlag ársins 2010.

16.4 Ályktanir og niðurstöður

Af framangreindum upplýsingum er ljóst að bygging höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur fór fram úr þeim áætlunum sem gerðar voru um byggingarkostnað, hvort heldur miðað er við upphaflega áætlun, síðari áætlanir eða þær upplýsingar sem kynntar voru fjölmiðlum í janúar 2005 um endanlegan kostnað byggingarinnar. Að framan hefur verið gerð grein fyrir því hvernig kostnaður við byggingu nýrra höfuðstöðva fyrirtækisins breyttist og varð meiri en upphaflega var áætlað. Eins og fram hefur komið var bygging hússins ekki mikið til umfjöllunar hjá stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Það var ekki fyrr en einstaka stjórnarmenn fóru fram á skýringar á þeim kostnaði við bygginguna, að framkvæmdir við byggingu þess komu á borð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur á ný. Á sama tíma voru fjölmiðlar afar áhugasamir um byggingarkostnaðinn og hefur umfjöllun fjölmiðla um þetta verið að nokkru rakin hér að framan af þeim sökum.

Athygli vekur að hluta skýringanna fyrir auknum byggingarkostnaði hefur verið rakinn til þess að um 1.000 fermetrar bættust við á byggingartímanum, auk þess sem ekki hafi verið áætlað fyrir ýmsum liðum og meðal stórra liða hefur verið nefnt loftræstikerfi byggingarinnar og frágangur á lóð. Þessi atriði voru ekki borin undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eða um þau fjallað meðan á byggingu hússins stóð, og ekki verður séð að athygli stjórnarinnar hafi verið vakin sérstaklega á þessum atriðum á byggingartíma hússins. Svo virðist að auki sem mikill hraði hafi einkennt verkið, enda var unnið kappsamlega að því að koma rekstri fyrirtækisins undir eitt þak, og má hluta af auknum kostnaðarútgjöldum meðal annars rekja til þess.

Fulltrúar minnihluta í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hafa haldið því fram að upphaflega hafi hugmynd um byggingu nýrra höfuðstöðva verið kynnt með þeim hætti að fasteignir veitufyrirtækjanna ætti að selja og verja andvirði þeirra til greiðslu byggingarkostnaðar nýrra höfuðstöðva hins sameinada fyrirtækis. Eins og rakið var að framan varð sú ekki reyndin, og skeikar þar tæpum 3,5 milljörðum króna, ef miðað er við verðlag hvers árs, eða rúmum 5,1 milljarði á verðlagi ársins 2010. Ekki verður heldur fram hjá því litið að Orkuveita Reykjavíkur hefur í dag ekki þörf fyrir svo mikið húsnæði, enda stendur nú einn hluti húsnæðisins nær auður.

Hér er í senn um að ræða verulegar fjárhæðir og fjárfestingu fyrirtækis í opinberri eigu, sem ekki nýtist nema að hluta til í rekstri þess. Að mati úttektaarnefndarinnar hefði verið rétt að kynna stjórn framvindu byggingarinnar og áfallandi kostnað, og jafnframt hvort rétt væri að draga úr byggingarmagni eða minnka kostnað á meðan á byggingu stóð, til þess

Alfred Þorsteinsson: „Á sínum tíma ætluðu bæði Vatnsveitan og Hitaveitan að fara að byggja fyrir sig töluvert dýrar byggingar. Þetta var lagt af, hætt við, vegna þess að farið var út í þessa byggingu. Síðan komu rúmir tveir milljarðar fyrir sölu á Rafmagnsveituhúsinu og húsnæði hitaveitunnar á Grensásvegi. Nýja húsið kostaði rúma þrjú milljarða. Þannig að það var kannski eitthvað 10 eða 20 prósentum hærra heldur en fyrsta áætlun gerði ráð fyrir. En ég hef margfalt sagt það, þótt menn vilji kannski ekki trúa því, að hver fermetri í byggingunni. í nýja húsinu var álíka dýr og í vönduðu skólalúsnæði. Þó er þessi bygging Orkuveitunnar hátæknihús því þar er öllum virkjunum fyrirtækisins stjórnað. Menn geta svo deilt um það hvort húsið er fallett.“ Bylgjan, Sprengisandur, 3. apríl 2011.

að upphaflegar áætlanir stæðust. Svo var ekki gert, og vekur það sérstaka athygli að endanlegur kostnaður vegna hússins virðist ekki hafa legið fyrir fyrr en í lok árs 2005, og að á tímanum hafi komið upp liðir sem gleymst hafi að gera ráð fyrir í hönnun verksins.

17. Rekstrarkostnaður

17.1 Inngangur

Í viðtölum úttektarnefndarinnar kom rekstrarkostnaður Orkuveitu Reykjavíkur nokkuð til umfjöllunar. Komu fram þau sjónarmið sumra viðmælenda að fyrirtækið hefði verið vel rekið og að aðhalds hafi verið gætt í hvívetna, en aðrir viðmælenda tóku fram að kostnaðaraðhald og kostnaðarvitund hafi ekki verið nægjanleg hjá fyrirtækinu. Sumir viðmælenda töldu þó að of mikið hefði verið lagt upp úr millideildarsölu innan fyrirtækisins og með því hefði kostnaðarvitund ekki verið nægilega mikil, þar sem deildir hefðu í reynd litið meira til sinnar afkomu, án tillits til heildarkostnaðar fyrirtækisins. Athygli vekur jafnframt að í viðtölum við úttektarnefndina hefur komið fram, að all verulega hefur dregið úr kostnaði fyrirtækisins eftir að aðhaldsaðgerðir núverandi stjórnar hófust, án þess að dregið hafið úr grunnþjónustu fyrirtækisins.

Hér á eftir er að finna umfjöllun um fjárhæðir annars rekstrarkostnaðar og launa á úttektartímabilinu, auk þess sem fjallað verður um styrkveitingar fyrirtækisins. Í umfjölluninni er tekið saman á hvern hátt fjallað hefur verið um þessa liði af stjórnendum og innri endurskoðanda auk þess sem styrkir fyrirtækisins hafa verið teknir til sérstakrar skoðunar og hafa verið greindir nánar eftir styrkþegum hvers árs fyrir sig. Styrkir teljast ekki til hefðbundins rekstrarkostnaðar, en vegna umfangs þeirra og fjölda hefur úttektarnefndin jafnframt tekið þá til sérstakrar skoðunar, en þeir hafa verið bókfærðir með rekstrarkostnaði í Orkuveitu Reykjavíkur. Er gerð sérstök grein fyrir þeim í viðauka með skýrslunni.

17.2 Almenn um innkaup og kostnað hjá Orkuveitu Reykjavíkur

Um innkaup á öðrum rekstrarkostnaði hjá fyrirtækinu gilda samþykktarreglur sem almennt hefur verið fylgt við innkaup fyrirtækisins, eins og staðfest hefur verið í viðtölum úttektarnefndar við innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur. Einnig eru til staðar reglur um innkaupastefnu sem teknar hafa verið út af innri endurskoðanda og hefur þeim almennt verið fylgt. Hjá fyrirtækinu starfar að auki innkauparáð sem fundarreglulega. Hér á eftir er fjallað um skýrslur innri endurskoðanda um nánar tilgreind atriði, en ekki voru gerðar sérstakar úttektir á því hvort samþykki fyrir einstökum kostnaðarliðum hafi verið í samræmi við innkaupareglur fyrirtækisins.

Í endurskoðunarskýrslu ytri endurskoðanda vegna ársins 2002 kemur fram að skipulag og eftirlit með kostnaðarskjölum sé í góðu horfi hjá fyrirtækinu og að athugasemdir hafi verið smávægilegar og hafi ekki kallað á leiðréttingar á bókhaldi Orkuveitunnar.⁵⁵⁴ Í endurskoðunarskýrslum ytri endurskoðanda vegna árána 2003 til 2010 eru engar athugasemdir gerðar við samþykktir innkaupa eða fylgiskjöl. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur almennt ekki fjallað um rekstrarkostnað fyrirtækisins. Undir stjórn Orkuveitunnar hafa þó verið bornar framkvæmdaáætlanir hvers árs og má því segja að stjórnin hafi á þann hátt óbeint fjallað um rekstrarkostnað fyrirtækisins. Auk þess hafa heildarkjarasamningar starfsmanna verið bornir undir stjórn. Hins vegar hafa styrkveitingar nokkuð verið til umfjöllunar hjá stjórn Orkuveitunnar, eins og nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir. Rekstrarkostnaður Orkuveitu Reykjavíkur og einstakir þættir vegna hans hafa sem fyrr segir verið til umfjöllunar hjá innri endurskoðanda Orkuveit-

Ólöf S. Pálsdóttir: „Það var alltaf ríkt kostnaðaraðhald hjá forverum Orkuveitunnar. Við vorum alltaf innan rammaáætlana og mikill agi var í útgjöldum. Eftir sameiningu RR og HR 1999 og VR árið 2000, förum við út í að taka upp það sem við kölluðum millideildarsölukefni, til þess að færa kostnað út á hvert verk eða á hvern kostnaðarstað. Þannig að menn áttuð sig á því, ef þeir báðu um eitthvað verkefni, þá vissu þeir hver kostnaðurinn var. Kostnaðarvitundin var mjög mikilvæg, því hver stjórnandi var með fjárhagslega ábyrgð á því sem honum tilheyrði. Hann þurfti að gera grein fyrir stöðunni við næsta yfirmann og menn voru kallaðir til fjárhagslegrar ábyrgðar. Á þessum fyrstu árum var verið að smíða kerfi til þess að við gætum haldið utan um upplýsingarnar sem best og mest, og farið út í aukna tímaskráningu og útteilingu á kostnaði á rétta staði í því flókna virðisauka-skattsumhverfi sem fyrirtækið var í.“

Haukur Leósson: „Ég verð að segja alveg eins og er, svona, miðað við umræðuna sem var alltaf um Orkuveituna þá kom þetta mér verulega á óvart. Mér fannst þetta ekki of mikill kostnaður í einu eða neinu. Það voru náttúrulega of margir starfsmenn og svo var hérna mótuneyti sem alltaf var til umræðu, enda voru upp í tæplega 700 starfsmenn, þegar mest lét. Allur matur fluttur upp í Nesjavelli og Hellisheiði og afgreitt þar í hitaborðum. Ég fór aðeins ofan í þetta líka og mér fannst mjög vel að þessu staðið.“

Ingvar Stefánsson: „Náðst hefur góður árangur í lækkun ýmissa kostnaðarliða þrátt fyrir að verðlag hafi hækkad um tugi prósentu frá hrumi. Samkvæmt „Planinu“ var gert ráð fyrir að spara um 300 milljónir í almennum rekstri á síðasta ári en sparnaðurinn varð 747 milljónir. Unnin hefur verið ítarleg greining á rekstri og fjárfestingum Orkuveitunnar m.a. með samanburði á rekstri einstakra eininga hjá OR og öðrum sambærilegum einingum annars staðar. Ýmsir ferlar voru yfirfarnir og breytt í kjölfarið, t.d. innkaupaférlinu.“

554 Deloitte & Touche: Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2002.

unnar. Í skýrslu innri endurskoðanda Orkuveitunnar frá september 2009 um sérstaka skoðun hans á innkaupum matstofu Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að:

Ólafur Jónsson: „Vöruhótel Eimskipa. Orkuveita Reykjavíkur skuldbatt sig þar í mörg ár. En þau fyrirtæki sem fóru þarna til að byrja með, bundu sig til mjög skamms tíma. Þetta varð til þess að hinn almenni starfsmaður Orkuveitunnar í vinnuflokkum hérna í bænum, sem gera við bílaðar pípur og svona dótari, hann fer inn í Vöruhótelid og sækir þar þá varahluti sem hann vantar. Yfirleitt veit hann ekki fyrirfram hvað þarf að gera við og hvað þarf til þess, þannig að menn fá sér kannski tveimur metrum lengri pípur eða tveimur krönum fleiri til þess að þurfa ekki að hlaupa frá hálfnuðu verki og ná í meina. Það er, eða var, eftir því sem mér var sagt, borgað eftir verðmætum þess hlutar sem tekinn var út og lagt á 27% af því verði, sem leigu og þjónustu. Ef af gelek tveggja metra bútur af vatnspípu þá kostaði sitt að fara með hana inn í Vöruhótelid og ef þurfti svolítið seinna að taka með og fara með annars staðar, þá voru það önnur 27%. Ég veit að starfsmönnum í viðgerðum um allan bæ var farið að blöskra svo verðið á þessu að þeir voru hættrir að skila inn í Vöruhótelid og farnir að skilja bara eftir á viðgerðarstaðnum. Það var ódýrara fyrir Orkuveituna að gefa bara húseigendum eða einhverjum þessa hluti.“

Ólafur Jónsson: „Gamli starfsmenn þegar þeir hittast muna þeir þetta. Sukkið. Endalaust sukk. Sérstaklega varðandi tilgangslaus kaup og gagnaveitur. Sukkið var alveg hrikalegt í sambandi við Línu.Net. Eins og ég sagði áðan var það ekki alltaf fært til bókar vegna þess að vinnuflokkar voru bara sendir og lager hérna út í porti og ég veit ekki hvað og hvað. Þetta var svona. Síðan er það að það er verið að tala um vöruhótelid. Einn af þeim, eða sá sem var aðallega ábyrgur fyrir því, þegar búið var að reka allt ofan í hann þá var síðasta vörnin sú að það væri kostur að hafa þetta hérna vegna þess að þá væri kostnaðarvitundin skýrari hjá mönnum. Skiljiði þetta?“

„Skoðunin leiddi í ljós að þáverandi deildarstjóri matstofu OR, var tengdur fyrirtækjum sem hann var í viðskiptum við og/mælti með viðskiptum við, án þess að upplýsa um þessi tengsl. Með þessu háttalagi braut deildarstjórinn innkaupastefnu og innkaupareglur OR. Enn fremur kom fram að yfirmaður deildarstjórans sinni ekki sem skyldi eftirlitshlutverki sínu með innkaupum matstofu OR. Stjórnendur OR hafa brugðist við alvarlegustu álitafnunum sem fram komu í skoðuninni.“⁵⁵⁵

Í endurskoðun innri endurskoðanda Orkuveitunnar á innkaupum frá mars 2007, kemur fram að markmiðið hafi verið að kanna hvort innkaup Orkuveitu Reykjavíkur væru gerð á hagkvæman og skilvirkan hátt, en enn fremur hvort að markmiðum sem sett eru í innkaupum hafi verið náð og reglum fylgt. Kom fram í áliti hans að í meginatriðum væri álitid að:

„Styrkleikar OR á sviði innkaupa felast í að byggðir hafa verið upp innviðir fyrir innra eftirlit með margvíslegum aðgerðum; með innleiðingu rekstrarkefna (m.a. rekstrarhandbók), með setningu innkaupastefnu, með gerð verklagsreglna og með skilgreiningum á verkaskiptingu í innkaupum. Það er staðfest að stjórnendur og starfsmenn hafa komið á og fylgja í meginatriðum settum reglum í innkaupum fyrir meginhluta útgaldanna sem stofnað er til innan fyrirtækisins. Stjórnendur og yfirstjórnendur leggja áherslu á að farið sé eftir lögum og reglum í innkaupum, árangurinn af áhættustjórnun við orkukaup er afar góður. Veikleikar OR á sviði innkaupa felast í að innkaupafærslur fyrirtækisins hafa ekki verið áhættugreindir, þarfagreining innkaupa er ekki fullnægjandi og verklagsreglur um undirbúning innkaupa eru ekki nægjanlega markvissar og fara þarf yfir verklagsreglur þannig að fullnægjandi áætlun um fyrirhuguð innkaup liggi fyrir með hæfilegum fyrirvara, bæta má skipulag og verkaskiptingu í innkaupum, hlutverk, skyldur og umboð til innkaupa er ekki nægjanlega skýrt, bæta þarf þekkingu stjórnenda á innkaupum og eftirlitshlutverk þeirra þarf að vera skýrara og virkara, árangursmælikvarðar fyrir innkaup eru ekki fullnægjandi og fylgni við lög og reglur er betri fyrir stærri innkaup en minni. Staðfest er að stjórnendur hafa unnið eftir ábendingunum sem fram komu í skoðuninni.“⁵⁵⁶

Þá kemur fram í minnisblaði innri endurskoðanda Orkuveitunnar til stjórnar og forstjóra dags. 14. október 2009, þar sem fjallað var um notkun bifreiða Orkuveitu Reykjavíkur að innri endurskoðanda Orkuveitunnar hefðu borist ábendingar um notkun starfsmanna af bifreiðum fyrirtækisins, sem stundum virðist hafa verið ótengd starfi þeirra. Við nánari eftirgrenslnan innri endurskoðanda hefði komið í ljós að ekki væru til verklagsreglur um með hvaða hætti starfsmönnum Orkuveitu Reykjavíkur væri heimilt að nota bifreiðir sem þeir fengju til ráðstöfunar vegna starfa sinna og fyrirtækið útvegaði á hverjum tíma. Í óformlegum viðtölum bentu starfsmenn og stjórnendur m.a. á að þegar starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur sinntu vaktaskyldu s.s. yfir heila helgi, væri það í samræmi við eðli máls að þeir

555 Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur: Skyndiskoðun. September 2009.

556 Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur: Endurskoðun. Mars 2007.

gætu notað bifreiðir fyrirtækisins á sínum vöktum til einkanota en slík not hlytu þó að eiga að vera hófleg. Rökin fyrir þessu sjónarmiði væru m.a. styttri útkallstími viðkomandi starfsmanns, en einnig að starfsmönnum væri ekki greitt fyrir að binda sig á tilteknum stað. Var á það bent af hálfu innri endurskoðanda að engin persónuleg notkun ætti að vera leyfileg, og að mismunandi reglur virtust gilda á milli sviða, auk þess sem ekki væri ljóst hvort einstaklingar sem þæðu bifreiðastyrk mættu nota bifreiðir fyrirtækisins. Var á það bent af hálfu innri endurskoðanda að full þörf væri á að smíða reglur eða leiðbeiningar fyrir stjórnendur og starfsmenn Orkuveitunnar um notkun á bifreiðum sem fyrirtækið legði til vegna starfa þeirra.⁵⁵⁷

Nokkuð var fjallað um rekstrarkostnað í tengslum við úttekt á rekstri Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2010. Í greinargerð stjórnenda með rekstrarúttektinni dags. 14. ágúst 2010 kom fram að sparnaðaraðgerðir hefðu hafist þegar á árinu 2009, en um það kom fram að:

„Á árinu 2009 var ráðist í umfangsmiklar hagræðingaradgerðir með starfsmönnum fyrirtækisins. Allir starfsmenn höfðu tækifæri til að koma með tillögur að sparnaðar- og hagræðingarverkefnum. Úr hugmyndum starfsmanna urðu til tillögur að 173 verkefnum og ákvað stýrihópur verkefnisins að ráðast í 120 verkefni. Framkvæmdastjórn fylgdi sérstaklega eftir því sem kallað var fókusverkefni og skiluðu þau 250 mkr. sparnaði og önnur verkefni skiluðu 69 mkr. Samtals skiluðu þessi verkefni því um 319 mkr. sparnaði á árinu 2009. Auk þessa var ráðist í sérstakar aðgerðir til lækkunar á launakostnaði og varð launakostnaður árið 2009 311 mkr. lægri en árið 2008. Árið 2010 er hagræðingaradgerðum haldið áfram og unnið að því að festa hagræðingu í sessi með aukinni skilvirkni og varanlegri lækkun kostnaðar. Rekstraráætlun 2010 er með samtals hagræðingu á rekstrarliðum sem nemur 400 mkr. Ársverkum hefur fækkað um 38 frá fyrsta ársfjórðungi 2009 til annars ársfjórðungs 2010. Þau verkefni sem skiluðu mestum ávinningi árið 2009 voru: Hugbúnaður Sparnaður 110 mkr. Veitingar Sparnaður 43 mkr. Samningar við birgja Sparnaður 41 mkr. Auglýsingar Sparnaður 36 mkr. Á árinu 2010 voru skilgreind um 50 sparnaðarverkefni, sem er bæði framhald verkefna frá árinu 2009 auk nýrra verkefna.“⁵⁵⁸

Til viðbótar kom fram í greinargerð stjórnenda að hafnar hefðu verið frekari aðgerðir til sparnaðar, m.a. með vinnu við skipulagsbreytingar í fyrirtækinu og ýmsum hagræðingaradgerðum sem þegar væru farnar að skila sér í rekstrinum. Á árinu 2009 hefðu starfsmenn tekið þátt í sérstöku sparnaðarverkefni sem skilaði 320 millj.kr. í sparnað og í rekstraráætlun 2010 væri að finna 400 millj.kr. hagræðingu frá árinu 2008, sem fælust í fækkun starfsmanna, fækkun sumarstarfsmanna, með því að leggja niður styrki, jólaýsingu og vatnspósta sem og önnur hagræðingarverkefni. Um starfsmenn kom fram að:

„Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur eru nú um 590 og hefur þeim fækkað um 38 frá fyrsta ársfjórðungi 2009. Markmið stjórnenda er að starfsmannafjöldi fyrirtækisins verði 540 til 550 miðað við núverandi umsvif fyrirtækisins en það er svipaður fjöldi og árið 2003. Þessari fækkun verði náð á næstu misserum með því að ráða ekki í öll þau stöf sem losna, með sameiningu sviða og deilda, niðurlagn-

557 Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur: Minnisblað til stjórnar og forstjóra, dags. 14. október 2009.

558 Greinargerð með rekstrarúttekt. Reykjavík. 14. ágúst 2010. Bls. 37-38.

ingu og/eda endurskipulagningu verkefna. Meðalstarfsmannakostnaður, laun og launatengd gjöld er 6,5 – 7 mkr. Þegar aðgerðirnar eru að fullu komnar fram verður árlegur sparnaður um 300 mkr. Þá ráðgerir forstjóri að endurskoða hlunnindi starfsmanna, þ. á m. bifreiðahlunnindi framkvæmdastjóra ... Orkuveita Reykjavíkur ræður til sín fjölda skólafólks til sumarstarfa á hverju ári. Sumarstarfmönnum hefur fjölgað nokkuð á síðustu árum og eru nú um 200. Að hluta hefur verið um samfélagslegt verkefni að ræða og hafa fleiri verið ráðnir en brýnustu þarfir fyrirtækisins segja til um. Eftir skoðun er það mat stjórnenda að fækka megi verulega þessum ráðningum. Mestur fjöldinn hefur verið á vegum garðyrkjudeildar sem sér um lódir og lendur fyrirtækisins en hún telur sig geta komist af með 55 sumarstarfsmenn. Fjölda annarra mætti takmarka við 25 þannig að heildafjöldi yrði um 80. Kostnaður við hvern starfsmann yfir sumarið er um 1 mkr. Með fækkun sumarstarfsmanna úr 200 í 80 lækkar launakostnaður um 120 mkr. á ári. Þessi lækkun yrði varanleg og kæmi strax til framkvæmda á árinu 2011. ... Starfsmenn OR geta keypt morgunmat og hádegismat í mötuneyti OR. Gjaldskrá til starfsmanna vegna mötuneytis miðar að því að hún þeki hráefniskostnað mötuneytisins. Jafnframt sér mötuneytið sviðum og deildum fyrir veitingum vegna funda. Jafnframt er rekið mötuneyti á Nesjavöllum en þar starfa um 15 starfsmenn OR auk verktaka. Starfsmenn OR á Hellsheiði fá sendan mat úr mötuneyti OR á Bæjarhálsi. Stjórnendur OR hafa ákveðið að taka rekstur mötuneytisins til gagnerrar endurskoðunar. Hætt verði að bjóða upp á morgunverð, veitingar vegna funda verði lágmarkaðar og dregið úr þjónustu mötuneytis við svið og deildir OR.⁵⁵⁹

Áfram hefur verið unnið að hagræðingu á vegum Orkuveitu Reykjavíkur, og hefur kostnaður fyrirtækisins dregist saman eins og grein var gerð fyrir hér að framan þar sem fjallað var um fjárhagslegt yfirlit Orkuveitunnar. Með bréfi forstjóra til borgarráðs dags. 30. ágúst 2010 var jafnframt tilkynnt um umfangsmiklar ráðstafanir sem ætlað var að styrkja rekstur fyrirtækisins og að gera því mögulegt að standa við skuldbindingar gagnvart lánardrottnum þess. Þar var m.a. tilkynnt um hækkun gjaldskráa fyrirtækisins, um 25% hagræðingu rekstrarkostnaðar án orkukaupa og orkuflutnings, sölu eigna sem ekki tilheyrðu kjarnastarfsemi fyrirtækisins og að fara þess á leit við eigendur að teknar yrðu upp viðræður um arðgreiðslustefnu fyrirtækisins. Þó var á það bent í minnisblaði fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 31. ágúst 2010 til borgarráðs að almennt mætti ætla að svo mikill sparnaður tæki tíma og að hann yrði erfiður, auk þess sem rekstrarútgjöld kynnu að vera vanmetin vegna lúkningar samninga vegna borana og túrbínukaupa.⁵⁶⁰


559 Greinargerð með rekstrarúttekt. Reykjavík. 14. ágúst 2010. Bls. 55–58.

560 Leiddi þetta meðal annars til þess að skipaður var rýnihópur eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, sem ætlað var að fara yfir og staðfesta áreiðanleika rekstrarúttektar á Orkuveitu Reykjavíkur. Auk þess var komið á fót áhættustýringarhópi Reykjavíkurborgar með samþykkt borgarráðs þann 8. júlí 2010 sem ætlað var að fylgjast með og miðla til borgarstjóra og borgarráðs upplýsingum og tillögum á grundvelli áhættugreininga fjármálaskrifstofu, en þess var óskað að stýrihópurinn setti í forgang vinnu við greiningu á mismunandi sviðsmýndum vegna áhættu A-hluta borgarsjóðs af Orkuveitu Reykjavíkur og að honum væri ætlað að gera tillögur um viðbragðsáætlanir. Var aðgerðaráætlun eigenda vegna Orkuveitu Reykjavíkur kynnt þann 24. mars 2011.

17.3 Þróun annars rekstrarkostnaðar og launakostnaðar á tímabilinu

Hér á eftir verður fjallað um þróun á öðrum rekstrarkostnaði og launakostnaði á úttektartímabilinu. Eins og í umfjölluninni í fjárhagslega yfirlitinu eru fjárhæðir til glöggvunar settar fram bæði á verðlagi hvers árs og meðalverðlagi ársins 2010 auk þess sem gerð er tilraun til að setja þær í samhengi við aðrar stærðir til frekari greiningar.


Laun og annar rekstrarkostnaður



Á myndinni hér að ofan er yfirlit yfir launakostnað og annan rekstrarkostnað í fyrirtækinu og eru allar fjárhæðir í millj.kr. Á árinu 2002 námu þessir liðir samtals 4.786 millj.kr. og hafa vaxið í að nema 9.025 millj.kr. á árinu 2010. Gjöld ársins 2002 á meðalverðlagi ársins 2010 eru 7.792 millj. kr. Hækkun gjalda á tímabilinu nemur því um 1.233 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010, eða 15,8%. Fyrri hluta tímabilsins, eða á árunum 2002 til 2005, fer kostnaðurinn heldur lækkandi og nam að meðaltali þau ár 7.529 millj.kr. á ári. Á næstu þremur árum þar á eftir hækkar kostnaðurinn nokkuð og er að meðaltali 9.335 millj.kr. á árunum 2006 til 2008. Á árinu 2009 lækkar kostnaðurinn síðan í 8.896 millj.kr. og síðan enn frekar á árinu 2010 og nemur þá 9.025 millj.kr.

„Orkuveitan hefur tilkynnt sveitarfélögum ... á rafmagnsdreifisvæði fyrirtækis að frá og með næstu jólum muni fyrirtækið ekki sjá um jólalýsingu á sama hátt og verið hefur. „Við munum rúka fyrir þessa þjónustu frá og með næsta ári. Sveitarfélögin hafa tekið því af skilningi,“ segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar. Hann undirstrikar að fyrirtækið annast lýsinguna í ár fyrir sinn reikning eins og undanfarið. Það felist fyrst og fremst í því að lögð er til og fest upp jólalýsing og síðan hirt um hana. Þjónustan nær til þeirra svæða þar sem fyrirtækið dreifir rafmagn. Það eru Akranes, Mosfellsbær, Reykjavík, Kópavogur og hluti af Garðabæ. Að sögn Eiríkis nemur kostnaður Orkuveitunnar vegna þessara jólaþreyinga á bilinu tuttugu til þrjátíu milljónir króna. Mest kosti sérúrnar sjálfar og vinnan við uppsetningu þeirra. Raforkan sé hins vegar hlutfallslega aðeins lítil þáttur. „Þetta hefur haft tilhneigingu til að vaxa, kannski að hluta til vegna þess að sveitarfélögin hafa ekki þurft að borga fyrir. En það voru þó einhver sveitarfélög sem drógu úr þessu strax í ár þannig að umfang er eitthvað minn nú en áður,“ segir upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar. “Fréttablaðið 27. desember 2010 <http://www.visir.is/spara-thrjatiu-milljonir-krona-a-jolaljosum/article/2010205479519>.

Laun og annar rekstrarkostnaður



Á myndinni hér að ofan má sjá samanburð á launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði við tekjur fyrirtækisins. Eins og sjá má hefur vöxtur í launum og rekstrargjöldum ekki haldið í við vöxt í tekjum. Hlutfall umræddra gjalda á móti tekjum nam rúmum 41% á fyrsta rekstrarárinu sem er til skoðunar og lækkaði stöðugt allt tímabilið, þar til það nam 32,3% á árinu 2010.



Á myndinni hér að ofan má sjá skiptingu á fjárhæðum að ofan þar sem fjárhæðir eru á meðalverðlagi ársins 2012. Annars vegar í annan rekstrarkostnað og hins vegar í laun og launatengd gjöld.

Annar rekstrarkostnaður hefur vaxið frá því að vera 4.611 millj.kr. á árinu 2002 í 4.874 millj.kr. á árinu 2010 sem er 5,7% hækkun á tímabilinu. Annar rekstrarkostnaður nemur því samtals 41.035 millj.kr. á tímabilinu. Annar rekstrarkostnaður á árinu 2011 nemur 3.538 millj.kr. og lækkaði því um 1.336 millj.kr. frá fyrra ári, eða um 27,4%. Meðal rekstrarkostnaðar eru færðir styrkir sem fyrirtækið hefur veitt og er sérstök umfjöllun um þá hér á eftir.

Laun og launatengd gjöld hafa vaxið á meðalverðlagi 2010 frá því að vera tæp 3.181 millj.kr. á árinu 2002 í 4.151 millj.kr. á árinu 2010 sem er 30,5% hækkun á tímabilinu. Laun og launatengd gjöld lækkuðu á milli árunna 2002 og 2003 um 0,65%. Þau hækkuðu síðan árið 2004 um 6,6%, árið 2005 um 7,9% og mesta hækkunin á tímabilinu er á árinu 2006 en þá hækkuðu laun á milli ára um 14,4%. Á árinu 2007 hækkuðu laun síðan um 6,2% og um 8,5% árið eftir. Á árinu 2009 lækkuðu laun á milli ára um 13,5% og stóðu síðan nánast í stað á milli árunna 2009 og 2010. Laun og launatengd gjöld samtals á tímabilinu nema 35.008 millj.kr. Laun og launatengd gjöld á árinu 2011 nema 3.836 millj.kr. og lækkuðu því um 315 millj.kr. frá fyrra ári.




Á myndinni hér að ofan má sjá gjaldaliðina launagjöld og annan rekstrarkostnað borna saman við tekjur fyrirtækisins.

Launagjöld hafa haldist nokkuð stöðug allt tímabilið sem hlutfall af tekjum og hafa að meðaltali verið um 16% af tekjum og annar rekstrarkostnaður hefur að mestu farið lækkandi á tímabilinu og hefur að meðaltali verið 19,1% af tekjum.

Laun og launatengd gjöld									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Laun og launatengd gjöld	1.954	1.985	2.180	2.444	2.977	3.320	3.974	3.889	4.151
Stöðugildi	568	573	581	568	626	662	689	651	630
Launakostn. per stöðugildi	3,4	3,5	3,8	4,3	4,8	5,0	5,8	6,0	6,6
Á meðalverðlagi 2010	5,6	5,5	5,8	6,4	6,6	6,7	7,0	6,4	6,6

Á myndinni hér að ofan má sjá launakostnað á verðlagi hvers árs borinn saman við fjölda stöðugilda á sama ári. Reiknaður er meðallaunakostnaður á hvert stöðugildi og þær fjárhæðir síðan færðar til meðalverðlags ársins 2010 svo þær verði samanburðarhæfar. Eins og sjá má á yfirlitinu nam launakostnaður á hvert stöðugildi á árinu 2002 5,6 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010, hann lækkaði síðan í 5,5 millj.kr. árið 2003 en fór eftir það vaxandi á hverju ári fram til ársins 2008 þegar hann nam 7 millj.kr. Árið 2009 lækkaði launakostnaðurinn síðan í 6,4 millj.kr. á hvert stöðugildi og nam 6,6 millj.kr. á árinu 2010.



Á myndinni hér að ofan má sjá samanburð á þróun meðallauna á hvert stöðugildi við þróun launavísitölu. Launakostnaður á hvert stöðugildi hefur hækkað um 92% á sama tíma og launavísitalan hefur hækkað um 71%. Við samanburðinn þarf að hafa í huga að samsetning starfsfólks hjá fyrirtækinu getur hafa breyst á tímabilinu þannig að fleiri séu í hærri launaflokkum en áður og getur það skýrt af hverju launakostnaður hefur hækkað umfram hækkun á launavísitölu.

Í aðhaldsaðgerðum núverandi stjórnar sem tilkynnt var um á árinu 2011, hefur komið fram að stefnt sé að því að lækka rekstrarkostnað fyrirtækisins um fimm milljarða króna, bæði launakostnað sem og annan kostnað í starfsemi. Þá verði ekki ráðið í störf sem losna og reiknað með að starfsfólki fækki um u.þ.b. 90 til ársloka 2016.⁵⁶¹ Áður hafði starfsmönnum verið sagt upp með fjöldauppsögnum á haustmánuðum 2010, en á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 27. ágúst 2010 hafði verið samþykkt tillaga forstjóra um að stefna að hagræðingu í rekstri sem næmi 25% af rekstrarkostnaði, án orkukaupa og orkuflutnings m.v. fjárhagsáætlun ársins 2010, dags. 25. nóvember 2009.

Þá gerði innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur grein fyrir því, í tengslum við framangreindar hagræðingaradgerðir, að vanda þyrftu sérstaklega til þeirra. Í bréfi hans til forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur dags. 3. september 2010, kom fram að:

Ingvar Stefánsson: „Hagræðingaradgerðum má líkja við snjóbolta eða keðjuverkun t.d. lækkar einnig ýmis annar rekstrarkostnaður en launakostnaður vegna fækkunar starfsmanna, s.s. símakostnaður mótuneytiskostnaður, tölvukostnaður, bílakostnaður o.s.frv. Í hagræðingaradgerðum þarf einnig að huga að fyrirtækjameningunni. Eigum við alltaf að hringja í einhvern þjónustuaðila eða eigum við að gera hlutina sjálf? Eigum við t.d. að eiga bílinn í fimm ár í staðinn fyrir þrjú ár, þurfum við að kaupa nýja tölvu eða getum við kannski átt tölvuna lengur? Þetta snýst m.a. um að vera hagsýn.“

561 Tilkynning Orkuveita Reykjavíkur: Aðgerðaráætlun vegna fjárhagsvanda OR. Reykjavík, dags. 29. mars 2011. Birt m.a. á <http://www.or.is/UmOR/Fjolmidla-torg/Frettir/Lesafrett/2158>

„Ljóst er að svo mikil hagræðing, sem samþykkt hefur verið, mun reyna mjög á starfsemi og alla starfsmenn Orkuveitunnar. Helst ber þar að nefna að hugsanlega ógna miklar breytingar starfsemi fyrirtækisins og virkni hennar en enn fremur verður tekist á um mikla hagsmuni þar sem afar líklegt er að breyta þarf stöðu og launakjörum einhverra einstaklinga en jafnframt verður vandséð hvernig komist verður hjá uppsögnum einhverra starfsmanna. Ekki verður heldur að teljast ólíklegt að starfsemi Orkuveitunnar verði endurskipulögð frá grunni. Það er mat innri endurskoðanda OR að innbyrðis tengsl einstaklinga og viðhorf stjórnenda innan OR geti ógnað því að málefnaleg niðurstaða fái við endurskipulagningu fyrirtækisins. Þetta mat er byggt á eftirfarandi þáttum: Núverandi skipurit fyrirtækisins markast ekki eingöngu af hagkvæmni og skilvirkni. Til dæmis hefur það ekki þróast með breytingum á verklagi og vinnuferlum og staðfest er að staða einstakra stjórnenda hefur haft áhrif á skipuritið. Nokkuð er um fjölskyldutengsl meðal starfsmanna og stjórnenda. Athyglisvert er að innan sömu sviða og jafnvel deilda eru náskyldir einstaklingar. Viðhorfi starfsmanna og stjórnenda til tengslaráðninga. Sem dæmi má nefna að fyrrverandi deildarstjóri garðyrkjudeildar var með alla fjölskyldu sína í launa- og verktakavinnu og börn starfsmanna hafa „förgang“ að vinnu hjá OR skv. stefnu stjórnenda. Við skoðun hefur verið staðfest að minnsta kosti ein ráðning sl. fjögur ár var gerð eftir að stjórnmalamenn beittu stjórnendur þrýstingi.“⁵⁶²

Í endurskoðunarskýrslu innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur frá nóvember 2010, kom fram það álit hans að almennt hefðu málefnaleg sjónarmið ráðið för við hagræðingaradgerðir stjórnenda sem fram höfðu farið þá um haustið svo sem boðað hafði verið. Hlutfall karlmanna og kvenmanna sem sagt hafði verið upp störfum hafi verið í samræmi við innbyrðis hlutfall kynjanna sem starfaði hjá fyrirtækinu. Meðalaldur starfsmanna sem sagt var upp störfum var í samræmi við meðalaldur hjá fyrirtækinu og meðalstarfsaldur starfsmanna sem sagt var upp störfum hafi verið í samræmi við meðalstarfsaldur hjá fyrirtækinu. Þá hefði starfsmönnum eldri en 65 ára ekki verið sagt upp störfum hjá fyrirtækinu og þeir starfsmenn sem sagt hafi verið upp störfum hafi notið réttinda við uppsögn umfram ákvæði kjarasamninga. Því hefðu stjórnendur Orkuveitunnar unnið gott starf til að hagræða í rekstri Orkuveitunnar á afar stuttum tíma, þar sem stjórnendum hefði tekist að koma á nýju skipuriti, fækka starfsfólki, velja nýja stjórnendur og koma á umfangsmiklum almennum hagræðingaradgerðum á um það bil tveimur mánuðum í fyrirtækinu öllu. Þó hefðu stjórnendur, að mati innri endurskoðanda, enn ekki gengið nægjanlega langt í að endurskipuleggja fyrirtækið svo sem með einfaldara skipulagi og boðleiðum og hagræðingu í kostnaði sem tengdist launum starfsmanna.⁵⁶³

Úttektarnefndin hefur spurst fyrir um hvort brugðist hafi verið við framangreindum athugasemdum innri endurskoðanda og óskaði því eftir frekari upplýsingum um þetta efni. Í bréfi innri endurskoðanda frá 3. september 2010 til úttektarnefndinnar dags. 24. ágúst 2012 kemur fram að við könnun á ráðningum tveggja einstaklinga sem hafi unnið fyrir Orkuveituna á síðastliðnum árum hafi verið staðfest að tveir stjórnmalamenn hafi beitt áhrifum sínum við ráðningu þeirra. Þá hafi við innri endurskoðun starfsmannamála verið fenginn sérfræðingur til að bera

562 Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur: Bréf til úttektarnefndar, dags. 29. ágúst 2012.

563 Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur: Endurskoðunar- og hagræðingaradgerðir. Nóvember 2010.

saman umsækjendur sem hafi sótt um tiltekið starf hjá fyrirtækinu. Að mati sérfræðingsins hafi ekki mátt ráða annað af fyrirliggjandi gögnum, en að sá sem hafi verið ráðinn hafi verið síður hæfur til að gegna starfinu. Viðkomandi hafi áður starfað sem verktaki fyrir stjórnandann sem hafi ráðið í starfið. Framangreint sé þó sett fram með fyrirvara þar sem ráðningin hafi átt sér stað að undangengnum viðtölum við hæfustu umsækjendurna en engin skráning hafi verið gerð í ráðningarferlinu sem varpað gæti ljósi á það að hvaða leyti sá umsækjandi sem hlaut starfið hafi skarað fram úr í ráðningarferlinu.

Í bréfi innri endurskoðanda til úttektarnefndinnar kemur einnig fram að með óformlegri könnun á meðal stjórnenda og starfsmanna hafi komið í ljós að nokkuð hafi verið og sé um ættartengsl á meðal fastráðinna starfsmanna fyrirtækisins og þá enn fleiri þegar litið er til sumarstarfsmanna, en ekki hafi verið gerður samanburður við önnur íslensk fyrirtæki af sambærilegri stærð þar sem framangreind atriði væru tekin til skoðunar. Var það því niðurstaða innri endurskoðanda að:

„Byggt á því sem fram hefur komið hér að framan, er það mat undirritaðs að ráðningar hjá Orkuveitu Reykjavíkur hafi ekki án undantekninga, byggst á sjónarmiðum um jafnræði atvinnuleitenda og hlutlægni við mat á hæfni þeirra. Þess bera að geta að þessi niðurstaða gefur ekki tilefni til að allhæfa um að ráðningar hjá fyrirtækinu hafi ekki að öllu jöfnu verið gerðar í samræmi við „góða“ starfshætti þegar litið er til fjölda ráðninga sl. ár.“⁵⁶⁴

17.3.1 Styrkveitingar og stefna Orkuveitu Reykjavíkur í styrkjámálum.

Orkuveita Reykjavíkur hefur á úttektartímabilinu veitt styrki til margs konar verkefna sem skilgreina má sem samfélags- og menningarmál. Styrkjastefna fyrirtækisins var hins vegar ómótuð að mestum hluta allt fram til ársins 2007. Auk þess var allt fram til ársins 2010 ekki um að ræða greinanlegan samdrátt í upphæðum á milli ára en samtals hefur Orkuveitan veitt styrki til ýmissa verkefna fyrir um á annan milljarð króna. Þegar skoðuð er stefna Orkuveitu Reykjavíkur við veitingu styrkja á úttektartímabilinu má skipta þróun hennar í tvö tímabil. Annars vegar frá 2002 til 2007 og hins vegar frá 2007 til 2010. Fyrri tímabilið einkennist af ómótuðum reglum fyrir utan viðmiðunarupphæðir og ákvarðanatöku, en með tilkomu formlegrar styrkjastefnu skýrist verklag til mikilla muna, en yfir nær allt tímabilið einkennast upphæðir styrkja af tiltölulega miklu jafnvægi sé tekið tillit til verðlags. Athygli er vakin á því að samtölur ára í sundurliðun styrkja í viðauka ber ekki saman við fjárhæðir hér að ofan vegna mismunandi reikningshaldslegrar meðferðar á styrkjum.

Frá stofnun Orkuveitu Reykjavíkur fram til 7. mars 2007 var ekki um að ræða formlega stefnu fyrirtækisins þegar litið er til styrkja, heldur var verklag og reglur í formi leiðbeininga í rekstrarbók. Frá 2002 til 2004 var ábyrgð og meðferð slíkra beiðna um styrkveitingar í höndum framkvæmdastjóra skrifstofu forstjóra, en frá 2004 færðist ábyrgðin yfir til sviðsstjóra umsýslu- og almannatengsla Orkuveitu Reykjavíkur. Í umræddum leiðbeiningum er ekki kveðið á um hvaða málaflokkar væru hæfir til umsóknar styrkja. Tekið var fram að styrki undir 250.000 krónum skyldi afgreiða á vikulegum fundi sviðs umsýslu- og almannatengsla. Ef upphæð umsókna færi yfir fyrrgreinda fjárhæð skyldi ákvörðunartaka hvíla hjá yfirstjórn Orku-

564 Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur: Bréf til forstjóra, dags. 3. september 2010.

veitu Reykjavíkur. Formleg stefna fyrirtækisins við meðferð og veitingu styrkja leit dagsins ljós þann 7. mars 2007, þegar stjórn staðfesti drög þess efnis.⁵⁶⁵ Á fundi liðlega ári síðar, eða þann 6. mars 2008, er frekari útfærsla styrkjastefnunnar samþykkt þar sem sérstakar áherslur eru lagðar í styrkveitingarstefnu fyrirtækisins. Þar er tekið fram í styrkjastefnunni að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykki ár hvert áherslur í styrkveitingum og ákvarði fé í styrktarsjóði. Líkt og í fyrri leiðbeiningum voru umsóknarhæfir málaflokkar ekki sérstaklega tilgreindir, hins vegar var kveðið á um ákveðin viðmið, sem eru:

- a. Áherslur stjórnar hverju sinni.
- b. Hvort starfsemi umsækjanda sé á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.
- c. Hvort umsækjandi hafi hlotið styrk áður.⁵⁶⁶

Einnig kemur fram í stefnunni hvaða málaflokkar nái ekki til stefnunnar. Þar kemur fram að stefnan nái ekki til styrkja samkvæmt sérstökum samþykktum stjórnar og eru þar tilgreind nokkur dæmi, s.s. menntun kvenna í tæknigreinum, samstarfssamningar við sveitarfélög o.fl. Á fyrrgreindum fundi þann 7. mars 2007 þar sem hin formlega styrkjastefna er samþykkt eru styrkveitingar settar í þrjá upphæðaflokka og segir orðrétt:

- „a) Styrkir að upphæð innan við 150 þkr. Tiltækin fjárhæð, ákvörðun af stjórn, skal mánaðarlega renna til styrkja að þessari fjárhæð. Styrkir skulu veittir mánaðarlega af Umsýslu og almanna- tengslum að undangenginni umsókn á vef OR. Umsóknir skulu metnar í samræmi við gr. 3.*
- b) Styrkir að fjárhæð 150 þkr. til 500 þkr. Styrkir af þessari fjárhæð skulu veittir árlega að undangenginni auglýsingu í fjölmiðlum. Forstjóri gerir tillögu til stjórnar um styrkveitingar og umsóknir skulu metnar í samræmi við ákvæði gr. 3.*
- c) Styrkir að fjárhæð hærrí en 500 þkr. Styrkir af þessari fjárhæð skulu veittir árlega að undangenginni auglýsingu í fjölmiðlum. Forstjóri gerir tillögu til stjórnar um styrkveitingar og umsóknir skulu metnar í samræmi við ákvæði gr. 3 og um hvern skal gerður samningur milli OR og styrkþega þar sem fram kemur á hvern hátt styrkjafénu skuli varið og á hvern hátt skilamati verði háttað.“⁵⁶⁷*

Frá og með árinu 2010 hafa styrkveitingar frá Orkuveitu Reykjavíkur snarlega dregist saman samfara aðhaldsaðgerðum stjórnenda. Til að mynda námu styrkveitingar á árinu 2011 einungis rétt rúmlega 38 milljónum króna en um 95% þeirrar upphæðar voru samningsbundnar skuldbindingar, sem stofnað hafði verið til fyrir aðhaldsaðgerðir stjórnar. Á úttektartímanum hefur Orkuveita Reykjavíkur veitt styrki til margvíslegra málaflokka, s.s. menningar-, íþrótta-, æskulýðs-, líknar- og velferðarmála svo eitthvað sé nefnt. Í ofangreindum leiðbeiningum skrifstofu forstjóra og síðar styrkjastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, eru ekki tilgreindir þeir málaflokkar sem skilgreindir eru sem umsóknarhæfir og því hefur svigrúm til styrkveitinga spannað nokkuð vítt svið. Athygli vekur þó að þess finnast dæmi að um styrkveitingu hafi verið samið samhliða uppkaupum veitna. Eins og fjallað

565 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 7. mars 2007.


566 Stjórnunarhandbók OR: Styrkjastefna Orkuveitu Reykjavíkur. Dags. 31.mai 2007.

567 Stjórnunarhandbók OR: Styrkjastefna Orkuveitu Reykjavíkur. Dags. 31.mai 2007.

er um hér að framan var að finna í samningi Orkuveitu Reykjavíkur og Sveitarfélagsins Álftaness um yfirtökuna á fráveitu sveitarfélagsins, skuldbindingu um að leggja fram 10 milljón króna styrk vegna uppbyggingar Náttúrusafnsins á Álftanesi. Samkvæmt dómsátt sem fyrrgreindir aðilar gerðu sín á milli þegar fráveitu Álftaness var skilað til seljanda, gekk umrædd styrkveiting til baka. Fleiri dæmi má finna um að Orkuveita Reykjavíkur skuldbindi sig í slíkum samningum um að koma að starfsemi á því svæði sem hið uppkleypa veita starfar á.

Allt úttektartímabilið er stöðug hækkun á heildarupphæð styrkja, sem veittir voru af Orkuveitu Reykjavíkur eins og sjá má á myndinni hér á eftir, en heildaryfirlit veittra styrkja og styrkþega er að finna í sérstökum viðauka við skýrsluna.

Framlög og styrkir



Hækkun milli árána 2002 og 2003 er að vísu lítilleg, sér í lagi þegar tillit hefur verið tekið til verðlagsþróunar en á árinu 2004 er hækkunin tæplega 26.5% frá fyrra ári. Árið þar á eftir lækkar heildarupphæðin aftur um u.þ.b. 14 millj.kr. en frá og með árinu 2006 fram til ársins 2009 hækkar umrædd heildarupphæð ár frá ári. Mest er hækkunin á milli árána 2006 og 2007, eða um 102% á milli ára. Hæst verða framlög á ársgrundvelli árið 2010 eða rúmlega 207 millj.kr. Sú upphæð veur athygli ekki síst fyrir þá staðreynd að á því ári er ljóst að blikur eru á lofti um fjárhagsstöðu og rekstur Orkuveitu Reykjavíkur. Helsta skýringin á upphæðum á árunum 2009 og 2010 er sú að Orkuveita Reykjavíkur var bundin samningum um framlög m.a. í styrkjum í tengslum við Umhverfis- og orkurannsóknarsjóð. Á árinu 2011 hefur orðið um 82% lækkun á heildarframlögum á milli ára og er langlægstá heildarupphæðin veitt á því ári eða um 38 millj.kr. Stærstur hluti framlaganna á því ári eru hluti af eldri skuldbindingum Orkuveitu Reykjavíkur og því um samningsbundin framlög að ræða.⁵⁶⁸

17.4 Ályktanir og niðurstöður

Hér að ofan hefur verið fjallað um annan rekstrarkostnað og laun og launatengd gjöld hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Annar rekstrarkostnaður nemur samtals 41.035 millj.kr. á tímabilinu á meðalverðlagi ársins 2010 og laun og launatengd gjöld 35.008 millj.kr. á sama verðlagi. Eins og komið hefur fram í viðtölum eru skiptar skoðanir á því hvort kostnaðaraðhald hafi verið viðhæft hjá fyrirtækinu eða bruðl, og sitt sýnist hverjum í þeim efnunum. Erfitt er að leggja mat á hvort viðhorfanna er rétt, en vissulega eru vísbendingar um hið síðarnefnda, hvað varðar báða þættina. Sést það á því að kostnaðurinn

568 Sjá m.a. um Umhverfis- og orkurannsóknarsjóð Orkuveitu Reykjavíkur: <http://www.or.is/UmOR/Styrkir/UOR/Umsjodinn/>

hefur lækkað verulega eftir að aðhaldsaðgerðir hófust sem bendir til að svigrúm hafi verið til sparnaðar áður.

Á tímabilinu hefur 1.443 millj.kr. verið ráðstafað í styrki á meðalverðlagi ársins 2010 en styrkirnir eru af ýmsum toga eins og fram kemur í töflum í viðauka við skýrsluna.⁵⁶⁹ Í köflum hér að framan hefur verið fjallað um hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur, og um rekstrargrundvöll fyrirtækisins. Sýnist fyrirtækið hafa verið í hlutverki fyrirtækis sem starfar á einkaréttarlegum grunni þegar ákvarðanir voru teknar um styrkveitingar, jafnvel þótt fyrirtækið væri í reynd rekið með bakábyrgð útsvarsgreiðenda. Að áliti úttektarnefndarinnar var um að ræða háar fjárhæðir, og sem rétt hefði verið að móta skýrari reglur um. Úr því var ekki bætt fyrir en á árinu 2007.

Þá hefur það einnig vakið athygli að ekki virðist hafa verið dregið úr veitingu styrkja fyrir en samhliða sparnaðaraðgerðum Orkuveitunnar árið 2010. Að mati úttektarnefndarinnar hefði verið full ástæða til að draga úr styrkveitingum seinni hluta árs 2008 og árið 2009, en hafa ber í huga að Orkuveitan kann að hafa skuldbundið sig til að greiða styrki vegna sumra styrkverkefna til lengri tíma og því ekki getað hætt einhliða greiðslu þeirra. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að engin merkjanleg breyting varð á veitingu styrkja hjá fyrirtækinu fyrir en á árinu 2010, þótt hér sé um að ræða rekstrarlið sem auðvelt er að draga saman þegar að þrengir í rekstri fyrirtækis.

569 Uppreiknaðar fjárhæðir á verðlagi ársins 2010.

18. Skuldir Orkuveitu Reykjavíkur

Vaxtaberandi skuldir Orkuveitu Reykjavíkur voru 224.361 millj.kr. í árslok 2010. Þungar afborganir af þeim skuldum á næstu árum er ein ástæðan fyrir núverandi fjárhagslegri stöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hér verður gerð grein fyrir þróun á lántökum og afborgunum lána Orkuveitu Reykjavíkur og hvernig lántökur voru kynntar fyrir stjórn fyrirtækisins á hverju ári. Auk þessa verður farið yfir hver þróun hefur verið í dreifingu á afborgunum skulda Orkuveitu Reykjavíkur. Á það er bent hér í upphafi að nýjar lántökur á hverju ári, þurfa ekki endilega að vera þær sömu og samþykktar eru af stjórn fyrirtækisins á sama tímabili, m.a. þar sem lánasamningar voru sumir með þeim hætti að dregið var á lánin eftir hraða þeirra framkvæmda sem þeim var ætlað að fjármagna.

Til glöggvunar á fjárhagsstöðu hverju sinni er einnig fjallað um skýrslur sem hafa verið gerðar um lausafjárstöðu og skuldastýringu Orkuveitu Reykjavíkur, bæði af innri endurskoðanda, ytri endurskoðanda, stjórnendum, eigendum og aðkeyptum sérfræðingum.

18.1 Almenn

Áður en fyrirtækið tók til starfa þann 1. janúar 2002 voru lán forvera þess tekin í nafni Reykjavíkurborgar, en á því varð breyting við stofnun fyrirtækisins. Fyrsta erlenda lán þess var tekið á árinu 2002, en Orkuveita Reykjavíkur hefur tekið lán hjá nokkrum erlendum fjármálastofnunum á starfstíma hennar, auk þess sem lánasamningar hafa verið gerðir við innlendar fjármálastofnanir og gefin hafa verið út skuldabréf skráð á innlendum markaði.

Helstu erlendu lánveitendur Orkuveitu Reykjavíkur eru EIB eða Fjárfestingarbanki Evrópu, sem er ein af stofnunum ESB og hefur það hlutverk að fjármagna verkefni sem eru í samræmi við efnahagsleg markmið sambandsins og er hann stærsti lánveitandi Orkuveitu Reykjavíkur, Depfa banki staðsettur á Írlandi sem sérhæfir sig í fasteigna- og ríkistengdri ráðgjöf og fjármögnun, Dexia fransk-belgískur banki sem er að hluta til í eigu franska og belgíska ríkisins, NIB (Norræni fjárfestingarbankinn) sem er alþjóðleg fjármálastofnun í eigu Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna og sem fjármagnar verkefni í einkageira og í opinberum geira, CEB (Próunarbanki Evrópu) sem var stofnaður 1956 og er í eigu flestra Evrópuríkja, en er sjálfstæð stofnun og fjármagnar sig sjálf. Fortis sem var einn af stærri bönkum Evrópu árið 2007 en var skipt upp eftir fall bankans þannig að belgíska starfsemi bankans var seld til BNP Paribas og hollenska starfsemin þjóðnýtt af hollenska ríkinu undir nafninu ABN AMRO, Euro Hypo sem er dótturfélag Commerzbank og að lokum Swedish Export Kredit, fjármálastofnun í Svíþjóð.⁵⁷⁰ Allir lánasamningar Orkuveitu Reykjavíkur við erlenda lánveitendur eru felldir undir erlend lög og erlenda lögsögu, oftast ensk lög en einnig lög Lúxemborgar og lögsögu dómstóla þess ríkis.⁵⁷¹

Skuldir Orkuveitu Reykjavíkur eru miklar. Í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2010 kemur fram að:

„Bernskuár sín lifði Orkuveita Reykjavíkur á einhverjum mestu uppgangstímum sem gengið hafa yfir íslenska þjóð. Fyrirtækið til-

Ólöf S. Pálsdóttir: „Við stofnun Orkuveitunnar 1999 voru engar skuldir áhvílandi á fyrirtækinu, ef ég man rétt, nema vegna virkjanaf framkvæmda á Nesjavöllum, og vegna lífeyrisskuldbindinga. Öll lánsfjármögnun fór fram í gegnum Reykjavíkurborg, og voru lánin tekin í nafni Reykjavíkurborgar til ársloka 2001, þegar breyting varð á eignarhaldi OR. Lánin voru aldrei tekin í nafni Hitaveitunnar eða Rafmagnsveitunnar, enda var Reykjavíkurborg ein eigandi fyrirtækjanna og í ábyrgð fyrir öllum skuldum þeirra. Þegar breyting varð á eignarhaldi OR í ársbyrjun 2002, var farið að taka lánin í nafni Orkuveitunnar, samkvæmt heimildum allra eigenda og með hlutfallslegri ábyrgð þeirra.“

570 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa. Reykjavík, dags. 28. janúar 2011. Bls. 37–38.

571 Lex lögmannsstofa: Lögfræðiálit. Reykjavík, dags. 20. september 2010.

Helgi Þór Ingason: „Þetta er svona súrrealískt þegar maður horfir til baka að vera hér með fyrirtæki sem að skuldar þessar gríðarlegu upphæðir og þetta er veitufyrirtæki sem veitir hjónustu við rúmlega 75% landsmanna og allt á að standa og falla með einu láni frá NIB.“

Kjartan Magnússon: „Við greiningu á skuldum Orkuveitunnar verður að líta til þess hvernær skuldbindingarnar að baki skuldunum verða til. Á stjórnartíma R-listans, allt til ársins 2006, höfðu allar meginákvæðanir um næstu framtíð fyrirtækisins verið teknar, svo sem um orkusölu til Norðurlágs og Helguvíkur og nauðsynlegar virkjanir til að standa við þá samninga, svo og vegna yfirtöku á fráveitum sveitarfélögunna, dreifbýlisveitum o.s.frv. Það var síðan hlutverk næstu stjórna að vinna úr þessum ákvörðunum og eftir atvikum vinda ofan af þeim eftir því sem unnt var, t.d. með því að draga úr vélakaupum og slá Bitruvirkjun á frest um óákveðinn tíma.“


Kjartan Magnússon: „Að mínu mati var farið of geyst í skuldbindingar, sem leiddu af sér virkjanaframkvæmdir en tímanót urðu í maí 2008 þegar ákveðið var að rífa seglín eftir því sem hægt var með því að hætta undirbúningi Bitruvirkjunar og draga úr vélakaupum. Þessi ákvörðun stjórnarinnar var mjög umdeild á þeim tíma en ég hygg að flestir viðurkenni það nú að hún var skynsamleg. Það getur verið vandasamt að fjármagna þessar virkjanir eins og Orkuveitan hefur reynt en allar líkur eru þó á að þær standi undir sér. Slæmu skuldirnar tengjast hins vegar beint alls konar vitleysu og rugl-fjárfestingum á árunum 2001-2006, sem munu aldrei standa undir sér.“

einkaði sér fljótlega stórhug í framkvæmdum og þá áráðnu afstöðu til fjárfestinga sem á þessum tíma ríkti. Stærð fyrirtækisins og efnahagsaðstæður kölluðu á mikla erlenda fjármögnun sem nýtt var til uppbyggingar á veitukerfum og virkjunum auk annarra fjárfestinga. Stefna fyrirtækisins gerði ekki ráð fyrir þeim umfangsmiklu áföllum sem íslenskt efnahagslíf varð fyrir.“⁵⁷²

Líkt og fram kemur í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur árið 2010 hóf fyrirtækið fljótlega eftir stofnun þess umfangsmiklar fjárfestingar í virkjunum og uppbyggingu á veitukerfum, sem kölluðu á miklar lántökur á skömmum tíma. Fjallað var um skuldastöðu Orkuveitunnar á fundi stjórnar þann 8. mars 2002 í tengslum við umræður um að hætt yrði við hugsanleg kaup Orkuveitunnar á Landssíma Íslands. Var bókað af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að:

„... Ennfremur er ljóst að ef Orkuveitan myndi kaupa Landsímamann hefði það í för með sér hærra orkuverð til Reykvíkinga, þar sem fjármagnskostnaður vegna kaupanna yrði ekki undir 500 Mkr. árlega. Orkuveitan hefur á undanförmum árum skuldsett sig verulega m.a. vegna framkvæmda á Nesjavöllum ... Skuldir Orkuveitunnar nema nú um 20 milljörðum króna og hafa skuldir Orkuveitunnar aldrei numið hærri fjárhæð í sögu fyrirtækisins. Orkuveitan þarf á öllu sínu fjármagni að halda til að kosta uppbyggingu á orkuveitum, ekki síst á Hellisheiði og hugsanlegri frekari uppbyggingu á Nesjavöllum“⁵⁷³

Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig vaxtaberandi skuldir hafa þróast hjá Orkuveitu Reykjavíkur frá 1. janúar 2002 til ársloka 2010. Þar sést að vaxtaberandi skuldir fyrirtækisins þróast frá því að vera 17.729 millj.kr. í ársbyrjun 2002 í 224.361 millj.kr. í árslok 2010. Eins og áður hefur komið fram var hækkun skulda ekki mikil framan af því tímabili sem er til skoðunar, en frá árinu 2006 þegar lántökur jukust og gengi íslensku krónunnar tók að veikjast fóru skuldirnar hækkandi og munar þar mestu um gengisfall íslensku krónunnar á árinu 2008 þegar skuldirnar hækkuðu um 88.462 millj.kr.



Hér á eftir verður rakin þróun skulda fyrirtækisins á hverju ári á því tímabili sem er til skoðunar. Fjárhæðir eru allar á raunverðlagi hvers árs. Yfirlitin hér á eftir eru á móðurfélagsgrunni og þar sem mestur hluti af lántökum var í móðurfélaginu sjálfu skeykir þessi einföldun ekki heildarmyndina, auk þess sem umfjöllun um skuldastöðu og greiningu á afborgunum næstu ára er á samstæðugrunni. Umfjöllun um skuldastöðu

572 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2010.

573 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 8. mars 2002.

hverju sinni sem kemur fram í ársreikningum byggir á samstæðureikningi. Auk þróunar skulda á hverju ári er umfjöllun um lántökur eins og þær hafa verið kynntar fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur svo sjá megi hvernig kjör lána, áhætta og fyrirkomulag var kynnt fyrir stjórn. Einnig verður fjallað um hvað eftirlitsaðilar og aðkeyptir sérfræðingar höfðu að segja um fjárhagsstöðu og framtíðarhorfur þegar slíkt á við.

18.2 Þróun skulda árið 2002

Eins og áður sagði tók Orkuveita Reykjavíkur til starfa þann 1. janúar 2002. Hér á eftir fer yfirlit yfir þróun vaxtaberandi skulda á árinu 2002.

Þróun lána á árinu 2002	
Staða lána 1.1.2002	17.729
Ný langtímalán á árinu:	
- Bayerische Landesbank	2.574
- Cisco System Finance	30
- Garðabær	169
- Íslandsbanki	396
- Borgarsjóður	469
- Nordic Investment Bank (NIB)	711
- Nord Proj. Export	10
- Lánasjóður sveitarfél.	2.772
- Sparisjóður Mýrarsyslu	7
- Sparisjóður Vélstjóra	185
Samtals ný langtímalán	7.324
Afborganir ársins	-809
Gengismunur	-2.433
Verðbætur	69
Staða lána 31.12.2002	21.880

Eins og sjá má á yfirlitinu voru skuldir Orkuveitunnar í upphafi ársins 17.729 millj.kr. og 21.880 millj.kr. í árslok. Lántökur námu 7.324 millj.kr. og gengismunur var jákvæður um 2.433 millj.kr. Í endurskoðunarskýrslu Deloitte vegna ársins 2002 kemur fram að fyrirtækið hafi tekið nýtt langtímalán að fjárhæð 2.799 millj.kr. sem tengist uppgjöri á lífeyrisskuldbindingu við Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar. Þar kemur einnig fram að í kjölfar breytinga á rekstrarformi Orkuveitu Reykjavíkur hafi með samningum við Reykjavíkurborg verið fest hlutdeild Orkuveitunnar í heildarlánasafni Reykjavíkurborgar og að Orkuveitan myndi því framvegis sjálf sjá um áhættustýringu erlendra lána sinna.⁵⁷⁴ Þá kom fram í viðtali við Ólöfu S. Pálsdóttur að lánið sem tekið var hjá Bayerische Landesbank að fjárhæð 2.574 millj.kr. hafi verið fyrsta erlenda lánið sem tekið var í nafni Orkuveitunnar og að það hafi verið til fimm ára og verið ætlað til almennra fjárfestinga.

Skuldir í samstæðunni í árslok 2002 námu 22.716 millj.kr. Þar af voru 653 millj.kr. til greiðslu á næsta ári, eða 3% skuldanna, 10.587 millj.kr., eða 47% á næstu fjórum árum þar á eftir og 11.477 millj.kr., eða 50% til greiðslu síðar. Í ársreikningi Orkuveitunnar voru ekki tilgreindar skuldbindingar utan efnahagsreiknings. Handbært fé frá rekstri á árinu 2002 í samstæðu

Guðlaugur Þór Þórðarson: „Hérna er svona lykilstening sem var mikið notuð af R-listanum: „Skuldasöfnun borgarsjóðs var stöðvud.“ Það eru ósannindi. Það var bara millifærsla yfir í önnur borgarfyrirtæki og þá sérstaklega Orkuveituna.“

Ólöf S. Pálsdóttir: „Lánið var tekið til almennra fjárfestingarframkvæmda. Það var ekki bundið við eina fjárfestingu sérstaklega. Það var í fyrsta skipti sem lán er tekið í nafni Orkuveitunnar. Það var haustið 2002.“

Orkuveitunnar nam 3.779 millj.kr. og greiðslur vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum námu 6.794 millj.kr.

Í skýrslu ytri endurskoðanda vegna ársins 2002 er eftirfarandi umfjöllun um langtímaskuldir fyrirtækisins:

„Langtímalán móðurfyrirtækisins nema um 21.400 milljónum króna í árslok 2002 samkvæmt ársreikningi. Því til viðbótar nema áætlaðar næsta árs afborganir um 480 milljónum króna eins og fram kemur í skýringum númer 12 og 13 í ársreikningnum. Af þessum samtals 21.880 milljónum króna eru um 18.853 milljónir króna í erlendum myntum og um 3.027 milljónir í íslenskum krónum. Vægnir meðalvextir langtímalánanna nema um 3,3% í árslok 2002 og er þá ekki tekið tillit til gengisáhættu.

Langtímalán móðurfyrirtækisins námu um 17.256 milljónum króna í árslok 2001 og hafa því hækkað um 4.624 milljónir króna á árinu. Breytingin skiptist þannig: viðbót vegna samruna 1. janúar 473 milljónir króna, ný langtímalán 6.855 milljónir króna, afborganir langtímalána (340) milljónir króna, gengishagnaður og verðbreytingar (2.364) milljónir króna. Það skal tekið fram að nýtt langtímalán að fjárhæð um 2.779 milljónir króna tengist uppgjöri fyrirtækisins á lífeyrisskuldbindingu við Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar eins og vikið er að í skýringu númer 11 í ársreikningnum og ennfremur hér að neðan.

Í kjölfar breytinga á rekstrarformi Orkuveitunnar þann 1. janúar 2002 var talið nauðsynlegt að festa með samningum eða samkomulagi hlutdeild Orkuveitunnar í heildarlánasafni Reykjavíkurborgar þann 31. desember 2001 en fram að þeim tíma var Reykjavíkurborg í 100% ábyrgð fyrir öllum lánum Orkuveitunnar. Frá þessu hefur nú verið gengið í byrjun árs 2003 og er tekið tillit til þess í ársreikningi Orkuveitunnar nú. Samkvæmt samningnum skuldbindur Orkuveitan sig til að greiða Reykjavíkurborg ákveðinn fastan skuldahöfuðstól en við gerð samningsins var við það miðað að Orkuveitan væri hvorki verr né betur sett eftir gjörninginn. Orkuveitan mun því framvegis sjá sjálf um áhættustýringu sinna erlendu lána.”⁵⁷⁵

Í yfirlitinu hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim skuldbindingum sem bornar voru undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2002, og þá umfjöllun sem þessar lántökur hlutu hjá stjórn fyrirtækisins.

Yfirlit yfir skuldbindingar sem bornar voru undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2002

	dags.		fjárhæð
Breytt fyrirkomulag lántöku hjá Bayerische Landesbank	10. okt.	USD	40.000.000
Lánasamningur hjá Bayerische Landesbank	23. ágú.	USD	30.000.000
Lánasamningur við NIB (USD jafnvirði IKR)	19. apr.	ISK	500.000.000
Reikningslánalína hjá Landsbanka Íslands.....	8. mar.	ISK	500.000.000

Um framangreindar lántökur var fjallað á fundum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, svo sem um beiðni framkvæmdastjóra fjármála dags. 21. ágúst 2002 um heimild til lántöku hjá Bayerische Landesbank, á 30 milljónum bandaríkjadala, sem sagðir voru vera um 2,5 milljarðar íslenskra króna. Samkvæmt tilboði bankans var lánið eingreiðslulán til 5 ára, vextir voru LIBOR-vextir með ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... og hvert vaxtatímabil sex mánuðir. Erindið var lagt fram og samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 23. ágúst 2002 og kom fram að lántakan væri ætluð til fjármögnunar á fjárþörf Orkuveitunnar í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun ársins, auk þess sem ætlað væri að verja um 500 millj.kr. af láninu til endurfjármögnunar á óhagstæðum lánnum sem Orkuveitan yfirtók við samruna við Akranesveitu og Andakílsárvirkjun. Síðar var samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 10. október 2002 að ganga að breyttu tilboði bankans, þar sem lánakjör væru óbreytt en að lánið væri allt að 40 milljónum bandaríkjadala, sem var sagt jafngilda 3,5 milljarði íslenskra króna.

Í greinargerð forstjóra til eigenda vegna framangreinds láns og til skýringar á hærri lánsfjárhæð, kom fram að í fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2002 væri gert ráð fyrir því að tekin væru ný lán vegna fjármögnunar að fjárhæð 2,5 milljarðar, en auk þess væri unnið að endurfjármögnun 500 millj.kr. lána vegna Andakílsárvirkjunar. Lánið hjá Bayerische Landesbank væri hluti af þeirri fjármögnun, þ.e. 30 milljónir bandaríkjadala, en 10 milljónir bandaríkjadala sem teknir væru til viðbótar að láni væru vegna fjármögnunar á næsta ári þar sem fyrirsjáanlegt væri að Orkuveita Reykjavíkur myndi þurfa á lántökum að halda á því ári. Þá kom jafnframt fram í greinargerð forstjóra að nokkuð langan tíma hefði tekið að ganga frá þessari fjármögnun þar sem Orkuveita Reykjavíkur væri nýr aðili á erlendum lánamarkaði.⁵⁷⁶

Þá var lántakan frá NIB kynnt og samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 19. apríl 2002, þar sem samþykkt var lántaka að jafnvirði 500 millj.kr. ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... Áður hafði lántakan verið kynnt á fundi stjórnar þann 8. mars 2002, en á sama fundi hafði verið samþykkt erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 8. mars 2002 að stofna viðskiptastamning um reikningslánalínu hjá Landsbanka Íslands að fjárhæð 500 millj.kr. Var tekið fram að um væri að ræða opinn samning í eitt ár í senn, sem væri um 15% hagstæðari en yfirdráttarheimild.

Guðmundur Þóroddsson: „Ef við skoðum til að mynda áhættugreiningarskýrslurnar, er þetta reiknað út í hvert sinn, hver sé munurinn á ef fjármögnun væri íslensk eða á erlendum mörkuðum. Það var alltaf afgerandi hagkvæmara að nota erlenda fjármögnun.“

Guðlaugur G. Sverrisson: „Erlendu lánin okkar eru nú einu sinni þannig að þau eru tekin bara á „Libor“ með örhlitu álagi, við erum með alveg ofboðslega góð kjör á lánunum. Og það þýðir það, að á þessum tíma vorum við að borga 1% í vexti 2009. En vegna annarra atriða þá þurftum við að taka innlend lán, og lánasafn félagsins minnir mig að sé 10% Ísland og 90% erlend lán, og það eru jafnmiklar afborganir af innlendu lánunum og erlendu lánunum.“

576 Bréf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til eigenda, dags. 28. ágúst 2002.

18.3 Þróun skulda árið 2003

Á árinu 2003 þróuðust vaxtaberandi skuldir Orkuveitu Reykjavíkur sem hér segir:

Þróun lána á árinu 2003	
Staða lána 1.1.2003	21.880
Ný langtímalán á árinu:	
- Bayerische Landesbank	820
- DePfa	3.439
- Hafnarfj. v/ kaupa á eignarhluta í OR	346
- Nordic Investment Bank (NIB)	2.148
Samtals ný langtímalán	6.753
Afborganir ársins	-1.047
Gengismunur	-457
Verðbætur	77
Aðrar leiðréttingar	-115
Staða lána 31.12.2003	27.091

Eins og sjá má á yfirlitinu voru skuldir Orkuveitunnar í upphafi ársins 21.880 millj.kr. og 27.091 millj.kr. í árslok. Lántökur námu 6.753 millj.kr. og gengismunur var jákvæður um 457 millj.kr. Skuldir í samstæðunni í árslok 2003 námu 27.714 millj.kr. Þar af voru 766 millj.kr. til greiðslu á næsta ári, eða 3% skuldanna, 12.506 millj.kr., eða 45% á næstu fjórum árum þar á eftir og 14.442 millj.kr., eða 52% til greiðslu síðar. Í ársreikningi Orkuveitunnar voru ekki tilgreindar skuldbindingar utan efnahagsreiknings. Handbært fé frá rekstri á árinu 2003 í samstæðu Orkuveitunnar nam 3.577 millj. kr. og greiðslur vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum námu 5.756 millj.kr. Í endurskoðunarskýrslu Deloitte vegna ársins 2003 kemur eftirfarandi fram um langtímaskuldir fyrirtækisins:

„Langtímalán móðurfyrirtækisins nema um 26.497 milljónum króna í árslok 2003 samkvæmt ársreikningi. Því til viðbótar nema áætlaðar næsta árs afborganir um 593 milljónum króna eins og fram kemur í skýringum númer 12 og 13 í ársreikningnum. Af þessum samtals 27.090 milljónum króna eru um 23.882 milljónir króna í erlendum myntum og um 3.208 milljónir í íslenskum krónum. Vegnir meðalvextir langtímalánanna nema um 2,98% í árslok 2003 og er þá ekki tekið tillit til gengisáhættu.

Langtímalán móðurfyrirtækisins námu um 21.880 milljónum króna í árslok 2002 og hafa því hækkað um 5.210 milljónir króna á árinu. Greining langtímalána er með eftirfarandi hætti:

Staða í ársbyrjun 21.880
Ný lán á árinu 6.753
Afborganir á árinu 2003 (1.046)
Verðbætur og gengismunur á árinu 2003 (497)
Staða í árslok 27.090

Ástæða þess að verðbætur og gengismunur er jákvæð stærð á árinu 2003 má rekja til styrkingar krónunnar á árinu, einkum gagnvart USD. Í ársbyrjun 2003 tók Orkuveitan hlutdeild í heildarlánasafni Reykjavíkurborgar og skuldbatt sig til að greiða borginni ákveðinn

*fastan skuldahöfuðstól. Þessi höfuðstóll nemur um 53,3% af lang-
tímaskuldum fyrirtækisins í árslok 2003.*

Orkuveitan hefur frá byrjun árs 2003 séð sjálf um áhættustýringu sinna erlendu lána og unnið í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar varðandi skuldastýringu. Auk þess hefur fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. annast ráðgjöf vegna þessa. Í lok árs 2003 samþykkti stjórn Orkuveitunnar stefnu varðandi erlend lán sem fyrirtækið mun vinna eftir. ⁶⁷⁷

Í töflunni hér að neðan er að finna yfirlit yfir þær nýju lánaskuldbindingar sem kynntar voru fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2003, þar sem þær voru samþykktar:

**Yfirlit yfir skuldbindingar sem bornar voru undir
stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2003**

	dags.		fjárhæð
Lánasamningur EIB.....	21.okt.	EUR	24.000.000
Lánasamningur hjá NIB.....	16.sep.	EUR	24.000.000
Lántaka hjá Depfa ACS Bank.....	11.apr.	EUR	40.000.000

Erindi fjármálastjóra til stjórnar um lántöku á 40 milljónum evra, eða um 3,2 milljarð íslenskra króna samkvæmt tilboði DEPFA bankans dags. 2. apríl 2003 var lagt fram og samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 11. apríl 2003. Fram kom að lánið væri til 15 ára, með jöfnum ársfjórðungslegum greiðslum sem hæfust að fimm árum liðnum frá lántökudegi. Vextir væru EURIBOR vextir ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... og væri hvert vaxtatímabil þrjú mánuðir. Fram kom að lántakan væri ætluð til fjármögnunar fjárfestinga í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun ársins. Hér má einnig geta til viðbótar um erindi um tvær lántökur sem báðar voru kynntar stjórn Orkuveitunnar með samsvarandi hætti, þ.e. annars vegar erindi framkvæmdastjóra fjármála um heimild til lántöku hjá Norræna Fjárfestingarbankanum dags. 8. ágúst 2003, um lánasamning að fjárhæð 24 milljónir evra, eða um 2,1 milljarð íslenskra króna, afborgunarlaust fyrstu átta árin, og hins vegar erindi framkvæmdastjóra fjármála um heimild til lántöku hjá Evrópska fjárfestingarbankanum dags. 17. október 2003, um lánasamning að fjárhæð 24 milljónir evra, eða um 2,1 milljarð króna, sem var rammásamningur um ádrátt láns í mörgum myntum til allt að 16 ára.

Báðir framangreindir samningar voru bornir undir eigendur þar sem andvirði lánsins fór fram yfir 5% mörk þágildandi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 139/2001. Athygli vekur þó að seinna lánið var formlega kynnt eigendum áður en lántakan hafði verið kynnt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Kom fram í bréfi framkvæmdastjóra fjármála til eigenda dags. 6. október 2003 að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur væri „*efnislega samþykk heimild til þessarar lántöku og verður erindið tekið til formlegrar afgreiðslu á næsta fundi stjórnarinnar.*“ Bæði lánin voru ætluð til stækkunar orkuversins á Nesjavöllum í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun ársins og væri ætlað að taka hluta lánsins á þessu ári og eftirstöðvar á því næsta. Hið seinna var sagt vera vegna fjármögnunar á stækkun orkuversins á Nesjavöllum í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun ársins.

18.4 Þróun skulda árið 2004

Hér á eftir verður fjallað um þróun vaxtaberandi skulda Orkuveitu Reykjavíkur árið 2004. Rétt er að geta þess að árið 2004 (og einnig 2005) var fyrirtækið nokkuð umfangsmikið í kaupum á jaðarveitum og öðrum veitufyrirtækjum. Samhliða þeim kaupum voru í sumum tilvika teknar yfir skuldir. Þegar slíkt átti við var yfirtaka skulda kynnt stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sem liður í kaupum einstakra veitna, en ekki sem sérstök ákvörðun um yfirtöku skulda. Á neðangreindu yfirliti má einmitt finna dæmi um slíka yfirtöku, þ.e. vegna Hitaveitu Hveragerðis.

Á árinu 2004 þróuðust vaxtaberandi skuldir Orkuveitu Reykjavíkur sem hér segir:

Þróun lána á árinu 2004	
Staða lána 1.1.2004	27.091
Ný langtímalán á árinu:	
- DePfa	1.751
- Hitaveita Hveragerðis	135
- European Investment Bank (EIB)	1.065
- Nordic Investment Bank (NIB)	2.101
Samtals ný langtímalán	5.053
Afborganir ársins	-629
Gengismunur	-2.527
Verðbætur	111
Staða lána 31.12.2004	29.098

Eins og sjá má á yfirlitinu voru skuldir Orkuveitu Reykjavíkur í upphafi ársins 27.091 millj.kr. og 29.098 millj.kr. í árslok. Lántökur námu 5.053 millj.kr. og gengismunur var jákvæður um 2.527 millj.kr. Skuldir í samstæðunni í árslok 2004 námu 29.456 millj.kr. Þar af voru 2.510 millj.kr. til greiðslu á næsta ári, eða 8% skuldanna, 10.581 millj.kr., eða 36% á næstu fjórum árum þar á eftir og 16.365 millj.kr., eða 56% til greiðslu síðar. Handbært fé frá rekstri á árinu 2004 í samstæðu Orkuveitunnar nam 4.601 millj.kr. og greiðslur vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum námu 7.809 millj.kr.

Í ársreikningi Orkuveitunnar vegna ársins 2004 kemur eftirfarandi fram um skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

„Í tengslum við framkvæmdir fyrirtækisins voru á árinu gerðir samningar við erlendar bankastofnanir um langtímafjármögnum á allt að 231 milljónum evra eða um 19,2 milljörðum íslenskra króna. Í árslok 2004 hefur fyrirtækið nýtt sér 56 milljónir evra af þessum samningum. Á árinu var einnig gerður samningur við Mitsubishi Heavy Industries Ltd, Mitsubishi Corporation PLC og Balcke-Durr GmbH um kaup á vélasmæðu vegna þessara framkvæmda. Í tengslum við framangreinda uppbyggingu hefur Orkuveitan enn fremur gert tvo raforkusölusamninga til 20 ára við Norðurál sem og samning við Landsnet hf. um flutning á rafmagninu.“⁵⁷⁸

578 Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2004.

Í endurskoðunarskýrslu ytri endurskoðenda vegna endurskoðunar ársins er eftirfarandi umfjöllun undir fyrirsögninni langtímaskuldir:

„Langtímalán móðurfyrirtækisins að viðbættum næsta árs afborgunum námu um 29.103 milljónum króna í árslok 2004 og hafa hækkað um 2.008 milljónir króna á árinu. Greining langtímalána er með eftirfarandi hætti í milljónum króna:

Staða í ársbyrjun 27.095
Viðbót vegna samruna 1/1 34
Ný lán á árinu 5.053
Afborganir á árinu (629)
Verðbætur og gengismunur á árinu (2.450)
Staða í árslok 29.203

Ástæða þess að verðbætur og gengismunur er jákvæð stærð á árinu 2004 má rekja til styrkingar krónunnar á árinu, einkum gagnvart USD.⁶⁵⁷⁹

Á árinu 2004 var nokkuð fjallað um fjármögnun fyrirtækisins í tengslum við virkjanaf framkvæmdir sem þá voru hafnar. Var meðal annars vikið almennt að fyrirhugaðri fjármögnun Helligheiðarvirkjunar í tengslum við umfjöllun stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur á fundi þann 16. mars 2004 um orkusölusamning milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Norðuráls hins vegar, svo og drög að flutningssamningi milli Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar. Var stjórn m.a. gerð grein fyrir stöðu fjármögnunar framkvæmda við Helligheiðarvirkjun, og bókað að:

„Einnig hafa farið fram viðræður við fjármögnunaraðila virkjunar Orkuveitunnar á Helligheiði. NIB hefur tekið vel í að fjármagna virkjunina að hálfu með góðum kjörum og á Orkuveitan von á staðfestingu frá þeim í apríl, maí n.k. EIB hefur einnig tekið vel í að fjármagna hinn helminginn en er styttra á veg komið en NIB. Von er á aðalforstjóra EIB til Íslands í næstu viku og mun hann m.a. skoða virkjunina á Nesjavöllum og aðstæður á Helligheiði. Þá hafa aðrar bankastofnanir eins og DEPFA og Barclays boðið fram fjármögnun til skemmri eða lengri tíma. Engir sjáanlegir erfiðleikar eru því varðandi fjármögnun Helligheiðavirkjunar.⁶⁵⁸⁰

Á fundi stjórnar þann 20. apríl 2004, 1. júní 2004 og þann 6. júlí 2004 var bókað hið sama um stöðu fjármögnunar Helligheiðarvirkjunar, þ.e. að engir sjáanlegir erfiðleikar væru á fjármögnun Helligheiðarvirkjunar og vísað til viðræðna við hinar erlendu fjármálastofnanir líkt og gert var í bókuninni hér að ofan.

Þær lántökur ársins 2004 sem hlutu sérstaka umfjöllun stjórnar voru sem hér segir:

Ólöf S. Pálsdóttir: „Það verður að hafa það í huga að þetta tímabil eftir 2002 er stærsta fjárfestingartímabil í sögu fyrirtækisins. Þegar verið er að fara yfir virkjanaf framkvæmdir á þessu tímabili, verður að hafa í huga að þetta er tímafrek langtímafjárfesting, sem var fjárfrek í upphafi, en skilar mjög miklum tekjum til lengri tíma lítið. Það að byggja eina virkjun, er langtímaverkefni, sem tekur 5-7 ár að byggja og koma í rekstur svo hún geti skilað tekjum. Þess vegna þarf að fjármagna fjárfestinguna á framkvæmdatímanum með lánum en ekki tímabundnum gjaldskrárhækkunum, því hún byrjar ekki að skila tekjum fyrr en eftir að byggingunni er lokið, eða amk þegar ákveðnum áföngum náð, og hægt er að hefja framleiðslu.“

579 Deloitte og Touche: Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2004.

580 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. mars 2004.

**Yfirlit yfir skuldbindingar sem bornar voru undir
stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2004**

	dags.		Fjárhæð
Lántaka hjá EIB.....	20.okt.	EUR	77.000.000
Lántaka hjá Depfa ACS Bank	1.jún.	EUR	60.000.000
Lántaka hjá NIB	20.apr.	EUR	70.000.000

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. apríl 2004 var lagt fram og samþykkt erindi framkvæmdastjóra fjármálasviðs dags. 16. apríl 2003 þar sem óskað var heimildar stjórnar til að ganga frá lánasamningi við Norræna fjárfestingarbankann, vegna fjármögnunar framkvæmda á Helligshéiði. Um var að ræða lán að andvirði 70 milljón evra, eða um 6,1 milljarð íslenskra króna. Átti lánið að koma til útborgunar í fimm hlutum, árin 2004 til 2006. Hver láns hluti væri til 18 ára, með tveimur afborgunum á ári, sem myndu hefjast 8 árum eftir útborgunardag og mætti velja á milli fimm mynta, EUR, USD, DKK, NOK eða SEK. Vextir væru ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... fyrstu átta árin og var hvert vaxtatímabil sex mánuðir.⁵⁸¹

Þann 1. júní 2004 samþykkti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur einnig erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 26. maí 2004 um lántöku hjá Depfa bankanum. Lánið var sagt vera liður í fjármögnun á fjárþörf Orkuveitu Reykjavíkur vegna fjárfestinga í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun. Þar kom fram að lánið væri jafnvirði 60 milljón evra, sem sagt var jafngilda um 5,3 milljörðum króna. Lánið var til 17 ára, með jöfnum ársfjórðungslegum afborgunum, sem hæfust 28. júní 2012 og lyki 28. júní 2021. Vextir væru ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... hvert vaxtatímabil þrjú mánuðir. Lánið var til útborgunar á tveimur árum frá 28. júní 2004, en hægt væri að draga á lánið í EUR, USD, SEK, GBP, CHF og JPY.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 20. október 2004 var svo lagt fram og samþykkt erindi framkvæmdastjóra fjármála frá 14. október 2004 um heimild til lántöku hjá Evrópska fjárfestingabankanum. Fram kom að um væri að ræða lánasamning að andvirði 77 milljón evra sem sagðar voru jafngilda um 6,7 milljarði króna. Lánið átti að koma til útborgunar á 18 mánaða tímabili frá undirskrift og væri hægt að taka lánið í mörgum hlutum. Þá gætu vextir verið fastir eða breytilegir á hverjum láns hluta fyrir sig auk þess sem hver láns hluti gæti verið afborgunarlán til allt að 15 ára eða kúlulán til allt að 10 ára. Ákvörðun um val mynta og vaxta lægi ekki fyrir fyrir en við töku hvers láns hluta fyrir sig og myndi verða tekin með hliðsjón af áhættustýringu á lánakörfu Orkuveitunnar. Var lántakan kynnt sem liður í fjármögnun framkvæmda á Helligshéiði.⁵⁸²

18.5 Þróun skulda árið 2005

Skuldsetning Orkuveitu Reykjavíkur jókst á árinu 2005, en ástæðu þess má meðal annars rekja til framkvæmda við Helligshéidarvirkjun. Voru framkvæmdir á því ári nokkuð miklar, eins og gert er grein fyrir í fyrri kafla þar sem fjallað var um framkvæmdir við byggingu virkjana Orkuveitu Reykjavíkur.

581 Bréf framkvæmdastjóra fjármála til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. apríl 2004.

582 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 20. október 2004.

Á árinu 2005 þróuðust vaxtaberandi skuldir Orkuveitu Reykjavíkur sem hér segir:

Þróun lána á árinu 2005	
Staða lána 1.1.2005	29.098
Ný langtímalán á árinu:	
- DePfa	3.848
- European Investment Bank (EIB)	2.719
- Handhafabréf	168
- Landsbanki Íslands	1.000
- Lánaþjófur sveitarfél.	194
- MP fjárfestingabanki	1.000
- Nordic Investment Bank (NIB)	2.639
- Orkuþjófur	5
Samtals ný langtímalán	11.572
Afborganir ársins	-2.346
Gengismunur	-1.938
Verðbætur	204
Staða lána 31.12.2005	36.590

Eins og sjá má á yfirlitinu voru skuldir Orkuveitunnar í upphafi ársins 29.098 millj.kr. og 36.590 millj.kr. í árslok. Lántökur námu 11.572 millj.kr. og gengismunur var jákvæður um 1.938 millj.kr. Skuldir í samstæðunni í árslok 2005 námu 37.110 millj.kr. Þar af voru 2.355 millj.kr. til greiðslu á næsta ári, eða 6% skuldanna, 9.337 millj.kr., eða 25% á næstu fjórum árum þar á eftir og 25.418 millj.kr., eða 69% til greiðslu síðar. Í ársreikningi Orkuveitunnar vegna ársins 2005 kemur eftirfarandi fram varðandi skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

„Á reikningsskiladegi hefur fyrirtækið gert margvíslega samninga sem kalla á skuldbindingar af hálfu OR án þess að þær skuldbindingar séu færðar í efnahagsreikning. Meðal þeirra helstu eru: Í tengslum við framkvæmdir fyrirtækisins hafa verið gerðir samningar við erlendar bankastofnanir um langtímaffjármögnum á allt að 231 milljónum evra eða um 17,2 milljörðum íslenskra króna. Í lok ársins 2005 hefur fyrirtækið nýtt sér 174 milljónir evra af þessum samningum. Gerður hefur verið samningur við Mitsubishi Heavy Industries Ltd, Mitsubishi Corporation PLC og Balcke-Durr GmbH um kaup á vélasamstæðu vegna þessara framkvæmda. Þá hefur verið gerður samningur við Jarðboranir um boranir á Hellisheiði og Hengilsvæðinu, samningurinn er metinn á um 7,8 milljarða og er áætlað að framkvæmdir standi frá 2006 til 2009 hið minnsta. Í tengslum við framangreinda uppbyggingu hefur Orkuveitan enn fremur gert þrjá raforkusölusamninga til 20 ára við Norðurál sem og samning við Landsnet hf. um flutning á rafmagninu.“⁵⁸³

Handbært fé frá rekstri á árinu 2005 í samstæðu Orkuveitunnar nam 5.180 millj.kr. og greiðslur vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum námu 11.726 millj.kr.

Í skýrslu ytri endurskoðanda vegna ársins 2005 kemur eftirfarandi fram undir liðnum langtímalán:

583 Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2005.

„Langtímalán samstæðunnar að viðbættum næsta árs afborgunum námu um 37.115 milljónum króna í árslok 2005 og hafa hækkað um 7.652 milljónir króna á árinu. Ný lán umfram afborganir námu um 9.379 milljónum króna en sökum styrkingar íslensku krónunnar á árinu voru verðbætur og gengismunur ársins jákvæður um 1.727 milljónir króna.“⁵⁸⁴

Ekki var um miklar nýjar lántökur að ræða árið 2005, og engar nýjar erlendar lántökur voru bornar undir stjórn fyrirtækisins. Var einungis um eina nýja stóra innlenda fjármögnun að ræða, sem hér segir:

Yfirlit yfir skuldbindingar sem bornar voru undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2005

	dags.		fjárhæð
Skuldabréfaútboð á innlendum markaði.....	16.feb.	ISK	2.000.000.000

Framangreind lántaka var útgáfa verðtryggðs skuldabréfaflokks í íslenskum krónum miðað við vísitölu neysluverðs, sem nam allt að tveimur milljörðum króna. Í erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 14. febrúar 2005 til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur kom fram að útgáfa skuldabréfaflokksins væri gerð í því skyni að bregðast við sterkri stöðu krónunnar og til að nýta hagstæð skilyrði á skuldabréfamarkaði. Kom fram að ávöxtunarkrafa skuldabréfanna myndi ráðast í útboði, en lánstími yrði 20 ár og fjöldi gjald-daga og vaxta yrði 40, þ.e. á sex mánaða fresti. Gert var ráð fyrir því að skuldabréfin yrðu boðin út meðal íslenskra banka og óskað eftir tilboðum, með og án sölutryggingar. Endanleg fjárhæð útboðs og flokks myndi ráðast af markaðsaðstæðum en skuldabréfaflokkurinn yrði skráður í Kauphöll Íslands. Var framangreint erindi samþykkt og jafnframt samþykkt að óska eftir staðfestingu eigenda á lántökunni.

18.6 Þróun skulda árið 2006

Þróun skulda Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2006, var sem hér greinir:

Þróun skulda Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2006, var sem hér greinir:

Þróun lána á árinu 2006

Staða lána 1.1.2006		36.590
Ný langtímalán á árinu:		
- DePfa	7.083	
- Dexia Bank	1.846	
- European Investment Bank (EIB)	3.744	
- Nordic Investment Bank (NIB)	2.810	
Samtals ný langtímalán		15.483
Ný lán vegna sameiningar við fráveitu		7.912
Afborganir ársins		-2.958
Gengismunur		7.906
Verðbætur		417
Staða lána 31.12.2006		65.351

Alfreð Þorsteinsson: „Ég hef skýrt frá því ... að þegar ég kvaddi fyrirtækið þá var það mjög vel statt. Þá voru þessar skuldir innan við 60 milljarðar. Þeir sem tóku við af mér gerðu þau mistök, vil ég segja, að þau tóku skammtímalán til að fjármagna það sem var framundan í virkjunum.“
Bylgjan, Sprengisandur, 3. apríl 2011.

584 Deloitte og Touche: Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2005.

Eins og sjá má á yfirlitinu voru skuldir Orkuveitunnar í upphafi ársins 36.590 millj.kr. og 65.351 millj.kr. í árslok. Lántökur námu 15.483 millj. kr. til viðbótar við ný lán sem komu inn í Orkuveituna vegna sameiningar Fráveitu Reykjavíkur við Orkuveituna. Gengismunur var neikvæður um 7.906 millj.kr. Skuldir samstæðunnar í árslok 2006 námu 66.383 millj.kr. Þar af voru 5.118 millj.kr. til greiðslu á næsta ári, eða 8% skuldanna, 13.111 millj.kr., eða 20% á næstu fjórum árum þar á eftir og 48.154 millj.kr., eða 72% til greiðslu síðar. Í ársreikningi Orkuveitunnar vegna ársins 2006 kemur eftirfarandi fram varðandi skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

„Á reikningsskiladegi hefur fyrirtækið gert margvíslega samninga sem kalla á skuldbindingar af hálfu OR, án þess að þær skuldbindingar séu færðar í efnahagsreikning. Meðal þeirra helstu eru:

Í tengslum við framkvæmdir fyrirtækisins hafa verið gerðir samningar við erlendar bankastofnanir um langtímafjármögnun. Í árslok 2006 átti fyrirtækið eftir að nýta sér 100 milljónir evra af þessum samningum eða um 9,4 milljarða króna. Þá hefur verið gerður samningur við Jarðboranir um boranir á Hellsheiði og Hengilsvæðinu, og er áætlað að framkvæmdir standi frá 2007 til 2009 hið minnsta.“⁵⁸⁵

Handbært fé frá rekstri á árinu 2006 í samstæðu Orkuveitunnar nam 6.620 millj.kr. og greiðslur vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum námu 19.786 millj.kr.

Í skýrslu ytri endurskoðanda vegna ársins 2006 kemur eftirfarandi fram undir liðnum langtímalán:

„Langtímalán samstæðunnar að viðbættum næsta árs afborgunum námu um 66.384 milljónum króna í árslok 2006 og hafa hækkað um 29.274 milljónir króna á árinu. Ný lán umfram afborganir námu um 12.883 milljónum króna, ný lán vegna innkomu Fráveitnanna námu um 8.000 milljónum króna en sökum veikingar íslensku krónunnar á árinu voru verðbætur og gengismunur ársins neikvæður um 8.391 milljónir króna.“⁵⁸⁶

Hér á eftir fylgir yfirlit yfir þær nýju lántökur sem samþykktar voru af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2006.

**Yfirlit yfir skuldbindingar sem bornar voru undir
stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2006**

	dags.		fjárhæð
Lántaka hjá Dexia Crédit Local	28.nóv	EUR	50.000.000
Heimild til lántöku veltilánalínu hjá Fortis Bank	30.ágú	EUR	100.000.000
Lántaka hjá Depfa ACS Bank	26.apr	EUR	75.000.000
Lántaka hjá NIB	20.féb	EUR	20.000.000

Á fundi 20. febrúar 2006 var lagt fram og samþykkt erindi fjármálasviðs dags. 16. febrúar 2006 um heimild til lántöku hjá Norræna fjárfestingabankanum (NIB) að andvirði 20 milljónum evra, eða um 1,5 milljarði króna. Var lánið sagt vera ætlað til fjármögnunar framkvæmda vegna 33 MW lágþrýstivélar á Hellsheiði. Lánið átti að koma til útborgunar á árinu, en hægt væri að draga á lánið í tveimur lánshlutum og var það til 20 ára, með einni afborgun höfuðstóls. Við útborgun hvors lánshluta væri hægt að

585 Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2006.

586 Deloitte og Touche: Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2006.

velja á milli fimm mynta, EUR, USD, DKK, NOK eða SEK. Vextir væru fljóttandi ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... álagi.

Þá var á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 26. apríl 2006 lagt fram og samþykkt erindi sviðsstjóra fjárfestingar dags. 24. apríl 2006 um heimild til lántöku tveggja lána hjá Depfa ACS Bank að fjárhæð 75 milljón evra, eða um 7,2 milljarð króna. Kom fram að lánin væru ætluð til fjármögnunar framkvæmda á Heilishæð og fjárfestinga samkvæmt fjárhagsáætlun. Fram kom um annað lánið, að það væri að fjárhæð 30.000.000 evra, og væri í upphafi til 10 ára. Væru vaxtakjör þess, miðuð við aðstæður 18. apríl 2006, ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... vöxtum. Þá gæti Depfa Bank gert tilboð um að framlengja lánið til 20 ára með jöfnum árlegum afborgunum á þeim tíma, að öðrum kosti væri lánið til greiðslu. Til viðbótar var um að ræða lán sem væri að fjárhæð 45.000.000 Evrur, til 30 ára en til útborgunar á árinu 2006, með jöfnum ársfjórðungslegum afborgunum, sem hæfust að 10 árum liðnum. Vaxtakjör þess væru, m.v. aðstæður 18. apríl 2006 ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ...⁵⁸⁷.

Þann 30. ágúst 2006 var lagt fram og samþykkt erindi fjármáladeildar dags. 28. ágúst 2006 um heimild til lántöku, svokallaðrar veltilánalínu, hjá Fortis Bank að upphæð allt að 100 milljónir evra, eða um 9 milljarða króna til allt að fimm ára. Lánið var kynnt stjórn með þeim hætti að veltilánalína væri samningur um aðgengi að lánsfé á sama hátt og samningur um yfirdráttarheimildir. Lánsheimildin yrði notuð til að brúa tímabundna fjármögnun vegna fjárfestinga á Hellishæð ef til kæmu ófyrirséð vandkvæði eða tafir við langtímafjármögnun. Því væri hægt að fresta langtímalántöku ef markaðsaðstæður yrðu óhagstæðar, en að auki yrði lánsheimildin notuð til að takast á við skammtímasveiflur í lausafé. ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ...

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 28. nóvember 2006 var lagt fram erindi fjármálastjóra dags. 24. nóvember 2006 og var síðan samþykkt að ganga frá lánasamningi að andvirði 50 milljónir evra, eða um 4,5 milljarða íslenskra króna, við Dexia Crédit Local. Kom fram að lánið væri ætlað til fjármögnunar framkvæmda á Hellishæð og fjárfestinga samkvæmt fjárhagsáætlun fyrirtækisins. Var stjórn upplýst um að lánið væri til 25 ára með jöfnum afborgunum á 6 mánaða fresti, sem hæfust að fimm árum liðnum. Dregið yrði á lánið á næstu sex mánuðum og miðuðust vaxtakjör ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... Var lántakan samþykkt af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og jafnframt tekið fram að óskað yrði staðfestingar eigenda á lántökunni.

18.7 Þróun skulda árið 2007

Á árinu 2007 héldu skuldir Orkuveitu Reykjavíkur áfram að aukast, en á árinu var m.a. haldið áfram við framkvæmdir Hellishæðarvirkjunar. Auk þess voru árið 2007 keyptir hlutir í Hitaveitu Suðurnesja.

Þróun skulda Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2007, var sem hér greinir:

587 Erindi til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um heimild til lántöku hjá Depfa ACS Bank, dags. 24. apríl 2006.

Próun lána á árinu 2007

Staða lána 1.1.2007	65.351
----------------------------	---------------

Ný langtímalán á árinu:

- The Social Development Bank (CEB)	6.967
- Dexia Bank	7.154
- European Investment Bank (EIB)	10.917
- Eurohypo	3.654
- Svensk Exportkredit	1.903

Samtals ný langtímalán	30.596
-------------------------------	---------------

Ný skammtímalán á árinu:

- BNP Paribas Fortis	12.568
- Lánaþjóður sveitarfél.	1.996

Samtals ný skammtímalán	14.563
--------------------------------	---------------

Afborganir ársins	-17.017
Gengismunur	-2.223
Verðbætur	389
Ný lán vegna sameiningar við HR	540

Staða lána 31.12.2007	92.199
------------------------------	---------------

Eins og sjá má á yfirlitinu voru skuldir Orkuveitunnar í upphafi ársins 65.351 millj.kr. og 92.199 millj.kr. í árslok. Lántökur námu 45.159 millj.kr. og gengismunur var jákvæður um 2.223 millj.kr. Skuldir samstæðunnar í árslok 2007 námu 92.641 millj.kr. Þar af voru 2.401 millj.kr. til greiðslu á næsta ári, eða 3% skuldanna, 15.709 millj.kr., eða 17% á næstu fjórum árum þar á eftir og 72.323 millj.kr., eða 80% til greiðslu síðar. Í ársreikningi Orkuveitunnar vegna ársins 2007 kemur eftirfarandi fram varðandi skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

„Samstæðan hefur gert samninga um kaup á þjónustu og efni vegna byggingar orkuvers og dreifikerfa fyrir um 11,3 milljarða kr. sem koma til greiðslu á næstu misserum“⁵⁸⁸

Þar sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar voru innleiddir á árinu 2007 við gerð ársreikninga fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, og með því gerðar ríkari kröfur um skýringar. Í ársreikningi þess árs er til viðbótar við skýringar um skuldbindingar utan efnahagsreiknings að finna umfjöllun um lausafjáráhættu. Þar kemur fram að:

„Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki stadið við fjárskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor fyrirtækisins. Ábyrgð eigenda á lánum fyrirtækisins og góð lánsþæfiseinkunn hefur auðveldað fyrirtækinu aðgang að lánsfé á góðum kjörum. Fyrir ábyrgð eigenda greiðir fyrirtækið 0,25% ábyrgðargjald af höfuðstól lána á hverjum tíma. Virkjunarframkvæmdir á Hellisheiði hafa fyrst og fremst verið fjármagnaðar með lánum frá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB), Þróunarbanka Evrópu (CEB) og Norræna

588 Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2007.

*fjárfestingabankanum (NIB) en allir þessir bankar hafa lýst áhuga á að taka áframhaldandi þátt í fjármögnun framkvæmda á sviði jarðvarmavirkjana eins og Hellsheiðarvirkjun er. Lánstími lánanna er langur og hefur verið ákvarðaður í samræmi við langtímasamninga um raforkusölu, til að takmarka endurfjármögnunaráhættu fyrirtækisins. Samstæðan átti í árslok handbært fé að fjárhæð um 4 milljarða króna. Jafnframt átti samstæðan ónýttar lánsheimildir og opna lánalínu upp á samtals um 19 milljarða króna. Samtals átti samstæðan þannig tryggt lausafé í árslok upp á um 23 milljarða króna. Samsvarandi fjárhæð árið 2006 nam um 10 milljörðum króna.*⁵⁸⁹

Handbært fé frá rekstri á árinu 2007 í samstæðu Orkuveitunnar nam 7.395 millj.kr. á árinu 2007 og greiðslur vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum námu 20.557 millj.kr.

Í skýrslu ytri endurskoðanda vegna ársins 2007 kemur eftirfarandi fram undir liðnum vaxtaberandi skuldir:

*„Vaxtaberandi langtímaskuldir samstæðunnar nema 88.033 millj. kr. í árslok 2007. Þá eru vaxtaberandi skammtímaskuldir 4.608 millj. kr. í árslok. Langtímaskuldir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Langtímaskuldir samstæðunnar eru að stærstum hluta í erlendum myntum, eða sem svarar 95% af heildinni.”*⁵⁹⁰

Í skýringu nr. 22 í ársreikningi koma fram ítarlegar upplýsingar um lána- kjör vaxtaberandi skulda. Í skýringu nr. 25 í ársreikningi er gerð grein fyrir gjaldeyrisáhættu og vaxtaáhættu samstæðunnar.

*„Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum samstæðunnar. Samstæðan hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.”*⁵⁹¹

Á árinu 2007 voru lagðar fyrir stjórn nýjar lántökur, sem hér segir:

Yfirlit yfir skuldbindingar sem bornar voru undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2007			
	dags.		fjárhæð
AB SEK Securities (f.h. fleiri lánv.)	16.nóv.	EUR	65.000.000
Lántaka hjá Dexia Crédit Local	22.okt.	EUR	50.000.000
Lántaka hjá CEB	15.jún.	EUR	168.000.000
Lántaka hjá EIB	15.jún.	EUR	146.000.000

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 15. júní 2007 voru nýir lánasamningar til umræðu og samþykktir. Var lagt fram á fundinum bréf framkvæmdastjóra fjármála dags. 12. júní 2007 um heimild til að ganga frá lánasamningi hjá The Social Development Bank in Europe (CEB) að andvirði 168 milljónir evra, eða um 15 milljarða króna. Lánið var ætlað til fjármögnunar á 50% af framkvæmdakostnaði annars, þriðja og fjórða áfanga Hellsheiðarvirkjunar. Átti lánið að koma til útborgunar eftir framvindu verksins á næstu tveimur árum. Einnig var lagt fram á fundi stjórnarinnar

589 Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2007.

590 KPMG: Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2007.

591 KPMG: Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2007.

bréf framkvæmdastjóra fjármála dags. 12. júní 2007 um heimild til að ganga frá lánasamningi hjá European Investment Bank (EIB) að andvirði 146 milljóna evra, eða um 13 milljarða króna, sem átti að fjármagna hinn helming framkvæmdakostnaðar annars, þriðja og fjórða áfanga Hellsheiðarvirjunar. Átti lánið að koma til útborgunar eftir framvindu verksins á næstu tveimur árum. Bæði lánin voru til 20 ára.

Með bréfi dagsettu 19. október 2007 var óskað eftir heimild stjórnar til að ganga frá lánasamningi að andvirði 50 milljón evra, um 4,25 milljarða íslenskra króna frá Dexia Crédit Local, til allt að 25 ára með jöfnum afborgunum sem hæfust að fimm árum liðnum með vaxtakjörum við markaðsaðstæður á þeim tíma sem dregið yrði á það ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... Var lántakan, sem sögð var vera til fjármögnunar á samþykktum fjárfestingum, samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 22. október 2007. Þá var þann 16. nóvember 2007 óskað eftir heimild stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur til lántöku, sem var sögð ætluð til fjármögnunar fjárfestinga samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun. Var lagt fram bréf sviðsstjóra lántöku og áhættustýringarviðs um heimild stjórnar til að ganga frá lánasamningum að andvirði 65 milljóna evra samkvæmt tilboði frá AB SEK Securities fyrir hönd Eurohypo AG, Frankfurt og Swedish Export Credit Corporation, Stockholm, SEK, sem lánveitanda. Voru lánin til tuttugu ára, með jöfnum afborgunum sem hæfust að fimm árum liðnum, en á þau yrði dregið á næstu vikum. Samtals voru þau 65 milljónir evra, eða um 5,7 milljarðar íslenskra króna. Annars vegar væri um að ræða 40 milljóna Evru lán frá Eurohypo og hins vegar jafngildi 25 milljón Evru láns í bandaríkjadöllum frá Swedish Export Credit Corporation. Vaxtakjör voru ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ...

Í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2007 er tekið fram um lán Orkuveitunnar að:

„Í þeim miklu fjárfestingum sem OR stendur í skiptir miklu að njóta góðs lánstrausts og hefur fjármögnun verkefna út árið 2009 þegar verið tryggð á hagstæðum kjörum. Byggir það m.a. á láns-hæfismati sem gefið var út í byrjun ársins 2007. Sérstaka athygli vakti í því mati hvað matsaðilinn, Moodys, lagði mikið upp úr sterkri stöðu OR sem arðbærs framleiðanda umhverfisvænnar orku. Með sífellt virkari áhættustýringu fjármuna og auknum sölutekjum í erlendri mynt frá stórnotendum, minnkar gengisáhætta vegna fjárfestinga fyrirtækisins. Nýframkvæmdir síðustu ára hefur OR alfarið fjármagnað erlendis. Ábati þess er þegar orðinn slíkur, að þótt þær blikur sem eru á lofti yfir íslensku krónunni ógni áfram gengi hennar, er langt í að innlend fjármögnun standi hinni erlendu á sporði. Í lok ársins 2007 rann umfangsmesti orkusölusamningur OR út í sandinn þegar ljóst varð að ekki yrði af stækkun álversins í Straumsvík. Ætla mátti að mikill skaði hlytist af, enda talsverðir fjármunir verið lagðir í rannsóknir og annan undirbúning virkjunarkosta til uppfyllingar samningnum. Ásókn í umhverfisvæna raforku hefur hins vegar stöðugt aukist og er slík að á annan tug áhugasamra iðn- og þjónustufyrirtækja, sem þurfa gnótt raforku til reksturs, sækist eftir viðskiptum við OR.“⁵⁹²

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar fjallaði um fjárhagsstöðu Orkuveitunnar við framlagningu ársreiknings 2007 og kemur fram í skýrslu

592 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2007.

skrifstofunnar að veltufjárhlutfall fyrirtækisins væri lágt eða 0,9 og skuldsetningarhlutfallið 104%. Einnig kemur fram að framundan séu miklar fjárfestingar í dreifikerfi og virkjunum sem muni kalla á verulega lánsfjárförf á næstu fimm árum og var hún sögð vera 50.000 millj.kr. á næstu þremur árum. Var því vakin athygli á ofangreindum kennitölum auk kennitalna um arðsemi, greiðsluhæfni og fjárhagslegan styrk sem voru sagðar lægri en æskilegt væri.⁵⁹³

Einnig var fjallað um fjárhagsstöðuna í lokaskýrslu um rekstrarúttekt stjórnenda frá júlí 2010, þar sem fram kemur að skýringu á þungri afborgunarbyrði næstu ára mætti að miklu leyti rekja til fjárfestinga sem áttu sér stað á árinu 2007 og ekki tókst að fjármagna með langtímalánum og eru þær fjárfestingar birtar í töflu sem er hér óbreytt úr skýrslunni⁵⁹⁴

Fjárfesting 2007 (millj.kr.)			
	Fjárfesting	Staða lána 1.7.2010	Gengisvt. 213,43
Kaup á hlutabréfum í Hitaveitu Suðurnesja	8.675	16.369	113,11
REI	687	1.296	113,11
Farice	495	900	117,42
Vistorka og Netorka	34	62	117,42
Keilir	35	64	117,42
Enex Kína hlutafjárukning	65	118	117,42
Samtals	9.991	18.809	
Stofnun Gagnaveitu Reykjavíkur	1.500	2.632	121,62
Hverahlíð, Bitra og Gráhnjúkar	6.514	8.114	
Samtals fjármagnað með skammtímalánum	18.005	29.555	

Í töflunni er fjárfestingin sem um ræðir á verðlagi ársins 2007 og staða á lánum tengdum henni miðast við 1. júlí 2007. Eins og sjá má vega kaupin á Hitaveitu Suðurnesja þyngst eða fjárfesting að fjárhæð 8.675 millj.kr. og skuldir tengdar henni 16.369 millj.kr. Þar næst vega fjárfestingar vegna Hverahlíðar, Bitru og Gráhnjúka mest eða samtals fjárfestingar að fjárhæð 6.514 millj.kr. og staða tengdra lána 8.114 millj.kr. en samtals er staða allra skammtímalána vegna tilgreindra fjárfestinga 29.555 millj.kr.

18.8 Þróun skulda árið 2008

Skuldir Orkuveitu Reykjavíkur héldu áfram að aukast á árinu 2008. Bæði var um nýjar lántökur að ræða sem og ádrátt á eldri lánasamninga sem fjallað hefur verið um hér að framan.

Þróun skulda Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2008, var sem hér greinir:

593 Skýrsla Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar við framlagningu ársreiknings 2007, dags. 16. maí 2008. Bls.25.

594 Rekstrarúttekt stjórnenda. Lokaskýrsla, rekstrarúttekt stjórnenda ásamt greinargerðum og viðaukum. Reykjavík, mars 2010. Bls. 42.

Próun lána á árinu 2008

Staða lána 1.1.2008	92.199
Ný langtímalán á árinu:	
- Dexia Bank	11.554
- European Investment Bank (EIB)	2.235
- BNP Paribas Fortis	22.620
- Lýsing	1.486
Samtals ný langtímalán	37.895
Ný skammtímalán á árinu:	
- Glitnir	1.500
- Landsbanki Íslands	2.742
Samtals ný skammtímalán	4.242
Afborganir ársins	-19.084
Gengismunur	88.462
Verðbætur	1.108
Lrt. v/ SWAP samninga	-153
Staða lána 31.12.2008	204.669

Eins og sjá má á yfirlitinu voru skuldir Orkuveitunnar í upphafi ársins 92.199 millj.kr. og 204.669 millj.kr. í árslok. Lántökur langtímalána námu 37.895 millj.kr. og skammtímalán námu 4.242 millj.kr. Gengismunur var neikvæður um 88.462 millj.kr. Skuldir samstæðunnar í árslok 2008 námu 205.780 millj.kr. Þar af voru 5.440 millj.kr. til greiðslu á næsta ári, eða 3% skuldanna, 67.917 millj.kr. eða 34% á næstu fjórum árum þar á eftir og 128.181 millj.kr. eða 64% til greiðslu síðar.

Í ársreikningi Orkuveitunnar vegna ársins 2008 kemur eftirfarandi fram um skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

„Í maí 2008 gerði fyrirtækið samning um kaup á búnaði til virkjanaf framkvæmda. Gert er ráð fyrir að búnaðurinn verði afhentur á árunum 2010 og síðar. Fjárhæðir samningsins og annarra samninga vegna framkvæmda á Hellisheiði, miðað við gengi á reikningsskiladegi, er 35,5 milljarðar kr. Auk þess hefur fyrirtækið gert innkaupa- og verksamninga vegna framkvæmda við framleiðslu- og dreifikerfi. Eftirstöðvar þessara samninga þann 31. desember 2008 eru áætlaðar 1,9 milljarðar kr.“⁵⁹⁵

Einnig kom fram í skýringu um lausafjárahættu að:

„Ábyrgð eigenda á lánum fyrirtækisins og góð lánsþæfiseinkunn hefur auðveldað fyrirtækinu aðgang að lánsfé á góðum kjörum. Fyrir ábyrgð eigenda greiðir fyrirtækið 0,25% ábyrgðargjald af höfuðstól lána á hverjum tíma. Virkjunarframkvæmdir á Hellisheiði hafa fyrst og fremst verið fjármagnadar með lánum frá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB), Þróunarbanka Evrópu (CEB) og Norræna fjárfestingabankanum (NIB) en allir þessir bankar hafa lýst áhuga á að taka áframhaldandi þátt í fjármögnun framkvæmda á sviði jarðvarmavirkjana eins og Hellisheiðarvirkjun er. Lánstími lánanna er

Sigrún Elsa Smáradóttir: „Eftir að ég kom inn í stjórnina aftur þarna í byrjun árs 2008 þá held ég að það hafi varla liðið sá stjórnarfundur sem ég var ekki að ræða um íslensku krónuna og gengismál og áhættu lána. Ég fann þetta ekki í fundargerðum þegar ég var að fara yfir þær. En hins vegar fann ég þetta minnisblað, þetta er sem sagt svar við fyrirspurn frá mér um möguleg áhrif gengislækkunar krónunnar á skuldir Orkuveitunnar og á eigið fé OR. Þetta er frá 21. mars 2008, ég veit ekki hvort þið hafið þetta minnisblað vegna þess að þetta er hvergi fært til bókar heldur var þetta sent á stjórnina með tölvupósti.“

Guðmundur Þóroddsson: „Ef við skoðum til að mynda áhættugreiningarskýrslurnar, er þetta reiknað út í hvert sinn, hver sé munurinn á ef fjármögnun væri íslensk eða á erlendum mörkuðum. Það var alltaf afgerandi hagkvæmara að nota erlenda fjármögnun.“

595 Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2008.

langur og hefur verið ákvarðaður í samræmi við langtímasamninga um raforkusölu, til að takmarka endurfjármögnunaráhættu fyrirtækisins. Orkuveitan átti í árslok handbært fé að fjárhæð um 1,2 milljarða kr. Orkuveitan átti einnig ónýttar lánsheimildir og opna lánalínu upp á samtals um 8,6 milljarða kr. Jafnframt var Orkuveitan með sölutryggða skuldabréfaútgáfu að fjárhæð 5,0 milljarðar kr. Samtals átti Orkuveitan þannig tryggt lausafé í árslok upp á um 14,8 milljarða kr. Samsvarandi fjárhæð árið 2007 nam um 23 milljörðum kr“.⁵⁹⁶

Handbært fé frá rekstri á árinu 2008 í samstæðu Orkuveitunnar nam 7.699 millj.kr. og greiðslur vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum námu 31.285 millj.kr.

Í skýrslu ytri endurskoðanda vegna ársins 2008 kemur eftirfarandi fram undir liðnum vaxtaberandi skuldir:

- „Vaxtaberandi langtímaskuldir samstæðunnar nema 196.099 milljónum kr. í árslok 2008. Þá eru vaxtaberandi skammtímaskuldir 9.682 milljónir kr. í árslok. Langtímaskuldir samstæðunnar eru að stærstum hluta í erlendum myntum, eða sem svarar til 94% af heildinni.
- Gengi íslensku krónunnar veiktist mikið á árinu 2008 og hafði það mikil áhrif á erlendar skuldir samstæðunnar. Gjaldfærður gengismunur ársins 2008 í rekstrarreikningi nam 88.689 milljónum kr. og kemur sú fjárhæð til hækkunar á gengistryggðum skuldum samstæðunnar.
- Í skýringu nr. 22 í ársreikningi koma fram ítarlegar upplýsingar um lánakjör vaxtaberandi skulda. Í skýringu nr. 25 í ársreikningi er gerð grein fyrir gjaldveisluáættu og vaxtaáættu samstæðunnar. Það er ákvörðun stjórnenda samstæðunnar í tengslum við áhættustýringu að hafa stærstan hluta fjármögnunar í erlendra mynt. Rökkin fyrir þeirri ákvörðun eru þau að vaxtastig lána í erlendum gjaldmiðlum hefur verið verulega lægra en innlendir vextir og hefur það hagræði verið vegið á móti gengisáhættunni.
- Þá er samstæðan með hluta tekna sinni í erlendra mynt sem kemur á móti gengisáættu af greiddum afborgunum og vaxtakostnaði í sjóðstreymi samstæðunnar. Af því leiðir að þrátt fyrir að gengissveiflur erlendra gjaldmiðla geti haft umtalsverð áhrif á rekstur og eigið fé samstæðunnar þá eru til staðar ákveðnar gengisvarnir á sjóðstreymi samstæðunnar.
- Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum samstæðunnar. Samstæðan hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.“⁵⁹⁷

Í kjölfar fyrirspurnar stjórnarmanns Orkuveitu Reykjavíkur vann framkvæmdastjóri fjármála minnisblað dags. 25. mars 2008 um áhrif gengislækkunar krónunnar á skuldir og eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur. Í minnisblaðinu, kemur fram að heildarskuldir samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur hafi verið 102,5 milljarðar króna samkvæmt ársreikningi samstæðunnar 2007 og þar hafi erlendar skuldir verið 85,3 milljarðar. Fram kom að frá áramótum hefði gengi íslensku krónunnar lækkað mikið, eða um það bil um 25% og væri gengislækkunin 20% meiri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins. Áhrif gengislækkunar um 25% ylli því að erlendar skuldir

596 Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2008.

597 KPMG: Endurskoðunarskýrsla, vegna ársins 2008.

hækkuðu um 21,3 milljarða, fjármagnsgjöld hækkuðu vegna gengistaps um 21,3 milljarða, en til lækkunar kæmu skattaáhrif upp á 5,5 milljarða. Heildaráhrif á eigið fé fyrirtækisins væru því um 15,8 milljarðar til lækkunar. Í minnisblaðinu kom jafnframt fram að:

„Erlendar lántökur eru fyrst og fremst til fjárfestinga á fjárfestingaverkefnum sem eru með tekjustraum í USD (einnig tengt álverði). Lánin eru almennt með langan líftíma eins og raforkusölusamningarnir. Afborganir og vextir lánanna eru þannig tryggðar með greiðslum frá raforkusölusamningum í USD. Gjalddeyrisáhætta milli íslensku krónunnar og langtímalána í erlendri mynt er því ekki fyrir hendi. Gengisáhætta er vegna breytinga milli USD og annarra mynta í lánakörfunni sem vegið er á móti vaxtastigi viðkomandi myntar hverju sinni við áhættustýringuna. Af þessum sökum hafa ekki verið gerðar neinar breytingar á lánakörfunni þrátt fyrir mikla gengislækkun krónunnar undanfarna daga en þessi mál eru stöðugt til skoðunar enda miklir hagsmunir í húfi fyrir fyrirtækið.“⁵⁹⁸

Dagur B. Eggertsson: „Og það er til fyrirspurn frá Sigrínu Elsu, þar sem hún er bæði að spyrja um gjaldmiðlasamsetninguna og sérstaklega gengisáhættuna. Og það sem var athyglisvert við það sem að hún áttaði sig þó ekki á fyrr en eftir á, var að svörin við fyrirspurnunum sem sannarlega komu, voru aldrei bókuð inn í fundargerð. Þau var bara send stjórnarmönnum í tölvupósti. En fyrirspurnirnar og svörin sýna að Sigrín Elsa stóð sína vakt en áhætturnar voru ekki eða illa greindar innan fyrirtækisins.“

Eins og kom fram í kaflanum um fjárhagslegt yfirlit hefur hlutfall tekna sem tengt er við álverð verið sem hér segir:

Hlutfall tekna sem tengt er við álverð			
2007	2008	2009	2010
13,0%	15,6%	17,6%	20,4%

Í skýrslu Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu sex mánaða uppgjors var umfjöllun um Orkuveituna og þar kom m.a. fram að:

„Orkuveitan er í miklum fjárfestingum í virkjunum og dreifikerfi en það kallar á verulega lausafjárþörf, eða um 50 milljarða á næstu árum. Óhagstæð gengisþróun síðustu mánaða hefur valdið talsverðum áhyggjum vegna fjárskuldbindinga. Virkjunarframkvæmdir á Hellisheiði hafa að mestu verið fjármagnaðar með lánnum frá evrópskum bönkum sem hafa lýst áhuga á að taka áframhaldandi þátt í fjármögnun á framkvæmdum á sviði jarðvarmavirkjana. Lánstími lánanna hefur verið ákvarðaður í samræmi við langtímasamninga um raforkusölu til að takmarka endurfjármögnunaráhættu fyrirtækisins. Samstæðan átti í lokin samtals tryggt lausafé upp á 21,7 milljarða, þar af 7,8 milljarða í handbæru fé og ónýttar lánsheimildir og opna lánalínu upp á samtals um 13,9 milljarða króna. Samsvarandi fjárhæð í árslok 2007 nam um 23 milljörðum króna. Stjórn Orkuveitunnar telur að rekstrarhorfur fyrirtækisins á árinu 2008 séu góðar.“⁵⁹⁹

Í samsvarandi skýrslu vegna níu mánaða uppgjors Orkuveitu Reykjavíkur er áfram að finna svipaða umfjöllun um fjárfestingar og fyrirsjáanlega lausafjárþörf fyrirtækisins á næstu árum, en þar kemur einnig fram að:

„Miklar breytingar hafa orðið á íslensku fjármálaumhverfi eftir fall íslensku bankana í byrjun október sem hefur leitt til efiðara að-

598 Minnisblað fjármálastjóra Orkuveitu Reykjavíkur til forstjóra, dags. 25. mars 2008.

599 Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu sex mánaða uppgjors 2008, dags. 30. sept. 2008. Bls.32.

gengis íslenskra fyrirtækja að fjármagni. Þrátt fyrir þetta umrót er lausafjárstaða samstæðunnar viðunandi. ⁶⁰⁰

Í skýrslu Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna ársuppgjörs 2008 er að finna umfjöllun um að skuldsetningar- og greiðslubyrðishlutaföll Orkuveitu Reykjavíkur teljist verulega há og hafi hækkað mikið á seinasta ári vegna gengisbreytinga. Einnig kemur fram að:

„Framundan eru áform um miklar fjárfestingar í virkjunum og dreifikerfi sem munu kalla á auknar lántökur. Í kjölfar brotlendingar íslensks fjármálakerfis og verulegs efnahagssamdráttar um allan heim mun öflun lánsfjár á erlendum mörkuðum væntanlega reynast erfið. Uppbygging virkjana og dreifikerfis mun taka mið af aðgengi OR að lánsfé og lánskjörum.“ ⁶⁰¹

„Á fundi iðnaðarnefndar Alþingis með forsvarsmönnum orkufyrirtækjanna voru bornar upp spurningar um skuldastöðu fyrirtækjanna. Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins var Hjörleifur Kvaran forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur (OR) spurður út í skuldastöðu fyrirtækisins, og svaraði hann því til að það væri ekki gott að segja hvernig skuldastaðan væri í dag en hann hefði hins vegar vitað hvernig hún hefði verið í gær. Gríðarlega hröð veiking krónunnar hefur aukið skuldir orkufyrirtækjanna, sem eru með öll sín lán í erlendri mynt, um hundruð milljóna á degi hverjum undanfarna mánuði. Eins og greint var frá í Morgunblaðinu í síðustu viku hafa skuldir OR aukist um 440 milljónir á dag undanfarna þrjá til fjóra mánuði.“ Morgunblaðið 11. nóvember 2008, http://www.mbl.is/frettir/innlent/2008/11/11/aform_orkufyrirtaekja_i_haettu/.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti eftirtaldar nýjar lántökur á árinu 2008:

Yfirlit yfir skuldbindingar sem bornar voru undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2008			
	dags.		fjárhæð
Skuldabréfaútbod á innlendum markaði.....	19.des.	ISK	5.000.000.000
Lántaka hjá European Investment Bank	3.okt.	EUR	170.000.000
Tímabundin heimild til lántöku ef tækifæri gæfist.....	3.okt.	EUR	50.000.000
Lántaka hjá Dexia Crédit Local	6.mar.	EUR	100.000.000

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 6. mars 2008 var lagt fram bréf sviðsstjóra fjár- og áhættustýringarsviðs dags. 3. mars 2008 um heimild til töku láns að fjárhæð 100 milljóna evra hjá Dexia Crédit Local, eða um 10,5 milljarða íslenskra króna. Lánið var sagt vera til 20 ára, með jöfnum afborgunum sem hæfust að fimm árum liðnum en hins vegar yrði dregið á lánið á næstu vikum, en það var sagt vera ætlað til fjárfestinga samkvæmt fjárhagsáætlun.

Þá var á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 3. október 2008 lagt fram og samþykkt erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 2. október 2008 um heimild til lántöku hjá European Investment Bank (EIB) fyrir allt að 170 milljónir evra. Fram kom að lánið væri ætlað til fjármögnunar á hluta framkvæmdakostnaðar á fimmta áfanga Hellsheiðarvirkjunar (90 MW raforkuframleiðslu) og Hverahlíðarvirkjunar (90 MW raforkuframleiðslu). Kæmi lánið til útborgunar eftir framvindu verksins á 18 mánuðum eftir lántöku, en hægt væri að taka lánið í allt að fimm hlutum, í ýmsum myntum og gætu vextir verið breytilegir eða fastir á hverjum lánshluta fyrir sig. Hver lánshluti gæti verið afborgunarlán til allt að 20 ára, en án afborgunar fyrstu fjögur árin eða 12 ára kúlulán. Ákvörðun um val mynta lægi ekki fyrir fyrr en við töku hvers lánshluta fyrir sig.

Auk þessa var á fundinum lagt fram erindi framkvæmdastjóra fjármála frá 2. október 2008 um tímabundna heimild til undirbúnings og frágangs lántöku allt að 50 milljón evra sem sögð var vera um 7,8 milljarður króna ef tækifæri til lántökunnar opnaðist á markaði. Átti að verja andvirði lánsins til fjármögnunar á framkvæmdakostnaði samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2008, og var það samþykkt af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur með þeim fyrirvara að

600 Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu níu mánaða uppgjörs 2008, dags. 10. des. 2008. Bls.30.

601 Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu ársuppgjörs 2008, dags. 19. maí. 2009. Bls.34.

heimildin myndi gilda til næsta fundar stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 17. október 2008. Ekki varð þó af þeirri lántöku.

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 5. desember 2008 var samþykkt, með fyrirvara um samþykki eigenda, að bjóða út verðtryggðan skuldabréfaflokk í íslenskum krónum, allt að 5 milljörðum króna. Var fjárfestingin sögð eiga að brúa lánsfjárförf Orkuveitunnar samkvæmt fjárhagsáætlun 2008. Þessi lántaka var aftur til umfjöllunar á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 19. desember 2008, þar sem lögð var fram til staðfestingar tillaga um skuldabréfaútbod dagsett 10. desember 2008. Var þar samþykkt, með fyrirvara um samþykki eigenda, að bjóða út verðtryggðan skuldabréfaflokk í íslenskum krónum, allt að 5 milljörðum króna. Auk þess var lagður fram til kynningar á fundinum samstarfssamningur Landsbankans og Orkuveitu Reykjavíkur um skuldabréfaútbod og aðra fjármögnun ársins 2009. Framangreint skuldabréfaútbod fór fram og kom inn sem ný lántaka á árinu 2009.

Um þetta var tekið fram í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur árið 2008 að:

„Árið 2008 var óvenjulegt í íslensku atvinnulífi. Stöðir, sem taldar voru traustar, brustu, gjaldmiðillinn hrundi, verðbólgan tók á sprett og fara þarf áratugi aftur í tímann til að finna viðlíka umrót í íslensku þjóðlífi. Enn er að koma í ljós hversu afdrifarík þessi snörpu umskipti í efnahagslífi Íslands og heimsins alls verða í raun. Þau hafa reynt á Orkuveitu Reykjavíkur (OR), en ekki síður starfsfólki hennar, sem hefur sýnt fyrirtækinu mikla hollustu á erfiðum tímum. Þær fjárhags- og framkvæmdaáætlanir sem OR lagði af stað með í upphafi ársins 2008 breyttust á árinu. Áætlanir, sem sóttar voru í smíðju stjórnvalda, svo sem um stöðu gjaldmiðla og þróun verðlags fóru úr skorðum snemma árs og leiddu til þess að endurmeta varð kostnað og verklag. Erlendar skuldir fyrirtækisins hækkuðu langt umfram það sem gert var ráð fyrir og eiginfjárstaðan fór niður fyrir þau mörk sem stjórn og stjórnendur höfðu sett sér ... Það er í takti við mótsagnirnar í samtímanum að árið 2008 gaf bestu afkomu af reglulegri starfsemi en árið var jafnframt hið sísta, þegar mið er tekið af áhrifum gengishruns íslensku krónunnar á afkomuna.“⁶⁰²

Í lokaskýrslu um rekstrarúttekt stjórnenda í ágúst 2010 er m.a. að finna umfjöllun um stöðu Orkuveitunnar eins og hún var í október 2008 þegar efnahagskerfið hrundi. Þar kemur fram að Orkuveitan var í miðju umfangsmesta fjárfestingartímabili í sögu fyrirtækisins, m.a. stóð hún í byggingu Hellsheiðarvirkjunar og einnig voru áform um að byggja virkjun í Hverahlíð. Búið var að samþykkja samning við Jarðboranir um boranir og einnig lá fyrir samningur um kaup á fimm vélasamstæðum vegna fimmta áfanga Hellsheiðarvirkjunar, sjá nánar umfjöllun hér að framan um framkvæmdir við virkjanir. Einnig kemur fram að fyrstu tveir áfangar Hellsheiðarvirkjunar hefðu verið fjármagnaðir af NIB og EIB, að Orkuveitan hafi átt ódregið á lánasamninga vegna þriðja áfanga rúma 5.000 millj.kr. og 2.500 millj.kr. vegna fjórða áfanga frá CEB. Fyrirliggjandi var samningur við EIB um fjármögnun á helmingi fjárfestinga vegna fimmta áfanga Hellsheiðarvirkjunar og Hverahlíðarvirkjunar, en hann hefði verið samþykktur af bæði stjórn og bankastjórn EIB og eigendum Orkuveitunnar þegar hrunið varð og einnig lá fyrir mikill áhugi hjá CEB um að halda áfram að fjármagna virkjanir á móti EIB. Kemur að lokum fram að við hrunið hafi allt „farið í frost“ og að lánardrottinn hafi lokað fyrir allar útborganir til Íslands þrátt fyrir gildandi lánasamninga.⁶⁰³

„Eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur er rúmlega tíu prósent umfram skuldir. „Það sígur stöðugt á ógæfuhliðina,“ segir Hjörleifur Kvanan, forstjóri Orkuveitunnar. Hlutfall eigin fjár var 46% í upphafi árs, hafði lækkað í 21% í níu mánaða uppgjörinu, og færist nú enn neðar. „Ég sé að gengisvísitalan er nú 243. Hún þarf að versna töluvert áður en við förum á núllið.“ Hann segir engin ákvæði í lánasamningum sem leyfi að þeim verði rift þótt skuldir verði hærri en eigið fé. „Við stöndum vel að því leyttinu til að við höfum gott handbært fé og engin hætta á að við getum ekki staðið í skilum. Við höfum miklar tekjur og staðan þarf að vera mjög slæm, í það minnsta allt næsta ár áður en kæmi að því að við gætum ekki greitt afborganir og vexti af þeim lánnum sem við þurfum að borga af,“ segir hann og bætir við. „Ef það verður, verður ekkert uppistandandi í þessu þjóðfélagi.“ Hann segir erfitt að sitja og fylgjast með genginu falla. „En það er í sjálfu sér ekkert sem við getum gert. Við erum eins og aðrir áhorfendur að því sem er að gerast og getum ekki gripið til varna til að lagfæra okkar stöðu.“ segir Hjörleifur. Hjörleifur segir hvorki í kortunum að segja upp starfsfólki né hækka verð. „Við höfum ekki gert ráð fyrir því að hækka gjaldskrá, þó svo að tilkostnaður okkar hækki. „Við verðum að þreyja ástandið með fólkinu í landinu.“ Draga verði úr framkvæmdum á Hellsheiði og vinnu við fráveitu á Vesturlandi.“ Morgunblaðið 28. nóvember 2008 http://www.mbl.is/frettir/innlent/2008/11/28/fe_orkuveitunnar_10_prosent/.

602 Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2008.

603 Rekstrarúttekt stjórnenda. Lokaskýrsla, rekstrarúttekt stjórnenda, ágúst ásamt greinargerðum og viðaukum. Reykjavík, mars 2010. Bls. 40.

18.9 Þróun skulda árið 2009

Áfram jukust skuldir Orkuveitu Reykjavíkur árið 2009, en á því ári kom fjármagn bæði frá innlendum sem erlendum lánveitendum. Þróun skulda Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2009, var sem hér greinir:

Guðlaugur G. Sverrisson: „Erlendu lánin okkar eru nú einu sinni þannig að þau eru tekin bara á „Libor“ með örlitlu álagi, við erum með alveg ofboðslega góð kjör á lánunum. Og það þýðir það, að á þessum tíma vorum við að borga 1% í vexti 2009. En vegna annarra atriða þá þurftum við að taka innlend lán, og lánasafn félagsins minnir mig að sé 10% Ísland og 90% erlend lán, og það eru jafnmiklar afborganir af innlendu lánunum og erlendu lánunum.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Bæði fjármálastjóri borgarinnar og fjármálastjóri OR fóru á fundi og héldu lánveitendum vel uppstum um stöðuna. Þegar við fengum stóra lánið árið 2009 var það mikill árangur og áfangi, enda var OR örugglega eina fyrirtækið sem fékk [erlent] lán á þessum tíma. Sem borgarstjóri hitti ég fulltrúa lánveitenda sem voru jákvæðir í garð OR og Reykjavíkur, skildu vilja okkar til að hagræða hjá fyrirtækinu áður en gengið væri nær almenniningi, en notuðu aðrar afsakanir fyrir því að hægt gekk að loka lánunum, svo sem að staða hjóðarbúsins væri veik, óljóst með AGS og að ekki væri bíúð að loka Icesave. En svo kom tilkynning um stóra lánið í lok árs 2009, sem var staðfesting á trúnni á fyrirtækið og þá er bíúð að nýna fyrirtækið, stöðu þess og fjárhagslega getu mjög mikið.“

Þróun lána á árinu 2009	
Staða lána 1.1.2009	204.669
Ný langtímalán á árinu:	
- The Social Development Bank (CEB)	5.262
- European Investment Bank (EIB)	9.567
- BNP Paribas (áður Fortis)	8.994
- Hafnarfjarðabær	3.539
- Landsbanki Íslands	4.910
Samtals ný langtímalán	32.272
Ný skammtímalán á árinu:	
- Glitnir	3.000
- Landsbanki Íslands	5.000
- Overnight	3.000
Samtals ný skammtímalán	11.000
Afborganir ársins	-26.323
Gengismunur	12.384
Verðbætur	868
Staða lána 31.12.2009	234.870

Eins og sjá má á yfirlitinu voru skuldir Orkuveitunnar í upphafi ársins 204.669 millj.kr. og 234.870 millj.kr. í árslok. Lántökur langtímalána námu 32.272 millj.kr. og skammtímalán námu 11.000 millj.kr. Gengismunur var neikvæður um 12.384 millj.kr. Skuldir samstæðunnar í lok árs 2009 námu 236.568 millj.kr. Þar af voru 10.091 millj.kr. til greiðslu á næsta ári, eða 4% skuldanna, 76.508 millj.kr., eða 33% á næstu fjórum árum þar á eftir og 144.746 millj.kr., eða 63% til greiðslu síðar.

Í ársreikningi Orkuveitunnar vegna ársins 2009 kemur eftirfarandi fram um skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

„Í maí 2008 gerði fyrirtækið samning um kaup á búnaði til virkjanaf framkvæmda. Gert er ráð fyrir að búnaðurinn verði afhentur á árunum 2010 og síðar. Fjárhæðir samningsins og annarra samninga vegna framkvæmda á Hellisheiði, miðað við gengi á reikningskiladegi, er 41,0 milljarðar kr. (31.12.2008: 35,5 milljarðar kr.). Auk þess hefur fyrirtækið gert innkaupa- og verkisamninga vegna framkvæmda við framleiðslu- og dreifikerfi. Eftirstöðvar þessara samninga þann 31. desember 2009 eru áætlaðar 2,4 milljarðar kr. (31.12.2008: 1,9 milljarðar kr.).“⁶⁰⁴

Einnig kom fram í skýringu um lausafjárahættu að:

„Ábyrgð eigenda á lánunum fyrirtækisins hefur auðveldað fyrirtækinu aðgang að lánsfé á góðum kjörum. Virkjunarframkvæmdir á Hellis-

604 Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2009.

heiði hafa fyrst og fremst verið fjármagnadar með lánnum frá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB), Þróunarbanka Evrópu (CEB) og Norræna fjárfestingabankanum (NIB) en allir þessir bankar hafa lýst áhuga á að taka áfram þátt í fjármögnun framkvæmda á sviði jarðvarmavirkjana eins og Hellisheiðarvirkjun er. Lánstími lánanna er langur og hefur verið ákvarðaður í samræmi við langtímasamninga um raforkusölu, til að takmarka endurfjármögnunaráhættu fyrirtækisins. Orkuveitan átti í lok tímabilsins handbært fé að fjárhæð um 2,9 milljarða kr. Orkuveitan átti einnig ónýttar lánsheimildir og opna lánalínu upp á samtals um 13,8 milljarða kr. Samtals átti Orkuveitan þannig tryggt lausafé í lok ársins upp á um 16,7 milljarða kr. Samsvarandi fjárhæð í lok árs 2008 nam um 14,8 milljörðum kr.⁶⁰⁵

Handbært fé frá rekstri á árinu 2009 í samstæðu Orkuveitunnar nam 8.429 millj.kr. og greiðslur vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum námu 21.019 millj.kr. Í endurskoðunarskýrslu ytri endurskoðenda vegna ársins 2009 kemur eftirfarandi fram undir liðnum vaxtaberandi skuldir:

„Vaxtaberandi langtímaskuldir samstæðunnar nema 221.254 milljónum kr. í árslok 2009. Þá eru vaxtaberandi skammtímaskuldir 15.314 milljónir kr. í árslok, eða alls 236.568 milljónir kr. í árslok 2009. Langtímaskuldir samstæðunnar eru að stærstum hluta í erlendum myntum, eða sem svarar til 91,0% af heildinni.

Gengi íslensku krónunnar veiktist um 7.6% á árinu 2009 sem hefur áhrif til hækkunar á erlendum skuldum samstæðunnar. Gjaldfærður gengismunur ársins 2009 í rekstrarreikningi nam 12.085 milljónum kr. samanborið við 88.689 milljónum kr. á árinu 2008. Í skýringu nr. 22 í ársreikningi koma fram ítarlegar upplýsingar um lánakjör vaxtaberandi skulda. Í skýringu nr. 25 í ársreikningi er gerð grein fyrir gjaldreyrisáhættu og vaxtaáhættu samstæðunnar. Það er ákvörðun stjórnenda samstæðunnar í tengslum við áhættustýringu að hafa stærstan hluta fjármögnunar í erlendri mynt. Rökin fyrir þeirri ákvörðun eru þau að vaxtastig lána í erlendum gjaldmiðlum hefur verið verulega lægra en innlendir vextir og hefur það hagræði verið vegið á móti gengisáhættunni.

Þá er samstæðan með hluta tekna sinni í erlendri mynt sem kemur á móti gengisáhættu af greiddum afborgunum og vaxtakostnaði í sjóðstreymi samstæðunnar. Af því leiðir að þrátt fyrir að gengissveiflur erlendra gjaldmiðla geti haft umtalsverð áhrif á rekstur og eigið fé samstæðunnar þá eru til staðar ákveðnar gengisvarnir á sjóðstreymi samstæðunnar.

Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum samstæðunnar. Samstæðan hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.⁶⁰⁶

Í endurskoðunarskýrslu ytri endurskoðenda vegna ársins 2009 kemur svo eftirfarandi fram undir liðnum fjármögnun:

„Samkvæmt fjárhagsáætlun samstæðunnar fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir fjárfestingu að fjárhæð 18.086 milljónir kr. Samstæðan er með 2.943 milljónir kr. í handbæru fé í ársbyrjun og auk þess gerir áætlun ráð fyrir að rekstur ársins 2010 muni skila handbæru fé að fjárhæð 8.788 – 9.788 milljónir kr. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir

605 Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2009.

606 KPMG: Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2009.

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „En í öllu þessu, t.d. í skýrslu endurskoðanda í apríl 2010 er sagt „að fjármögnun fyrir árið 2010 sé mjög langt komin og fjármögnun ársins 2011 sé í góðum farvegi“ auk þess sem sagt er að það megi leiða góðum líkum að því að áformin gangi vel eftir. Þá eru viðræður í gangi við erlenda aðila um fjármögnun og ekki gerðar athugasemdir við mat stjórnenda varðandi þessi atriði. Sama niðurstaða sést í skýrslum fjármálaskrifstofu og annarra sem rýndu faglega fjárhagslega stöðu OR og borgarinnar. Borgarstjórn var samstíga í þessu og samstíga í því að ganga enn lengra í því að vinna þetta vel með því að ganga til þess verks að láta gera sérstakt áhættumat vegna stöðu fyrirtækisins og þeirrar staðreyndar að skuldir þess jukust um helming svo til yfir nótt. Þess vegna samþykkjum við aðgerðaráætlun fyrir borgarsjóðs í október 2008, ákveðum þar að þessu verði ekki mætt með hækkunum á almenning en hefjum þess í stað mjög ákveðna hagráðingavinnu og aðgerðir, auk áhættumats þar sem það er ákveðið að við viljum sem eigandi vera það ábyrg að við eigum 8-12 milljarða í sjóði fyrir OR ef lán skila sér ekki eða eitthvað annað gerist.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Það lá fyrir og hafði legið fyrir lengi hver skuldastaða OR var. Við hrundi tvöfaldast hún, en á þeim tíma var það þó álit flestra að sú staða yrði ekki varanleg og að gengi gjaldmiðilsins myndi jafna sig. Okkar fyrsta verk var að mynda aðgerðarhóp til að halda utan um öll mál er tengdust breytingum í efnahagsmumhverfi þar sem þessi mál voru ítrekað til umræðu, auk stöðugrar vöktunar stjórnar OR, fjármálastjóra okkar og borgarráðs. Það er hins vegar ekki fyrr en farið er að líða inn í 2009 að staðan í samfélaginu færir öllum heim sanninn um að þetta er ekki tímabundið ástand, heldur mun varanlegra en nokkurn hafði grunað fyrst. Okkur hafði verið sagt af séfræðingum að það væri ekki varanleg staða, heldur myndi þetta breytast, gengið lagast og staða lánanna batna um leið. Eitthvað sem allir vonuðu, en í kringum mars, apríl 2009 er orðið ljóst að svo er ekki og að þessi mikla gengisbreyting sem hafði svo mikil áhrif í fyrirtækinu sé komin til að vera.“

fjármögnun að fjárhæð 19.600 milljónir kr. á árinu 2010 til að standa undir áætlaðri fjárfestingu auk afborgunum af lánum. Fyrir liggur að samstæðan hefur aflað fjármagns með skuldabréfaútbóði að fjárhæð 5.000 milljónir kr. og hefur heimild eigenda til að sækja 5.000 milljónir kr. til viðbótar. Þá hefur samstæðan aðgang að innlendum og erlendum lánalínum samtals að fjárhæð 13.803 milljónir kr. samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum. Þá var gengið frá samningi við Evrópska fjárfestingabankann í desember 2009 um lán vegna 5. áfanga Helligheiðavirkjunar og Hverahlíðavirkjunar að fjárhæð 170 milljónir EUR. Það er mat stjórnenda að fjármögnun ársins 2010 sé mjög langt komin og fjármögnun ársins 2011 sé í góðum farvegi. Þá má telja mjög góðar líkur á að fyrirtækið geti sótt sér nauðsynlegt fjármagn á innlenda lánsfjármarkaði ef á þarf að halda. Þá eru viðræður í gangi við erlenda aðila um fjármögnun. Við gerum ekki athugasemdir við mat stjórnenda varðandi þessi atriði.⁶⁰⁷

Í skýrslu Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar til borgarráðs við framlagningu sex mánaða uppgjors 2009 var áfram umfjöllun um kennitölur um fjárhagslegan styrk og skuldsetningu og skuldsetningarhlutfall fyrirtækisins, sem var sagt verulega hátt eða 555%. Einnig var í skýrslunni umræða um að kennitölur fyrirtækisins væru óhagstæðar og að þar réði mestu mikil skuldsetning í erlendri mynt sem hefði áhrif á skuldstöðu og eiginfjárlutfall og einnig væri veltufjárlutfall lágt. Einnig var sagt ljóst að fyrirtækið byggi við krefjandi markaðsaðstæður og að stíga þyrfti varlega til jarðar í rekstri fyrirtækisins og draga úr kostnaði og nýta tækifæri til áhættudreifingar eins og kostur væri. Í skýrslunni eru ýmsar kennitölur sem lánshæfisfyrirtæki nota til að leggja mat á styrk og áhættu fyrirtækja reiknaðar og um þær sagt að:

„Allar þessar lykiltölur eru fyrirtækinu óhagstæðar, vegna mikillar lækkunar gengis og þar af leiðandi hækkunar skulda. Auk þess endurspeglar veltufé frá rekstri í hlutfalli af greiddum fjármagnskostnaði þunga vaxtabyrði það sem af er þessu ári vegna dráttar sem hefur orðið á langtímaffjármögnun á fjárfestingum ársins. Grunnrekstur OR er engu að síður sterkur og vaxtakostnaður hefur farið lækkandi vegna lækkandi vaxta erlendis. Um leið og gengið tekur að hækka að nýju mun hagur fyrirtækisins vænkast hratt og miðað við spár um gengisþróun má gera ráð fyrir að eiginfjárlutfallið verði aftur orðið ásættanlegt þegar á árinu 2011.“⁶⁰⁸

Í samsvarandi skýrslu vegna níu mánaða uppgjors var að finna óbreytta umfjöllun um óhagstæðar kennitölur fyrirtækisins vegna skuldsetningar í erlendri mynt og ítrekað að þrátt fyrir það muni hagur fyrirtækisins vænkast hratt um leið og gengið hækki og að grunnreksturinn væri sterkur og því við bætt að fjárfestingartækifæri fyrirtækisins til langs tíma væru mikil.⁶⁰⁹ Í skýrslu Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna ársuppgjors 2009 er áfram að finna umfjöllun um óhagstæðar lykiltölur og skuldsetningu og þar kemur fram að:

607 KPMG endurskoðunarskýrsla: Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2009.

608 Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu sex mánaða uppgjors, dags. 14. október. 2009. Bls. 32.

609 Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu ársframlagsreiknings fyrir fyrstu nýju mánuði ársins 2009, dags. 10. desember. 2009. Bls. 27.

„Óhagstæðar lykiltölur eiga einkum rætur að rekja til mikillar gengislækkunar og hækkunar skulda og greiðslubyrði lána. Eiginfjárlutfall hefur lækkað jafnt og þétt undanfarin ár og er komið niður fyrir æskileg mörk, m.v. mikla lánsfjárbörf fyrirtækisins á komandi árum. Skuldsetning fyrirtækisins er þegar orðin mjög mikil, sem sést af háu skuldsetningarhlutfalli. Fyrir liggur að fyrirtækið hefur aflað lánsfjár með skuldabréfaútbóði á innlendum markaði að fjárhæð 5.000 mkr. og hefur heimild eiganda til að sækja 5.000 mkr. til viðbótar. Þá hefur fyrirtækið aðgang að innlendum og erlendum lánalínum samtals að fjárhæð 13.803 mkr. Gengið var frá samningi við Evrópska fjárfestingabankann (EIB) í desember 2009 um lán vegna 5. áfanga Helligheiddavirkjunar og Hverahlíðarvirkjunar að fjárhæð 170 milljónir evra. Sjóðstreymið gefur skýrt til kynna erfi-leika fyrirtækisins á árinu að fjármagna úr rekstri afborganir og vaxtakostnað lána. Þannig var skuldaþekja fyrir fjármagnsliði og afskriftir aðeins 1,25. Til skamms tíma mætti una við rúmlega 1, en til lengri tíma þyrfti þetta hlutfall að vera talsvert herra til að fullnægja fjárfestingaþörf fyrirtækisins. Vaxtaþekja (EBIT/nettó vaxtagr.) er aðeins 1,1 sem sýnir að rekstrarhagnaður ársins dugði tæplega til greiðslu vaxta. Þetta hlutfall þarf augljóslega að vera yfir einum til að tryggja getu fyrirtækisins til að standa undir fjárfestingaþörf þess til lengri tíma þegar gert er ráð fyrir að afborganir ársins eru ávallt endurfjármagnadar. Gera má ráð fyrir að þetta hlutfall þurfi að vera hátt í fjármagnsþrekkri grein eins og orkuviðnaði. Uppgreiðslutími lána reiknaður sem hlutfall af veltuþé frá rekstri á móti skuldum sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum. Um leið og nýjar fjárfestingar fara að skila tekjum inn í rekstur, svo sem 5. áfangi Helligheiddavirkjunar stýttist uppgreiðslutíminn.“⁶¹⁰

Í ábendingum Fjármálaskrifstofu í sömu skýrslu er einnig umfjöllun um lánshæfismat fyrirtækisins og kemur eftirfarandi fram:

„Nýjasta mat Moody's er frá apríl 2010 og í því mati er fyrirtækið áfram metið í Ba1 flokk sem er einum flokki lægra en lánshæfismat ríkissjóðs og eru bréfin því ekki í fjárfestingarflokki. Þess ber að geta að helsti veikleiki OR að mati Moody's er að fjármögnun fyrirtækisins er að stærstum hluta í erlendri mynt er tekjur að mestum hluta í íslenskum krónum. Greiðslugeta fyrirtækisins er talin fremur veik en bent er á að stjórnendur telji góðar líkur á að fyrirtækið geti sótt sér fjármagn á innlenda lánsfjármarkaði til endurfjármögnunar á lánum á gjalddaga 2010 og til að mæta lágmarks fjárfestingarþörf til lengri tíma. Moody's bendir á að bakábyrgð eiganda OR, þ.e. Reykjavíkurborgar og annarra eigenda, skipti miklu máli og gert er ráð fyrir að eigendur bregðist við mögulegu greiðslufalli. Enn fremur er gert ráð fyrir að ríkið bregðist tímalega við með inngrípi ef frekara greiðslufall verður. Lækkun á lánshæfismati OR niður fyrir lánshæfismat ríkissjóðs er einkum byggt á þeim forsendum að þeim ábyrgð ríkisins á fyrirtækinu er ekki fyrir hendi. Samkvæmt lánshæfisfyrirtækjum eru horfur á ríkissjóði nú neikvæðar og þar með einnig OR ... Einn af stærstu áhættuþáttum fyrirtækisins er þróun erlendra lána og gengishreyfingar. Staða erlendra lána í árslok 2009 var 214.310 mkr. og nam gengistap ársins 12.085 mkr. samanbórið

610 Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2009, dags. 29. apríl. 2010. Bls. 38.

Guðlaugur G. Sverrisson: „Þegar við förum og óskum eftir 10 milljarða skuldabréfaútboði, þá gátum við bara selt 5, vegna þess að þeir sögðu: „Meðan þið eruð ekki með gjaldskrárhækkunar, og meðan þið eruð með inni að borga arð, borga núna í þessu ástandi þá kaupum við ekki“ sagði hluti þessara lífeyrissjóða. Svo sé ég það í einhverri fréttatilkyrningu, þeir náðu loksins þessum seinni 5 milljörðum sem ég fékk samþykka 10 milljarða inn í 2011. Þá gátu þeir nýtt þessa heimild sem að hafði verið fengin þarna löngu áður og gátu selt lífeyrissjóðunum skuldabréf fyrir 5 milljarða.“

við 88.689 mkr. árið 2008. Langtímaskuldir í erlendum myntum nema um 91% af heildarlangtímaskuldum. Þess má geta að fyrirtækið nýtur umtalsvert betri vaxtakjara á erlendum lánum á árinu 2009 vegna vaxtalækkunar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og hefur það vegið á móti gengislækkun krónunnar og haft mjög jákvæð áhrif á sjóðstreymi. Að því sögðu stendur uppsafnað veðmál vaxta-hagræðingar með erlendri lántöku á móti gengistapi á síðastliðnum fjórum árum í um -40 milljörðum. Mikilvægt er að hafa í huga að hér er verið að bera saman samansafnaðan ávinning eða tap af ákvörðunum um að vera yfirvigtadur gagnvart gengisáhættu með erlendri lántöku þar sem ávinningur er mun hagstæðari vaxtakjör á móti þeirri ákvörðun að vera með lánasafnið í innlendum gjaldmiðli með mun lakari vaxtakjör. Ljóst er að eftir gengisfall íslensku krónunnar frá 2008 til loka 2009 þá hefur stöðutaka OR með krónunni rýrt eiginfjárstöðuna um að minnsta kosti 40 ma. kr. Á móti vegur að gagnstæðar ákvarðanir í lántökum (innlend verðtryggð lántaka) hefðu leitt til að ekki væri til staðar svigrúm fyrir OR að verja þá miklu verðryrnun á gjaldskrá OR á síðastliðnum 4-5 árum sem raun ber vitni um.“⁶¹¹

Í ábendingunum er einnig umfjöllun um hversu mikil endurfjármögnun-arþörf fyrirtækisins er og er þar lagt til að kannað sé hvort ekki sé hægt að draga úr fjárfestingum, kanna aðgengi að erlendum lánalínum, bent á verkefnafjármögnum sem mögulegan valkost við nýframkvæmdir og lögð áhersla á nauðsyn þess að halda áfram reglubundnu mati á áhættu af rekstri Orkuveitunnar í samvinnu við stjórnendur. Einnig er þar að finna umræðu um markaðsáhættu Orkuveitunnar og tekið fram að ekki verði dregið úr henni með tilliti til gengissveiflna nema með aukningu á vægi innlendra lána og að mikilvægt væri að hafa í huga að aðeins yrði um tilflutning frá gengisáhættu yfir í innlenda verðbólguáhættu vegna þess að gjaldskrár væru ekki verðtryggðar.

Nokkrar nýjar lánaskuldbindingar voru samþykktar af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2009, en þær voru allar vegna nýrrar lántöku innlands. Á þessu ári er fyrst að finna bókaða umræðu stjórnarmanna um fjármögnun fyrirtækisins á fundum stjórnar, þar sem fjármögnunin er sett í samhengi við fjárfestingar fyrirtækisins.

Yfirlit yfir skuldbindingar sem bornar voru undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2009

	dags.		Fjárhæð
Samningur um skammtímafjármögnun við Landsb. Íslands	27.nóv	ISK	1.500.000.000
Útgáfa skuldabréfaflokks Orkuveitu Reykjavíkur.....	30.okt	ISK	10.000.000.000
Samningur um skammtímafjármögnun við Landsb. Íslands	30.okt	ISK	5.500.000.000
Skammtímafjármögnun með innlendri skuldabréfaútgáfu	3.júl	ISK	5.000.000.000

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 3. júlí 2009 var lagt fram og samþykkt erindi framkvæmdastjóra fjármála þar sem óskað var heimildar stjórnar til lántöku að fjárhæð 5 milljarða króna með skuldabréfaútboði í íslenskum krónum á innlendum markaði. Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 18. september 2009 var til umræðu erindi framkvæmdastjóra fjármálasviðs frá 15. september 2009 um heimild til skuldabréfaútboðs, og gerði forstjóri almennt grein fyrir fjármögnunarmöguleikum Orkuveitu Reykjavíkur. Stjórnarmaðurinn Þorleifur Gunnlaugsson fór

611 Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu ársreiknings 2009, dags. 29. apríl 2010. Bls. 39.

fram á að beiðni um endurfjármögnun yrði frestað, en sú tillaga var felld. Af því tilefni bókaði hann að:

„Þorleifur Gunnlaugsson fulltrúi VG í stjórn Orkuveitunnar harmar það að frestunardeiðni skuli vera vísað frá. Það er ítrekað að vel megi vera að Orkuveitan sé í þeirri stöðu að engin leið önnur sé fær en að fara í umrætt skuldabréfaútbod nú en á það er bent að endurfjármögnun láns frá því um síðustu áramót þarf ekki að fara fram fyrir en í mars á næsta ári. Áhyggjur eru í borgarstjórn Reykjavíkur vegna eiginfjárstöðu Orkuveitunnar og slæmrar lausafjástöðu en vegna ábyrgða borgarinnar á OR er það tímabært að borgarráð fjalli um málið áður en lengra er haldið. Borgarráðsfulltrúi VG hefur farið fram á það að málið verði sett á dagskrá borgarráðs á fimmtudaginn kemur.“⁶¹²

Var samþykkt sú tillaga framkvæmdastjóra fjármála að hefja skuldabréfaútbod á innlendum markaði að fjárhæð allt að 10 milljörðum króna með útgáfu tveggja skuldabréfaflokka í íslenskum krónum. Ávöxtunarkrafa skuldabréfanna myndi ráðast í útboði og kæmu tilboð í þau til ákvörðunar stjórnar og staðfestingar eigenda, en samtímis félli niður áður samþykkt heimild stjórnar frá 3. júlí 2009 um lántöku að fjárhæð allt að 5 milljarða króna. Stjórnarmennirnir Þorleifur Gunnlaugsson og Sigrún Elsa Smáradóttir sátu hjá við afgreiðslu málsins, og lét Sigrún Elsa bóka að:

„Fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn OR situr hjá við afgreiðslu tillögu um skuldafjárútbod. Fulltrúinn telur aðra möguleika vera til fjármögnunar fyrir fyrirtækið, sem ekki fela í sér aukna skuldsetningu, samanber tillögu fulltrúans um sölu á skuldabréfi Magma.“⁶¹³

Við afgreiðsluna létu þau Guðlaugur Sverrisson, Kjartan Magnússon og Jörunn Frímansdóttir bóka að:

„Sjálfsagt er að stjórn Orkuveitunnar hafi stöðugt til skoðunar ýmsa möguleika til að fjármagna þær umfangsmiklu framkvæmdir sem fyrirtækið stendur fyrir. Eðlilegt er að tímanlega sé hugað að endurfjármögnun lána og þeir kostir valdir, sem hagstæðastir eru fyrirtækinu. Með samþykkt tillögu um útgáfu skuldabréfa er verið að fjölga þeim kostum, sem fyrirtækið hefur til fjármögnunarframkvæmda. Ekki eru efni til þess að ákveða nokkuð um sölu á einstökum skuldabréfum, s.s. vegna Magma, fyrir en slík skuldabréf eru formlega orðin eign Orkuveitunnar.“⁶¹⁴

Þá var á fundi stjórnar þann 30. október 2009 lagt fram erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 28. október 2009 þar sem óskað var heimildar stjórnar til að taka tilboðum að fjárhæð allt að 10 milljarða króna í verðtrygðan skuldabréfaflokk ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ...Væri gert ráð fyrir því að höfuðstóll lánsins endurgreiddist með 49 jöfnum greiðslum (annuitet), þannig að gjalddagar væru tveir á ári. Við afgreiðslu erindisins sátu tveir stjórnarmenn hjá. Stjórnarmaðurinn Sigrún Elsa Smáradóttir sem sat hjá við afgreiðslu málsins lét bóka að:

„Ljóst er að sú fjármögnun sem hér um ræðir er mun óhagkvæmari heldur en fyrri áætlanir OR um fjármögnun framkvæmda gerðu

612 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 18. september 2008.

613 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 18. september 2008.

614 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 18. september 2008.

rád fyrir. Það er miður að fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 er ekki á dagskrá stjórnarfundar eins og boðað hafði verið og að 9 mánaða uppgjör liggja ekki fyrir. Enda yfirferð yfir þau mál nauðsynlegur grunnur að allri umræðu og ákvarðanatöku sem snýr að fjármögnun fyrirtækisins sem hér er til umfjöllunar. Fulltrúi Samfylkingar tekur því ekki afstöðu til skuldabréfaútboðsins en vill ítreka tillögu frá stjórnarfundum OR þann 18. september, þess efnis að undirbúningur yrði hafinn að sölu skuldabréfsins, sem Magma gefur út fyrir 70% af greiðslu fyrir hlutinn í HS Orku, á opnum markaði. Nafnvirði bréfsins er um 8,4 milljarðar króna. Markmiðið með tillögunni var að koma til móts við fjármögnunarþörf OR, tillögunni var frestað. Tillagan er því ítrekuð og óskað eftir því að hún verði tekin til efnislegrar meðferðar áður en lengra er haldið í skuldsetningu félagsins. ⁶¹⁵

Auk þess sat stjórnarmaðurinn Þorleifur Gunnlaugsson hjá við afgangi málsins, og lét bóka að:

„Á þessum fundi áttu að liggja fyrir drög að fjárhagsáætlun sem varð svo ekki raunin. 9 mánaða uppgjör liggur ekki heldur fyrir en þessar upplýsingar eru mikilvægar til þess að hægt sé að meta stöðu Orkuveitunnar og fjárfestingaráform til framtíðar. Skuldabréfaútboð þar sem reiknað er með ... [efni fellt út að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna trúnaðar] ... vöxtum breytir arðsemi framkvæmda og setur Orkuveituna sem þegar er í þrengingum í verri stöðu. Það er því umhugsunarvert hvort ekki hafi verið farið of geyst í framkvæmdir. Á þessum fundi voru veittar upplýsingar um orkuverð til þungaiðnaðar og kraftist trúnaðar. Fulltrúi VG neitaði að taka við þeim þar sem almenningur á skýlausan rétt á slíkum upplýsingum um stóran hluta starfsemi almannaþyrirtækis. ⁶¹⁶

Þá var á fundinum lagt fram erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 28. október 2009 um staðfestingu stjórnar á skammtímafjármögnun frá Landsbanka Íslands, sem sundurgreind var í erindinu, samtals að fjárhæð 5,5 milljarða króna og var það samþykkt. Þó sátu stjórnarmennirnir Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorleifur Gunnlaugsson hjá við afgangi málsins. Vísaði stjórnarmaðurinn Þorleifur Gunnlaugsson til framangreindrar bókunar sinnar til skýringar á afstöðu hans, en af hálfu Sigrúnar Elsu var tekið fram að:

„Ljóst er að sú skammtímafjármögnun sem hér um ræðir er mun óhagkvæmari en áætlunir OR um fjármögnun gera ráð fyrir og fjármagnskostnaðurinn margfaldur jafnvel tugfaldur ef miðað er við meðal vaxtakostnað fyrirtækisins. Fulltrúi Samfylkingar tekur ekki afstöðu til erindis um skammtíma fjármögnun enda ekki forsendur til að taka afstöðu til fjármögnunarþarfar 2010 fyrir en fjárhagsáætlun ársins hefur verið rædd. Nauðsynlegt er að hafa heildar yfirsýn yfir stöðu rekstrar og framkvæmda við ákvörðunartökuna ... ⁶¹⁷

Nokkur umræða varð um fjármögnun framkvæmda í tengslum við umræðu um fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2010 á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 27. nóvember 2009. Þar óskuðu

615 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 30. október 2009.

616 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 30. október 2009.

617 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 30. október 2009.

stjórnarmennirnir Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorleifur Gunnlaugsson, sem sátu hjá við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrirtækisins, að bókað yrði að þrátt fyrir erfiða stöðu fyrirtækisins og með tilliti til þess að eiginfjárstaða þess væri komin undir 14%, væri gert ráð fyrir 18 milljarða fjárfestingu á árinu 2010 og bent á að þessi fjárfesting kæmi til þó ekki væri gert ráð fyrir neinum framkvæmdum við Hverahlíðarvirkjun. Tóku þau fram að það væri áhyggjuefni að langtímafjármögnun vantaði fyrir að minnsta kosti 8 milljarða af þeim 18 sem ráðast ætti í og því væri í reynd ekki annað í hendi en að mæta þeim hluta fjárfestingarinnar með yfirdráttarlánnum. Af því til efni létu stjórnarmennirnir Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon og Júlíus Vífill Ingvarsson bóka að:

„Fjárfestingar næsta árs samtals 18 milljarðar eru fyrst og fremst fjárfestingar vegna Hellisheiði samtals 12,4 milljarðar þar af eru 2,7 milljarðar vegna hitaveituáfangans sem gangsettur verður haustið 2010. Framkvæmdir vegna hitaveituáfangans eru á lokastigi og búið er að fjárfesta fyrir um helmingi af 5. áfanga Hellisheiðarvirkjunar, sem mun framleiða 90MW af raforku. Búið er að selja orkuna frá þessum áfanga og samningar eru um kaup á búnaði s.s. túrbínnum liggja fyrir auk samninga við verktaka. Það yrði því mjög kostnaðarsamt að hætta við þessar framkvæmdir. Auk þess kæmi þá ekki til tekjustraumur frá virkjuninni í árslok 2010. Lánasamningur við EIB er vegna 5. áfanga Hellisheiðarvirkjunar þannig að ef hætt verður við áfangann og engar tekjur verða af fjárfestingunni þá eru forsendur fyrir fjármögnuninni brostnar.“⁶¹⁸

Þá lagði stjórnarmaðurinn Sigrún Elsa Smáradóttir fram svohljóðandi tillögu á fundinum, en afgreiðslu hennar var frestað:

„Nú þegar hefur OR orðið fyrir miklum á áföllum vegna gengismunar milli íslensku krónunnar og erlendra gjaldmiðla við fall íslensku krónunnar. Fyrirtækið má ekki við frekari sveiflum og ætti því að draga eins og hægt er úr áhættusækninni. Hluti tekna fyrirtækisins er í USD, en lánað afn fyrirtækisins er í ýmsum gjaldmiðlum. Því er lagt til að leiða verði leitað til að umbreyta lánum í lán í USD eða að gera orkusölusamninga í Evrum og halda þá samsvarandi hlutfalli lána í Evrum. Þetta er lagt til í því skyni að minnka áhættu og til að ekki komi til frekari áfalla í rekstri OR ef USD lækkar gagnvart öðrum gjaldmiðlum.“⁶¹⁹

Á fundinum var lagt fram og samþykkt erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 27. nóvember 2009 um staðfestingu stjórnar á skammtímafjármögnun hjá Landsbanka Íslands (NBI hf.) að fjárhæð 1,5 milljarði króna, en stjórnarmennirnir Þorleifur Gunnlaugsson og Sigrún Elsa Smáradóttir sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Þá kom fram í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2009 um skuldir Orkuveitunnar að:

„Ýmsar ytri aðstæður reyndust einnig óhagfelldar á árinu 2009. Gengi krónunnar seig um 7,6% og hafði það áhrif á efnahag fyrirtækisins. Á síðasta fjórðungi ársins varð þó hækkun álverðs til þess að styrkja stöðuna sem og veiking Evru, sem hluti skulda OR er

618 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. nóvember 2009.

619 Fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. nóvember 2009.

Dagur B. Eggertsson: „Þannig að það er í rauninni ekkert sem bendir til þess að sú fullyrðing að einhver lán hafi verið á leiðinni hafi verið til skjalfest. Það eru engin gögn sem styðja það. Við vitum af tilteknu fólki sem hefur áður haldið því fram, eins og fyrrverandi fjármálastjóri og Hjörleifur Kvaran. En Hanna Birna tekur aldrei ábyrgð á því. Hún segir aldrei, lánin voru að koma. Hún orðaði það alltaf þannig, okkur var sagt að það væru að koma lán. En af hverju brást hún þá ekki við yfirvofandi vanda?“

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Okkur var allan þeman tíma sagt það af hálfu stjórnenda fyrirtækisins að lánastadan myndi halda, og við höldum marga fundi út af því þar sem var verið að fara yfir lánastöðuna og það var líka farið fyrir það í borgarráði í aðgerðarhópi borgarráðs. Og sem borgarstjóri fékk ég reglulega yfirlit frá þeim um stöðu lána og minnisblöð sem eru í tímalínu þar rakið er hver lánastadan er, hvernig samskiptin eru við hvern banka, hvað er í pípunum, hver er staðan á lánalínum og svo framvegis. Um þetta var stjórn fyrirtækisins, borgarráð og borgarstjórn vel upplýst. Við vissum að fyrirtækið stæði þetta af sér og á þessum tíma höfðum við meiri áhyggjur af því að einhverjir myndu gjaldfella heldur en við gætum ekki breytt einstaka lánum eða fengið ný. Aðalverkefnið í upphafi kreppunnar var markviss hagræðing, sparnaður og það að skera niður í sjálfu fyrirtækinu þannig að hægt væri að standa við samþykkt borgarstjórnar um að hækka ekki gjaldskrár fyrirtækisins á því kjörtímabili.“

í, gagnvart bandaríkjadal, sem er sá gjaldmiðill sem erlendar tekjur fyrirtækisins eru í. Þrátt fyrir efnahagslega efndleika Íslands hefur Orkuveitan notið trausts hjá fjármálastjórnunum hér á landi og erlendis. Fyrirtækið hefur fulla burði til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lánveitendum og viðskiptavinum þótt vitaskuld styttist í að aðlaga þurfi gjaldskrár vaxandi kostnaði við að afla orku og koma henni til viðskiptavina af þeim áreiðanleika sem vænst er.“⁶²⁰

Í umsögn Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um framangreind áform um skuldabréfaútbod, var vísað til umsagnar Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar sem fylgdi sex mánaða uppgjöri Reykjavíkurborgar. Áréttað var að ýmsar lykiltölur væru fyrirtækinu óhagstæðar á þeim tíma vegna mikillar lækkunar á gengi og hækkunar skulda. Þá var áréttað að fyrirhugað skuldabréfaútbod væri til að fjármagna mannaflsfrekar framkvæmdir Orkuveitunnar en ekki til rekstrar.

18.10 Þróun skulda árið 2010

Árið 2010 þurfti Orkuveita Reykjavíkur að fjármagna þær skuldbindingar sem til hafði verið stofnað vegna framkvæmda við Hellsisheiðarvirkjun. Einu nýju lánin sem til var stofnað á árinu 2010 voru við innlenda aðila.

Þróun skulda Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2010, var sem hér greinir:

Þróun lána á árinu 2010	
Staða lána 1.1.2010	234.870
Ný langtímalán á árinu:	
- The social development Bank (CEB)	2.516
- European Investment Bank (EIB)	5.308
- BNP Paribas (áður Fortis)	7.042
- Landsbanki Íslands	9.977
Samtals ný langtímalán	24.843
Afborganir ársins	-22.130
Gengismunur	-15.174
Verðbætur	777
Ný lán v. sameiningar við HAB	1.175
Staða lána 31.12.2010	224.361

Eins og sjá má á yfirlitinu voru skuldir Orkuveitunnar í upphafi ársins 234.870 millj.kr. og 224.361 millj.kr. í árslok. Lántökur langtímalána námu 24.843 millj.kr. og gengismunur var jákvæður um 15.174 millj.kr. Skuldir samstæðunnar í árslok námu 225.192 millj.kr. Þar af voru 16.444 millj.kr. til greiðslu á næsta ári, eða 7% skuldanna, 67.834 millj.kr., eða 30% á næstu fjórum árum þar á eftir og 140.083 millj.kr., eða 63% til greiðslu síðar.

Í ársreikningi Orkuveitunnar vegna ársins 2010 kemur eftirfarandi fram um skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

„Í maí 2008 gerði fyrirtækið samning um kaup á búnaði til virkjanaf framkvæmda. Gert er ráð fyrir að búnaðurinn verði afhentur

2011 til 2014. Fjárhæðir samningsins og annarra samninga vegna framkvæmda við virkjanir, miðað við gengi á reikningsskiladegi, er 32,5 milljarðar kr. (31.12.2009: 41,0 milljarðar kr.). Auk þess hefur fyrirtækið gert innkaupa- og verksamninga vegna framkvæmda við framleiðslu- og dreifikerfi. Eftirstöðvar þessara samninga í árslok 2010 eru áætlaðir 1,8 milljarðar kr. (31.12.2009: 2,4 milljarðar kr.).⁶²¹

Einnig kom fram í skýringu um lausafjánhættu að:

„Orkuveitan átti í árslok handbært fé að fjárhæð um 2,3 milljarða kr. Orkuveitan átti einnig ónýttar lánsheimildir og opna lánalínu upp á samtals um 6,0 milljarða kr. Samtals átti Orkuveitan þannig tryggt lausafé í árslok upp á um 8,3 milljarða kr. Samsvarandi fjárhæð í lok árs 2009 nam um 16,7 milljörðum kr.“⁶²²

Handbært fé frá rekstri á árinu 2010 í samstæðu Orkuveitunnar nam 11.588 millj.kr. og greiðslur vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum námu 14.403 millj.kr.

Í skýrslu ytri endurskoðanda vegna ársins 2010 kemur eftirfarandi fram undir liðnum vaxtaberandi skuldir:

- „Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar nema 225.190 milljónum kr. í árslok 2010. Þar af eru vaxtaberandi skammtímaskuldir 17.274 milljónir kr. í árslok. Skuldir samstæðunnar eru að stærstum hluta í erlendum myntum, eða sem svara til 88% af heildinni.
- Gengi íslensku krónunnar styrktist um 11% á árinu 2010 sem hefur áhrif til lækkunar á erlendum skuldum samstæðunnar. Tekjufærður gengismunur ársins 2010 í rekstrarreikningi nam 15.079 milljónum kr. samanborið við gjaldfærslu að fjárhæð 12.085 milljónir kr. á árinu 2009. Gengismunur þessi er að langmestu leyti vegna vaxtaberandi skulda í erlendum gjaldmiðlum.
- Í skýringu nr. 22 í ársreikningi koma fram útarlegar upplýsingar um lánakjör vaxtaberandi skulda. Í skýringu nr. 25 í ársreikningi er gerð grein fyrir gjaldyrisáhættu og vaxtaáhættu samstæðunnar. Ljóst er að umtalsverð gengisáhætta er fólgin í því að hafa stærsta hluta lána í erlendri mynt. Röksemdir stjórnenda fyrir þeirri ákvörðun voru þær að vaxtastig lána í erlendum gjaldmiðlum hefur verið verulega lægra en innlendir vextir í sögulegu samhengi og hefur það hagræði verið vegið á móti gengisáhættunni.
- Þá er samstæðan með hluta tekna sinni í erlendri mynt sem kemur á móti gengisáhættu af greiddum afborgunum og vaxtakostnaði í sjóðstreymi samstæðunnar. Af því leiðir að þrátt fyrir að gengissveiflur erlendra gjaldmiðla geti haft umtalsverð áhrif á rekstur og eigið fé samstæðunnar, þá eru til staðar ákveðnar gengisvarnir á sjóðstreymi samstæðunnar. Hins vegar hafa gengissveiflur í erlendum lánnum samstæðunnar veruleg áhrif á rekstur og eigið fé á hverjum tíma.

Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum samstæðunnar. Samstæðan hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.⁶²³

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Fyrirtækið sjálft, fjármálastjóri og sérfærðingar voru með áætlanir fyrir erlenda lánaaðila til þess að sýna að fyrirtækið væri á viðunandi stað. Þessir bankar skoðuðu fyrirtækið, borgina og reksturinn. Borgarstjórn lagði alla áherslu á að hækka ekki gjaldskrár meðan það harðasta gengi yfir og þau skilaboð fengu þessir aðilar í formi þess að við vildum verja almenning. Aldrei kom neinn lánardrottinn og neitaði fyrirgreiðslu á grundvelli þess og þeir einu sem gerðu athugasemdir vegna þessarar afstöðu borgarinnar voru stjórnendur OR, sem vildu gjaldskrárhækkanir fyrir. Við vildum að fyrirtækið tæki frekar á sínum málum með hagræðingu og sölu eigna en vorum öll sammála um hækkanir í byrjun árs 2011 sem myndu þá dreifast á næstu 3-5 ár. Við þetta gerðu lánardrottinn ekki athugasemdir eða sendu skilaboð um að þeir væru farnir að hafa raunverulegar áhyggjur að OR sé ekki að fara að borga af lánunum sínum, enda þekkja þeir vel traustan tekjuginn fyrirtækisins og þann bakhljar sem sveitarfélögin eru.“

621 Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2010.

622 Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2010.

623 KPMG endurskoðunarskýrsla: Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2010.

Einungis ein ný lántaka var lögð fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til samþykktar á árinu 2010. Var það lánasamningur við innlendan banka, hinn nýja Landsbanka Íslands, sem hér segir:

**Yfirlit yfir skuldbindingar sem bornar voru undir
stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2010**

	dags.		Fjárhæð
Lánasamningur við Landsbanka Íslands	12.febr	ISK	5.000.000.000

Framangreind lántaka var samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 12. febrúar 2010, en stjórnarmennirnir Þorleifur Gunnlaugsson og Sigrún Elsa Smáradóttir sátu hjá við afgreiðslu málsins. Fyrir fundinum lá erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 8. febrúar 2010 þar sem óskað var eftir heimild til að ganga til samninga við Landsbanka Íslands um 5 milljarða króna lántöku, verðtryggða til 15 ára með jöfnum afborgunum og breytilegum grunnvöxtum. Í umsögn Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna umfjöllunar eiganda á lántökunni kom fram að lántakan væri liður í að endurfjármagna framkvæmdir sem þegar hefðu átt sér stað og voru á óhagstæðum skammtímakjörum. Upphaflega hafi áætlun Orkuveitu Reykjavíkur verið sú að fjármagna endurgreiðslu lánsins með skuldabréfaútboði á síðari hluta ársins 2009 en með útboðinu hafi aðeins tekist að afla helmings þess fjár sem að hafði verið stefnt og því hafi verið samið við Landsbankann um þessa tilteknu endurfjármögnun. Fram kom í umsögninni að þetta sýndi í hnotskurn þá erfiðleika sem innlendir rekstur byggir við um þessar mundir um aðgengi að lánsfé.⁶²⁴

Í skýrslu Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar til borgarráðs vegna framlagningar sex mánaða uppgjors Reykjavíkurborgar 2010 var fram haldið umfjöllun um slæma skuldastöðu Orkuveitunnar. Kom fram auk áframhaldandi umfjöllunar um óhagstæðar lykiltölur, að fyrirtækið hafi ekki náð að tryggja langtímafjármögnun fyrir helmingi Hellsisheðavirkjunar og að fyrirtækið hafi þurft að reiða sig á dýra skammtímafjármögnun út árið. Einnig kemur fram að Fjármálaskrifstofa myndi á næstu misserum fylgjast náið með fjármögnunaráhættu Orkuveitunnar og að fyrir lægi það verkefni að fjármagna fjárfestingar næsta árs auk endurfjármögnunar lána. Ítrekuð var ábending um verkefnafjármögnun sem mögulegan valkost. Umræða um markaðsáhættu vegna gengissveiflna hélt áfram og var það mat Fjármálaskrifstofu að innlend fjármögnun gæti reynst ákjósanlegur kostur vegna lækkandi vaxta á innlendum fjármagnsmörkuðum, væntinga um hækkunir á vaxtaálagi Orkuveitunnar og hækkandi vöxtum á erlendum mörkuðum. Fjármálaskrifstofa taldi samt vert að því væri gefinn gaumur að með því að fara í innlenda fjármögnun væri verið að læsa inni mögulegt gengistap⁶²⁵

Í skýrslu Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna framlagningar níu mánaða uppgjors Reykjavíkurborgar hélt umræða um slæma skuldastöðu og óhagstæðar lykiltölur áfram og var rætt um að þungar uppgreiðslur og afborganir væru framundan á árinu 2011.⁶²⁶ Í skýrslu Fjármálaskrifstofunnar vegna framlagningar ársreiknings Reykjavíkurborgar vegna ársins 2010 kom síðan eftirfarandi fram:

624 Umsögn Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 23. febrúar 2010.

625 Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu sex mánaða uppgjors Reykjavíkurborgar, dags. 22. september 2010. Bls. 29.

626 Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu níu mánaða uppgjors Reykjavíkurborgar, dags. 7. desember 2010. Bls. 28.

„Frá árinu 2008 hefur fjármögnun fyrirtækisins verið erfið. Stjórn OR greip til víðtækra ráðstafana í ágúst 2010 sem fólu í sér rekstrarhagræðingu, þ. á m. uppsagnir starfsmanna, gjaldskrárhækkanir og áform um eignasölur. Markmiðið var einkum að bæta almennt rekstrarhæfi fyrirtækisins í því skyni að auka möguleika á nýjum lánnum. Það var mat Fjármálaskrifstofu að þessar ráðstafanir myndu hafa jákvæð áhrif á rekstrarhæfi til lengri tíma lítið en að þær myndu ekki einar og sér tryggja fjármögnun OR til næstu 24 mánaða þannig að OR yrði áfram algjörlega háð öflun lánsfjár. Dregið var í efa að aðgerðirnar myndu nægja til að endurheimta það láns hæfi sem myndi duga til að tryggja fyrirtækinu lán.⁶²⁷

Einnig kom fram í sömu skýrslu að:

„Áhættustýringarhópur upplýsti borgarráð 23. sept. 2010, 7. des 2010 og 13. jan. 2011 um stöðu fjármögnunarmála og benti á vaxandi vanda vegna óleystrar fjárþarfar í fyrirtækinu. Í minnisblaði frá 13. jan. 2011 er bent á að óleyst fjárþörf innan ársins 2011 væri 11-12 milljarðar og í apríl 2011 um 2 milljarðar. Kallað var eftir ákvörðum borgarráðs um að hefja undirbúning á aðgerðaráætlun eigenda sem fæli í sér lækkingu rekstrarkostnaðar, minni framkvæmdir, sölu eigna og/eda lán eða eiginfjárframlög eigenda. Í byrjun mars 2011 kom endanleg höfnun NIB á lánveitingu og eigendur og OR hófu kefisbundna vinnu að aðgerðaráætlun sem hafði það að markmiði að tryggja rekstrarhæfi OR án þess að treysta á ytri fjármögnun lánastofnana. Óleyst fjárþörf OR samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun sem samþykkt var af stjórn þann 23. mars 2011 er áætluð 50 milljarðar króna á árunum 2011-2016 og það bil verður brúað með því að fresta nýfjárfestingum og viðhaldsverkefnum í veitukerfum, draga enn frekar úr rekstrarkostnaði, selja eignir sem tileyra ekki kjarnastarfseminni, hækka fráveitugjald og gjald fyrir heitt vatn, og fá vikjandi lán frá eigendum sínum, alls 12 milljarðar króna, sem þeir skipta á milli sín í samræmi við eignarhluti sína í fyrirtækinu.⁶²⁸

Í endurskoðunarskýrslu ytri endurskoðenda vegna ársins 2010 kemur eftirfarandi fram undir liðnum fjármögnun fyrirtækisins:

„Samkvæmt samþykktari fjárhagsáætlun samstæðunnar fyrir árið 2011 frá október 2010 er gert ráð fyrir fjárfestingu að fjárhæð 11.311 milljónir kr. Samstæðan er með 2.344 milljónir kr. í handbæru fé í ársbyrjun og auk þess gerir áætlun ráð fyrir að rekstur ársins 2011 muni skila handbæru fé að fjárhæð 14.949 milljónir kr. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir fjármögnunarþörf að fjárhæð 11.895 milljónir kr. á árinu 2011 til að standa undir áætlaðri fjárfestingu og afborgunum af lánnum. Þess ber að geta að á árinu 2010 var ráðist í umfangsmiklar hagræðingaradgerðir, uppsagnir starfsmanna og gjaldskrárhækkanir sem gert er ráð fyrir að skili umtalsverðum rekstrarbata á næstu árum. Orkuveitan hefur ekki gengið frá lánasamningum við erlenda banka á árinu 2010 og það sem af er ári 2011. Viðræður hafa staðið yfir undanfarna mánuði við NIB og CEB um fjármögnun 5. áfanga Hellsisheidarvirkjunar annars vegar

Sigrún Elsa Smáradóttir: „Þetta var mjög erfið staða og mér sýnist margt hafa verið vel gert við að treysta rekstrargrundvöll fyrirtækisins á yfirstandandi kjörtímabili en hins vegar fannst mér það einkennileg ráðstöfun í upphafi kjörtímabilsins þegar menn höfðu þarna einhverja 6-9 mánuði, til að endurfjármagna OR, að taka inn nýjan forstjóra og segja beinlínis: „Þessi verður hér í 6 mánuði sem síðan verða að 9 og hann má alls ekki sækja um starfið til framtíðar.“ Ég meina, hvaða umboð hefur slíkur forstjóri gagnvart erlendum lánveitendum og öðrum viðsemjendum. Ekki mikið held ég.“

Dagur B. Eggertsson: „Afnaitun Hönnu Birnu og borgarstjórnarmeirihlutans nær ákveðnu hámarki þegar ársreikningurinn fyrir 2009 er lagður fram vorið 2010, þar sem öll þessi varúðarmerki eru og við [Samfylkingin] settum fram aðgerðaráætlun í sjö liðum, sem síðan varð að grípa til, því miður og fleiru til. Bókun meirihlutans þá hefst með orðunum: „Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2009 færir Reykjavíkum mikil og góð tíðindi.“ Og svo var gagnrýni okkar og áhyggjum öllum vísað á bug.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Ef samið hefði verið fyrir um ákveðin lán, betri kjör og betri dreifing á greiðslum tryggð þá hefði fyrirtækið fengið meira út úr því en að hækka allar gjaldskrár á almenning með jafni ósanngjörnum hætti og gert var eftir kosningar. Þetta er staðfest víða í gögnum. Ég var sem borgarstjóri upplýst um það hvað var búið að tala um við lánadrottna, hver væri staðan, hvernig horfirnar væru og í árslytauppgjöri OR frá maí 2010, þá segir fjármálastjóri Reykjavíkurborgar t.d.: „að fjárhagslegur styrkur og greiðsluhæfi Reykjavíkurborgar hefur þannig vaxið verulega á þessu ári sem er mikið ánægjuefni, ástæða þessa rekstrarbata má einkum rekja til hækkingar gengis, hækkingar álverðs, lækkingar vaxta fyrirtækisins vegna endurfjármögnunar á skammtímalánum og aðhalds í rekstrarútgjöldum, þessu ber að fagna sérstaklega.“ Þetta er álit fjármálastjóra rétt fyrir kosningar sem lagt var fram í borgarráði.“

627 Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar, dags. 14. maí 2011, bls. Bls. 41-42.

628 Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar, dags. 14. maí 2011. Bls. 41-42.

Helgi Þór Ingason: „Ég færi til bókar hjá mér að 31. ágúst 2010 hittu ég hann fyrst. Ég skrifa: „Viðar Omholt frá NIB er í heimsókn. Farið er yfir yfirstandandi aðgerðir og ákvarðanir stjórnar með honum.“ Hann er sem sagt fulltrúi NIB sem sá um Ísland. „Fyrsta lánveiting verður rædd og hugsanlega afgreidd á næsta stjórnarfundum 16. september.“ Hann sagði ekki sjálfur hvaða lánveiting það var. Við vissum það náttúrulega og það vissu það allir. „Ef það gangi eftir megri ræða ... geti stjórnin rætt um næstu lánveitingu til Íslands. Og það gæti verið Orkuveitan.““

Guðlaugur G. Sverrisson: „Þetta kemur í ljós, að Norræni fjárfestingabankinn ætlar þá að koma og taka þessa 15 milljarða sem upp á vantar í Hellið og jafnvel 15 milljarða inn í Hverahlöðina þar sem EIB var kominn með hinn helminginn. Það sem gerist svo eftir kosningar er, að þeir segja: „Við afgreidum þetta með vorinu, þetta verður bara þannig, þetta fer fyrir stjórn og svo afgreidum við þetta með vorinu.“ Það dregst eitthvað. En þegar að, og þetta hef ég bara eftir fjármálastjóra Orkuveitunnar háverandi, að þegar núverandi borgarstjóri lýsir því yfir að Orkuveita Reykjavíkur sé komin á hausinn, þá bara tala þeir ekki við okkur meira. Enda kannski skiljanlegt ef ég segi við NIB, eða þeir bara fá þá tilkynningu frá eigandanum að Orkuveitan sé á sé á hausnum. Ég efast um að nokkur maður hefði komið nokkru einasta láni í gegn neins staðar með þessa yfirlýsingu. Og þar með deyr þessi fjármögnun.“

og fráveituframkvæmda hins vegar. Þessar viðræður hafa ekki skilað niðurstöðu. Unnið hefur verið að því að auka heimildir innlendrar lánalína og þá hefur legið fyrir yfirlýsing Reykjavíkurborgar frá miðju ári 2010, um að viðhaldið verði lágmarkslausaffjárstöðu 10 - 12 milljörðum kr. vegna Orkuveitunnar og gerir þriggja ára áætlun borgarinnar ráð fyrir að þeirri stöðu verði viðhaldið. Samkomulag við eigendur um fjárhagslega aðkomu. Í mars 2011 var gengið frá samkomulagi við eigendur um fjárhagslega aðkomu að rekstri samstæðunnar sem felur m.a. í sér að eigendur veita fyrirtækinu víkjandi lán samtals að fjárhæð 12 milljarðar kr. Þar af eru 8 milljarðar kr. á árinu 2011 og 4 milljarðar kr. árinu 2013. Lánveitingin er hluti af aðgerðaáætlun sem felur í sér að styrkja fjárhagsstöðu samstæðunnar til næstu ára og gera henni kleift að standa við skuldbindingar sínar án frekari aðkomu lánardrottna til ársloka 2016. Eingöngu er fyrirhugað að þær rekstrarlánalínur sem samstæðan hefur aðgang að verði notaðar til að mæta markaðsáhættu og öðrum ófyrirséðum atburðum. Samhlíða þessum aðgerðum mun samstæðan fresta tilteknum nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum, hækka gjaldskrár og setja viðbótarhagræðingarkröfu á rekstur samstæðunnar. Þá er jafnframt gert ráð fyrir umtalsverðri eignasölu á næstu árum. Ljóst er að framangreindar aðgerðir eru til þess fallnar til að styrkja fjárhagsstöðu samstæðunnar til næstu ára. Orkuveita Reykjavíkur hefur notið ábyrgðar eigenda sinna og hefur Reykjavíkurborg m.a. í því skyni viðhaldið lágmarkslausaffjárstöðu undanfarin misseri til að geta stutt við samstæðuna ef þörf væri á. Við viljum þó benda á mikilvægi þess að gætt verði að því að frestanir á viðhaldsframkvæmdum komi ekki niður á rekstraröryggi samstæðunnar og valdi ekki hættu á verulegu tjóni vegna þess.

Niðurstæða

Í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga sem lýst er í stórum dráttum hér að ofan verður ekki annað séð en greiðsluhæfi og þar með rekstrarhæfi samstæðunnar sé tryggð a.m.k. til ársloka 2011. Teljum við því ekki ástæðu til að gera fyrirvara í áritun okkar um þessi atriði.⁶²⁹

Eins og sjá má á ofanrituðu komu eigendur að fjármögnun fyrirtækisins á árinu 2011, þar sem ljóst var að fjármögnun fengist ekki frá þeim aðilum sem viðræður voru búnað að eiga sér stað við. Í viðtölum úttektaarnefndarinnar kom fram að ýmislegt hafi valdið því að fjármögnun fékkst ekki þegar á þurfti að halda. Viðmælendur úttektaarnefndarinnar töldu veigamesta þáttinn hrun íslenska fjármálakerfisins en að einnig hafi skipt máli að lykilaðila hjá mótaðilanum naut ekki lengur við sem hafði verið hlynntur áframhaldandi lánveitingum til Orkuveitunnar.

Einnig kom fram í viðtölum að stefnubreyting hafi orðið hjá CEB þar sem tekin var sú ákvörðun að lána ekki frekar til fjárfestinga sem myndu nýtast til stóriðju. Í minnisblaði frá Önnu Skúladóttur til Hjörleifs B. Kvaran dags. 16. febrúar 2010 um áhættumatsáætlun Reykjavíkurborgar koma einnig fram aðrir þættir sem höfðu áhrif á viðræður við lánardrottna en þar segir meðal annars:

„Það er tvennt sem lánardrottinn eiga eftir með að skilja í rekstri Orkuveitunnar við þær aðstæður sem nú blasa við. Það er:
Ardgreiðslustefna eigenda
Gjaldskrárstefna

Orkuveitan getur ekki sótt nauðsynlegt lánsfé til fjárfestinga og endurfjármögnunar nema að handbært fé frá rekstri hækki. Gjaldskrár þjónusta Orkuveitunnar verða að þróast með eðlilegum hætti annars eru endurfjármögnunarmöguleikar fyrirtækisins settir í uppnám.“

Dá hafa sumir viðmælendur úttektarnefndarinnar bent á að það kunni að hafa haft áhrif að eigendur Orkuveitunnar hafi ekki talað máli fyrirtækisins og hafa m.a. annars vísað til færslu sem borgarstjóri færði á Facebook síðu sína í október 2010. Færsla borgarstjóra fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum. Meðal annars kom fram að:

„Ummæli Jóns Gnarr borgarstjóra um bága fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur eru talin koma í veg fyrir milljarða endurfjármögnun fyrirtækisins. Hann lýsti því yfir á Facebook-svæði sínu að fyrirtækið væri á hausnum. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 þar sem segir að samningaumleitan Orkuveitunnar, OR, við hóp helstu lánveitenda sinna um endurfjármögnun milljarða lána ganga illa. Ummæli Jóns borgarstjóra eru sögð ekki hjálpa til í heim efnum en auk hans hafa aðrir stjórnendur Orkuveitunnar tjáð sig um erfiða fjárhagsstöðu OR. OR hefur leitast eftir því að endurfjármagna lán sín en stærstu lánveitendurnir eru erlendir bankar og innlendar stofnanir. Talið er að lánveitendur fylgist vel með allri fjölmiðlaumfjöllun um fyrirtækið og því gætu orð borgarstjórans um að OR sé á hausnum haft fælandi áhrif á frekari lán. Ef marka má fréttastofu Stöðvar 2 fengu erlendir lánveitendur þýðingu á ummælum Jóns. Sökum tregðu lánveitenda ræða forsvarsmenn OR nú aðrar leiðir til endurfjármögnunar, meðal annars sölu eigna, frestun framkvæmda og hækkun gjaldskrár. Tíðinda er að vænta frá Orkuveitu Reykjavíkur á næstu dögum og samkvæmt heimildum DV er það nú rætt af mikilli alvöru innan eigendahóps og stjórnar að hækka gjaldskrár umtalsvert aðeins fimm mánuðum eftir síðustu hækkun.“⁶³⁰

Aðspurðir töldu viðmælendur almennt að þessi ummæli borgarstjóra hefðu ekki skipt sköpum, en að þau hefðu „allavega ekki hjálpað til“ við að afla fyrirtækinu þess nauðsynlega lánsfjár sem það þurfti á að halda við fjármögnun framkvæmda þess. Í minnisblaði áhættustýringarhóps Reykjavíkurborgar af fundi með Norræna fjárfestingarbankanum þann 3. mars 2011 segir svo um samskipti við lánveitandann:

„NIB fór yfir þær áhyggjur sem þeir hafa haft af stöðu OR um nokkurt skeið og sérstaklega eftir fundi með OR í nóvember 2010. Þeir lýstu yfir ánægju með þær aðgerðir sem OR greip til í ágúst 2010 varðandi hagræðingu í rekstri, gjaldskrárhækkunir og annað, sem hafði verið mikilvæg skref í því að auka rekstrarhæfi fyrirtækisins. Þeir töldu sig þó fyrir þessa heimsókn til Íslands enn ekki séð hvernig fyrirtækið eða eigendur þess hafi ætlað sér að takast á við þann fjármögnunarfanda sem OR stendur frammi fyrir. NIB telur ljóst að fjármagnsþörf OR vegna fjárfestinga og endurfjármögnunar á næstu árum sé gríðarleg. Mikilvægt væri að fá upplýst um hvernig væri verið að takast á við þann vanda.“⁶³¹

630 Vísir: „Ummæli talin skaða fjármögnun Orkuveitunnar.“ 27. mars 2011.

631 Áhættustýringarhópur Reykjavíkurborgar: Minnisblaði áhættustýringarhóps nr. 5. Fundur með Norræna fjárfestingarbankanum 3. mars 2011.

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Líkt og allir vita sem stóðu í viðskiptum fyrir íslensk fyrirtæki á þessum tíma, vitum við að mörg lánafyrirtæki biðu bara eftir afsökum til þess að segja við íslensk fyrirtæki og jafnvel íslenskt samfélag „við höfum gefist upp á ykkur“ og nú skuluð þið bara hjarga ykkur sjálf. Það var því mjög mikilvægt að sýna með fagmennsku, áætlunum, aðgerðum og alvöru að við myndum standa við okkar hlut. Og þannig var það fram til seinni hluta árs 2010, þegar nýr meirihluti ákveður að blása í pólitíska lúðra, gefast upp fyrir viðfangsefnum og skella alltof miklum hækkunum á almenning. Til að réttlæta það var því haldið fram að annars færi fyrirtækið á hausinn. Og það var eins og við manninn mælt að um áramótin 2010 er lokað á okkur hjá lánastofnum sem auðvitað ætluðu ekki að ábyrgjast fyrirtæki þar sem fulltrúar eigenda segja fyrirtækið „á hausnum“ líkt og borgarstjóri orðaði það.“

Helgi Þór Ingason: „Þetta er svona súrrealískt þegar maður horfir til baka að vera hér með fyrirtæki sem að skuldar þessar gríðarlegu upphæðir og þetta er veitufyrirtæki sem veitir þjónustu við rúmlega 75% landsmanna og allt á að standa og falla með einu láni frá NIB.“

Guðlaugur G. Sverrisson: „CEB er þróunarbanki í Evrópu. Eftir því sem fjármálastjóri segir við mig, þá muni þeir standa við þetta, en að „við þurfum bara aðeins að sjá hvernig ástandið á Íslandi geri sig.“ Á meðan erum við að fjármagna okkur á dýrari lánnum, en við förum ekki af stað með framkvæmdirnar fyrr en í mars, af því að við erum búin að fá í raun staðfestingu gegn því að fá „letter of comfort“ frá öðrum aðilanum, þá erum við komin með helmings fjármögnun og hin á að koma um leið og þeir eru búin að samþykka þetta. Þá fáum við skilaboð einhvern tíman frá CEB að þetta hafi verið tekið fyrir á fundi, þessi lánveiting til Íslands, og þar segir: „Jú, við stöndum alveg við það að við ætlum að lána til virkjunar endurnýjanlegra orku á Íslandi en hún má bara ekki fara til stóriðju.“


Jón Gnarr: „Ég sagði nú reyndar ekki að Orkuveitan væri gjaldþrota. Ég sagði, „Orkuveitan er á hausnum, hvað á maður að gera?“ eitthvað svo-leiðis. Hérna er í Morgunblaðinu 1. október 2010 í Staksteinum: „Jón Gnarr Kristinnsson, borgarstjóri, heldur úti vefsíðu á Facebook. Á dögnum skrifar hann, Orkuveitan er á hausnum. Borgin stendur illa og tekjur hennar hafa dregist saman. Hvað á að gera? Skera niður? Hækka gjöld? Hagraða? Hvar og hvernig?“ Þannig að þetta hefur verið þarna þá í september einhvern tímam.“

Haraldur Flosi Tryggvason: „Það er stórt í munn tekið að segja í gjaldþrot, en í öllu falli þá lausafjárskorturinn, hann var mjög fyrirsjáanlegur.“

18.11 Greiðslubyrði Orkuveitu Reykjavíkur á næstu árum

Í áfangaskýrslu H.F. Verðbréfa og Orkuveitu Reykjavíkur sem gefin var út í janúar 2011 er unnin greining á handbæru fé til greiðslu vaxta og afborgana sem byggð er á fjárhagsáætlunum Orkuveitunnar. Þar kemur fram sú niðurstaða að handbært fé muni ekki samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum duga fyrir greiðslu vaxta og afborgana fyrr en á árinu 2021.⁶³² Innri endurskoðandi Orkuveitunnar kemst að sömu niðurstöðu í endurskoðun á skuldastýringu Orkuveitu Reykjavíkur í skýrslu sem gefin var út í mars 2010.


Um viðamikla skýrslu er að ræða sem fjallar um ýmsa þætti skuldastýringar fyrirtækisins. Ein af niðurstöðunum sem staðfest er í skýrslunni er athugasemd við lengd lánstíma miðað við endurgreiðslutíma undirliggjandi eigna. Við skoðun á því hvort endurgreiðslutími lána hafi verið í samræmi við stefnu Orkuveitunnar, sem er sú að við ákvörðun um lengd lána og fjölda gjalddaga eigi að horfa til endurgreiðslutíma undirliggjandi eigna, notaði innri endurskoðandi tvær matsaðferðir, aðra að horfa til lánstíma í árum eftir lánstíma og hina með því að skoða endurfjármögnunarþörf í langtímaáætlun.⁶³³



Eins og að ofan sagði er fyrri aðferð innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur við mat á lánstíma að skoða lánstíma án tillits til raunverulegs endurgreiðslutíma. Eins sést á myndinni sem tekin er úr skýrslu innri endurskoðanda eru 15% lánanna til 5 ára, 9% til 15 ára og 48% til 20 ára.

632 Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. verðbréfa, dags. 28. janúar 2011. Bls. 9.

633 Endurskoðun, innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur: Skuldastýring OR. Reykjavík mars 2010. Bls. 23.



Seinni aðferðin var skoðun á endurfjármögnunarþörf og kemur niðurstaða hennar fram á myndinni hér að ofan sem einnig er fengin úr skýrslu innri endurskoðanda. Á henni sést að um gríðarlega endurfjármögnunarþörf er að ræða á árunum 2011 og 2013. Eins og áður sagði gerir innri endurskoðandi athugasemd við lengd lánstíma miðað við endurgreiðslutíma Orkuveitunnar og kemur fram að fyrirtækið búi við talsverða áhættu um endurfjármögnun lána á næstu árum og í skýrslunni kemur fram að:

„Vegna núverandi stöðu þarf að grípa til aðgerða sem fyrst. Stjórn OR verður að koma að þessu starfi og starfið verður að vinna í samstarfi hennar og forstjóra fyrirtækisins. Helstu verkefni eru:

1) Skuldastýring, skuldsetningarhlutfall, stjórnun áhættu og viðbrögð við henni eru eitt verkefnið. Mælt er með því að farið sé yfir áhættumat fyrirtækisins frá grunni. Setja þarf nýja mælikvarða og innleiða þarf virka skuldastýringu sem snýr að því að bregðast við þegar aðstæður breytast. Mælt með því að á ákveðnu stigi komi óháðir aðilar að þessari vinnu og meti framsetta tillögur. Bent er á að nauðsynlegt er að fá fleiri aðila að þessari endurskoðun en nú koma að framkvæmd skuldastýringar OR, ekki vegna þess að núverandi aðilar séu vanhæfir til að sinna verkefninu heldur vegna þess að verkefnið er mjög flókið og miklir hagsmunir eru undir um að vel takist til.

2) Til að tryggja rekstrarhæfi OR til framtíðar verður að fara yfir tekjugrunn, rekstrargjöld og arðgreiðslur fyrirtækisins til næstu fimm ára. Mælt er með því að forstjóri leiði þetta starf og fari yfir og búi til áætlun um hvernig:

a) Breyta megi gjaldskrá OR þannig að hún taki t.d. mið af lágum vöxtum en jafnframt gengisáhættunni sem fyrirtækið býr við. Í þessu samhengi má benda á að gjaldskrárhækkunir á rafmagni og heitu vatni virðast ekki í samræmi við hækkun á tilkostnaði við að veita þessa þjónustu og eru alls ekki í samræmi við þá áhættu sem innbyggð er í lánasafn OR en á það er minnt að fjármagnskostnaður er einn kostnaðarliðurinn sem þarf að stofna til, til að veita þjónustu OR.

b) Skera megi niður kostnað í rekstri OR. Það er mat innri endurskoðanda OR, sem m.a. er byggt á fyrr skoðunum að hægt sé að skera niður kostnað hjá fyrirtækinu, án þess að þjónustan skerðist.

3) Eigendur og stjórn OR þurfa að fara yfir og búa til áætlun um með hvaða hætti styrkja megi eiginfjárlutfall fyrirtækisins á næstu árum.⁶³⁴

Í sömu skýrslu er einnig fjallað um ýmsa þætti skuldastýringar og eftirfarandi þáttum gefin einkunnin óviðunandi:

- „Val á áhættumælikvörðum vegna misvægi á skuldsetningu í erlendri mynt samanborið við tekjur í erlendri mynt
- Skráningu á ákvörðunum og rekjanleika til forsendu s.s. vali á vaxtaákvæðum
- Val á vaxtaákvæðum um breytilega eða fasta vexti
- Gerð greiðsluáætlana og gjaldeyrisjafnaðar
- Mat á upplýsingaáhættu”

Þeir þættir sem fá einkunnina mjög óviðunandi í skýrslunni eru:

- Stefna við lágmörkun fjármagnskostnaðar á kostnað óstöðugar afkomu
- Uppfærsla á álverðsbreytingum í sjóðstreymisáætlun
- Mat á eiginfjárahættu
- Skilgreining á áhættumælikvörðum
- Næmnigreiningar í áætlanagerð⁶³⁵

Fram kom í viðtölum úttektarnefndarinnar við innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur, að niðurstöður úttektarinnar höfðu verið ræddar óformlega við stjórnendur félagsins í kringum áramótin 2009/2010.

Við lestur á umfjölluninni hér að ofan þarf að hafa í huga að skammtíma-fjármögnunin sem Orkuveitan þurfti að fara í vegna skorts á langtímafjármögnun hefur veruleg áhrif á útreikningana. Í því sambandi þarf einnig að hafa í huga hversu langan tíma fyrirtækið er að greiða upp allar skuldir sínar með rekstrarafkomu fyrir vexti og skatta (EBITDA) sem fjallað var um í fjárhagslega yfirlitinu fyrr í skýrslunni. Þar kom fram að miðað við hlutfallið langtímaskuldir / EBITDA er hlutfallið 15,2 í árslok 2010 og var komið niður í 10 á árinu 2011.

18.12 Skuldir Orkuveitu Reykjavíkur og ábyrgð eigenda

Eigendur bera einfalda hlutfallslega ábyrgð á skuldum Orkuveitu Reykjavíkur, sem í árslok 2010 námu 224.361 millj.kr. Eigendur hafa því ríka hagsmuni af því að fylgjast með stöðu skulda fyrirtækisins, og að fá upplýsingar um þær skuldbindingar sem þeir ábyrgjast. Eins og rakið var að framan hefur fyrirkomulagi á ábyrgð eigenda á nýjum skuldbindingum verið breytt, með lögum nr. 144/2010.

Má í þessu samhengi benda á að þann 11. mars 2010 var lögð fram fyrirspurn af hálfu borgarfulltrúans Ólafs F. Magnússonar um lántökur Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem óskað var upplýsinga um hvenær skuldbindingar vegna Orkuveitunnar hefðu verið lagðar fyrir borgarráð og borgarstjórn sem og lántökur Orkuveitu Reykjavíkur á kjörtímabilinu, en jafnframt var óskað eftir svörum við því hvaða borgarfulltrúar hafi greitt atkvæði gegn

634 Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur: Skuldastýring OR. Reykjavík mars 2010.

635 Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur: Skuldastýring OR. Reykjavík mars 2010.

Þessum lántökum. Var erindi hans svarað þann 16. mars 2010, þar sem fram kom:

„Heimild borgarráðs og borgarstjórnar til lántöku OR á þessu kjörtímabili:

Borgarráð:

Dagsetning	Upphæð	Skipting atkvæða.
21. júní 2007	28 milljarðar	Samþykkt

Borgarstjórn:

3. október 2006	9 milljarðar	15 samhljóma atkvæði
5. desember 2006	4,5 milljarðar	15 samhljóma atkvæði
20. nóvember 2007	4,25 milljarðar	15 samhljóma atkvæði
4. desember 2007	5,7 milljarðar	15 samhljóma atkvæði
1. apríl 2008	12,1 milljarðar	15 samhljóma atkvæði
21. október 2008	25,6 milljarðar	15 samhljóma atkvæði
17. nóvember 2009	10 milljarðar	Samþykkt með 8 atkvæðum gegn 1 (ekki nafnakall)
2. mars 2010	5 milljarðar	Samþykkt með 8 atkvæðum, Ólafur F. Magnússon sagði nei, og 4 sátu hjá ⁶³⁶

Þegar nýjar lántökur voru sendar eigendum til kynningar, var væntanlegri lántöku lýst með almennum hætti og grein gerð fyrir fjárhæð láns, afborgunar- og vaxtakjörum og endurgreiðslutíma. Jafnframt var kynnt til hvers ætti að verja andvirði lánsins.

Í kjölfar bankahrunsins kom upp umræða meðal eigenda, hvort í lánasamningum fyrirtækisins kynnu að vera fyrirvarar eða gjaldfellingarheimildir vegna þess ástands sem upp var komið í íslensku efnahagslífi. Í viðtölum úttektnarnefndarinnar við fulltrúa eigenda kom fram að þeim hafði verið tjáð að slík gjaldfellingarákvæði væri ekki að finna í lánasamningum Orkuveitu Reykjavíkur, en í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem í húfi væru, hafi verið talið rétt að láta kanna þetta atriði sérstaklega. Var af þeim sökum ákveðið af hálfu Reykjavíkurborgar að kalla eftir lögfræðilegu áliti þar sem þetta atriði var tekið til sérstakrar skoðunar. Niðurstaða skoðunar sem fram fór af hálfu BBA Legal var sú að í samningum Orkuveitu Reykjavíkur væri að finna gjaldfellingarákvæði, og voru þau rakin í áliti lögmannsstofunnar. Um gjaldfellingarákvæði í lánasamningum Orkuveitunnar verður fjallað um í kafla um áhættustýringu.

Svo virðist sem framangreind skoðun hafi leitt til þess að framkvæmdastjóri fjármála Orkuveitu Reykjavíkur hafi kallað eftir lögfræðilíti fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur um gjaldfellingarákvæði lánasamninga Orkuveitu Reykjavíkur. Í áliti LEX lögmannsstofu frá 20. september 2010, sem kynnt var stjórn fyrirtækisins, kom fram að allir helstu lánasamningar Orkuveitunnar hefðu að geyma svokölluð CP ákvæði þar sem lánveitandi hafi heimild til að fá upplýsingar um stöðu fyrirtækisins og staðfestingu á því að rétt hafi verið staðið að viðkomandi lántöku. Fram kom í álitinu að þekking á innviðum, rekstri, stjórn og tengsl við framkvæmdastjórn auk vitneskju um ábyrgðir eigenda á skuldum fyrirtækisins og viðskiptasögu þess, hafi leitt til trausts lánveitenda á lánveitingum til fyrirtækisins, jafnvel eftir hrun. Þetta traust lánveitenda hafi einnig komið fram í því að þeir hafi látið yfirlýsingar Orkuveitu Reykjavíkur í samningum um bann við

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Auðvitað var ítrekað farið yfir öll þessi mál, bæði með stjórnendum OR og borgarinnar. Þau tæpu tvö ár sem ég var borgarstjóri eru undirlögð vinnu vegna fjármála, eðlilega. Öll vinna við fjárhagsáætlun, aðgerðaráætlun, ársreikninga og aðrar skuldbindingar borgarinnar fjalla um þessa stöðu og ég var og er algjörlega sannfærð um að á þeim tíma gerði stjórn OR, borgarráð og borgarstjórn allt sem í þeirra valdi stóð og tryggðu að fyrirtækin komust í gegnum þessa erfiðleika. Að auki var í gangi þverpólitískur aðgerðarhópur allrar borgarstjórnar þar sem þessi mál voru ítrekað yfirfarin og stöðug vöktun af hálfu fjármálastjóra borgarinnar og hans fólks. Þetta er til viðbótar vinnu stjórnenda fyrirtækisins og að auki settum við um leið og ljóst var að gengismálin myndu ekki leysast og lánin væru varanlega orðin tvöfalt hærri en þau voru, í gang áhættumat svo tryggt væri að borgin gæti ábyrgst frekari áföll ef þau yrðu. Ég veit alveg að stjórnendum fyrirtækisins fannst borgarstjórn og ég sem borgarstjóri ganga full langt í afskiptum af „þeirra málum“ en ég var mjög skýr í því við þessa aðila að þetta væru „okkar mál“ og við yrðum að ganga fram með þessum hætti, samhliða því að krefjast meira aðhalds og ábyrgðar í rekstri OR.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Stjórnendur fyrirtækisins sögðu að það væri ekki hægt að gjaldfella lán fyrirtækisins en fjármálastjóri borgarinnar var ekki jafn sannfærður. Þannig að við ákváðum að skoða það frekar og fá til þess sérstaka fagaðila. Í ljós kemur að það er hægt að gjaldfella út frá almennum gjaldfellingarákvæðum. Þannig að það hefði getað gerst að okkar lánardrottinn hefðu einfaldlega sagt: „Ísland er á erfiðum stað, við höfum ekki trú á að þetta gangi“ og með þeim rökum hefði einn getað gjaldfellt sem auðvitað hefði haft áhrif á aðra og getað gert stöðuna mun erfiðari. En það voru mjög litlar líkur á því. Við vorum í mjög miklum samskiptum og sambandi við lánardrottina, þeim var haldið vel upplýstum, vissu að við værum í aðgerðum, þekktu vel til sögu og stöðu fyrirtækisins sem alltaf hefur staðið í skilum og nýtur trausts og stöðugs tekjustraums.“

636 Svar við fyrirspurn Ólafs F. Magnússonar, dags. 16. mars 2010.

veðsetningu (negative-pledge ákvæði) og samhliða rétt lánveitenda (pari-passu ákvæði) nægja og því hafi efndir lánasamninga ekki verið tryggðar með veði í eignum Orkuveitu Reykjavíkur.

Í lögfræðiálitinu kom jafnframt fram að:

„Ákvæði lánasamninga OR um heimild til gjaldfellingar gera grein fyrir því hvaða vanefndir lántakans geti virkjað gjaldfellingu. Þar þar hæst vanefndir lántakans sem felast í því að greiðslur eru ekki inntar af hendi á réttum tíma til lánveitanda. Fleiri dæmi eru tekin um atriði sem geta veitt lánveitanda rétt til gjaldfellingar, svo sem greiðslufall annarra stórra fjárskuldbindinga lántakans sem þá teldust staðfesta skerta greiðslugetu hans. OR getur í öllum þessum tilvikum komið í veg fyrir að vanefndir af þessu tagi komi upp. Finna má í samningunum ákvæði um vanefndatilvik sem að einhverju leyti eru háð mati. Beiting slíkra ákvæða er heimil að uppfylltum þeim skilyrðum að henni sé aðeins beitt þannig að viðkomandi lánastofnun „acts reasonably and in good faith and without abuse of its rights“ svo vitnað sé til tilvitnunar í erlendan sérfræðing um slík tilvik. Sömu heimildir gera grein fyrir því að séu þessar takmarkanir ekki virtar af hálfu lánveitanda séu þær ógildanlegar, þ.e. beiting gjaldfellingar yrði dæmd ógild. Þess eru dæmi erlendis frá að lánastofnanir reyni beitingu gjaldfellingar vegna eigin efiðleika og eða af ómálefnalegum ástæðum eða tilbúnum forsendur. Þær lánastofnanir sem veitt hafa OR lán eru ekki í þeim flokki lánastofnana.“⁶³⁷

Var síðan komist að þeirri niðurstöðu að:

„Vanefndaúrræði lánveitenda í öllum framangreindum lánasamningum, þ. á m. gjaldfellingarákvæði samninganna, eru að okkar mati í öllum tilvikum með venjubundnum og eðlilegum hætti miðað við almenna erlenda lánaskilmála og erlenda lánastaðla um lánafyrirgreiðslu af því tagi sem hér um ræðir og gefur tilvist þeirra ákvæða í samningunum ekki tilefni til sérstakra athugasemda eða aðgerða annarra en þeirra að OR standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningunum. Það er álit undirritaðs að lánveitingar á erlendum lánamörkuðum séu ekki mögulegar ef lántakar vilja ekki una almennt viðurkenndum lánaskilmálum. Gjaldfellingarákvæði framangreindra lánasamninga eru öll af því tagi. Umrædd lán OR hefðu ekki fengist ef þeim lánaskilmálum hefði verið hafnað.“⁶³⁸

Samkvæmt því sem rakið hefur verið hér að framan, er ljóst að í lánasamningum Orkuveitu Reykjavíkur er að finna nokkuð hefðbundin gjaldfellingarákvæði, þar á meðal eru dæmi þess að vanskil á einu láni geti komið af stað gjaldfellingu annarra lána fyrirtækisins. Þótt rétt sé, eins og fram kom í framangreindu lögfræðiálitinu, að Orkuveita Reykjavíkur ætti að geta hagað fjármálum sínum með þeim hætti að ekki reyndi á slíkt gjaldfellingarákvæði, er ljóst að í því felst aukin áhætta fyrir fyrirtækið. Ekki verður séð að þessari áhættu hafi verið gerð nægileg skil, hvorki af eigendum né fyrirtækinu sjálfu, og nægir að benda á að þetta atriði virðist ekki hafa verið metið af eigendum fyrir en eftir að fyrirtækið komst í lausafjávanda í kjölfar bankahrunsins.

637 LEX lögmannsstofa: Lögfræðiálit, dags. 20. september 2010.

638 LEX lögmannsstofa: Lögfræðiálit, dags. 20. september 2010.

18.13 Ályktanir og niðurstöður

Hér að framan hefur verið fjallað um þróun skulda hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Eins og komið hefur fram námu skuldirnar í upphafi árs 2002 17.729 millj.kr. og 224.361 millj.kr. í lok árs 2010 og hafa því hækkað um 206.632 millj.kr. á tímabilinu. Hækkunin skýrist annars vegar af miklum lántökum sem áttu sér stað og námu um 210.048 millj.kr. á verðlagi hvers árs sem eru 255.016 millj.kr. á árslokaverðlagi ársins 2010 og hins vegar af gríðarlegu gengistapi í kjölfar efnahagshrunsins sem olli því að skuldir Orkuveitunnar nánast tvöfölduðust. Fall íslensku krónunnar er án efa stærsta einstaka ástæðan fyrir núverandi fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Gengistap ársins 2008 nam 88.462 millj.kr. og uppsafnað gengistap á tímabilinu nemur 83.689 millj.kr. á verðlagi hvers árs sem gerir 100.866. millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010.

Eins og komið hefur fram var tímabilið sem fjallað er um mesta fjárfestingatímabil í sögu Orkuveitunnar og því var um stöðugar lántökur að ræða til að fjármagna fjárfestingarnar og voru endurgreiðslur lána ekki áætlaðar í náninni framtíð.

Hins vegar dugir ekki að horfa einungis til aukningar skulda á tímabilinu, án samhengis við þær ákvarðanir um fjárfestingar og kaup, sem teknar voru í fyrirtækinu m.a. ákvarðanir um kaup hlutabréfa, kaup jaðarveitna og umfangsmiklar virkjunarframkvæmdir. Oft var um það að ræða að búið var að taka ákvörðun um fjárfestingu löngu fyrr, því þurfti að fjármagna hana með einum eða öðrum hætti og fjármagnið var þá oftast tekið að láni. Hér er því um samfellu að ræða, sem erfitt er að greina upp í tímabil, þótt samhengisins vegna hafi verið gerð grein fyrir ákvörðunum einstakra ára hér að framan. Nægir til að mynda að benda á að sum lánanna komu til útborgunar á nokkrum árum eftir lántöku og falla þá undir liðinn ný lán á viðkomandi ári, þótt sjálfur lánasamningurinn hafi verið gerður einu eða jafnvel tveimur árum fyrr.

Sú skýring sem haldið hefur verið fram að fyrirtækið hafi fjármagnað fjárfestingar sínar með dýrum skammtímalánum, einkum eftir 2006, er því ekki svo einföld. Eins og rakið hefur verið hér að framan þurfti fyrirtækið að fjármagna sig með skammtímalánum, einkum á árunum 2009 og 2010. Það var þó vegna þeirrar stöðu sem framkvæmdir fyrirtækisins voru komnar í og þeirrar nauðsynjar sem upp var komin um að ljúka fjárfestingum m.a. vegna þeirra skuldbindinga sem höfðu verið gerðar í raforkusölusamningum fyrirtækisins til stóriðju, en á þeim tíma voru lánamarkaðir lokaðir.

Einnig var um að ræða stórfelldar úttektir eigenda sem hægt er að færa rök fyrir að hafi verið fjármagnaðar með lántökum. Lántökur til virkjunarframkvæmda virðast almennt hafa verið til langs tíma, eða um 20 ára, en einnig er um að ræða að ráðist var í fjárfestingar í öðru en virkjunum án þess að huga að fjármögnun og virðist sem í sumum tilvikum hafi skort á samskipti og samstarf við þá sem áttu að sjá um fjármögnunina hjá fyrirtækinu. Einnig virðist sem lausafjárstýringu hafi verið ábótavant og er nánar fjallað um það í kaflanum hér á eftir um áhættustýringu.

Sú staðreynd að Orkuveitan var að mestu fjármögnuð í erlendri mynt hefur hlotið mikla umræðu og verið gagnrýnd í ljósi þess að meirihluti tekna Orkuveitunnar er í íslenskum krónum og fyrirtækið því berskjaldað fyrir gengisbreytingum. Einnig hefur sú staðreynd vakið athygli úttektarnefndarinnar, að Orkuveitan gerði nánast engar tilraunir til að kaupa varnir

gegn þessari skekkju og verður nánar fjallað um það atriði í kaflanum hér á eftir um áhættustýringu. Í viðtölum úttektarnefndarinnar við starfsmenn og stjórnendur hefur verið gerð tilraun til að nálgast ástæður þessa, þ.e. að valið var að fjármagna fyrirtækið í erlendri mynt og taka þar með gengis-áhættu. Virðast skýringarnar vera þær að stjórn fyrirtækisins treysti sér ekki til að hækka verðskrár eins og til þurfti til að standa undir afborgunum af lánum í íslenskum krónum. Vegna þessa hafi verið kosið að velja frekar lægri greiðslubyrði lána vegna lægri vaxtakostnaðar erlendra lána, en með því var áhættunni velt inn í framtíðina. Þessar ákvarðanir virðast hafa verið teknar án þess að stjórn hafi gert sér grein fyrir, að ekki var tekið tillit til þessarar áhættu við mat á fjárfestingum, þ.e. ekki var neitt áhættuálag í ávöxtunarkröfunni sem notuð var við mat á fjárfestingum. Úttektarnefndin hefur velt þessu atriði fyrir sér, þ.e. vali á fjármögnun og í því sambandi velt því upp hvort sú staðreynd að stjórn fyrirtækisins hefur verið pólitískt skipuð hafi haft þau áhrif að skammtímasjónarmið og pólitísk átök hafi ráðið för við ákvarðanir frekar en langtíma viðskiptasjónarmið.

Á árunum fyrir hrúnið var gríðarlegt framboð af lánsfé og stjórnendur þurftu ekki mikið að huga að næstu fjármögnun. Í viðtölum úttektarnefndarinnar við starfsfólk og stjórnendur hefur ástandinu verið þannig lýst að lánveitendur hafi „staðið í bíðröð“. Við efnahagshrúnið breyttist ástandið yfir nótt og allur aðgangur að erlendu fjármagni lokaðist. Einnig lokuðu lánveitendur fyrir útborgun á lánum þrátt fyrir að búið væri að ganga frá lánasamningum. Við hrúnið var ástandið þannig að Orkuveitan var með töluvert af skammtímalánum, meðal annars vegna kaupa á hlutabréfum sem þörfnuðust endurfjármögnun og eins átti eftir að fjármagna hluta yfirstandandi virkjunarframkvæmda. Einnig urðu á þessum tíma áherslu- og mannbreytingar hjá öðrum stærsta erlenda viðskiptabanka Orkuveitunnar, sem áður hafði gefið vilyrði fyrir fjármögnun sem gerðu fjármögnunarviðræður enn erfiðari.

Á árunum 2009 og 2010 tókst Orkuveitunni samt sem áður að fá útborguð lán frá erlendum lánveitendum, en komið hefur fram að yfirlýsingar eigenda um slæma fjárhagsstöðu Orkuveitunnar hafi ekki hjálpað til í viðræðunum. Einnig hefur komið fram í viðtölum að ekki var gerður rammisamningur um fjármögnun í upphafi framkvæmda, og eftir á að hyggja hefði betur farið á því.

Þrátt fyrir hina miklu skuldasöfnun sem lýst hefur verið hér að framan er rekstrarafkoma fyrirtækisins, sem nánar var lýst í fjárhagslega yfirlitinu fyrr í skýrslunni, með þeim hætti að Orkuveitan mun að öllum líkindum standa undir greiðslu lána náist langtímafjármögnun.

19. Áhættustýring Orkuveitu Reykjavíkur

Í þessum kafla verður helstu áhættuþáttum í rekstri Orkuveitunnar lýst og gert grein fyrir því með hvaða hætti stjórnendur og stjórn félagsins brugðust við þeim. Fyrirtæki á borð við Orkuveituna býr við margvíslega áhættu, enda er rekstur þess umfangsmikill og efnahagsreikningur stór, að minnsta kosti á íslenskan mælikvarða. Í sem stystu máli snýst áhættustýring fyrirtækja um að leggja mat á áhættuþætti í rekstri og gera viðeigandi ráðstafanir til að minnka líkur á áföllum, draga úr tapi vegna þeirra og tryggja áframhaldandi rekstur þegar óvæntar og hugsanlega skaðlegar aðstæður koma upp.

19.1 Greining á áhættuþáttum í rekstri Orkuveitunnar

Hægt er að skipta áhættuþáttum í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur í nokkra hluta. Suma áhættuþætti eiga öll eða velflest fyrirtæki sameiginlega að einhverju leyti. Ákveðnir áhættuþættir voru sérstaklega veigamiklir í rekstri Orkuveitunnar, til að mynda vegna myntsamsetningu skuldbindinga félagsins og tekjusamsetningu eftir myntum. Segja má að Orkuveitan sé í betri aðstöðu en flest fyrirtæki á Íslandi til að bregðast við ákveðnum áhættuþáttum, til dæmis verðbólguáhættu. Í sem skemmstu máli má skipta megináhættuþáttum Orkuveitu Reykjavíkur í eftirfarandi flokka: Markaðsáhættu, vaxtaáhættu, gengis- og gjaldmiðlaáhættu, verðbólguáhættu, afleiðuáhættu, greiðslu- og uppgjörshættu, áhættu tengda breytingum á ytri aðstæðum, lausafjáraáhættu og gjaldfellingaráhættu.

19.1.1 Markaðsáhætta

Sú áhætta sem er sameiginleg gagnvart heilum eignaflokki er markaðsáhætta. Henni er ekki hægt að verjast algerlega en hún minnkar eftir því sem eignasafn er dreifðara. Margir þættir geta haft áhrif á verðmyndum á markaði en snöggar breytingar á framboði eða eftirspurn á markaði geta haft veruleg áhrif á markaðsverðmæti eigna. Markaðsáhrif er gjarnan skipt í vaxtaáhættu, gengisáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

19.1.2 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er sú áhætta að vextir breytist og áhrif þess. Séu skuldir fyrirtækis mestmegnis á breytilegum vöxtum hafa vaxtabreytingar talsverð áhrif á afkomu félagsins. Ef vextir hækka eykst fjármagnskostnaður og afkoman versnar. Ef vextir lækka minnkar fjármagnskostnaðurinn að sama skapi og afkoman batnar. Draga má úr vaxtaáhættu með því að taka lán með föstum vöxtum eða með því að gera svokallaða vaxtaskiptasamninga. Með slíkum samningum er skipt á föstum vöxtum og breytilegum vöxtum. Vaxtaáhætta snýr að mestu að flökti í fjármagnskostnaði, óháð myntum.

19.1.3 Gengis- og gjaldmiðlaáhætta

Gengis- og gjaldmiðlaáhætta er sú áhætta að gengi fjármálagerninga eða gjaldmiðla breytist og áhrif þess. Séu eignir eða skuldir skráðar í ólíkum gjaldmiðlum hafa breytingar á gengi gjaldmiðla áhrif á efnahagsreikninginn mælt í krónum. Þannig geta erlendar skuldir breyst hratt, mælt í íslenskum krónum sem veikir efnahaginn ef tekjur fyrirtækisins eru í annarri mynt en skuldirnar.

Mörg fyrirtæki á Íslandi fjármöggnuðu sig í erlendum myntum á árunum 2004–2007, þrátt fyrir að hafa tekjur að langmestu leyti í íslenskum krónum. Slík fyrirtæki bjuggu því við talsverða gengisáhættu með þeim hætti að ef krónan veikist þá olli það rýrnun á eigin fé félagsins og öfugt.

Í sem stystu máli snýr gjaldmiðlaáhætta að virðisbreytingum gjaldmiðla og áhrifum þeirra á efnahag og rekstur, en gengisáhætta snýr að verðbreytingum annarra fjármálagerninga. Gjaldmiðlaáhætta er þannig undirflokkur gengisáhattu. Í tilfelli íslenskra fyrirtækja sem fjármögnuðu rekstur og fjárfestingar með erlendum myntum, en höfðu tekjur að mestu í íslenskum krónum, var gjaldmiðlaáhattan gjarnan stærsta, einstaka gengisáhattan.

19.1.4 Verðbólguáhætta

Verðlagsbreytingar geta haft áhrif á afkomu fyrirtækja. Til að mynda geta skuldir verið verðtryggðar og að sama skapi geta tekjur verið verðtryggðar. Fyrirtæki geta búið við verðbólguáhattu í þeim skilningi að stór hluti tekna fyrirtækisins er óverðtryggður. Hafi fyrirtæki markaðsráðandi stöðu er verðbólguáhattan lítil með tilliti tekjuhliðarinnar, hafi fyrirtækið svigrúm til að hækka gjaldskrár og auka þar með tekjur sínar.

19.1.5 Áhætta afleiðna

Fjárfestingum í afleiðum fylgir áhætta eins og við hefðbundnar fjárfestingar í verðbréfum en áhættan getur oft á tíðum verið annars konar og í sumum tilvikum meiri en hefðbundin fjárfesting í verðbréfum. Verðmæti afleiðna breytist miðað við verðþróun á undirliggjandi fjármálagerningum og því getur afleiða bæði skilað hagnaði og tapi. Afleiður eru gjarnan notaðar til að draga úr áhættu og eru gagnlegar sem slíkar.

19.1.6 Ytri aðstæður

Ýmis ytri atvik sem ekki er hægt að sjá fyrir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á markaði. Þættir eins og breytt löggjöf Alþingis, reglur og reglugerðir sem stjórnvöld setja geta haft veruleg áhrif á afkomu fyrirtækja.

19.1.7 Greiðslu- og uppgjörshætta

Greiðslu- og uppgjörshætta er sú áhætta að útgefandi fjármálagernings standi ekki í skilum á gjalddaga. Munur á greiðsluáhattu og uppgjörshættu er að mótaðili í viðskiptum er yfirleitt ekki útgefandi fjármálagernings t.d. skuldabréfs. Skilvísi viðskiptavina fellur einnig undir þennan þátt sem og greiðslur stærri viðskiptavina, til dæmis í tengslum við orkusölu-samninga. Mótaðili fyrirtækis við gerð skiptasamninga og afleiðusamninga skapar einnig greiðsluáhattu.

Uppgjörshætta er sú áhætta að mótaðili í viðskiptum standi ekki við sitt á réttum tíma. Nánar til tekið að greiðslur berist ekki á þeim tíma sem gert er ráð fyrir í gegnum greiðslukerfið vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.

19.1.8 Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er sú áhætta að laust fé þverri. Fyrirtæki geta horfst í augu við að laust fé þverri við lækkun láns hæfismats, óvænt útgjöld vegna breyttrar skuldastöðu eða að samstarfsaðilar og viðskiptamenn færi viðskipti sín annað. Lausafjáraáhætta getur einnig aukist mjög mikið ef lána-markaðir, sem fyrirtæki kunna að vera háð varðandi fjármögnun, þorna upp og aðgangur að lánsfé minnkar. Lausafjáraáhætta hefur tilhneigingu til að ýkja upp aðra áhættuþætti í rekstri fyrirtækja. Eigi félag mikið af illseljanlegum eignum (sem geta verið arðbærar þrátt fyrir það) eykst markaðs-áhætta fyrirtækis. Virkjanaframkvæmdir vegna orkusölu eru gott dæmi um lausafjáraáhattu sem ýkir upp markaðsáhattu. Ef fyrirtæki þarf, vegna lausa-

fjárskorts, skyndilega að selja eignir sem stóð alls ekki til að selja (til dæmis hálfbyggða virkjun), fæst talsvert lægra verð en fyrir fullbyggða virkjun. Fyrirtæki í vandræðum nýtur líka oft verri kjara í viðskiptum heldur en vel stætt fyrirtæki.

19.1.9 Gjaldfellingaráhætta

Í lánasamningum fyrirtækja er oft að finna ákvæði sem gera lánveitenda kleift að krefjast fullrar endurgreiðslu láns samstundis ef ákveðin skilyrði í rekstri lántaka eru fyrir hendi. Hafa ber í huga að hér er um að ræða heimild til handa lánveitanda en ekki skyldu. Í þó nokkrum lánasamningum Orkuveitunnar var að finna gjaldfellingarákvæði. Slík ákvæði geta reynst fyrirtækjum erfiður ljár í þúfu, þar sem möguleiki er á að ekki sé til laust fé til að mæta gjaldfellingu lánveitenda.

Að beiðni Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar vann lögfræðistofan BBA Legal úttekt á gjaldfellingaráhættu Orkuveitu Reykjavíkur þar sem Orkuveitan er lántaki. Samkvæmt mati BBA Legal voru að minnsta kosti 12 lánasamningar Orkuveitunnar með gjaldfellingarákvæðum. Þar af voru þrír þeirra frá Norræna fjárfestingabankanum (NIB), sitt hvor tvö frá þýsku bönkunum Depfa og Dexia og eitt frá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB). Lægsta lánið með gjaldfellingarákvæði var frá NIB og hljóðaði upp á 12 milljónir evra, en hæsta lánið var frá EIB og hljóðaði upp á 146 milljónir evra. Samkvæmt samantekt BBA Legal mátti finna eftirfarandi almenn gjaldfellingarákvæði í þeim öllum, þó í ýmsum útfærslum:

- „a) Röng upplýsingagiöf á lánstímanum eða lántaki brýtur gegn skyldu sinni til upplýsingagjafar á lánstímanum t.d. varðandi fjárhagslegar, tölfraeðilegar eða almennar upplýsingar sem bankinn kann að óska eftir.
- b) Lántaki greiðir ekki á gjalddaga.
- c) Breyting á eignarhaldi lántaka eða annars konar breyting á skipulagi lántaka að verulegu marki;
- d) Fjárhagsleg staða lántaka breytist verulega þannig að lánsamningurinn sé í hættu eða trygging fyrir greiðslu lánsins telst ekki lengur fullnægjandi.
- e) Nauðasamningar, gjaldþrot eða annars konar ógjaldfærnisatvik.
- f) Nýjar kvæðir á tekjur og eignir lántakanda t.d. fjármám.
- g) Lántaki getur ekki uppfyllt skyldur sínar skv. lögum.
- h) Líkur á að lántaki ætli ekki að standa við lánsamninginn samkvæmt mati bankans.“⁶³⁹

Úr þessu má lesa að gjaldfellingaráhætta Orkuveitunnar var talsverð. Óhætt er að líta svo á að fyrirtækið hafi uppfyllt að minnsta kosti eitt þessara skilyrða á árunum 2008–2010. Til að mynda er hægt að segja með fullri vissu að fjárhagsstaða Orkuveitunnar hafi breyst verulega til hins verra á árinu 2008, þegar skuldir fyrirtækisins tvöfölduðust í krónum talið og eigið fé þess minnkaði verulega hratt. Í kjölfar þeirra atburða er óhætt að halda því fram að líkur til þess að Orkuveitan gæti staðið við gerða lánasamninga í upprunalegri mynd minnkuðu. Gjaldfellingarákvæði af þessu tagi eru stundum opin fyrir sveigjanlega túlkun. Hins vegar eru slík ákvæði jafnan túlkuð lánveitendanum í hag. Í öllu falli er gjaldfellingaráhætta fyrir hendi. Að þessu sögðu þarf einnig að taka fram að gjaldfellingarákvæði Orkuveitunnar hafi verið að mestu í takt við það sem gengur og gerist í þessum efnunum.

639 Lögfræðiálit BBA Legal. Heimild: Fjármálasvið Reykjavíkurborgar.

19.2 Ytri aðstæður

Aðstæður á fjármálamörkuðum á þeim tíma sem vöxtur efnahagsreiknings Orkuveitunnar var sem mestur voru um margt einstæðar. Aðgangur fyrirtækja að lánaþyrngreiðslu var einstaklega greiður á árunum 2001–2006 og vaxtastig í heiminum var með lægsta móti. Þetta hafði þær afleiðingar að skuldir flestra fyrirtækja, þar með talin Orkuveitunnar, jukust hratt. Enda hagstætt að ráðast í fjárfestingar þegar fjármagnskostnaður er með lægsta móti.

19.2.1 Lánsframboð

Framboð lánsfjár var umtalsvert á fyrsta áratug 21. aldar, allt þar til markaðir þornuðu upp árið 2008. Þetta hafði í för með sér að kjör á lánum voru lán-takendum ákaflega hagstæð og auðvelt var að verða sér út um lánsfé. Kjör á lánum eru mæld í álagi á grunnvexti og er skuldatryggingarálag (e. CDS) mælikvarði á það. Upp úr síðustu aldamótum urðu mikil straumhvörf á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum. Lágvaxtastefna bandaríska seðlabankans, þróun peningastefnu stærstu hagkerfa heims, mikil uppsöfnun auðs helstu útflutningsríkja heims og óvenju mikill stöðugleiki markaða á heimsvísu orsakaði að á fyrsta áratug 21. aldarinnar lækkaði áhættuálag á fjármálamörkuðum um allan heim og aðgengi að lánsfé hafði aldrei verið meira. Þetta skapaði óhefta eftirspurn eftir öllum vaxtaberandi fjármálagerningum.

Um þetta efni hefur óhemju mikið verið rætt og ritað, meðal annars í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslenska bankakerfisins. Orkuveita Reykjavíkur naut eins og velflest önnur fyrirtæki góðs af þessu mikla framboði fjármagns. Íslensku bankarnir höfðu á árunum 2003–2006 mjög gott aðgengi að erlendum lánamörkuðum og það sama gildi um Orkuveituna. Þar að auki var bein ábyrgð Reykjavíkurborgar á öllum skuldbindingum Orkuveitunnar, sem margir lánveitendur virtust líta á sem ígildi ríkisábyrgðar.

19.2.2 Krónumarkaður

Stýrivextir Seðlabanka Íslands 2001–2010




Mynd 1: Stýrivextir Seðlabanka Íslands hækkaðu nánast stöðugt frá árinu 2005 og fram til ársins 2009. Vaxtamunur Íslands við útlönd jókst mikið og innflæði fjármagns til landsins í kjölfarið. Myndagögn fengin frá Seðlabanka Íslands.

Þrátt fyrir að vextir á mörkuðum erlendis hefðu víðast hvar verið lágir á fyrsta áratug 21. aldarinnar var aðra sögu að segja um Ísland. Frá árinu 2001

hefur Seðlabanki Íslands starfað samkvæmt verðbólguþolmiði, en helsta tækið í baráttu bankans gegn verðbólgu eru stýrivextir. Íslenska hagkerfið er mjög háð innflutningi, og því ræðst verðbólga að mjög stórum hluta af verði innflutningsvara. Stýrivöxtum var því leynt og ljóst í aðra röndina beitt til þess að hafa áhrif til styrkingar á gengi krónunnar, til að halda verði innflutningsvara niðri og þar með hemja verðbólgu.

Afleiðingin var sú að mikill vaxtamunur var viðvarandi milli Íslands og útlanda. Fjárfestar létu það tækifæri sér ekki úr höndum renna og íslenskir vextir urðu afar vinsælir meðal fjárfesta sem stunduðu vaxtamunarviðskipti. Í slíkum viðskiptum er tekið lán í lágvaxtamýnt og fjárfest í vaxtaberandi eign hávaxtamýntar. Í þeim aragrúa greina og ritgerða sem ritaðar hafa verið um hrúnið er víða fullyrt að vaxtamunarviðskipti með íslensku krónuna hafi átt ríkan þátt í því að kippa fótunum undan íslenska hagkerfinu árið 2008. Meðalstýrivextir Seðlabanka Íslands á árunum 2001–2007 voru rétt rúmlega 9%. Á mynd 1 má sjá þróun stýrivaxta Seðlabankans frá 2001 og fram í október 2008 þegar þeir náðu sínu hæsta stigi í 18%.

Gengi krónu hélst frekar stöðugt fram til ársins 2008 en þó varð undantekning á árinu 2006. Snemma það ár skutu upp kollinum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum efasemdir um heilbrigði íslensku bankanna. Þá veiktist krónan snögglega en náði sér fljótt á strik aftur. Þetta má sjá á mynd 2 en hafa ber í huga að eftir því sem gildi á gengisvísitölu krónunnar (GVT) er hærra, þeim mun veikari er hún.




Mynd 2: Velta á krónumarkaði á vinstri ás í milljónum kr. eftir mánuðum og gengisvísitala krónunnar á hægri ás. Gengi krónunnar var meira og minna stöðugt fram til ársins 2008, en þá veiktist krónan mikið og gjalddeyrishöftum var komið á. Velta minnkaði mikið í kjölfarið. Myndagögn fengin frá Seðlabanka Íslands.

Á árunum fyrir hrun var íslenska krónan mjög vinsæl í svokölluðum vaxtamunarviðskiptum. Velta á krónumarkaði innanlands var gríðarleg á árunum 2004–2008 af þessum sökum. Eftirspurn íslenskra skuldabréfa var mikil sem hafði áhrif til mikillar styrkingar íslensku krónunnar. Velta á innlendum gjalddeyrismarkaði nam mörg hundruð milljörðum í hverjum mánuði og krónan hélst tiltölulega stöðug á meðan (sjá mynd 2).

Vaxtamunur var sem fyrr segir mjög hár og óx með tímanum. Það breyttist hins vegar skyndilega í byrjun árs 2008 þegar vaxtamunur lækkaði verulega miðað við afleidda vexti á gjaldmiðlaskiptasamningum með krónur.

Þar með var krónumarkaðurinn hruninn og gengi krónunnar féll hratt.⁶⁴⁰ Ástæður þessa voru þær að aðgengi íslensku bankanna að lánsfé hvarf nær alveg. Ójafnvægi var mikið m.a. vegna vaxtamunarviðskipta. Eftir að erlendir fjárfestar hófu að forða fé sínu frá Íslandi hækkaði vaxtakostnaður í evrum á innlendum fjármálamarkaði verulega (fjármögnunarkostnaður innlendra aðila á skiptasamningamarkaði). Þetta gerðist á örskömmum tíma, líkt og sjá má á myndinni að neðan. Þegar svo var komið var orðið verulega erfitt að endurfjármagna erlend lán hjá innlendum fjármálastofnunum, án þess að greiða afar háa vexti – sambærilega við þá vexti sem fengust á lán í íslenskum krónum. Það var því í apríl 2008 sem gjaldeyrismarkaður á Íslandi var svo gott sem hruninn. Seðlabanki Íslands var berorður í greiningu sinni á þessu vandamáli:

„Skiptasamningamarkaður er að hruni kominn vegna þess að hefðbundin öfl sem tryggja jafnvægi á markaðnum hafa misst mátt sinn þar sem innlendir aðilar birgja sig upp af erlendum gjaldeyri og verulegt „Íslandsálag“ hefur skapast á fjármagnsmörkuðum.“⁶⁴¹




Mynd 3: Hér sést hvernig vaxtamunur Íslands við útlönd hvarf nánast á nokkurra vikna tímabili. Græna línan sýnir hvernig íslenskir bankar verðlögðu gjaldmiðlaskiptasamninga á milli íslensku krónunnar og evrunnar. Innlendir gjaldeyrismarkaður var í raun og veru hruninn á þessum tímapunkti og gengi krónunnar gat aðeins stefit niður á við. Myndagögn fengin frá Seðlabanka Íslands.

19.2.3 Lánamarkaður

Sé litið til lánasamninga Orkuveitunnar og upplýsinga um meðalfjármagnskostnað fyrirtækisins á árunum 2002–2007 kemur í ljós að kjör á lánnum fyrirtækisins voru afar hagfelld. Skráð skuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga (bankar undanskildir) náðu 100 milljörðum kr. í byrjun árs 2005. Eftir það varð mikill vöxtur í heildarfjárhæð slíkra bréfa og var hámarki náð í lok árs 2007 þegar heildarfjárhæðin fór yfir 400 milljarða kr. Af þessu að dæma hefði Orkuveitan getað fjármagnað sig innanlands í íslenskum krónum í nokkrum mæli hefði fyrirtækið kosið að gera það. Heildarskuldir Orkuveitunnar á þessum árum námu rétt ríflega 102 milljörðum kr. í árslok 2007, en ári síðar höfðu þær rétt ríflega tvöfaldast og námu um 211 milljörðum kr.

640 Peningamál Sí 2008/1, rammagrein III-1. <http://www.seðlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5851>

641 Peningamál Sí 2008/1, rammagrein III-1. <http://www.seðlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5851>



Mynd 4: Líkt og sjá má var talsverð velta á fyrirtækjaskuldbréfamarkaði allt fram til ársins 2008, þegar samdráttur varð mikill í kjölfar greiðsluþrots margra stærstu fyrirtækja landsins, sem voru mörg hver með skráð skuldabréf. Af þeirri þróun má álykta að Orkuveitan hefði nokkuð auðveldlega getað skuldbreytt yfir í íslenskar krónur, þó að það hefði verið ansi dýr gjörningur á árunum 2007-2008, þegar vextir á Íslandi voru í hæstu hæðum

19.2.4 Lánshæfiseinkunnir

Orkuveita Reykjavíkur fékk fyrst lánshæfismat í ársbyrjun 2007 og var það lánshæfismatsfyrirtækið Moody's sem mat fyrirtækið. Þess vegna er stuðst við einkunnir Moody's varðandi þau félög sem hér eru skoðuð þó önnur lánshæfismatsfélög kunni að hafa gefið þeim einkunn. Flokkunin hjá Moody's er sem hér segir⁶⁴².

Fjárfestingarflokkur	Aaa	Skuldbindingar af háum gæðum með lágmarksáhættu
	Aa1	Skuldbindingar af háum gæðum sem bera mjög litla áhættu
	Aa2	
	Aa3	
	A1	Skuldbindingar í efri gæðaflokki sem bera litla áhættu.
	A2	
	A3	
	Baa1	Skuldbindingar sem taldar er bera hóflega áhættu. eru metnar af miðlungsgæðum og geta borið með sér einkenni spákaupmennskuflokks
	Baa2	
	Baa3	
Spákaupmennskuflokkur	Ba1	
	Ba2	
	Ba3	
	B1	Bera mikla áhættu.
	B2	
	B3	
	Caa1	Skuldbindingar af slökum gæðum og bera með sér mjög mikla áhættu.
	Caa2	
	Caa3	
	Ca	Skuldbindingar líklega gjaldfallnar eða að nalgast tímavert gjaldfellingar. Einhverjar endurheimtur þó vel hugsanlegar.
C	Lægsta lánshæfiseinkunn sem Moody's gefur skuldbindingum. Vanalega hefur greiðslufall þegar átt sér stað á skuldbindingum sem hljóta einkunnina C. Líkur á nokkrum endurheimtum á höfuðstól eða vaxtagreiðslum takmarkaðar.	

642 http://www.moody.com/researchdocumentcontentpage.aspx?docid=-PBC_79004

Hér á eftir verður fjallað um þróun á lánsþæfismati Orkuveitunnar og til samanburðar fjallað um lánsþæfismat annarra fyrirtækja sem er að einhverju leyti hægt að bera saman við Orkuveituna.

19.2.4.1 Orkuveitan

Í byrjun árs 2007 fékk Orkuveitan lánsþæfismatseinkunnina Aa2 frá Moody's en það er þriðja besta einkunn sem Moody's veitir. Í rökstuðningi Moody's er þess sérstaklega getið að skuldbindingar fyrirtækisins njóti ábyrgðar eiganda. Ekki verður annað lesið út úr umfjöllun sérfræðinga Moody's en að ábyrgð eiganda á skuldbindingum fyrirtækisins vegi sérstaklega þungt í þeirri sterku lánsþæfiseinkunn sem fyrirtækið naut.⁶⁴³

Í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 lækkaði einkunn Orkuveitunnar skarpt en í desember 2009 var einkunnin komin niður í Ba1 eða í spákaupmennskuflokk. Í ágúst árið 2011 lækkaði einkunnin enn frekar og er nú B1. Þess má geta að Moody's birtir einnig svokallaða grunneinkunn sem sýnir lánsþæfi fyrirtækisins leiðrétt fyrir bakábyrgð eiganda.

Grunneinkunn Orkuveitunnar, eða sú einkunn sem félagið hlyti ef ekki væri eigendaábyrgð á skuldbindingum þess, hefur alltaf verið í spákaupmennskuflokki og er um þessar mundir B3. Í ársbyrjun 2007 hefði lánsþæfiseinkunn fyrirtækisins verið Ba1, eða í spákaupmennskuflokki. Því verður ekki annað séð en að góð vaxtakjör og miklir möguleikar félagsins til aukinnar skuldsetningar hafi ekki síst verið vegna þess að lánsþæfismatfyrirtæki og lánardrottinnar hafi lagt ábyrgð eiganda og beina ríkisábyrgð nokkurn veginn að jöfnu. Núverandi grunneinkunn Orkuveitunnar stendur í B3, sem er aðeins einu skrefi frá C-flokki Moody's, en sú einkunn er gefin skuldbindingum sem taldar eru af afar lágum gæðum og er taldar mjög líklegar til að gjaldfalla.

19.2.4.2 Landsvirkjun

Landsvirkjun er stærsta orkufyrirtæki Íslands. Félagið framleiðir rafmagn með vatnsafla og í litlum mæli með jarðvarma. Félagið er í eigu íslenska ríkisins. Líkt og Orkuveitan vinnur Landsvirkjun raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum, þó að Landsvirkjun framleiði rafmagn í meira mæli með virkjun vatnsafla heldur en Orkuveita Reykjavíkur. Landsvirkjun er þó eina íslenska orkufyrirtækið sem hægt er að bera saman við Orkuveituna og hefur haft viðurkennt lánsþæfismat á síðastliðnum árum.

19.2.4.3 Enel Green Power

Enel Green Power (EGP) er dótturfyrirtæki ítalska orkurisans Enel. Orkuframleiðsla Enel er um margt sambærilegt Orkuveitu Reykjavíkur, en eins og nafnið gefur til kynna er markmið EGP að framleiða rafmagn með endurnýjanlegum orkugjöfum. EGP hefur ekki hlotið eigin lánsþæfiseinkunn.

Lánsþæfiseinkunn móðurfélagsins og meirihluta- eigandans Enel hefur frá aldamótum verið á bilinu Aa-A1, en þess má geta að efnahagsreikningur Enel er tæplega 170 milljarðar evra að stærð, sem heggur nærri tvöfaldri landsframleiðslu Íslands. Athygli vekur að í ársbyrjun 2007 var lánsþæfiseinkunn Orkuveitunnar hærri en lánsþæfiseinkunn hins risavaxna Enel,

643 „RE is considered a Government-Related Issuer (GRI) because of its ownership by sub-sovereign entities: the City of Reykjavik (93.5%) and its Icelandic municipal partners, the Town of Akranes (5.5%) and the Municipality of Borgabyggd (1%).“ – Úr umfjöllun Moody's um lánsþæfi Orkuveitu Reykjavíkur 11. janúar 2007.

sem hefur sambærilega einokunarstöðu á ítalska raforkumarkaðnum og Orkuveitan hefur á Íslandi, auk þess að starfa út um allan heim.


19.2.4.4 Vattenfall

Vattenfall er sænskt fyrirtæki sem framleiðir og dreifir raforku. Fyrirtækið framleiðir raforku með ýmsu móti – vatnsafla, kolum, kjarnorku og vindorku. Fyrirtækið var stofnað snemma á 20. öldinni og starfsemi þess var upphaflega bundin við Svíþjóð, þó í dag hafi Vattenfall hagsmuna að gæta í Þýskalandi, Póllandi og víðar. Vattenfall er að fullu í eigu opinberra aðila í Svíþjóð og er þar af leiðandi hentugt til samanburðar við Orkuveitu Reykjavíkur.

Lánshæfiseinkunn Vattenfall hefur verið mjög stöðug síðastliðin 10 ár. Moody's hækkaði lánshæfiseinkunn fyrirtækisins á árinu 2005 úr Baa1 í A1. Lánshæfiseinkunn Orkuveitunnar var hærri en einkunn Vattenfall allt fram á árið 2009.

19.2.4.5 Samanburður

Mynd 5 sýnir hvernig lánshæfiseinkunn Orkuveitunnar þróaðist með tíma í samanburði við Landsvirkjun, EGP og Vattenfall. Sem sjá má var Orkuveitan lengi vel með hærri lánshæfiseinkunn en erlendu fyrirtækin. Sé hins vegar litið til grunneinkunnar félagsins, það er segja þegar leiðrétt er fyrir bakstuðningi eigenda fyrirtækisins, kemur í ljós að fyrirtækið var frá fyrsta mati á lánshæfiseinkunn í spákaupmennskuflokki.




Mynd 5: Hér sést samanburður á vaxtakjörum erlendra lána Orkuveitunnar og nokkurra annarra sambærilegra fyrirtækja

19.2.4.6 Lánakjör Orkuveitunnar

Þegar vaxtakjör á erlendum lánum Orkuveitunnar eru skoðuð í samanburði við erlendar lántökur Landsvirkjunar og fimm ára skuldtryggingarálag á Enel og Vattenfall kemur í ljós að vextir á lánum Orkuveitunnar eru í samræmi við viðmiðunarfélögin að teknu tilliti til lánshæfiseinkunnar.

Helgast það líklegast af eigendaábyrgð Orkuveitunnar. Á mynd 6 á næsti síðu er sýnt hvernig vaxtakjör á lánum Orkuveitunnar eru í samanburði við Landsvirkjun og ítalska félagið Enel Green Energy. Á árunum 2001–2008 eru kjör Orkuveitunnar mjög hagfelld, sé litið framhjá fjármögnun í tengslum við fjárfestingar Línu.Nets. Í mörgum tilfellum eru kjör Orkuveitunnar sambærileg við kjör Landsvirkjunar og í einhverjum tilfellum betri en kjör Vattenfall og Enel, sem eru þó stór alþjóðleg félög með tekjur og gjöld í sömu myntum, ólíkt Orkuveitunni sem hefur stærstan hluta sinna tekna í íslenskum krónum en útgjöld (að minnsta kosti vegna fjármagnsliða og virkjanaframkvæmda) í erlendum myntum. Þó verður að taka fram að á árinu 2007 gat Orkuveitan sýnt fram á að tekjur í erlendum gjaldmiðlum myndu koma til með að aukast eftir að orkusölusamningar höfðu verið gerðir.



Mynd 6: Kjör á lánum í samanburði við erlendar útgáfur Landsvirkjunar og 5 ára skuldatryggingarálag EGP og Vattenfall. Heimild: Bloomberg og Orkuveitan

19.3 Fyrirkomulag áhættustýringar Orkuveitunnar

Á árinu 2004 var fyrst mynduð stefna um markmið og framkvæmd áhættustjórnunar og á árinu 2006 var viðauka um lántökustefnu bætt við. Í stefnu Orkuveitunnar um áhættustjórnun var kveðið á um að stofna skyldi áhættunefnd sem í sætu forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála, sviðsstjóri lána og áhættusviðs og sviðsstjóri fjármálasviðs. Ákvarðanatataka og eftirlit varðandi áhættustýringu skyldi vera á hendi þeirrar nefndar. Nefndin skyldi koma saman eigi sjaldnar en mánaðarlega til að meta stöðu gengis- og vaxtamála. Eftir því sem næst verður komist hélt áhættunefnd Orkuveitunnar óformlegar fundargerðir fram að árinu 2007. Á árinu 2009 verða fundargerðirnar ítalegri og varpa betra ljósi á fjárhagsstöðu Orkuveitunnar. Samkvæmt markmiðum Orkuveitunnar um markmið og framkvæmd áhættustjórnunar átti að stuðla að stöðugri afkomu með því að lágmarka fjármagnskostnað og með því að minnka eða draga úr neikvæðum sveiflum í gengi og lágmarka kostnað vegna sveiflna á álverði og stuðla að lágu vaxtastigi. Í efnisgrein í markmiðunum um skilgreiningu áhættu segir eftirfarandi:

„Áhætta í sjóðstreymi tengist tekjum í erlendum myntum og afborgunum lána og vaxtagreiðslum af erlendum lánum og orkusölu til stóriðju þar sem verð er tengt álverði ásamt erlendum innkaupum vegna fjárfestinga. Stefnt skal að því að árlegt staðalfrávik gengishreyfinga sjóðstreymis reiknað í íslenskum krónum og sambærilegt

staðalfrávik skulda skuli að jafnaði ekki vera meira en sem nemur 2,5% umfram árlegt staðalfrávik íslensku gengisvogarinnar. Sérstaklega skal fylgjast með afkomu af orkusölu til stóriðju og meta hversu mikil áhrif +/- 10% verðbreyting á áli hefur á afkomu ársins og afkomu einstakra ársfjórðunga. Einnig skal litið til mögulegra áhrifa á afkomu næstu fimm ára í þessu samhengi. ...Áhætta í efnahagi tengist myntsamsetningu skuldahöfuðstóls. Stefnt skal að því að árlegt staðalfrávik gengishreyfinga skuli að jafnaði ekki vera meira en sem nemur 2,5% umfram staðalfrávik íslensku gengisvogarinnar. Þá skal stefnt að því að vegnir meðalvextir erlendra lána séu að jafnaði lægri en vegnir meðalvextir opinberrar gengisvogar Seðlabankans. Hins vegar kann við ákveðnir kringumstæður að reynast nauðsynlegt að vegnir meðalvextir erlendra lána verði hærri en því sem nemur vegnum meðalvöxtum opinberrar gengisvogar Seðlabanka Íslands. Í því tilfalli skal óhagstæður vaxtamunur þó ekki nema meiru en 1%.”⁶⁴


Í áhættustefnunni er einnig rætt um notkun skiptasamninga og framvirkra gjaldeyrisskiptasamninga til að ná fram markmiðum áhættustýringar og að nefndarmeðlimir áhættunefndar skuli vera sérstaklega á varðbergi gagnvart óhagstæðum gengis- og verðhreyfingum. Í markmiðunum segir einnig að heimilt sé að notast við utanaðkomandi sérfræðiráðgjöf og að veita megi slíkum aðila umboð til að sjá um slík viðskipti fyrir hönd Orkuveitunnar. Allt frá árinu 2004 fékk fjármálasvið, áhættustýringarsvið, áhættunefnd og stjórn Orkuveitunnar í hendur ársfjórðungslegar skýrslur frá fyrirtækinu Ráðgjöf og Efnahagsspár ehf. (R&E). Ráðgjöf og Efnahagsspá rann síðar inn í fjárfestingabankann Askar Capital. Í skýrslum R&E var að finna yfirlit um gengishreyfingar höfuðstóls lánaðra Orkuveitunnar og samanburð við fjármagnskostnað ef fyrirtækið hefði annars vegar verið fjármagnað í sömu hlutföllum og gengisvog Seðlabankans annars vegar og á verðtryggðum vöxtum hins vegar. Loks var í skýrslunum að finna ráðgjöf um hvernig réttast væri að stýra lánaðri Orkuveitunni á næstu mánuðum. Ráðgjöf R&E var í samræmi við áhættustýringarstefnu Orkuveitunnar, það er að miðað skyldi að því að lágmarka vaxtakostnað og gengishreyfingar.

Ekki verður lesið annað úr ráðgjöf R&E en að gjaldmiðlaáhætta Orkuveitunnar vegna íslensku krónunnar hafi verið vanmetin nokkuð. Fulltrúar frá fyrirtækinu sátu fundi áhættunefndar auk þess að skila ársfjórðungslegum skýrslum til stjórnar Orkuveitunnar og gegndu veigamiklu hlutverki við ákvarðanatöku í áhættustýringu fyrirtækisins, meðal annars með tillögum að myntsamsetningu lána. Starfsmenn Orkuveitunnar nýttu sér ráðgjöf R&E í ríkum mæli og fylgdu ráðleggingum þeirra í flestum tilvikum. Þá framkvæmd hafa fyrrum starfsmenn fjármálasviðs Orkuveitunnar staðfest í samtölum við skýrsluhöfundu. Endanleg ábyrgð á ákvörðun um lántökur og áhættustýringu lá samt og liggur endanlega hjá stjórn Orkuveitunnar.

Í gæðahandbók Orkuveitunnar frá 2008 ber áhættustýringu fyrst á góma, en þar segir:

„Áhættustýring felur í sér skilgreiningu á áhættustýringarstefnu, reglum og viðmiðum. Enn fremur tilheyrir áhættustýringu stýring, mæling og greining gengis-, vaxta- og álverðsáhattu sem og annarrar fjármálaeigra áhættu eftir því sem við á auk uppsetningar, kaupa og

644 Markmið og framkvæmd áhættustjórnunar. Úr fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur 11.mái 2006.



Mynd 7: Úr gæðahandbók Orkuveitunnar, dags. 9.1.2009

sölu varna. Einnig falla tryggingamál OR undir áhættustýringu.⁶⁴⁵

Í gæðahandbók Orkuveitunnar frá 2009 er í fyrsta sinn að finna formlegt skipurit þar sem áhættustýring og áhættunefnd Orkuveitunnar er nefnd á nafn og eins og sést á mynd 7 hér að ofan átti áhættunefnd að hafa eftirlit með framkvæmd áhættustýringar sem annars var á ábyrgð sviðstjóra Fjár- og áhættustýringarsviðs.

Þar sem samningar hafa áhrif á áhættu félagsins skiptir máli að hafa yfir að ráða upplýsingakerfum sem gagnast við greiningu hennar. Orkuveitan hafði ekkert kerfi sem nýttist við greiningu á erlendum lánum en allir lánasamningar sem fyrirtækið gerði voru skráðir í gagnagrunn R&E.⁶⁴⁶

Engar vísbendingar eru um að álagspróf hafi verið framkvæmd utan þær upplýsingar sem fram koma í reglulegum uppgjörum félagsins. Þar er fjallað um áhættu tengda vaxtabreytingum, breytingum á gengi gjaldmiðla og verði áls. Raunar má lesa úr fundargerð áhættunefndar Orkuveitunnar frá janúar 2009 að hugsanlega sé skynsamlegt að framkvæma regluleg álagspróf á efnahagsreikningi fyrirtækisins. Í fundargerð áhættunefndar Orkuveitunnar dagsettri 28. janúar 2010 kemur eftirfarandi fram:

„Tilgangur álagsprófa er að skilja hvaða atburðir hafa óhagstæð áhrif á fjárhag. Hvaða atburðum á að verjast og hvernig? Hvaða atburðir stefna afkomu okkar mest í hættu? Gengur út á að átta okkur á samhengi hlutanna, t.d. vexti, álverð og gengi. Aðferðir við álagspróf eru t.d. að notast við skilgreinda atburði, sviðsmyndir þar sem t.d. er skoðað hvaða áhrif niðursveifla eins og 1973 eða 2008 hefur á afkomu fyrirtækisins. Þá er hægt að smíða fjölda atburða út frá sögulegum gögnum (ECG). Reynir að samrýna mælingar yfir allar marktækar tekjur og gjöld fyrirtækisins. Taka saman ál, tekjur og skuldir og skoða hegðun undir mismunandi forsendum.“⁶⁴⁷

Eins og áður sagði samþykkti stjórn Orkuveitunnar áhættustefnu fyrirtækisins árið 2006. Samkvæmt fundargerðir áhættunefndar fyrirtækisins

645 Gæðahandbók Orkuveitunnar 2008.

646 Ólöf S. Pálsdóttir, viðtal 8. júní 2012.


647 Fundargerð áhættunefndar Orkuveitunnar 28. janúar 2009.

virðist vera sem nefndin hafi komið saman mánaðarlega að meðaltali, þó að fundir hafi verið nokkuð tíðari eftir að fjármálakerfi Íslands varð fyrir þungum áföllum haustið 2008.

Í áhættustefnu Orkuveitunnar frá árinu 2006 kemur fram að markmiðið sé að lágmarka fjármagnskostnað fyrirtækisins. Þetta er gert með því að taka erlend lán í stað lána í íslenskum krónum eða í samræmi við myntsamsetningu tekna félagsins. Þessi ákvörðun þjagar arðsemi þar sem ávöxtunarkrafan er of lág. Í stað þess að miða við innlenda vexti er miðað við erlenda vexti. Fyrst nota átti erlenda vexti við arðsemisútreikninga hefði áhættuálag vegna gjaldmiðlaáhættu þurft að vera nægilega hátt til að meta fyllilega á áhættu. Nánar er fjallað um þátt R&E síðar í þessum kafla og um hvað áhættunefnd Orkuveitunnar ræddi í meginatriðum í aðdraganda og eftirhreytum gjaldþrots íslensku bankanna haustið 2008.

19.4 Gjalddeyr sjöfnuður Orkuveitunnar


Á mynd 8 hér að neðan má sjá fjárhæð tekinna lána, afborganir lána og vaxtagreiðslur Orkuveitunnar eftir ársfjórðungum fyrir það tímabil sem til skoðunar er. Hafa ber í huga að fjárhæðir eru í íslenskum krónum miðað við gengi þess dags sem lánið var tekið.



Mynd 8: Lántökur, afborganir af lánunum og vaxtagreiðslur Orkuveitunnar mælt í íslenskum krónum á gengi hvers tíma. Heimild Orkuveitan

Eins og kom fram hér að framan var markmið Orkuveitunnar að lágmarka fjármagnskostnað fyrirtækisins. Þetta var gert með því að taka erlend lán í stað þess að fjármagna fyrirtækið í íslenskum krónum eða í samræmi við myntsamsetningu tekna félagsins.

Myntsamsetning lána Orkuveitunnar



Mynd 9: Samsetning lána OR eftir myntum og ársfjórðungum. Heimild Orkuveitan

Samsetningu lána Orkuveitunnar eftir myntum og ársfjórðungum má sjá á mynd 9. Ef marka má umfjöllun áhættunefndar Orkuveitunnar miðast val á myntum við lántökur nánast eingöngu við hvar lægstu vextina var að finna. Ekki er að sjá að myntsamsetning lána fyrirtækisins miðist að einhverju leyti við tekjur fyrirtækisins. Athygli vekur að frá árinu 2005 er vægi japanska jensins aukið mjög sem og vægi svissneska frankans. En stýri-vextir seðlabankanna á bak við þær myntir hafa verið mjög lágir um nokkurt skeið. Þess má geta að íslenska krónan hefur veikst einna mest gagnvart japanska jeninu og svissneska frankanum af öllum erlendum myntum frá árinu 2008. Það helgast þó af talsverðu leyti af styrkingu þeirra mynta gagnvart öllum myntum en ekki eingöngu veikingu íslensku krónunnar. Helsta skýring þess er sú að vaxtamunarviðskiptin, sem áður var lýst, hafa gengið til baka þannig að gengi hávaxtamynnta lækkar og gengi lágvaxtamynnta s.s. japanskra jena og svissneskra franka hækkar. Til er hugtak í fjármálafræðum sem kallast „no-arbitrage“⁶⁴⁸, sem kveður á að um til langs tíma sé ekki hægt að hagnast á fjárfestingaákvörðum umfram vænta markaðsávöxtun án þess að afhjúpa sig fyrir aukinni áhættu af einhverju tagi. „Hagnaður“ eða „vaxtasparnaður“ miðað við vaxtaumhverfi muni því alltaf hverfa til lengri tíma með einhvers konar tapi annars staðar, eins og sannaðist í glögglega í tilfalli Orkuveitunnar þar sem margra ára sparnaður á fjármagnsgjöldum kom aftur í höfuðið á fyrirtækinu með tvöföldun skulda í krónum talið.

Á mynd 9 sést að Orkuveitan hefur ekki fjármagnað sig í íslenskum krónum nema að hámarki 15% af heildarskuldum. Lægst hefur hlutfallið farið niður í 4% en það var þegar krónan féll sem mest. Þá aukast erlendar skuldir í krónum talið og þar með eykst hlutfall erlendra skulda.

19.5 Viðskipti með krónur


Á því tímabili sem er til skoðunar stóð Orkuveitan fyrir umtalsverðum virkjanafarmkvæmdum og fjármagnaði framkvæmdirnar með erlendum lánunum. Þó kostnaður við framkvæmdirnar hafi að öllum líkindum verið að

648 Íslenska þýðingin á orðinu arbitrage er högnun.

stærstum hluta í gjaldeyri er hluti hans í krónum. Því kemur ekki á óvart að fyrirtækið hafi keypt krónur í nokkrum mæli. Árin 2002-2005 var um að ræða minni fjárhæðir í einu en á árunum 2002-2005 keypti Orkuveitan nettó krónur fyrir um 10 milljarða kr.

Árið 2006 verður ákveðinn viðsnúningur í viðskiptum Orkuveitunnar með krónur þegar gjaldeyrir er keyptur í stundarviðskiptum en á móti eru framvirkir samningar þar sem krónur eru seldar. Á árinu 2006 seldi Orkuveitan því nettó um 15 milljarða af krónum. Frá því í ársbyrjun 2007 fram í mars 2008 keypti fyrirtækið svo um 30 milljarða kr. Á fyrstu mánuðum ársins 2008, einum og sér, keypti Orkuveitan rúmlega 10 milljarða kr. þegar framvirkir samningar eru taldir með. Ekki er ljóst hvort þessi kaup tengjast framkvæmdum eða hvort um er að ræða spákaupmennsku með krónuna.

Mynd 10 sýnir viðskipti Orkuveitunnar með krónur.



Mynd 10: Viðskipti Orkuveitunnar með íslenskar krónur, stundarviðskipti (merkt „viðskipti“) og framvirkar stöður. Heimild: Orkuveitan.

Hins vegar verður ekki litið framhjá því að Orkuveitan seldi erlendan gjaldeyri framvirkt á árinu 2008. Í ljósi aðstæðna á markaði og yfirvofandi gjaldeyrisþurrðar á íslenskum fjármálamarkaði er erfitt að koma auga á hvernig það þjónaði hagsmunum fyrirtækisins að selja frá sér erlendan gjaldeyri í skiptum fyrir íslenskar krónur á árinu 2008.

19.6 Skuldastýring fyrirtækisins

Hægt er að stýra skuldum á efnahagsreikningi með ýmsu móti. Hér verður fjallað um þá þætti sem við eiga.

19.6.1 Afleiðusamningar

Afleiður eru mjög heppilegar til þess að stýra áhættu. Þannig er hægt að verjast sveiflum og festa innri kjör. Það getur þýtt að tap verður á afleiðusamningum en að sama skapi verður þá hagnaður á móti á öðrum samningum, t.d. orkusölusamningum. Á móti getur hagnaður af afleiðusamningum mætt tapi af orkusölusamningum. Með því að verja áhættu með kaupum á afleiðusamningum geta fyrirtæki því varið sig gegn miklu og/eða óvæntu

tapi, en að sama skapi getur hugsanlegur hagnaður tapast. Orkuveitan nýtti afleiðusamninga ekki nema í litlu mæli á árunum 2002-2010. Til eru fjölmargar tegundir af afleiðusamningum, en í sem grófustum dráttum má skipta þeim niður í nokkra flokka:

Framvirkir samningar (e. forwards): Þegar framvirkur samningur er gerður semja tveir aðilar sín á milli um að kaupa eða selja ákveðna eign fram í tímann, á ákveðnu verði sem ákvarðað er við gerð framvirkis samnings. Sá er kaupir framvirkt tekur gnóttstöðu, en sá er selur framvirkt tekur skortstöðu. Framvirkir samningar eru ekki skráðir á markað. Fjármálastofnun eða banki er oftast nær annar aðila að framvirkum samningum.

Staðlaðir framvirkir samningar (e. futures): Staðlaður framvirkur samningur er sambærilegur framvirkum samningi, nema að því leyti að staðlaðir samningar eru skráðir á markað í kauphöll, sem tryggir að aðilar sem taka á sig skuldbindingar í tengslum við framvirkan samning fái þær, gengist við þeim eða standi í skilum. Sá sem gerir staðlaðan framvirkan samning verður að leggja fram tryggingar. Fari verðmæti samningsins niður fyrir ákveðið gildi verður annar aðili samnings að leggja fram auknar tryggingar. Með því að gera framvirka samninga geta fyrirtæki varið sig fyrir áhættu, meðal annars vegna gengissveiflna, á kostnað hagnaðar. Með notkun framvirkra samninga verður að sama skapi auðveldara að gera kostnaðaráætlanir og kostnaðarútreikninga. Framvirkir samningar eru að sama skapi ódýrir í eðlilegu árferði og standa jafnan utan efnahagsreiknings fyrirtækja. Helsti galli framvirkra samninga er að þeir útiloka meiriháttar hagnað ef gengisþróun uppgjörsmýntar fyrirtækis verður með hagfelldara móti – líkt og var í tilfelli Orkuveitunnar á árunum 2002-2007.

Valréttir (e. options): Valréttarsamningar minnka áhættu en ekki upp að sama marki og framvirkir samningar. Notkun valréttar heldur þannig þeim möguleika opnum að hagnast á hagstæðum verð- eða gengissveiflum. Að kaupa valrétti er sambærilegt því að kaupa sér tryggingu. Valréttir eru jafnan kostnaðarsamari en framvirkir samningar, þar sem kaupandi samningsins hefur rétt til en ber ekki skylda til að nýta sér samninginn. Við kaup á valréttum er mótaðila, sem er jafnan fjármálastofnun, greidd þóknun. Mótaðila ber skylda til að uppfylla ákvæði valréttarsamnings. Í grófum dráttum má skipta valréttarsamningum í kaupréttarsamninga og söluréttarsamninga. Kaupréttarsamningar veita eiganda valréttar rétt til að kaupa ákveðið magn af undirliggjandi eign á fyrirfram ákveðnu verði á tilteknum tíma. Söluréttarsamningar veita eigenda valréttar rétt til að selja undirliggjandi eign á fyrirfram ákveðnu verði á tilteknum tíma.

Ýmsir þættir hafa áhrif á verð valréttar og kostnað við gerð slíkra samninga. Meðal þeirra þátta eru flökt undirliggjandi eigna. Íslenska krónan hefur ekki reynst vera sérlega stöðugur gjaldmiðill, sem hefði án efa haft áhrif á verðlagningu valréttarsamninga milli íslensku krónunnar og erlendra mynta. Í tilfelli Orkuveitunnar hefði án efa verið snjallt að gera kaupréttarsamninga í erlendri mynt á þeim tíma sem krónan var sterk, til að auka möguleika á að geta mætt afborgunum af erlendum lánnum ef gengi krónunnar gæfi eftir. Með þeim hætti hefði Orkuveitan hugsanlega getað fest kaup á gjaldeyri framvirkt á tiltölulega hagstæðu gengi, jafnvel eftir gengishrun krónunnar á mörkuðum. Hefði Orkuveitan hins vegar gert slíka kaupréttarsamninga við gömlu bankana í erlendri mynt í stað íslenskra kr. er ekki gott að segja hvernig uppgjóri þeirra samninga hefði verið hátt- að eftir gjaldþrot bankakerfisins. Hefðu kaupréttarsamningar verið gerðir við erlend fjármálafyrirtæki er að sama skapi óljóst hvernig tilvist gjald-eyrishaftanna hefði haft á uppgjör kaupréttarsamninga í erlendri mynt gegn

greiðslu í íslenskum krónum, í ljósi þess að gjaldeyrishöft voru leidd í lög skömmu eftir að gengi krónunnar hríðféll.

Skiptasamningar (e. swaps): Þegar aðilar gera með sér skiptasamning samþykkja þeir að skiptast á greiðsluflæði í framtíðinni. Þegar rætt er um skiptasamninga er jafnan annaðhvort átt við vaxtaskiptasamninga eða gjaldmiðlaskiptasamninga. Í tilfalli vaxtaskiptasamninga samþykkir annar aðilinn að greiða fasta vexti á höfuðstól í ákveðinn tíma, á meðan mótaðilinn greiðir fljótandi vexti (álag ofan á LIBOR). Við gerð gjaldmiðlaskiptasamninga skiptast aðilar bæði á mynt og vöxtum.

19.6.2 Vaxtaskiptasamningar Orkuveitunnar

Skýrsluhöfundum er ekki kunnugt um nema einn vaxtaskiptasamning sem Orkuveitan gerði á tímabilinu 2002–2010. Af viðskiptayfirlitum Orkuveitunnar má lesa að þeim samningi hafi verið ætlað að skipta áhættu milli tveggja erlendra mynta, enda snerist áhættustýring fyrirtækisins öðrum þræði um að gæta að vægi erlendra mynta í skuldakörfu félagsins, fremur en að verja áhættu tengda íslensku krónunni. Vaxtakjör voru því að langstærstum hluta í samræmi við lánasamninga og vextir ekki festir nema að litlu leyti. Á móti kemur að meðvituð ákvörðun virðist hafa verið tekin um að taka lán með breytilegum vöxtum frekar en föstum og því minni þörf en ella á því að gera vaxtaskiptasamninga. Með öðrum orðum var vaxtaáhættu Orkuveitunnar stýrt í gegnum lánasamninga.

19.6.3 Afleiður á gjaldmiðla í bókum Orkuveitunnar

Til að verjast sveiflum á gengi gjaldmiðla eru m.a. notaðir framvirkir samningar og skiptasamningar. Þess má geta að engar vísbendingar eru til þess að Orkuveitan hafi nýtt sér vilnanir (kaup- og söluréttarsamninga).

Notkun gjaldeyrissamninga var lítil fram til ársins 2006. Árin 2002–2005 voru gerðir nokkrir samningar á ári en eftir það jókst notkun þeirra. Allir samningarnir voru gerðir gagnvart innlendum bönkum og þar með var mótaðilaáhætta á íslenska banka.

Árið 2006 tók fyrirtækið stöðu með íslensku krónunni með framvirkum samningum og hélt þeirri stöðu um nokkurra mánaða skeið. Eftir það voru ekki stórar stöður í gegnum afleiðusamninga á gjaldmiðla.

19.6.4 Álafleiður

Í orkusölusamningum til stóriðju eru innbyggðar álafleiður, eins og fjallað var um að framan. Sú áhætta var ekki varin á árunum 2002–2010. Á fundum áhættustýringar árin 2007–2008 var rætt um álverð og áhættu því tengdri. Engar ákvarðanir voru teknar um varnir. Raunar varði Orkuveitan ekki áhættu tengda álverði fyrr en á árinu 2011. Í fundargerðum segir m.a.

„Álmál rædd, ákvörðun um varnir frestað“⁶⁴⁹

og


„Farið yfir stöðu álmarkaða, höfum verið að fá betri verð í varnir, væntingar fyrir frekari hækkunum, ákveðið að bíða áttekta“.⁶⁵⁰

649 Fundur áhættunefndar 5. desember 2007.

650 Fundur áhættunefndar 21. maí 2008.

Afkoma Orkuveitunnar sveiflast talsvert með breytingum á heimsmarkaðsverði á áli. Í þeim raforkusölusamningum sem fyrirtækið hefur gert ákvarðast verð að talsverðum hluta af heimsmarkaðsverði á áli hverju sinni. Í samtali við Önnu Skúladóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármála hjá Orkuveitunni, kom fram að starfsmenn hefðu verið meðvitaðir um álverðsáhættu sem fylgdi orkusölusamningum við Norðurál. Áhrifa sveiflna í álverði hefur gætt í afkomu Orkuveitunnar allt frá árinu 2006. Sökum þess að álverð er í bandaríkjadölum ýktust sveiflur í afkomu vegna álverðs með gengisfalli krónunnar. Frá árslokum 2005 hefur Orkuveitan í heildina hagnast á gangvirðisbreytingum innbyggðra afleiðna í orkusölusamningum í íslenskum krónum talið. Mælt í bandaríkjadal skila innbyggðu afleiðurnar hins vegar tapi fyrir Orkuveituna, enda hefur álverð lækkað talsvert frá því að stærstu orkusölusamningar fyrirtækisins voru gerðir. Áhætta vegna sveiflna á heimsmarkaðsverði á áli var ekki varin á efnahagsreikningi fyrirtækisins, en í janúar 2012 var frá því greint að fyrirtækið hefði samið við hollenska bankann ING um að verja álverðsáhættu á efnahagsreikningi fyrirtækisins.⁶⁵¹ Á mynd 11 að má sjá gangvirði álverðsáleiðna í ársbyrjun 2006–2012 á vinstri ás. Á hægri ás má sjá gengi íslenskrar krónu gagnvart bandaríkjadal, en sjá má að gangvirði afleiðna hækkar í krónum talið við gengisfallið 2008.

Gangvirði innbyggðra afleiðna í raforkusölusamningum



Mynd 11: Sjá má að sveiflur á gangvirði álfleiðna eru talsverðar. Þær sveiflur hafa sett sitt mark á afkomu Orkuveitunnar, sérstaklega eftir að gengi krónunnar féll, enda eru álfleiðurnar gerðar upp í bandaríkjadal. Myndagögn fengin úr ársreikningum Orkuveitunnar og frá Seðlabanka Íslands.


Við stýringu á áhættu er horft til þess hverju verðbreytingar eru háðar. Þekkt dæmi er að breytingar á gengi krónu hafa áhrif á verðbólgu því með veikari krónu verða innfluttar vörur dýrari. Eitt af því sem skiptir Orkuveituna máli er samhengi milli álverðs, skammtíma vaxta í bandaríkjadöllum og gengi þess gjaldmiðils. Í úttekt Askar Capital um þetta efni frá árinu 2009 er niðurstaðan sú að marktækt samhengi sé milli þessara stærða og í ljósi þess sé minni ástæða en ella til þess að yfirvígta bandaríkjadal í skuldafafni Orkuveitu Reykjavíkur miðað við gengisvísitölu⁶⁵². Vegna þessa samhengis töldu stjórnendur Orkuveitunnar sig búa yfir innbyggðri áhættu-

651 Fréttatilkynning 26. janúar 2012: <http://www.or.is/UmOR/Fjolmidlatorg/Frettir/Lesafrett/2283>

652 Greining Askar Capital, „Samhengi álverðs, vaxta og gengis dollars“, dags. 6. febrúar 2009.

vörn. Það er að segja, ef að vaxtabyrði af skuldum félagsins myndi aukast vegna vaxtahækkana myndu tekjur af raforkusölu aukast á móti, enda ætti álverðið að hækka með hækkandi fjármagnskostnaði.

Um þetta atriði eru þó skiptar skoðanir. Í greiningu Seðlabanka Íslands frá árinu 2003⁶⁵³ er ekki kveðið eins fast að orði, heldur segir þar að raunverulega er um að ræða samband milli álverðs og verðlags í bandaríkjadal. Eins er samband milli vaxta og verðlags þannig að verðbólga leiðir til hærri vaxta. Þannig leiðir hærri álverð til hærri vaxta Þetta er þó ekki algilt. Um þessar mundir eru raunvextir víðast hvar í heiminum neikvæðir sökum efnahagsástandsins.



Mynd 12: Lengi vel voru margir á þeirri skoðun að vextir á bandaríkjadal og álverð fylgdust að. Samband álverðs og vaxta var sterkt á árunum 2002-2009, en eftir það rofnaði sambandið.

Mynd 12 sýnir hvernig ál hefur hækkað í verði frá ársbyrjun 2009 út árið 2010 og tók svo að lækka aftur. Vextir hins vegar breyttust lítið á þessu þriggja ára tímabili. Eins og sjá má á mynd 12 hefur samband álverðs og vaxta rofnað. Í minnisblaði sem Anna Skúladóttir, fyrrverandi fjármálastjóri Orkuveitunnar skrifaði þáverandi forstjóra, Hjörleifi Kvaran í mars 2008 sagði um gengisáhættu og álverð:

„Erlendar lántökur eru fyrst og fremst til fjárfestinga á fjárfestinga-verkefnum sem eru með tekjustraum í USD (einnig tengt álverði). Lánin eru almennt með langan líftíma eins og raforkusölusamningarnir. Afborganir og vextir lánanna eru þannig tryggðar með greiðslum frá raforkusölusamningum í USD. Gjaldeyrisáhætta milli íslensku krónunnar og langtímalána í erlendri mynt er því ekki fyrir hendi. Gengisáhætta er vegna breytinga milli USD og annarra mynta í lánakörfunni sem vegið er á móti vaxtastigi viðkomandi myntar hverju sinni við áhættustýringuna“⁶⁵⁴.

Sú innbyggða áhættuvörn sem stjórnendur töldu sig búa yfir hefur því ekki haft tilætluð áhrif þó það hafi ekki endilega haft neikvæð áhrif á afkomuna.

653 Peningamál Seðlabanka Íslands 2003/3. http://www.seðlabanki.is/uploads/files/MB033_5.pdf

654 Minnisblað Önnu Skúladóttur 25. mars 2008 til Hjörleifs Kvaran.

19.6.5 Niðurstöður skuldastýringar Orkuveitunnar

Eins og áður hefur komið fram lagði Orkuveitan áherslu á að halda vaxta-
 kostnaði lágum með því að taka lán í erlendum myntum með lægri vöxtum
 en af íslenskum krónum. Þegar kom að lántökum var leitað til R&E um
 áhrif lántöku á skuldafni og heppilegustu myntsamsetningu og byggðu
 ráðleggingar R&E á samspili vaxta og staðalfrávíks, sem átti að sýna hversu
 mikið höfuðstóll skulda Orkuveitunnar gæti sveiflast miðað við ákveðnar
 forsendur í gengismálum. Í flestum tilvikum var ráðleggingum R&E fylgt
 þegar dregið var á lán.⁶⁵⁵ Þannig var virk stýring á skuldum OR, þ.e. þegar
 dregið var á lán var myntsamsetningin ákveðin með vaxtakostnað í huga og
 vænta þróun á gengi gjaldmiðla innbyrðis.

Eins og áður hefur komið fram tóku starfsmenn R&E reglulega saman
 skýrslur yfir erlendar skuldir Orkuveitunnar og voru þær skýrslur ætl-
 aðar stjórn fyrirtækisins. Í umræddum skýrslum var farið yfir þróun og
 horfur á gjaldeyrismarkaði og farið yfir erlendar skuldir Orkuveitunnar. Í
 skýrslunum er skuldafnið borið saman við gengisvísitöluna og árangur af
 virkri skuldastýringu metinn. Þá var vaxtakostnaður m.v. verðtryggða vexti
 greindur og farið yfir ávinning vegna erlendra lána Orkuveitunnar eftir
 árum og sundurliðað eftir gengismun og vaxtamun. Í ársfjórðungslegum
 skýrslum⁶⁵⁶ R&E sem kynntar voru fyrir stjórn koma m.a. fram upplýsingar
 sem eru hér birtar í töflu 1 og töflu 2.

Tafla 1. Samanburður á skuldafni og myntkörfu gengisvogar Sí m.kr.

Ár	Gengismunur	Vaxtamunur	Samtals	Uppsafnað
2002	217	76	292	292
2003	269	73	342	635
2004	216	50	267	902
2005	-80	75	-5	896
2006	784	249	1.033	1.929
2007	-162	508	346	2.275
2008	-12.364	1.361	-11.003	-8.728
2009	3.198	1.461	4.659	-4.069
2010	-7.914	703	-7.211	-11.280
Samtals	-15.836	4.557	-11.280	

Í töflu 1 er virk stýring Orkuveitu Reykjavíkur borin saman við mynt-
 körfu GVT. Þar sést að virk stýring á skuldafninu m.v. myntkörfu gengis-
 vísitölu hefur skilað tapi upp á 11,3 milljarða kr. samtals uppsafnað yfir árin
 2002–2010. Séu fjárhæðirnar að ofan færðar til meðalverðlags ársins 2010
 nemur uppsafnað gengistap 17,5 milljörðum kr. og uppsafnaður vaxta-
 munur 5,3 milljörðum kr. eða nettó 12,2 milljörðum kr. Með öðrum
 orðum, hefði Orkuveitan ekki stundað virka stýringu heldur beitt hlut-
 lausri stýringu, þ.e. ef myntsamsetning lána hefði verið sú sama og í mynt-
 körfu GVT, hefði uppsöfnuð afkoma árána 2002–2010 verið betri sem
 nemur 12,2 á milljörðum kr. meðalverðlagi ársins 2010.

Þar af hefur gengismunur leitt til taps upp á 15,8 milljarða kr. en vaxta-
 munur leitt til 4,6 milljarða kr. sparnaðar. Rétt er að athuga að virk stýring
 hefur þannig sparað vaxtagjöld (greiddan kostnað) upp á 4,6 milljarða. Virk
 stýring skulda Orkuveitunnar að ráðgjöf R&E skilaði þannig tapi í heild
 sinni, en talsverðum sparnaði í greiddum vöxtum þau ár sem gengi íslensku
 krónunnar var enn mjög sterkt.

655 Tölvupóstur frá Inga J. Erlingssyni dags. 28. febrúar 2012.

656 Sjá m.a. skjal frá R&E, ársfjórðungsskýrslu 31. mars 2011 frá maí 2011.

Tafla 2. Samanburður á skuldafni m.v. verðtryggð lán m.kr.


Ár	Gengismunur	Vaxtamunur	Samtals	Uppsafnað
2002	2.391	1.414	3.805	3.805
2003	462	1.031	1.493	5.298
2004	2.559	1.324	3.883	9.181
2005	1.937	1.557	3.494	12.675
2006	-7.909	4.172	-3.737	8.938
2007	2.248	4.744	6.992	15.930
2008	-88.104	18.407	-69.697	-53.767
2009	-12.349	32.608	20.258	-33.508
2010	14.678	17.745	32.423	-1.085
Samtals	-84.088	83.003	-1.085	

Þegar litið er til áhrifa þess að fjármagna félagið í erlendri mynt en ekki með verðtryggðum lánum í íslenskum krónum sést að á tímabilinu 2002–2010 er uppsafnað tap Orkuveitunnar um 1,1 milljarðar kr. sé horft til verðlags hvers árs. Hins vegar er mikill munur á gengismun og vaxtamun eins og sundurgreint er í töflunni. Þannig er tap vegna gengismunar 84,1 milljarðar kr. en ágóði vegna vaxtamunar er 83,0 milljarðar kr. Þannig hefur Orkuveitan sparað sér útgjöld upp á 83,0 milljarða kr. árin 2002–2010 með því að fjármagna fyrirtækið í erlendum myntum í stað verðtryggðra krónulána. Þar sem vextir í erlendri mynt eru nokkuð lægri en vextir í íslenskum krónum þá mun vaxtamunur vera jákvæður og þannig má gengi krónu raunar veikjast um sem nemur vaxtamuninum á ári áður en félagið verður fyrir neikvæðum áhrifum vegna fjármögnunar sinnar, miðað við verðtryggð krónulán. Séu fjárhæðirnar að ofan færðar til meðalverðlags ársins 2010 nemur uppsafnaður gengismunur 101 milljarði kr. og uppsafnaður vaxtamunur 95 milljörðum kr. eða nettó 6 milljörðum kr.

Í áhættuskýrslu frá R&E fyrir árið 2010 er að finna töflu með sundurliðuðum gengishagnaði og –tapi á lánasafni Orkuveitunnar á árunum 2002–2010, auk vaxtasparnaðar miðað við ávöxtunarkröfu skuldabréfaflokks Íbúðalánasjóðs, HFF 150224. Niðurstaða R&E er að ef gengið yrði út frá því að Orkuveitan hefði fjármagnað sig á verðtryggðum kjörum sambærilegum þeim og Íbúðalánasjóður greiðir af sínum skuldum, hefði skuldastaða fyrirtækisins í árslok verið nokkurn veginn sú sama í árslok 2010 og raunbar vitni, líkt og lesa má úr töflu 2.⁶⁵⁷ Á mynd 13 sem unnin er úr töflu 2 eru þrjár súlur við hvert ár. Súlan lengst til vinstri sýnir hvert hagnaður eða tap Orkuveitunnar varð vegna gengishreyfinga íslensku krónunnar. Súlan í miðjunni sýnir sparnað eða tap af vaxtamun skuldafns Orkuveitunnar og fjármagnskostnaði félagsins, væri fjármögnun þess sambærileg við þau kjör sem eru á áður nefndum skuldabréfaflokk Íbúðalánasjóðs. Súlan lengst til hægri sýnir summu súlnanna tveggja.

657 Uppsafnaður vaxtasparnaður miðað við ef fjármögnun Orkuveitunnar hefði verið í samræmi við ávöxtunarkröfu HFF 150224 er nánast sama upphæð og sem nemur gengistapi vegna hækkunar höfuðstóls skulda Orkuveitunnar eftir gengisfall íslensku krónunnar.

Vaxtasparnaður og gengis„ávinningur“ af erlendri skuldsetningu Orkuveitunnar



Mynd 13: Vaxtasparnaður og gengishagnaður og –tap af skuldsetningu í erlendum myntum, mynd unnin úr töflu 2.

Uppsafnaður vaxtasparnaður fyrirtækisins á árunum 2002 til 2007 var rétt um 14,2 milljarðar kr. eins og reikna má úr upplýsingum í töflu 2. Gengishagnaður vegna lækkunar höfuðstóls skulda sökum gengisstyrkingar krónunnar er metinn tæplega 1,7 milljarðar kr. Samanlagt hafði fyrirtækið því sparað sér tæplega 16 milljarða kr. með því að hafa stærstan hluta sinna skuldbindinga í erlendri mynt en sú fjárhæð kemur fram í síðasta dálki töflu 2 fyrir árið 2007. Gengi íslensku krónunnar lækkaði verulega á árinu 2008 en gengistap Orkuveitunnar af erlendum skuldum á því ári samsvaraði um 88 milljörðum kr. Vaxtasparnaður er hins vegar mjög mikill mældur í íslenskum krónum, eða um 18,4 milljarðar kr.

Á árinu 2009 nam gengistap af höfuðstól 12,4 milljörðum kr. en vaxtasparnaður 32,6 milljörðum kr. Á árinu 2010 styrktist íslenska krónan aftur og 15 milljarða kr. gengishagnaður varð vegna lækkunar höfuðstóls skulda mælt í íslenskum krónum. Að sama skapi var vaxtasparnaður mældur um 17,7 milljarðar kr.

Í áhættuskýrslu sem gerð var eftir reikningsárið 2010 kemur fram að uppsafnaður vaxtasparnaður vegna tímabilsins 2002–2010 nemur um 83 milljörðum kr. Gengistap er metið á um 83,7 milljarða kr. Í skýrslu R&E fyrir árið 2010 segir eftirfarandi:

„Þetta þýðir að tap sem orðið hefur af erlendri lántöku umfram innlenda árin 2002 til 2010 nemur um 719 m.kr.“⁶⁵⁸

Þessi fullyrðing er ekki röng í sjálfu sér en hins vegar má færa sterk rök fyrir því að skuldsetning Orkuveitunnar hefði ekki vaxið með slíkum ógnarhraða og raun bar vitni, ef skuldir fyrirtækisins hefðu borið íslenska vexti. Verðbólga á árunum 2002–2007 var að meðtali tæplega 4,3% á ári, og því hefði höfuðstóll skulda fyrirtækisins vaxið talsvert á þeim árum, eins og lesa má úr niðurstöðum R&E um áhættustýringu Orkuveitunnar og vaxtasparnað miðað við fjármögnun með íslenskum verðtryggðum krónum.

658 Þróun erlendra lána og gengishreyfingar árið 2010 – samantekt Analytica (áður R&E) um fjárhagsstöðu Orkuveitunnar.

Í samtölum við fyrrum starfsmenn fjármálasviðs Orkuveitunnar kom fram að fulltrúi R&E hafi reglulega kynnt bæði stjórnendum og stjórnarmönnum fyrirtækisins þær skýrslur sem unnar voru fyrir fjármálasviðið um áhættu á efnahagsreikningi félagsins. Ekki er að sjá í skýrslum R&E að mikil áhersla hafi verið lögð á að hratt gengisfall krónunnar myndi lækka eigið fé Orkuveitunnar sem um munar. Hins vegar segir í minnisblaði sem fjármálasvið Orkuveitunnar lagði fyrir stjórn hennar í desember 2004 að íslenska krónan hafi styrkst verulega og að vaxtamunur Íslands við útlönd sé orðinn 6% miðað við 3 mánaða LIBOR en 4% miðað við 10 ára vexti. Í minnisblaðinu sem ber fyrisögnina „Flutningur lána OR yfir í íslenskar krónur“ segir:

„Væntingar um vísitölu krónunnar að loknu virkjana/stóriðjutímabili eru á reiki, en rætt hefur verið um að jafnvægisgengi krónunnar sé á bilinu 130 til 135 og er þá horft til viðskiptahallans að loknu því tímabili. Líklegt má telja að þegar leiðrétting krónunnar brestur á muni hún yfirskjóta þetta jafnvægisgengi.“⁶⁵⁹

Síðan segir:

„Við þessar aðstæður vaknar sú spurning hvort hagkvæmt sé að breyta erlendum lánum OR úr erlendum myntum yfir í íslenska krónu. Það sem skiptir máli til að svara þessari spurningu er hve sterk krónan er og hversu lengi við þurfum að bíða eftir veikari krónu, miðað við vaxtamuninn þyrfi krónan að veikjast um 6% á ári til að við yrðum betur sett. Þannig þyrfi krónan að veikjast í ríflega 135 stig miðað við vísitöluna í dag og þriggja ára viðmiðunartímabil. Aðstæður í dag eru ekki með þeim hætti að sterk rök séu fyrir umbreytingu skulda OR. Við frekari styrkingu frá því sem nú er og eftir því sem tíminn líður verður álitlegra að umbreyta skuldum OR úr erlendum myntum í íslenska krónu.“⁶⁶⁰

Höfundur þessa minnisblaðs er fyrrverandi starfsmaður fjármálasviðs Orkuveitunnar, Ingi Jóhannes Erlingsson. Samkvæmt þessu er ljóst að starfsmenn fjármálasviðs Orkuveitunnar vöktu athygli stjórnar á gengisáhættu á efnahagsreikningi fyrirtækisins á árinu 2004. Raunveruleg gengisáhætta var að því er virðist vanmetin, en engu að síður ætti stjórnarmönnum Orkuveitunnar árið 2004 að hafa verið ljóst að gengisáhætta var fyrir hendi. Jafnframt kom fram í samtali við Önnu Skúladóttur að starfsmenn fjármálasviðs hafi ekki talið sig hafa forsendur til að efast um ráðgjöf R&E og þar af leiðandi talið að erlend fjármögnun félagsins hafi verið af hinu góða.

Í skýrslu R&E til Orkuveitunnar fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2008 verður ekki annað lesið en að gengisfall krónunnar á fyrri helmingi ársins sé talið tímabundið ástand. Jafnframt er þess vænst að krónan taki við sér á allra næstu vikum og mánuðum og styrkist á ný. Í þeirri skýrslu segir:

„Líklegt má telja að þessi mikla lækkun krónunnar sé tímabundið yfirskot og að jafnvægisgildi vísitölunnar til lengri tíma liggja einhvers staðar á bilinu 125 til 135 stig. Ekki verður þó fullyrt að hágildi

659 Flutningur hluta lána OR yfir í íslenskar krónur. Minnisblað lagt fyrir á 38. stjórnarfundum Orkuveitunnar 15. desember 2004. Höfundur: Ingi Jóhannes Erlingsson.

660 Flutningur hluta lána OR yfir í íslenskar krónur. Minnisblað lagt fyrir á 38. stjórnarfundum Orkuveitunnar 15. desember 2004. Höfundur: Ingi Jóhannes Erlingsson.

gengisvísitölunnar í þessari veikingarsveiflu hafi þegar verið náð eða hægt að útiloka að krónan muni veikjast enn frekar til skemmri tíma áður en aðlögun í átt að áður nefndu jafnvægisgengi hefst.⁶⁶¹

Í skýrslu R&E fyrir árið 2008 kveður við annan tón en þar kemur fram að tímabili sterkrar krónu sem hófst árið 2002 hafi lokið með hveli árið 2008. Gengisvísitala íslensku krónunnar hafi verið 121 í upphafi árs 2008 en komin upp í 216 í árslok. Í umfjölluninni eru ekki leiddar líkur að því að krónan muni styrkjast á ný, en bent á uppsafnaður vaxtaspárnaður á lánasafni Orkuveitunnar jafnaði út gengistap á höfuðstóli skulda fyrirtækisins.⁶⁶²

Skömmu áður en R&E útbjó áhættuskýrslu fyrsta ársfjórðungs fyrir fjármálasvið Orkuveitunnar, útbjó Anna Skúladóttir, þáverandi fjármálastjóri fyrirtækisins minnisblað til handa Hjörleifi Kvaran, þáverandi forstjóra fyrirtækisins. Minnisblaðið er dagsett 29. mars 2008. Í því segir meðal annars að frá áramótum hafi verið gert ráð fyrir 20% gengislækkun krónunnar í fjárhagsáætlun ársins, en gengisveikingin hafi strax í mars 2008 náð 25%⁶⁶³. Það virðist því vera sem stjórnendur Orkuveitunnar hafi gert sér grein fyrir að íslenska krónan hefði árin á undan verið heldur hátt skráð, en hafi ekki búist við því að gengisfallið gæti orðið með þeim hætti sem raunin varð. Þó verður ekki sagt að starfsmenn og stjórn séu á einhvern hátt sekari um þessa yfirsjón fremur en flest fyrirtæki á Íslandi sem flest hver fjármögnuðu sig í erlendri mynt á árunum fyrir 2008.

19.7 Lausafjárstýring og greining á greiðslufæði

Samkvæmt upplýsingum frá fyrrum starfsmanni Orkuveitunnar⁶⁶⁴ var lausafjárstýring fyrst og fremst byggð á kostnaðaráætlunum fyrirtækisins. Reglulegar skýrslur um gjalddaga næstu missera voru ekki til staðar fyrr en árið 2011. Hafa ber í huga að aðgengi Orkuveitunnar að lánsfé var mjög greitt þannig að það var ekki fyrr en árið 2008 sem lausafjárstýring skipti meira máli. Í gæðahandbók segir að lagt sé mat á fjárþörf út frá óformlegum greiðsluáætlunum ásamt gögnum í bókhaldi.⁶⁶⁵ Sá verkferill sem lýst er í gæðahandbókinni er lausleg lýsing en ekki er vitað til þess að nein sérstök stefna um lausafjárstýringu eða ítarlegri reglur þar að lútandi hafi verið til staðar í fyrirtækinu.

Á því tímabili sem til skoðunar voru nokkrar uppgreiðslur lána. Hins vegar jukust skuldir fyrirtækisins umfram greiðslur af lánunum. Þannig voru gjalddagar endurfjármagnaðir með lengri lánunum. Ekki er ljóst hvenær hugað var að því að safna fyrir stórum gjalddögum. Í einhverjum tilvikum var gripið til þess ráðs að fá skammtímalán, jafnvel samdægurs, til þess að mæta háum greiðslum, samkvæmt upplýsingum í samtölum við fyrrverandi starfsmenn fjármálasviðs Orkuveitunnar. Merki slíkra vinnubragða má sjá í lánayfirlitum Orkuveitunnar fyrir árin 2007–2009, þegar skammtímalántökur aukast mjög. Í árslok 2006 var Orkuveitan ekki með nein skammtímalán.

661 Sjá m.a. skjal frá R&E, ársfjórðungsskýrslu 31. mars 2011, frá maí 2008.

662 Orkuveita Reykjavíkur. Ársyfirlit 2008. Þróun erlendra lána og gengishreyfingar ársins. Mars 2009. Höfundur: Askar Capital.

663 Kemur fram í minnisblaði Önnu Skúladóttur til Hjörleifs Kvaran dags. 28. mars 2008.

664 Ólöf S. Pálsdóttir, viðtal 8. júní 2012.

665 Skjal VRF-251-01 dags. 19. nóvember 2007.

Á árinu 2007, en þá þegar voru blikur á lofti á erlendum fjármálamörkuðum, voru skammtímaskuldir Orkuveitunnar orðnar 14,5 milljarðar kr. Öll lánin voru tekin í erlendri mynt hjá erlendum bönkum. Á árinu 2008 námu nýjar skammtímalántökur 4,2 milljörðum kr., en þau lán voru tekin hjá innlendum fjármálafyrirtækjum. Á árinu 2009 jukust skammtímalántökur Orkuveitunnar um 11 milljarða kr. til viðbótar, en í öllum tilfellum var þar um að ræða lán hjá innlendum fjármálafyrirtækjum. Tekið skal fram að skammtímalántökur á árinu 2009 voru í einhverjum tilfellum framlengingar á eldri skammtímalánum sem voru komin á gjalddaga, en slíkar framlengingar færast sem ný lán í lánatöflur félagsins.

Á árunum 2002–2009 voru engar formlegar lausafjargreiningar gerðar á rekstri Orkuveitunnar að öðru leyti en í gegnum fjárhags- og rekstraráætlanir. Það er ekki fyrr en í febrúar 2010 sem fyrsta lausafjárskýrslan leit dagsins ljós. Þar er finna að upplýsingar um gjaldeyriseign, útfærði og gjaldeyrisþörf til næstu 12 mánaða. Lausafjárskýrslan gefur góða mynd af væntu sjóðstreymi Orkuveitunnar í erlendum myntum og íslenskum krónum 12 mánuði fram í tímann. Að sama skapi er að finna ýmsar sviðsmyndir sem taka mið af margvíslegum frávikum. Skýrslugerð sem þessi hefði án efa verið mjög gagnleg á árunum fyrir hrun íslenska fjármálakerfisins.

19.8 Fundargerðir áhættunefndar

Áhættunefnd Orkuveitunnar hittist reglulega og ræddi um horfur á innlendum og erlendum fjármagnsmörkuðum. Gengi krónunnar var iðulega til umræðu á fundum áhættunefndarinnar. Hér á eftir er yfirlit um hvað áhættunefnd fyrirtækisins ræddi helst frá miðju ári 2007 og fram að árslokum 2010 þegar staða fyrirtækisins versnaði stöðugt þar til greiðsluþrot var yfirvofandi.

Í fundargerð áhættunefndar frá 5. maí 2007 segir eftirfarandi:

„Rætt um vísitöluna, í dag er skammtíma uppleitni til veikingar sem rofnar ekki fyrr en við 118,3, líklegt að vísitalan leiti til veikingar, en þróun í dag er hins vegar jákvæð, staðan metin svo að um ástand stefnuleysis eða veikingar sé að ræða. Gera má ráð fyrir henni á bilinu 114 til 124, ef 118,30 gefur eftir erum við að sjá frekari styrkingu, ef 124,20 gefur eftir, þá getum við séð 129. Jákvæðir þættir fyrir krónuna eru fyrirhugaðar framkvæmdir og batnandi viðskiptajöfnuður.“⁶⁶⁶

Þær framkvæmdir sem þarna er vísað til er bygging álvers í Helguvík og tengdar virkjanaframkvæmdir. Sem kunnugt er hefur lítið gerst í þeim málum þegar þetta er ritað um mitt ár 2012.

Hér að ofan var rætt um framvirka gjaldeyrissölu Orkuveitunnar. Í fundargerð áhættunefndar frá 25. janúar 2008, þegar gengi íslensku krónunnar var farið að gefa eftir, virtist vera sem áhættunefnd fyrirtækisins teldi þar um yfirskot að ræða. Í fundargerðinni er rætt um að minnka vægi lágvaxtamynta og selja gjaldeyri þegar gengisvísitala krónunnar fer yfir 130 stig og kemur þar fram:

„Rætt um að minnka vægi lágvaxtamynta (JPY og CHF). Farið yfir yfirlit 31.12.2007 og 15.1.2008 ásamt þróun GVT, stöðu jöklabréfa og skuldaraálag og áhrif þessa á vísitölu, rætt um að fylg-

666 Fundargerð áhættunefndar Orkuveitunnar, 5. maí 2007.

ast vel með þróun vísitölu þegar gildið 128 til 129 er brotið og meta hvort selja eigi gjaldeyri við það stig eða þegar komið er yfir 130⁶⁶⁷

Í sömu fundargerð segir jafnframt:

„Rætt um þróun vísitölu, nú um 126, ákveðið að bíða átektu með sölu á gjaldeyri. Fjármagna þarf 7,6 milljarða fjárfestingu í HS, kaupa krónur í 128 af HS⁶⁶⁸

Í mars 2008 kemur fram í fundargerð áhættunefndar að gjaldeyrir hafi verið seldur framvirkt og virtust viðstaddir á fundi áhættunefndar telja kaupþækifæri í krónunni, enda hafði hún veikst talsvert gagnvart erlendum gjaldmiðlum, þar kom fram að:

„Upplýst að í gær voru seldar 12 milljónir GVT, til 3, 6 og 9 mánaða, spot gengi var um 151.75 til 151.50, framvirkt gengi var slakt, skást hjá Glitni, slæmt hjá Kaupþingi og Landsbanki gaf ekki verð fyrir framvirkt.“⁶⁶⁹

Á þessum tímamarki virtist áhættunefnd Orkuveitunnar telja að krónan ætti alveg örugglega eftir að styrkjast hratt á ný og gengistap Orkuveitunnar því ganga til baka:

„...margt bendir til þess að hún komi til með að styrkjast, hagsmunir stjórnvalda og SÍ eru að hún geri það og ætla má að þeir séu tilbúnir að leggja töluvert á sig til að svo verði. Tregða á SWAP markaði með krónu hamlar mögulegri styrkingu þar sem spákaupmenn eiga erfitt með að taka stöðu með krónunni. Rætt um að bankar séu hugsanlega að halda aftur af styrkingu fram yfir 3ja mánaða uppgjör. Ljóst að gengistap OR er verulegt það sem af er ári, nauðsynlegt að horfa til vaxtasparnaðar vegna gengismunar. Rætt um að langtímaþvægi krónunnar sé á bilinu 120 til 135⁶⁷⁰

Á fundi þann 12. ágúst 2008 ræðir áhættunefndin fyrst og fremst gengisþróun milli erlendra gjaldmiðla.⁶⁷¹

Á fundi 16. september 2008 segir í fundargerð áhættunefndar að:

„...helstu skaðvaldar í myntkörfunni hafa verið JPY, CHF og USD, en þessar myntir hafa verið að styrkjast gagnvart flestum myntum frá áramótum og eru með töluverða yfirvigt í safninu eins og sjá mátti á mynd á glæru 5 í kynningunni.“⁶⁷²

Það er ekki fyrr en eftir gjaldþrot bankakerfisins sem áhættunefnd fer að velta alvarlega fyrir sér að verja áhættu með einhverjum hætti á bókum fyrirtækisins. Á fundi nefndarinnar þann 15. október 2008 er rætt um að

667 Fundargerð áhættunefndar Orkuveitunnar 25. janúar 2008.

668 Fundargerð áhættunefndar Orkuveitunnar 25. janúar 2008.

669 Fundargerð áhættunefndar Orkuveitunnar 26. mars 2008.

670 Fundargerð áhættunefndar Orkuveitunnar 26. mars 2008.

671 Fundargerð áhættunefndar Orkuveitunnar 12. mars 2008.

672 Fundargerð áhættunefndar Orkuveitunnar 16. ágúst 2008.

koma á viðskiptasambandi við erlenda banka svo hægt sé að gera afleiðusamninga.⁶⁷³

Á fundi nefndarinnar þann 3. desember 2008 ræðir hún um að raungengi krónunnar sé mjög lágt og muni líklegast styrkjast á ný og kemur fram í fundargerð fundarins að:

„Raungengi krónu er nú orðið gríðarlega lágt, jafnvel lægra en það var á stríðsárunum. Verulegar líkur eru á að raungengið eigi eftir að styrkjast, bara spurning með hvaða hætti. Annaðhvort með verðbólgu, styrkingu á nafngengi krónunnar eða samblöndu af þessu tvennu.“⁶⁷⁴

Á fundi nefndarinnar þann 30. desember 2008 er rætt um gengi mynta, álverð og vaxtaferla, rætt um „skuggalegar“ verðbólguhorfur.⁶⁷⁵

Almennt var á fundum nefndarinnar mest rætt um samsetningu erlendra skulda. Erlendir gjaldmiðlakrossar voru til umræðu á flestum ef ekki öllum fundum. Að baki þeirri umræðu lá samsetning erlendra skulda Orkuveitunnar, líkleg þróun hinna ýmsu gjaldmiðlakrossa og horfur varðandi vexti ólíkra mynta. Stýringin fór fyrst og fremst fram í gegnum lántökur þannig að ef breyta átti innbyrðis vægi erlendra mynta í skuldafninu þá voru lán tekin í þeim myntum sem átti að hljóta aukið vægi í skuldakörfu fyrir-tækisins.

Íslenska krónan var rædd á öllum fundum. Af fundargerðum áhættunefndar að dæma kemur það nefndarmönnum ekki sérstaklega á óvart að krónan hafi veikst síðla árs 2007 og fyrstu mánuði ársins 2008: „...stáðan metin svo að um ástand stefnuleysis eða veikingar sé að ræða“⁶⁷⁶ segir í lok árs 2007. Rúmum mánuði síðar segir í fundargerð „Rætt um þróun vísitölu, nú um 126, ákveðið að bíða átektu með sölu á gjaldeyri“⁶⁷⁷. Í mars 2008 féll krónan hratt og var GVT 154,40 stig. Starfsmenn Orkuveitunnar virðast hafa verið þeirrar skoðunar að gengi krónu væri orðið of veikt og seldi félagið gjaldeyri fyrir krónur í mars 2008 eins og fram kemur á fundi áhættunefndar á þeim tíma, en þar segir m.a.: „Rætt um að langtímaþvægi krónunnar sé á bilinu 120 til 135“⁶⁷⁸. Í árslok 2008 kemur fram í fundargerð að raungengi krónu sé orðið of lágt og að hún muni styrkjast, þá var raungengi krónunnar 69,5 stig⁶⁷⁹ en í lok árs 2011 stóð raungengið í 75,6 stigum.⁶⁸⁰

Á fundi þann 28. janúar 2009 var rætt um að nota ný viðmið fyrir lánasafn í stað GVT, en þá hafði Seðlabanki Íslands breytt viðmiði skráningar gengisvísitölu. Að sama skapi er rætt um að koma á álagsprófum, en í fundargerð áhættunefndar í mars 2009 segir:

673 Fundargerð áhættunefndar 15. október 2008.

674 Fundargerð áhættunefndar 3. desember 2008.

675 Fundargerð áhættunefndar 30. desember 2008.

676 Fundargerð áhættunefndar 5. desember 2007.

677 Fundargerð áhættunefndar 25. janúar 2008.

678 Fundur áhættunefndar 26. mars. 2008.

679 <http://data.is/Mm6jbn> Heimild Seðlabanki Íslands.

680 Fundargerð áhættunefndar 30. desember 2008.

„Rætt um að líkur séu á að lánsþæfiseinkunn Íslands verði lækkuð niður í spákaupmennskuflokk.“⁶⁸¹

Fram kemur í fundargerðinni að áður hafi menn talið litlar líkur á að lánsþæfiseinkunn íslenska ríkisins yrði lækkuð. Í fundargerðinni kemur fram að lánsþæfismat Orkuveitunnar gæti fylgt í kjölfar ríkisins niður í spákaupmennskuflokk sem hefði slæmar afleiðingar fyrir fyrirtækið til langs tíma. Einnig koma fram vangaveltur um að þess séu dæmi að fyrirtæki innanlands í spákaupmennskuflokki séu með hærri einkunn en landið. Einnig var á fundinum rætt um hvort það væri raunhæfur möguleiki að hætta með lánsþæfiseinkunn hjá Moody's en þess í stað eyða meiri fjármunum í að bæta upplýsingaflæði til lánveitenda og loks segir:

„En burt séð frá því hvort haldið verður áfram með lánsþæfiseinkunnina eða ekki þarf að standa betur skil á hvernig við erum að mæla og meta áhættu.“⁶⁸²

Á sama fundi og lánsþæfismat Íslands og Orkuveitunnar er til umræðu ræða fundarmenn um svokallaða Enterprise Risk Management aðferðafræði, sem ætlað var að breyta og mæta áhættustjórnun Orkuveitunnar:

„ERM er heildstæð áhættustefna, þannig að litið er á áhættur fyrirtækisins sem eina heild með samrýmdri aðferðafræði. Snýst um að bera kennsl á, mæla, taka saman fyrir áhættuþætti yfir allt fyrirtækið og bera saman við mörk og þol. Áhættustefna á að lýsa hvað þarf að gera, ekki hvernig það er gert. Stefna samþykkt af stjórn, ábyrgðir skilgreindar, áhættuþol og framlag einstakra þátta í heildaráhættu. Lýsir mörkum fyrir áhættuþætti og flokkar áhættur í „manage“, „hedge“, „transfer“. Verklagsreglur útfæra stefnu nákvæmlega. ERM er langtímaverkefni og vandasamt í framkvæmd. Ekki unnið í einangrun.

Ástæður til að innleiða ERM aðferðafræði:

1. Bættur rekstur
2. Bætt stjórnslásla (e. governance)
3. Bætt upplýsingagjöf í ársreikningum: IFRS 7 og til banka og mótaðila.
4. ERM hluti af skoðun matsfyrirtækja frá og með 2009 (SE&P)

Dæmi um aðferðafræði:

1. Bera kennsl á áhættuna
2. Hverskonar áhætta er þetta mæla hana
3. Setja kvarðana saman í safni
4. Úthluta áhættufé niður á þætti. Hvað fáum við mikið fyrir að taka áhættuna
5. Fylgjast með, mæla og birta.⁶⁸³

Á fundi nefndarinnar þann 20. apríl 2009 kom svo eftirfarandi fram:

„Ingi og Gísli ásamt Höskuldi hafa verið að vinna að stefnumótunarvinnu áhættustýringar. Sýnt var gróft yfirlit yfir áhættur félagsins og drög að skýrslugjöf. Í skýrslugjöfinni er gerð tilraun til þess að meta áhættur félagsins í eina tölu. Byggist það upp á fjárhæð í húfi (e. Value-at-risk) fyrir hvern þátt markaðsáhættu, mat á mót-

681 Fundargerð áhættunefndar 11. mars 2009.

682 Fundargerð áhættunefndar 11. mars 2009.

683 Fundur áhættunefndar 11. mars 2009.

*aðilaáhættu og úthlutun á eiginfé, þar sem eigið fé er grunnur að áhættuþoli félagsins. Í þessari greiningu er horft til væntra tekna af raforkusölu til stóriðju sem ekki birtast í efnahagsreikningi félagsins. Anna gerði athugasemdir við þessa framsetningu þar sem eigið fé tekur ekki tillit til þessara tekna. Í framhaldi var því velt upp hvort hugsanlega þurfi að nota leiðrétt eigið fé, sem tillit tekur til samningsbundnatekna, sem grunn að áhættuþoli félagsins.*⁶⁸⁴

Árið 2010 verður breyting á fundargerðum áhættunefndar. Kynningar fylgja fundargerðum og fram kemur að gerð áhættustefnu standi yfir. Eins voru þróaðar ítarlegar áhættuskýrslur á sama tíma þar sem áhætta vegna áls, gjaldmiðla, vaxta, lausafjár o.fl. er mæld og greind. Ekki verður séð að slíkar skýrslur hafi verið gerðar reglulega fyrr en árið 2010. Umræður eru á fundum 2010 um lausafjárstöðu Orkuveitunnar og líklegt greiðslufall árið 2011. Engar áætlanir virðast liggja fyrir.

Á fundi áhættunefndar Orkuveitunnar þann 3. desember 2010 verður ekki annað séð en að stjórnendur fyrirtækisins telji greiðslufall á árinu 2011 mjög raunhæfan möguleika. Í fundargerðinni kemur m.a. fram að laust fé muni að öðru óbreyttu verða uppurið að fimm mánuðum liðnum. Einnig voru þá stórir gjalddagar framundan næstu árin.

19.9 Niðurstöður og ályktanir

Hér á undan hefur verið fjallað um þær aðstæður sem Orkuveitan bjó við á lánamörkuðum auk þess hvernig fjármögnun og áhættustýringu var háttáð á því tímabili sem til skoðunar er. Aðgangur íslenskra fyrirtækja að erlendu fjármagni á árunum 2002–2007 var nánast takmarkalaus. Orkuveita Reykjavíkur var þar ekki undanskilin og sótti nánast alla sína fjármögnun til erlendra banka. Félagið naut trausts, enda með bakábyrgð eigenda, sem báru ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins. Af þeim sökum var fjármagnskostnaður Orkuveitunnar í erlendum myntum afar lágur. Sterk lánshæfiseinkunn fyrirtækisins á árinu 2007 var ekki síst vegna bakábyrgðar eigenda, sem grunneinkunn Orkuveitunnar sýnir glögglega.

Uppsafnað gengistap fyrirtækisins á tímabilinu nemur 83.698 millj.kr. á verðlagi hvers árs sem gerir 100.866 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Fall íslensku krónunnar er því án efa stærsta einstaka ástæðan fyrir fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Uppsafnað gengistap tímabilsins er ekki eingöngu vegna fjármögnunar í erlendri mynt heldur hefur fyrirtækið einnig tapað vegna samsetningu mynta miðað við samsetningu gengisvísitölu íslensku krónunnar en sú vísitala var til viðmiðunar við fjármögnun Orkuveitunnar. Tap fyrirtækisins vegna þessa nemur 12,2 milljörðum kr. samanlagt á meðalverðlagi ársins 2010.

Orkuveitan er ekki eina íslenska fyrirtækið sem, á árunum fyrir gjaldþrot bankakerfisins og gengisfall krónunnar, freistaðist til þess að skuldsetja sig í erlendum myntum án þess að hafa nægilegar erlendar tekjur til að mæta afborgunum. Hins vegar verður ekki annað séð en að hraði skuldsofnunar Orkuveitunnar hafi verið með þeim hætti að stjórnendur fyrirtækisins hafi talið það fjarlægán möguleika að gengi íslensku krónunnar myndi veikjast að einhverju ráði. Til marks um þetta eru umræður áhættunefndar, en allt

684 Fundur áhættunefndar Orkuveitunnar 20. apríl 2009.

fram til ársloka 2008 virtust nefndarmenn í áhættunefnd trúa því að krónan myndi ná fyrri styrk eftir gengisfallið við gjaldþrot bankakerfisins.

Sú áhætta sem fólst í gengisveikingu krónunnar var ekki varin. Orkuveitan tók stöðu með íslensku krónunni. Meðal þess sem notað var til að réttlæta þessa stöðutöku var vaxtasparnaður miðað við það ef allar skuldir Orkuveitunnar hefðu verið í íslenskum krónum, en vaxtamunur milli Íslands og útlanda var sem kunnugt er talsverður á síðasta áratug. Tímabundinn ávinningur, sem fólst í gengishagnaði og vaxtasparnaði, bætti bókfærða afkomu Orkuveitunnar mjög á árunum 2002–2007. Að sama skapi gerðu lág fjármagnsgjöld á árunum 2002–2007 fyrirtækinu kleift að borga út arð til eigenda sinna.

Verðlagning á þjónustu Orkuveitunnar tók mið af fjármagnskostnaði m.v. erlenda skuldsetningu. Sá fjármagnskostnaður er lægri en ef fyrirtækið hefði fjármagnað sig í íslenskum krónum. Rétt hefði verið að bæta áhættuálagi við vegna gjaldmiðlaáhættu. Til lengri tíma litid á ekki að skipta máli í krónum talið hvort fjármögnun er í krónum með tilheyrandi fjármagnskostnaði eða í erlendum myntum. Gengismunur mun á endanum vinna á móti vaxtamun, eins og hefur glögglega sýnt sig í tilfelli Orkuveitu Reykjavíkur.

Eins og kom fram í kaflanum hefur vaxtamunur verið jákvæður en gengismunur neikvæður. Þetta gildir hvort heldur sem borið er saman við gengisvísitöluna eða við fjármögnun í íslenskum krónum. Jákvæður vaxtamunur leiðir til þess að greiddur fjármagnskostnaður er lægri en hann hefði verið ef fyrirtækið væri fjármagnað í íslenskum krónum. Þannig minnkar þörf fyrir gjaldskrárhækkanir og svigrúm til arðgreiðslna er meira en ella. Með öðrum orðum var áhættuálag Orkuveitunnar of lágt og arðsemi fyrirtækisins var ekki næg til að standa undir ávöxtunarkröfu íslensks vaxtaumhverfis á árunum 2001–2008.

Þá vekur athygli að rökstuðningur fyrir því að hagstæðara sé að fjármagna sig í erlendri mynt og spara þannig fjármagnskostnað byggist á sögulegri vaxtaþróun mynta. Þá ber að líta til þess að gjaldeyrishöft voru við lýði á Íslandi til ársins 1993 og raunar til ársins 1997. Þá var gengi krónu ekki fleytt fyrr en árið 2001. Þess vegna voru ytri aðstæður aðrar eftir 2001 en þær voru fyrir þann tíma. Samanburður var því ekki raunhæfur eða í besta falli ekki nægilega víðtækur.

Færa má rök fyrir því að ef Orkuveita Reykjavíkur hefði alfarið fjármagnað sig með verðtryggðum lántökum í íslenskum krónum hefði höfuðstóll skulda fyrirtækisins vaxið hraðar á árunum 2002 – 2007. Geta fyrirtækisins til aukinnar skuldsetningar hefði dregist saman fyrr og skuldastaða fyrirtækisins hugsanlega viðráðanlegri en ella. Það er að segja, aðgengi Orkuveitunnar að nýju lánsfé hefði sennilega verið lakara á síðari hluta tímabilsins 2002–2007, hefðu allar nýjar skuldir fyrirtækisins frá aldamótum verið í íslenskum, verðtryggðum krónum. Segja má að raunverulegur fjármagnskostnaður fyrirtækisins hafi verið falinn af of hátt skráðu gengi krónunnar um nokkurt skeið. Færa má rök fyrir því að fjárfestingaákvæðanir og ákvæðanir í tengslum við gjaldskrá hefðu verið aðrar, ef fjármagnskostnaður Orkuveitunnar hefði verið í takt við íslenskt vaxtaumhverfi.

Álagspróf voru ekki gerð fyrr en í fyrsta lagi árið 2009. Áhætta virðist ekki hafa verið greind með fullnægjandi hætti fyrr en þá, þó vissulega hafi verið gerð grein fyrir henni í reglulegum uppgjörum fyrirtækisins. Fulltrúar greiningarfyrirtækisins Ráðgjöf og efnahagsspár, síðar Askar Capital,

héldu reglulega kynningar fyrir stjórn fyrirtækisins þar sem kynntar voru upplýsingar um skuldastöðu fyrirtækisins, gengishagnað og –tap auk fjárhæða um vaxtasparnað. Stjórn fyrirtækisins mátti því vera ljóst að skuldir fyrirtækisins voru að mestu í erlendum myntum. Hins vegar er erfitt að ætlast til þess að þeir einstaklingar sem sátu í stjórn Orkuveitunnar á árunum í aðdraganda gengisfalls krónunnar hafi verið meðvitaðir um hvað var framundan í gengismálum, frekar en langstærstur hluti allra landsmanna. Þar að auki kvað áhættustefna Orkuveitunnar á um að miðað skyldi að því að lágmarka vaxtakostnað og miða hann við gengisvog Seðlabankans. Þá áhættustefnu samþykkti stjórn hins vegar á árinu 2004 og aftur á árinu 2006 með viðbótum. Ekki verður annað lesið úr þeirri áhættustefnu en að stjórn hafi þannig markað þá stefnu að fjármagna Orkuveituna í erlendum myntum.

Upplýsingakerfi Orkuveitunnar voru ekki fullnægjandi til þess að meta áhættu. Þannig tók langan tíma fyrir starfsmenn að reikna út áhættu, eftir því sem fram kom í samtölum skýrsluhöfunda við starfsmenn fyrirtækisins.

Svo virðist sem meðvituð ákvörðun hafi verið um að taka gjaldmiðla-áhættu. Henni var svo stýrt með ádrætti á lán þar sem hægt var að velja lánsmynt. Í áhættustýringu Orkuveitunnar var ekki mikið um afleiðuvíðskipti í þeim tilgangi að verja áhættu, þó svo að markmið áhættustjórnunar hafi kveðið á um að notkun slíkra gjörninga væri heimil. Framvirk víðskipti með gjaldeyri voru einhver, en meginþorri slíkra víðskipta sneri að framvirkum kaupum á erlendum gjaldmiðlum með greiðslu í erlendum gjaldmiðlum. Jafnframt voru gerðir vaxtaskiptasamningar í milli erlendra mynta, en vaxtaskiptasamningar í íslenskum krónum og gjaldmiðlaskiptasamningar í íslenskum krónum á móti erlendum myntum voru fátíðir.

Vaxtaáhættu var sömuleiðis stýrt í gegnum lántökur. Meginþorri lána var á breytilegum vöxtum og eingöngu er vitað um einn vaxtaskiptasamning þar sem vaxtaáhættu var breytt (stýrt).

Áhættu vegna innbyggðra álafleiðna í orkusölusamninga var stýrt í fyrsta sinn árið 2011. Áhættunefnd fjallaði reglulega um áláhhættu og þann möguleika að gera afleiðusamninga til þess að stýra áhættunni en það var ekki framkvæmt fyrr en nýlega sem fyrr segir. Í krónum mælt hefur Orkuveitan hagnast á innbyggðum álverðsafleiðum. Ekki er sömu sögu að segja í erlendum myntum, en Orkuveitan gerði raforkusölusamninga sína á tímabili sem álverð var mjög hátt.

Lausafjárahætta var ef til vill minna vandamál áður eða til ársins 2008. Lánsfé var auðvelt að nálgast og þannig var hægt að fá lán fyrir gjalddögum og framkvæmdum. Þegar staða Orkuveitunnar versnaði og erfiðara var að fá lán reyndi líklega fyrst á lausafjástýringu. Staðlaðar skýrslur voru fyrst þróaðar árið 2010. Þrátt fyrir að gæðahandbók fjallaði ítarlega um verklag við áhættustýringu hefði þurft betri yfirsýn yfir áhættuna, t.d. með reglulegum, stöðluðum skýrslum. Þessu hefur verið breytt til betri vegar á árinu 2012.

20. Ástæður fyrir fjárhagslegri stöðu Orkuveitu Reykjavíkur að mati viðmælenda úttektarnefndarinnar

Eins og áður hefur komið fram höfðu flestir viðmælendur úttektarnefndarinnar komið beint eða óbeint að stjórnun og rekstri fyrirtækisins. Því var talið afar gagnlegt að fá mat þeirra á hverjar væru meginástæður fyrir núverandi fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Svör þeirra koma fram hér að neðan eftir stafrófsröð viðmælanda. Þegar á heildina er litið er gott samræmi í mati þeirra og þeirra niðurstaðna sem fram koma í köflunum hér að framan.

Björn Ingi Hrafnsson

Eftir á að hyggja er ljóst að Orkuveitan óx mjög hratt og bratt. Mjög miklar og hraðar fjárfestingar voru gerðar miðað við áætlanir sem voru í gangi um uppbyggingu á Íslandi og augljóslega setur tvenns konar efnahagshrun á Íslandi slíkt í fullkomið uppnám, ekki síst þar sem fyrirtækið var mjög útsett fyrir þróun á gengi íslensku krónunnar. Ef áætlanir um uppbyggingu stóriðju hefðu allar gengið eftir og við Íslendingar sloppið við hrun efnahagslífsins árið 2008, væri staðan auðvitað allt önnur. En eftir á að hyggja var farið of hratt í skuldsetningu, of mikil áhætta tekin gagnvart gengi gjaldmiðla og á því bera allir ábyrgð sem komu að stjórn fyrirtækisins undanfarin ár. Hins vegar má ekki gleyma því að þetta er, þrátt fyrir allt, gífurlega stöndugt fyrirtæki og það skapar mjög miklar tekjur og ef allt gengur að óskum þá verður hægt að líta á vandræðin núna sem mikilvæga lexíu. Þetta hefði allt getað farið mjög vel. Þetta hefði líka getað farið mjög illa. En á þessum árum, væntanlega frá 2002 til 2010 eða þar um bil, er Orkuveitan og fjármálastjóri hennar (sem kom frá sambærilegu starfi í Reykjavíkurborg) rómuð fyrir gott láns-hæfismat og einstakt aðgengi að erlendum lánamörkuðum. Í stjórn fyrirtækisins voru þessir lánasamningar kynntir með miklu stolti, þetta væru mjög hagstæðir samningar með nánast sambærilegum kjörum og ríkið var að fá og í rauninni bara frábærir samningar. Undir það tóku eftirlitsaðilar sem skiluðu til okkar skýrslum um áhættumat á fjárfestingum, gjaldeyrisstöðu og lánamálum almennt. Það var sérstaklega tiltekið hversu góð sambönd Orkuveitan hefði á þessum bestu mörkuðum og annað slíkt, þannig að, allavega held ég, að stjórnarmenn almennt hafi ekki vitað betur en að það væri í gangi nauðsynleg vinna varðandi áhættumat og dreifa áhættunni. Ekki höfðu almennir stjórnarmenn í sjálfu sér neinar forsendur til þess að meta það með öðrum hætti. Og menn höfðu ekki neinar upplýsingar um annað en að það gengi bara nokkuð vel, sem er sambærilegt við það hvernig ýmsir aðrir opinberir aðilar höguðu lántökum sínum á árunum fyrir hrun.

Bryndís Hlöðversdóttir

Hátt hlutfall skulda í erlendri mynt og tekjur í innlendri er auðvitað ein stór orsök. En ég held að það náttúrulega hljóti að vera, að hagsmuna þessa fyrirtækis hafi ekki verið nægilega gætt í rekstri þess í gegnum tíðina og ég held að eigendur þessa fyrirtækis hljóti að horfa til þess hvað þeir hafi gert rangt. Ég held að það sé mikil einföldun að skella skuldinni á einhverja einstaka stjórnarformenn eða forstjóra. Ég held að menn hljóti að horfa bara á allt spektrumið í gegnum fyrirtækið og hvað í raun og veru brást. En, ég held líka

að það mætti búa til umgjörð, eða hefði mátt búa betri umgjörð utan um fyrirtækið til þess bara að tryggja að hagsmunir þess væru í fyrirrúmi, sem ég held að hafi skort á og kannski tengist þessu sem ég er að segja með samskiptin við eigendur. Ég reyndar hef svo mikla trú á því að skýr hlutverkaskipti og skýrt regluverk, upplýsingagjöf og skýrar verklagsreglur séu bara forsendur þess að hægt sé að reka fyrirtæki vel. Og ef eitthvað er, þá er það ennþá mikilvægara í opinberum fyrirtækjum, því að í fyrirtæki eins og þessu þá er ekki kannski bara hagnaðar- eða gróðavon. Í einkafyrirtæki eða hlutafélagi þá eru það peningarnir sem tala fyrir hönd eigendanna og afkoman, en þú ert einmitt í flóknari mynd þegar eigandinn er pólitíkin og þá þarf að passa enn betur upp á þessar girðingar og að það sé gengið um fyrirtækið af virðingu með hagsmuni þess að leiðarljósi.

Dagur B. Eggertsson

Það er ákveðin stefna sem litar vorið 2006, sem að VG myndi kalla stóriðjustefna. Ég meina að fyrirtækið, fjárhagur þess og allar áætlanir eru lagðar undir draum um að virkja alveg gríðarlega mikið til þess að selja rafmagn til stóriðju. Án þess að vera með áhættumat. Án þess að sýna fram á hvernig fjárhagur fyrirtækisins þróast í ljósi þessara áforma. Jafnvel þó að það hafi verið kallað eftir því af stjórnarmanni Samfylkingarinnar. Ekki bara í einhverri umræðu inni á stjórnarfundum, heldur í bókudum formlegum fyrirspurnum sem koma skýrt fram í fundargerðum þó þær hafi verið trúnaðarmál á þessum tíma. Þetta snerist um að sýna ábyrgð í stjórn fyrirtækisins en ekki að slá einhverjar pólitískar keilur. Nýr meirihluti Framsóknar og Sjálfstæðisflokks rak hins vegar skýra útþenslustefnu. Til þess að framfylgja henni, þá er farið í svona mumbo jumbo, sem við vitum núna að var mjög víða í samfélaginu, að belgja út efnahagsreikninginn með því að endurmeta eignir Orkuveitu Reykjavíkur til þess að bara auka veðhæfi og lántökumöguleika. Þetta var nefnilega allt tekið að láni, án nokkurrar þolinmæði. Framkvæmdaáætlanirnar voru bara þre- og fjórfaldaðar milli ára og menn treystu því að geta selt orku endalaust, og finna orku endalaust. Þannig að þetta var ekki aðeins rekstrarleg og framkvæmdaleg bjartsýni heldur líka mikil jarðfræðileg bjartsýni. Við Helguvíkuraformin bættust Straumsvíkuraformin. Við vorum líka á móti Helguvíkursamningnum, vegna þess að á þessum tíma var Orkuveitan líka skuldbundin álverinu í Straumsvík að leggja þeim til 200 megavött til stækkunar og svo átti að bæta hinu ofan á. Núna eigum við nógu erfitt með Helguvík eina. Pólitíska umræðan í landinu fléttast í þessu inn í borgarpólitíkina. Eftir átökin um Kárahnjúka var fólk sett í svona latte/lopapeysudeildina eða atvinnulífsdeildina eftir skoðunum sínum á virkjunum og stóriðju. Það var engin athygli eða eftirspurn eftir sjónarmiðum sem lágu þarna einhvers staðar á milli og við héldum á lofti eins og að spyrja um fjármögnun, spyrja um áhrif á fjárhag, eigin fé og þar fram eftir götunum. Við fengum að heyra eitthvað í ætt við: „já, þykist þú eitthvað vera svona verseraður lopatreifill sem berð fyrir þig tölur og jarðfræði. Viðurkenndu bara að þú ert á móti virkjunum. Þú ert á móti uppbyggingu í atvinnulífinu.“ Svona voru bara öfgarnar í þessari umræðu. Og síðan skorti skýrara hlutverk eigenda og að borgarstjórn nýtti sér þau tæki sem hún hafði. Fyrirspurnum okkar

og áhyggjum á þeim vettvangi var svarað seint, illa eða ekki. Þetta hefði allt mátt vera betra og hlutverk okkar sem sveitarstjórnarmanna skýrara gagnvart stjórnendum OR og aðhald stjórnar OR gagnvart stjórnendum fyrirtækisins einnig. Það var allt, allt of lítið.

Eiríkur Hjálmarsson

Í fyrsta lagi of miklar fjárfestingar. Í öðru lagi fjárfestingar sem eru fjármagnaðar með of áhættusömum hætti, ofmetnaður sem er þar undirliggjandi og ofurtrú á getu eða fjárhagslega stöðu fyrirtækisins. Í þriðja lagi hrunið. Undirliggjandi er líka er kúltúrvandi hjá OR og stefnuvandi og afstöðuvandi Reykjavíkurborgar gagnvart Orkuveitunni, þar sem menn hafa gjarnan viljað láta fyrirtækið uppfylla pólitískan metnað sem borgarsjóðurinn gat ekki.

Guðlaugur G. Sverrisson

Pólitísk. Lausafjórvið fólagsins sem ég var stöðugt að benda á allan tímann út af 2013. Ég sá hann 2008, ég sá hann 2009, ég sá hann 2010.

Guðlaugur Þór Þórðarson

Það voru mikil mistök að útvíkka starfsemi Orkuveitunnar. Staðan væri önnur ef fyrirtækið hefði einbeitt sér að kjarnastarfseminni. Það hefur farið mikil orka í hluti sem eiga ekki að vera á borði fyrirtækisins. Mikill kostnaður hlaust af höfuðstöðvunum og fjárfestingu í óskyldri starfsemi sem hefur ekki skilað sér. Fjáraustur til Reykjavíkurborgar í formi millifærslna og aukins arðs kemur eðli málsins samkvæmt niður á fyrirtækinu. Það eru ákveðnir aðilar sem að eiga að upplýsa og vara við eins og t.d. endurskoðendur, matsfyrirtæki og fleiri. Það væri fróðlegt að skoða ábendingar þeirra. Áhættustýring hefur væntanlega ekki verið jafn góð eins og menn töldu. Seinkun á framkvæmdum við stóriðju hefur augljóslega komið niður á fyrirtækinu. Orð núverandi borgarstjóra um að fyrirtækið væri á hausnum eru væntanlega ein dýrustu orð í sögu borgarinnar. Væntanlega hefur verið farið of seint í hækkningar á gjaldskrá fyrirtækisins en ég hef ekki haft tækifæri til að skoða þessa hluti í nokkuð mörg ár. Ég tel að það hefði átt að vinna með niðurstöður hagræðingar- og stefnumótunarnefndarinnar. Verkefni hennar var að kanna: 1) Arðsemi Orkuveitunnar, dótturfyrirtækja og einstakra rekstrareininga. 2) Rekstrarform og skipulag OR, með tilliti til þróunar sambærilegra fyrirtækja á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu. Hvaða kröfur eru gerðar til slíkra fyrirtækja í EES samningnum, en í dag er OR sameignarfyrirtæki sem starfar með einfaldri hlutfallslegri ábyrgð eigenda sinna. 3) Fýsileika þess að stofna formlegar rekstrareiningar utan um ákveðna þætti í starfsemi OR með tilliti til arðsemi og áhættu. 4) Tekju- og gjaldaþróun félagsins frá 1999-2006. Þar með talið greining á verðþróun á hita, rafmagni og vatni í Evrópu, með tilliti til verðþróunar hér á landi

og hvaða áhrif slík viðmiðun hefði á efnahag og rekstur OR. 5) Tækifæri til hagræðingar eða betri nýtingu þess fjármagns og mannaauðs sem er innan vébanda OR. 6) Aðkomu OR í fjárfestingum í erlendum orkuverum og sölu á tækni- og þjónustubáttum. 7) Stöðu einkaleyfismála hjá OR með tilliti til þess hvort að slík einkaleyfi geti skapað tekjustraum fyrir fyrirtækið. Ef mönnum hefði borið gæfa til að vinna með niðurstöður hagræðingar- og stefnumótunarnefndarinnar þá væri staðan örugglega betri.

Guðmundur Þóroddsson

Ég vil nú helst ekki svara henni. Á þessum tíma er ég farinn og augljóslega eru teknar ákvarðanir eftir að ég fór sem skópu misræmi í greiðslugetu og greiðsluþörf. Ég get ekkert verið að velta vöngum um réttmæti þessara ákvarðana. Ég var ekki viðstaddur þessar ákvarðanir. Ég efa það ekki að fyrir þeim hafi verið góðar ástæður. Það er alltaf auðvelt segja það mistök eftir á, en sýnin er ekki sú sama þegar þú ert í miðri hringiðunni og sérð ekki fram í tímann.

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Ég myndi segja að það sé vegna þess að OR missti sjónar á hlutverki sínu, hún gerði það mjög fljótt eftir sameiningu veitufyrirtækjanna og gerði það mjög fljótt eftir að hún varð einhvern veginn ríki í ríkinu. Þetta gerist með skýrustum hætti við upphaf valdatíma R-listans þegar stjórnaformennskan í fyrirtækinu verður allt í einu að einu valdamesta embætti borgarinnar. Í framhaldi af því missir fyrirtækið sjónar á almannahlutverki sínu þó hún sinni því vel, fer að haga sér eins og einkafyrirtæki með eigin stefnu og OR varð eins og sjálfstæð valdaeining í borgarkerfinu sem var bæði óeðlilegt og óæskilegt. Menn þar fóru líka inn í verkefni sem OR átti alls ekki að koma nálægt og borgarstjórn tók ekki nægilega skýra stjórn fyrr en átök um framtíð fyrirtækisins urðu svo harkaleg og djúpstæð að þau rufu samstöðu innan flokka og meirihluta. Sú atburðarás í Reykjavík endurspegladi að mörgu leyti þau átök sem urði í kjölfar hrunsins þar sem samkrull hins opinbera við einkaaðila og áhrif þess á almannahagsmuni verður tilefni mikilla skoðanaskipta um algjör grundvallaratriði. En fyrst og síðast er ástæðan fyrir fjárhagsstöðunni að fyrirtækið missti fyrir löngu, löngu síðan sjónar á hlutverki sínu og gekk allt of langt í að fjárfesta og fara í framkvæmdir og sinna gæluverkefnum þáverandi stjórnenda. Þetta sést á því að langstærstur hluti skulda fyrirtækisins verður til á árunum til 2006. En á móti kemur og því má ekki gleyma að OR er öflugt fyrirtæki, sem hefur þjónað íbúum og mun gera það í framtíðinni. Og miðað við það hvernig skuldastaðan varð vegna hrunsins, þá er það í raun algjört afrek að fyrirtækið skuli hafi komist í gegnum þessa tíma. Og fyrirtækið mun komast í gegnum framhaldið, en það má ekki fela í sér frekari fórnir fyrir almenning heldur verður það að gerast með þeim hætti að fyrirtækið minnki eigin umsvif, selji það sem ekki tilheyrir grunnþjónustu og gæti sín á því að vera einungis í þeim verkefnum. Og þá mun þessu fyrirtæki aftur vegna vel, komast á réttan stað og rúmast á einni hæð í þessu alltof stóra og dýra húsi.

Helgi Hjörvar

Ef ég ætti að hafa kenningu um hvað fór úrskeiðis, þá væri hún sú að í stað þess að þetta yrðu verkefni til þess að nýta betur þetta sameiginlega fyrirtæki borgarbúa, þá geti það verið og nú ætla ég ekki að fullyrða það því að ég var ekki á vettvangi, þá geti verið að aukaverkefni hafi orðið aðalverkefni. Það er að segja þegar er farið inn á þá braut að ætla að framleiða raforku fyrir stóriðju. Ég fór 2002, en stundum hefur það verið reynsla mín í kringum svona rekstur óskyldan að vandamál megi oft rekja til þess að á einhverju tímabili hafi menn heykst á því að taka gjaldskrárákvarðanir. Það skiptir engu máli hvort það eru opinber félög, eða hvað það er. Það er bara að ef það eru vandamál, þá er mjög oft ástæðan sú að menn hafa ekki haft þrek, pólitískt þrek til þess bara að segja það, til að hækka gjaldskrár. Og það var ekki vandamál 1994 til 2002. En það gæti líka verið hluti af þessu vandamáli núna.

Haraldur Flosi Tryggvason

Það er nú svo margþætt. Auðvitað er hægt að klæða þetta í alls konar búning. Skoða samfélagið fyrir utan og hvernig voru viðskipti að gerast á þessum tíma. Konkret er það þannig að það eru veitufyrirtæki sem er að sinna lögboðnum hlutverkum. Koma hérna saman og er steipt saman í fyrirtæki með sérstökum lögum og búinn til nýr efnahagsreikningur sem síðan er notaður til þess að skuldsetja, til þess að fara í þessa miklu útrás og framkvæmdir. Ef maður reynir að skilja verk manna, þá var þetta náttúrulega viðtekið á þessum tíma. Þetta var góð hugmynd í rekstri almennt og þarna erum við að færa opinberan rekstur yfir í svona eitthvað semi-einkaréttarlegt og beita þeim brögðum sem voru í gangi á þeim tíma. Þannig að niðurstaðan er edlilega sú sama og hjá fyrirtækjum sem höfðu hvað mest við á þessu tímabili. Að skuldsetningin er óhæfileg og síðan spilar fleira inn í.

Haukur Leósson

Hefði Orkuveita Reykjavíkur selt hlutinn sjálf í Landsvirkjun, sem hún átti með réttu, má segja að lántökur hefðu lækkað samsvarandi, eða um 39,4 milljarða. Eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur var fært niður sem nemur þessum eignarhluta. Það sem verra er, er að þessi skuldabréf fóru til að greiða niður stóra skuld borgarsjóðs við Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar. Árið 2007 er hluturinn seldur og ég var alltaf að röfla við þá, „Bíddu, ég vil fá þennan hluta inn í Orkuveituna, hún á þennan hlut.“ Ég segi að þetta séu 100 milljarðar og sundurliðast þannig að 39,4 milljarðar eru fyrir hlutinn og 31,7 milljarðar vegna arðgreiðslna 1998 til 2010, mismunurinn upp á 28 milljarða er Bæjarhálsinn, Gagnaveitan og verk í vinnslu, svo sem Hverahlíð og fleira á Helligshéiðinni auk nýju og óbyggðu íbúðahverfanna á höfuðborgarsvæðinu. Það að hafa látið frá sér Sogsvirkjanirnar, sem eru gullmoli er grafalvarlegt mál. Ef borgin vildi eiga í Landsvirkjun, þá átti hún bara að borga fyrir hlutinn sinn sjálf í stað þess að taka hann út úr OR. Þetta er eins og þegar Perlan var byggð og fleira og segja bara, Orkuveitan borgar.

Helgi Þór Ingason

Á einhverjum tímapunkti voru peningamálin orðin svo umfangsmikil að Orkuveitan var í raun og veru alveg jafn mikil fjármála-
fyrirtæki eins og orkufyrirtæki. En innviðir Orkuveitunnar endurspeglu það ekki. Þetta er ábyggilega mikilvægt atriði, að menn aðlöguðu sig ekki að breyttum aðstæðum og breyttu umhverfi og það var ekki brugðist við nógu snemma. Þessi tilhneiging líka að horfa á björtu hliðarnar og að allt færi vel. Að taka ekki fast á málum hérna fyrir. Kannski hefði það farið öðruvísi, kannski ekki, ég veit það ekki. Svo er það tilvistarspurning Orkuveitunnar. Er hún ekki fyrst og fremst veitufyrirtæki - hið grandvara tæknifyrirtæki sem veitir borgur-
unum á höfuðborgarsvæðinu þjónustu og tryggir það að þeir fái vatnið og rafmagnið? Á tímabili virðast ráðandi öfl hafa haft þá sýn að við kynnum meira en aðrar þjóðir í orku og að Orkuveitan hefði eitthvert erindi út fyrir landsteinana og ekki bara það, hún skyldi fara í uppkaup á veitufyrirtækjum hér innanlands. Hvar liggur fyrir ákvörðun um þetta? Og var hún rökstudd og var hún endurmetin á þessum árum? Hvernig gerist þetta í opinberu fyrirtæki? Hversu langt nær ábyrgð stjórnarmanna. Þeir horfa með mismunandi hætti á ábyrgð sína. Sumir segjast bara bera pólitíska ábyrgð. Hvað þýðir það? Í venjulegum fyrirtækjum berðu býsna mikla ábyrgð sem stjórnarmaður og þetta hlýtur að hafa áhrif á viðhorf þitt til áhættu. Mér finnst ábyrgð stjórnarmanna í Orkuveitunni hljóti að eiga vera sambærileg og ábyrgð stjórnarmanna í hlutafélögum almennt. Þannig að ég held að skýringin sé að hluta til líka uppbygging fyrirtækisins og þetta samspil, hvernig staðið er að stjórnun þess.

Jón Gnarr

Bara, ég held út af stefnuleysi, aðallega og illa ígrunduðum fjárfestingum. Stefnuleysi fyrirtækisins hefur gefið af sér ábyrgðarleysi. Eins og fólk hafi ekki alveg vitað hvar ábyrgð þess lá. Hvar ábyrgðin lá og hefur þess vegna oft kannski verið líklegra til þess að skuldbinda fyrirtækið í einhverjum ákvörðunum sem voru óraunhæfar, vegna þess kannski að það var ekki ljóst hver bæri ábyrgðina á því. Og, einnig, óskynsamlegar fjárfestingar.

Kjartan Magnússon

Fyrirtækið fór langt út fyrir hlutverk sitt með offjárfestingum og brudli. Áratugum saman voru forverar Orkuveitunnar, veiturnar þrjár, íhaldsöm borgarfyrirtæki, sem ræktu það hlutverk að útvega Reykvíkum og öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu heitt vatn, kalt vatn og rafmagn á góðu verði. Eftir sameiningu þeirra í eitt fyrirtæki um síðustu aldamót, hvarf þáverandi borgarstjórnarmeirihluti R-listans frá fyrri gildum og gerði Orkuveituna að vettvangi fyrir margvísleg gæluverkefni og áhættufjárfestingar. Nefna má Línu.net, kaup á óarðbærum landsbyggðarveitum, byggingu Orkuveituhússins sem og misheppnaðar fjárfestingar í rækjueldi og hörverksmiðju. Allt hefur þetta kostað sitt og orðið Orkuveitunni þungt í skauti, ekki síst þær fjárfestingar sem fjármagnaðar voru með lánum. Safnast þegar saman kemur. Of háar skuldir og ónógar gjald-
eyrisvarnir. Tilhneiging til lántöku og annarra fjárhagslegra skuldbindinga var of mikil, m.a. vegna greiðs aðgangs að lánsfé. Vegna hárra vaxta á Íslandi var Orkuveitan að mestu fjármögnuð með erlendum

lánnum eins og mörg önnur fyrirtæki. Á miðju mesta fjárfestingartímabili í sögu fyrirtækisins hrundi krónan og þá kom í ljós að gjaldyrisvarnir voru ekki nægilegar. Eftir stofnun Orkuveitunnar voru greiðslur frá henni til eigenda auknar gífurlega, sem hafði sín áhrif á rekstur hennar og skuldasöfnun. Of geyst var farið í skuldbindingar vegna raforkusölu frá Hellisheiði á árunum 2003–2006, sem kölluðu á miklar og kostnaðarsamar virkjanaframkvæmdir. Frá hruni íslenska fjármálakerfisins haustið 2008 lögðu stjórnendur Orkuveitunnar mikla áherslu á að viðhalda lánstrausti hennar erlendis. Þeir náðu árangri eins og áframhaldandi lánaþyrngreiðsla frá erlendum bönkum eftir hrun ber vitni um. Nýr borgarstjórnarmeirihluti, sem tók við völdum sumarið 2010, gróf hins vegar undan trúverðugleika Orkuveitunnar gagnvart lánardrottnum, sem fylgdust náði með fyrirtækinu á þessum tíma. Stjórnendum, sem höfðu viðhaldið góðu sambandi við erlenda lánardrottna var fyrirvaralaust vikið frá. Þess í stað var ráðinn forstjóri, sem var persónulegur vinur nýs stjórnarformanns en hafði hvorki þekkingu né reynslu á því sviði, sem var mest aðkallandi hjá Orkuveitunni á þessum tíma þ.e. fjármögnun stórfyrirtækja. Það hjálpaði vissulega ekki forstjóranum að á þessum tíma gáfu nýr stjórnarformaður og borgarstjóri út óábyrgar yfirlýsingar um stöðu fyrirtækisins. T.d. gaf borgarstjóri út yfirlýsingu á opinberum vettvangi um að fyrirtækið væri gjaldþrota. Ljóst er að slíkar yfirlýsingar stórsköðuðu lánstraust Orkuveitunnar og komu fyrirtækinu í enn verri stöðu en það var í. Við þetta má bæta að sá forstjóri, sem stýrði Orkuveitunni frá miðjum ágúst 2010 til 1. marz 2011 taldi sig vanhæfan til að eiga samskipti við stærsta viðskiptavin fyrirtækisins, Norðurál. Fáheyrt er, ef ekki einsdæmi, að stjórn stórfyrirtækis ráði mann í forstjórarstarf, sem vanhæfur er til að eiga samskipti við stærsta viðskiptavin þess og stefni þannig miklum hagsmunum í voða.

Ólafur Jónsson

Gegndarlaus soun og sukk. Eins og ég var að segja, kaupa þetta og hitt, tóm helvítis vitleysa. Eins og með vatnslindina á Snæfellsnesinu, hitaveiturnar og margt fleira. Allt var þetta til að henda peningum. Gott dæmi eru höfudstöðvarnar að Bæjarhálsi. Þetta er hvorki traust né gott hús auk þess sem það var gríðarlega dýrt. Einnig vantaði ákveðnari stjórn, meiri formfestu og stefnumörkun eigenda. Það var eins og tekin væri fjöl úr botninum á peningakassa. Það var gegndarlaust sem lak út.

Ólöf S. Pálsdóttir

Helstu ástæður fyrir núverandi fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur eru í veigamestu atriðum vegna áhrifa fjármálahrunsins 2008, framkvæmdahraða fjárfestinga, hárra arðgreiðslna til eigenda og gjaldskrárstefnu eigenda. Áhrif fjármálahrunsins 2008 voru gríðarleg fyrir OR. Lánin hækkuðu mjög, því hækkun gengisvísitölu frá árslokum 2007 og til ársloka 2008 var rúm 80%. Það hefur auðvitað einnig mikil áhrif að eigandinn tók meira úr fyrirtækinu en það réð við á þessu tímabili. Það var ekki dregið úr arðgreiðslum eins hratt og þurft hefði. Árið 2009 er arðgreiðslan lækkuð niður í 800 milljónir, en hafði verið 1,6 milljarður árið áður. Í raun var sú arðgreiðsla allt of há, miðað við fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Eigandinn þarf auðvitað að taka tillit til þess hvernig fyrirtækið er statt hverju sinni. Allt sem gert er í Orkuveitu Reykjavíkur, allar framkvæmdir og

allar fjárfestingar, eru í rauninni samkvæmt kröfu eða samþykktum stjórnar og eigenda. Gjaldskrárstefnan olli því að gjaldskrár breyttust mun minna en sem nam verðlagsbreytingum, og voru tekjur af dreifihluta rafmagns á tímabili undir tekjumörkum Orkustofnunar, sem þýddi að gjaldskráin dugði ekki til reksturs og eðlilegs viðhalds dreifikerfanna. Þá skiptir það miklu máli að tekjurnar voru ekki byrjaðar að skila sér inn á móti fjárfestingum. Ef skoðaðar eru nýjustu langtímaáætlanir fyrirtækisins, þá eru tekjurnar sem fylgja í kjölfar virkjanaframkvæmda í auknum mæli að koma inn, og þá léttir verulega á fjárþörfinni. Að sama skapi dettur lánsfjárþörfin mikið til niður. Fyrirtækið stækkaði svo hratt og það gerðist svo margt á þessum sömu árum, bæði virkjanaframkvæmdir, gjaldskrárstefnan, stækkun í dreifikerfunum sem er eiginlega samkvæmt kröfu þjóðfélagsins í kringum okkur, og stækkun á þjónustusvæði OR.

Regína Ásvaldsdóttir

Offjárfestingar og það að fyrirtækið hafði bæði belti og axlabönd, hagaði sér eins og fyrirtæki á markaði en var með bakábyrgð frá Reykjavíkurborg. Þetta rekstrarform gerir ekki jafn miklar kröfur til stjórnenda um aðhald og sparnað eins og ætti að vera hægt að gera gagnvart fyrirtæki í raunverulegum samkeppnisrekstri. Ég myndi vilja gera fyrirtækið markaðstengdara, með aukinni ábyrgð stjórnar og forstjóra.

Sigrún Elsa Smáradóttir

Ég held að hraði í uppbyggingu og virkjanaáformum hafi verið of mikill. Menn ætluðu sér líka að ljósleiðaravæða allt á sama tíma. Menn ætluðu sér að byggja upp virkjanir á methraða. Ég held að menn hafi bara farið allt of hratt og ekki hlustað á varnaðarorð eins og þau sem fram komu í bókuninni í tengslum við undirritun viljayfirlýsingar um álver í Helguvík 2006. Og, auðvitað er samt sem áður, stutta svarið við þessu að gengið hriðféll og það bjóst enginn við því. Ég hef ekki fundið neinn sem segist hafa spáð nákvæmlega fyrir um það. En það sem kemur fram í svari við minni fyrirspurn um möguleg áhrif gengisbreytinga á stöðu OR er í grunninn það sem okkur var sagt á hverjum einasta fundi þegar við vorum að spyrja um gengisáhættu og hafa áhyggjur af henni. Vegna þess að við höfðum, eða ég allavega, hafði verulegar áhyggjur af þessu. Og þá var þetta alltaf lagt upp með þessum hætti: Lántakan er fyrir fjárfestingum sem skila munu tekjum í erlendri mynt, það sé því eðlilegt að lántakan sé í erlendri mynt, OR fái miklu lægri vexti erlendis heldur en hérna innanlands, sem mun að sjálfsögðu vera rétt og óvæfengjanlegt. Og þar með var niðurstaða þeirra að þessi gjald-eyrisáhætta, hún væri bara hreinlega ekki fyrir hendi. Eins fáránlegt og það hljómar í dag. Þegar menn voru að tala um þessar lántökur, þá létu menn alltaf eins og þeir væru að taka lán fyrir nýjum virkjunum, meðan þeir hljóta að hafa verið að fjármagna ýmislegt annað m.a. fráveitur, vatnsveituna og allt mögulegt. Menn gerðu aldrei ráð fyrir því að tekjur í erlendri mynt yrðu meiri en kannski 25 - 30% af tekjum Orkuveitunnar, en samt sem áður voru lánin öll í erlendri mynt. Ég meina, er hægt að halda því fram að hitt hafi allt saman verið uppgreitt? Ég held ekki. En stjórnendur OR neituðu alfarið horfast í augu við þessa áhættu eins og svarið við fyrirspurninni ber

með sér. Þetta eru náttúrulega stóru þættirnir í því hvernig komið er. Og svona allskyns hliðarspor eins og kaupin og salan á bréfunum í Hitaveitu Suðurnesja sem hafa náttúrulega ekki hjálpað til og heldur ekki kaupin á þessum veitum sem hafa reynst í misgóðu ástandi. Auk þess má eflaust gagnrýna einstaka raforkusölusamninga og aðra samninga sem gerðir voru í tengslum við þetta uppbyggingaræði, í suma þeirra vantaði fyrirvara eða þeir reyndust of veikir þegar til átti að taka. Af þessu öllu þarf að draga lærdóm.

Svandís Svavarsdóttir

Það eru náttúrulega þessar pólitísku ástæður og stóriðjustefnan var alveg ofsalega sterk á Íslandi og var í raun og veru burðarásinn í mjög sterkri pólariseringu í íslenskum stjórnámálum. Það var í raun og veru eina leiðin fram á veginn – stóriðja. Og þeir sem ekki voru með í því voru sagðir á móti framförum. Á móti hagvexti og móti atvinnu og yfir höfuð á móti. Stóriðjustefnan var hinn pólitíski grunnur sem ákvarðanirnar byggðu á. Sama hvort það er ákvörðun um að viðhalda samningnum þarna milli jóla og nýárs 2008 eða að fara á einhverjum túrbóhraða í Hellisheiðarvirkjun, miklu hraðar heldur en við höfðum nokkru sinni farið í jarðhitasvæði. Eða þá leyndin í kringum orkuverðið. Allt þetta hvílir á stóriðjustefnunni sem hugmyndafræði. En ef ég á að nefna einhverja staka ákvörðun þá vil ég benda á þessa ákvörðun um að framlengja samninginn á milli jóla og nýárs 2008, þegar að séð var að bankarnir voru farnir og Ísland átti í verulegum erfiðleikum, að þá var í raun og veru, í þágu stundarpólitískra hagsmuna, tekin ákvörðun um það að leggja þetta áfram undir. Það er að segja, taka áhættuna áfram á kostnað almennings. Orkuveitan er enn ekki búin að bíta úr nálinni með þá ákvörðun.

Vilhjálmur P. Vilhjálmsson

Það má áætla að þeir fjármunir sem Reykjavíkurborg fékk í byrjun árs 2007 vegna sölu á hlut sínum í Landsvirkjun séu í dag með ávöxtun þess fjár u.þ.b. 32 milljarðar króna. Samanber ákvörðun borgarstjórnar frá 17. desember 1998 var samþykkt að færa eignarhluta Rafmagnsveitu Reykjavíkur í Landsvirkjun yfir til borgarsjóðs þegar Orkuveita Reykjavíkur yfirtæki starfsemi Rafmagnsveitu Rvk. og Hitaveitu Rvk. og jafnframt að eigið fé Orkuveitunnar yrði fært niður sem nemur þessum eignarhluta. Það átti sér stað þegar Orkuveitan var stofnuð 2001. Orkuveitan hefur auk þess greitt gríðarlega mikinn arð í borgarsjóðs á undanförunum áratugum. Því til viðbótar greiddi Orkuveitan 4 milljarða króna til borgarsjóðs á árinu 1999 til að styrkja fjárhagsstöðu borgarsjóðs. Ef allir þessir fjármunir hefðu haldist hjá Orkuveitunni, sem áætla má að séu samtals um 60–70 milljarðar króna og öllu meira ef þessar fjárhæðir væru uppreiknaðar, væri fjárhagsstaða OR mun betri í dag. Efnahagshrunið hafði stórfelld áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækisins þar sem erlend lán þess hækkuðu sem bein afleiðing af hruninu um tæpa 90 milljarða króna. Frá hruninu hafa mörg hundruð milljarðar verið afskrifaðir hjá íslenskum fyrirtækjum og verulegir fjármunir tapast á öðrum vettvangi. Ekki ein króna hefur verið afskrifuð hjá OR. Efnahagshrunið hefur auk þess valdið fyrirtækinu miklum skaða, líkt og átt hefur sér stað hjá mörgum íslenskum fyrirtækjum. Íslensk stjórnvöld hafa

ekki hjálpað til með stefnu sinni í virkjanamálum, m.a. áformin um álver í Helguvík, sem ekki hafa enn komist í framkvæmd. M.a. hefur þetta mál skaðað hagsmuni OR verulega jafnframt neikvæðu viðhorfi núverandi ríkisstjórnar til framgangs í orkumálum almennt. Ef vitneskja, sem leiddi til efnahagshrunsins haustið 2008, hefði legið fyrir 2005–2006, er ljóst að margar ákvarðanir sem teknar voru á árunum fyrir hrunið hefðu orðið með öðrum hætti, t.d. ekki keyptur hluti í Hitaveitu Suðurnesja og hægt á virkjunaráformum. En öll gögn sem lágu fyrir þegar þessar ákvarðanir voru teknar, sýndu að þetta voru arðsamar framkvæmdir til lengri tíma. Einnig má geta þess að þrjú stærstu alþjóðlegu matsfyrirtækin gáfu íslensku bönkunum hæstu einkunn rétt fyrir hrunið. Orkuveitan hefur borið það tjón sem hún hefur orðið fyrir vegna efnahagshrunsins ein, þótt hún nú fái stuðning í formi láns sem borgarsjóður ábyrgist, en OR endurgreiðir á næstu árum. Þessi upphæð er einungis brot af því fjármagni sem runnið hefur í gegnum árin frá OR í borgarsjóð og ekki verða endurgreiddir Orkuveitunni. Ég fullyrði að orkufyrirtækin, Rafmagnsveita, Hitaveita og Vatnsveita og síðar þegar þessi fyrirtæki voru sameinuð í eitt fyrirtæki, Orkuveituna, hafa haft á að skipa hæfum stjórnendum fyrr og síðar. Við fyrirtækin hafa starfað öflugir stjórnendur, stór hópur af frábæru fagfólki og dugmikið og áhugasamt starfsfólk, sem hefur unnið í áratugi að uppbyggingu þessa glæsilega fyrirtækis. Þeir borgarfulltrúar sem hafa og enn eru að tala fyrirtækið niður, skaða fyrirtækið og vinna gegn hagsmunum eigenda OR, sem eru skattgreiðendur. Efnahagshrunið olli Orkuveitunni eins og flestum öðrum íslenskum fyrirtækjum verulegum búsifjum. Orkuveitan mun, án nokkurra afskrifta af sínum skuldum, á næstu árum ná sínum fyrri styrk og tryggja viðskiptavinum sínum áfram örugga og góða þjónustu. Orkuveitan á að vera áfram í eigu Reykjavíkur og þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga í fyrirtækinu. Orkuveituna á ekki að einkavæða eins og ég hef ítrekað sagt.

21. Viðaukar

Viðauki 1

Hér á eftir fer yfirlit yfir þau félög og einstaklinga sem hlutu styrki frá Orkuveitu Reykjavíkur, flokkað eftir árum. Í kjölfar þeirra breytinga sem urðu á fyrirkomulagi styrkveitinga á árinu 2007, er frá og með því ári að finna tvær töflur, annars vegar styrki sem afgreiddir eru af stjórn og hins vegar styrki sem ekki komu á borð stjórnar. Skýring styrkja er sú sem fram kemur í yfirliti frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Tafla I

Styrkþegi 2002	Texti	Fjárhæð
Aflvaki hf.	Rekstrarframlag 2002	15.500.000
Starfsmannafélag Orkuveitu Rvk.	Styrkur til STOR	7.700.000
Orkustofnun	Framlag í samvinnuverkefni	4.000.000
Reykjavíkurborg	Styrkur v/ Ljósahátíðar	4.000.000
Lagnakerfamiðstöð Íslands	Framlag til LKÍ	2.499.996
Mál og mynd ehf.	Útgáfa bókar, Dulin veröld-smádyr á Íslandi	1.900.000
Íþróttabandalag Reykjavíkur	Styrkur v/ íþróttaskóla í grunnskólum	1.500.000
Hjálparveit Skáta Reykjavík	Styrkur v/ Hengilsdags	1.000.000
Gunnlaugur Óskar Ágústsson	Starfsstyrkur milli HÍ og OR	1.000.000
Hjálparveit Skáta Reykjavík	Flugeldasýning v/ Menningarn.	750.000
Edda - miðlun og útgáfa hf.	Iceland Review - útg. styrkur	750.000
Bjarni Þór Hafsteinnsson	Starfsstyrkur milli HÍ og OR feb	700.000
Garðyrkjufélag Íslands	Styrkur v/ fræðslumála, fyrri hluti 2002	550.000
Skógræktarfélag Íslands	Náms- og rannsóknarsjóður Skógræktar Ísl.	525.000
Landvernd	Bækl./hreyfillitari	516.000
Hrafn Gunnlaugsson	Kvikmyndin „Ísland í öðru ljósi“	500.000
Jónína Michaelsdóttir	Styrkur v. bókar um Pétur Halldórsson	500.000
Hollvinasamtök Háskóla Íslands	Framlag Hornsteina	500.000
Verkefnastjórnunarfélag Íslands	Alþjóðleg ráðst. Verkefnastj. félags Ísl.	400.000
Jarðhitafélag Íslands	Ráðstefna/Alþjóðleg jarðhitaráðstefna	400.000
Rúnar Unnþórsson	Starfsstyrkur milli HÍ og OR feb.	400.000
Blaðið Suðurnes	Styrktarauglýsing	350.000
Latibær ehf.	Kostn. v/ útvarps Latabæjar	348.600
Skákkfélagið Hrókurinn	Styrkur v/ alþjóðlegs skákmóts í Ráðhúsi Rvk.	320.000
Ólafur Egilsson	Tónleikar í Peking, Kristján Jóhannsson	302.330
Hjartavernd, landssamtök	Styrkur	300.000
Samtök psoriasis- og exemsj.	Styrkur til útgáfu fréttabréfs SPOEX	300.000
Marteinn Steinar Jónsson	Rannsóknarstyrkur v. mastersrannsóknar	300.000
Ungmennasamband Borgarfjarðar	Styrkur v/ barna og unglíngastarfs	254.500
Íþróttabandalag Akraness	Styrkur v/ barna og unglíngastarfs	250.000
Kópavogsbær	styrkur v/ Myndar ársins 2001	250.000
Páll Guðjón Valdimarsson	Styrkur v/ Sveitakeppni í bridge	250.000
Ólöf Kristjánsdóttir	Frábær námsárangur í raungreinum	225.000
Brynja Baldursdóttir	Frábær námsárangur í raungreinum	225.000
Ljóstæknifélag Íslands	Styrkur til Ljóstæknifélags Íslands	200.000
Sigurður Óli Gunnarsson	Styrkur	200.000
Lýsir, myndlist.	Styrkur v/ Íslenskrar myndlistarsögu	200.000

Jóhannes Sturlaugsson	Styrkur Náttúrulífsmynd	200.000
Lilja Hjaltadóttir	Tónlistarsumarbúðir í Skálholti	200.000
Vísinda/starfsmj.Kjaraf.tæknif.	Varðar styrk v/ rýnisferðar 2002	182.049
Rallysport ehf.	Auglýsingastyrkur	180.000
Kór félagsstarfs aldraðra	Styrkur til Karlakórsins Kátir Karlar	175.000
Elisabet Sif Haraldsdóttir	Styrkur	150.000
Skíðadeild Fram	Styrkur v/auglýsingar	150.000
Styrktarfélag Lamaðra og Fatlaðra	Auglýsing í blaði í tilefni af 50 ára afmæli	140.000
Handknattleikssamband Íslands	Augl. í leikskrá Ísland - Þýskaland	115.000
Körfuknattleiksdeild Í.R.	Íþróttastyrkur	115.000
Áhugamannafélagið T.E.	Styrkur v/ tónleikaferðar	104.000
Gedhjálp	Landsöfnun Gedhjálp	100.000
Ungmennafélagið Hvöt	Styrkur v/ blaðadr. Grímsnesv.	100.000
Jón Geir Eysteinnsson	Keppni árið 2002 í Sandspyrnu og kvartmílu	100.000
Kvenfélagasamband Íslands	Átak KÍ „vatn er besti ...“	100.000
Hugsmiðjan Humanoid sf.	Útgáfa bókar „Lífsocka og létt lund“	100.000
Knattspyrnudeild Leiknis	Auglýsingastyrkur	100.000
Loftmyndir ehf.	Stækkun ljósmyndar. Lokav. iðnnema Iðnsk.	94.281
Samtök iðnaðarins	Námskeið, gæðastýringark, Ólafur G/Guðni S	92.256
Elisabet Sif Haraldsdóttir	Augl.styrkur/ Dansblaðið	80.000
V-dagssamtökin	Styrkur v/V-dags	80.000
Samorka, samt raf/hita/vatnsveit	Rannsóknarverkefni í umhverfisfræðum	75.000
Helena Guðrún Stefnisdóttir	Styrkur v/ stuttmyndar	75.000
Háskóli Íslands	Styrkur v/ kennslu	70.000
Landsn. Íslands í alþjóða orkuráðinu	Framlag til Landsnefndar Íslands AOR	70.000
Stefán Carlsson	Styrkur v/ velgjörðarmála	70.000
Nemendasjóður Andakílsskóla	Styrkur v/ Kanadaráðstefnu	70.000
Golfklúbbur Bakkakots	Styrkur v/ auglýsingar	63.000
Borgarbyggð	Styrkur v/ Borgfirðingarhátíðar 2002	60.000
Tanni ehf.	T-bolur v/ Úlfjótsvatns	56.872
Karлакór Reykjavíkur	Styrkur	50.000
Menntafélag byggingariðnaðarins	Auglýsing í Byggðin	50.000
Erla Halldórsdóttir	Styrkur	50.000
Arkitektafélag Íslands	Styrkur v/ fyrirlestrar	50.000
Neistinn, styrktarf. hjartv. barna	Samráðsfundur hjartveikra barna á Norðurl.	50.000
Ragnar Sigurðsson	Viðurk. f. hugmynd um endurvinnslu pappírs	50.000
Kvenfélagið Hringurinn	Styrkur v/ leigu á Perlunni	50.000
Upp í vindinn '02, útgáfufélag	Styrktarauglýsing	50.000
Golfklúbburinn Leynir	Styrkur v/ auglýsinga	50.000
Keilufélag Akraness	Styrkur	50.000
Hjálparseitin Tintron	Styrkur til hjálparseitarinnar	50.000
KPMG Endurskoðun hf.	Góðgerðargolf KPMG	46.500
Golfklúbbur Hveragerðis	Styrkur v/ aðgangskorts starfsmanna	40.000
Golfklúbbur Þorlákshafnar	Styrkur v/ merkinga á golfbrautum	37.000
Bridgesamband Íslands	Keppnisgj. Bridgehátíð	36.000

Badmintonsamband Íslands	Styrkur v/ Tómasar Viborg	35.000
Sagnir, tímarit um söguleg efni	Auglýsing/styrkur útgáfu 22. árgangs Sagna	35.000
Hestamannafélagið FÁKUR	Verðlaun í barna/unglinga/ungmennaflokki	35.000
Hafðís Sara Þórhallsdóttir	Styrkur v/ teiknisamkeppni „Elliði álfur“	35.000
Vélabrögð 2002, félag	Auglýsing í Vélabrögð 2002	35.000
Örn Valdimarsson	Námsstyrkur BS-lokaverkefni rafræn viðskipti	35.000
Íþróttafélagið Þjótur	Malmö Open 8-11/2 2002	34.000
Íþróttafélag fatlaðra R.vk.	Ferðastyrkur/bogfimideild	30.000
Samiðn, samband iðnfélaga	Auglýsing Samiðnarblaðið	30.000
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	Happdrætti Slysavarnarfélagsins	30.000
Aðalskrifstofa SÍK, KFUM og KFUK	Auglýsing	30.000
Sólveig Olga Sigurðardóttir	Hvanneyri Umhverfisskipulagsbraut	30.000
Rótaryklúbbur Reykjavíkur	Styrkur til Rotaryklúbbsins	30.000
Íþróttasamband fatlaðra	Styrktarlína/auglýsing í blaði sambandsins	27.500
Ævintýraklúbburinn, áhugamfél.	Stuðningur við ævintýraklúbbinn	27.000
Tourette-samtökin á Íslandi	Þátttaka v/bókarinnar Tígurinn taminn	25.000
M.S.-félag Íslands	Auglýsing í Megin Stoð 1. tbl.	23.000
Taflfélagið Hellir	Augl. í Tímaritið Skák	20.000
Kirkjuritið	Jóla- og nýárskevja í Kirkjuritinu	20.000
Sunddeild KR	Styrkur v/ sundmóts 23. - 25. febrúar	20.000
Knattspyrnufélag ÍA	Styrkur	20.000
Bókaútgáfan Hólar ehf.	Styrkur v/ útgáfu á afmælisriti	20.000
Skálatúnsheimilið	Bílakaup vistfólks Skálatúnsheimilis	20.000
Karлакór Reykjavíkur, eldri fél.	Auglýsing í tónleikadagskrá	20.000
Byggingatæknifr. 2002 fjárfloflun	Auglýsingastyrkur v/ Tæknivísis 2002	20.000
Garðar Guðmundsson	Ferð á Gothia Cup, Margeir og Einar Á	20.000
Landssamtök hjartasjúklinga	Velferð Jólabað 2001	18.675
Bandalag íslenskra skáta	Styrktarauglýsing í Skátablaðið	18.000
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	Augl. í Sjálfsbjargarfréttum 3. tbl. 2002	18.000
Íslenska lögregluforlagið ehf.	Áfengisbæklingur. Eftir einn ei aki neinn	18.000
Ís-spor ehf.	Verðlaunagripir v/ styrktarmóts unglunga	16.200
Efling stéttarfélag	Lógó augl.	15.000
Skáksamband Íslands	Styrkur/skáklandslíðið	15.000
Skólafélag Iðnskólans í R.vk.	V/ skóla og kynningarrits Iðnskólans í R.vk.	15.000
Ungmennafélag Íslands	Styrkur v/ íþróttir og tómstundir fyrir þig	15.000
Breiðablik Ungmennafélag	Styrkur v/ Firmakeppni	15.000
Þorgeir, stúka nr.11 I.O.O.F.	Styrktarauglýsing í Þorgeirsblaðið	15.000
Heimili og skóli	Lógó í Fréttablað	15.000
Árni Teitur Ásgeirsson	Útgáfa geisladisks og hljómlaikaferðar	15.000
Sveinn R. Eiríksson	Jólamót 01	15.000
Félag útskr.nema Viðsk.hásk Bifr	Styrktarlógó í Biffrastarblaðinu 2002	15.000
Körfuknattleiksdeild Hauka	Þáttökugjald í firmakeppni	15.000
Rotaryklúbbur Borgarness	Styrktarlógó í sýningarskrá v/ 50 ára afmælis	15.000
Körfuknattleiksfélag Akraness	Áheit vegna Hvalfjarðarleiks	15.000
Oddný Assa Jóhannsdóttir	Styrkur v/ sundmóts í Skotlandi 12.-17. des.	15.000

Lauf	Dáttaka í Laufblaðinu	12.500
Styrktarfélag krabbam.sj. barna	Styrkur, börn með krabbamein	12.500
Samhjálp	Samhjálp 30 ára	12.500
Rauði kross Íslands	Vin - Auglýsingastyrkur	12.000
Öldrunarfræðafélag Íslands	Auglýsing í tímaritinu Öldrun, 1. tbl.	12.000
S.Á.Á. Reykjavík	SÁÁ álfurinn	10.000
Samband ísl. berkla/brjósthólssj	Augl. lógó	10.000
Samband íslenskra kristniboðsf.	Augl. í Boðberann jólablað 2001	10.000
Tennis- og badmintonfél. Rvk.	Dáttökugjöld í Firmakeppni TBR	10.000
Svavar Sigurðsson	Styrkur v/ fíkniefnaforvarna	10.000
Elfa Björk Hreggviðsdóttir	Styrkur v/ handboltaferðar	10.000
GL útgáfan ehf.	Sjómanna dagskveðja til vélstjóra 2002	10.000
Borgarskákómíði	Borgarskákómíði 2002	10.000
Alþjóðahúsið ehf.	Lógó í Fréttabréfi	10.000
Skagfirski söngsveitin	Styrkur/vortónleika	10.000
Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra	Styrkur	10.000
Kristín Brynja Gústafsdóttir	Styrkur - handboltaferð U-18 kvenna	10.000
Elísa Pálsdóttir	Styrkur v/ utanlandsferðar	10.000
Námsferð rafm/tölvuverkfræðin.	Styrktarauglýsing	10.000
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur	V/ prentunar á dagbók fyrir nemendur	10.000
Nemendafélag Heiðarskóla	Styrktarlína í fréttablað árgangs -89	10.000
Blómagallerí hf.	V/ kvennastyrks	9.520
Strandavöllur ehf.	Dáttaka Friðgeirs Guðnasonar á Landsmóti	9.500
Forte, áhugamannafélag	Styrkur	8.032
Kristján Sturlaugsson	Kostn.v/ Fóðuriðjan Ólafsdal	7.808
Nemendafélag Verzlunarskóla Ísl.	Styrktarlína	7.500
Steinsteypufélag Íslands	Dáttökugjald	7.250
Bræðurnir Baldursson ehf.	2 stk. merki „OR“ á kvartmílubíl	6.225
Þroskahjálp, landssamtök	Almanak	5.200
Borgarholtsskóli	Auglýsing í skóladagbók	5.000
Félag íslenskra fíkniefnalögrl.	Styrkur	5.000
Hestamannafélagið Hörður	Styrkur v/ firmakeppni Harðar	5.000
Lionsklúbburinn Fjörgyn	Styrkur/ lækningataeki	5.000
Sjálfsbjörg Landssamband fatl.	Geislad. Ástin og lífið	5.000
Krabbameinsfélag Reykjavíkur	Styrkur til Krabbameinsfélagsins	4.000
Hestamannafélagið Sörli	Styrkur v/ firmakeppni	4.000
Einar Gunnarsson	Styrkur v/ hreyfilhitara	2.700
Helga Tulinius	Styrkur v/ hreyfilhitara	2.700
Einar H. Jónsson	Styrkur v/ hreyfilhitara	2.700
Óli Örn Tryggvason	Styrkur v/ hreyfilhitara	2.700
Ragnheiður Aradóttir	Styrkur v/ hreyfilhitara	2.700
	Samtals styrkir 2002	55.177.794

Tafla II

Styrkþegi 2003	Texti	Fjárhæð
Aflvaki hf.	Rekstrarframlag jan-júní	16.433.000
Starfsmannafélag Orkuveitu Rvk.	Rekstrarstyrkur	7.700.000
Háskóli Íslands	Styrkur v/ meistaranáms	7.300.000
Reykjavíkurborg	Styrkur v/ Vetrarhátíðar	2.700.000
Lagnakerfamiðstöð Íslands	Árlegt fjármagn til reksturs	2.499.996
Latibær ehf.	Kostnaður v/ útvarp Latibær	2.191.200
Háskólinn í Reykjavík	Bandamannasamningur 2003-2005	1.500.000
Nýlistasafnið	Styrkur v/ sýningar Matthews Barneys	1.225.000
Úlfjótsskáli	Kostnaðarhlutdeild v/ Úlfjótsskála	736.218
Garðyrkjufélag Íslands	Vegna fræðslu	603.070
Landsvirkjun	Hlutdeild v/ þátttöku í Íslandsdegi í Svíþjóð	580.998
Landvernd	Stuðningur við Vistvernd í verki	500.000
Hrafn Gunnlaugsson	Kvikmyndin Ísland í öðru ljósi	500.000
Jónína Michaelsdóttir	Styrkur v/ ritunar á bók	500.000
ReykjavíkurAKADEMÍAN	Dagsbrúnarbókasafn árið 2003	500.000
Kór Orkuveitu Reykjavíkur	Styrkur v/ ferðar til Helsinki í apríl	450.000
Kennaraháskóli Íslands	Vegna stærðfræði (húfur)	450.000
Skákfélagið Hrókurinn	Stórmóts Hróksins á Kjarvalsstöðum	420.000
Knattspyrnufélag ÍA	Styrkur	404.000
Knattspyrnudeild Fylkis	Styrkur v/ 2003	400.000
Veiðifélag Andakílsár	Bótageiðslur v/ virkjunar í Andakílsá	396.384
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	Lífsleikinámsefni um slys og slysavarnir	395.000
Knattspyrnusamband Íslands	Styrkur v/ Norðurlandamóts stúlkna 2002	300.000
Íslenska vatnafræðinefndin	Styrkur v/ Fólki og Ferskvatni	300.000
Kirkjulistahátíð	Styrkur til Kirkjulistahátíðar 2003	300.000
Dóra Elísabet Sigurjónsdóttir	Styrkur	300.000
Orkustofnun	Alþjóðleg jarðhitaráðstefna sept. 2003	296.400
Skjallbandalagið	Leiksýningin „Beyglur með öllu“	285.000
Samtök psoriasis- og exemsj.	Styrkur til útgáfu fréttablaðs	260.000
Páll Guðjón Valdimarsson	Styrkur v/ þátttöku í bridgemótum	250.000
Ólöf Maggý Örnólfsdóttir	Styrkur v/ náms í Rafeindavirkjun	250.000
Laxfiskar ehf.	Styrktarframlag v/ rannsókna	250.000
Gerðuberg, menningarmiðstöð	Styrkur v/ Kaldalóns	200.000
Neytendasamtökin	Styrktarlína í Neytendablaðið	200.000
Sigurður Óli Gunnarsson	Styrkur	200.000
Handknattleiksdeild ÍR	Styrkur v/ móts barna og unglunga	200.000
Steinunn Jóhannesdóttir	Rannsóknarstörf - saga Guðríðar Síms.	200.000
Erna Tönsberg	Námsstyrkur v/ japönskunáms í Japan	200.000
Kór félagsst. aldraðra	Styrkur til Karlakórsins Kátir Karlar	189.000
Elísabet Sif Haraldsdóttir	Styrkur v/ keppni erlendis	180.000
Landgræðsla ríkisins	Kostnaðarhlutdeild í landgræðslu	160.000
Kópavogsbær	Styrkur v/ sýningar	150.000
Verkfræðingafélag Íslands	Styrkur v/ ráðstefnu	150.000

VistOrka hf.	Styrkur v/ útgáfumála	150.000
Þórunn Ágústa Þórsdóttir	Styrkur	150.000
Sona Schaffelhoferová	Styrkur	150.000
Guðrún Hulda Jónsdóttir	Styrkur	150.000
Félag pípulagningameistara	Styrkur	100.000
Ungmennafélagið Hvöt	Styrkur	100.000
Jón Geir Eysteinnsson	Styrkur v/ keppni í sandspyrnu og kvartmílu	100.000
JPV-útgáfa ehf.	Styrkur v/ stjórnunarbókar	98.000
Samorka, samt raf/hita/vatnsveit	Styrkur v/ Rannsókarverkefni 2. hluti	75.000
Íþróttahús Fram	Augl.styrkur (samþ. Alfred)	75.000
Þorri Birgir Þorsteinsson	Styrkur v/ þátttöku á taekwondo móti	75.000
Körfuknattleiksdeild Hamars	Styrkur	75.000
Daníel Ingi Smáráson	Styrkur v/ heimsmeistaramóts	75.000
Grímur Hákonarson	Styrkur til gerðar stuttmyndar	75.000
Mosfellsfréttir	Auglýsingarstyrkur	70.000
Parkinsonsamtökin á Íslandi	Styrkur	70.000
Gunnar Örn Svavarsson	Styrkur v/ keppnisþátttöku	60.000
Flugmálafélag Íslands	Styrkur v/ 100 ára afmælis flugs í heiminum	60.000
Gospel Invasion Group	Styrkur (G.I.G. hópurinn)	60.000
S.Á.Á. Reykjavík	Styrkur v/ unglunga- og foreldrarstarfs	50.000
Samband ungra sjálfstæðismanna	Auglýsing	50.000
Thorvaldsensfélagið	Styrkur fyrir árið 2003	50.000
Vernd, fangahjálp	Styrkur	50.000
Sunddeild K.R.	Styrktarlína v/ Sundmóts K.R.	50.000
Bjargey Ólafsdóttir	Styrkur v/ sýning Flying-pying í Gerðarsafni	50.000
Ungmennafélagið Þór	Styrkur v/ keppnistímabilsins 2003-2004	50.000
Vinstrihreyfingin-Grænt framboð	Styrkur	50.000
Apparat, áhugamannafélag	Styrkur vegna quartets	50.000
Jón Atli Jónasson	Styrkur v/ leikritasmiðju	50.000
IEEE á Íslandi	Styrkur v/ hátíðarkvöldverðar í Viðey	50.000
Sigrún Jana Finnbogadóttir	Styrkur v/ Global Young Leaders Conference	50.000
Foreldra/styrktarfélag Öskjuhlk.	Styrkur v/ 7. bekkjar Öskjuhlíðarskóla	50.000
Átak, fél. fólks með þroskahömlun	Styrkur „List án landamæra“	50.000
Klúbbur matreiðslumeistara	Styrkur „World cooks for hunger“	50.000
Námsferð rafm/tölvuverkfrn. 2003	Styrkur	50.000
Pétur Ragnar Pétursson	Styrkur til Halldórs Halldórssonar	50.000
Félag stærð- og eðlisfræðinema	Verpill, blað stærð- og eðlisfræðinema HÍ	49.800
Lofkastalinn ehf.	Styrkur v/ leiksýningar	41.400
Eygló Ingólfsdóttir	Ferðasjóður einhverfra nemenda í MK	40.000
Heimir Berg Halldórsson	Styrkur v/ hjálparstarfs	40.000
Golfklúbbur Þorlákshafnar	Styrkur til Golfklúbbs Þorlákshafnar	37.135
Badmintonsamband Íslands	Styrkur til BSÍ	35.000
Íþróttafélag fatlaðra Rvk.	Styrkur v/ bogfímideildar ÍFR	35.000
Handknattleiksdeild Fram	Styrkur v/ flugelda f. Vistheimilið Tjaldanesi	35.000
Uppheimar ehf.	Blað menntasmiðju unga fólksins, styrkur	35.000

i8 Gallerí ehf.	Styrkur v/ sýningar Haraldar Jónssonar	35.000
Ævar Ingi Pálsson	Styrkur	35.000
Áslaug Hrönn Reynisdóttir	Styrkur	35.000
Brunavarnir Árnassýslu	Styrkur	35.000
Sigurður Gunnar Bogason	Styrkur v/ gerðar myndverks	35.000
Daufblindrafélag Íslands	Styrkur til Daufblindrafélags Íslands	30.000
Röskva, samtök félagshyggjufólks	Auglýsingarstyrkur	30.000
Steinunn Birna Ragnarsdóttir	Styrkur v/ tónleika	30.000
Skólahljómsveit Akraness	Styrkur	30.000
Sigríður Alla Alfreðsdóttir	Styrkur	30.000
Ásdís Hjálmsdóttir	Styrkur	30.000
María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir	Styrkur v/ hönnunarnáms	30.000
Ragnhildur Sigurðardóttir	Styrkur v/ golfmóts	30.000
Blómagallerí hf.	Blómvendir	27.700
Hestamannafélagið Sörli	Styrkur	25.000
Ingveldur Gísladóttir	Styrkur vegna námsferðar	25.000
Jón Sævar Baldvinsson/ Ísl.Vitafél.	Fjárstyrkur v/ lýsingar á Gróttuvita	25.000
Bridgesamband Íslands	Styrkur v/ bridgheátíð 2003 sveitakeppni	24.000
Handknattleikssamband Íslands	Merki í leikskrá ísl-sló	20.000
Landssamtök hjartasjúklinga	Styrkur til Landssamtaka hjartasjúklinga	20.000
Skáksamband Íslands	Auglýsing í tímaritinu Skák, 4. tbl. 2003	20.000
Kirkjuritið	Jóla- og nýárskevja í Kirkjuritinu	20.000
Líffræðifélag Íslands	Styrkur	20.000
María Kristín Guðjónsdóttir	Íþróttabáttaka Steinunnar Huldar Magnúsd.	20.000
Guðmundur R. Björgvinsson	Styrkur	20.000
Kór Öldutúnsskóla	Styrkur v/ söngferðar til Portúgal	20.000
Skammtímavistunin Hólabergi 86	Bílakaup v/ Skammtímavistunar Hólaberg	20.000
Þroskahjálpar, landssamtök	Listaverkadagadal Þroskahjálpar	19.000
Jóhanna M. Thorlacius, jarðfr.	Styrkur	15.000
Kvenréttindafélag Íslands	Styrkur til útgáfu 19. júní	15.000
Svavar Sigurðsson	Styrkur v/ þjóðfélagsverk	15.000
Borgarskáknotið	Vegna skákmóts	15.000
Elísa Pálsdóttir	Styrkur v/ keppnisferðar til Svíþjóðar	15.000
Tanja Kristín Leifsdóttir	Styrkur til P3 í Gerplu v/ Gymnastróduferðar	15.000
Körfuknattleiksdeild K.R.	Firmakeppni K.R.	15.000
Hvítasunnukirkjan Fíladelfía Rvk.	Styrkur v/ barnastarfs	15.000
Sjálfsbjörg Landssamband fatl.	Þátttaka í Klifur, 3. tbl. 2003	12.500
Öldrunarfræðafélag Íslands	Augl. í fagtímaritinu Öldrun 1. tbl. 2003	12.000
Samfylkingin í Árborg og nág.	Jóla- og áramótakveðja. Jólabl. Samfylkingar	10.145
Tafffélagið Hellir	Mjóddarmót Hellis 2003. Stuðningur	10.000
Sólveig Björk Einarsdóttir	Styrkur vegna skrautritunar	10.000
Sveinbjörg Einarsdóttir	Styrkur v/ maraþonfótbolta karla	10.000
Samband ungra framsóknarmanna	Vegna styrktarlínu	10.000
Íslandsdeild ICOM	Framlag v/ íslenska safnadsins	7.500
Félag M.N.D.-sjúklinga	Þátttaka í MND blaðinu 2. tbl. 2003	5.000

Hestamannafélagið Hörður	Firmakeppni Harðar	5.000
Bræðurnir Baldursson ehf.	4 stk. límmiðar á rallybíl	4.980
Ungmennasamband Borgarfjarðar	Þjónustualmanak UMSB 2003	4.500
Geðhjálp	Styrkur v/Viðeyjarsunds	4.250
Blómaverkstæði Binna	Blómvöndur	4.000
Tryggvi Felix.	Styrkur v/ hreyfilhitara, Tryggvi Felix	2.700
	Samtals styrkir 2003	57.144.876

Tafla III

Styrkþegi 2004	Texti	Fjárhæð
Starfsmannafélag Orkuveitu Rvk.	Rekstrarstyrkur /Íþróttastyrkur	14.535.000
Háskóli Íslands	Meistaraverkefni	11.500.000
Aflvaki hf.	Rekstrarframlag fyrri hluti	8.554.000
Reykjavíkurborg	Hlutdeild í viðhaldi Úlfjótsskála	1.561.424
Reykjavíkurborg	Höfuðborgarstofa, framlag til Vetrarhátíðar	2.500.000
Reykjavíkurborg	Þátttaka í viðburðum Menningarnætur	1.000.000
Reykjavíkurborg	Framlag Hollvina hins gullna jafnvægis 2004	155.000
Reykjavíkurborg	Þátttaka á afmælishátíð LUKR	1.000.000
Orkustofnun	Framlag til samstarfsverkefnis	3.000.000
Háskólinn í Reykjavík	Bandammasamningur 2003-2005	3.000.000
Lagnakerfamiðstöð Íslands	Framlag LKÍ	2.499.996
Samorka, samt. raf/hita/vatnsveit	Kostnaðarsk. v/ 100 ára afmælis rafvæðingar	2.300.932
Útvarp Saga ehf.	Kostun á Útvarpi Sögu	1.494.000
Úlfjótsskáli	Kostnaðarhlutdeild v/ Úlfjótsskála	1.480.017
Nýlistasafnið	Styrkur v/ myndvinnslu á heimildarmynd	1.400.000
Raunvísindastofnun Háskólans	Styrkur v/ doktorsnáms	1.150.000
Jakob F. Ásgeirsson	Fjárstyrkur v/ ævisögu	1.100.000
Veiðifélag Elliðavatns	Afnot af uppeldisstöðum f/lax	1.049.652
Landgræðsla ríkisins	Framlag til landgræðslu	1.000.000
Reykjavíkurborg	Heilsuborgarverkefni	972.070
Landvernd	Styrkur v/ Landverndar	750.000
Latibær ehf.	Orkubókin, lokastyrkur	747.000
Ljóstækni félag Íslands	Styrkur v/ útgáfu á „Góð lýsing á heimilum“	745.045
Múrarafélag Reykjavíkur	Bundið slitlag á golfvelli Öndverðarness	700.000
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	Styrkur v/ 50 ára afmælis	500.000
Knattspyrnudeild Fylkis	Styrkur	500.000
Reykjavík AKADEMÍAN	Styrkur	500.000
Ríkisfólkhirðir v/ Stjórnartíðindi	Styrkur v/ Munnis	461.353
Veiðifélag Andakílsár	Bótagreiðslur v/ virkjunar í Andakílsá	407.143
Páll Guðjón Valdimarsson	Styrkur til Bridgesveitar OR	350.000
Knattspyrnufélag ÍA	Styrkur 2004	300.000
Steinaríki Íslands	Styrkur til kynningar og markaðsmála	300.000
Leikfélagið Sýnir	Sýningin Draumur á Jónsmessunótt	300.000
Magnús H. Ólafsson	Styrkur v/ sýningar Einar M. Magnússonar	300.000
Samtök psoriasis- og exemsj.	Styrkur v/ dreifingar veggspjalda og úrvinnslu	255.000
Skáksamband Íslands	Styrkur v/ skákþings	250.000
Að eilífu ehf.	Heimildarþáttur um Vetrarhátíð 04, framlag	250.000
Aðalsalan-Reikningsssk/ráðgj. ehf.	Heilsuþorp í Ölfusi	250.000
Langholtskirkja	Styrkur skv. reikn.	250.000
Þeba Björt Karlsdóttir	Styrkur Verk- og tæknifræði	225.000
Kristjana Ósk Birgisdóttir	Styrkur Verk- og tæknifræði	225.000
Ásdís Helgadóttir	Styrkur Verk- og tæknifræði	225.000
Jónína Þórunn Hansen	Styrkur Verk- og tæknifræði	225.000

AP Almannatengsl ehf.	Styrkur v/ Kópavogssaga 2004	211.650
Alnæmisbörn, félag	Styrkur v/ minningar Erlu Halldórsd.	210.000
Kór félagsstarfs aldraðra	Karlakórinn Kátir karlar	200.000
Útgáfufélagið Heimur hf.	Auglýsing í Iceland Review	200.000
Sigurður Óli Gunnarsson	Auglýsing, styrkur	200.000
Kvenfélagasamband Íslands	Styrkur v/ vatnsveituverkefni	200.000
Nordmannslaget	Styrkur	200.000
Skíðadeild Ármanns	Styrkur v/ Ármannsskála	200.000
Golfklúbbur Bakkakots	Auglýsing á 4. braut í Bakkakoti	165.000
Elísabet Sif Haraldsdóttir	Auglýsing v/ danskeppni	160.000
Benedikt Jónsson	Styrkur v/ námsferðar til Englands	160.000
Gestamóttakan ehf.	Dagur umhverfisins í Smáralind	150.300
Félag M.N.D.-sjúklinga	Styrkur	150.000
Landrek ehf.	Styrkur f/ Reykjavík Fashion á Vetrarhátíð	150.000
Félag kennara í rafiðngreinum	Styrkur vegna námsferðar	150.000
Frjálsíþróttasamband Íslands	Styrkur v/ Frjálsíþróttablaðsins	150.000
Trío Reykjavíkur sf.	Áskrift á forleikaröð	150.000
Eggert Skúlason	Styrkur	150.000
Úlfar Þormóðsson	Inngreiðsla. 100 stk. skáldsagan Rauð mold	140.000
Íþróttasamband fatlaðra	Miðar á sælkerakvöld, 3. sept.	121.000
Golfklúbbur Oddfellowa	Styrkur til íþróttamála	112.000
Hestamannafélagið Sörli	Íslandsmót barna og unglina	105.000
Hemra ehf.	Útgáfustyrkur	100.000
Körfuknattleiksdeild Skallagr.	Styrkur	100.000
Knattspyrnuráð Reykjavíkur	Styrkur v/ Allar í fótbolta	100.000
Eygló Eyjólfadóttir	Gjafir	90.000
Rotaryklúbbur Hafnarfjarðar	Útgáfa blaðs v/ umdæmiþings Rotary 04	90.000
Skólafélag Vélskóla Íslands	Styrkur til útskriftarnema Vélskólans/Skrúfan	80.000
RU-ALUMNI MBA-HRM 2004	Styrkur	70.000
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	Auglýsingastyrkur Landsbjargar, Árbók 2004	65.000
Félag viðskiptafræðinema	Styrkur	60.245
Félag ungra framsóknarm RS	Útgáfustyrkur	60.000
Rauði kross Íslands	Styrkur	50.000
Styrktarfélag krabbam.sj. barna	Tónleikar í Hallgrímskirkju og Smáralind	50.000
Ungmennafélag Íslands	V/ Andafjörðs í Elliðaárdal	50.000
Sveitarfélagið Ölfusi	Framlag v/ Hafnardaga	50.000
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Stærðfræðikeppni f/ grunnskólanema	50.000
Sundfélag Akraness	Styrkur v/ útvarps Akranes	50.000
Sigurþór Friðbertsson	Styrkur v/ keppni á vélsleða	50.000
Golfklúbburinn Leynir	Styrkur v/ tjáræktunar á Gardavelli	50.000
Óskar Jóhann Óskarsson	Styrkur vegna hljóðfærakaupa	50.000
Soroptimistaklúbbur Grafarvogs	Styrkur v/ styrktarstarfs	50.000
Jón Gísli Harðarson	Styrkur v/ þátttöku í íslandsmóti í körfubolta	50.000
Glímu félagið Ármann	Útbreiðslustyrkur	50.000
Harpa Hallgrímsdóttir	Styrkur v/ heimsóknar Martínu Freytag	50.000

Bryndís Guðmundsdóttir	Styrkur	50.000
Bandalag kvenna í Reykjavík	Pennar	50.000
Knattspyrnuráð Reykjavíkur	Styrkur v/ Reykjavíkurmóts 2003 og 2004	50.000
Minningarsj. Þorbjörns Árnasonar	Styrkur til landsöfnunar	50.000
Listin að lífa	Auglýsing	47.310
Barna/ungl. ráð knattspd.Víkings	Styrkur	45.000
Þorgeir, stúka nr.11 I.O.O.F.	Styrktarlína auglýsing	40.000
Golfklúbbur Hveragerðis	V/ auglýsingar á Gufudalsvelli í Hveragerði	40.000
Anna Halldórsdóttir	Tónlistarstyrkur	40.000
Sara Rós Jakobsdóttir	Styrkur v/ danskeppni í Blackpool	40.000
Stjörnuskoðunarfélag Seltj.ness	Styrktarauglýsing	40.000
Kertaljósið ehf.	Sundlaugargjald	39.750
Handknattleikssamband Íslands	Styrktarlína	35.000
Íþróttafélag fatlaðra Rvk.	Styrkur v/ bogfimideildar ÍFR, árið 2004	35.000
Golfklúbbur Þorlákshafnar	Styrkur v/ merkinga á golfbrautum	35.000
Karлакór Reykjavíkur	Styrkur v/ jólatónleika 2004	30.000
Handknattleiksdeild Fram	Augl. styrkur v/ Tjaldaness	30.000
Rótaryklúbbur Reykjavíkur	Styrkur til Rótaryklúbba v/ styrktartónleika	30.000
Félag ábyrgra feðra	Styrkur	30.000
Blindrafélagið, ungmennadeild	Styrkur v/ Norrænna sumarþúða	30.000
Krossinn, kristlegt félag	Feedbakkið - styrkur	30.000
Hildur Stefánsdóttir	Stúlkur í Fram v/ ferðar U17 til Prag	30.000
Fimleikafélag Akraness	Styrkur v/ Trompmóts í fimleikum	30.000
Bragi Þorfinnsson	Skákstyrkur	30.000
Samtök áhugafólks um spilafíkn	Styrkur	30.000
Ungmennafélagið Skipaskagi	V/ danskennslu eldri borgara á Akranesi	30.000
Sigurjón Ingi Haraldsson	Þátttaka 4. fl. drengja FH í handboltam.	30.000
Öldrunarfræðafélag Íslands	Stuðningur við blaðið Öldrun 2. tbl. 2004	27.150
Íþróttafélag Reykjavíkur	Frjálsíþróttad. ÍR v/ Heiðmerkurhlaups	25.000
Sunddeild K.R.	Styrktarlína v/ Sundmóts K.R.	25.000
Fram-Fótboltafélag Reykjav. hf.	V/ dagatal	25.000
Þórir Örn Ólafsson	Styrkur v/ alþj. markaðsfræðikeppni	25.000
Skákdeild K.R.	V/ auglýsingakostn. skákdeildar K.R.	25.000
Guðný Björg Stefánsdóttir	Styrkur v/ alþjóðlegs skákmóts í Skotlandi	25.000
Áróra Helgadóttir	Styrkur v/ keppnisferðar	25.000
Halldór Viðar Garðarsson	Heimsmeistaramót heyrnarlausra í skák	25.000
Snorrasjóður, sjálfseignarstofnun	Snorraverk. 2004, v/ Jonathan Grace	25.000
Taflfélag Garðabæjar	Styrkur v/ firmakeppni	25.000
Kirkjuritið	Styrktarlína í Kirkjurutinu	20.000
Daufblindrafélag Íslands	Styrkur	20.000
Körfuknattleiksdeild Hauka	Styrkur	20.000
Skólafélag Landbúnaðarháskólans	Styrkur v/ námsferðar til Skotlands	20.000
Bogi Guðmundsson	V/ hjóltreifaferðar gegn óbeinum reykingum	20.000
Golfklúbbur Reykjavíkur	Styrkur RS	20.000
Bústaðakirkja	Miðasala	20.000

Krabbameinsfélag Reykjavíkur	Happdrættismiðar	18.000
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	Stuðningur v/ vímuvarnavíku	15.000
Guðni Stefánsson	Styrkur	15.000
Samband ísl. berkla/brjóstholsj.	Styrkur	15.000
Ungmennafélagið Íslendingur	Styrkur v/ afmælis Hreppslaugar	15.000
Víkingur, handknattleiksdeild	Styrkur	15.000
Brynjólfur Garðar Lárents.	Styrkur v/ keppnisferðar	15.000
Lauf	Þátttaka í LAUF-blaðinu 2. tbl. 2004	12.500
Bridgesamband Íslands	Bridgehátíð keppnisgjald v /Þórðar Björns.	12.000
Framkvæmdasjóður Skrúðs	Styrkur til Skrúðs að Núpi, Dýrafirði	10.000
Krýsuvíkurskóli, vist/meðferðarh.	Styrkur v/ útgáfu blaðs	10.000
Oleksandra Chernyshova	Styrkur v/ tónleikahalds	10.000
Taflfélag Kópavogs	Styrkur	10.000
Unglinganefnd KÍA	Auglýsingastyrkur v/ Skagamóts	10.000
4. árs hjúkrunarfræðinemar 2003	Gott í mallann, uppskriftabók	10.000
Soroptimistaklúbbur Akraness	Styrkur v/ líknarmála, pönnukökur	8.800
Heiðrún sf.	Fótboltar f/ fótboltalið OR	6.001
Þroskahjálpar, landssamtök	Skilaboðasjóður Þroskahjálpar	5.000
Guðmundur Sæmundsson	Áheit á málabraut ML v/ Sjónarhóls	3.000
Skólafélag Menntaskólans v/ Sund	Dagsverk 18. febrúar 2004	2.400
	Samtals styrkir 2004	76.999.738

Tafla IV

Styrkþegi 2005	Texti	Fjárhæð
Starfsmannafélag Orkuveitu Rvk.	Rekstrarstyrkur/Íþróttastyrkur	12.500.980
Landgræðsla ríkisins	Framlag til uppgræðslu við Hengil	5.000.000
Genergy-Varmaraf	Rannsókn- og þróunark. Genergy-Varmaraf	3.318.603
Utanríkisráð. v/ sendiráðs London	Fjárstuðningur við verkefnið Pure Iceland	3.000.000
Reykjavíkurborg	Þátttaka í Vetrarhátíð	2.725.231
Bláskógabyggð	Verkefnið „Hækkun Hagavatns“	2.500.000
Víkin - Sjóminjasafnið ses.	Fjárstyrkur	2.000.000
Háskóli Íslands	Styrkur v/ meistaranáms	1.800.000
Samorka, samt. raf/hita/vatnsveita	Framl. v/ reksturs Alþjóða Jarðhitasamb.	1.735.892
Háskólinn í Reykjavík	Bandamannasamningur 2003-2005	1.500.000
Veiðifélag Elliðavatns	Arðgreiðsla 2005 v/ afn. af uppeldisstöðvum	1.361.914
Hjálparveit skáta í Reykjavík	Fært af Risnu á Styrk	1.245.000
Skógræktarfélag Reykjavíkur	Styrkur	1.226.090
Raunvísindastofnun Háskólans	Styrkur v/ doktorsnáms	1.100.000
Bandalag íslenskra skáta	Styrkur v/ Landsmóts skáta	1.062.500
Áfangageimilið ehf.	Konfektassar í gjafaöskju	1.024.324
Enex hf.	Hluthafar Enex í bás á World Geothermal Co	1.000.000
Landssöfnun vegna flóða í Asíu	Söfnun vegna flóða í Asíu	1.000.000
Nýlistasafnið	Styrkur v/ sýningar á verkum Dieter Roth	900.000
Efla hf.	Styrkur. Aðferðir við mat á áhrifum frkv.	622.500
Klúbbur matreiðslumeistara	Styrkur til utanfarar landsliðs KM til Basílu	600.000
Sunnumörk ehf.	Styrkur	600.000
ReykjavíkurAKADEMÍAN, félag	Styrkur v/ Reykjavíkurakademíunnar	500.000
Félag íslenskra teiknara	Styrkur til FÍT	450.000
Veiðifélag Andakílsár	Bótagreiðslur v/ virkjunar í Andakílsá	423.102
Nanus, áhugamannafélag	Styrkur v/ vetrarhátíðar	400.000
Björgunarfélag Akraness	Flugeldasýning á Akranesi	373.500
Knattspyrnufélag ÍA	Styrkur 2005	350.000
Kvenfélagasamband Íslands	Styrkur v/ AZWN þing í Rvk. maí 2005	350.000
Eggert Skúlason	Styrkur v/ DVD disks um stangveiði	350.000
Garðyrkjufélag Íslands	Styrkur v/ vetrarhátíðar	320.000
Krabbameinsfélag Íslands	Fjáröflun	305.000
Sveitarfélagið Ölfus	Kostnaðarhlutdeild	300.000
Gyllti hansinn ehf.	Styrkur	300.000
Jón Þór Sigurvinsson	Meistaránámsstyrkur	300.000
Berglind Leifsdóttir	V/ þátttöku á íþróttamóti á Akureyri 2005	255.000
Akraneskaupstaður	Flugeldasýning v/ vökudaga	250.250
Kópavogsbær	Styrkur v/ spænskra daga	250.000
Landvernd	Styrkur v/ Vistverndar í verki	250.000
Laxfiskar ehf.	Styrkur	250.000
Leikhópurinn Þíbilja	Styrkur v/ uppsetningar á leikriti	250.000
Sonja Dögg Dawson Pétursdóttir	Styrkur	225.000
Hildur Æsa Oddsdóttir	Styrkur	225.000

Oddný Ágústa Hávarðardóttir	Styrkur	225.000
Hið Íslenska bókmenntafélag	Styrkur	200.000
Samhygð, félagsamtök	Styrkur	200.000
Kór félagsst. aldraðra	Styrkur til Karlakórsins Kátir Karlar	200.000
Sigurður Óli Gunnarsson	Styrkur v/ rally	200.000
Menntafélagið ehf.	Styrkur	200.000
Háskólinn á Akureyri	Styrkur vegna Orkuþings skóla	200.000
Björgunarsveitin Ok	Styrkur	200.000
Björn Bjarki Þorsteinsson	Styrkur v/ Borgfirðingahátíðar 2005	200.000
Hugarafi	Styrkur v /starfsemi Hugarafis	200.000
Fífilbrekka ehf.	Styrkur	200.000
Elísabet Sif Haraldsdóttir	Auglýsing v/ danskeppni	180.000
Knattspyrnudeild Fylkis	Styrkur v/ dagatals mfl. karla 2005	180.000
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	Kærleikskúlan, 50 stk.	160.000
Magnús Guðmundsson	Styrkur v/ ritunar sögu Mosfellsbæjar	150.000
Bjarki Bjarnason	Styrkur v/ ritunar sögu Mosfellsbæjar	150.000
Markús Þór Andr�sson	Styrkur v/ myndlistarsýningar	150.000
Golfkl�bburinn Leynir	V/ golfm�ts	130.000
Kaffibar�j�naf�lag �slands	Styrkur v/ �slandsm�ts Kaffibar�j�na	130.000
Sumarb��irnar �vint�rland	Sumarleikur Orkuveitunnar	120.000
Verzlunarsk�labla�i�	Heils��a � Verzlunarsk�labla�inu V71	112.050
Fr�tt ehf.	Kvennastyrkir	102.943
Golfkl�bbur Bakkakots	Auglýsing hj� Golfkl�bbi Bakkakots	100.000
Handknattleikssamband �slands	Styrkur	100.000
Hestamannaf�lagi� F�kur	Styrkur til barna- og unglingsflokks	100.000
Sundf�lag Akraness	Styrkur v/ �tvarps Akraness FM 95,0	100.000
Hverager�isb�r	Styrkur	100.000
Hverager�isb�r	Styrkur v/ Bl�mst. daga	100.000
Norr�na f�lagi� � sveitarf�lagi	Styrkur	100.000
St�dentaleikh�si�	Styrkur v/ almannavarnar�fingar	100.000
S�nska f�lagi� � �slandi	Lucia 2005	100.000
F�lag hagfr��inema	Auglýsing � Hagm�l, fr��irit hagfr��inema	95.000
�laf�a D�gg �sgeirsd�ttir	Styrkur � n�msfer� sem haldin var � �r�sum	85.000
Fj�lskyldan-l�knarf�lag SES	Styrkur	80.000
Gunnar �rn Svavarsson	Styrkur vegna þ�ttt�ku � Motorcross	80.000
Alfa � �slandi, �hugam.f�l.	Styrkur	75.000
Henson Sports Europe � �sl. ehf.	Styrkur	68.334
Slysavarnarf�lagi� Landsbj�rg	Auglýsingast. Slysavarnarf�lagsins Landsbj.	65.000
Anna Mar�a P�lsd�ttir	Styrkur v/ n�msfer�ar	65.000
Handknattleiksdeild Fram	Styrkur v/ Tjaldaness	60.000
J�n G�sli Har�arson	Styrkur v/ þ�ttt�ku � �slandsm�ti � k�rfubolta	60.000
JAM h�purinn	Styrkur v/ norr�nu b�kbandss�ningarinnar	60.000
F�lag vi�skipta- og hagfr��inga	Styrkur v/ kjarak�nnunar	55.000
Magn�s H��insson	Styrkur	55.000
Benedikt J�nsson	Styrkur	55.000

BM-ráðgjöf, Bein Markaðssókn ehf.	Blátt áfram, styrkur	55.000
Thorvaldsensfélagið	Styrkur	52.000
Badmintonsamband Íslands	Styrkur til BSÍ	50.000
Rotary-umdæmið á Íslandi	Hátíðartónleikar/tónlistarsjóðs	50.000
Daufblindrafélag Íslands	Styrkur	50.000
Skákfélagið Hrókurinn	Styrkur v/ Skákmaraþons Hrafns Jökulssonar	50.000
Karлакór Reykjavíkur, eldri fél.	Styrkur v/ eldri félag	50.000
Smáralind ehf.	Rannsóknir á arfgengri heilablæðingu	50.000
Langholtskirkja	Framkvæmdir í safnaðarheimili kirkjunnar	50.000
Brynjólfur Árni Mogensen	Indlandsför, Brynjólfur Á. Mogensen	50.000
Dagur Bjarnason	Indlandsför, Dagur Bjarnason	50.000
Svana Rún Símonardóttir	Indlandsför, Svana Rún Símonardóttir	50.000
Auður Birna Stefánsdóttir	Indlandsför, Auður Stefánsdóttir	50.000
Leikfélag Hveragerðis	Styrkur til Leikfélags Hveragerðis	50.000
Flugbjörgunarsveitin Hellu	Styrkur vegna verðlaunabikara	50.000
Stjörnugolf, áhugamannafélag	Styrkur v/ MND	50.000
Framsóknarflokkurinn	Styrkur	50.000
Skotta ehf.	Styrkur v/ söngl. „Hei þú á menningarnótt“	50.000
Salaskóli	Styrkur til Selaskóla v/ Legóverkefni	50.000
Keilufélag Akraness	Utanlandsferð unglunga í landsliðsh.	45.000
Ólafía Guðrún Halldórsdóttir	Styrkur v/ skátamóts	45.000
Ís-spor ehf.	Styrkur v/ golfmóts SKOR	44.000
Íþróttafélag fatlaðra Rvk.	Styrkur v/ keppnisferðar bogfimideildar	40.000
Golfklúbbur Þorlákshafnar	Styrkur	40.000
Sigurjón Ingi Haraldsson	Styrkur v/ Norden Cup	40.000
Sigurður Hólm Guðmundsson	Styrkur v/ dansþars	40.000
Hrafnhildur Ýr Ólafsdóttir	Styrkur v/ landsliðs í íshokki	40.000
Ungmennafélagið Þróttur	Styrkur v/ farar á AMÍ	40.000
NB Golfverslun ehf.	Styrkur v/ golflandsliðs	37.577
Bústaðakórinn	15 miðar á jólasveiflu Kórs Bústaðakirkju	37.500
Guðlaug Þórs Ingvadóttir	Styrkur v/ námskeiðs Ný og betri	35.000
Kristín Anna Kristinsdóttir	Styrkur v/ námskeiðs Ný og betri	35.000
Unglinganefnd KÍA	Styrkur	32.000
Landssamtök hjartasjúklinga	Styrkur v/ hringferðar Eggerts Skúlasonar	30.000
Þúsund Þjalir ehf.	Styrkur v/ komu Boston Tufts símfóníunnar	30.000
Sveinn Rúnarsson	Þátt. Ástu K. Sveinsdóttur í Youth Camp	30.000
Ásgeir Helgason	V/ Aldís Ásgeirsdóttir, Partille Cup	30.000
Davíð Teitsson	V/ þátttöku í EM unglunga í borðtennis	30.000
Júlíana Guðmundsdóttir	Styrkur til Júlíönu	30.000
Skíðalið Reykjavíkur	Styrkur	30.000
Óskar Bergmann Albertsson	Þátttaka í myndlistarsýningum í Danm/Þýs	30.000
Snorri Páll Sigurðsson	V/ U-16 Unglingalandslið í körfubolta	30.000
Steinunn Sæmundsdóttir	V/ þátttöku í Íslandsmóttinu í sveitakeppni	30.000
Sigurjón Bjarnason	Styrkur	30.000
Elísabet Sigmarsdóttir	Styrkur til utanlandsferðar	30.000

Knattspyrnuráð Reykjavíkur	Reykjavíkurmót meistaraflokka 2005	28.500
Öldrunarfræðafélag Íslands	Styrkur	27.075
Exton - Kastljós ehf.	Leiga v/ hljóðbúnaðar	26.149
Lagnafélag Íslands	Styrktaraðild f/2005	25.000
Verkfræðingafélag Íslands	Styrkur v/ golfmóts félaganna	25.000
Þroskahjálp, landssamtök	Styrkur	25.000
Sunddeild K.R.	Styrkur v/ Gullmóts K.R. í sundi	25.000
Fram-Fótboltafélag Reykjav. hf.	Auglýsing á dagatal	25.000
Félag ábyrgra feðra	Styrkur	25.000
Pjaxi ehf.	Styrkur, Mosfellsbær saga byggðar	25.000
Einar Ólason	Myndir af undirskr. OR og Hveragerði	25.000
Birna Kristinsdóttir	Styrkur v/ námsferðar erlendis	25.000
Víðir Björnsson	Útgáfustyrkur v/ Nilfisk	25.000
Hafþór Júlíus Björnsson	Körfuboltakeppni unglingslandslíðs	25.000
Ásta Þorleifsdóttir	Þátttaka framhaldsskólanna í DeepImp.	25.000
Jón K Guðbergsson	Styrkur vegna heimasíðugerðar	25.000
Handknattleiksfélag Kópavogs	Firmakeppni HK þátttökugjald	20.000
Landssamband slökkviliðsmanna	Þátttaka í eldvarnarátaki LSS 2005	20.000
Ævintýraklúbburinn, áhugam.fél.	Styrkur v. einhverfra og fjölfatlaðra	20.000
Kirkjuritið	Jóla- og nýárskevja í Kirkjuritinu 2005	20.000
Hrafnista	Auglýsing í Hrafnistubréfinu	20.000
Foreldra/styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	Styrkur v/ heilsuátaks	20.000
Samfylkingin í Hafnarfirði	Styrktarlína jólablað 2004	20.000
Skákdeild K.R.	Styrkur til skákdeildar K.R.	20.000
Guðrún Erla Björnsdóttir	Styrkur v/ leiktækja í Skólasels	20.000
Lilja Jónsdóttir	Styrkur	20.000
Styrkur,samt. Krabbameinssj.aðst	Styrkur v/ 18 ára stuðningshóps	20.000
Margeir Ingólfsson	Áheit Grunnskóli Bláskógarbyggðar	20.000
Hjálpræðisherinn í Reykjavík	Styrkveiting v/ jóla	20.000
Götusmiðjan ehf.	Auglýsing í málgagni Götusmiðjunnar	18.675
Blindrafélagið	Styrkur	15.000
Félag heyrnarlausra	Styrkur	15.000
Félag íslenskra fíkniefnalögr.	Þátttaka í forvarnarsíðu í Morgunblaðinu	15.000
Geðhjálp	Styrkur	15.000
Hjálparstarf kirkjunnar	Auglýsing fréttablað hjálparstarfs kirkjunnar	15.000
Sagnir, tímarit um söguleg efni	Styrkur v/ útgáfu Sagna, 25. árg. 2005	15.000
Sjálfsbjörg Landssamband fatl.	Styrkur v/ verkefnisins Frelsis	15.000
Ungmennafélag Íslands	Styrkur v/ Forvarnarblaðs Skinfaxa	15.000
Neistinn, styrktarf. hjartv. barna	Stuðningur við Neistann 2. tbl.2004	15.000
Regnbogabörn, áhugamannafélag	Auglýsing í blaði Regnbogabarna 1. tbl. 2005	15.000
Grensáskirkja	Stuðningur v/ útg. safnaðarblaðs	15.000
Kvennaráð knattspyrnud. Aftureld.	Styrkur v/ unglingsstarfs	15.000
Ingiberg Benediktsson	Hönnunarstyrkur v/ lagn. hitaveitu	15.000
Styrktarfélag krabbam.sj. barna	Styrkur f/krabbameinss. börn	12.500
Félag háskólakvenna/kvenstúd.	Auglýsing rit Félags íslenskra háskólakvenna	12.000

Páll Guðjón Valdimarsson	Styrkur v/ bridgekeppni	12.000
Skákstofan	Styrktaraugl./stuðningskv. v/ Fischer-nefndin	10.245
Soroptimistaklúbbur Akraness	Styrkur v/ líknarmála	7.200
Ungmennasamband Borgarfjarðar	Styrktarlína í símaskrá UMSB 2005	4.000
	Samtals styrkir 2005	<u>62.954.634</u>

Tafla V

Styrkþegi 2006	Texti	Fjárhæð
Íþróttá- og tómsundaráð Rvk.	Heilsuborgarsamst. Verk/Fjölskyldug.	9.483.026
Lagnakerfamiðstöð Íslands	Stuðningur uppbygging Lagnak. Íslands 2005	6.500.000
Reykjavíkurborg	53,4% hlutdeild stofnkostn. Úlfjótsvatnsskála	2.080.867
Reykjavíkurborg	Styrkur v/ útl. kostnaðar v/ Grafarvogsdags	120.000
Reykjavíkurborg	Þátttaka í Vetrarhátíð 2006	2.500.000
Reykjavíkurborg	Styrkur v/ útgáfu á hljómdiskum, Gerðuberg	200.000
Reykjavíkurborg	Kostnaðarhlutdeild v/ sýningar Dieter Roth	250.000
Orkustofnun	„Bergsprungur í skjálftabeltum“ Samstarf	4.150.000
Undirbúningsfélag Tilraunahúss	Framlag OR í Undirbúningsfélag Tilraunahúss	3.500.000
Latibær ehf.	Þátttaka í Orkuátakinu 2006	3.411.300
Háskóli Íslands	Styrkur v/ meistaverkefni	3.345.000
Landgræðsla ríkisins	Framlag til landgræðslu	3.000.000
Hjálparsevit Skáta Reykjavík	Flugeldasýning á menningarnótt 2006	2.490.000
Víkin - Sjóminjasafnið.	Styrkur til Víkurinnar – Sjóminjasafns	2.000.000
Landsmót hestamanna ehf.	Styrkur v/ Landsmóts hestamanna 2006	1.675.000
Landnám Íslands ehf.	Styrkur v/ vatnslisterkerks	1.500.000
Snorrastofa í Reykholti	Kostun Snorrastofu	1.500.000
Samorka, samt. raf/hita/vatnsveit	Styrkur v/ auðlindaréttar	1.499.791
Starfsmannafélag Orkuveitu Rvk.	Rekstrarstyrkur / Íþróttastyrkur	1.458.253
Veiðifélag Elliðavatns	Arðgreiðsla v/ afnota af uppeldisst. f. lax	1.414.410
Kór Orkuveitu Reykjavíkur	Styrkur til kórs Orkuveitunnar	1.250.000
Iðntæknistofnun Íslands	Styrkur v/ ranns. náms, Alexander Jensen	1.200.000
Concert ehf.	Miðasala	1.000.020
Rannsókná-/fræðasetur HÍ Hveragerði	Framlag	1.000.000
Vélfjólaiþróttaklúbburinn	Styrkur	1.000.000
Skógræktarfélag Akraness	Framlag til skógræktarfélags	750.000
Raunvísindastofnun Háskólans	Styrkur v/ doktorsnáms Niels Giroud	733.000
Íslensk almannatengsl ehf.	Styrkur v/ Orkuþaðsins	622.500
Reynir Bergsveinsson	Styrkur til refa- og minkaveiða 2005 – 2006	600.000
Stórsveit Reykjavíkur	Styrkur	600.000
Lofkastalinn ehf.	Aðgöngumiðar á Rocky Horror	560.000
Skáksamband Íslands	Kostnaður v/ Skákþings Íslands 2006	520.000
Akraneskaupstaður	Vökudagar 2006	500.265
Iðnmennt ses.	Styrkur v/ námsefni í pípulögnum	500.000
Krabbameinsfélag Íslands	Styrktarkvöldverður v/ Bleika borðans	500.000
Landvernd	Styrkur v/ Landverndar og Vistverndar í verki	500.000
Samtök psoriasis- og exemsj.	Styrkur v/ sumarafleysinga starfsfólks SPOEX	500.000
Nýlistasafnið	Styrkur v/ sýningarinnar Gæðingarnir	500.000
Massimo Santanicchia	Verðlaun í ljóskerasamkeppni	500.000
Oddakirkja	Styrkur til hljóðfærasjóðs	500.000
Steinsnar ehf.	Styrkur v/ tónleika „Íslensk ástarlög“	500.000
Vímulaus æska,foreldrasamtök	Styrkur v/ kostnaður v/ hátíðarhalda	500.000
Reykjavík Akadémían	Styrkur v/ rekstur bókasafns Dagsbrúnar	500.000

Ragnhildur Stefánsdóttir	Gerð verðlaunagrips af Jóni Páli Sigm.	500.000
Brunavarðafélag Reykjavíkur	Styrkur í líknarsjóð slökkviliðsmanna	500.000
Samtök atvinnulífsins	Orkulindin Ísland ráðstefna	473.041
Veiðifélag Andakílsár	Samningur. Bótagr. v/ virkjunar í Andakílsá	440.675
Lagnafélag Íslands	Styrktaraðild fyrir árið 2006	437.000
Batterið ehf.	Verðlaun í ljóskerasamkeppni	400.000
Golfklúbbur Bakkakots	Styrkur	350.000
Knattspyrnudeild ÍA	Styrkur 2006	350.000
Alþjóðleg kvikmyndah. Rvk. ehf.	Styrkur v/ fræðslu/fyrirlesturs í húsi OR	330.000
Frúin ehf., Ólafsvík	Útgáfa á bókinni „Faðir Fred og 12 spor“	300.000
Reykjavíkurakademían	Styrkur v/ ráðstefnu	300.000
SPES - alþjóðleg barnahjálp	Styrkur	300.000
Esther Ýr Steinarsdóttir	Verðlaun í ljóskerasamkeppni	300.000
Skákskóli Hróksins	Styrkur v/ Skákhátíðar á Grænlandi 2006	300.000
Guðrún Inga Sívertsen	Styrkur v/ meistaraverkefni, 2 mánuðir	300.000
Kristján Ketill Stefánsson	Mótframlag. Nýsköpunarsj. v/ Vísindi á vef	273.900
Nanus, áhugamannafélag	Styrkur til Nanus hópsins	260.000
Kennaraháskóli Íslands	Styrkur v/ málþings	250.000
Reykjanesbær	Styrkur v/ Ljósanætur 2006	250.000
Klúbbur matreiðslumeistara	Styrkur til landsliðs KM	250.000
Víðfari-BEST á Íslandi	Styrkur fyrir sumarnámskeið	250.000
Kristín Steingrimsdóttir	Kvennastyrkur 2006	240.000
Úrsúla Ögn Guðnadóttir	Kvennastyrkur 2006	240.000
Arna Vigdís Jónsdóttir	Kvennastyrkur 2006	240.000
Kvenfélagasamband Íslands	Styrkur v/ landsþings KÍ	240.000
Gerðuberg, menningarmiðstöð	Styrkur	200.000
Kópavogsbær	Kanadísk menningarhátíð – styrkur	200.000
Kór félagsst. aldraðra	Styrkur til kórsins	200.000
Sigurður Óli Gunnarsson	Styrkur v/ þátttöku í rally	200.000
Gyllti hansinn ehf.	Styrkur v/ listaverks, Versations Tetralogia	200.000
Tryggvi Ingólfsson	Styrkur v/ styrktartónleika Tryggva	200.000
Hjálparsveit skáta Hveragerði	Styrkur v/ bruna á gamlársgang	195.000
Neytendasamtökin	Styrkarlína	187.500
Saga Film hf.	Styrkur v/ myndbandagerðar	186.750
Alnæmisbörn, félag	Styrkur til Alnæmisbarna	180.000
Hveragerðisbær	Blómstrandi dagar 2006	150.000
Leirlistarfélagið	Styrkur	150.000
Sökkólfur ehf.	Síða í Good Morning Iceland	150.000
Steinunn Harpa Einarsdóttir	Kvennastyrkur 2006	140.000
Hildur Einarsdóttir	Kvennastyrkur 2006	140.000
Stýri ehf.	Íþrótt og auglýsingast. Gunnar Örn Svavars	124.500
Landskeppni í edlisfræði	Íslenska keppnisliðið á Ólympíuleikum	120.000
Gate to Iceland	Skv. reikningi	111.585
Trío Reykjavíkur sf.	Áskriftir á tónleikaröð Tríosins	110.000
Samhygð, félagssamtök	Framlag í þróunarverk. á Háttí	100.000

Pétur Jónsson	Styrkur v/ þátttöku í siglingakeppnum 2006	100.000
Ungmennasamband Borgarfjarðar	Styrkur v/ Borgfirðingahátíðar	100.000
Kór Félags eldri borgara Rvk.	Styrkur v/ söngferðalags til Bretlands	100.000
Fókus félag áhugaljósmyndara	Styrkur v/ þátttöku í Vetrarhátíð 2006	100.000
Skátafélagið Landnemar	Styrkur v/ þátttöku Landnema í hverfahátíð	100.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	V/ ferðar nemenda til lagfæringar	85.800
Hjá Guðjón Ó.	Breiðholtshátíð	84.660
Sveinafélag pípulagningamanna	Styrkur	75.000
Menningarfélagið Hr. Niels	Upps. á ísl. óperu eftir sögu Sigurðar N.	75.000
Handknattleikssamband Íslands	Styrkur v/ landsleikja, Frakkland	70.000
Röskva, samtök félagshyggjufólks	Styrkur v/ augl.	60.000
Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð ses.	Styrkur v/ málþings 10. feb	60.000
Rafiðnaðarsamband Íslands	Styrkur v/ útgáfu á margmiðlunardisk	50.000
Handknattleiksdeild Fram	Styrkur v/ Heimili f. börn Áslandi 9	50.000
Blindrafélagið, Ungmennadeild	Styrkur til Ungblind	50.000
Ægisf. ferðafélag meðfh. Hvítarb.	Auglýsing í Auðnuspor	50.000
Framsóknarfélag Hveragerðis	Auglýsing í félagsblaði	50.000
Flugbjörgunarsveitin Hellu	Styrkur v/ Torfæru 2006	50.000
Félag eldri borgara Selfossi	Augl. í símaskrá Félags eldri borgara Árborg	50.000
Bústaðakórinn	Miðar á tónleika	50.000
Ingunn Jónsdóttir	Styrkur v/ sýningar í Japan	50.000
Busli félag ungbarnasundkennara	Norræn ráðstefna um ungbarnasund	50.000
Íþróttafélagið Dímón	Styrkur v/ íþróttaiðkunar	50.000
Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir	Styrkur v/ keppnisferðar til Danmerkur	50.000
Áhugamannafélagið A.I.R.	Styrkur v/ áhugamannafélagsins AIR	50.000
Önnur Öld ehf.	Styrkur v/ Stjörnugolf til styrktar Umhyggju	50.000
Greiningar/ráðgjafarstöð ríkis	Styrkur v/ ráðstefnu um Downs-heilkenni	50.000
Íþróttafélagið Gerpla	Styrkur v/ Meistarahóps	50.000
St. Styrmir, íþróttafélag	Æfingastyrkur	50.000
Héraðssjóður Rangárvallaprófd.	Styrkur til Kirkjublaðs	50.000
Kammerkór Langholtskirkju	Styrkur v/ Mozarttónleika	48.000
Golfklúbbur Þorlákshafnar	Styrkur v/ merkinga á golfbrautum	45.000
Félag íslenskra fíkniefnalögr.	Þátt. auglýsingaopna í Morgunbl. 17. júní	40.000
Skrautás ehf.	Styrkur v/ útgáfu blaðs	40.000
Skíðadeild Í.R.	Styrkur v/ merkinga	40.000
Skautafélagið Björninn	Styrkur til íþróttastarfsemi Bjarnarins	40.000
Íþróttafélagið Leiknir	Styrkur v/ utanlandsferðar	40.000
Guðni Jónsson	Styrkur v/ ferðar einhverfra í MK	40.000
Blátt áfram, forvarnarverkefni	Ráðstefna um forvarnir	40.000
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	Þátttaka vímuvarnaraugl. verslunarmannah.	33.000
Gedhjálp	Styrkur v/ félagsmiðstöðvar	30.000
Samband íslenskra kristniboðsf	Auglýsing í Kristniboðsfréttum 1. tbl. 2006	30.000
Soroptimistaklúbbur Kópavogs	Styrkur v/ 2005	30.000
Íþróttafélagið Þjótur	Styrkur	30.000
Golfklúbburinn Leynir	Styrktarmót Microsoft á Íslandi	30.000

Mosfellsfréttir	Mosfellsfréttir, jólablað	30.000
Dropinn, styrktarf. barn.m/sykurs.	Styrkur v/ sykursjúkra barna	30.000
Golfklúbbur lögreglunnar í Rvk.	Styrkur v/ golfkennslu	30.000
Einar Björn Þorsteinsson	Styrkur v/ Partille Cup	30.000
Hvolsskóli	Styrkur v/ landsmóts í skólaskák	30.000
Birgir Kristjánsson	Styrkur v/ auglýsinga á búningum	30.000
Kristín Magnúsdóttir	Blómvendir v/ kvennastyrks	29.880
Bridgesamband Íslands	V/ stórmóts í bridge	28.000
Páll Guðjón Valdimarsson	Styrkur v/ bridgemóts	28.000
Jón Arnar Tracey Sigurjónsson	Keppnisferð til Danmerkur í sundi	25.000
Hrafnista	Auglýsing í Hrafnistubrúfinu	25.000
Skíðadeild Víkings	Styrkur	25.000
Tanja Kristín Leifsdóttir	Keppnisferð á Norðurlandamót	25.000
Gróa Margrét Sigurðardóttir	Styrkur v/ Elínar Rutar Erlingsdóttur	25.000
Ragnheiður Margrét Júlíusdóttir	Styrkur v/ Hafþórs Júlíusar Björnssonar	25.000
Rotaryklúbbur Seltjarnarness	Styrkur v/ útg. blaðs umdæmisþings 2006	25.000
Kátu biskuparnir, félag	Styrkur v/ skákfélagsins Kátu Biskuparnir	25.000
Sundfélag Akraness	Styrkur v/ Faxaflóasund 2006	21.000
Stoð og styrkur - góðgerðaf.	Stuðningur við ungt fólk (heilablóðfall)	20.000
Bæjarblaðið í Hveragerði	Styrkur	20.000
Ragnhildur Sigurðardóttir	Styrkur v /úrtökumóts	20.000
Samfylkingin í Árborg og nág.	Styrktarl. maíblað Samfylkingarinnar Árborg	20.000
Skólafélag Vélskóla Íslands	Styrkur til útskriftarnema – Skrúfan	20.000
Blaksamband Íslands	Styrkur v/ EM smáþjóða	20.000
Taflfélag Vestmannaeyja	Styrkur í unglingastarf v/ EM grunnsk. í skák	20.000
Skáksveit MR	Auglýsing v. þátttöku í Norðurlandamóti	20.000
Domus Vox ehf.	Miðar á aðventutónleika	20.000
Hið Íslenska bókmenntafélag	Augl. styrkur til Skírnis 06 vor	19.920
Landssamband K.F.U.M./K.F.U.K.	Blað KFUM og K 1. tbl. 2006	18.875
Alþýðusamband Íslands	Þátttaka í Vinnunni, afmælisblað ASÍ	18.675
Knattspyrnudeild Fylkis	Auglýsingarstyrkur 7.fl.karla	18.000
Neistinn, styrktarf. hjartv. barna	Auglýsing í Neistanum, 1. tbl. 2006	18.000
Knattspyrnuráð Reykjavíkur	Verðlaun v/ Reykjavíkurmóts í knattspyrnu	18.000
Félag vélaverkfræðinema	Styrkur v/ námsferðar	17.000
Íþróttasamband fatlaðra	Þátttaka í Hvata	15.000
Sagnir, tímarit um söguleg efni	V/ styrks. Tímaritið Sagnir	15.000
Ungmennafélag Íslands	Þátttaka í Skinfaxa	15.000
Borgarskák mótið	Borgarskák mótið	15.000
Sigrún Karlsdóttir	Hönnunarstyrkur	15.000
Anna Kristín Kristinsdóttir	Styrkur	15.000
Samstarfsráð um forvarnir	Þátttaka í verkefninu „ég ætla að bíða“	15.000
Handknattleiksdeild Fjölnis	Auglýsing í handboltaþlað Fjölnis	15.000
Guðjón Sigurðsson	Styrkur v/ aksturs	14.000
Öldrunarfræðafélag Íslands	Auglýsing í blaði Öldrunarfræðafélags Íslands	12.000
Þormar Grétar Vídalín Karlsson	Útl. kostn. v/ reykinganámskeiðs	10.000

Erling Kjærnested	Útl. kostn. v/ reikinganámskeiðs	10.000
Kristófer Kristófersson	Útl. kostnaður v/ reikinganámskeiðs	10.000
Dómkirkjan	Styrktarlína í tónleikaskrá Dómkórsins	10.000
Soroptimistaklúbbur Akraness	Styrkur	8.400
NB Golfverslun ehf.	Golfvörur	8.059
Æskulýðssamtök ÍUT	Þátttaka á vefnum www.edru.is	5.000
Ævintýrklúbburinn, áhugam.félag	Ævintýrklúbburinn - mynd eftir Stefán	5.000
Leikfélagið Grímnir	Styrktarlína í leikskrá	3.000
	Samtals styrkir 2006	<u>82.210.652</u>

Tafla VI

Styrkþegi stjórn 2007	Texti	Fjárhæð
Íþróttabandalag Reykjavíkur	Styrkur v/ Alþjóðaleika ungmenna	10.000.000
Knattspyrnusamband Íslands	Styrkur v/ EM U19 kvenna 2007	5.000.000
Landgræðsla ríkisins	Framlag til landgræðslu	3.000.000
Náttúrufræðistofnun Íslands	Surtseyjarsýning í Þjóðmenningarhúsi	3.000.000
Akraneskaupstaður	Vökudagar, styrkur og ljósmyndasýning	2.500.290
Alþjóðleg kvikmyndahát. Rvk. ehf.	Samstarfsstyrkur	2.000.000
Eysteinn Jónsson	Styrkur v/ myndlistasýningar	1.500.000
Félag M.N.D.-sjúklinga	Styrkur vegna verkefnis MND	1.500.000
Bergmál, líknar- og vinafélag	Styrkur	1.500.000
Knattspyrnudeild Fylkis	Orkumót	1.000.000
Lögmenn Suðurlandi	Styrkur til bænda í Skaftafellssýslu	1.000.000
Rannsókn- og fræðasetur HÍ Hveragerði	Þátttökugjald	1.000.000
Körfuknattleiksdeild Skallagr.	Styrkur	1.000.000
Vímulaus æska, foreldrasamtök	Vímulaus æska v/ eftirmeðferðar	1.000.000
Rekstrarfélag Sjónlistamiðstöðv.	Uppbygging sjónlistamiðstöðvar	1.000.000
Skáksamband Íslands	Styrkur v/ Skákþings Íslands 2007	600.000
Háskóli Íslands	Styrkur v/ Legó hönnunarkeppni	500.000
Íþróttabandalag Akraness	Styrkur v/ menningar	500.000
Skátafélagið Skjöldungar	Styrkur	500.000
Ungmennasamband Borgarfjarðar	Styrkur	500.000
Handknattleiksdeild ÍR	Styrkur	500.000
Körfuknattleiksdeild K.R.	Auglýsingarstyrkur	500.000
Blátt áfram, forvarnarverkefni	Styrkur	500.000
Áhugamannafélagið A.I.R.	Styrkur	500.000
Jónína Erna Arnardóttir	Styrkur til IsNord	500.000
Hættu áður en þú byrjar, forv.fél.	Forvarnarstarf: „Hættu áður en þú byrjar“	500.000
Laila Margrét Arnþórsdóttir	Styrkur v/ leikhúss og fræðsluefnis fyrir börn	500.000
Ásta Sól Kristjánsdóttir	Styrkur	500.000
Blakdeild Aftureldingar (UMFA)	Styrkur	500.000
Björgunarsveitin Kjölur	Styrkur v/ björgunarsveitarstarfa	500.000
Skólahljómsveit Kópavogs	Verkefni tengd 40 ára afm. skólahljómsv.	400.000
Gunnar Guðbjörnsson	Styrkur	400.000
Félag lesblindra á Íslandi	Styrkur, ráðstefna 12. okt	350.000
Landskeppni í eðlisfræði	Íslenska keppnisliðið á Ólympíuleikunum	300.000
Foreldra/styrktarfélag Öskjuhlks	Styrkir til sumardvalar	250.000
Skrautás ehf.	Styrkur v/ útgáfu Árbæjarblaðsins	250.000
Anna Kristín Jensdóttir	Styrkur	250.000
Ásta Hrunn Guðmundsdóttir	Styrkur	250.000
Heimili fyrir börn	Styrkur	250.000
Heiðuland ehf.	V/ sumardvalar fatlaða að Botni í Eyjaf.	250.000
Dropinn, styrktarf. barna m/s.	Styrkur	200.000
Sigríður Heimisdóttir	Styrkur vegna nýsköpunarverkefnis	200.000
Borgaskóli	Styrkur v/ Noregsferðar	200.000

Svavar Þ. Þórhallsson	Styrkur	150.000
Freyja Leópoldsdóttir	Styrkur	100.000
Erla Dögg Haraldsdóttir	Styrkur	100.000
	Samtals styrkir 2007 samþykktir af stjórn OR	47.500.290

Tafla VII

Styrkþegi almennt 2007	Texti	Fjárhæð
Raunvísindastofnun Háskólans	Styrkur	26.214.000
Starfsmannafélag Orkuveitu Rvk.	Rekstrarstyrkur A v/ jan 2007	15.687.731
Landbúnaðarháskóli Íslands	Styrkur Endurh. staðargróðurs	14.444.031
Háskóli Íslands	Styrkur v/ meistaraverkefni	12.135.000
Íþrótt- og tómstundaráð Rvk.	Útlagður kostnaður	6.395.829
Reykjavíkurborg	Úlfjótsvatnsskáli v/ vetrarhátíðar	5.007.646
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	Styrkur v/ listaverks	5.000.000
Kolviður, sjóður	Stofnframlag v/ Kolviðar	5.000.000
Háskólinn í Reykjavík ehf.	Skóla- og rannsóknarstyrkir	3.990.000
Samorka, samt. raf/hita/vatnsveita	100 ára afmæli hitaveitna	3.080.458
Hagfelld ehf.	Styrkur bein erlend fjárfesting	3.000.000
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Styrkur	3.000.000
Orkustofnun	Samstarfsverkefnisins Bergsprungur	3.000.000
Hjálparsveit Skáta Reykjavík	Flugeldasýning á menningarnótt 2007	2.779.000
Prokatín ehf.	Nýting vetnis og brennisteins í afgasi	2.600.000
Lagnakerfamiðstöð Íslands	Stuðningur við uppbyggingu Lagnak. Íslands	2.500.000
Landgræðsla ríkisins	Styrkur	2.500.000
Plús Film ehf.	Styrkur 2/3 hlutar v/ heimildamyndar	2.000.000
Latibær ehf.	Útvarp Latibær	1.780.350
Reiknistofa í veðurfræði ehf.	Kortlagning vindafars á Íslandi	1.494.000
Veiðifélag Elliðavatns	Arðgreiðsla f. árið 2007, v/ uppeldisstöðva	1.418.905
Matis ohf.	Umhverfis- og orkurannsóknarsjóður	1.122.500
Íþróttafélag Reykjavíkur	Augl. styrkur v/ veltiskiltis	1.000.000
Vélhjólaíþróttaklúbburinn	Styrkur	1.000.000
Golfklúbbur Reykjavíkur	Auglýsing	951.500
Sendiráð Íslands í London	Vantar	900.000
Áfangaheimilið ehf.	700 geisladiskar	871.500
Fjárfestingarstofan/alm.svið	Benchmarking Study	837.216
Ístölt ehf.	Styrkur vegna Ístölts	750.000
Vaxtarsamningur Vesturlands	Kostnaðarþátttaka vaxtasamnings 2006	750.000
Landvernd	Styrkur v/ Vistverndar í verki 2007	515.000
Jósef Halldór Þorgeirsson	Styrkur v/ kaupa á sneiðmyndaþeki f. SHA	500.000
Golfvöllurinn Glanni ehf.	Samningur um auglýsingu	500.000
Knattspyrnufélag ÍA	Framlag samkv. samkomulagi	500.000
Meistaraflokkur Knattsp. Hamars	Styrkur	500.000
Rannveig Björk Þorkeldóttir	Styrkur v/ Hjóðleikhúss hlustum á sögu	500.000
Reykjanesbær	Ljósanótt styrkur 2007	500.000
Veðurstofa Íslands	Mótframlag v/ Rannís-umsóknar	500.000
Veiðifélag Andakílsár	Bótagreiðsla	471.249
Handknattleiksdeild Fjölnis	Styrkur v/ Hettutreyja	446.600
Björgunarfélag Akraness	Styrkur v/ 2007	400.000
Stúdentaráð Háskóla Íslands	Styrkur v/ Rannsóknadaga SHÍ	350.000
Íslandsmót ehf.	Bílasýning í Perlunni 15.-17. sept. 2007	336.150

Delta Kappa Gamma, landssamband	Styrkur	300.000
Efling Stykkishólms	Styrkur	300.000
Atvinnuþróunarfélag Suðurlands	Þátttökugjald	250.000
Neytendasamtökin	Styrktarlína	250.000
Soffía Anna Sveinsdóttir	Kvennastyrkur 2007	250.000
Ester Anna Pálsdóttir	Kvennastyrkur 2007	250.000
Sara Líf Stefánsdóttir	Kvennastyrkur 2007	250.000
Huong Xuian Nguyen	Kvennastyrkur 2007	250.000
AIESEC	Styrkur v/ framadaga	200.000
Haukur Arnþórsson	Styrkur til rannsókna og kennslu	200.000
Jón Árni Vignisson	Minnisvarði um Sigurjón Rist	200.000
Knattspyrnufélagið Ægir	Auglýsing á bíl	200.000
Kópavogsbær	Styrkur v/ kínverskar menningarhátíðar	200.000
Sigurður Óli Gunnarsson	Styrkur v/ þátttöku í rally	200.000
Handknattleiksdeild Fram	Styrkur v/ bikarleiks	175.000
Handknattleikssamband Íslands	Áheitasöfnun A landslið HM 2007	170.000
Embassy Of Iceland Moscow	Skv. reikn.	162.297
Birgitta Steingrimsdóttir	V/ ferðastyrks 10BB Árbæjarskóla	150.000
Golfklúbbur Bakkakots	Auglýsing á braut 4 hjá GOB	150.000
Gústaf Grönvold	Styrkur v/ ljósmyndasýningar í Ráðhúsi Rvk.	150.000
Gyða Kristinsdóttir	Styrkur vegna veikinda barns	150.000
Íslenska leikhúsgrúpan ehf.	Skemmtun Lau 03 nóv „Pabbinn“	150.000
Sveitarfélagið Ölfus	Styrkur – Hafnardagar	150.000
Verkfræðingafélag Íslands	Styrkur v/ ráðstefnu	135.000
Trío Reykjavíkur sf.	Trío Reykjavíkur, áskriftir	120.000
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Styrkur	100.000
Flugbjörgunarsveitin Hellu	Styrkur v/ bikars í torfærukeppni á Hellu	100.000
Friðrik Baldursson	Barkargagnagrunnur um tjágróður	100.000
Golfklúbburinn Vestarr	Styrkur	100.000
Kór Félags eldri borgara Reykja	Styrkur	100.000
Rótarý-umdæmið á Íslandi	Styrkur í Tónlistarsjóð Rótarý	100.000
Samtök psoriasis- og exemsj.	Styrkur	100.000
Íslenska lögregluforlagið ehf.	Skólabarnabæklingur 2007	99.600
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	Auglýsing frá Vikurit	95.925
Hjálparsveit skáta Hveragerði	Styrkur v/ flugeldasýningar	90.000
Kvennakór Reykjavíkur	Styrkur v/ tónsmíða	90.000
Staðlaráð Íslands	Styrkur	90.000
Golfklúbburinn Mostri	Auglýsing	85.000
Á senunni	Styrkur til leikhóps	75.000
Hala-leikhópurinn	Styrktarlína	75.000
SagaZ ehf.	Styrkur	75.000
Styrktarfélag krabbam.sj. barna	Styrkur	75.000
Þroskahjálp, landssamtök	Styrkur	75.000
Ungmennasamband Borgarfjarðar	V/ Borgfirðingahátíðar	71.000
Félag pípulagningameistara	Heimsmeistaramót í pípulögnum	70.000
Golfklúbburinn Leynir	Styrkur Vatnsmótsins á Garðavelli	70.000

Golfklúbburinn Úthlíð	Auglýsingastyrkur	70.000
Sýningar ehf.	Íslands Hrafnistu menn. Logo/afmkv.	62.250
Félag eldri borgara Selfossi	Styrkur	60.000
Gísli Einarsson	Styrkur v/ Mýrarmanna	60.000
Golfklúbbur Hveragerðis	Sumarkort á golfvöll GHG	60.000
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	Styrkur til Sjálfbjargar með 20 stk. pennum	55.000
Knattspyrnuráð Reykjavíkur	Verðlaun og viðurkenningar	53.500
Nanus, áhugamannafélag	Skreytingar	52.000
Dómkirkjan	Styrkur til kaupa á merktum bolum	50.000
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Styrkur v/ náms- og menningarf.	50.000
Grunnskólinn í Borgarnesi	Hljóðkerfisleiga á hátíð í Skallagrímshg.	50.000
Halldóra Magný Baldursdóttir	Styrkur til Halldóru Baldursdóttur	50.000
Hjálparstarf kirkjunnar	Styrkur v/ málþings um þróunarsamv.	50.000
Íþróttafélagið Dímon	Styrkur v/ blakdeildar Dímons	50.000
Joseph Oyeniya Ajayi	Styrkur	50.000
Landnám Íslands ehf.	Heilsíðuauglýsing í Fréttabl. og Morgunbl.	50.000
Nemendafélag Verslunarskóla Ísl.	Styrkur	50.000
Styrktarfélag Samhjalpar	Styrkur	50.000
Sundfélag Akraness	Útvarp Akranes, styrkur	50.000
Önnur Öld ehf.	Góðgerðargólfmót	50.000
Golfklúbbur Þorlákshafnar	Styrkur til Golfklúbbs Þorlákshafnar	45.000
Díana Ósk Óskarsdóttir	Ráðstefnugjöld í maí 2007 (styrkur)	40.000
Elvar Örn Þormar	Styrkur v/ ferðar á Global Young Leaders	40.000
Kvennaráð knattspyrnud. Aftureld	Styrkur	40.000
Bandalag íslenskra skáta	Styrkir v/ Útilífshelgar skáta 2007	39.000
Lagnafélag Íslands	Styrktaraðild fyrir árið 2007	37.000
Ásta Bárðardóttir	Styrkur 10ÞB Árbæjarskóla	35.000
Framsóknarfélag Akraness	Styrktarlína í Magna	35.000
Domus Vox ehf.	12 miðar á aðventutónleika	30.000
Friðrik Freyr Gautason	Styrkur	30.000
Kiwanisumdæmið á Íslandi	Styrkur til Kiwanishreyfingarinnar	30.000
Lionsumdæmið á Íslandi	Styrkur v/ blaða	30.000
Sara Kristinsdóttir	Styrkur	30.000
Svifflugfélag Íslands	Lógó augl. á baksíðu ársskýrslu Svifflugfélags	30.000
Valdimar Þórðarson	Íþróttastyrkur	30.000
Vigdís Brandsdóttir	Styrkur v/ kaupa á íþróttabúningum	30.000
Aldís Ásgeirsdóttir	Styrkur v/ þátt. á Pernilla Cup í Svíþjóð	25.000
Fjóla Anna Jónsdóttir	Styrkur v/ söngferðalags til Slóveníu	25.000
Fram-Fótboltafélag Reykjav. hf.	Styrkur fótboltafélagsins Fram	25.000
Knattspyrnudeild Fylkis	Auglýsingarstyrkur	25.000
Malen Björgvinsdóttir	Styrkur til þátt. Pernilla Cup í Svíþjóð	25.000
Rebekka Rós Guðmundsdóttir	Styrkur til keppnisferðar	25.000
Sigurður Jóhann Einarsson	Styrkur v/ knattspyrnumóts	25.000
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	Björgun 2 tbl.	25.000
Ungmennafélag Íslands	Styrkur	25.000

Þorvaldur Siggason	Styrkur til Jóhönnu Maríu Þorvaldsdóttur	25.000
Stoð og styrkur - góðgerðarf.	Bókin „Leynilandið“	24.200
Daufblindrafélag Íslands	Styrkur	20.000
Golfklúbbur Kópavogs/Garðabæjar	Firmakeppni GKB	20.000
Kirkjuritið	Styrktarlína í Kirkjuritinu	20.000
S.Á.Á. Reykjavík	Álfur SÁÁ	20.000
Hið Íslenska bókmenntafélag	Augl/Styrkur til Skírnis	19.920
KFUM og KFUK á Íslandi	Auglýsing	18.875
Skógræktarfélag Íslands	Lógó í laufbrauði	18.675
Regnbogabörn, áhugamannafélag	Blaðið f. Regnbogabörn 1. tbl. 2007	18.000
Blindrafélagið	Blindrásýn merki/lógó	15.000
Borgarskáknotið	Borgarskáknotið	15.000
Foreldrafélag L.T.H.	Styrkur	15.000
Fylkir íþróttamiðstöð	Styrkur	15.000
Íþróttasamband fatlaðra	Þátttaka í Hvata	15.000
Neistinn, styrktarf. hjartv. barna	Neistinn 2. tbl. 2007 - styrktarfélag hjartveikra	15.000
Rauði kross Íslands	Styrkur	15.000
Res Extensa, félag	Styrkur	15.000
Samfylkingin í Hafnarfirði	Auglýsing í Samfylkingarblaðinu	15.000
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	Árbók	15.000
Þórður Ólafsson	Styrkur	15.000
Bridgesamband Íslands	Tvímennigur bridgehátíðar	12.000
Öldrunarfræðafélag Íslands	Blað Öldrunarfræðafélags Íslands	12.000
Helena Hilmarsdóttir	Auglýsing á boli	10.000
Soroptimistaklúbbur Akraness	Styrkur v/ líknarmála	9.450
Lionsklúbburinn Skyggirnir	Auglýsing á almanaki Skyggis 2007	8.000
Samkór Kópavogs	V/ styrktarlínu í söngskrá Samkórs Kópavogs	7.500
NB Golfverslun ehf.	Styrkur v/ Golfmóts	7.115
	Samtals aðrir styrkir 2007	146.311.972

Tafla VIII

Styrkþegi stjórn 2008	Texti	Fjárhæð
Landgræðsla ríkisins	Framlag til landgræðslu	5.500.000
Reykjavíkurborg	Styrkur v/ sýningar á Listahátíð	5.200.000
Skákakadema Reykjavíkur	Styrkur v/ Skákakadema Rvík.	5.000.000
Leikfélag Reykjavíkur	Samstarfssamningur	4.000.000
Hjálparaveit Skáta Reykjavík	Flugeldasýning á menninganótt 2008	2.500.000
Borgarbyggð	Styrkur til Bjössaróló	2.200.000
Handknattleikssamband Íslands	Styrkur	2.000.000
Hveragerðisbær	Framkv. hverasvæði 2008	2.000.000
Akraneskaupstaður	Stuðningur við Viskubrunn	1.900.000
Félag M.N.D.-sjúklinga	Styrkur v/ MND	1.500.000
Háskólinn í Reykjavík ehf.	Styrkur v/ Epikos	1.500.000
Unicef Ísland	Styrkur v/ Vatnsviku	1.047.531
Þríhnjúkar ehf.	Styrkur til Þríhnjúka ehf.	1.000.000
Knattspyrnudeild Fylkis	Styrkur v/ orkumóts 2008	1.000.000
Rannsókn-/fræðasetur HÍ Hverag.	Þáttökugjald	1.000.000
Ragnhildur Sigurðardóttir	V/ samfélagsstyrks. Undirb. f. úrtökumót 2009	1.000.000
Körfuknattleiksdeild Skallagr.	Styrkur	1.000.000
Víkin - Sjóminjasafnið í R.	Samfélagstyrkur til Víkin-sjóminjasafn	1.000.000
Landnám Íslands ehf.	Styrkur til menningarstarfsemi	1.000.000
Framtíðarorka ehf.	Samfélagst. til Framtíðarorku	1.000.000
Óperukórinn í Reykjavík	Samfélagstyrkur til Óperukórsins	1.000.000
Knattspyrnufélagið Valur	Styrkur v /Evrópukeppni kv. í knattspyrnu	1.000.000
Handknattleiksdeild Fjöltnis	Apalstyrkur fyrir yngri flokka	700.000
Sjóvá Forvarnarásið ehf.	Styrkur	600.000
Háskóli Íslands	Verkefni. Að breyta bensínbíl í rafmagnsbíl	500.000
Landvernd	Styrkur til Vistverndar 2008	500.000
Sjálfbjörg höfuðborgarsvæðinu	Styrkur v/ Krika við Elliðavatn	500.000
Skógræktarfélag Íslands	Samfélagsstyrkur v/ merkt tré í RVK	500.000
Knattspyrnufélag ÍA	Samfél.st. v/ afrekstefnu Knattspyrnu. ÍA	500.000
Björn Bjarki Þorsteinsson	Stuðningur við Sauðamessu (styrkur)	500.000
SPES - alþjóðleg barnahjálpar	Styrkur / barnaþorps í Kpalimé, Tógó	500.000
KFUM og KFUK á Íslandi	Samfélagsstyrkur	500.000
Jónína Erna Arnardóttir	Samfélagst. ISNORD tónlistarhátíð í Borgarf.	500.000
Elfa Hrönn Valdimarsdóttir	Samfélagsstyrkur til fjölsk. E.H. Veikindi barns	500.000
Stykkishólmskirkja	Styrkur til kaupa á pípuorgeli	500.000
Sesseljuhús, umhverfissetur	Samfélagsstyrkur 2008	500.000
Hollvinir Grímsness	Styrkur til menningarmála	500.000
Hjólreiðafélag Reykjavíkur	Styrkur til Hjólreiðafélags Reykjavíkur	500.000
Akademia skynjunarinnar, félag	Styrkur v/ myndlistaverkefni	500.000
Mænuskaðastofnun Íslands	Framlag OR til Mænuskaðastofnunar Ísl.,	434.000
Sigurður Þórir Sigurðsson	Styrkur v/ menningarhátíðar	380.000
Golfklúbbur Bakkakots	Styrkur til barna- og unglingastarfs 2008	300.000
Skátafélagið Skjöldungur	Styrkur til Skátafélagsins Skjöldungur	300.000

Körfuknattleiksdeild Hamars	Kvennakörfubolti hjá Hamri Hveragerði	300.000
Reynir Bergsveinsson	Styrkur	300.000
Anna Kristín Jensdóttir	Greiðsla á samfélagsstyrk	300.000
Efling Stykkishólmi	Styrkur v/ Danskir Dagar	300.000
Björgunarsveitin Kjölur	Styrkur v/ unglingastarfs	300.000
Skátafélagið Segull	Samfélagsstyrkur v/ Skátafél. Segull	300.000
Pjetur Stefánsson	Styrkur v/ „Græn Orka“	300.000
Dansleikhúsið, félagasamtök	Styrkur v/ Drauma í Gvendarbrunnum	300.000
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Orkuverðlaun	260.000
Knattspyrnudeild Fram	Styrkur	250.000
Styrktarfélag krabbam.sj. barna	Styrkur v/ unglingahóps SKB	250.000
Sundfélagið Ægir	Styrkur v/ æfinga- og keppnisferðar	250.000
Samtök psoriasis- og exemsj.	Styrkur	250.000
Ungmennafélagið Þór	Styrkur v/ uppþ. körfuknattleiksdeild Þórs	250.000
Sundfélag Akraness	Styrkur til keppnishóps Sundfél. Akraness	250.000
Skrautás ehf.	Styrkur v/ útgáfu Árbæjarblaðsins	250.000
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar	Styrkur v/ Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar	250.000
Þrumur og eldingar, félag	Styrkur	250.000
Sinfóníuhljómsveit áhugamanna	Styrkur til Sinfóníuhljómsveitar	250.000
Frjálsíþróttadeild Breiðabliks	Styrkur v/ iðkenda til náms í Falun	250.000
Sveinbjörg Vil./Tónlistaskóli Álfthan	Styrkur v/ tónverks „Raddir af Álftanesi“	250.000
Foreldrafélag Skólahljómsv. Grafv.	Styrkur v/ Noregsferðar	250.000
Ungmennafélag Álftaness	Styrkur v/ keppnisferðar	250.000
Dansíþróttafélag Kópavogs	Styrkur v/ æfinga og keppnisferðar	250.000
Eyrbyggja, sögumiðstöð	Styrkur til Grundarkamps	250.000
Björgunarsveitin Klakkur	V/ flugeldasýningar	250.000
Handknattleiksfélag Kópavogs	Samfélagsstyrkur OR	200.000
Kór félagsst. aldraðra	Styrkur til söngfugla	200.000
Valdimar Björnsson	Samfélagsstyrkur til Sportklifurs	200.000
Gísli Bergur Sigurðsson	Samfélagst. v/ „Hraðakstur – forvarnarmynd“	200.000
Íris Björk Reynisdóttir	Styrkur v/ ráðstefnu GYLC	200.000
Sóti-Samtök Orff tónmennta Ísl.	Styrkur til Sóta	160.000
Félag kennara í rafiðngreinum	Námskeiðsferðar félags kennara í rafiðn	150.000
Söngsveitin Fílharmónía	Styrkur v/ tónleikaferðar	150.000
ABC Barnahjálpi	Styrkur v/ byggingar skóla í Pakistan	150.000
Félag meistaran. í umhverf.fr. HÍ	Samf.st. 2008 til nemendafélagsins Gaia	150.000
Snorri Páll Sigurðsson	Styrkur v/ keppnisferðar Snorra	60.000
	Samtals styrkir 2008 samþykktir af stjórn OR	63.291.531

Tafla IX

Styrkþegi almennt 2008	Texti	Fjárhæð
Raunvísindastofnun Háskólans	V/ nýsköpunar - og þróunarviðs	36.190.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Styrkur til verkefnis Skóg –Vatn	21.066.000
Orkuskólinn Reyst hf.	Styrkur til REYST v/ 1.ársfjórðungs	20.000.000
Starfsmannafélag Orkuveitu Rvk.	Rekstrarstyrkur/ Íþróttastyrkur	19.263.874
Háskóli Íslands	Styrkur til verkefnis „Hagnýt stýrikerfi“	12.700.000
Samorka, samt. raf/hita/vatnsveita	Stuðningsframlag	5.659.007
Kennaraháskóli Íslands	Styrkur skólustarf til sjálfbærrar þróunar	5.500.000
Prokatín ehf.	Verkefnið: Nýting vetnis og brennisteins	4.150.000
Orkustofnun	Framlag til samstarfsverkefnis	2.750.000
Reykjavíkurborg	Þátttaka í Vetrarhátíð	2.500.000
Rannsókn- /fræðasetur HÍ Hverag	Styrkur v/ bráðamengunar í ám.	2.000.000
Veiðifélag Elliðavatns	Arðgreiðsla fyrir árið 2008	1.660.918
Eysteinn Jónsson	Styrkur vegna myndlistarsýningar	1.500.000
Davíð Ingi Jónsson	EPC samningar á sviði jarðvarma	1.219.000
Matís ohf.	Styrkur v/ kvikasilfurs í urriða fyrsta greiðsla	1.200.000
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Framlag til verkefnisins Háhitaborholutækni	1.005.499
Golfklúbbur Reykjavíkur	Styrkur til íþróttamála	930.000
Skógræktarfélag Reykjavíkur	Framlög v/ Einars vöku Ben.	897.500
Björn Már Sveinbjörnsson	Styrkur áhættumat við háhitaboranir	625.000
Veiðifélag Andakílsár	Bótagr. v/ virkjunar í Andakílsá skv. samn.	558.577
Atvinnuþróunarfélag Suðurlands	Styrkur	500.000
Samtök psoriasis- og exemsj.	Styrkur v/ Alheimsdags Psoriasis	350.000
Latibær ehf.	Útvarp Latibær maí, 2008	348.600
Lýsi hf.	Stofnstyrkur v/ FMR 2212209	314.795
AISEEC	V/ framadaga 2008	300.000
Reynir Bergsveinsson	Styrkur	300.000
Handknattleiksdeild Fram	Styrkur v/ bikarleiks	275.000
Elín Jóhanna Bjarnadóttir	Kvennastyrkur 2008	250.000
Gunnvör Braga Jónsdóttir	Kvennastyrkur 2008	250.000
Nanna Einarsdóttir	Kvennastyrkur 2008	250.000
Nína Björk Surban Fatalla	Kvennastyrkur 2008	250.000
Þorsteinn Lýðsson	Stofnstyrkur FMR	231.820
Sigurður Óli Gunnarsson	Styrkur v/ rally	200.000
Sundfélag Akraness	Styrkur	184.805
Lára Ingólfadóttir	Prófun kennslubókar	161.000
Flugbjörgunarsveitin Hellu	Styrkur v/ torfæru	150.000
Friðrik Baldursson	Börkur gagnanet um trjágróður	150.000
Landssamband hestamannafélaga	Styrkur „Þeir allra sterkustu“	150.000
Handknattleikssamband Íslands	Styrkur v/ Ísland – Spánn	135.000
Anna Sigríður Skúladóttir	Prófun kennslubókar	133.000
Neytendasamtökin	Styrktarlína NBL. 2 2008	125.000
Styrktarfélag Samhjalpar	Vegna fjögurra spilara	117.000
Belinda Ýr Hilmarsdóttir	Prófun kennslubókar	112.000

Helga Egilsdóttir	Prófun kennslubókar	112.000
Félag eldri borgara Akran/nágr.	Styrkur til Félags eldri borgara á Akranesi	100.000
Framtíðin, málfundafélag	Styrkur v/ Skinfaxa	100.000
Golfklúbbur Oddfellowa	Styrkur	100.000
Handknattleiksdeild Fylkis	Styrkur	100.000
Knattspyrnufélagið Fram	Íþróttastyrkur	100.000
Sigurjóna Björgvinsdóttir	Prófun kennsluhandbókar	98.000
Ellen Gísladóttir	Prófun kennsluhandbókar	94.500
Halla Magnúsdóttir	Prófun kennsluhandbókar	91.000
Björn Lúðvíksson	Prófun kennsluhandbókar	84.000
Knattspyrnudeild Fylkis	Styrkur	81.600
Reykjavíkur- maraþon	Styrkur v/ 25 ára afmælis Rvk-maraþons	80.000
Margrét Ólöf Ívarsdóttir	Prófun kennsluhandbókar	77.000
Golfklúbburinn Leynir	Fyrirtækjamót Kjara ehf.	75.000
Golfklúbburinn Úthlíð	Auglýsingastyrkur	75.000
Önnur Öld ehf.	Stjörnugólf Nova - Góðgerðargólfmót	75.000
Íslenska lögregluforlagið ehf.	Hraðakstursbæklingur	74.700
Kvenfélagið Hringurinn	Jóla kort til styrktar Barnaspítalaskjóði Hringins	70.000
Trío Reykjavíkur sf.	10 áskriftir á tónleikaröð	70.000
Birna Jóhanna Jónasdóttir	Styrkur v/ forvarnarverkefni á Hellu	60.000
Golfklúbbur Hveragerðis	Sumarkort 2 stk.	60.000
Golfklúbbur Þorlákshafnar	Styrkur til Golfklúbbs Þorlákshafnar	60.000
Hjálparsevit skáta Hveragerði	Styrktarauglýsing	60.000
Skólafélag Vélaskóla Íslands	Styrkur v/ skólaláðs Skráfunnar	60.000
Hafdís Ragnarsdóttir	Prófun kennsluhandbókar	59.500
Jóhanna Antonsdóttir	Prófun kennsluhandbókar	59.500
Akraneskaupstaður	Söngleikurinn Vítahringur	50.000
Eyrún Heiða Skúladóttir	Styrkur	50.000
Félag slökkviliðsmanna Árnese.	Styrkur	50.000
Foreldra/styrktarfélag Öskjuhlks.	V/ sumardvalar fatlaðra barna	50.000
Golfklúbburinn Vestarr	Styrkur fyrir árið 2008	50.000
Ingibjörg Óðinsdóttir	Styrkur	50.000
Magnea Guðmundsdóttir	Styrkur	50.000
Sesselja Bjarnadóttir	Styrkur v/ Tíbetmaraþons 2008	50.000
Vigdís Kristjánsdóttir	Stofnstyrkur v/ FMR 2111015	45.466
Blindrafélagið	Blindrásýn - Styrkur frá 2007	45.000
Hjálparsevit Skáta Reykjavíkur	Styrkur	45.000
Ásta Björk Árnadóttir	V/ þátttöku í Þrekmeistarunum 8 nóv. 2008	40.000
Ásta Ægisdóttir	Styrkur	40.000
Golfklúbbur Borgarnese	Auglýsing	40.000
Handknattleiksfélag Kópavogs	Styrkur v/ HK trimm mótis	40.000
Jóhanna Björg Jóhannsdóttir	Styrkur v/ ferðar til Stokkhólms	40.000
Leikskólar Reykjavíkur	Styrkur	40.000
Skautafélagið Björninn	Styrkur v/ Landsliðsferðar á HM í Rúmeníu	40.000
Skatafélagið Segull	Styrkur við Skatafélagið Segul	40.000

Unglingaráð handknattd. Fram	Styrkur	40.000
Útskriftarráð hátækniverkfræðinga	Styrkur til blaðaútgáfu Mekatrónik	40.000
Lagnafélag Íslands	Styrkur 2008	37.000
Þ. Rúnar Jónasson ehf.	Stofnstyrkur FMR 2110991	36.979
SB Skiltagerð ehf.	Merkingar á Ægisrútu	35.918
Knattspyrnuráð Reykjavíkur	Reykjavíkurmót karla og kvenna	35.760
Hrafnista	Auglýsing í Hrafnistubrési	35.000
Tómas Tjörvi Ómarsson	Styrkur	35.000
Þórdís Jensdóttir	Styrkur	35.000
Mímir, nemendafélag	Styrkur v/ ruslatýnslu ML	30.290
Anna Rósa Sigurjónsdóttir	Styrkur fyrir 5fl. kvk.	30.000
Daufblindrafélag Íslands	Styrkur	30.000
Félag vélaverkfræðinema	Vélabrögð - styrktarauglýsing	30.000
Geðhjálp	Styrkur	30.000
Hala-leikhópurinn	Styrkur til Halaleikhópsins	30.000
Hrefna Valgeirsdóttir	Styrkur	30.000
Kristín Hafsteinsdóttir	Styrkur	30.000
Nemendafélag Menntaskóla Kópav.	Styrkur	30.000
Renata Agnes Edwardsdóttir	Styrkur v/ Partille Cup	30.000
Sigurður Sveinn Þórðarson	Styrkur til mfl. Stjórnunar í Knattspyrnu	30.000
Ungmennafélagið Íslendingur	Styrkur	30.000
Bæjarmálafélag Garðabæjar	Auglýsingarstyrkur	25.000
Fríða Björg Eðvarðsdóttir	Styrkur	25.000
Hjalti Þór Nielsen	Styrkur v/ Hjalti Þór Shell-mót í Eyjum	25.000
Júlíana Guðmundsdóttir	Barn starfsm. á Shell mótið í Eyjum	25.000
Kjartan Jónsson	Norðurlandamót í klifri v/ Kjartans J.	25.000
Ómar Óskarsson	Styrkur	25.000
Sigurður Jóhann Einarsson	Styrkur v/ Sigurðar Jóhanns Einarssonar	25.000
Soroptimistaklúbbur Árbæjar	Styrkur	25.000
Tanja Kristín Leifsdóttir	Styrkur v/ fimleikamóts í Belgíu	25.000
Blaksamband Íslands	Styrkur	20.000
Félag upplýsingatæknifræðinema	Styrkur v/ útskriftabl. tæknifræðinema	20.000
Hjálp líknarfélags	Styrkur til líknarfélags	20.000
Íþróttasamband fatlaðra	Styrkur	20.000
Kirkjuritið	Jóla- og nýárskeiða í Kirkjuritinu jólabl. 2008	20.000
Körfuknattleikssamband Íslands	Styrkur v/ landsleikja	20.000
Sagnir, tímarit um söguleg efni	Styrkur v/ Sagnir, tímarit um söguleg efni	20.000
Þroskahjálp, landssamtök	Styrkur v/ blaðs þroskahjálpar	20.000
Hið Íslenska bókmenntafélag	Styrkur	19.920
M.S.. félag Íslands	M.S. - aukablað v/ 40 ára afmælis	19.000
Blátt áfram, forvarnarverkefni	Lógó	18.000
Félag pípulagningameistara	Afmæliskv. í blaði pípulagningameistara	15.000
Hvarf, félag efnafræðinema v/ HÍ	Auglýsing	15.000
Íþrótt- og tómstundaráð Rvk.	Styrkur v/ blikandi stjarna	15.000
Neistinn, styrktarf. hjartv. barna	Neistinn 2. tbl.	15.000

Rauði kross Íslands	Styrkur	15.000
S.Á.Á. Reykjavík	SÁÁ-álfurinn 2008	15.000
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	Styrkur v/ blaðs	15.000
Skagfirska söngsveitin	Auglýsing í söngskrá Skagfirsku söngsv. 2008	15.000
Vímulaus æska, foreldrasamtök	Styrkur v/Vímulaus æska	15.000
Ungmennafélagið Fjölur	Styrkur v/ útgáfu á sögu Fjölur	14.900
Suðurlandsmót, félag	Lógó í mótsskrá 2008	12.500
Félag eldri borgara í Kópavogi	Styrkur v/ 20 ára afmælishátíðar FEBK	10.000
Soroptimistaklúbbur Akraness	Styrkur	9.450
Samtök iðnaðarins	Styrktarlína í afmælisrit Félags blikks.	8.715
	Samtals aðrir styrkir 2008	150.869.093

Tafla X

Styrkþegi stjórn 2009	Texti	Fjárhæð
Landbúnaðarháskóli Íslands	Styrkur til verkefnis	5.452.000
Leikfélag Reykjavíkur	Samstarfssamningur LR og OR	5.000.000
Skákakademía Reykjavíkur	Rekstrarstyrkur 2009	5.000.000
Reykjavíkurborg	Styrkur v/ Vetraráttíð/EcoProcura ráðstefnu	4.500.000
Íslenska óperan	Samfélagsstyrkur til Íslensku óperunnar	2.000.000
Íþróttasamband fatlaðra	Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi 2009	2.000.000
Borgarbyggð	Vatnslögn og salernisaðstaða	1.900.000
Congress Reykjavík - Ráðst.þj. ehf.	Vantar	1.550.000
Íþróttabandalag Reykjavíkur	Reykjavík International Games jan. 2010	1.500.000
Knattspyrnufélagið Fram	Íþróttarstyrkur	1.500.000
Víkin - Sjóminjasafnið R.	Styrkur til Sjóminjasafns í Reykjavík	1.300.000
Samorka, samt. raf/hita/vatnsveita	Styrkur v/ auðlindaréttar	1.113.332
Golfklúbbur Þorlákshafnar	Styrkur	1.000.000
Knattspyrnudeild Fylkis	Styrkur Orkumót 2009	1.000.000
Listasafn Íslands	Samfélagsstyrkur	1.000.000
Sveitarfélagið Ölfus	Verkefnið Verstöðin í Þorlákshöfn	1.000.000
Framtíðarorka ehf.	Styrktarframlag	750.000
Íþrótt- og tómstundaráð Rvk.	Vantar	750.000
Frétt ehf.	Kostun á dagskrá	622.500
Höndin, félag	Styrkur samk. samningi sl. sumar	600.000
Benóný Ægisson	Samfélagsstyrkur til Lýðveldisleikhúss	500.000
Bergmál, líknar- og vínafélag	Styrkur „Bergmál Líknar og vínafélag“	500.000
Foreldra/styrktarfélag Öskjuhlks.	Sumardvöl fatlaðra á Laugalandi	500.000
Golfklúbbur Reykjavíkur	Íþrótt- og æskulýðsmál, GR	500.000
Hollvinir Grímsness	Styrkur til menningarmála	500.000
Íslenski Alpklúbburinn	Árgjald 2008 v/ samfélagsstyrkur	500.000
Knattspyrnuakademía Ísl. ehf.	Samfélagsstyrkur v/ morgunnámskeiðs	500.000
Knattspyrnufélagið Þróttur	Samfélagsstyrkur skv. samkomulagi	500.000
Körfuknattleiksdeild Hamars	Samfélagsstyrkur	500.000
Körfuknattleiksdeild Skallagr.	Styrkur	500.000
Listafélag Langholtskirkju	Samfélagsstyrkur - Listafélag Langholtskirkju	500.000
Skátafélag Akraness	Styrkur	500.000
Styrktarfélag klúbbsins Geysis	Samfélagsstyrkur	500.000
Vitinn-Verkefnastofa ehf.	Samfélagsstyrkur	500.000
Félag M.N.D. sjúklinga	Samfélagsstyrkur 2009	400.000
Hestamannafélagið Gustur	V/ samfélagsstyrks	400.000
Landvernd	Styrkur v/ Vistverndar í verki	400.000
Akraneskaupstaður	Styrkur v/ tómstundastarfs f. fötluð börn	300.000
Árni Þorvaldsson	Samfélagsstyrkur v/ þátt. í skíðal. liði	300.000
Dropinn, styrktarf. barn.m/sykurs.	Styrkur - Sumarbúðir barna m. sykursýki 2009	300.000
Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir	V/ samfélagsstyrks	300.000
Íþróttakademía Vesturlands ehf.	Styrkur til Akademiú v/ unglinga- og barnastarfs	300.000
Jakob Jóhann Sveinsson	V/ samfélagsstyrks	300.000

Knattspyrnufélag ÍA	Auglýsingastyrkur	250.000
Anna Kristín Jensdóttir	Samfélagsstyrkur, sundæfingar	200.000
Ástráður-forvarnarstarf, læknanema	Ástráður, forvarnarstarf læknanema	200.000
Guðmundur Hákon Hermannsson	Samfélagsst. Guðmundur H. Hermannsson	200.000
Hjálparveit skáta Hveragerði	V/ samfélagsstyrks 2009	200.000
Húsnæðisfélag S.E.M.	Samfélagsstyrkir	200.000
Íþróttafélag Reykjavíkur	Samfélagsstyrkur	200.000
Kór félagsst.aldraðra	Styrkur	200.000
KVENN	Styrkur v/ kynningarbæklings	200.000
Kvennakórinn vox feminae	Samfélagstyrkur v/ útgáfu geisladisks	200.000
Myrra Ösp Gísladóttir	Styrkur v/ veiks barns	200.000
Domus Vox ehf.	Samfél.styrkur v/ Stúlknaórs Reykjavíkur	150.000
Ingvar Guðmundsson	Samfélagsstyrkur v/ 4.fl. FH	150.000
Knattspyrnudeild K.R.	Styrkur v/ Danmerkurferðar 4.fl.kv.	150.000
Lúðrasveit verkalýðsins	Styrkur v/ Lúðrasveitar verkalýðsins	150.000
Margrét Berglind Ólafsdóttir	V/ samfélagslegra styrkja	150.000
Skólahljómsveit Kópavogs	Samfélagsstyrkur	150.000
Unglinganefnd KÍA	Styrkur	150.000
Byggðasafn Akraness og nærsv.	V/ veitinga og aðstöðu í Safnaskálanum	100.305
Golfklúbburinn Leynir	Styrkur v/ Vatnsmótsins á Garðarvelli 12	60.000
Flugbjörgunarsveitin Hellu	Styrkur í brennusjóð	25.000
	Samtals styrkir 2009 samþykktir af stjórn OR	53.023.137

Tafla XI

Styrkþegi almennt 2009	Texti	Fjárhæð
Sveitarfélagið Ölfus	Framlag til Uppgræðsluj.Ölfuss v/ 2006-2009	50.000.000
Háskóli Íslands	Styrkur til verkefnis Hagnýt stýrikerfi ofl.	28.749.000
Raunvísindastofnun Háskólans	Styrkur	28.259.675
Starfsmannafélag Orkuveitu Rvk.	Rekstrarstyrkur/Íþróttastyrkur	22.378.870
Orkuskólinn Reyst hf.	Rekstrarframlag til REYST	20.901.986
Landbúnaðarháskóli Íslands	Styrkur „Nýting á lífrænum úrgangi“	9.250.000
Háskólinn í Reykjavík ehf.	Rannsóknastyrkir	3.200.000
Veiðimálastofnun	Vistkerfi lághitavæða í Borgarfirði	2.700.000
Reykjavíkurborg	V/ reksturs Úlfjótsskála	2.039.724
ICCE-íslensk kolefniskredit ehf.	V/ Styrks. Greiðsla 1 frá Íslensk kolefnis	2.000.000
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Styrkur v/ kvikasilfurs í urriða	2.000.000
Alvör Ráðgjöf ehf.	V/ doktorsnema Láru Jóhannsdóttur gr. 2 af 3	1.667.000
Veiðifélag Elliðavatns	Arðgreiðsla f. árið 2009	1.509.869
Elísabet V. Ragnheiðardóttir	Framfærslustyrkur	1.440.000
Yapi Donatien Achou	Framfærslustyrkur	1.440.000
Matís ehf.	„Greining mæligagna ...“ 80%	1.280.000
Prokatín ehf.	2008 v/ nýtingar vetnis og brennisteins 4 gr.	1.100.000
Advancing sustainable hydropower	General Sponsorship of IHA	1.008.550
Vaxtasamningur Vesturlands	Kostnaðarþátttaka vaxtasamnings	1.000.000
Veiðifélag Andakílsár	Bótagreiðsla v/ Andakílsár	618.918
Háskólinn á Akureyri	Þróun efnavöktunarkerfis í grunnvatni	600.000
Atvinnuþróunarfélag Suðurlands	Þátttaka í vaxtarsamn. Suð. og Vest.	500.000
Framkvæmdasýsla ríkisins	BIM - Ísland fyrsta greiðsla af þremur	500.000
Íslenskar orkurannsóknir	Brennisteinssamsætur og loftgæði	500.000
Alvin Inaanuran Remoroza	Framfærslustyrkur	360.000
Efling Stykkishólms	Styrkur til Fjölsk.hát. „Danskir Dagar“	300.000
Samvinnuháskólinn	Styrkur v/ Arðbært atvinnulíf í sátt við umhv.	300.000
Sólveig Þrándardóttir	Kvennastyrkur 2009	250.000
Aðalheiður Björk Arnarsdóttir	Kvennastyrkur 2009	250.000
Sylvía Dagsdóttir	Kvennastyrkur 2009	250.000
Ólöf Andrésdóttir	Kvennastyrkur 2009	250.000
Golfklúbbur Bakkakots	V/ Orkuveitubrautin á Bakkakotsvelli	250.000
Knattspyrnufélagið Ægir	Samstarfssamn., 2/3	250.000
Félag viðhaldsstjórnunar á Íslandi.	Styrkur til FVSI - Árgjald 2009	200.000
Neytendasamtökin	Styrktarlína	187.500
LOGG ehf.	Útgáfa tímaritsins Meistarans sumar 2009	100.000
Íslenska lögregluforlagið ehf.	Lögreglublaðið / Lógó	87.150
Styrktarfélag Samhjalpar	Blað Samhjalpar	83.000
Samorka, samt., raf./hita/vatnsveita	Stuðningsframlag Orkusenatsins	75.000
Stjórnumskóðunarfélag Seltj.ness	Auglýsingarstyrkur Stjórnumskóðunarfélag	60.000
Ís-spor ehf.	Styrkur v/ golfmóts OR	50.600
Birgir Brynjarsson	Styrkir	50.000
Golfklúbbur Hveragerðis	Styrkur til golfklúbbs Hveragerðis	50.000

Golfklúbburinn Vestarr	Styrkur til golfklúbbs Vestarr	50.000
Ragna Eiríksdóttir	Styrkur	50.000
Sigríður Björg Helgadóttir	Styrkur EM U18	50.000
Rauði kross Íslands	Merki	48.735
Berglind Leifsdóttir	Flugferð v/ kvennastyrks - Berglind Leifsd.	41.520
Sundfélag Akraness	Styrkur v/ útvarps Akranes 2009	40.245
Hala-leikhópurinn	Styrkur v/ Hala leikhópsins	40.000
Hið Íslenska bókmenntafélag	Augl. styrkur til Skírnis, 2009	39.840
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	Vímuefni, hættuleg blanda styrkur	35.000
Handknattleikssamband Íslands	V/ Ísland - Eistland	35.000
Hrafnista	Auglýsing í Hrafnistubrétinu	35.000
Jorge William Flores Lugo	Styrkur v/ myndlistarsýningar	30.000
Júlíana Guðmundsdóttir	Styrkur f. 6. flokk handknatt. Fram	30.000
Unglingaráð handknatt. Fram	Styrkur v/ Unglingaráð handbolti	30.000
Guðjón Sigurðsson	Styrkur „Golfað fyrir lífið“	25.000
Handknattleiksdeild Fram	Styrkur	25.000
KFUM og KFUK á Íslandi	Styrkir KFUM og KFUK	25.000
Malen Björgvinsdóttir	EM í handbolta - Malen Björgvinsdóttir	25.000
Kiwanisklúbburinn Búrfell	Blaðið, Umhverfið - Virkjanir Hellish.	20.000
Margrét Sesselja Magnúsdóttir	Styrkur v/ Elligleði	20.000
Skólafélag Vélskóla Íslands	Styrkur í Skrófu v/ Skólafélag Vélskóla Íslands	20.000
Bandalag íslenskra skáta	Blaðið - Látum ljós okkar skína 2009	19.000
Vímulaus æska,foreldrasamtök	Þátttaka í jóla verkefni Vímulausrar æsku	18.000
Geðhjálp	Styrkur v/ Geðhjálp	18.000
Blindrafélagið	Víðsjá, 70 ára afmælisrit Blindrafélags - Lógó	15.000
Borgarskáknotið	Borgarskáknotið 2009	15.000
Félag M.N.D.-sjúklinga	Styrkur v/ blaðs	15.000
S.Á.Á. Reykjavík	SÁÁ álfurinn, 2009	15.000
Sjálfsbjörg, höfuðborgarsvæðinu	Styrkur v/ blaðs	15.000
Skáksamband Íslands	Styrkur við Reykjavíkurskáknotið	15.000
Götusmiðjan ehf.	Blaðið Gatan 2009 - Styrkur.	10.000
Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan	Styrktarl. v/ auglýsingar. Jólblað Kirkjuritsins	10.000
Lagnafélag Íslands	Styrkur v/ 2009	6.000
Lionsklúbbur Selfoss	Styrkur í Lionsblaði	5.000
	Samtals aðrir styrkir 2009	188.938.182

Tafla XII

Styrkþegi stjórn 2010	Texti	Fjárhæð
Reykjavíkurborg	Framlag til Vetrarhátíðar/Safnarnætur	2.500.000
Opið út, áhugamannafélag	V/ samfélagsstyrkja, Bláa Gullið	1.680.000
Gekon ehf.	Fjárframl. á ísl. jarðhitaklasa	1.500.000
Gróður fyrir fólk, áhugasamtök	Samfélagsstyrkur til handa GFF 2010	1.500.000
Grafarholtssókn	Samfélagsst. Grafarholtssafnaðar frá 2009	1.000.000
Frétt ehf.	Samn. v/ eflingar kvennaknattspyrnu	878.500
Íþrótt- og tólmstundaráð Rvk.	Hitt húsið v/ hita, rafm. og kalt vatns.	632.805
Íslandslyftur ehf.	Samfélagsst. kaup á lyftu v/ fatlaðra	600.000
Kristján Sigurðsson	Samkeppni Ljósvar Kristján S.	600.000
Alþjóðleg kvikmyndahá, Rvk. ehf.	Styrkur RIFF	500.000
Golfklúbbur Reykjavíkur	Samkvæmt samningi	500.000
Haukur Arnþórsson	Samfélagsst. v/ hönnunar um örugg netföng	500.000
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	Styrkur v/ tilraunav. SLF í Reykjadal	500.000
Unglingaráð knattspyrnud. ÍR	Styrkur	300.000
Knattspyrnudeild UMF Skallagr.	Samfélagsstyrkur	250.000
Kristján Magnússon	Björgunartæki. Neyðarnálin.	250.000
Samorka, samt., raf./hita/vatnsveita	Rafstaðlaráð, styrkur	250.000
Torhildur S. Th. Sigurðardóttir	Samfélagsst. Stúlknaðór Langholtskirkju	250.000
Þorgeir Jónsson	Samkeppni Ljósvar Þorgeir J.	250.000
Kór félagsst. aldraðra	Styrkur	200.000
Einar Þór Halldórsson	Samkeppni Ljósvar, Einar Þór	150.000
Foreldrafélag 4. flokks kvenna	Breiðablik	150.000
Íþróttafélag Reykjavíkur	Styrkur v/ Dana Cup	150.000
Knattspyrnudeild Fylkis	V/ USA cup 12.-21. júlí 2010	150.000
Knattspyrnudeild K.R.	4.fl. kvenna	150.000
Knattspyrnufélag Í.A.	Styrkur v/ Vildbjerg Cup	150.000
Unglingaráð handknattld. Fram	Styrkur v/ 4.fl. kvenna Fram/Partilleferð	150.000
Ungmennafélagið Fjölnir	Styrkur v/ Partille cup	150.000
Drumur og eldingar, félag	Styrkur v/ ferðar 3. flokks	150.000
Handknattleikssamband Íslands	Styrkur EM	100.000
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	Styrkur ICE-SAR	50.000
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Stærðfræðikeppni Grunnskóla Vesturlands	15.000
Samtals styrkir 2010 samþykktir af stjórn OR		16.156.305

Tafla XIII

Styrkþegi almennt 2010	Texti	Fjárhæð
Háskóli Íslands	Styrkur	24.694.600
Orkuskólinn Reyst hf.	Rekstrarframlag til Reyst	21.618.364
Starfsmannafélag Orkuveitu Rvk.	Rekstrarstyrkur/íþróttastyrkur	20.418.317
Utanríkisráðuneytið	Styrkur v/ heimssýningar Expo seinni hluti	20.000.000
Raunvísindastofnun Háskólans	UOOR Binding koltvíoxíðs	16.196.000
Sveitarfélagið Ölfus	Framlag í uppgræðslusjóð Ölfuss 2010	12.500.000
Háskólinn í Reykjavík ehf.	Áhrif gufu frá HH á umferðaröryggi	6.275.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Styrksamningur ORUS-2010-06-27	6.035.162
Reykjavíkurborg	Hlutdeild OR í rekstri Úlfjótškála v. 2009	3.591.016
Íslenskar orkurannsóknir	Brennisteinssamsætur og loftgæði	3.200.000
Reiknistofa í veðurfræði ehf.	UOOR verkefnastyrkur	1.760.000
Jacob Edward Day	Framfærslustyrkur Jakob Day	1.540.000
Javier Alfonso Gonzalez Garcia	Framfærslustyrkur Javier Gonzalez	1.540.000
Samuel Warren Scott	Framfærslustyrkur Samuel Scott	1.540.000
Veiðifélag Elliðavatns	Arðgreiðsla fyrir árið 2010	1.486.376
Prokátin ehf.	Styrkur 2009 v/ nýtingar efna í jarðhitagasi	1.200.000
Frétt ehf.	Samstarfssamn. v/ veiðipáttar Ísl.	1.129.500
Mátis ohf.	Lokagr. kvikasilfur í silungi, Þingvallav.	1.100.000
Veðurstofa Íslands (frá 1.1.09)	Kortlagning virkra jarðskjálftasprungna	1.040.000
Tilraunast. Háskólans í meinafr.	Vantar	900.000
Kling og Bang Gallerí ehf.	Styrkur v/ sýningar Kling og Bang	750.000
Veiðifélag Andakilsár	Bótageiðslur vegna virkjunar	630.574
Framkvæmdasýsla ríkisins	Þátttaka í BIM - Ísland	500.000
Guðmundur Felix Grétarsson	Styrkur v/ rannsóknar á handaígræðslu	500.000
Hekla hf.	Styrkur v/ námskeiðahalds	430.000
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Borholusement - þróun og endur.	400.000
Samvinnuháskólinn	Gr. 2 af 3. Arðbært atvinnulíf	350.000
Golfklúbbur Bakkakots	Árgjald, 2010	250.000
Knattspyrnufélagið Ægir	Samstarfssamningur 3/3	250.000
Árstíðaferðir sf.	Styrkur v/ uppbyggingar	200.000
Hveragerðisbær	Vantar	174.342
Alvin Inaanuran Remoroza	Framfærslustyrkur, má Alvin	126.000
Björn Már Sveinbjörnsson	Lokagr. Áhættumat við háhitaboranir á Hell.	125.000
Neytendasamtökin	Styrktarlína í Nbl. 1, 2010	125.000
Knattspyrnufélag Í.A.	Auglýsingastyrkur Knattspyrnufélag ÍA	100.000
Trausti Gunnarsson	Skólagjöld, Trausti Gunnarsson	87.000
Rannsóknarþjónustan Sýni ehf.	Gæði og öryggi alla leið	66.278
Neytendasamtökin	Styrktarlína	62.500
Hjálparsveit skáta Hveragerði	Leiðsögn Helligsheimarvirkjun-Nesjavellir	60.000
Golfklúbbur Hveragerðis	Styrkur 2010 v/ Golfklúbbs Hveragerðis	50.000
Golfklúbburinn Vestarr	Styrkur árið 2010 v/ Golfklúbbs Vestarr	50.000
Álftamýri starfsmannafélag	Styrkur v/ tölvukaupa	45.000
Hans Benjamínsson	Útl. kostn. skráningargjalds	45.000

Lionsklúbbur Stykkishólms	Auglýsing. Almanak Lionsklúbbs Stykkishólms	40.000
Einstök börn, stuðningsfélag	Stuðningur v/ Einstakra barna	30.000
Félag heyrnarlausra	Styrkur v/ 50 ára afmælis	30.000
Steinþór Einarsson	Útlagður kostnaður	29.300
Bandalag íslenskra skáta	Skátablaðið 1. tbl. 2010	19.000
Styrktarfélag Samhjalpar	Samhjalp 2. tbl. 2010	19.000
Vímulaus æska, foreldrasamtök	Stuðningur við kynningarátak v/ foreldrasíma	19.000
Handknattleikssamband Íslands	Styrkur	15.000
Landssamband lögreglumanna	Stuðningur við málsgagn Lögreglusamb. Ísl.	15.000
Sjónarhóll – ráðgjafarmiðst	Styrktarlína/lógó til styrktar Sjónarhóli	15.000
Þroskahjálpar, landssamtök	Styrkur v/ Þroskahjálpar	15.000
Soroptimistaklúbbur Akraness	Styrkur v/ líknarmála	10.500
Hjartavernd	Minningarsjóður Hannesar Ragnarssonar	10.000
Lagnafélag Íslands	Styrktaraðild 2010	6.000
Bókasafnið, tímarit	Styrktaráskrift	5.500
	Samtals aðrir styrkir 2010	<u>153.419.329</u>

22. Heimildaskrá

Alfreð Þorsteinsson: „*Inga Jóna, Mitsubishi og Sjálfstæðisflokkurinn.*“
Morgunblaðið. 11. mars 1999.
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/454534/>

Alþingi: Árni Magnússon: Ræða. 64. fundur, 130. löggjafarþing 2003–2004.
<http://www.althingi.is/altext/130/02/r16173519.sgml>.

Alþingi: Birkir Jón Jónsson: Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Ræða. 392. mál. 132 löggjafarþing. 27. mars 2006.
<http://www.althingi.is/altext/raeda/132/rad20060327T152734.html>.

Alþingi: Breytingartillögur við frv. til l. um breyt. á l. um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn) . Þskj. 1166. 87. mál. 139. löggjafarþing 2010–2011.
<http://www.althingi.is/altext/139/s/1166.html>.

Alþingi: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum. Þskj. 1005–592. mál.123. löggjafarþing.
<http://www.althingi.is/altext/123/s/1005.html>.

Alþingi: Frumvarp til laga um breyting á lögum um fyrirtæki á orkusviði. Þskj. 1869 — 1010.mál. 130. löggjafarþing 2003–2004.
<http://www.althingi.is/altext/130/s/1869.html>

Alþingi: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum. Þskj. 222–205. mál. 139. löggjafarþing 2010–2011.
<http://www.althingi.is/altext/139/s/0222.html>

Alþingi: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn). Þskj. 92–87. mál. 139. löggjafarþing 2010–2011.
<http://www.althingi.is/altext/139/s/0092.html>.

Alþingi: Frumvarp til laga um breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum. Þskj. 1275–736. mál 126. löggjafarþing 2000–2001.
<http://www.althingi.is/altext/126/s/1275.html>

Alþingi: Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Þskj. 474 — 392. mál. 132. löggjafarþing 2005–2006.
<http://www.althingi.is/altext/13274.html./s/04>.

Alþingi: Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Þskj. 867–576. mál. 130. löggjafarþing 2003–2004.
<http://www.althingi.is/altext/130/s/0867.html>.

Alþingi: Greinargerð með frumvarpi til laga nr. 138/2011. Þskj. 270–258.
mál. 140 löggjafarþing 2011–2012.
<http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/0270.pdf>

Alþingi: Lög um fjarskipti nr. 81/26. mars 2003.
<http://www.althingi.is/lagas/140a/2003081.html>

Alþingi: Lög um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur
nr. 139/21. desember 2001.
<http://www.althingi.is/lagas/140a/2001139.html>

Alþingi: Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/9. mars 2009.
<http://www.althingi.is/lagas/140a/2009009.html>

Alþingi: Lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/7. maí 2004.
<http://www.althingi.is/lagas/140a/2004032.html>

Alþingi: Nefndarálit frá minnihluta viðskiptanefndar um frv. til l.
um breyt. á l. um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu
Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög
og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í
stjórn). 139. Þskj. 1165–87. mál. löggjafarþing 2010–2011.
<http://www.althingi.is/altext/139/s/1165.html>

Alþingi: Nefndarálit um frv. til l. um breyt. á l. um stofnun
sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum
um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um
sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn). Þskj.
1131–87. mál. 139. löggjafarþing 2010–2011. <http://www.althingi.is/altext/139/s/1131.html>

Alþingi: Nefndarálit um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.
Þskj. 912–392. mál. 132. löggjafarþing 2005–2006.
<http://www.althingi.is/altext/132/s/0912.html>

Alþingi: Orkulög nr. 58/29. apríl 1967.
<http://www.althingi.is/lagas/140b/1967058.html>

Alþingi: Orkuveita Reykjavíkur. 1. umræða. Stjfrv. fyrirkomulag
eigendaábyrgða. Þskj. 222. 205 mál. 139. löggjafarþing.
<http://www.althingi.is/altext/139/11/124154002.shtml>

Alþingi: Pétur H. Blöndal: Ræða. 55. fundur, 127. löggjafarþing.
<http://www.althingi.is/altext/127/12/r14105922.shtml>

Alþingi: Raforkulög nr. 65/27. mars 2003.
<http://www.althingi.is/lagas/140a/2003065.html>

Alþingi: Svar umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristins H.
Gunnarssonar um stuðning ríkisins við fráveitur. Þskj. 913–272.
mál. 136. löggjafarþing 2008–2009. <http://www.althingi.is/altext/136/s/0913.html>

Alþingi: Sveitarstjórnarlög nr. 45/ 3. júní 1998.
<http://www.althingi.is/lagas/137/1998045.html>

- Alþingi: Tillaga til rökstuddar dagskrár. Þskj. 990 — 392. mál. 132.
löggjafarþing 2005–2006.
<http://www.althingi.is/altext/132/s/0990.html>
- Alþingi: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um
brotfall heimildar til sölu á hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Akraness og
Borgarfjarðar. Erindi nr. 135/2783. 15. maí 2008.
[http://althingi.is/pdf/umsogn.
php4?lthing=135&malnr=189&dbnr=2783&nefnd=fl.](http://althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=135&malnr=189&dbnr=2783&nefnd=fl)
- Alþingi: Ögmundur Jónasson: Ræða. 64. fundur 130. löggjafarþing 2003–
2004.
[http://www.althingi.is/altext/130/02/r16170827.sgml.](http://www.althingi.is/altext/130/02/r16170827.sgml)
- Andri Árnason hrl.: Minnisblað. Reykjavík dags. 10. des 2007.
- Andri Árnason og Þórunn Guðmundsdóttir hrl. Minnisblað. Reykjavík 3.
mars 2008.
- Anna Guðrún Björnsdóttir. „*Ad vera í sveitarstjórn*“. Samband íslenskra
sveitarfélaga. Reykjavík 2003.
[http://www.samband.is/verkefmin/stjornsysla-sveitarfelaga/
namskeid/ad-vera-i-sveitarstjorn/.](http://www.samband.is/verkefmin/stjornsysla-sveitarfelaga/namskeid/ad-vera-i-sveitarstjorn/)
- Anna Skúladóttir: Minnisblað fjármálastjóra Orkuveitu Reykjavíkur til
forstjóra. Reykjavík 25. mars 2008.
- Áfangaskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og H.F. Verðbréfa. Reykjavík
janúar 2011.
- Áhættunefnd Orkuveitu Reykjavíkur: Fundargerðir 2007–2010.
- Áhættustýringarhópur Reykjavíkurborgar: Minnsblað
áhættustýringarhóps nr. 5. Fundur með Norræna
fjárfestingarbankanum 3. mars 2011.
- Ásgeir Margeirsson: „*Ný viðhorf í rekstri veitna-Reynsla Orkuveitu
Reykjavíkur*“. Erindi á aðalfundi Jarðhitafélags Íslands. Jarðhitafélag
Íslands, Reykjavík 27. apríl 2006. [http://www.jardhitafelag.is/
media/PDF/Rit15.pdf](http://www.jardhitafelag.is/media/PDF/Rit15.pdf)
- Berglind Ósk Guðmundsdóttir (ritsjórn): Handbók stjórnarmanna:
upplýsingar um hlutverk, ábyrgð og skyldur stjórnarmanna í
íslensku atvinnulífi. KPMG. Reykjavík 2010.
- Bjarni Freyr Bjarnason. Tölvupóstur til úttektarnefndarinnar. Reykjavík
18. maí 2012.
- Borgarhagfræðingur: Bréf til borgarráðs Reykjavíkurborgar. Reykjavík 28.
janúar 2009.
- Borgarlögmaður: Bréf til umboðsmanns Alþingis. Reykjavík 30. október
2007.

Borgarlögmaður: Minnisblað til borgarstjóra. Reykjavík 8. maí 2001.

Borgarráð Reykjavíkur: Fundargerðir 1998, 2001-2011.

Borgarráð Reykjavíkur: Lokaskýrsla stýrihóps borgarráðs um málefni REI og Orkuveitu Reykjavíkur. Febrúar 2008.

Borgarstjórinn í Reykjavík: Erindisbréf úttektarnefndar Orkuveitu Reykjavíkur sf. Reykjavík 23. júní 2011.

Bylgjan: Sprengisandur, 3. apríl 2011.

<http://www.visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP3246>

Bæjarstjórinn í Hveragerði: Bréf sent í afriti til Orkuveitu Reykjavíkur. Hveragerði, 13. maí 2008.

Century Aluminum Company: Bréf til Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. 28. maí 2004

DataMarket: Raungengi íslensku krónunnar, mánaðargögn jan. 200=100.
<http://data.is/Mm6jbn>

Deloitte og Touche: Endurskoðunarskýrslur ytri endurskoðenda 2002-2006.

Embætti borgarlögmanns: Bréf borgarlögmanns til umboðsmanns Alþingis. Reykjavík 30. október 2007.

Eyjan-Pressan: „*Hverahlíðarvirkjun ekki á fjárhagsáætlun OR. Í biðstöðu segir stjórnarformaðurinn*“. 28.nóvember 2009.

<http://eyjan.pressan.is/frettir/2009/11/28/hverahlidarvirkjun-ekki-a-fjarhagsaaetlun-or-i-bidstodu-segir-stjornarformadurinn/>
frétt birt 28. nóvember 2009.

Eyjan-Pressan: „*Niðurstæða gerðardóms fengin: Orkusölusamningur Norðurláls og HS orku er í gildi*“. 19. desember 2011.

<http://eyjan.pressan.is/frettir/2011/12/19/stada-gerdardoms-fengin-orkusolusamningur-nordurals-og-hs-orku-er-i-gildi/>

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Skýrsla við framlagningu ársreiknings 2007. Reykjavík 16. maí 2008.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Skýrsla til borgarráðs við framlagningu ársreiknings 2009. Reykjavík 29. apríl 2010.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Skýrsla til borgarráðs við framlagningu ársreiknings 2009. Reykjavík 10. desember. 2009.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Skýrsla til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar. Reykjavík 14. maí 2011.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Skýrsla til borgarráðs við framlagningu ársuppgjörs 2008. Reykjavík 19. maí. 2009.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Skýrsla til borgarráðs við framlagningu níu mánaða uppgjörs 2008. Reykjavík 10. des. 2008.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Skýrsla til borgarráðs við framlagningu níu mánaða uppgjörs 2010. Reykjavík 7. desember 2010.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Skýrsla til borgarráðs við framlagningu sex mánaða uppgjörs 2008. Reykjavík 30. sept. 2008.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Skýrsla til borgarráðs við framlagningu sex mánaða uppgjörs 2009. Reykjavík 14. október. 2009.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Skýrsla til borgarráðs við framlagningu sex mánaða uppgjörs 2010. Reykjavík 22. september 2010.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Umsögn. Reykjavík 23. febrúar 2010.

Forsætisráðuneytið: Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna. Reykjavík 2008.
http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Forsaetis_arskyrsla_END2.pdf

Fréttablaðið: „Orkuveitan í baðrekstur“. 152. tbl. 5. árg. Reykjavík 7. júní 2005.

Glitnir banki: Gagnaveita Reykjavíkur. Verðmat. Reykjavík september 2007.

Greinargerð með rekstrarúttekt. Reykjavík 14. ágúst 2010.

Guðmundur Þóroddsson: Bréf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til borgarstjóra Reykjavíkur. Reykjavík 18. júní 2007.

Guðmundur Þóroddsson: Bréf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til eigenda. Reykjavík 28. ágúst 2002.

Guðmundur Þóroddsson: Bréf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til fjármálaráðuneytis. Reykjavík 23. ágúst 2004.

Hæstiréttur Íslands: Dómur hæstaréttar nr. 19/2008. 22. janúar 2008.

Hæstiréttur Íslands: Dómur hæstaréttar nr. 542/2010. 11. júní 2011.

H.F. Verðbréf: Minnisblað um skuldabréf útgefið af Magma Energy Sweden AB á gjalddaga 14. desember 2016. Reykjavík ódagsett.

Héraðsdómsur Reykjavíkur: Dómur, mál nr. E-3120/2008. Reykjavík 18. mars 2009.
<http://domstolar.is/domaleit/nanar/?ID=E200803120&Dommur=2&type=1&Serial=1>

Hjörleifur B. Kvaran: Bréf til borgarstjóra Reykjavíkur. Reykjavík 5. janúar 2009.

Hjörleifur B. Kvaran: Bréf til Önnu Skúladóttur framkvæmdastjóra fjármála. Reykjavík 5. desember 2006.

Hjörleifur B. Kvaran: Minnisblað borgarlögmans. Reykjavík 3. september 2001.

Hjörleifur B. Kvaran: Minnisblað borgarlögmanns til borgarstjóra. Reykjavík 8. maí 2001.

Hlynur Sigurðsson (KPMG): Tölvupóstur til úttekta nefndar. 16. maí 2012

Höfundur ókunnur: „Jarðhiti.“ Orkumál 2005. 2. árg. 3. tbl. Reykjavík desember 2006.
<http://www.os.is/gogn/Orkumal-arsrit/Orkumal-Jar-dhiti-2006-2-3.pdf>.

Ingi J. Erlingsson: Tölvupóstur til úttekta nefndar. Reykjavík 28. febrúar 2012.

Innanríkisráðuneytið: Mosfellsbær: Ágreiningur um verð á heitu vatni. Úrskurður í máli nr. IRR 11090091. Reykjavík janúar 2012.
<http://www.innanrikisraduneyti.is/urskurdir-og-alit/nr/27758>.

Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur: Úttektir, endurskoðanir, skyndiathuganir og minnisblöð 2006–2011.

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar: Mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar. Reykjavík apríl 2010.
www.reykjavik.is/Portaldata/1/.../Mat_a_eftirlitshverfinu.pdf.

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar: Orkuveita Reykjavíkur. Stjórn-sýsluúttekt. Reykjavík ágúst 2008.
http://www.or.is/media/PDF/OR_stjornsysluuttekt.pdf

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar: Svar við fyrirspurn um samþykkt stjórnar OR frá 3.11.07 varðandi PNOC-EDC. Reykjavík 5. október 2009.

Jakob F. Ásgeirsson: Minnisblað til Hjörleifs B. Kvaran. Reykjavík 10. janúar 2006.

Jakob S. Friðriksson: Tölvupóstur til úttekta nefndar. Reykjavík 14. febrúar 2012.

KPMG: Endurskoðunarskýrslur ytri endurskoðenda 2006–2011.

Landslög: Lögfræðileg úttekt. Reykjavík 31. janúar 2011.

Lára V. Júlíusdóttir hrl.: Svör við spurningum stýrihóps borgarstjórnar um málefni Orkuveitu Reykjavíkur. Reykjavík 26. október 2007.

Lex lögmannsstofa: Lögfræðiálit. Reykjavík 20. september 2010.

Magnús Fjalar Guðmundsson: „*The aluminium industry and export volatility*“. Peningamál Seðlabanka Íslands. Monetary bulletin. Reykjavík mars 2003. http://www.seðlabanki.is/uploads/files/MB033_5.pdf

Mannvit: „90 MKW tekin í notkun í Hellisheiðarvirkjun“. 17. október 2011.
<http://mannvit.is/Mannvit/Frettir/Allarfrettir2011/Frettinoll/90-mwtekininotkunihellisheiðarvirkjun>.

- Moody's Investor Service: Rating symbols and definitions. Júní 2012.
http://www.moodys.com/researchdocumentcontentpage.aspx?docid=PBC_79004
- Moody's Investor Service: „*Moody's assign Aa2 rating to Orkuveita Reykjavíkur (Iceland)*“. Rating action: Orkuveita Reykjavíkur. London 11. janúar 2007.
http://www.or.is/media/PDF/Rating_Action_11_JAN_2007.pdf
- Morgunblaðið: „*Afskrift Orkuveitunni í hag*“. 6. febrúar 2012.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/02/06/afskrift_orkuveitunni_i_hag/
- Morgunblaðið: „*Aform orkufyrirtækja í hættu*“. 11. nóvember 2008.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2008/11/11/aform_orkufyrirtækja_i_haettu/
- Morgunblaðið: „*Átti að vaða yfir okkur*“. 274. tbl. 95. árg. Reykjavík 8. október 2007.
- Morgunblaðið: „*Brennisteinn setur virkjun í upnám*“. 16. júní 2012.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/06/16/brennisteinn_setur_virkjun_i_uppnam
- Morgunblaðið: „*Ekki mikið fram úr áætlun*“. 1. ágúst 2002.
http://www.mbl.is/greinasafn/grein/680781/?item_num=1&-searchid=8ce8620a8ec01141f85a3ff393209f1acb683e15
- Morgunblaðið: „*Engin deila á milli HS Orku og OR*“. 21. desember 2011.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/12/21/engin_deila_milli_hs_orku_og_or/
- Morgunblaðið: „*Engir orkusamningar á næstunni*“. 20. maí 2008.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2008/05/20/engir_orkusamningar_a_naestunni/
- Morgunblaðið: „*Fé Orkuveitunnar 10%*“. 28. nóvember 2008.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2008/11/28/fe_orkuveitunnar_10_prosent/
- Morgunblaðið: „*Fjárfrekir gagnaflutningar*“. 8. nóvember 2001.
http://www.mbl.is/greinasafn/grein/635838/?item_num=231&-dags=2001-11-08
- Morgunblaðið: „*Garðabær fellst ekki á túlkun Orkuveitu Reykjavíkur á sam eignarsamningnum*“. 23. október 2002.
http://mbl.is/greinasafn/grein/694191/?item_num=60&-dags=2002-10-23
- Morgunblaðið: „*Heilu hverfin standa auð*“. 16. mars 2009
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1274175/>
- Morgunblaðið: „*Hverahlíðarvirkjun frestast vegna óvissu í fjármögnun*“. 18. júlí 2009.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/07/18/hverahlidarvirkjun_frestast_vegna_ovissu_i_fjarmognun/

- Morgunblaðið: „*Hús OR um 40% dýrara.*“ 15. janúar 2011.
http://www.mbl.is/greinasafn/grein/838805/?item_num=0&-searchid=df7c128696f307cddda64ea6d39b97e4acdee18.
- Morgunblaðið: „*Kostnaðaráætlun OR vegna lóða um 300 milljónir.*“ 9. júní 2005.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2005/06/09/kostnadaraetlun_or_vegna_loda_um_300_milljonir/
- Morgunblaðið: „*Kostnaður vegna nýrra höfuðstöðva um 4,2 milljarðar.*“ 6. janúar 2005.
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/837906>.
- Morgunblaðið: „*Lína.net kaupir Irtu ehf.*“ 8. mars 2000.
<http://mbl.is/greinasafn/grein/522805/>
- Morgunblaðið: „*Mitsubishi með vélasamstæðuna.*“ 27. mars 1997.
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/322982/>
- Morgunblaðið: „*Nýta ekki forskaupsrétt í Hitaveitu Suðurnesja.*“ 12. júlí 2007.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2007/07/12/nyta_ekki_for-kaupsrett_i_hitaveitu_sudurnesja/.
- Morgunblaðið: „*OR kaupir af Hafnarfjarðarbæ og Grindavík í Hitaveitu Suðurnesja.*“ 2. júlí 2007.
http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2007/07/02/or_kaupir_af_hafnarfjardabae_og_grindavik_i_hitavei/.
- Morgunblaðið: „*OR ræðir við lífeyrissjóði um hverahlíðarvirkjun.*“ 15. apríl 2011.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/04/15/or_raedir_vid_lif-eyrissjodi_um_hverahlidarvirkjun/
- Morgunblaðið: „*Ósammála um samstarfsaðila í Hitaveitu Suðurnesja.*“ 3. júlí 2007.
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2007/07/03/osammala_um_samstarfsadila_i_hitaveitu_sudurnesja/.
- Morgunblaðið: „*Sjö sveitarfélög seldu hluti fyrir 15 milljarða í HS í gær.*“ 30. júní 2007.
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1153036/>.
- Morgunblaðið: „*Telur kaupin á ljósleiðaranum ekki bindandi fyrir OR.*“ 23. október 2002.
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/694191/>
- Morgunblaðið: „*Verða að afhenda orku.*“ 19. desember 2011.
http://mbl.is/frettir/innlent/2011/12/19/verda_ad_afhenda_orku/.
- Morgunblaðið: „*Víðtækar skyldur Orkuveitunnar við REI í 20 ár.*“ 279. tbl. 95. árg. 13. október 2007.
- Nasdaq OMX, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands:
Stjórnarhættir opinberra fyrirtækja. Leiðbeiningar. Reykjavík 2008.
<http://www.vi.is/files/2135781393cgvefur.pdf>

Nasdaq OMX, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands:
Stjórnarhættir fyrirtækja. Leiðbeiningar.(4. útg) Reykjavík mars
2012.
[http://www.vi.is/files/2012.03.08-Stjornarhaettir-
NET_127435363.pdf](http://www.vi.is/files/2012.03.08-Stjornarhaettir-NET_127435363.pdf)

Neytendasamtökin: Frétt. Dags. 31. ágúst 2010
http://ns.is/ns/ns/frettir/frettir_2010/

Nýsir hf. ráðgjafarþjónusta: Athugun á sameiningu fráveitu við Vatsnveitu
Reykjavíkur. Reykjavík febrúar 1998.

OECD: OECD Guidelines on Corporate Governance of State-owned
Enterprises. Frakkland 2005.
[http://www.oecd.org/daf/corporateaffairs/
corporategovernanceofstate-ownedenterprises/34803211.pdf](http://www.oecd.org/daf/corporateaffairs/corporategovernanceofstate-ownedenterprises/34803211.pdf)

Orkustefnunefnd Reykjavíkurborgar: Tillaga að stefnu og skýrsla um
orkumál. Reykjavík mars 2004.
[http://www.or.is/media/PDF/Skyrsla_orkustefnunefndar_
Rvk_2004.pdf](http://www.or.is/media/PDF/Skyrsla_orkustefnunefndar_Rvk_2004.pdf).

Orkustofnun: „*Virkjunarleyfi Hellisheiðarvirkjunar.*“ Smáskjálftar og
niðurdæling. Reykjavík Ódagsett.
<http://www.os.is/jardhiti/skjalfar/hellisheidarvirkjun/>.

Orkuveita Reykjavíkur: „*Aðgerðaráætlun vegna fjárhagsvanda OR.*“
Reykjavík 29. mars 2011.
<http://www.or.is/UmOR/Fjolmidlatoorg/Frettir/Lesafrett/2158>

Orkuveita Reykjavíkur: Ársreikningar 2002–2011.

Orkuveita Reykjavíkur: Ársskýrslur 2002–2012.

Orkuveita Reykjavíkur: Fundargerðir aðalfunda 2002–
2011.
[http://www.or.is/UmOR/Stefnaogstjornun/
Fundargerdirstjornar/](http://www.or.is/UmOR/Stefnaogstjornun/Fundargerdirstjornar/)

Orkuveita Reykjavíkur: Fundargerðir eigendafunda 2002–2011.
[http://www.or.is/UmOR/Stefnaogstjornun/
Fundargerdirstjornar/](http://www.or.is/UmOR/Stefnaogstjornun/Fundargerdirstjornar/)

Orkuveita Reykjavíkur: Fundargerðir stjórnar 2002–2011, ásamt
fundargögnum, tillögum, bókunum og öðrum fylgiskjölum.
[http://www.or.is/UmOR/Stefnaogstjornun/
Fundargerdirstjornar/](http://www.or.is/UmOR/Stefnaogstjornun/Fundargerdirstjornar/)

Orkuveita Reykjavíkur: Heildarstefna Orkuveitu Reykjavíkur. Ódags.
[http://www.or.is/media/PDF/Heildarstefna_Orkuveitu_
Reykjavikur.pdf](http://www.or.is/media/PDF/Heildarstefna_Orkuveitu_Reykjavikur.pdf)

Orkuveita Reykjavíkur: Hellisheiðarvirkjun. Reykjavík,
ódagsett.
[http://www.or.is/UmOR/Veiturogveitusvaedi/Virkjanir/
Hellisheidarvirkjun/](http://www.or.is/UmOR/Veiturogveitusvaedi/Virkjanir/Hellisheidarvirkjun/).

- Orkuveita Reykjavíkur: „*Hækkun 1. júlí*“. Reykjavík 27. júní 2008.
<http://www.or.is/UmOR/Fjolmidlatorg/Frettir/Lesafrett/1608>.
- Orkuveita Reykjavíkur: Rekstrarhandbók Stjórnar OR. Hlutverkalýsing.
Innri endurskoðun–erindisbréf. HLP-010-01. Reykjavík 2012.
- Orkuveita Reykjavíkur: Stjórnunarhandbók OR: Styrkjastefna Orkuveitu
Reykjavíkur. Reykjavík 2012.
- Orkuveita Reykjavíkur: „*Styrkjastefna Orkuveitu Reykjavíkur*“.
Rekstrarhandbók. Reykjavík 31.maí 2007.
- Orkuveita Reykjavíkur: Um sjóðinn.
<http://www.or.is/UmOR/Styrkir/UOOR/Umsjodinn/>
- Orkuveita Reykjavíkur. Vatnsveita. Reykjavík, ódagsett.
<http://www.or.is/UmOR/Veiturogveitusvaedi/Vatnsveita/>.
- Orkuveita Reykjavíkur: „*Viðtækar umbótaáðgerðir*“. 21. maí 2012.
<http://www.or.is/UmOR/Fjolmidlatorg/Frettir/Lesafrett/2283>
- Ólöf S. Pálsdóttir: Viðtal við úttektarnefnd. Reykjavík 8.júní 2012.
- Ómar H. Kristmundsson: Reinventing government in Iceland. A Case
Study of Public Management Reform. Háskólaútgáfan, Reykjavík
2003.
- Ómar H. Kristmundsson: „*Stefnumótun félagasamtaka*“. Stjórnun og
rekstur félagasamtaka. Ómar H. Kristmundsson (ritstj) og Steinunn
Hrafnisdóttir (ritstj): Háskólaútgáfan, Reykjavík 2008.
- ParX.Viðskiptaráðgjöf IBM: Orkuveita Reykjavíkur.Vinnustaðagreining
2009. Reykjavík nóvember 2009.
- Póst- og fjarskiptastofnun: Ákvörðun: Reykjavík 13. nóvember 2006.
[http://www.pfs.is/upload/
files/%C3%81kv%C3%B6r%C3%B0un%2013.11.06_um%20
fj%C3%A1rhagslegan%20a%C3%B0skilna%C3%B0%20
fjarskiptastarfsemi%20Orkuveitu%20Reykjav%C3%ADkur.pdf](http://www.pfs.is/upload/files/%C3%81kv%C3%B6r%C3%B0un%2013.11.06_um%20fj%C3%A1rhagslegan%20a%C3%B0skilna%C3%B0%20fjarskiptastarfsemi%20Orkuveitu%20Reykjav%C3%ADkur.pdf)
- Póst- og fjarskiptastofnun: Ákvörðun nr. 32/2008 um fjárhagslegan
aðskilnað á milli Orkuveitu Reykjavíkur og Gagnaveitu
Reykjavíkur. 30. desember 2008. [http://www.pfs.is/upload/
files/%C3%81kv%C3%B6r%C3%B0un%20nr.%2032-
2008_Fjarhagsl.adskiln.ORogGR.pdf](http://www.pfs.is/upload/files/%C3%81kv%C3%B6r%C3%B0un%20nr.%2032-2008_Fjarhagsl.adskiln.ORogGR.pdf)
- Póst- og fjarskiptastofnun: Bráðabirgðaákvörðun: Reykjavík 28. febrúar
2006.
<http://www.pfs.is/upload/files/akvordun-pfs.pdf>
- Price Waterhouse Cooper: Bréf til Innri endurskoðanda Orkuveitu
Reykjavíkur, svar við fyrirspurn Innri endurskoðanda
Orkuveitunnar vegna mats á skuldabréfi Magma Energy Sweden
AB í reikningum Orkuveitunnar. Ódagsett.

- Rannveig T. Kristinsdóttir: Minnisblað til KPMG. Reykjavík 25. febrúar 2011.
- Rekstrarúttekt stjórnenda. Lokaskýrsla ásamt greinargerðum og viðaukum. Reykjavík mars 2010.
- Reykjavík Economics. Stefnunótun og hagræðing innan Orkuveitu Reykjavíkur. Reykjavík febrúar 2008.
- Reykjavík Energy Invest: Fundargerðir hluthafafunda ásamt fundargögnum, tillögum, bókunum og öðrum fylgiskjölum. 2007-2009.
- Reykjavík Energy Invest: Fundargerðir stjórnar 2007-2009, ásamt fundargögnum, tillögum, bókunum og öðrum fylgiskjölum.
- Reykjavík Energy Invest: Stofnfundargerð. Reykjavík 11. júní 2007.
- Reykjavíkurborg: Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Reykjavík 2009.
http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4531/7790_read-17231/.
- Reykjavíkurborg: Tillaga að eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Reykjavík 2012.
http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-757/521_read-32004/
- RÚV: „*Holræsaþjöld Reykvíkinga lækka um 10% á næsta ári eftir sameiningu Orkuveitu Reykjavíkur, borgarinnar og fleiri sveitarfélaga um fráveitumál.*“ 15. desember 2005.
- RÚV: „*Orkuveitan rænd innan frá*“. 29. ágúst 2010.
<http://www.ruv.is/node/128926>
- Rýnihópur OR: Minnisblað til eigendaneftndar OR. Áhættustefna og arðsstefna eigenda OR. 22. október 2010.
- Samningur um sameiningu Fráveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur, auk viðauka, dags. 15. desember 2005.
- Seðlabanki Íslands: Peningamál. 1. tbl, Reykjavík 2008.
<http://www.seðlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5851>
- Seðlabanki Íslands: Peningamál. 3. tbl, Reykjavík 2003.
http://www.seðlabanki.is/uploads/files/MB033_5.pdf
- Sigurður H. Helgason: „*Á svig við góða stjórnhætti. Vandi þess að virkja opinberar auðlindir.*“ Stjórnsmál og stjórnsýsla. Vef tímarit. 2. tbl. 3. árg. 2007.
- Sigurður Óli Kolbeinsson og Jón Jónsson. „*Stjórnsýsluleg staða sveitarfélaga og lagaleg umgjörð þeirra.*“ Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík 2010.
<http://www.samband.is/media/namskeid-fyrir-sveitarstjornarmenn/grunnamskeid1---2010.pdf>

Stefán Már Stefánsson: Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir.
Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 2003.

Stjórn veitustofnana: Fundargerðir stjórnar 1998-2001, ásamt
fundargögnum, tillögum, bókunum og öðrum fylgiskjölum.

Stjórnlagaráð 2011: Frumvarp.
<http://stjornlagarad.is/starfid/frumvarp/>

Sviðsstjóri framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar og borgarstjóra
Reykjavíkurborgar: Bréf. Reykjavík 25. október 2005.

The institute of internal auditing (THEIIA): Definition of internal
auditing. <http://theiaa.org>.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála: Úrskurður í máli 3/2010
Gagnaveita Reykjavíkur gegn Póst- og fjarskiptastofnun. 13.
september 2010. http://www.pfs.is/upload/files/Úrskurður_úrskurðarnefnd_nr.3_2010.pdf.

Velferðarráðuneytið: „Ákvörðun setts umhverfisráðherra um aðalskipulag
Ölfuss. 25. nóvember 2011.
<http://www.velferðarraduneyti.is/hbr/frettir/nr/32449>.

Viðskiptablaðið: „Fráveitan flyst til Orkuveitunnar“. 11. júlí 2005.
<http://www.vb.is/frett/54713/?q=Vinna>

Viðskiptablaðið: „Landsvirkjun og Landsbankinn stofna félag um orkuútrás“.
16. febrúar 2007.
<http://www.vb.is/frettir/31111/>

Viljayfirlýsingar, dags. 10. maí 2006 við sveitarfélagið Álftanes, dags., 16.
maí 2006 við Mosfellsbæ.

Vilhjálmur Þórmundur Vilhjálmsson: „Hvert fóru allir þessir peningar“.
Morgunblaðið. 27. mars 2002.
http://www.mbl.is/greinasafn/grein/659361/?item_num=1&searchid=0f3348650b6f04f1e9877ddead679a231b3e3a01

Vísir: „Dregið úr framkvæmdahraða við fráveitur“. 25. nóvember 2008.
<http://www.visir.is/dregid-ur-framkvaemdahrada-vid-fraveitur/article/2008765288246>

Vísir: „Kannast ekki við óánægju starfsmanna vegna arðgreiðslna“ 14. maí
2009.
<http://www.visir.is/kannast-ekki-vid-oanaegju-starfsmanna-vegna-ardgreidslna/article/2009823991812>

Vísir: „Orkuveitan styður fjárfestingar REI á Filippseyjum“. 3. nóvember
2007.
<http://www.visir.is/orkuveitan-stydur-fjarfestingar-rei-a-fillipseyjum/article/200771103024>

- Vísir: „*Samningur um orkusölu OR til Helguvíkur samþykktur í borgarráði*“.
28. júní 2007.
<http://www.visir.is/mningur-um-orkusolu-or-til-helguvikur-samthykktur-i-borgarradi/article/200770628049>
- Vísir: „*Spara þrjátíu milljónir króna á jólaþjósum*“.
27. desember 2010.
<http://www.visir.is/spara-thrjatiu-milljonir-krona-a-jolaljosum/article/2010205479519>
- Vísir: „*Ummæli talin skada fjármögnun Orkuveitunnar*.“
27. mars 2011.
<http://www.visir.is/ummaeli-talin-skada-fjarmognun-orkuveitunnar/article/2011110329085>
- Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: „*Töluverð tala*“ . Morgunblaðið. 16. júní 2005.
http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1023343/?item_num=0&searchid=4987a707df3f096eb3216b595aa259c8049372e4.
- Þorgils Jónasson: Um borholur í Hveragerði. Skýrsla. Orkustofnun, Reykjavík ágúst 2008.
http://www.hveragerdi.is/content/files/public/_PDF/_t%C3%A6knideild/Borholur_Hveragerdi.pdf
- Þorleifur Finnsson: Bréf til forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur. Reykjavík 15. desember 2005.

Heimildarskrá-Viðmælendur úttektarnefndarinnar voru:

Anna Skúladóttir
Ásgeir Westergren
Birgir Björn Sigurjónsson
Björn Ingi Hrafnsson
Bryndís Hlöðversdóttir
Dagur B. Eggertsson
Eiríkur Hjálmarsson
Friðfinnur K. Daníelsson
Guðlaugur G. Sverrisson
Guðlaugur Þór Þórðarson
Guðmundur I. Bergþórsson
Guðmundur Þóroddsson
Hanna Birna Kristjánsdóttir
Haraldur Flosi Tryggvason
Haukur Leósson
Helga Jónsdóttir
Helgi Hjörvar
Helgi Þór Ingason
Ingvar Stefánsson
Jón Gnarr
Kjartan Magnússon
Ólafur Jónsson
Ólöf S. Pálsdóttir
Regína Ásvaldsdóttir
Sigrún Elsa Smáradóttir
Svandís Svavarsdóttir
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson